Alþingi 1967

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1967, þriðjudaginn 10. október, var áttugasta og áttunda löggjafarþing sett í Reykjavík. Er það sjötugasta aðalþing í röðinni, en hundraðasta og þriðja samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í alþingishúsinu kl. 1.30 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni.

Séra Sigurjón Guðjónsson sté í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
2. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
5. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.
6. Birgir Kjaran, 7. þm. Reykv.
7. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
8. Bjarni Guðbjörnsson, 3. þm. Vestf.
9. Bjartmar Guðmundsson, 11. landsk. þm.
10. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
11. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
12. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
13. Bragi Sigurjónsson, 9. landsk. þm.
14. Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.
15. Eggert G. Þorsteinsson, 8. þm. Reykv.
16. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
17. Emil Jónsson, 3. þm. Reykn.
18. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
19. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
20. Geir Gunnarsson, 6. landsk. þm.
21. Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn.
22. Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e.
23. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
24. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
25. Gylfi Þ. Gíslason, 3. þm. Reykv.
26. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
27. Hannibal Valdimarsson, 9. þm. Reykv.
28. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
29. Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.
30. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
31. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
32. Jón Árm. Héðinsson, 5. landsk. þm.
33. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn.
34. Jón Þorsteinsson, 3. landsk. þm.
35. Jónas Árnason, 4. landsk. þm.
36. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
37. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
38. Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl
39. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.
40. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
41. Magnús Kjartansson, 6. þm. Reykv.
42. Matthías Bjarnason, 4. þm. Vestf.
43. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
44. Ólafur Björnsson, 12. þm. Reykv.
45. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
46. Páll Þorsteinsson, 2. þm. Austf.
47. Pálmi Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
48. Pétur Benediktsson, 4. þm. Reykn.
49. Pétur Sigurðsson, 10. þm. Reykv.
50. Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.
51. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
52. Sigurvin Einarsson, 1. þm. Vestf.
53. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
54. Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e.
55. Steingrímur Pálsson, 8. landsk. þm.
56. Steinþór Gestsson, 5. þm. Sunnl.
57. Sveinn Guðmundsson, 7. landsk. þm.
58. Sverrir Júlíusson, 10. landsk. þm.
59. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf.
60. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Framantaldir þm. voru allir á fundi nema Auður Auðuns, 2. þm. Reykv., Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v., og Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hinn 21. september 1967 var gefið út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkv. till. forsrh., að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1967.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gert í Reykjavík 21. september 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1967."

Samkv. því bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Ég árna Alþingi allra heilla í störfum, að þau megi verða landi og þjóð til trausts og halds, gæfu og gengis.

Bið ég alþm. að minnast ættjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp, og **forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þm. undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkv. 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna þingfundi, þangað til kosning forseta sameinaðs þings hefur farið fram. Bið ég því aldursforseta, Sigurvin Einarsson, 1. þm. Vestf., að ganga til forsetastóls.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (SE): Áður en Alþ. tekur til starfa að þessu sinni, vil ég minnast nokkrum orðum tveggja fyrrv. alþm., sem látizt hafa milli þinga. Þessir menn eru Ísleifur Högnason framkvæmdastjóri, sem andaðist að heimili sínu í Reykjavík 12. júní, 71 árs að aldri, og Sigurður Þórðarson frá Nautabúi, sem lézt að heimili sínu í Reykjavík 13. ágúst á 80. aldursári.

Ísleifur Högnason fæddist 30. nóv. 1895 á Seljalandi undir Eyjafjöllum. Foreldrar hans voru Högni bóndi þar Sigurðsson bónda á Barkarstöðum í Fljótshlíð Ísleifssonar og kona hans, Marta Jónsdóttir bónda á Sólheimum í Mýrdal Þorsteinssonar. Ungur fluttist hann með foreldrum sínum til Vestmannaeyja og varð kaupfélagsstjóri þar hálfþrítugur árið 1921. Veitti hann síðan forstöðu kaupfélagi í Vestmannaeyjum til ársins 1943, er hann fluttist til Reykjavíkur og gerðist framkvæmdastjóri Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis. Því starfi gegndi hann til ársins 1953. Árið 1955 varð hann forstjóri Kaupstefnunnar í Reykjavík og hafði það starf á hendi til æviloka.

Ísleifur Högnason var mikill áhugamaður um félagsmál og stjórnmál og honum voru falin mörg trúnaðarstörf á þeim vettvangi jafnframt aðalstarfi við forstöðu kaupfélaga. Ungur að árum varð hann einn forustumanna í öflugri verkalýðshreyfingu í Vestmannaeyjum. Átti hann sæti í bæjarstjórn þar 1926—1930 og 1934—1943. Hann var ritstjóri Eyjablaðsins 1928—1943. Hann var landskjörinn alþm. á árunum 1937—1942 og sat á 9 þingum alls. Ritstjóri Þingtíðinda Sósfl. var hann um skeið á árunum 1941—42, meðan útgáfa á blaði flokks hans var bönnuð. Hann átti sæti í stjórn Samvinnutrygginga frá stofnun þeirra 1946, og í stjórn Líftryggingafélagsins Andvöku frá 1949.

Ísleifur Högnason var ötull baráttumaður og djarfur leiðtogi á þeim vettvangi félagsmála, þar sem hann haslaði sér völl, í verkalýðsmálum, samvinnumálum og stjórnmálum. Hann hefur hlotið þann dóm þeirra, sem mest kynni höfðu af honum, að hann hafi verið traustur samherji, trúað í einlægni og af heilum hug á mikilvægi þess málstaðar, sem hann barðist fyrir, rækt þau störf, sem honum var til trúað, af stakri prýði, verið áhugasamur, glöggskyggn og ráðhollur. Síðustu ár ævinnar var hann ekki heill heilsu og hafði dregið sig nokkuð í hlé af þeim sökum.

Sigurður Þórðarson fæddist 19. júlí 1888 á Fjalli í Sæmundarhlíð í Skagafjarðarsýslu. Foreldrar hans voru Þórður smiður í Húsavík og víðar Ingvarsson bónda í Litladal í Austur-Húnavatnssýslu Þórðarsonar og Ingibjörg Sigurðardóttir bónda á Stóra-Vatnsskarði Benediktssonar. Hann ólst upp á Fjalli með móður sinni og móðurbróður. Stundaði hann búnaðarnám við Hólaskóla 1905—1907 og fékkst næstu árin við sveitastörf, söðlasmíði o. fl., unz hann reisti bú á Nautabúi í Skagafirði 1912. Þar bjó hann fram á árið 1938. Hann var búhöldur góður, framkvæmda- og fjármálamaður og hlaut verðlaun úr Styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. árið 1933 fyrir afrek í búskap. Formaður Búnaðarfélags Lýtingsstaðahrepps var hann 1916—1938 og stjórnarnefndarmaður í Búnaðarsambandi Skagfirðinga um langt skeið. Hann var hreppstjóri í Lýtingsstaðahreppi 1922—1938, átti sæti í stjórn Kaupfélags Skagfirðinga 1928—1938 og gegndi fleiri trúnaðarstörfum í sveit sinni og héraði á þeim árum, þótt ekki séu hér talin. Á árinu 1937 tók hann að sér forstöðu Kaupfélags Skagfirðinga. Fluttist hann á næsta ári alfarinn til Sauðárkróks og var þar kaupfélagsstjóri til 1947. Alþm. Skagfirðinga var hann á árunum 1942—1946 og sat á 5 þingum alls. Hann átti sæti í nýbyggingaráði 1946—1947 og fluttist þá búferlum til Reykjavíkur og átti þar heimili síðan. Hann var starfsmaður fjárhagsráðs 1947—1953 og Innflutningsskrifstofunnar 1953—1960, er hún var lögð niður.

Sigurður Þórðarson naut í æsku skammrar vistar í skóla, en var greindur, bókhneigður og fróðleiksfús og aflaði sér staðgóðrar sjálfsmenntunar. Hann var afkastamaður við störf, ósérhlífinn, forsjáll og dverghagur. Hann rækti hvert það starf, er hann tók sér fyrir hendur, af alúð og trúmennsku, var djarfur og frjálslyndur í skoðunum, vel máli farinn og orðheppinn. Lengst ævi sinnar vann hann að búskap og samvinnumálum í Skagafirði, var farsæll í þeim störfum og naut mikils og sívaxandi trausts héraðsbúa. Síðustu árin naut hann rólegrar elli eftir giftudrjúgt ævistarf.

Ég vil biðja þingheim að minnast þessara tveggja merkismanna, Ísleifs Högnasonar og Sigurðar Þórðarsonar, með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Aldursforseti (SE): Alþingi hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. okt. 1967.

Þar sem frú Auður Auðuns, 2. þm. Reykv., er nú fulltrúi Íslands á þingi Hinna sameinuðu þjóða og getur því ekki sinnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér samkv. beiðni hennar að biðja um fjarvistarleyfi fyrir hana og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Geir Hallgrímsson borgarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar.

Bjarni Benediktsson,
formaður þingflokks Sjálfstfl.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Þá hefur Alþingi einnig borizt svo hljóðandi bréf:

„New York, 7. okt. 1967.

Vegna dvalar erlendis næstu vikur í opinberum erindum leyfi ég mér að æskja þess, að varamaður minn taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Þórarinn Þórarinsson.

Til forseta sameinaðs þings."

Fundi frestað.

Miðvikudaginn 11. okt. var fundinum fram haldið.

Aldursforseti (SE): Þá verður fundi fram haldið, og liggur næst fyrir rannsókn kjörbréfa. Skv. 1. gr. þingskapa ber að skipa þm. í kjördeildir með hlutkesti. Þessum hlutkestum verður hagað þannig, ef enginn mælir því í gegn, að ég mun lesa upp nöfn þm. í stafrófsröð, en skrifstofustjóri Alþingis dregur jafnóðum miða með töluröð kjördeilda, sem þm. taka svo sæti í. Ég vil biðja hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 12. þm. Reykv. að gera svo vel að gegna skrifarastörfum.

Þessu næst skiptust þm. í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

ÁB, BK, BGuðm, BP, EggÞ, EystJ, GilsG, GunnG, HV, JÁH, JSk, JR, KGuðj, MK, ÓlJ, PB, SI, SE, SvG, KTh.

2. kjördeild:

ÁÞ, BF, BGuðbj, BJ, EðS, EmJ, GeirG, GuðlG, IngJ, IG, JóhH, JÞ, JónasÁ, MB, ÓB, PJ, SB, SP, StG, VH.

3. kjördeild:

GeirH, BGr, BBen, BFB, BrS, EÁ, FÞ, GíslG, GÞG, HS, JónÁ, JP, LJós, MJ, MÁM, PÞ, PS, SkG, SV, SvJ.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf allra alþm. Skiptu kjördeildir með sér kjörbréfum, svo sem lög mæla fyrir, þannig að 1. kjördeild hlaut til rannsóknar kjörbréf þeirra þm., sem voru í 3. kjördeild, 2. kjördeild kjörbréf þm., sem eiga sæti í 1. kjördeild, og 3. kjördeild rannsakar kjörbréf þeirra þm., sem skipa 2. kjördeild.

Varð nú fundarhlé, en kjördeildir gengu úr þingsalnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundi fram haldið.

Frsm. 1. kjördeildar (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. 1. kjördeild hefur, eins og lög gera ráð fyrir, tekið til rannsóknar kjörbréf þeirra þm., sem sæti eiga í 3. kjördeild, en það eru þessir þm.:

Frú Auður Auðuns, 2. þm. Reykv., Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl., Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv., Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., Bragi Sigurjónsson, 9. landsk. þm., Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv., Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e., Gylfi Þ. Gíslason, 3. þm. Reykv., Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl., Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl., Jón Árnason, 2. þm. Vesturl., Jónas Pétursson, 3. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf., Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e., Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., Páll Þorsteinsson, 2. þm. Austf., Pétur Sigurðsson, 10. þm. Reykv., Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v., Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e., Sverrir Júlíusson, 10. landsk. þm.

Samtals eru þetta 20 kjörbréf, og hefur kjördeildin ekkert fundið við þau athugavert og leggur til, að kosning þessara þm. sé gild tekin og kjörbréf þeirra samþ., en það skal tekið fram, að frá tveimur þm. voru ekki fyrir hendi formleg kjörbréf, heldur var notazt við símskeyti. Er æskilegt, að til þess þyrfti sem sjaldnast að koma.

Þá hefur 1. kjördeild einnig tekið til meðferðar kjörbréf fyrir Geir Hallgrímsson borgarstjóra, sem er 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, en frú Auður Auðuns, sem er 2. þm. Sjálfstfl., er ekki mætt hér á þingi, eins og kunnugt er af bréfi því, sem áður hefur verið lesið frá henni, og hefur verið óskað eftir því, að Geir Hallgrímsson tæki sæti hér á Alþ. í hennar stað, og er hann mættur. 1. kjördeild hefur ekki fundið neitt athugavert við kjörbréf Geirs Hallgrímssonar og leggur því til, að hans kosning sé gild tekin og kjörbréf hans samþ.

Frsm. 2. kjördeildar (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. 2. kjördeild hefur haft til athugunar kjörbréf þeirra þm., sem ég mun nú lesa hér upp nöfn á.

Það er í fyrsta lagi Þórarinn Þórarinsson ritstjóri, Hofsvallagötu 57, Reykjavík, sem er 4. þm. Reykv. Í öðru lagi Sveinn Guðmundsson forstjóri, sem hlaut 1. uppbótarþingsæti Sjálfstfl. 3. Sigurvin Einarsson, Saurbæ, Barðastrandarsýslu, sem er 1. þm. Vestf. 4. Sigurður Ingimundarson efnafræðingur, en hann hlaut 1. uppbótarþingsæti Alþfl. 5. Pétur Benediktsson bankastjóri, Reykjavík, sem er 4. þm. Reykn. 6. Ólafur Jóhannesson prófessor, 3. þm. Norðurl. v. 7. Magnús Kjartansson ritstjóri, Reykjavík, sem er 6. þm. Reykv. 8. Karl Guðjónsson fulltrúi, Reykjavík, sem er 6. þm. Sunnl. 9. Jónas G. Rafnar, Háteigsvegi 46, Reykjavík, sem er 2. þm. Norðurl. e. 10. Jón Skaftason alþm., Kópavogi, sem er 2. þm. Reykn. 11. Jón Árm. Héðinsson viðskiptafræðingur, en hann hlaut 3. uppbótarþingsæti Alþfl. 12. Hannibal Valdimarsson alþm., Selárdal, sem er 9. þm. Reykv., kosinn af I-lista utan flokka. 13. Séra Gunnar Gíslason alþm., Glaumbæ, Skagafjarðarsýslu, sem er 2. þm. Norðurl. v. 14. Gils Guð-

mundsson alþm., Reykjavík, sem er 5. þm. Reykn. 15. Eysteinn Jónsson fyrrum ráðh., Reykjavík, sem er 1. þm. Austf. 16. Eggert G. Þorsteinsson ráðh., Skeiðarvogi 109, Reykjavík, sem er 8. þm. Reykv. 17. Björn Pálsson alþm., bóndi, Ytri-Löngumýri í Svínavatnshreppi, sem er 5. þm. Norðurl. v. 18. Bjartmar Guðmundsson bóndi, en hann hlaut 3. uppbótarþingsæti Sjálfstfl. 19. Birgir Kjaran hagfræðingur, Ásvallagötu 4, Reykjavík, sem er 7. þm. Reykv. 20. Ásgeir Bjarnason, Ásgarði, Dalasýslu, sem er 1. þm. Vesturl.

Þetta eru 20 kjörbréf, og engar aths. komu fram í 2. kjördeild við þessi kjörbréf og leggur kjördeildin einróma til, að þau verði samþ. og kosning þeirra þm., sem þar um getur, tekin gild.

Þá fjallaði 2. kjördeild einnig um kjörbréf 1. varaþm. Framsfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Kristjáns Thorlacius, sem hefur tekið sæti hér á hinu háa Alþ. vegna forfalla Þórarins Þórarinssonar, sem dvelur erlendis nú um tíma. Kjördeildin hefur ekkert að athuga við þetta kjörbréf og leggur einnig til, að það verði samþ. og kosning varaþm. tekin gild.

Frsm. 3. kjördeildar (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. 3. kjördeild tók til meðferðar kjörbréf þingmanna í 2. kjördeild og var athugasemdalaust samþ. að leggja til, að kjörbréf 19 þm. yrðu tekin gild og kosning þeirra samþ. Þeir eru:

Ágúst Þorvaldsson bóndi, Brúnastöðum, 2. þm. Sunnl., Birgir Finnsson, Neðstakaupstað, Ísafirði, 5. þm. Vestf., Bjarni Guðbjörnsson, Engjaveg 12, Ísafirði, 3. þm. Vestf., Björn Jónsson, Akureyri, 4. þm. Norðurl. e., Emil Jónsson utanrrh., Hafnarfirði, 3. þm. Reykn., Eðvarð Sigurðsson, formaður Dagsbrúnar, 2. landsk. þm., Geir Gunnarsson, 6. landsk. þm., Guðlaugur Gíslason alþm., Vestmannaeyjum, 3. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson ráðh., Hellu, 1. þm. Sunnl., Ingvar Gíslason, Akureyri, 3. þm. Norðurl. e., Jóhann Hafstein dómsmrh., 5. þm. Reykv., Jón Þorsteinsson lögfræðingur, 3. landsk. þm., Jónas Árnason kennari, 4. landsk. þm., Matthías Bjarnason, 4. þm. Vestf., Ólafur Björnsson prófessor, 12. þm. Reykv., Pálmi Jónsson bóndi, Akri, 4. þm. Norðurl. v., Sigurður Bjarnason, Útsölum, Seltjarnarnesi, 2. þm. Vestf., Steinþór Gestsson bóndi, Hæli, 5. þm. Sunnl., Vilhjálmur Hjálmarsson oddviti, Brekku, 5. þm. Austf.

Við meðferð kjörbréfs Steingríms Pálssonar umdæmisstjóra sem 8. landsk. þm. kom fram sú ósk, að sérstök atkvgr. færi fram um það kjörbréf, og samþykkti kjördeildin bréfið þá með 8 shlj. atkv., og leggur því kjördeildin til, að þessi 20 kjörbréf verði tekin gild.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svo sem kunnugt er, var um það ágreiningur fyrir alþingiskosningarnar í sumar, hvort I-listinn í Reykjavík væri utanflokkalisti, eins og yfirkjörstjórn Reykjavíkur taldi, eða annar framboðslisti Alþb. í Reykjavík, eins og landskjörstjórn taldi. Með hliðsjón af því, að stjórnmálasamtök Alþb. í Reykjavík, málgagn þess, Þjóðviljinn, og umboðsmenn framboðslista Alþb. hjá yfirkjörstjórn Reykjavíkur afneituðu I-listanum, og enn fremur með hliðsjón af því, að Hannibal Valdimarsson hefur kjörbréf sem utanflokkaþm., telur Alþfl. óeðlilegt, að Alþb. njóti góðs af atkv. I-listans við úthlutun uppbótarþingsæta. En þar eð landskjörstjórn telur einróma, að núgildandi lög heimili slík framboð og leggja beri atkv. slíkra lista saman og hefur þess vegna gefið út kjörbréf til Steingríms Pálssonar, mun þingfl. Alþfl. ekki greiða atkv. gegn kjörbréfinu, heldur sitja hjá við afgreiðslu þess. Hins vegar mun þingflokkurinn beita sér fyrir því, að kosningalögum verði breytt á þann veg, að slíkt geti ekki gerzt framvegis.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þeir atburðir gerðust í sambandi við framboð til Alþingis við alþingiskosningarnar 11. júní í sumar, að ekki var með ólíkindum, að drægi nokkurn dilk á eftir sér. Er nú og kominn fram eftirmáli þessara atburða, sem óneitanlega varpa nokkuð annarlegum blæ á bardagaaðferðir sumra hv. alþm., og reyndar stjórnmálaflokka, ef hægt er að kalla sum þau samtök, sem svo vilja kenna sig, því nafni.

Eins og alkunnugt er og ekki þarf að fjölyrða um, hafði Alþb. ákveðið framboðslista hér í Reykjavík í samræmi við lög og reglur þessa bandalags, eftir því sem þeir sjálfir skýra frá. Að því búnu gerðist það, og var þó að því sögulegur aðdragandi, sem er á almenningsvitorði og lýsti ekki góðum heimilisbrag innan Alþb., að sjálfur formaður Alþb., Hannibal Valdimarsson, sem kosinn hafði verið formaður á landsfundi samtakanna, býður fram sérstakan lista í Reykjavík, eftir að hafa hætt við áður ákveðið framboð á Vestfjörðum. Hannibal Valdimarsson og hans fylgismenn vilja, að þessi listi sé skoðaður sem einn af tveimur framboðslistum Alþb. í Reykjavík. En fyrir því telja þeir stoð í kosningalögunum, og listinn eigi að merkjast GG-listi, eða hafi átt að merkjast svo, en hinn Alþb.-listinn G-listi. Um þetta verður ágreiningur, sem kunnugt er, en yfirkjörstjórn í Reykjavík úrskurðar svo 12. maí, að listi Hannibals Valdimarssonar skuli teljast utan flokka og skuli merktur listabókstafnum I, og þar við sat. Daginn eftir, 13. maí, heldur landskjörstjórn fund og úrskurðar, að listi Hannibals Valdimarssonar skuli merktur bókstöfunum GG, og haft er eftir form. landskjörstjórnar í ríkisútvarpinu, að hvernig sem yfirkjörstjórn auglýsi listann, leiddi úrskurður landskjörstjórnar til þess, að uppbótarþingsætum yrði úthlutað í samræmi við hann, þannig, að atkvæði, sem greidd yrðu listanum, teldust til lista Alþb.

Látum nú lögfræðilegan ágreining milli þessara kjörstjórna um vafasöm ákvæði kosningalaga liggja á milli hluta. En fram hjá hinu verður með engu móti komizt, að líta á afstöðu þingmannanna og þess svo kallaða stjórnmálaflokks, sem hér eiga hlut að máli. Umboðsmenn lista Alþb. í Reykjavík lögðu fram greinargerð fyrir yfirkjörstjórn um afstöðu Alþb. til merkingar listanna. Og þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Því er haldið hér fram, að stjórnmálaflokkarnir hver um sig sé sjálfstæð persóna að lögum. Það þýðir, að sérhver stjórnmálaflokkur er einn bær að kveða á um það, hver kemur fram á veg-

um flokksins og hvað er gert í nafni hans. Enginn einstaklingur eða hópur innan eða utan flokksins getur tekið sér vald eða umboð, sem stjórnmálaflokkur hefur ekki gefið honum, til þess að koma fram í nafni flokksins eða lýsa einhverju yfir á ábyrgð flokksins eða bjóða fram fyrir hans hönd. Þetta á sér rætur í grundvallarreglum laga, og er fjarri öllu lagi að beita lögskýringum við óljós lagaákvæði svo, að í bága fari við þessar grundvallarreglur."

Enn fremur: „Í 27. gr. kosningal. segir, að framboðslista skuli fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda listans um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk listinn sé borinn fram. Í 41. gr. kosningalaganna segir, að nú séu fleiri en einn listi í kjöri fyrir sama stjórnmálaflokk og skuli þá merkja þá eins og þar segir. Þeir, sem lagt hafa fram lista Hannibals Valdimarssonar o. fl. við þessar kosningar hér í Reykjavík, krefjast þess," segja umboðsmenn Alþb., „að þessi listi þeirra sé úrskurðaður að vera listi Alþb. og merktur GG-listi með þeirri furðulegu röksemd, að túlka beri ákvæði framanritaðrar lagagreinar á þann hátt, að það séu meðmælendur einir, sem geti boðið fram lista fyrir hvaða flokk, sem þeir vilja, án þess að þeir séu í nokkrum tengslum við þann flokk, sem þeir velja að bjóða fram fyrir, og án þess að flokkinn varði nokkuð um það. Þessari lögskýringu er mótmælt sem alrangri."

Þá segir áfram í grg. umboðsmanna Alþb.-listans:

„Því hafa þeir líka haldið fram, að lögskýring þessi byggðist á þeim sjónarmiðum að gefa minni hl. flokkanna, sem óánægðir eru, en ekki vilja segja skilið við flokkinn, tækifæri til þess að koma fram framboði í nafni flokksins. Þótt eitthvað væri til í þessum sjónarmiðum, eiga þau ekki við hér. Níu af meðmælendum lista Hannibals Valdimarssonar hafa skriflega sagt sig úr Alþb. Aðeins 30 af meðmælendahópnum eru meðlimir í Alþb. Þetta eru því utanflokksmenn að langmestu leyti, sem eru að koma fram sprengiframboði gegn Alþb. Rétt skýring á þessum lagaákvæðum er sú, að þau eru heimildarákvæði fyrir stjórnmálaflokk að bera fram fleiri en einn framboðslista í sama kjördæmi, ef flokknum þykir það henta. Þessi ákvæði hreyfa ekki við sjálfstæði flokkanna um framboð sín. Ef stjórnmálaflokkur vill bera fram tvo lista í sama kjördæmi, eins og hefur gerzt á Seyðisfirði og eins og gæti hafa gerzt í Alþb. í Reykjavík, verður það ekki gert nema af þeirri stofnun flokksins, sem er bær að flokkslögum að fjalla um framboð í viðkomandi kjördæmi. Engir aðrir aðilar hafa heimild til að bera fram lista í nafni flokksins.

Hér er mikið alvörumál á ferðinni," segir í grg., „og gildir ekki Alþb. eitt. Hér er um að ræða að brjóta stjórnarskrárbundinn rétt á stjórnmálaflokkum landsins eða ekki. Í 31. gr. stjórnarskrárinnar eiga stjórnmálaflokkarnir rétt á að fá úhlutað 11 þingsætum af 60. Hér er átt við stjórnmálaflokkana sem stofnanir og persónur að lögum. Ef sá skilningur yrði, mót von okkar," segja umboðsmennirnir, „staðfestur af hv. yfirkjörstjórn, sem haldið er fram af umboðsmönnum lista Hannibals Valdimarssonar á hinum umdeildu ákvæðum kosningalaganna, gæti atbeini utanflokksmanna stuðlað að því, að stjórnmálaflokkurinn Alþb. fengi skertan hlut af hinum 11 uppbótarþingsætum. Enginn getur skert þessi stjórnarskrárbundnu réttindi stjórnmálaflokkanna sem slíkra til uppbótarsætanna, ekki einu sinni almenni löggjafinn, hvað þá túlkun á óljósum ákvæðum hans."

Og hér lýkur þessari tilvitnun í grg. umboðsmanna Alþb., sem er að sjálfsögðu gerð í umboði stjórnar Alþb.

Hér kennir margra grasa í grg. Alþb. og þarf ekki að auka áherzlur þess sjálfs um það, að listi Hannibals Valdimarssonar sé utan flokka og Alþb. algerlega óviðkomandi. Það er talið eiga sér rætur í grundvallarreglum laga, eins og þar stendur, að Hannibalslistinn sé utan flokka og Alþb. óviðkomandi. Aðrar túlkanir eru taldar furðulegar og þeim mótmælt sem alröngum. Um það, ef úrskurðað væri af yfirkjörstjórn, að listi Hannibals Valdimarssonar yrði merktur GG-listi og atkvæðin þá talinn til Alþb. við úthlutun uppbótarþingsæta, segir í grg.: „Hér er um það að ræða að brjóta stjórnarskrárbundinn rétt á stjórnmálaflokkum landsins eða ekki."

Ég vil vekja sérstaka athygli á þessu niðurlagi grg. Alþb.-manna um merkingu lista Hannibals Valdimarssonar, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef sá skilningur yrði, mót von okkar, staðfestur af hv. yfirkjörstjórn, sem haldið er fram af umboðsmönnum lista Hannibals Valdimarssonar á hinum umdeildu ákvæðum kosningalaganna, gæti atbeini utanflokksmanna stuðlað að því, að stjórnmálaflokkurinn Alþb. fengi skertan hlut af hinum 11 uppbótarþingsætum."

Þessi skoðun umboðsmanna Alþb. á lista Hannibals Valdimarssonar virðist byggð á þeirri forsendu, að ef listi Hannibals væri úrskurðaður stjórnmálaflokkur við úthlutun uppbótarþingsæta, en ekki utan flokka, eins og þeir vilja telja hann, ætti hann rétt til uppbótarsætis, sem utanflokkalisti á ekki, á móti G-listanum. Þegar útreikna skyldi, hverjir af samanlögðum uppbótarþm. G-listans og GG-listans tilheyrðu hvorum lista um sig, virðast þeir Alþb.-menn sjá hylla undir þau tilvik, að Hannibal Valdimarsson yrði sjálfur eða gæti orðið sjálfur uppbótarþm., ef listi hans félli eða annar maður á hans lista kæmi á undan öðrum manni á G-lista sem uppbótarþm. í því tilfelli, að GG-listinn fengi fleiri atkv. En aðeins má úthluta einum úr sama kjördæmi uppbótarþingsæti, einum uppbótarmanni fyrir hvern lista eða væntanlega tvo lista, ef atkv. þeirra hafa verið talin saman. Þó að ekki liggi í augum uppi þessar röksemdir Alþb.-manna, er þó eitt, sem af þeim er alveg ljóst. Það hvarflar ekki að þeim, að Hannibal sjálfur, þótt listi hans væri merktur GG-listi, gegn kröfu þeirra, gæti með nokkru móti náð kosningu, til þess að fylla þingflokk Alþb. eða eins og þeir orða það, utanflokkamaðurinn, hér Hannibal Valdimarsson, getur ekki tilheyrt stjórnmálaflokknum Alþb. Það er svo sem alveg ljóst að þeirra áliti og um það er ekki sakazt, heldur hitt, að framboð þessa utanflokkamanns geti truflað rétt stjórnmálaflokksins Alþb., sem þeir kalla svo, til uppbótarþingsætis.

Þetta viðhorf til framboðs Hannibals Valdimarssonar er í fullu samræmi við það, sem Þjóð-

viljinn og ritstjóri hans, Magnús Kjartansson, sem nú á hér sæti, sögðu sí og æ fyrir kosningarnar. Í Þjóðviljanum 9. maí er á forsíðu ritað um þetta með yfirskriftinni „Hannibal segir skilið við Alþb., bregzt kjósendum sínum á Vestfjörðum og undirbýr klofningsframboð í Reykjavík", en í greininni sjálfri segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þau tíðindi hafa nú gerzt, að Hannibal Valdimarsson hefur yfirgefið Alþb. og hyggst bjóða fram klofningslista gegn því í Reykjavík. Hefur Hannibal unnið að því undanfarna daga að reyna að fá fólk á lista sinn og beitt þeim ósönnu rökum, að klofningslisti hans yrði einnig á vegum Alþb. Þessi klofningslisti verður að sjálfsögðu ekki viðurkenndur of Alþb. Atkv. þau, sem hann kann að fá, falla dauð og ógild og koma engum að gagni nema ríkisstj.-flokkunum. Og þeir, sem taka sæti á klofningslistanum, eru að sjálfsögðu þar með að segja sig úr Alþb." Og enn segir í þessari Þjóðviljagrein: „Ástæðan til þess, að Hannibal Valdimarsson hefur sagt skilið við Alþb. er ekki ágreiningur um málefni. Hann hefur ekki talið sig þurfa að marka sérstöðu sína um eitt einasta atriði stjórnmála. Tilefnið er það eitt, að sonur Hannibals, Jón Baldvin, reyndist ekki hafa fylgi til þess á almennum fundi Alþb. í Reykjavík að fá sæti á framboðslistanum. Þetta er eina tilefnið. Eftir þau málalok stofnuðu synir Hannibals og nokkrir aðrir félag ásamt Bergi Sigurbjörnssyni í þeim tilgangi að bjóða fram í Reykjavík. Þessi hópur sannfærðist þó fljótlega um algert vonleysi sitt og því var það þrautalending þeirra Hannibalssona að leita til föður síns og biðja hann ásjár. Hann hefur nú orðið við þeirri beiðni. Verkefni hans í íslenzkum stjórnmálum eru ekki lengur stjórnmál, heldur fjölskyldumál." Og enn segir þar: „Hér er ekki um að ræða stjórnmálahreyfingu, ekki fólk, sem lyftir fána nýrra stefnumiða af áhuga og djörfung. Þetta er aðeins sú tegund heimilisböls, sem er þyngri en tárum taki."

Þjóðviljinn átti margt fleira í pokahorninu fyrir kosningar, sem synd væri að láta með öllu gleymast. Þann 10. maí er í blaðinu forystugrein undir fyrirsögninni „Einn Alþýðubandalagslisti", og þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Um framboð af hálfu Alþb. eru skýr ákvæði í lögum þess, og ekki mun vefengt, að þeim reglum mun hafa verið fylgt við framboð Alþb. um land allt, að réttir aðilar hafi verið þar að verki og farið að samkv. l. bandalagsins. Alþb. í Reykjavík minnti á þessar staðreyndir í samþykkt, sem stjórn félagsins gerði í fyrrakvöld, en þar segir:

„Að gefnu tilefni þykir stjórn Alþb. í Reykjavík rétt að taka fram, að Alþb. hefur í samræmi við lög samtakanna á almennum félagsfundi hinn 10. apríl raðað mönnum á framboðslista Alþb., sem birtur hefur verið og borinn verður fram fyrir Alþb. í Reykjavík við alþingiskosningarnar 11. júní 1967. Jafnframt tekur stjórnin fram, að aðrir framboðslistar í kjördæminu eru Alþb. í Reykjavík óviðkomandi og lýsir yfir, að samkv. l. Alþb. getur enginn annar aðili en að framan segir borið fram framboðslista í Reykjavík í nafni Alþb."

Og í sama leiðara segir einnig:

„Það er því eins ljóst og verða má, að vilji einhver einstaklingur eða hópur manna í Alþb. í Reykjavík ekki una lýðræðislega teknum og lögmætum ákvörðunum um framboð bandalagsins í Reykjavík og hyggist bera fram annan lista ásamt mönnum utan bandalagsins, er slíkur framboðslisti klofningsframboð gegn Alþb. í Reykjavík og því með öllu óviðkomandi. Tilraunir þær, sem gerðar hafa verið til að telja mönnum trú um, að slíkur listi geti einungis með því að kalla sig Alþb.-lista orðið aðnjótandi réttinda og viðurkenningar sem listi Alþb. ásamt hinum lögmæta lista þess, eru í ætt við fáránlegustu sjónhverfingar og blekkingar. Láti einhver kjörstjórn eða stjórnmálaflokkur á Alþ. til leiðast að samþykkja slíkt, yrðu afleiðingarnar alger ringulreið um framboð. Segja má, að slík heimild, sem misnota mætti af hvers konar klofningshópum og vandræðamönnum, jafngilti því að afnema stjórnmálaflokka á Íslandi, ef hver sem er gæti notað og misnotað nafn þeirra og öðlazt réttindi, sem flokkum eru fengin að lögum, svo sem við úthlutun uppbótarþingsæta til leiðréttingar á þingmannatölu flokka til samræmis við kjörfylgi þeirra."

Hér lýkur þessari tilvitnun í þessa forystugrein Þjóðviljans.

Herra forseti. Mig grunar, að þessum elskulegu vinum og skoðanabræðrum í svo kölluðum þingflokki Alþb. sé farið að líða nokkuð ónotalega undir því einu að vera minntir á eigin afstöðu og eigin orð, því að nú lítur út fyrir, að þessar kempur ætli að byrja nýtt kjörtímabil með því að éta allt ofan í sig frá upphafi til enda, sem þeir sögðu fyrir kosningar og villtu þá um fyrir kjósendum með. Það nýjasta, sem við höfum haft spurnir af, er það, að þetta margþætta og í sjálfu sér sundurþykka Alþb. hafi fyrir nokkrum dögum efnt til einhvers konar nýrra alþingiskosninga innan fjögurra veggja hér í Reykjavík. Og úrslit þeirra alþingiskosninga hafi verið ákvörðun stjórnar Alþb. í Reykjavík um það, að þessir tíu litlu negrastrákar, þessir elskulegu samherjar, sem eru þó þrátt fyrir eigin mótmæli og afneitanir hver á öðrum með pappíra frá landskjörstjórn upp á vasann, skuli, eins og það er orðað í síðustu samþykkt bræðralagsins, skipa þingflokk Alþb.

En hvað er þá löglegt? kynnu þessir veslings samherjar að spyrja. Erum við þm. eða erum við ekki þm.? Það er eflaust vafamál frá lögfræðilegu sjónarmiði, eins og ráða má af því, hversu mjög kjörstjórnir hefur greint á, þótt skipaðar séu lögfræðingum. Og enda þótt Alþ. sé fengið hið endanlega úrskurðarvald um gildi kjörbréfa, er það eðli málsins samkv. ekki stofnun, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, sem talin væri frá lögfræðilegu sjónarmiði til dómsúrskurðar fallin. En Alþ. getur sett undir þann leka, að vafi leiki áfram á um það, hvernig skilja beri eða framkvæma ákvæði kosningalaga. Þess vegna eru stjórnarflokkarnir ráðnir í því að beita sér fyrir breytingu á kosningalögum í því skyni að girða fyrir, að nokkuð sambærilegt og gerzt hefur, geti endurtekið sig.

Spurningin, sem nú brennur á þeim Alþb.-mönnum, er sú, hvort þeir ætli að gera sig seka um athæfi hér á Alþ., sem þeir sjálfir hafa talið

í ætt við fáránlegustu sjónhverfingar og blekkingar. Og enn hafa þeir Alþb.-menn sagt, að léti einhver stjórnmálaflokkur á Alþ. til leiðast að samþykkja slíkt, þ. e. að atkv. lista Hannibals Valdimarssonar teldust til Alþb., yrðu afleiðingarnar alger ringulreið um framboð, og hver vill stuðla að slíku eða ætla þeir einir að gera það? Og hver mundi vilja gera sig sekan hér á Alþ. um athæfi, sem talið er jafngilt því að afnema stjórnmálaflokka á Íslandi? En það er mat Alþb.-manna á því að greiða hér atkv. með kjörbréfi því, sem Steingrímur Pálsson hefur upp á vasann.

Eins og mál þetta er í pottinn búið, hefur það orðið ákvörðun okkar þm. Sjálfstfl. að greiða ekki atkv. um hið umdeilda kjörbréf. Enda þótt svo yrði talið, að úrskurður landskjörstjórnar væri nær réttu og lögfræðilegu og sögulegu mati á hinum umdeildu ákvæðum kosningalaga en niðurstöður yfirkjörstjórnar, kemur hitt þó til, að sjálf kosningin fór fram samkv. úrskurði yfirkjörstjórnar, og það þótt höfð sé í huga auglýsing yfirkjörstjórnar um kjörfund, þar sem getið er ágreinings kjörstjórnanna, og yfirlýsing formanns landskjörstjórnar í ríkisútvarpi um afstöðu þeirrar kjörstjórnar. Þeir einir munu þá væntanlega eigast við í atkvgr. um hið umdeilda kjörbréf Steingríms Pálssonar, nema framsóknarmenn veiti vinum sínum lið, eins og stundum hefur hent áður, sem maklegir eru að merkjast af henni siðferðilega, hvað sem lögskýringum líður, þar sem allt færi saman af hálfu sumra þessara manna, a. m. k. Svik við sjálfa sig, flokksfélaga og kjósendur.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram, var við merkingu framboðslistanna við kosningarnar í vor hérna í Reykjavík mjög djúpstæður ágreiningur um túlkun gildandi kosningalaga, þar sem úrskurðir yfirkjörstjórnar í Reykjavík annars vegar og landskjörstjórnar hins vegar gengu gersamlega í gagnstæðar áttir. Ég ætla ekki hér að rifja upp rök þessara kjörstjórna, hvorki yfirkjörstjórnarinnar í Reykjavík, sem merkti lista Hannibals Valdimarssonar I, né heldur rök landskjörstjórnar, sem merkti þennan sama lista bókstöfunum GG, enda hefur það þegar verið gert að nokkru, og sem fskj. með kjörbréfum þm. eru þessir úrskurðir og öllum að sjálfsögðu auðvelt að kynna sér þá. En af þessu, sem hér hefur fram komið, er vitanlega augljóst mál, að full þörf er á þeirri lagfæringu kosningalaganna, sem hæstv. menntmrh. og nú hæstv. dómsmrh. boðuðu. Enda fer vel á því, að hv. stjórnarflokkar lagi ágalla þeirra l., sem þeir settu 1959 um kosningar til Alþingis. Það segir sína sögu um þá smíð, að sjálfir höfundar laganna treysta sér ekki til að greiða atkv. um ágreiningsmál, sem risið er út af túlkun þessara laga.

En að öðru leyti vil ég af þessu tilefni aðeins segja þetta: Við fulltrúar Framsfl. í 3. kjördeild greiddum atkv. með samþykkt kjörbréfs Steingríms Pálssonar, 8. landsk. þm., á þeim forsendum, að landskjörstjórn hafði fyrir kosningar ákveðið að merkja lista borinn fram af Hannibal Valdimarssyni o. fl. í Reykjavík Alþb., þ. e. með bókstöfunum GG. Meðmælendur listans báru hann fram í nafni Alþb. og verður að ætla, að kjósendur hans hafi viljað, að atkv. þeirra kæmu þeim flokki til góða.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Í 46. gr. stjórnarskrárinnar segir, að Alþingi skeri sjálft úr um það, hvort þm. séu löglega kosnir. Þar er Alþ. gefið mikið vald, sem þm. ber að nota af réttsýni og drenglund, og það er vægast sagt undarlegt, þegar hæstv. dómsmrh. lýsir því yfir hér úr þessum ræðustóli, að Alþ. sé í rauninni stofnun, sem ekki sé bær til að beita þessu valdi, sem ákveðið er í stjórnarskránni. Og allur málatilbúnaður sá, sem hér hefur verið lagður fyrir okkur af hálfu stjórnarflokkanna, er afar einkennilegur. Þeir gera ekki aths. við kjörbréf það, sem hér er til umr., heldur nota þeir þetta tækifæri eingöngu til þess að vekja áróðursræðuhöld, einkanlega hæstv. dómsmrh. að vísu.

Hann vék í ræðu sinni nokkuð að ummælum, sem fram höfðu komið frá mér og öðrum í sambandi við ágreining, sem varð hér í Reykjavík innan Alþb. í vor, og mér er að sjálfsögðu bæði ljúft og skylt að gera grein fyrir viðhorfi mínu til þessa kjörbréfs. Tal manna hér og í blöðum um, að afstaða mín hafi verið eitthvað á reiki, ein fyrir kosningar og kunni kannske að reynast önnur nú, er byggð á algerum misskilningi eða vísvitandi rangfærslu, nema hvort tveggja sé. Þar er blandað saman tvennum forsendum kosninga á Íslandi, annars vegar lögum stjórnmálaflokka, hins vegar landslögum. Allir stjórnmálaflokkar á Íslandi hafa í lögum sínum ákvæði um það, hvernig framboð skuli ákveðin. Þessi ákvæði eru á ýmsa lund í ýmsum flokkum að sjálfsögðu, en eitt er þó sameiginlegt í þeim öllum. Það er gert ráð fyrir, að ákvörðun sé að lokum tekin á lýðræðislegan hátt í einhverri stofnun flokksins. Allir stjórnmálaflokkar á Íslandi gera ráð fyrir því, að ákvörðun meiri hl. sé endanleg, að minni hl. beygi sig undir það, sem meiri hl. ákveður. Engin stjórnmálasamtök á Íslandi hafa ákvæði í lögum sínum um það, að minni hl. sé heimilt að bjóða fram í nafni flokksins við hlið meiri hl.

Þessu er einnig þannig háttað um lög Alþb., og hér í Reykjavík er ákvörðunarvaldið eins víðtækt og hugsazt getur. Ákvörðun er tekin á almennum fundi í Alþb., þar sem allir félagsmenn þess eiga þátttökurétt. En þrátt fyrir ákvæði í l. stjórnmálaflokks kemur það auðvitað fyrir, að minni hl. neita að beygja sig fyrir ákvörðunum meiri hl., og það hefur gerzt í öllum stjórnmálaflokkum á Íslandi. Slíkur ágreiningur kom upp innan Alþb. hér í Reykjavík, eins og allir vita. Það framboð, sem þá kom fram, var að sjálfsögðu í fullu ósamræmi við lög og reglur Alþb. sjálfs. Því var réttilega lýst yfir, að það væri Alþb. í Reykjavík óviðkomandi með öllu samkv. lögum og reglum þeirra samtaka.

Að þeim deilumálum, sem um það hafa spunnizt innan Alþb., er Alþingi Íslendinga enginn aðili. Alþ. hefur ekkert vald til að segja stjórnmálasamtökum, hvernig þau eigi að velja frambjóðendur né heldur hvernig þau eigi að meta framboð. Þar er um að ræða hrein innanflokksmál, sem öldungis ekki eru á dagskrá hér. Úrskurður um uppbótarsæti og þar með kjörbréf hv. þm. Steingríms Pálssonar er auðvitað enginn dómur

um vandamál Alþb. í Reykjavík. Það vandamál mun Alþb. sjálft verða að leysa.

En auk laga stjórnmálasamtaka kveða landslög á um framboð. Og í kosningalögum eru ákvæði, sem óvefengjanlega virðast hafa þann tilgang að heimila minni hlutum að bjóða fram í nafni flokks, enda þótt flokkurinn gefi ekki heimild til þess og eins þótt hann mótmæli því. Ákvæðin eru raunar svo rúm, að þau virðast gefa Pétri og Páli heimild til að bjóða fram í nafni hvaða flokks sem er. Þessi ákvæði skylda auðvitað ekki stjórnmálaflokka til að viðurkenna slík framboð og láta af andstöðu við þau. Þau mæla aðeins fyrir um það, hvernig meta skuli atkvæði listanna, þegar kemur að úthlutun uppbótarsæta. Ekki ætti að þurfa að eyða orðum að því, að landslög eru æðri en lög flokka, og úthlutun uppbótarsæta samkv. þessum ákvæðum kosningalaga hefði naumast orðið deilumál, ef ekki hefði komið til sú staðreynd, að löggjafanum virðist hafa fatazt illilega, þegar síðast var gengið frá þessum lögum. Gagnstæðir úrskurðir bárust frá yfirkjörstjórninni í Reykjavík og landskjörstjórn, en alger einhugur var í hvorri kjörstjórn um sig. Í því sambandi er vert að minna á, að kjörstjórnir þessar báðar eru valdar af Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., en Alþb. átti þar enga fulltrúa. Ágreiningur þessi varð til þess, að líklegt mátti telja, að úthlutun uppbótarsæta yrði kærð og endanlegur dómur yrði kveðinn upp af fulltrúum stjórnmálaflokkanna hér á þingi.

Afstaða mín til þessa máls byggist ekki á neinu formlegu mati á lagagreinum. Svo er að sjá, sem hinir færustu lögfræðingar telji sig geta rökstutt gagnstæð sjónarmið af miklum lærdómi, sem mig skortir. Það, sem mér finnst skera úr, er það meginatriði, að kjósendur eiga heimtingu á því að fá að vita það fyrir fram, hvað þeir eru að gera í kjörklefanum, hverjum atkv. þeirra koma að gagni. Þar er um að ræða lýðræðislegt grundvallarsjónarmið. Og um það atriði skortir sannarlega ekki yfirlýsingar frá þeim aðilum, sem fara með endanlegt úrskurðarvald, meiri hl. Alþingis. Þegar er fulltrúar Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. í landskjörstjórn höfðu lýst yfir þeim ásetningi sínum, að úthlutun uppbótarsæta yrði þannig framkvæmd, að atkv. I-listans yrði bætt við atkv. Alþb., kom málið til kasta flokkanna á margvíslegan hátt. Fljótlega þurfti útvarpsráð t. d. að ákveða, hvernig haga skyldi stjórnmálaumr. í hljóðvarpi og sjónvarpi. Þá ákváðu fulltrúar þeirra þriggja flokka, sem ég nefndi, að I-listinn gæti ekki fengið neinn sjálfstæðan tíma, vegna þess að á hann bæri að líta sem lista Alþb. Þessi meiri hl. útvarpsráðs samþykkti sem sé úrskurð landskjörstjórnar, og þar var ekki um að ræða neina ómerkinga, heldur landskunna forustumenn, t. d. Þórarin Þórarinsson, hv. þm. Framsfl., Sigurð Bjarnason, hv. þm. Sjálfstfl., og sjálfan formann útvarpsráðs, hv. þm. Benedikt Gröndal.

Þessi afstaða útvarpsráðs varð fljótlega deiluefni í blöðum, og öll blöð þessara þriggja flokka, Alþýðublaðið, Morgunblaðið, Tíminn og Vísir lýstu í ritstjórnargreinum stuðningi við þessa ákvörðun útvarpsráðs. Fylgi við stefnu landskjörstjórnar var sem sé lýst yfir í ritstjórnargreinum í málgögnum þeirra þriggja flokka, sem fara með yfirgnæfandi meiri hl. hér á þingi, og senn tóku blöðin að hefja áróðursskrif í sama dúr. Þau lögðu sterka áherzlu á það í kosningabaráttunni, að I-listinn væri einvörðungu borinn fram til þess að safna fylgi handa Alþb. Bent var á tiltekna frambjóðendur úti um land og sagt, að hv. þm. Hannibal Valdimarsson vildi fleyta þeim á þing, og menn voru varaðir við að aðstoða hann við svo skuggalega iðju. Allt er þetta svo nýliðið, að ég hef ekki talið ástæðu til að fara í tilvitnanaleit. Hv. þm. á að vera þessi málflutningur í fersku minni. Þó tók ég með mér Morgunblaðið frá 9. júní, tveim dögum fyrir kosningar, en það er til marks um þessa afstöðu alla. Þar er á 2. og 3. síðu einhver stærsti rammi, sem ég hef séð. Hann nær yfir 9 dálka og er allur feitletraður og ákaflega mikið af hástöfum í honum. Sem sýnishorn vildi ég lesa nokkrar glefsur úr þessari grein, með leyfi hæstv. forseta. Fyrirsögnin er svo hljóðandi:

„Atkvæði greitt Hannibal er atkvæði greitt kommúnistum.“

Svo hefst greinin:

„Nú þegar senn líður að kjördegi, er nauðsynlegt, að kjósendur geri sér alveg ljósa grein fyrir nokkrum staðreyndum í sambandi við framboðsmál Hannibals Valdimarssonar. Kjarni málsins er skv. úrskurði landskjörstjórnar, að atkvæði greitt Hannibal er atkvæði greitt kommúnistum. Það er yfirlýstur tilgangur þessa framboðs að bjarga atkvæðum Alþb. í Rvík, þannig að þau komi frambjóðendum þess úti um land til góða við úthlutun uppbótarsæta. En langflestir frambjóðendur Alþb. úti um land eru hreinræktaðir kommúnistar. Þessi björgunarstarfsemi Hannibals miðar því að því einu að koma fleiri kommúnistum inn á þing.“

Og enn segir svo í greininni:

„Þessar staðreyndir í sambandi við framboð Hannibals sýna glögglega, að þrátt fyrir allt tal hans um uppgjör við kommúnista, eru áhrifin af framboði hans þau ein að hjálpa fleiri kommúnistum inn á þing. Atkvæði greitt Hannibal er atkvæði greitt kommúnistum. Þeir, sem vilja stuðla að því að minnka áhrif kommúnista í íslenzkum þjóðmálum, gera það því ekki með því að kjósa lista Hannibals, þvert á móti stuðla þeir að því að fleiri kommúnistar komist inn á þing, ef þeir kasta atkvæði sínu á lista hans.“

Og lok greinarinnar eru þessi:

„En þrátt fyrir þennan skollaleik, verða kjósendur að hafa þetta hugfast, að atkvæði greitt Hannibal er atkvæði greitt kommúnistum. Hvaða lýðræðissinnaðir kjósendur vilja stuðla að því, að kommúnistum sé beinlínis smyglað inn á þing?“

Ekki veit ég, hver hefur skrifað þetta, hvort það er hv. þm. Sigurður Bjarnason eða hv. varaþm. Eyjólfur Konráð Jónsson, eða sá hv. þm., sem gegnir sjálfboðaliðaritstjórn Morgunblaðsins og aðsetur hefur í forsrn., enda skiptir það ekki máli. Hitt er aðalatriðið, að flokkarnir þrír, Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., höfðu allir fyrir kosningar og á margvíslegan hátt lýst eindregnum stuðningi við niðurstöðu landskjörstjórnar. Kjósendum hafði verið sagt á hinn ótvíræðasta hátt af þeim, sem valdið hafa, að ef þeir greiddu I-listanum atkvæði, væru þeir að kjósa Alþb. Kjósendur eiga skýlausa heimtingu á því, að þm. þess-

ara þriggja flokka standi við þessa afstöðu sína, það er siðferðilegur og lýðræðislegur réttur. Þær yfirlýsingar, sem hér hafa komið fram frá fulltrúum stjórnarflokkanna um að þeir ætli að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna, eru því til marks um heldur bágt siðferði.

Umtal, sem fram hefur komið um það, að ég hafi skipt um skoðun frá því fyrir kosningar, er raunar harla einkennilegt, því fyrir kosningar var einmitt kvartað sérstaklega undan því í blöðum, að ég hefði ekki fengizt til að svara spurningum um afstöðu mína. T. d. segir svo í Morgunblaðsgreininni, sem ég var áðan að lesa upp úr, með leyfi hæstv. forseta:

„Hafa forsvarsmenn Alþb. algjörlega neitað að lýsa því yfir, aðspurðir í útvarpi og sjónvarpi, að þeir muni ekki þiggja atkvæði Hannibals eftir kosningar, þegar Alþ. kemur saman til fundar. En það hefur svo sem kunnugt er úrslitavald í þessu máli.“

Þegar ég var um þetta spurður fyrir kosningar af málsvörum þeirra þriggja flokka, sem fara með algjöran meiri hluta hér á þingi, benti ég á þá einföldu staðreynd, að með slíkum fyrirspurnum til mín væri aðeins verið að flækja málið. Hið endanlega vald væri í höndum fyrirspyrjendanna sjálfra. Og ég varaði kjósendur mjög við því að treysta því, að flokkar þessir stæðu við þá afstöðu, sem þeir létu uppi fyrir kosningar. Ef á þyrfti að halda, mundu þeir afgreiða málið einvörðungu í samræmi við einkahagsmuni sína. Ég er enn sömu skoðunar. Þetta mál hefði verið flutt hér í þingbyrjun á annan hátt, ef starfhæfur meiri hluti stjórnarflokkanna hefði oltið á atkvæðum I-listans. Þá hefði nýr maður vafalaust verið úrskurðaður inn á þing, þrátt fyrir hinar ótvíræðu yfirlýsingar forsvarsmanna stjórnarflokkanna í sjálfri kosningabaráttunni.

Ég fæ sem sé ekki séð, að hér sé um að ræða neitt vandamál fyrir Alþ. sjálft. Menn geta sagt, að það sé um að ræða vandamál innan Alþb. og það er rétt, en það er ekki mál Alþ. Vandamálið, sem liggur fyrir Alþ., er ekki flókið, og umræður um það á þessum forsendum, þegar engin kæra er borin fram um þetta kjörbréf, eru aðeins málfundur, sem þm. geta að vísu skemmt sér við, ef þeir vilja.

Hins vegar vil ég taka undir það sjónarmið, sem fram hefur komið hjá fulltrúum allra hinna flokkanna hér í ræðunum á undan, að eftir að málfundi um þetta lýkur, þá verðum við að horfast í augu við vandamál, sem varðar kosningalögin sjálf. Það kemur auðvitað ekki til mála, að til kosninga verði gengið á nýjan leik með jafn óljós kosningalög og þau, sem nú eru í gildi. Það mega ekki vera nein langsótt lögfræðileg túlkunaratriði, hvernig meta beri lista, sem fram eru bornir. Þeir, sem bjóða fram lista, verða að hafa um það örugga vitneskju fyrirfram, hvað þeir eru að gera. Það má ekki vera neitt happdrætti eða pólitískt sérhagsmunasjónarmið, hverjir ná kjöri á þing. Ég mundi telja það mjög eðlilegt, að fljótlega yrði skipuð nefnd með fulltrúum frá öllum stjórnmálaflokkum til þess að endurskoða kosningalögin og gera þessi atriði ótvíræð með öllu. Og ég vænti, að um það verði naumast ágreiningur. — [Fundarhlé.]

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umræðu, er þannig vaxið, að það er enginn vandi að masa um það klukkustundum saman, og það er einnig hægt í sambandi við það að vitna í margvísleg blaðaskrif, því um framboðsmál þau, sem að baki þessari kjörbréfaafgreiðslu liggja, voru mikil blaðaskrif. En það þyrftu þá helzt að vera blöð, sem væru yfirleitt málgögn Alþb., en hæstv. dómsmrh. skaut allverulega fram hjá marki, þegar hann vitnaði sí og æ í blaðið Þjóðviljann, yfirlýst málgagn Sósfl., sem aldrei hefur verið né er málgagn Alþb., hefur ekkert verið gefinn út fyrir að vera það. Það hittir því ekki Alþb.-menn yfirleitt, þótt vitnað sé í það blað fremur en þótt hæstv. dómsmrh. hefði séð ástæðu til að vitna t. d. í Morgunblaðið. Ég hyggst ekki teygja lopann um þetta mál. Ég tel mér hins vegar skylt að ræða nokkur meginatriði þess og draga þau meginatriði öllu skýrar fram heldur en gert hefur verið í umr. til þessa af hæstv. dómsmrh. og öðrum þeim, sem um málið hafa talað.

Viðvíkjandi því, sem Magnús Kjartansson sagði hér áðan í sinni ræðu, þá vil ég aðeins lýsa því hér yfir, að ég tel það hárrétt hjá honum, hverju sem hann hélt fram fyrir kosningar í hita þess bardaga, sem þá stóð yfir, m. a. innbyrðis í Alþb., að hann nú vitnar til gildandi landslaga og beygir sig fyrir skýrum lagabókstaf þeirra. Hér er talað um, að kosningalög séu óskýr. Ég mun koma að því síðar í minni ræðu, að því er ekki til að dreifa. Það er ekki um það að ræða, að menn hafi ekki getað skilið lög. Lagabókstafur kosningalaganna er skýr, svo skýr, að hvert læst barn getur skilið þau.

Það, sem hér er um að ræða, er það, að út af framboði mínu í Reykjavík, féllu tveir gagnstæðir úrskurðir, yfirkjörstjórnar í Reykjavík annars vegar og landskjörstjórnar hins vegar. Yfirkjörstjórnin í Reykjavík vildi láta svo heita, að þessi listi væri utanflokkalisti og merkti hann skv. því I-lista. Landskjörstjórn lýsti því þegar yfir, að það væri sín afstaða, og kvaðst mundu úthluta uppbótarsætum í samræmi við það, að þessi listi væri skv. stjórnarskrá og kosningalögum listi Alþb., og atkvæðin, sem hann fengi, yrðu talin Alþb., þegar til þess kæmi að kosningum loknum, að landskjörstjórnin úthlutaði uppbótarþingsætum. Það eru þessir tveir úrskurðir, sem liggja til grundvallar því máli, sem hér er til umr., og þannig er það rétt, sem sagt var hér áðan, að málið er ákaflega einfalt, það sem snýr að Alþ., það er ekki hægt að skjóta sér á bak við það, að hér sé um flókið deilumál að ræða og torskilin lagafyrirmæli. Ég hefði hins vegar talið strax á æskilegra, að hæstv. dómsmrh. hefði strax á sínum tíma, þegar vandamálið kom upp, myndað sér ákveðna skoðun um það, hvort væri réttur úrskurður, yfirkjörstjórnarinnar eða landskjörstjórnarinnar, og beitt síðan ráðherravaldi sínu til þess, að sá skilningurinn, sem réttur væri, sá úrskurðurinn, sem byggði á réttum forsendum, yrði látinn koma til framkvæmda og listinn merktur skv. því. Þetta tel ég hafa verið hans ráðherraskyldu, sem hann vékst undan að framkvæma, taldi sig ekki hafa valdsvið til. En sá ráðherra, sem ekki gat látið að sér kveða á þann

hátt á réttri stundu að segja til um, hvað væri réttur úrskurður og rangur í þessu máli, hann hefði helzt ekki átt að segja mikið meira um málið á síðara stigi.

Það var sagt í kirkjunni í gamla daga, þegar verið var að lýsa til hjónavígslu, að ef einhverjir vissu meinbugi á fyrirhuguðum hjúskaparmálum, þá skyldu þeir segja til í tíma, en þegja síðan.

Hér hafa nú komið fram í málinu mikilsverðar yfirlýsingar, — yfirlýsingar um það, að stjórnarflokkarnir ætli að sitja hjá við þessa atkvgr. og hirða aldrei, hvernig úrslitin verði hjá þeim, sem hér eiga gagnstæðra hagsmuna að gæta. Já, látum það vera. Lögin eru sjálfsagt svo óskýr, að enginn í þessum flokkum skilur þau og þá verður svo að vera, þá geta menn ekki tekið afstöðu.

Það er hér um að ræða ákvæði stjórnarskrár, og kosningalög hafa oft verið til umræðu á Alþ. Þeim hefur þráfaldlega verið breytt, stjórnarskránni breytt sjaldnar, en þó kemur það náttúrlega einnig fyrir, að hún verði fyrir breytingum. Varðandi þetta mál er ástæða til að minna á tvennar breytingar á kosningalögunum, breytingarnar, sem gerðar voru á kosningalögunum 1933, og breytingarnar, sem gerðar voru á kosningalögunum 1939, en ákvæði þau varðandi þetta mál, sem þá voru staðfest af Alþ., eru enn þá í gildi. Á þinginu 1933 var borið fram frv. til kosningalaga, og þar var nýmæli um það, að til þess að framboð einstaklings eða framboðslisti flokks hefði gildi, þyrfti hann að hljóta staðfestingu flokksstjórnar. Í þessu stjfrv. var lagt til, að 27. gr. kosningalaganna yrði svo sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Framboði einstaks frambjóðanda, svo og framboðslista í Reykjavík, skal fylgja skrifleg yfirlýsing frambjóðandans, eða, þegar um lista er að ræða, þeirra, sem lýsa því yfir, að þeir styðji kosningu listans, fyrir hvern stjórnmálaflokk frambjóðandinn eða listinn sé boðinn fram, svo og skrifleg viðurkenning hlutaðeigandi flokksstjórnar fyrir því, að frambjóðandinn eða listinn skuli vera í kjöri fyrir flokkinn. Þó nægir, ef yfirlýsing flokksstjórnar kemur áður en kjörseðlar eru fullgerðir. Vanti aðra hvora yfirlýsinguna eða báðar, telst frambjóðandinn eða listinn utan flokka.“

Svona var frv. lagt fram, með skýrum fyrirmælum um það, að til þess að framboð lista í Reykjavík væri gilt, þyrfti að koma til samþykki flokksstjórnar. En þetta var bara ekki samþykkt á Alþingi Íslendinga. Ákvæðið um það, að það þyrfti yfirlýsingu flokksstjórnar um framboðið í nafni flokksins, var fellt, og það var rökstutt með því, að oft væri þörf á því, að réttur fólksins væri tryggður, ekki síður en flokksstjórnanna, til þess að ákveða, hverjir skyldu vera frambjóðendur til Alþingis fyrir fólkið. Niðurstaðan á Alþ. 1933 varðandi 27. gr. kosningalaganna varð á þá lund, að gr. varð eins og hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Framboði einstaks frambjóðanda, svo og framboðslista í Reykjavík, skal fylgja skrifleg yfirlýsing frambjóðandans og meðmælenda hans eða, þegar um lista er að ræða, þeirra, sem lýsa því yfir, að þeir styðji kosningu listans, fyrir hvern stjórnmálaflokk frambjóðandinn eða listinn sé boðinn fram. Vanti yfirlýsinguna, telst frambjóðandinn eða listinn utan flokka.“

Þannig var þetta samþykkt 22. nóv. 1933. Og hverjir stóðu að þessari brtt. um að fella ákvæðið um samþykki flokksstjórnar niður? Hverjir stóðu að því? Það voru þessir menn: Hannes Jónsson, Pétur Ottesen og Jón Sigurðsson bóndi á Reynistað. Þeir stóðu vörð um rétt fólksins og fengu því áorkað, að brtt. þeirra var samþ. Alþingi féllst á að virða rétt fólksins meira en flokksstjórnanna. Þá var einnig samþ. á þessu sama þingi brtt. við 42. gr., í beinu framhaldi af hinni fyrri breytingu, og nú kemur að því, að menn skulu hugleiða, hvort mikið tæpitungumál sé talað, hvort vandi sé að skilja það, sem þar er sagt, eða hvort það muni vera skiljanlegt hv. alþm. 42. gr. var samþ. á þinginu 1933 á þennan veg:

„Nú eru fleiri en einn listi í Reykjavík boðnir fram fyrir sama stjórnmálaflokk, og skal þá merkja þá: A, AA, B og BB, C og CC o. s. frv., eftir þeirri röð, sem þeir berast í til kjörstjórnarinnar.“

Ég sé ekki betur en þetta séu eins skýr fyrirmæli og hægt er að orða á íslenzka tungu, hvernig skuli með fara, ef listar, fleiri en einn, eru bornir fram fyrir sama flokk í Reykjavíkurkjördæmi, þá skal merkja þá svona, það er ekki úrskurðaratriði eða neitt vandamál, og það er hreint brot á þessum lagabókstaf, sem enn er í gildi, þegar yfirkjörstjórn í Reykjavík leyfir sér að merkja lista, sem svona var fram borinn, á annan veg.

Listi Alþb. á s.l. vori hafði meðmæli allra tilskilinna meðmælenda, sem lýstu því yfir, að listinn með Hannibal Valdimarsson í efsta sæti væri listi borinn fram fyrir Alþb. og studdur af þessu fólki sem slíkur, og þá átti samkv. þessum skýru fyrirmælum laganna að merkja hann GG, þar sem Alþb. hafði fengið listabókstafinn G. Það þýðir engum heilvita manni að vinda sér undan og segja, að hann skilji ekki þetta. Það er auðskilið mál.

Hitt er annað mál, að það voru skiptar skoðanir um það, hvort fólkinu hefði þarna verið gert of hátt undir höfði og gengið of mikið á rétt flokksstjórnanna, og þegar kosningalögin koma því til meðferðar Alþingis aftur 1959, bólar á þessu sama, að þá vilja menn koma inn ákvæði í kosningalögin, sem geri ótvíræðari rétt flokksstjórnanna til þess að ráða framboðum. Og það er enn farið á stúfana að koma inn í kosningalögin klásúlu um þetta. Þá er borin fram á Alþingi brtt. eða till. um, að 28. gr., sem er hin sama og áður var 27., skuli orðast á þessa leið:

„Landskjörnir þm. eru kjörnir samkv. landslistum, sem stjórnmálaflokkar bera fram. Landslista skal fylgja til landskjörstjórnar skrifleg skýrsla um það, hver stjórnmálaflokkur ber hann fram, undirrituð af flokksstjórninni. Slík skýrsla ein nægir, þegar um stjórnmálaflokk er að ræða, sem átt hefur fulltrúa á síðast háðu Alþingi, eða náð hefur 1000 atkv. við síðustu alþingiskosningar, þar af a. m. k. 20% greiddra atkv. eða 500 atkvæðum í einu og sama kjördæmi.“

En þessi tilraun varðandi landslistana til þess að láta flokksstjórnirnar hafa úrskurðarvaldið,

fór ekki í gegnum Alþingi. Á þessu var gerð breyting einnig árið 1959, og skýlaust, að vilji fólksins skyldi þar einnig meira virtur af þeim, sem þá skipuðu meiri hluta Alþingis. Alþingi samþ. þessa gr. á Alþingi 1959 þannig:

„Framboðslista í kjördæmi skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra, sem á listanum eru, að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, svo og skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá eigi færri en 100 og eigi fleiri en 200 kjósendum í Reykjavík, og eigi færri en 50 og eigi fleiri en 100 í öðrum kjördæmum. Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda listans um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk listinn sé boðinn fram. Ef yfirlýsingu þessa vantar, telst listi utan flokka."

Það fer ekkert á milli mála, að listi Alþb., sem ég skipaði efsta sæti á, hafði yfirlýsingu allra meðmælenda listans um það, að hann væri borinn fram fyrir Alþb. Þessa yfirlýsingu vantaði því ekki. Þess vegna bar að merkja þennan lista GG-lista, eins og landskjörstjórn hefur úrskurðað réttilega. Endurtekið var svo ákvæðið, sem ég las fyrr, sem þá var í 41. gr., og samþ. á ný á þessa lund sem 41. gr.:

„Nú eru fleiri en einn listi boðnir fram fyrir sama stjórnmálaflokk í kjördæmi, og skal þá merkja þá A og AA, B og BB, C og CC o. s. frv. Listi, sem boðinn er fram utan flokka, er merktur bókstaf í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistum."

Þannig eru lögin enn í dag, og þetta tel ég skýrt mál. Hverjir voru nú þeir, sem fjölluðu um kosningalögin 1959? Það er rétt, að ég víki að því í beinu framhaldi af þessu, þó að ég aftur víki að afgreiðslunni 1933. Það voru þrír höfundar að kosningalögunum, aðalhöfundar a. m. k. Það voru Magnús heitinn Guðmundsson, þáv. dómsmrh., einn virtasti lögfræðingur Sjálfstfl. á þeirri tíð, það var Vilmundur Jónsson landlæknir og það var Eysteinn Jónsson, sem hér á enn sæti, þáv. skattstjóri. Í þeirra lagasmíð stóð það, sem ég áðan las:

„Nú eru fleiri en einn listi í Reykjavík bornir fram fyrir sama stjórnmálaflokk, og skal þá merkja þá A og AA, B og BB, C og CC o. s. frv., eftir þeirri röð, sem þeir berast í til kjörstjórnarinnar."

Og í athugasemdunum um frv. sögðu þessir höfundar — þessir þrír höfundar — um þessa gr.:

„Þessi gr. er einnig að mestu leyti í samræmi við gildandi lög, þó er því aukið við, hvernig merkja skuli lista, ef tveir eða fleiri koma fram frá sama flokki, og það skýrara að láta sama flokk hafa sama bókstaf við sömu kosningu, þótt fleiri listar séu en einn. Listana verður að auglýsa vegna kjósenda úti um land."

Þetta sögðu þessir þrír mætu menn, og Eysteinn Jónsson getur enn um það borið innan veggja Alþingis, hvort þetta er ekki rétt. Magnús Guðmundsson er látinn og Vilmundur Jónsson ekki hér á þessum stað til þess að skýra þetta mál, enda hygg ég, að það liggi svo skýrt fyrir, að ekki sé frekari útskýringa á því þörf. Ég hefði átt að gera það áðan, að greina frá því, hverjir þeir voru, sem réðu úrslitum um, að gæta réttar fólksins og rýra heldur rétt flokksstjórnanna til þess að ráða framboðum flokkanna 1933. Það eru nokkrir af þeim látnir, en að því stóðu 16 menn í Nd., og þingtíðindin skýra frá atkvgr. um þetta mál, að viðhöfðu nafnakalli. Þess vegna höfum við nöfnin á þessum mönnum.

Þeir, sem stóðu að því að fella ákvæðið um rétt flokksstjórnanna til þess að ráða úrslitum um framboð, voru þessir: Það var í fyrsta lagi Ólafur Thors, leiðtogi Sjálfstfl. Það var Magnús Guðmundsson, einn skýrasti lögfræðingur landsins og annar aðalforustumaður Sjálfstfl. við hliðina á Jóni heitnum Þorlákssyni. Það var Pétur Halldórsson borgarstjóri í Reykjavík, Guðbrandur Ísberg sýslumaður, Þorsteinn Þorsteinsson sýslumaður, Jóhann Þ. Jósefsson, síðar ráðh., Jón Ólafsson útgerðarmaður og bankastjóri, Tryggvi Þórhallsson, form. Framsfl., Ásgeir Ásgeirsson, þáv. fors.- og fjmrh., nú forseti Íslands, Pétur Ottesen bóndi, sem lengst allra núlifandi Íslendinga hefur átt sæti á Alþingi, Jörundur Brynjólfsson, þáv. forseti Nd., Bernharð Stefánsson alþm., lengi forseti Ed., Halldór Stefánsson alþm., forstjóri Brunabótafélags Íslands, Jón Sigurðsson bóndi á Reynistað í Skagafirði, Jón Pálmason bóndi á Akri, síðar forseti Sþ., og Hannes Jónsson, þáv. þm. V.-Húnv., sem var 1. flm. till.

Þetta var þingliðið, sem stóð að því að fella út ákvæðið um alræðisvald flokksstjórnanna fyrir framboðum flokkanna. Hvort sem menn segja, að í því felist að afnema tilveru flokkanna eða ekki, eins og menn létu sér um munn fara áðan, þá stóðu nú þessir menn að því. Form. Framsfl., Tryggvi Þórhallsson, og Ólafur Thors, leiðtogi Sjálfstfl., voru í þeirra hópi ásamt þeim mætu mönnum, sem ég nú hef nefnt. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að þeir hafi neitt verið að skerða eðlilegan rétt flokkanna með þessu. Þeir voru að tryggja rétt fólksins. Það vill svo til, að það eru til í þingtíðindunum orðaskipti milli Péturs heitins Magnússonar og Jóns Þorlákssonar um þetta mál. Pétur Magnússon sagði m. a.:

„Flokksstjórnirnar hafa vissulega gott af að fá eitthvert aðhald frá kjósendunum. Ef það aðhald hverfur, er hætt við, að flokksstj. gætu leiðzt til að velja á landslistana meira með tilliti til flokkshagsmuna en þjóðarhagsmuna."

Þá grípur Jón Þorláksson fram í: „Ætli flestir flokkar áliti nú ekki, að það fari saman?"

Pétur Magnússon svaraði að bragði: „Má vel vera, en mér finnst, að reynslan hafi áþreifanlega kennt okkur, að það geri það eigi ávallt. En hvað sem því líður, tel ég engum efa undirorpið, að heppilegra sé, að þm. finni til ábyrgðar gagnvart þjóðinni en gagnvart flokkunum. En á því gætu e. t. v. orðið nokkrir misbrestir, ef það í framkvæmdinni væru flokksstj. einar, er réðu yfir endurkosningu þeirra."

Þetta er úr umr. 1933. Það kom skýrt fram í umr. í Nd. 1933, að tilgangur þeirra, sem vildu fella ákvæðið úr frv. um, að skrifleg viðurkenning flokksstjórnar þyrfti að fylgja framboði í kjördæmi, væri það að takmarka vald flokksstjórnanna. Það fór ekkert í grafgötur með það. Afgreiðsla málsins í Ed. fór á sömu lund. Þá var deildin skipuð 14 þm., en það fór ekki fram nafnakall um till., sem var flutt af tveimur framsóknarþm., um að reyna að koma ákvæðinu um einræði flokksstjórnanna aftur inn í frv. Og það er þess vegna ekki vitað, hvernig þm. skiptust

um þá till. En till. framsóknarþm. tveggja var felld með 8:5 atkv. og það vitum við af því, sem ég las áðan úr ummælum Péturs Magnússonar, sem átti þar sæti, að hann var einn í hópi þeirra átta, sem stóðu að því að fella brtt. framsóknarmannanna um aukið flokksræði.

Nú er því lýst yfir hér, að kosningalögin séu svo óskýr, það verði að breyta þeim, gera þau skýrari, gera það ótvírætt, að flokksstjórnirnar ráði framboðunum. Jæja. Þá veit þjóðin það, og þessu er búið að lýsa yfir fyrir hönd Alþfl., fyrir hönd Sjálfstfl. og Magnús Kjartansson lýsti því áðan sem sinni skoðun líka. Það er ekki mín skoðun. Ég er á skoðun Ólafs Thors, Tryggva Þórhallssonar og Péturs Magnússonar um það, að ákvæðin, eins og þau eru núna, verndi rétt fólksins á nauðsynlegan hátt, a. m. k. í þeim tilfellum, þegar svo kemur fyrir, að ákvarðanir flokksstjórna og vilji fólksins rekast á, en það taldi Pétur, að gæti komið fyrir.

Það er engum efa undirorpið, að landskjörstjórn fór ekki eftir óljósum lagafyrirmælum, þegar hún felldi úrskurð sinn um, að listi sá, sem ég skipaði fyrsta sæti á, ætti að merkjast GG-listi, þar sem Alþb. hafði óumdeildanlega verið úthlutaður listabókstafurinn G og listanum fylgdi skýr yfirlýsing allra meðmælenda hans og frambjóðenda um það, að þessi listi væri borinn fram fyrir Alþb., enda er úrskurður landskjörstjórnarinnar ótvíræður og vitnar til bæði stjórnarskrár og kosningalaga, og þar held ég, að við verðum að vera sammála um, að það eru engir aular, sem hafa verið valdir í landskjörstjórnina. Það eru margir af færustu og gleggstu lögfræðingum landsins og í hópi þeirra er m. a. dómari í hæstarétti. Það gleður mig því stórlega, að stjórnarflokkarnir virða gjörðir þessa rétta aðila til endanlegs úrskurðar um merkingu lista og úthlutun uppbótarsæta. Stjórnarflokkarnir báðir hafa lýst því yfir, að þeir virði þessar gjörðir landskjörstjórnarinnar, og er það auðvitað af því, að landskjörstjórnin stendur á óhagganlegum grundvelli laga og stjórnarskrár.

Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa í heild úrskurð landskjörstjórnarinnar, sem er það orð, sem gilda á og virðist fá staðfestingu Alþ. í þessu máli og tekur á öllum meginatriðum málsins. Sá úrskurður er á þessa leið:

„Samkv. d-lið 31. gr. stjórnarskrárinnar, sitja á Alþ. 11 landskjörnir þm. til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar, en landskjörstjórn í kosningalögum falin framkvæmd þessa ákvæðis. Landskjörstjórn getur ekki úthlutað uppbótarsætum fyrr en að kosningum loknum, svo sem mælt er í 119. gr. kosningalaga. Hins vegar leiðir af 40. gr. l., að landskjörstjórn á úrskurðarvald um það, hvernig listar eru merktir, en af því leiðir, að yfirkjörstjórn ber að hlíta ákvörðun landskjörstjórnar í því efni. Í 27. gr. kosningalaga er svo mælt, að framboðslista skuli fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda listans um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk listinn sé boðinn fram. Jafnframt er í 41. gr. afdráttarlaust heimilað, að fleiri en einn lista megi bjóða fram fyrir sama stjórnmálaflokk í kjördæmi, og skal þá merkja listana svo sem mælt er í gr. Meðferð kosningalaga á Alþ. 1933 og 1959 sýnir, að ætlan löggjafans var sú, að ekki þyrfti samþykki stjórnmálaflokks til þess, að listi yrði boðinn fram fyrir flokkinn. Um fjölda frambjóðenda á hverjum lista gilda niðurlagsákvæði 31. gr. stjórnarskrárinnar og um fjölda meðmælenda á lista ákvæði 27. gr. kosningal. Þar sem meðmælendur framboðslista Hannibals Valdimarssonar o. fl. hafa lýst yfir því, að listinn sé borinn fram fyrir Alþb. og ágreiningslaust er, að Alþb. hefur listabókstafinn G, verður með skírskotun til 41. gr. kosningalaga að telja, að lista Hannibals Valdimarssonar o. fl. beri að merkja bókstöfunum GG. Því úrskurðast, að listi Hannibals Valdimarssonar o. fl. við alþingiskosningarnar 11. júní 1967 skal merktur bókstöfunum GG.

Landskjörstjórn 13. maí 1967,
Einar B. Guðmundsson,
Einar Arnalds,
Vilhjálmur Jónsson,
Guðjón Styrkársson,
Björgvin Sigurðsson.“

Það kom hjá hvorugri kjörstjórninni, yfirkjörstjórninni í Reykjavík né hjá landskjörstjórn, nokkur aths. um það, að formgallar fyrirfyndust á listanum, sem ég skipaði efsta sætið á. Að öllu leyti var hann réttur og engin aths. við hann gerð og yfirlýsing sú, sem heimtuð er í l., var fullkomlega í lagi. Ef Alþ. bryti því gegn úrskurði landskjörstjórnarinnar, væri Alþ. að breyta gersamlega um stefnu, taka allt aðra stefnu en Alþ. tók 1933, taka aðra stefnu en Alþ. hafði 1959 og að brjóta gegn skýrum ákvæðum kosningalaga og stjórnarskrár eins og hvort tveggja er nú, ef afgreiðsla málsins í þetta sinn yrði á annan veg heldur en landskjörstjórn hefur úrskurðað.

Ég skal ekki lengja mál mitt meira. Ég tel, að allt meginefni málsins liggi nú skýrt fyrir hv. alþm. Ég skírskota því til þess, að Alþ. hljóti að staðfesta nú við afgreiðslu kjörbréfa úrskurð landskjörstjórnar sem tvímælalaust réttan í samræmi við kosningalög og stjórnarskrá og þá tek ég einnig fram, að ég tel, að af því leiði, að Alþb. beri ekki aðeins þau 3520 atkv., sem viðurkennt er, að listinn hlaut hér í Reykjavík og voru úrskurðuð þeim lista, heldur einnig þau vafaatkv., sem kjósandinn hafði merkt GG, samkv. vitneskjunni um réttarúrskurð landskjörstjórnar. Þau atkv. tel ég, að eigi að úrskurðast Alþb. til viðbótar. Einnig þau atkv. í Vestfjarðakjördæmi, sem kjósendur í góðri trú um, að landskjörstjórn hefði endanlegt síðasta orð um þessi mál, greiddu þar ekki G-listanum, heldur I-listanum. Þannig höfðu kjósendur verið ruglaðir og má vera, að þar hafi verið um alvarlegri rugling að ræða af völdum þeirra málgagna og flokka, sem lögðu sig öll fram til hjálpar kommúnistum í þessum bardaga, sem ég stóð í alveg óneitanlega, með öllum sínum flutningi um, að sérhvert atkv. greitt þessum lista væri greitt kommúnistum. Á því var hamrað af Morgunblaðinu, af Alþýðublaðinu, af Tímanum og hins vegar af kommúnistum um það, að þessi atkv., sem I-listinn fengi, væru öll dauð og ómerk og eins og þeim væri kastað út um glugga. Þannig gátu Heródes og Pílatus orðið vinir um rangan málstað.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Við höfum nú oft hlýtt á hinn málglaða Hannibal, hv. 9. þm. Reykv., fyrr og síðar hér í þessari hv. d., en aldrei hef ég heyrt hann vera svona glaðan að munnhöggvast við sjálfan sig eins og í þessari ræðu, sem hann var nú að ljúka. Öll þessi ræða gekk út á það, að hann væri að berjast fyrir rétti fólksins gegn flokksstjórnunum. Hver er formaður Alþb. nema þessi sami maður, og var hann þá að berjast við sjálfan sig í sumar eða var hann að berjast við hv. 6. þm. Reykv., sem er oddamaður Alþb. hér í Reykjavík, og átti öll hans ræða að skiljast þannig, að þessi hv. þm. ætti að taka til sín sneiðina? Allt það, sem þessi hv. þm. vitnaði til um rétt fólksins og afstöðu þm. fyrr og síðar, kom þessu máli ekkert við að því er snertir okkur sjálfstæðismenn nú í þessum umr., fyrr eða síðar. Gerðu sjálfstæðismenn aths. við lista Hannibals Valdimarssonar, að hann yrði merktur GG í yfirkjörstjórn? Nei. Ég er hérna með fundargerð yfirkjörstjórnar. Það kom bara úr einni átt aths. við, að réttur fólksins fengi að njóta sín. Hann var hundsaður, formaður Alþb., og honum var sagt að þegja af sínum flokksbræðrum. Þeir sendu umboðsmenn til yfirkjörstjórnarinnar, og það voru þeir, sem gerðu sínar aths., Ingi R. Helgason og Ívar H. Jónsson fyrir hönd Alþb., fyrir hönd Magnúsar Kjartanssonar, elsku vinar og bróður. Og þeir lýstu því yfir fyrir hönd umbjóðenda sinna, að framboðslisti Hannibals Valdimarssonar o. fl. sé Alþb., sem Hannibal Valdimarsson er formaður í, kosinn af landsfundi, algerlega óviðkomandi. Aldrei hefur annar eins skrípaleikur verið leikinn hér á landi í kosningum eins og þetta, og fyrir þetta ættu þessir menn að skammast sín og reyna að láta svolítið minna hér á þinginu.

Ég skil hins vegar ósköp vel, að Hannibal Valdimarsson óskaði eftir því, að ég þegði hér í dag. Það get ég ósköp vel skilið. En sannleikurinn er bara sá, að það var ekkert í hans ræðu, sem sneiddi nokkurn skapaðan hlut eða gerði neinar aths. við það, sem ég hafði sagt í minni ræðu, heldur var það allt saman aths. við þann málflutning, sem fulltrúar hans flokks, því nú skilst mér, að sé búið að gefa út yfirlýsingu um, að hann sé í þingflokki Alþb., höfðu að athuga við hans framboð. Það er þessi loddaraleikur, sem við erum að fordæma hér, og svo koma menn fram með rembingi og þykjast vera málsvarar fólksins og hv. 6. þm. Reykv. hefur djörfung til þess að segja, að kjósendur eigi rétt á að vita í kjörklefunum, hvar atkv. lenda. Þessi maður, sem er oddamaðurinn í því að skapa allan þann loddaraleik, sem hlaut að leiða til þess, að fjöldi kjósendanna vissi ekki í kjörklefanum, hvar atkv. mundu lenda, eins og hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, var að lýsa hérna áðan.

Þeir verða að tala betur saman á heimilinu í Alþb., áður en þeir opna sig hérna í d.

Hannibal Valdimarsson, hv. 9. þm. Reykv., sagði í sinni ræðu, að ég hefði átt sem dómsmrh. að kveða upp dómsúrskurð á milli yfirkjörstjórnar og landskjörstjórnar og segja, hvor úrskurðurinn væri réttur. Hv. 6. þm. Reykv. var að lýsa því hér fyrir hv. þm. áðan, eins og allir vita, að það er Alþ., sem á endanlega úrskurðarvaldið um það, hvor þessara úrskurða er réttur. Hannibal Valdimarsson skrifaði dómsmrh. bréf 17. maí, þar sem hann fór fram á þetta m. a. Og hann sagði í sínu bréfi, með leyfi hæstv. forseta, að hann færi fram á það, að séð verði um, að gengið verði svo frá kjörseðli í Reykjavík, að I-listinn verði ekki talinn utan flokka, eins og stendur í auglýsingu yfirkjörstjórnar, heldur verði þess getið á kjörseðlinum, að samkv. úrskurði landskjörstjórnar og yfirlýsingu form. hennar teljist atkv. greidd I-listanum til atkv. Alþb., er til úthlutunar uppbótarþingsæta kemur. Og þegar þessi hv. þm. hafði sett fram þessa kröfu, bætir hann við: „Verði þetta ekki gert, tel ég kjósendur blekkta með formi kjörgagna.“ Hann telur kjósendur blekkta með því formi kjörgagna, sem vinir hans í Alþb. gerðu kröfur um, að skyldi vera þannig, eins og varð. En að svo miklu leyti, sem þessi hv. þm. telur, að ég hafi ekki notað rétt mitt ráðherravald, þá er það mín skoðun, að ég hefði misbeitt ráðherravaldi mínu og farið út fyrir mín embættistakmörk, ef ég hefði skorizt í leikinn þarna á milli kjörstjórna, og þessa skoðun mína lét ég þessum hv. þm. í té í bréfi þann 23. maí, sem mér þykir ástæða til að mega gera hinu háa Alþingi grein fyrir og sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísun til bréfs yðar, hr. alþm., (þ.e. Hannibals Valdimarssonar dags. 17. þ. m.) varðandi merkingu framboðslista í Reykjavík við í hönd farandi alþingiskosningar, skal tekið fram, að samkv. 42. og 52.—53. gr. kosningalaga nr. 52 1959 ber kjörstjórnum að annast auglýsingu framboðslista, svo og gerð og prentun kjörseðla við alþingiskosningarnar, og er ekki á valdi dómsmrn. að taka ákvarðanir í því efni. Þetta leiðir jafnframt af því, að yfirkjörstjórnir og landskjörstjórn eru kosnar af Alþ., sem á síðasta úrskurðarvald um lögmæti kosninga og kjörbréfa.“

Ég held, að það hefði hvinið jafnvel hærra í þessum hv. þm. í annan tíma, ef ég hefði í vissum tilfellum leyft mér að fara þannig út fyrir embættistakmörk mín, eins og hann ætlast til, að ég geri í þessu bréfi, sem ég vitnaði áðan til, og þegar hann beinir þeim tilmælum til mín, sem þar getur.

Nei, þessum þætti málsins er rétt að ljúka með því að vitna hér til fundargerðar yfirkjörstjórnar, sem er dags. 12. maí og sýnir, að það voru ekki aðrir, sem stóðu í veginum fyrir „umboðsmanni fólksins“, heldur en flokksbræður núv. eða fyrrv. Alþýðubandalagsmanns, ég veit ekki hvort heldur er, — eða svo kallaðir flokksbræður Hannibals Valdimarssonar, hv. 9. þm. sjálfs, en þar segir í 7. lið:

„Umboðsmenn lista Alþb. í Reykjavík og lista Hannibals Valdimarssonar o. fl. lýstu því yfir, að þeir héldu fast við fyrri kröfur sínar um merkingu listanna og lýstu því yfir, að grundvöllur til samkomulags um þetta atriði væri ekki fyrir hendi og engar breytingar eða leiðréttingar hugsanlegar til samkomulags á milli þessara tveggja aðila.“

Það er upp úr þessari deilu, sem yfirkjörstjórnin kveður svo upp sinn úrskurð og landskjörstjórn tekur svo einnig afstöðu til málsins, og ég sagði í minni ræðu áðan, að ég skyldi láta álit mitt liggja á milli hluta, frá lögfræðilegu sjónarmiði, mismuninn á þessum tveimur úrskurðum,

en hvað sem þeim líður og það lagði ég áherzlu á og því verða hv. þm. að gera sér grein fyrir, þá fór kosningin fram á grundvelli úrskurðar yfirkjörstjórnar, þannig að listi Hannibals Valdimarssonar var I-listi, utanflokkalisti, og hann er hér með kjörbréf sem utanflokkamaður, eins og gerð var grein fyrir hér áðan. Og í þeirri kjördeild, sem hann var í, var engin aths. gerð um það, að hann væri utan flokka.

Það var dálítið broslegt að hlýða á ræðu hv. 6. þm. Reykv., og ég hef nú ekki í annan tíma séð kysst eins mjúklega á vöndinn eins og hjá þessum hv. þm. Hann heldur hér langa ræðu og segir: Landslögin eru æðri lögum Alþb., og við verðum bara að sætta okkur við það, að landslögin eru æðri Alþb.-lögunum. En ég hafði einmitt nýlokið við að gera hv. þingi grein fyrir því, að Alþb. í umboði 1. manns listans, í umboði þessa hv. þm., gerði kröfu til þess, að listinn væri merktur I-listi, utan flokka, af því að það væru landslög, alls ekki vegna þess að það væru lög Alþb. Það kom bara ekkert málinu við, og við skulum bara líta svolítið á þetta betur, því að þar fer ekkert á milli mála.

Þeir segja, umboðsmenn Magnúsar Kjartanssonar, að það, að þessi listi eigi að merkjast sem utan flokka en ekki GG-listi, eigi sér rætur í grundvallarreglum laga, en ekki flokksreglum Alþb. Þeir segja, að hér sé um að ræða að brjóta stjórnarskrárbundinn rétt á stjórnmálaflokkunum. Það er ekki verið að tala um stjórnarskrá Alþb., ef hún er einhver til. Nei, það er stjórnarskrá ríkisins. Það er það, sem um er að ræða, ef ekki verður farið að þeirra kröfu, svo að allur þessi málflutningur og rökstuðningur hv. 6. þm. Reykv. um það, að nú verði að sætta sig við að fara að landslögum, en ekki lögum Alþb., stangast gersamlega á við allt það, sem áður er búið að halda fram í efni hans sem 1. manns á lista Alþb. fyrir kosningarnar. Og það er með þessum og öðrum ráðum, með þessum loddaraleik innan Alþb., sem verið er að reyna að blekkja kjósendurna, og það er það, sem við höfum verið að gera okkar aths. við. Ég vil hins vegar taka það skýrt fram, að ég beindi alls ekki sérstaklega geiri mínum í því sambandi gegn hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarssyni. Því að hann er að þessu leyti ekki ásökunarverður, enda sagði ég það, þegar ég lauk ræðu minni með nokkuð þungum orðum, að ef Alþb.-menn greiddu nú atkv. hér sem stjórnmálaflokkur á þingi með þessum lista, eru það svik við sjálfa sig, flokksfélaga og kjósendur. Ég sagði, að þetta ætti við um suma þeirra, og ég get undanþegið hv. 9. þm. Reykv. að þessu leyti. En það er þessi flokksbróðir hans, sem situr þarna hinum megin, sem hefur ekki jafngóða samvizku í þeim efnum.

Það getur vel verið, að þeir, sem stóðu að því að smíða kosningalögin 1959, og ég átti nokkurn hlut að því og ekki svo lítinn, hafi ekki gert sér grein fyrir því, að annar eins loddaraleikur gæti átt sér stað innan íslenzkra stjórnmálaflokka eins og í sumar innan Alþb. Og það má vel vera, að það sé okkar eina afsökun, og við erum að reyna að setja undir þann leka með þeim yfirlýsingum, sem við höfum gefið, að svona svik við fólkið verði oftar framin.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég verð að lýsa undrun minni yfir þeim umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál og þeim yfirlýsingum, sem hér hafa verið gefnar af báðum stjórnarflokkunum. Það, sem hér liggur fyrir, er það, að Alþ. á samkv. lögum að úrskurða um kjörbréf, sem því berast. Það er skylda Alþ. að taka afstöðu til þeirra kjörbréfa, sem þm. koma hér með eftir kosningar á 1. fund þingsins.

Svo gerist það, að þeir, sem tala hér fyrir umboð meiri hl. Alþ., fyrir stjórnarflokkana báða, lýsa því yfir, að þeir taki enga afstöðu til eins kjörbréfsins, og það er ekki hægt að heyra annað á málflutningi hæstv. dómsmrh. en hann hafi enga skoðun á því, hvort beri að taka kjörbréfið gilt eða ekki. Ja, hvernig færi nú, ef Alþ. brygðist við á hliðstæðan hátt eins og þm. stjórnarflokkanna ætla að gera í þessu tilfelli, ef aðrir þm. gerðu hið sama í öðrum tilfellum? Vitanlega mundi slíkt leiða til algers öngþveitis. Ég tel því, að þessi framkoma, sem hér kemur fram hjá báðum stjórnarflokkunum, sé hreinn skollaleikur af þeirra hálfu og í rauninni skollaleikur, sem er beint framhald af skollaleik, sem þeir voru búnir að taka þátt í í sambandi við alþingiskosningarnar. Það, sem hér var um að ræða í þessu máli, var það, að það mátti segja, að fyrir kosningarnar væri hér um tvenns konar ágreining að ræða, sem deilur stóðu um meðal manna. Annars vegar var það, að það reis upp deila í Alþb. í Reykjavík, í flokksfélagi Alþb. í Reykjavík, um skipun manna á framboðslista þess. Þetta hefur ekki verið dulið fyrir neinum, þetta hefur legið fyrir öllum allan tímann, að það var ágreiningur um þetta atriði, menn komu sér ekki saman. Þeir, sem höfðu orðið í minni hl. í félaginu hér í Reykjavík, töldu sig hafa rétt til þess samkv. gildandi l. að bjóða fram annan lista í nafni Alþb., og það gerðu þeir. Þá reis upp hinn ágreiningurinn um það, hvort þetta væri leyfilegt, og þeir, sem töluðu aðallega fyrir Alþb.-félagið í Reykjavík, vitnuðu til þess, að í lögum þess félags stæði skýrt og skorinort, að ákveðin stofnun innan félagsins hefði ein rétt til þess að bjóða fram í nafni félagsins. En hinir, sem stóðu að framboði I-listans, sögðu: Samkv. gildandi kosningalögum höfum við rétt til að bjóða einnig fram lista í nafni Alþb.

Enginn þarf í rauninni að vera hissa á þessu og allra sízt t. d. hæstv. dómsmrh. Ætli hann þekki ekki dæmi þess, að það hafi komið upp ágreiningur af svipuðu tagi áður? Ætli það hafi ekki komið upp ágreiningur hjá fleiri flokksfélögum um það, hvaða menn ættu að skipa hin ýmsu sæti á framboðslista? Auðvitað er það þekkt í öllum flokkum, slíkt hefur komið fyrir. Og það er líka þekkt í öllum flokkum, að það hafi komið fyrir, að menn hafi gripið til ýmissa ráða, þegar þeir eru ósáttir varðandi framboð. Og það hafa komið tvö framboð á vegum sama flokks áður. En þegar þetta gerðist í þessu tilfelli, gerist þetta furðulega. Þá kemur annars vegar yfirkjörstjórnin í Reykjavík, skipuð 5 mætum lögfræðingum, að ég hygg, og fellir einróma úrskurð um það, hvernig skuli merkja þennan síðari lista Alþb., sem Hannibal Valdimarsson skipaði efsta sætið á. Og síðan kemur önnur 5 manna

nefnd, landskjörstjórn, líka skipuð 5 mjög þekktum lögfræðingum, og þeir fella alveg gagnstæðan úrskurð og segja, að það eigi að merkja listann á allt annan hátt.

Þegar þetta gerist nú, og þegar svo vill til, að í yfirkjörstjórn er enginn fulltrúi Alþb. og í landskjörstjórn er heldur enginn fulltrúi Alþb., en þannig ágreiningur kom upp á milli þessara tveggja stofnana, ja, geta menn þá verið hissa á því, þó að eitthvað hafi verið skiptar skoðanir innan Alþb. líka um það, hvernig að þessu ætti að standa? Menn geta blásið út stóran belg og talað um það, að svona sé ástandið í þessum flokki, þeir eru bara ekki sammála. Þessi segir þetta, hinn segir hitt. En mennirnir, sem þeir höfðu sjálfir lagt til í yfirkjörstjórn, Sjálfstfl., og mennirnir, sem Sjálfstfl. hafði lagt til í landskjörstjórn, voru öldungis ósammála um það, hvernig ætti að bregðast við þessu.

Í mínum augum var það svo, að þetta var ekkert einkennilegt, sem hér var að gerast. Ég lít svo á, að það sé tiltölulega auðvelt að þræta um það, hvernig hafi átt að merkja þennan lista, sem svona kom fram. Hannibal Valdimarsson telur, að ákvæði kosningalaga séu skýr um þetta efni. En hvað sem því líður, er eitt víst, að svona margir menn hafa óumdeilanlega tekið að sér að rífast um það, hvernig ætti að bregðast við þessum vanda. Það liggur fyrir. Og þegar þetta gerist svo, hefst þessi einkennilegi leikur allan tímann í kosningabaráttunni, að t. d. sjálfur forsrh. spyr mig í útvarpsþætti og sjónvarpsþætti: Hver er þín afstaða? Hvernig ætlar þú að bregðast við að kosningum loknum? Hverjum ætlar þú að greiða atkv.? Ég beindi spurningunni til hans, hver er afstaða Sjálfstfl.? Hvert er þitt álit á málinu? Hann vildi ekkert segja um það. Ég sagði auðvitað, að afstaða mín mundi koma fram á sínum tíma. Það var alveg augljóst mál og gat ekki farið fram hjá neinum manni, að menn voru hér að spila fram og til baka um það og ætluðu sér að notfæra sér þetta á þennan einkar haganlega hátt að geta fellt dóminn ýmist svona eða á hinn veginn, eftir því sem henta þætti.

Það má kannski segja það um alla, að það hafi verið svo, að menn vildu gjarnan hafa þetta opið. Það er ekkert um það að villast, að málið bar þannig að, að það var ekkert auðvelt verk að ákveða neitt í þessum efnum. En nú, þegar Alþb. kemur saman að kosningum loknum, á það ekki að fella neinn dóm um það, hvort átti að merkja þennan lista sem I-lista eða G-lista. Um það er Alþ. ekki kvatt til neinna ráða. Það á ekki að svara því. Það á ekki að kveða upp neinn dóm um það, hvorir höfðu á réttu að standa í þessum leik, sem fram hafði farið í kosningunum. Það á hins vegar að fella dóm um það, hvort á að taka það kjörbréf, sem hér hefur borizt Alþ., gilt eða ekki. Og ég segi, það er alveg furðulegt ábyrgðleysi, að meiri hl. alþm. ætli að taka þá afstöðu, að þeir ætli að sitja hjá við afgreiðslu þessa kjörbréfs. Þeir gátu vissulega tekið þá afstöðu að vera á móti því, það var annað mál. En svo kemur hér fulltrúi Sjálfstfl., dómsmrh., og segir: ja, þeir segja, umboðsmenn Magnúsar Kjartanssonar sögðu þetta í kosningahitanum. Hannibal sagði þetta og það er hans innlegg í málið. En skyldi maður ekki gjarnan spyrja: Hvað segir dómsmrh.? Hvað vill hann segja? Hver er hans skoðun? Hann getur vitanlega ekki vikið sér undan þeirri skyldu, að hann á að fella sinn dóm hér á Alþ. um það, hvort á að taka þetta kjörbréf gilt eða ekki. Ég kalla þetta skollaleik af hálfu stjórnarflokkanna, sem þeir hafa haldið uppi í þessu máli frá upphafi, skollaleik, sem þeir ætluðu að notfæra sér, en örlögin hafa nú snúið því þannig við, að þetta skiptir þá ekki verulegu máli. Það er að mínum dómi alveg rangt, þegar því er haldið fram, að Alþb. hafi lagt ákveðinn dóm á þessa deilu hér í kosningahitanum. Ég vil einmitt upplýsa það í þessu sambandi, að sú deila, sem varð um framboðið og merkingu á framboðslista, var bundin við Reykjavík eina, hún var bundin við félagið hér í Reykjavík og þá, sem áttu hlutdeild í framboðum hér. En æðstu stofnanir Alþb. sem landssamtaka, þ. e. a. s. framkvæmdastjórn og miðstjórn Alþb., tóku aldrei neina afstöðu í þessu máli. Það var ekki lagt fyrir þessa aðila og það er algerlega rangt, að það hafi komið á nokkru stigi málsins fram frá hálfu Alþb. sem landssamtaka, að það afsalaði sér einu eða neinu í þessu máli.

En það, sem við Alþb.-menn stöndum nú frammi fyrir, er það, að hér er kominn maður með kjörbréf, sem landskjörstjórn hefur gefið út. Við teljum, að það leiki enginn vafi á því, að stuðningsmenn Alþb. í Reykjavík hafi í kosningunum skipað sér á þessa tvo lista, og það er því réttmætt að telja atkv. beggja þessara lista til Alþb. og því er það, sem við stöndum allir að því að vilja samþykkja kjörbréf Steingríms Pálssonar.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en mér þykja þessar umr., sem hér hafa farið fram, alveg furðulegar. Og þó held ég, að yfirlýsingar þær, sem hér liggja fyrir frá stjórnarflokkunum, muni geymast enn þá lengur í minnum manna sem furðuleg afstaða meiri hl. Alþ. í sambandi við þau skyldustörf, sem menn eiga að vinna hér einmitt á 1. fundi hins nýkjörna þings.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal nú vera mjög stuttorður. Það kom sáralítið nýtt fram í ræðu hæstv. dómsmrh. áðan, og mun ég því ekki eyða mörgum orðum honum til andsvara. Hann deildi lítið á mig og tók það svo skilmerkilega og greinilega fram, að öll stóru höggin skyldu ekki lenda á mér, þau skyldu lenda á Magnúsi Kjartanssyni, og hann á að vera maður til þess að mæta þeim höggum og er það.

Það er rétt, að krafan um það, að listi Hannibals Valdimarssonar o. fl. í Reykjavík yrði merktur utanflokkalisti, kom frá tveimur lögfræðingum, Alþb.-mönnum, Inga R. Helgasyni og Ívari H. Jónssyni. Það er rétt hjá dómsmrh. En það hefði ekki ráðið úrslitum málsins, ef fulltrúar flokkanna í yfirkjörstjórn Reykjavíkur hefðu ekki fallizt á þessa kröfu og gert hana að sinni. Og þeir gerðu það einmitt og byggðu sinn úrskurð á kröfu þessara tveggja lögfræðinga. Þess vegna er málið hingað komið í þessu formi, að yfirkjörstjórnin í Reykjavík í heild féllst á kröfur þessara tveggja lögfræðinga, þó að landskjörstjórn telji, að þetta sé löglaus úrskurður og styðjist hvorki við lög eða stjórnarskrá. Hæstv. dómsmrh. hefur látið mjög mikið yfir ósamkomulagi

Alþb., sem sé svo magnað, að það sé varla hægt að telja það flokk. Já, ef ráðh. byggi ekki sjálfur í glerhúsi, væri ástæða fyrir hann til þess að gera sig digran út af þessu. En mig minnir, að það væru allalvarlegar deilur uppi um framboðsmál meginhluta s.l. vetrar hjá Sjálfstfl., allerfið mál, sem ég geri mig ekki að því viðundri að vera að gorta hér neitt yfir. Þetta kemur fyrir þráfaldlega og kom fyrir á þessu s.l. vori, líka hjá Sjálfstfl., og það kom líka upp allalvarlegt ágreiningsmál um framboð hjá Framsfl., og þetta er hlutur, sem getur gerzt á hinum beztu heimilum. Við höfum þess vegna engin efni á því, nema þá helzt Alþfl., að gera okkur digra út af ósamkomulagsmálum annarra flokka í framboðsmálum og skulum láta það liggja að sinni.

Hæstv. ráðh. vék að því, að kjörbréf mitt væri gefið út sem utanflokkamanns, ég væri kjörinn af I-lista, utan flokka. Það er rétt, þannig er texti míns kjörbréfs. Ég álít þennan texta rangan. Ég álít hann vera í ósamræmi við endanlegan úrskurð landskjörstjórnar, og það er einmitt það, sem mér finnst, að framkvæmdavaldið vanti til þess að láta yfirkjörstjórnina í Reykjavík, að uppkveðnum úrskurði landskjörstjórnarinnar, merkja listann rétt. Því finnst mér áfátt. Og ég er ekki þeirrar skoðunar, hæstv. ráðh. hefur ekki enn þá sannfært mig um það, að hann hefði farið út fyrir sitt verksvið sem ráðh., ef hann hefði á sínum tíma haldið yfirkjörstjórn til hlýðni um að framkvæma úrskurð landskjörstjórnarinnar í þessu efni. Ég álít, að það hefði verið hans skylda. Það gat ekki verið til annars fallið en að rugla kjósendur bókstaflega, að listinn væri merktur I-listi, þegar endanlegur úrskurðaraðili taldi, að hann ætti að vera merktur G-listi og atkv. hans að teljast Alþb. En þannig stóð þetta mál óafgert fram yfir kosningar, og kjósendur vissu í raun og veru ekki sitt rjúkandi ráð um þetta.

Hér er mikið talað um það, að nauðsynlegt sé að breyta þessum lögum, sem nú gildi um þessi efni. Alþ. hefur tvívegis, eins og ég hef sýnt fram á, fjallað um þessi mál og í bæði skiptin komizt að þeirri niðurstöðu, að réttur flokkanna skuli ekki vera svo alger, að flokksstjórnirnar einar hafi úrskurðarvald um framboð í nafni flokkanna, heldur skuli fólkið hafa nokkurn rétt, og þannig eru lögin nú. Menn tala um hættu í sambandi við þetta. Þetta er rangt. Það er því aðeins mögulegt að koma svona framboðum fram, að flokksstjórn hafi sett upp svo þröngt framboð, að það eigi ekki allsherjar fylgi innan flokksins og því aðeins fær annað framboð í nafni sama flokks hljómgrunn og skilar manni inn á Alþingi, að þessi mistök hafi átt sér stað og að fólkið hafi viljað rýmra framboð og vilja sinn gildandi með öðrum. Og þá á fólkið þennan rétt. Ef framboðsmálin ákveðin af flokksstjórn hafa verið sæmilega rúm og þannig, að flokksfólkið almennt sætti sig við, nær slíkt aukaframboð ekki árangri og dettur niður dautt og flokknum verður ekki tjón að því.

Þetta er því eins og Pétur Magnússon o. fl. sögðu í umr. 1933, þetta ákvæði um annað framboð í nafni sama flokks veitir flokksstjórnunum aðhald, nauðsynlegt aðhald, og ég er þeirrar skoðunar, að hv. alþm. eigi að standa vörð um þessi réttindi fólksins til þess að veita flokksstjórnum aðhald. Það fer því enginn í grafgötur um það, að þegar stjórnarflokkarnir ýta úr vör um það að fella þessi ákvæði um rétt fólksins niður, verð ég a. m. k. andstæðingur þess. Ég mun standa á þeirri línu, sem Pétur Magnússon, Magnús Guðmundsson og Tryggvi Þórhallsson mörkuðu 1933. Ég tel, að það sé vissara, að fólkið eigi þarna nokkurn rétt.

Niðurstaða þessa máls er einfaldlega sú, að ef atkv. þess lista, sem ég skipaði efsta sæti á, rúmlega hálft 4. þúsund atkv., leggst við atkvæðamagn Alþb. í landinu, er niðurstaðan sú eftir reglunum, sem gilda um jöfnun uppbótarsæta milli þingflokka, sem landskjörstjórnin á að sjá um, að sé framkvæmd, að Alþb. á það þingsæti, sem hér er um deilt. Steingrímur Pálsson er þá rétt kjörinn uppbótarþm. Alþb., og það er í samræmi við úrskurð landskjörstjórnarinnar, að leggja beri atkvæðamagn I-listans við annað atkvæðamagn Alþb. Það eitt er í fullkomnu samræmi við endanlegan úrskurð landskjörstjórnarinnar, að kjörbréf Steingríms Pálssonar sé samþ. hér á Alþ., og ég efast ekki um það eitt augnablik, að það réttlætisverk mun Alþingi sjá um, að verði framkvæmt í dag.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mikið í þessar umr., en vil þó segja þetta: Hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, lagði höfuðáherzlu á það í ræðu sinni hér áðan, að Morgunblaðið og fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. í útvarpsráði hefðu lýst því yfir, að listi Hannibals Valdimarssonar í Reykjavík væri framboðslisti kommúnista, og fráleitt væri því að greiða honum atkv. í þeim tilgangi að hnekkja gengi Alþb. Þessi ummæli hafa nú rækilega sannazt. Alþb., sem afneitaði I-lista Hannibals Valdimarssonar fyrir kosningarnar, heimtar nú að fá uppbótarþingsæti út á þennan voðalega lista.

Kjarni þessa máls er svo auðvitað það, sem forustumenn Alþb. sögðu sjálfir um I-listann. Þeir sóru fyrir hann og báðu þá, sem á honum voru, aldrei þrífast. Þeir færðu rök að því, að I-listinn gæti ekki talizt framboðslisti Alþb., hvorki samkv. flokksreglum þess, Alþb., né heldur samkv. landslögum.

Nú heldur hv. 6. þm. Reykv. því fram, að þessi sami listi geti vel hafa verið listi Alþb. samkv. landslögum, þótt hann væri það ekki samkv. flokkslögum Alþb.! Það er auðséð af þessum ummælum hv. 6. þm. Reykv., að mikið stríð hefur geisað milli holdsins og andans innan Alþb. undanfarna mánuði síðan alþingiskosningunum lauk.

Það, sem gaf mér fyrst og fremst tilefni til þess að taka hér til máls, var sú staðhæfing hv. 6. þm. Reykv., Magnúsar Kjartanssonar, að við fulltrúar Sjálfstfl. í útvarpsráði hefðum viðurkennt I-listann sem framboðslista Alþb. Af þessu tilefni vil ég aðeins taka þetta fram:

Í fyrsta lagi lá engin ósk fyrir útvarpsráði frá Hannibal Valdimarssyni og I-listanum 19. maí s.l., þegar útvarpsráð tók afstöðu til þátttöku I-listans í sjónvarpsumræðum.

Í öðru lagi: Björn Th. Björnsson, fulltrúi Alþb. í útvarpsráði, lagði hins vegar til á þessum fundi 19. maí í útvarpsráði, að lista Vésteins Ólasonar

o. fl. verði veitt aðild að framboðsfundi í sjónvarpssal.

Í þriðja lagi: Þessi till. Björns Th. Björnssonar var afgreidd með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Með því að Hannibal Valdimarsson telur sig í framboði fyrir Alþb. og það er viðurkennt af landskjörstjórn, enda hefur Hannibal Valdimarsson ekki farið fram á sértíma í kosningaútvarpinu, tekur útvarpsráð fyrir næsta mál á dagskrá."

Þessi till. til rökst. dagskrár var samþ. í útvarpsráði með 6:1 atkv., þ. e. a. s. fulltrúa Alþb., Björns Th. Björnssonar.

Í fjórða lagi: Í tilefni af ummælum hv. 6. þm. Reykv. hér áðan skal það tekið fram, að bæði formaður útvarpsráðs, Benedikt Gröndal, og varaformaður útvarpsráðs, Sigurður Bjarnason, voru fjarstaddir þennan fund og börðust hinni góðu baráttu í kjördæmum sínum vestur á Fjörðum og á Snæfellsnesi, þannig að við tókum ekki þátt í þeim fundi, sem hv. þm. vitnaði til.

Þetta vildi ég, að kæmi fram í tilefni af ummælum hv. þm., Magnúsar Kjartanssonar.

Að lokum vil ég segja þetta: Hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, lét líta svo út í síðustu kosningum, að hann berðist hetjulegri baráttu gegn áhrifum kommúnista, sem hann kallaði „litlu, ljótu klíkuna". Nú virðist mörgum sem hetjusvipurinn sé að mestu af honum runninn. Hannibal Valdimarsson er hins vegar sjálfur runninn inn í þessa „litlu, ljótu klíku" og hvílir nú í náðarfaðmi Magnúsar Kjartanssonar. Verður í bili ekki séð, hvorum þeirra tveggja líður betur eða verr í þeim faðmlögum. En allir ættu að geta verið sammála um það, að hvorugur leikur þar hetjuhlutverk.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Hér hafa farið fram allmiklar deilur og allmiklar umr., sem sýnt hafa svolítið inn í hugi manna og hugsanagang í sambandi við deilumál, sem hér hefur risið upp. Deilumálið er ekki nýtt, svo menn hafa haft góðan umhugsunarfrest, þ. e. frá kosningunum á s. l. vori. Yfirkjörstjórnin í Reykjavík úrskurðaði lista Hannibals Valdimarssonar, I-lista, utan flokka. Landskjörstjórn úrskurðaði, að sá listi tilheyrði Alþb., ætti að merkjast samkv. því GG-listi og atkv. hans að teljast Alþb.

Um þetta urðu miklar deilur og þær deilur standa hér enn þá. Dómsmrh. á að hafa yfirumsjón með kosningunum. Hann sat í vor auðum höndum og lét prenta á kjörseðla í Reykjavík I-listi utan flokka, þrátt fyrir það að fyrir lá yfirlýsing frá landskjörstjórn um, að atkv. yrðu ekki talin utan flokka, heldur yrðu þau talin Alþb. Og þótt hann væri áminntur með bréfum um, að þetta væri ekki sem bezt framkvæmd kosningalaganna, þrjózkaðist hann líka við að láta prenta á kjörseðilinn álit landskjörstjórnar. Ég get viðurkennt það sjónarmið ráðh., að hann kunni að bresta lagaheimild til þess að skera úr um það einn og sjálfur, hvor úrskurðurinn hafi verið réttur, yfirkjörstjórnar eða landskjörstjórnar. Hitt tel ég vítavert gáleysi og slæma framkomu gagnvart kjósendum í landinu, að ráðh. lætur það ske, að kjörgagn er þannig útbúið með villandi upplýsingum. Hann hefði a. m. k. átt að sjá til þess, að á kjörseðilinn væri, auk þeirra upplýsinga, sem yfirkjörstjórnin í Reykjavík lét á hann prenta, einnig prentað álit landskjörstjórnar, að hún hefði ákveðið að telja atkv. I-listans Alþb. Þetta vil ég láta koma skýrt fram, til þess að hann heyri þó ekki sé nema eina rödd frá Alþingi, sem á að úrskurða þessi kjörbréf, að hér hafi hann sýnt vanrækslu í starfi. (Gripið fram í.) Já, því miður er orðið nú samt ekki stærra heldur en tilefni er til.

Ráðh. kemur hér hins vegar og les ósköpin öll af skjölum, dagblöðum og grg., og það er vissulega rétt hjá honum, að í þeim, bæði blaðagreinum og framlögðum grg. frá umboðsmönnum fyrir yfirkjörstjórn í Reykjavík, var margt orð ofsagt. Og vegna þess að hann telur okkur Alþb.-menn ábyrga fyrir því, vil ég taka sérstaklega fram, að Þjóðviljinn, sem hann las mjög úr, er ekki blað Alþb. og hann getur ekki dregið alla Alþb.-menn til ábyrgðar fyrir því, sem þar var sagt.

Ríkisstj. Íslands hefur nú ákveðið og lýst því hér yfir í þingsölum, að hún muni sitja hjá við afgreiðslu eins kjörbréfsins. Ekki er við því að segja, þó að þeir, sem ekki geta myndað sér skoðun, sitji hjá, það er raunar ekki annað fyrir þá að gera. En með þessari ákvörðun hefur ríkisstj. lagt það á vald annarra aðila heldur en meiri hl. Alþ. að ákveða um þetta kjörbréf. Ríkisstj. getur hins vegar ekki komizt hjá öðru. Hún getur ekki komizt hjá að ákveða, hvað hún ætlar að gera, ef kjörbréf Steingríms Pálssonar yrði fellt. Í stjórnarskrá Íslands stendur skýrum stöfum, að Alþ. skuli skipað 60 þjóðkjörnum þm. Að kjörbréfi Steingríms Pálssonar felldu er þess vegna um tvo möguleika að ræða. Annar er sá, að Alþ. sé ekki skipað nema 59 þm. Mér sýnist, að ekki geti leikið vafi á, að Alþ. skipað aðeins 59 þm. er ekki í samræmi við stjórnarskrá Íslands. Eða þá hitt, að tekinn verði inn einhver alþm., sem ekki hefur hlotið neitt kjörbréf. Ég geri ráð fyrir því, að kjörtímabil þeirrar landskjörstjórnar, sem hefur nú gengið frá sínum kjörbréfum eftir þessar kosningar, starfstími hennar, sé hér með útrunnið, svo að hún muni ekki gefa út nein önnur bréf. Ætlar þá Alþ. sjálft að gefa út kjörbréf? Gæti ríkisstj. Íslands hugsað sér það? Og hvar erum við þá staddir með okkar lýðræði, ef Alþ. gefur fordæmi um það, að það gefi sjálft út kjörbréf? Mér þætti fróðlegt að fá að heyra grg. frá ríkisstj. Íslands um þessa hluti. Ég tel alveg vafalaust, að þá sé í rauninni ekki um annað að ræða heldur en að þá verði að fara fram kosningar að nýju, því að ella er Alþ. ekki skipað í samræmi við stjórnarskrána. Um þetta óska ég eftir svörum frá ríkisstj.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Varðandi fsp. hv. síðasta ræðumanns eru fordæmi fyrir því, að ef kosning hefur verið gerð ógild, ákveður Alþ., hver skuli koma í hans stað. Um það eru fleiri en eitt fordæmi til, eins og þm. getur auðveldlega kannað, ef hann kærir sig um, og myndast því enginn óyfirstíganlegur vandi af þeim sökum. Hitt má segja, að það sé eðlilegt, að hv. Alþb.-menn séu gramir yfir því, að stjórnarflokkarnir skuli ekki greiða atkv. í þessu máli, og má þó raunar segja, að þar hafi, eins og oft áður, Framsfl. komið þeim mjög til hjálpar til

þess að bjarga þeim úr mesta vandanum, því að það eina rétta væri, að Alþb.-mennirnir einir kvæðu á um þetta mál hér á Alþ.

Hv. þm. Lúðvík Jósefsson gat þess, að ég hefði spurt sig um það í sjónvarpsviðtali, hvaða afstöðu hann mundi taka í þessu deilumáli eftir kosningar, og hann sagðist hafa vikið sér undan með því að spyrja mig um það sama. En ég svaraði því, sem rétt var, að afstaða mín mundi mjög fara eftir afstöðu þeirri, sem Alþb. sjálft tæki, vegna þess að það mundi geta skorið úr um, hvernig líta ætti á þann leik, sem hér væri framinn. Og eins og hv. þm. Lúðvík Jósefsson gat um, svaraði hann mér ekki, vegna þess að hann vildi hafa allar dyr opnar, hann vildi geta tekið hverja ákvörðun eftir kosningar, sem honum líkaði, eins og hann hér gaf óvenjulega skýra yfirlýsingu um, sem hann getur ekki með nokkru móti sloppið frá, þó að hann hafi oft manna bezt lag á því að vera þýsna loðinn í sínum umsögnum.

En hv. þm. Magnús Kjartansson fylgdi fordæmi Lúðvíks Jósefssonar. Þegar ég spurði Magnús Kjartansson svipaðrar spurningar í útvarpsumr., þeim síðustu, sem fóru fram fyrir kosningar, hver hans afstaða mundi verða í þessu máli, þegar á Alþingi kæmi, þá neitaði hv. frambjóðandi þá, nú þm. Magnús Kjartansson algerlega að svara þessari spurningu. Það lá mjög við fyrir kosningar að fá þessari spurningu svarað, vegna þess að undir henni var komið það, sem Magnús Kjartansson segir nú, að allt velti á, hvort kjósendur vissu, þegar þeir gengu að kjörborðinu, hvern þeir voru að kjósa, til hvers atkv. þeirra mundi leiða.

Ég tek undir það, sem hæstv. dómsmrh. segir, að í þessum efnum er alls ekki að saka hv. þm. Hannibal Valdimarsson. Ég er raunar hissa á því, að hann skuli ekki heimta hér, að sitt kjörbréf sé gert ógilt og hann sé úrskurðaður af Alþingi sem þm. Alþb. Það væri hið eina rökrétta í hans afstöðu, vegna þess að hann reyndi ekki fyrir kosningar að blekkja um fyrir mönnum. Hann sagði alltaf: Ég er fyrir Alþb. og mín atkv., þau sem ég fæ, eiga að falla Alþb. til hags. Það voru hans félagar, sem neituðu þessu, og ég veit ekki til þess, að Hannibal Valdimarsson hafi fallið út úr sínu hlutverki nema í því einu, þegar hann eftir dúk og disk fór að heimta að geta talað í útvarpi sem einhvers konar utanflokkaframbjóðandi. Þá var það hans málgleði, sem gerði það að verkum, að hann féll í þá gildru, sem Magnús Kjartansson og hans félagar höfðu þar lagt fyrir hann með till. Björns Th. Björnssonar. En það var aukaatriði, sem ekki skiptir ýkjamiklu máli. Hitt má vel koma fram, að það var fyrir beina till. Lúðvíks Jósefssonar, sem sjónvarpsumr. var hagað á þann veg sem gert var, og hann talaði við mig og aðra um það fyrirkomulag sem formaður þingflokks Alþb., og við höfðum alla ástæðu til þess að ætla, að hann talaði þar í umboði þess flokks.

Nú bætist það ofan á allt annað, að við heyrum eftir á, að málið hafi aldrei komið til landssamtaka Alþb. og aldrei verið undir þau borið. Já, mikið er nú samlyndið og náið samstarfið á stundum innan þessa flokks, ef miðstjórn og framkvæmdastjórn, yfirstjórn Alþb., lætur slíka deilu algerlega fram hjá sér fara. Ég hygg nú, að skýringin á því sé sú, sem Lúðvík Jósefsson réttilega sagði, að þeir vildu geta tekið hverja þá afstöðu, sem þeim sýndist henta eftir kosningar, geta verið með Magnúsi Kjartanssyni eftir kosningar, ef þeir vildu, en með Lúðvík eftir kosningar, ef þeir vildu. Því að þá hafa þeir sennilega reiknað enn þá með, að Magnús Kjartansson mundi ekki, eins og einn þm. sagði hér áðan, vilja láta flokkslög gilda fyrir kosningar, en landslög eftir kosningar, sem sagt algerlega snúa við og halda allt öðru fram hér á Alþ., þegar hann er í fyrsta skipti kosinn sem aðalmaður, heldur en hann er búinn að halda fram í harðri baráttu í sínu blaði í allri kosningabaráttunni.

Það er rétt, sem þessir hv. þm. segja, og við skulum ekkert vera að fara í launkofa með það, að í öllum flokkum hafa orðið harðar deilur um framboð. Slíkt hlýtur ætíð að verða í lýðfrjálsu landi og er ekkert eðlilegra heldur en svo sé. Yfirleitt er þeim ráðið til lykta með ákvörðunum réttra aðila innan flokkanna. Stundum tekst það ekki. Þá koma sérframboð fram. Því er að taka og ekkert við því að segja.

En það einkennilega er í þessu máli Alþb., að það er alveg ljóst, að í fyrstu telur Alþb. í Reykjavík, að það hafi í fullu tré við Hannibal Valdimarsson. Magnús Kjartansson segir þá: Það eru alveg skýrar línur, það er ljóst, að við höfum afl til þess að fella ríkisstj. og fella þann, sem setur sinn persónulega metnað ofar heldur en áhugann fyrir að fella ríkisstj., og þar var ekki um að villast, að hann átti við Hannibal Valdimarsson. Þegar leið á kosningahríðina sáu þessir góðu menn, að málið lá ekki þannig fyrir. Hannibal Valdimarsson hafði auðsjáanlega mun meira fylgi í Reykjavík heldur en þessir menn höfðu gert ráð fyrir, eins og ríkisstj. reyndist að lokum hafa mun meira fylgi heldur en þeir höfðu vonað. Slíkur misreikningur er eðlilegur. En þá vildu þeir nota sjálfum sér til framdráttar það, að Hannibal Valdimarsson óð fram vígreifur mjög og sagðist vera í baráttu við kommúnista og ætla að setja þá á kné, svipta þá völdum innan Alþb. og ýmislegt fleira, sem hann sagði í baráttunnar hita. Þegar kommúnistar sáu, að Hannibal hafði mikið fylgi eða mikla fylgisvon, þá héldu þeir að vísu áfram að skamma Hannibal, en jafnframt undirbjuggu þeir algera kúvendingu. Þeir fóru að undirbúa það að geta eftir kosningarnar tekið atkvæðamagn Hannibals sjálfum sér til framdráttar. Þess vegna voru það hrein svik, sem voru framin við kosningarnar. Það var vísvitandi verið að dylja það fyrir kjósendum fyrir kosningar, til hvers atkvgr. þeirra mundi leiða. Magnús Kjartansson fór að þveröfugt við það, sem hann var að segja hér áðan, að ráði sínu atkv. og ætti að vera grundvöllur þessarar málsmeðferðar á Alþ. Þessu verður ekki með nokkru móti haggað.

Það var alveg ljóst fyrir kosningar, að Hannibal Valdimarsson hafði mun meira fylgi heldur en flestir höfðu gert ráð fyrir. Það var ljóst, að margir kusu hann vegna þess að þeir töldu, að hann væri í einlægri og harðri baráttu við litlu, ljótu klíkuna. En það var líka ljóst, að litla, ljóta klíkan ætlaði að verða stóri, ljóti púkinn á því að reyna að fá atkv. Hannibals með sér, og þess vegna fengust þeir ekki til þess með nokkru móti

að segja fyrir kosningar, þrátt fyrir öll stóru orðin, hvað þeir ætluðu að gera. Það er alveg nauðsynlegt, að menn hafi þetta í huga, og þess vegna hlaut það og hlýtur að valda mjög miklu um ákvörðun manna um þetta mál, hvaða afstöðu Alþb. sjálft tekur í málinu. Ég segi, það er nauðsynlegt fyrir velsæmi í íslenzkum stjórnmálum, að það komi nú fram og sé alveg ljóst, að litla, ljóta klíkan hefur étið ofan í sig allt, sem hún sagði fyrir kosningar, og það er með hennar atkv., sem Hannibal Valdimarsson er nú tekinn aftur inn í hana og fær að efla hana með öllu sínu atkvæðamagni. Við tökum að vissu leyti ábyrgð á þessu með því að sitja hjá. Það mundum við ekki gera, ef við teldum ekki, að lagastafurinn sé Hannibalsmegin í málinu. Það er alveg ljóst. Ef við værum ekki þeirrar skoðunar, að Hannibal hefur að lokum miðað við núverandi lagabókstaf rétt fyrir sér, væri óverjandi að sitja hjá. Þá ætti Steingrímur Pálsson hiklaust að víkja af þingi. En við teljum, að atkvæðanna hafi verið aflað og þess uppbótarsætis, sem hér er verið um að ræða, með svo ósæmilegum hætti, að það sé bezt, að þeir einir, sem ósómann drýgðu, fái nú að bera hann fram hér á sína ábyrgð í sölum Alþingis.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að lengja þennan sérkennilega málfund ýkjamikið. Hann ber að, eins og ég sagði áðan, með því einkennilega móti, að tveir flokkar, sem skipa hér meiri hl. Alþingis, treysta sér ekki til að hafa neina skoðun á máli, en vilja samt hefja um það umræður. Og hæstv. forsrh. lýsti því yfir hér áðan með býsna mikilli þykkju, að fyrirætlun þeirra hefði verið sú að láta Alþb. eitt úrskurða málið. Þeir gerðu sér von um, að Framsókn sæti hjá líka. En hvað er hæstv. forsrh. að gera með slíkum vinnubrögðum sem þessum? Það ákvæði er í sjálfri stjórnarskrá Íslands, að það sé skylda hv. alþm. að fella úrskurð um, hvort þm. séu rétt kjörnir eða ekki. Þetta er mjög alvarleg skylda, hún hvílir á öllum þm., og það er mjög ósæmilegt, þegar hæstv. forsrh. ætlar að fara að breyta þessu skylduverki í hreinan skrípaleik, eins og þessi málsmeðferð er af hálfu stjórnarflokkanna.

Annars ætlaði ég að minnast hér örfáum orðum á eitt atriði, sem hér hefur borið á góma. Annars vegar umtal um alræði flokksstjórna og hins vegar um frelsi fólksins. Það sakar e.t.v. ekki að geta þess í sambandi við umræður um slík atriði, að innan Alþb. er ekki um neitt alræði flokksstjórnar að ræða og hreinlega ekki um nein völd í sambandi við framboð. Framboðin eru hjá fólkinu í hverju kjördæmi um sig. Framboð í Reykjavík er ákveðið af Alþb. í Reykjavík á almennum félagsfundi, og flokksstjórn hefur ekkert um það að segja. Þar er því ekki um að ræða neina nauðsyn á uppreisn gegn alræði flokksstjórnar. Það er um að ræða uppreisn gegn meiri hluta í samtökum, sem fyrir eru. Og ég vil ítreka það, sem ég sagði áðan í ræðu minni, að ég tel óhjákvæmilegt að breyta gildandi kosningalögum til að kveða skýrt á um vissa hluti þar. Það er staðreynd, sem gerzt hefur þar í sumar, það er staðreynd, að þar eru ákvæði, sem eru svo óljós, að hálærðir lögfræðingar geta staðið hver uppi í hárinu á öðrum endalaust um þau atriði, og það mál þarf að vera skýrt. Ég vil geta þess, að ég hef ekki á móti því, að þar séu ákvæði um rétt minni hl. í flokkum, það kemur vel til athugunar, en þá verður að ganga frá því, að það sé raunverulega verið að vernda rétt minni hl. í flokkum. Eins og ákvæðin eru núna, er að sjá svo sem hver sem er geti boðið fram í nafni hvaða flokks sem er, og það eru náttúrlega algerlega fráleit ákvæði.

Hæstv. dómsmrh. talaði eitthvað um það áðan, að hann hefði verið að greiða þung högg úr þessum ræðustóli, en þau hefðu ekki verið ætluð hv. þm. Hannibal Valdimarssyni, heldur mér. Ekki fann ég sérlega mikið fyrir þyngslunum af þessum höggum. Hæstv. ráðh. tók að vísu upp í sig venjuleg stóryrði, talaði um að kyssa á vöndinn, svik við sjálfan sig og aðra, en það er létt verk og löðurmannlegt að tína slík orð út úr sér og hittir ekki nokkurn mann. Hitt fataðist ráðh. gjörsamlega við, að gagnrýna þau sjónarmið, sem komu fram í minni ræðu hér áðan. Hann var að reyna að tala þar um lögskýringar þeirra lögfræðinga, sem fjölluðu um vandamálin frammi fyrir landskjörstjórn og yfirkjörstjórn, en ég lagði á það mjög ríka áherzlu í minni ræðu og vænti þess, að hæstv. dómsmrh. hafi skilið það, að það gerðust atburðir — það gerðust óvefengjanlegir atburðir í þessu máli — í sumar eftir þær deilur. Landskjörstjórn kvað upp sinn úrskurð. Það er staðreynd. Æðsti aðili, sá aðili, sem gefur út kjörbréf, kvað upp þennan úrskurð. Hvort sem manni finnst hann vera réttur eða rangur, þá gerði hann það. Eftir það var vald aðeins eftir hjá einum aðila, meiri hl. Alþingis. Það var hæstiréttur, og þess vegna lá á, að kjósendur fengju að vita fyrir kosningar, hvað meiri hl. Alþingis ætlaði að gera. Og ég rakti það í ræðu minni áðan með tilvitnunum, að fulltrúar yfirgnæfandi meiri hl. Alþingis lýstu því yfir fyrir kosningar, að þeir teldu úrskurð landskjörstjórnar réttan á margvíslegan hátt.

Ég bið hv. þm. Sigurð Bjarnason og Benedikt Gröndal velvirðingar á því, að ég taldi þá hafa verið viðstadda á fundi, þar sem þeir voru ekki. Hins vegar voru á þeim fundi staddir varafulltrúar þeirra — varamenn þeirra og fulltrúar þeirra sömu flokka og þeir eru fulltrúar fyrir, og eins og hv. þm. Sigurður Bjarnason rakti hér skilmerkilega áðan, var ákvörðunin um, hvernig haga skyldi útvarpi — bæði hljóðvarpi og sjónvarpi — rökstudd með tilvitnun í ummæli Hannibals Valdimarssonar og í niðurstöður landskjörstjórnar. Það var sjálfur rökstuðningurinn, og þessi niðurstaða útvarpsráðs var síðan varin í öllum blöðum þessara flokka.

En sem sagt: Mér finnst þessi undarlegu ræðuhöld hafa staðið nægilega lengi. Allir vita, hvernig ætlunin er að afgreiða þetta mál. Ég færði rök að því áðan og tel það algerlega augljóst mál, að með öllum áróðursmætti sínum lýstu fulltrúar þessara þriggja flokka yfir því fyrir kosningar, að úrskurður landskjörstjórnar mundi standa, og það eru af þeirra hálfu alger svik, ef þeir bregðast nú þeim orðum, sem þeir höfðu svona stór fyrir kosningar.

Bjarni Benediktsson, hæstv. forsrh., sagði hér

áðan í öðru orðinu, að ég hefði tekið ákveðna afstöðu fyrir kosningar, og í hinu orðinu sagði hann, að ég hefði neitað að svara. Ég neitaði nú reyndar ekki að svara. Ég sagði nákvæmlega það sama fyrir kosningar og ég segi núna, að málin væru í höndum fulltrúa þessara þriggja flokka. Og ég varaði fólk við að treysta þeim. Ef völdin hefðu oltið á úrskurði í þessu máli, hefði ekki verið farið eftir neinu nema valdahagsmununum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hélt því fram í sinni ræðu, að við Alþb.-menn hefðum ekki fyrir kosningar tekið afstöðu til deilumálanna, sem upp risu varðandi framboðin hér í Reykjavík, vegna þess að við hefðum ætlað okkur að kosningum loknum að geta skipt um skoðun eftir því sem okkur hentaði, þannig að við gætum haft af því hagnað. Ég verð nú að játa það, að ég hef ekki komið auga á þennan möguleika því að auðvitað er það augljóst mál, að fyrir Alþb. sem heild hlaut það vitanlega alltaf að vera til ávinnings við útreikning á uppbótarsætum, að öll þau atkv., sem féllu á lista Hannibals Valdimarssonar, yrðu talin með Alþb. Það gat vitanlega engum manni blandazt hugur um þetta.

En málið sneri ekki þannig við, að við Alþb.-menn værum að halda einhverju í erminni til þess að geta beitt því á óheiðarlegan hátt á eftir. Ástæðan fyrir því, að við tókum ekki ákveðna afstöðu um þau deilumál, sem komu hér upp í Reykjavík, var einfaldlega sú, að hér var um deilu að ræða í einu ákveðnu kjördæmi, meðal Alþb.-manna, og það var, eins og ég hef leitt rök að, heldur ekkert óeðlilegt, að þessar deilur kæmu upp. Hliðstæðar deilur hafa komið upp hjá öðrum. Yfirstjórn Alþb. vildi ekki blanda sér í þessar deilur og vissi enda, að það var ekki á valdi yfirstjórnar Alþb. að skera úr um deilumálið sjálft. Það lá ekki á valdsviði Alþb. að ákveða merkingu á þeim framboðslista, sem síðar kom hér fram í Reykjavík. Það var á valdi yfirkjörstjórnar, og þá landskjörstjórnar, sem við Alþb.-menn áttum enga fulltrúa í. En hinir flokkarnir áttu menn í þessum stjórnum. Þeir höfðu þetta í sinni hendi, en þeir léku þar tveim skjöldum, það var alveg augljóst mál. Og það var líka augljóst mál, og því geta allir gert sér grein fyrir, vegna hvers þeir vildu gjarnan hafa alla þá óvissu um kosninguna, sem var í reynd. Þeir vildu gjarnan geta hagað úrskurðarvaldi sínu hér á Alþingi eftir því, sem þeim yrði hentugast. Það lá alveg ljóst fyrir. En þegar t. d. hæstv. forsrh. Bjarni Benediktsson beindi fsp. sinni til mín í útsvarpsþættinum, var mér alveg ljóst, að hann var að gera tilraun til þess að fá mig til að taka þátt í þeim deilum, sem upp höfðu risið innan Alþb. hér í Reykjavík. En það var sjónarmið okkar í öðrum kjördæmum landsins og í yfirstjórn samtakanna, að blanda okkur ekki í þessa sérstöku deilu. Við vorum alveg vissir um það, að það mundi ekki hafa nein góð áhrif, úr því sem komið var.

En það voru hins vegar aðrir, sem léku hér tveim skjöldum í málinu, og þeir gera það enn. Og meira að segja, þó að hæstv. forsrh. komi hér fram og segi nú í síðustu ræðu sinni: Sjónarmið Hannibals Valdimarssonar eru lagalega rétt í þessu máli. Við erum á þeirri skoðun, að þau séu rétt, þess vegna ætlum við að sitja hjá. M. ö. o., að Steingrímur Pálsson sé þá réttilega kjörinn og það eigi að viðurkenna kjörbréf hans hér, en samt bætir hæstv. forsrh. því við, að hann ætli að sitja hjá. Hann vill ekki staðfesta það með atkvgr. hér á Alþingi, sem er rétt í málinu, það, sem er lagalega rétt. Þetta kalla ég að leika tveim skjöldum alveg fram á síðustu stundu. En vegna þess, að kosningarnar fóru á þá lund, að þetta skiptir ekki afgerandi máli fyrir ríkisstj., hvort kjörbréf Steingrims Pálssonar verður tekið gilt eða ekki, geta þeir auðvitað haldið áfram þessum skollaleik, sem þeir léku í kosningunum allan tímann.

Það er vitanlega hreinn útúrsnúningur að halda því fram, að við Alþb.-menn höfum í þessari stöðu á nokkurn hátt reynt að notfæra okkur það, sem gæti leitt til þess, að við hefðum sérstakan hagnað af dómi í þessu máli. Það var alveg gefið mál, að hvert eitt einasta atkv., sem félli á lista Hannibals Valdimarssonar, hlaut auðvitað að vera ávinningur fyrir Alþb., ávinningur að fá þau atkv. talin. Hitt var svo aftur annað mál, eins og ég hef greint frá, að það voru deilur innan Alþb. um merkingu á listanum og um framboðin, og það var ósköp eðlilegt, að yfirstjórn Alþb. blandaði sér ekki í þá deilu umfram það, sem þörf var á. Það var ástæðan til okkar afstöðu, og ég veit, að hæstv. forsrh. hefur gert sér grein fyrir því.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Tveir síðustu ræðumenn hv. Alþb. halda því í öðru orðinu fram, að við sjálfstæðismenn höfum leikið mjög tveim skjöldum í þessu máli alla kosningabaráttuna og gerum það enn, jafnframt því sem þeir skamma okkur blóðugum skömmum fyrir það, að við höfum lýst því mjög eindregið yfir fyrir kosningar, að listi Hannibals væri kommúnistalisti og hans atkv. mundu koma kommúnistum að gagni. Það er ljóst af þessu, hvert samræmi er í þeim ásökunum, sem hér eru hafðar uppi. Ég játa það, eins og ég sagði áðan, að Hannibal Valdimarsson hefur við vissan lagabókstaf að styðjast, en framkoma Alþb.-manna gerir það að verkum, að sá lagabókstafur hefur verið svo mjög misnotaður, ekki af Hannibal, heldur á nú að verða svo mjög misnotaður af hinum núv. félögum hans, að það eru hrein svik við kjósendur — hrein svik. Og í þeim svikum vil ég ekki taka þátt. Það er bezt, að Magnús Kjartansson og Lúðvík Jósefsson eigist þar einir við með Hannibal og öðrum þeim félögum.

Að lokum vil ég segja það, að Lúðvík Jósefsson hamrar mjög á því, að það hefði undir öllum kringumstæðum orðið Alþb. til gagns að geta notið atkv. Hannibals Valdimarssonar og ef þeir hefðu verið að hugsa um það eitt, hefðu þeir viljað innlima hans fylgi frá upphafi. Þarna segir okkar ágæti þingbróðir ekki alla söguna. Það gagn, sem þeir ætluðu sér í upphafi, og afneituðu Hannibal þess vegna og sögðu, að hann væri utan flokka, var, að þeir ætluðu að fella hann. Þeir ætluðu að drepa hann í eitt skipti fyrir öll, vera lausir við hann úr Alþb., úr Alþ., úr íslenzkum stjórnmálum. Þegar þeir sáu, að þeir yrðu ekki

lausir við hann hvort sem var, vildu þeir eðlilega fá sem mesta meðgjöf með honum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. úr því sem orðið er, en ég vil hins vegar ekki liggja undir því, sem hér hefur verið sagt af hv. 6. þm. Sunnl., að ég hafi sýnt vanrækslu í störfum sem dómsmrh. í sambandi við framkvæmd kosningalaganna með því að skera ekki úr um og taka mér dómaravaldið á milli yfirkjörstjórnar og landskjörstjórnar. Hann talaði um, að ég hefði átt að hlutast til um það, að sett væri á kjörseðlana ákveðin, — ja, við skulum segja grg. fyrir afstöðu landskjörstjórnar o. s. frv. En um þetta eru bara alveg skýr ákvæði í 42. gr., að yfirkjörstjórnirnar eiga að auglýsa listana og með þeim listabókstöfum, sem þær hafa ákveðið, og síðan eru ákvæði í 52. gr. og 53. gr., þar sem er beinlínis sagt, hvernig kjörseðlarnir skuli vera útbúnir. Alþ. hefur með löggjöf ákveðið, að svona skuli þetta vera, og viðkomandi aðili, yfirkjörstjórnir, skuli sjá um, að þetta sé svona, og það er ekki dómsmrn., sem prentar þessa seðla. Það stendur á öðrum stað, að það láti kjörstjórnum í té eyðublöð og annað undir seðlana, pappírinn, sem prentað er á.

En ég tel miklu máli skipta, að menn geri sér grein fyrir þessu, að sú skoðun mín sé rétt, að dómsmrh. hefði farið út fyrir sín embættismörk, ef hann hefði gripið hér inn í, vegna þess að ég tel það mjög vafasamt og reyndar hættulegt, að það verði álitið af Alþ., að pólitískur dómsmrh. hafi samkv. löggjöfinni slíkt vald til þess að setja einhverjar klásúlur inn á kjörseðla. Og ég held, að þegar við förum að endurskoða kosningalöggjöfina, þurfum við hreinlega að athuga þetta, að það geti ekki undir nokkrum kringumstæðum skeð, að dómsmrh. geti haft vald til þess að segja við yfirkjörstjórnirnar, sem eiga að ákveða kjörseðlana: Þið skuluð setja þessa klásúlu á kjörseðlana!

En hitt er svo annað mál í þessu sambandi, að dómsmrn. hlutaðist til um og teygði sig eins langt og við álitum, að rétt væri, til þess að koma áleiðis, svo sem verða mætti, þeim ágreiningi, sem var á milli kjörstjórnanna. Það var í samráði við rn., að þegar kjörfundurinn var auglýstur af yfirkjörstjórn hér í Reykjavík, þá var getið álits landskjörstjórnar og dómsmrn. hlutaðist til um það, að utanrrn. sendi öllum sendiráðum, þar sem utankjörstaðakosning fer fram, grg. um þann ágreining, sem væri á milli landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar, svo að þeir, sem kæmu þar að kjósa, vissu um hann og það færi ekki á milli mála, að þeir hefðu sömu vitneskju að þessu leyti eins og ætla varð, að allur almenningur hefði hérna heima.

Ég veit það, að hv. 9. þm. Reykv., sem fór fram á það við mig, að ég hlutaðist til að að setja einhverjar ákveðnar skýringar á kjörseðlana, hafði færa lögfræðinga fyrir sig, og við áttum viðræður saman og ég taldi, eftir að ég hafði svarað honum með því bréfi, sem ég vitnaði í áðan, og síðan urðu ekki meiri umr. um þetta, að það hefði verið gagnkvæmur skilningur milli lögfræðinga hv. 9. þm. Reykv. og mín, að það væri ekki hægt að ganga lengra heldur en við gerðum í þessu sambandi. En hér er hins vegar um mjög veigamikið atriði að ræða og er rétt, að það komi fram, eins og ég sagði áðan, ef á að breyta ellegar verður breytt kosningalögunum, að menn fari ekki í grafgötur um það, hvar dómsmrh. getur gripið inn í í þessu sambandi.

Ég vil svo aðeins ljúka mínu máli í þessum umr. með því að árétta það, sem reyndar hefur margsinnis komið fram. Magnús Kjartansson, sem er 1. maður listans í Reykjavík, og hans umboðsmenn segja það, að ef einhver stjórnmálaflokkur á Alþ. léti tilleiðast að samþykkja slíkt, þ. e. að atkv. lista Hannibals Valdimarssonar teldust til Alþb., yrðu afleiðingarnar alger ringulreið um framboð. Ætlar nú Magnús Kjartansson að fara að gera þetta? Og það er a. m. k. hann og hans menn, sem sögðu líka, að það jafngilti því að afnema stjórnmálaflokkana á Íslandi að greiða hér atkv. á Alþ. með kjörbréfi því, sem Steingrímur Pálsson hefur upp á vasann. Þetta eru þeirra orð. En það getur verið, eins og hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, sagði, að hann sé ekki í þessari sömu sök. En svona loddaraskapur, eins og hér á sér stað í jafnviðkvæmum og mikilvægum málum, verður auðvitað að leiðast fram í dagsljósið hér á Alþ. og menn komast ekki hjá því, þó að hv. 6. þm. Reykv. sé tvisvar sinnum búinn að kvarta undan, að um þetta sé málfundur hér á Alþ. Á Alþ. eru nefnilega haldnir nokkuð margir málfundir, og fólkið hefur gott af því, kannske til þess að kynnast þessum þm. svolitið betur, að þeir yrðu fleiri og hann kæmi þá oftar fram í dagsljósið, eins og hann er klæddur, en ekki með þeim hætti, sem átt hefur sér stað í sambandi við það mál, sem við höfum nú verið að ræða.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal ekki níðast á þeim rétti, sem mér er veittur með stuttri aths. Ég vil aðeins segja þetta:

Það hafa margar spár, sem bornar voru fram fyrir kosningar, farið á annan veg heldur en spáð var, þ. á m. þessi spá, að kommúnistum einum kæmu að gagni þau atkv., sem I-listinn fengi. Það er kunnugt, að því var einnig haldið fram, að listi Alþb. á Vestfjörðum væri sprengilisti, sem ekki tilheyrði Alþb., en nú er augljóst eftir kosningar, að það er einmitt frambjóðandi Alþb. í Vestfjarðakjördæmi, sem á réttinn til þess að skipa sæti á Alþ. á grundvelli þess atkvæðamagns, sem I-listinn í Reykjavík hlaut, þegar það atkvæðamagn leggst við atkvæðamagn Alþb. í landinu.

Þá er rétt að taka það fram, að yfirlýsingar umboðsmanna G-listans hér í Reykjavík vörðuðu eingöngu afstöðu manna í því kjördæmi, en ekki frambjóðendur Alþb. í öðrum kjördæmum landsins. En það, sem ég ætlaði að segja, var þetta, að ég gladdist yfir að heyra það, að hæstv. forsrh. sagðist hafa svarað því, þegar hann var spurður um, hver yrði hans endanlega afstaða. Hún yrði sú sama eins og afstaða Alþb.-manna á Alþ. Jú, var það ekki? (Gripið fram í.) Það yrði eftir henni. Jú, það þýðir, að hann ætlar að greiða atkv., þegar þetta leiðarljós hefur verið kveikt. Það getur ekki skilizt öðruvísi. Þetta er miklu skýrara heldur en hin skýru kosningalög. (**Forsrh.:** Þótt skýr séu.) Nú, jæja, en leiðarljósið fyrir forsrh. hefur verið kveikt, því að

fyrir örfáum dögum var samþ. shlj. á framkvæmdastjórnarfundi Alþb., að allir þm. Alþb. skyldu greiða atkv. með kjörbréfi Steingríms Pálssonar. Þar með hefur forsrh. sitt leiðarljós til að fara eftir, og ég vænti þess, að hann hafi ekki skipt um skoðun frá því, að hann svaraði þessu fyrir kosningar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fimmtudaginn 12. okt. var fundinum fram haldið.

ATKVGR.

Till. 1. kjördeildar um samþykkt kjörbréfa þm. í 3. kjördeild samþ. með 45 shlj. atkv.

Till. 2. kjördeildar um samþykkt kjörbréfa þm. í 1. kjördeild samþ. með 47 shlj. atkv.

Till. 3. kjördeildar um að tekin skuli gild kjörbréf þeirra þm., sem skipa 2. kjördeild, nema kjörbréf Steingríms Pálssonar, 8. landsk. þm., samþ. með 54 shlj. atkv.

Kjörbréf Steingríms Pálssonar, 8. landsk. þm., samþ. með 28:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, KTh, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SkG, SV, SP, SE.

nei: PB.

SvG, SvJ, GH, BGr, BK, BF, BBen, BGuðm, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MÁM, MB, ÓB, PJ, PS, SB, SI, StG greiddu ekki atkv.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Magnús Kjartansson: Þar sem landskjörstjórn lýsti yfir því í upphafi kosningabaráttunnar, að atkv. I-listans í Reykjavík yrðu lögð við atkv. Alþb. við úthlutun uppbótarþingsæta, og þar sem málsvarar og málgögn stjórnarflokkanna beggja og Framsfl. lýstu samþykki við þá niðurstöðu fyrir kosningar, tel ég kjósendur eiga siðferðilega og lýðræðislega heimtingu á því, að við þau fyrirheit verði staðið í verki að kosningum loknum og segi því já, jafnframt sem ég itreka þá afstöðu, að óhjákvæmilegt sé að endurskoða kosningalög, svo að jafnfráleitir atburðir endurtaki sig ekki.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Mér var eiginlega um og ó að stuðla að því að þröngva vinum mínum í Alþb. til að taka við þingsæti, sem pólitísk hófsemi þeirra bannar þeim að gera kröfur til, þótt ég telji lagaréttinn vera þeirra megin, og því hafði ég heldur hallazt að því að fylgja þeim hópi, sem ekki greiðir atkv.; en hinn skýri málflutningur hv. 6. þm. Reykv. í gær hefur opnað augu mín fyrir ótvíræðum rétti kjósenda til þess, að þingsætum sé úthlutað í samræmi við það, hvernig atkv. féllu á kjördag á löglega auglýsta framboðslista, og því hlýt ég að segja nei.

Drengskaparheit unnin.

Þessu næst undirrituðu þeir þm., sem ekki höfðu áður setið á Alþingi, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir:

Jón Árm. Héðinsson, Pálmi Jónsson, Pétur Benediktsson og Stefán Valgeirsson.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.,

með 32 atkv. — Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf., hlaut 28 atkv.

Hinn kjörni forseti lét fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Ólafur Björnsson, 12. þm. Reykv.,

með 31 atkv. — Hannibal Valdimarsson hlaut 28 atkv., en einn seðill var auður.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.,

með 32 atkv. — Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm., hlaut 1 atkv., en auðir seðlar voru 27.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar og var á A-lista Bjartmar Guðmundsson, en á B-lista Páll Þorsteinsson. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Bjartmar Guðmundsson, 11. landsk. þm., og
Páll Þorsteinsson, 2. þm. Austf.

Kosning kjörbréfanefndar.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Á. Mathiesen (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Pálmi Jónsson (A),
Auður Auðuns (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Karl Guðjónsson (C),
Jón Þorsteinsson (A).

Kosning til efri deildar.

Við kosningu 20 þm. til efri deildar komu fram þrír listar. Á A-lista voru MJ, JónÁ, JR, ÓB, PB, StG, SvG, AuA, EggÞ, JÞ, JÁH; á B-lista voru ÁB, ÓlJ, PÞ, EÁ, BGuðbj, BFB; á C-lista voru GilsG, BJ, KGuðj. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Magnús Jónsson,
Ásgeir Bjarnason,
Jón Árnason,
Jónas G. Rafnar,
Gils Guðmundsson,
Ólafur Jóhannesson,
Ólafur Björnsson,
Pétur Benediktsson,
Páll Þorsteinsson,
Steinþór Gestsson,
Sveinn Guðmundsson,
Einar Ágústsson,
Björn Jónsson,
Auður Auðuns,
Eggert G. Þorsteinsson,
Bjarni Guðbjörnsson,
Jón Þorsteinsson,
Jón Árm. Héðinsson,
Björn Fr. Björnsson,
Karl Guðjónsson.

Stjórnarsamningur.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Á ríkisráðsfundi þann 10. október tilkynnti ég, að Alþfl. og Sjálfstfl. hefðu komið sér saman um að starfa áfram saman í ríkisstj. með sömu mönnum og sömu starfsskiptingu og verið hefur nú að undanförnu. Samningur sá, sem að baki þessari ákvörðun liggur, hljóðar svo:

„Alþfl. og Sjálfstfl. hafa nú haft samvinnu í ríkisstj. síðan haustið 1959 eða í 8 ár. Hefur þetta samstarf staðið lengur samfleytt en nokkur önnur samvinna um stjórn landsins. Við upphaf þess mótuðu flokkarnir nýja stefnu í efnahagsmálum. Markmið hennar var að styðja að aukningu þjóðartekna og bættum lífskjörum með því að beina framleiðslu og viðskiptum inn á hagkvæmar brautir, rétta við greiðslujöfnuð við önnur lönd og endurvekja lánstraust þjóðarinnar erlendis. Stefna sú, sem fylgt hefur verið, hefur ásamt mikilli framleiðslu og hagstæðu útflutningsverðlagi sjávarafurða hin síðari ár fram á árið 1966 orðið þess valdandi, að þjóðartekjur hafa á undanförnum árum vaxið meira en á nokkru öðru sambærilegu skeiði, þannig að lífskjör þjóðarinnar jafnt til sjávar og sveita hafa að undanförnu verið betri og batnað örar en nokkru sinni fyrr. Þetta á sinn þátt í því, að þjóðin hefur vottað stjórnarflokkunum traust í þeim tvennum alþingiskosningum, sem háðar hafa verið frá því, að þeir gengu saman í ríkisstj. Alþingiskosningarnar nú í sumar leiddu í ljós, að stjórnarflokkarnir hafa meiri hl. kjósenda að baki sér og hlutu meiri hl. í báðum deildum Alþingis. Það er þess vegna ótvíræður vilji kjósenda, að stjórnarflokkarnir haldi samstarfi sínu áfram, enda hafa þeir ákveðið að gera það.

Verkefni þau, sem nú blasa við, eru hins vegar mjög ólík þeim, sem verið hefur við að etja á undanförnum árum. Verðfall á helztu útflutningsvörum, erfitt árferði víða um land og aflatregða hafa á síðustu misserum gerbreytt viðhorfum í íslenzkum efnahagsmálum. Vegna þess að allur almenningur hefur að undanförnu fengið hlutfallslega meira en fyrr af stórauknum þjóðartekjum verður ekki hjá því komizt, að samdráttur þeirra um sinn leiði nú til minnkandi tekna launþega jafnt og annarra. En aðalviðfangsefnið hlýtur að vera að koma í veg fyrir, að þessir örðugleikar leiði til atvinnuleysis og varanlegrar kjaraskerðingar. Til þess að það takist, þarf að gera ráðstafanir til þess að ná jafnvægi í tekjum og gjöldum ríkissjóðs, helztu atvinnugreina og þjóðarbúsins í heild. Verðfallið, sem hófst fyrir rúmu ári, gerði að verkum, að augljóst var, að útflutningsatvinnuvegirnir gætu ekki risið undir aukningu framleiðslukostnaðar. Ákvað ríkisstj. því að beita sér fyrir verðstöðvun í trausti þess, að launþegar æsktu þá ekki launahækkunar. Í þessu skyni varð ríkisstj. að stórauka niðurgreiðslur vöruverðs samfara öðrum ráðstöfunum jafnframt því, sem aðstoð við sjávarútveginn var aukin. Var þetta kleift í bili án nýrrar tekjuöflunar vegna mikils tekjuafgangs ríkissjóðs á árinu 1966, enda voru þá taldar horfur á, að verðfallið yrði ekki varanlegt. Nú hefur raunin orðið önnur, svo að bersýnilega er ekki unnt að minnka fyrirgreiðslur við sjávarútveginn, og ef halda ætti öllum þeim niðurgreiðslum, sem eiga sér stað, auk fjáröflunar til þess að greiða óhjákvæmilegan kostnaðarauka ríkisbúsins vegna fólksfjölgunar og skuldbindinga, sem þegar hvíla á ríkinu, þyrfti á næsta ári að afla um 750 millj. kr. nýrra tekna, til þess að ríkisbúskapurinn yrði hallalaus. Þess vegna hefur ríkisstj. ákveðið að fella niður þær niðurgreiðslur á íslenzkum landbúnaðarafurðum, sem ákveðnar hafa verið vegna verðstöðvunarinnar. Er hér um að ræða niðurgreiðslur að upphæð 410 millj. kr. á ársgrundvelli.

Þá hefur verð áfengis og tóbaks nú verið hækkað og er áætlað, að það auki tekjur ríkissjóðs á næsta ári um 75 millj. kr. Óhjákvæmilegt er að fallast á till. Tryggingastofnunar ríkisins um hækkun iðgjalda um rúmlega 60 millj. kr., því að ella væri fjárhag stofnunarinnar stefnt í voða. Leyfð verður hækkun daggjalda sjúkrahúsa, sem frestað var í ár með sérstökum greiðslum úr ríkissjóði. Þá munu afnumdar undanþágur, sem í gildi hafa verið um greiðslu söluskatts af póst- og símagjöldum og afnotagjaldi af hljóðvarpi og sjónvarpi. Eykur það tekjur ríkisins um 40 millj. kr. Jafnhliða fjárlagafrv. mun ríkisstj. leggja fyrir Alþ. frv. um sérstaka tekjuöflun og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir vegna efnahagsörðugleikanna. Ætlunin er að leggja skatt á farmiða til útlanda, 3000 kr. á hvern miða, og er gert ráð fyrir, að þessi skattur afli ríkissjóði um 60 millj. kr. tekna á ári. Enn fremur verður lagt til, að við álagningu eignarskatts verði fasteignamat í kaupstöðum og kauptúnum tólffaldað í stað þess, að það er nú sexfaldað, en sexfaldað í sveitum, þar sem engin matshækkun er nú, og verður þessi hækkun þó lægri en hins nýja fasteignamats. Jafnframt verður lágmarksskattskylda nettóeigna tvöfölduð til þess að hækkun fasteignamatsins komi ekki niður á fólki, sem er tiltölulega eignalítið. Auk þess munu verða gerðar ýmsar ráðstafanir til sparnaðar í opinberum rekstri.

Með framangreindum ráðstöfunum á ríkisbúskapurinn að geta orðið hallalaus á næsta ári, en það er frumskilyrði þess, að hægt sé að ráða við þá efnahagsörðugleika, sem nú steðja að. Þessar ráðstafanir og þá auðvitað fyrst og fremst niðurfelling þeirra niðurgreiðslna, sem upp hafa verið teknar síðan verðstöðvunin komst á, hljóta að auka framleiðslukostnað. Kauplagsnefnd og hagstofan hafa reiknað út tvær vísitölur um breytingar á framfærslukostnaði. Samkv. gildandi lögum breytist kaupgjald í samræmi við breytingar á eldri vísitölunni. Það verður hins vegar ekki vefengt, að nýrri vísitalan er réttari mælikvarði á breytingu raunverulegs framfærslukostnaðar, því að hún er miðuð við neyzluvenjur á árinu 1965, en ekki 1953—1954, eins og hin fyrri, þegar lífskjör almennings voru miklu lakari en nú. Nýrri vísitalan er talin munu hækka um 4—5% í kjölfar þeirra ráðstafana, sem nú hefur verið lýst. Á hinn bóginn er fullvíst, að atvinnuvegir landsmanna geta ekki, eins og nú horfir, greitt hækkað kaup. Þess vegna er nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að þessi hækkun framfærslukostnaðar valdi tilsvarandi kauphækkun, og eru því í frv. ákvæði um það, að kaup skuli ekki hækka vegna þessara ráðstafana. Að frátöldum slíkum óhjákvæmilegum verðhækkunum eins og þeim, sem

taldar hafa verið, mun ríkisstj. áfram fylgja verðstöðvunarstefnu og er gert ráð fyrir, að ákvæði núgildandi verðstöðvunarlaga séu framlengd með því frv., sem áður er getið um. Jafnframt er ætlunin, að hin nýja vísitala taki gildi 1. marz n. k. og miðist kaupgjald framvegis við hana á sama hátt og verið hefur samkv. hinni eldri vísitölu. Þær ráðstafanir, sem nú hafa verið taldar, eru tvímælalaust lágmark þess, er gera þarf atvinnuvegunum til styrktar. Á undanförnum árum hefur ávallt þurft að framkvæma öðru hverju aðgerðir af því tagi, sem nú eru ráðgerðar. Slíkt er auðvitað óæskilegt. Til þess að eyða nauðsyn þvílíkra skyndiaðgerða ætið öðru hverju þarf að gera atvinnuvegi þjóðarinnar fjölbreyttari og síður sveiflum háða jafnframt því, sem markvisst verði að því unnið að auka framleiðni í öllum atvinnugreinum, sem og hagkvæmni í rekstri ríkis og sveitarfélaga. Stjórnarflokkarnir eru sammála um, að þetta sé á meðal mikilvægustu verkefna næstu ára, og mun ríkisstj. leggja höfuðáherzlu á, að árangur náist í þessum efnum.

Í þessu skyni mun ríkisstj. beita sér fyrir, að framleiðslugeta atvinnuveganna verði nýtt sem bezt, enda verði þessa gætt, bæði í rekstri og fjárfestingum. Í sjávarútvegi verður lögð sérstök áherzla á endurnýjun þorskveiðiflotans og þá endurskipulagningu fiskvinnslunnar, sem nú þegar er hafin, þannig að betur nýtist þau tæki, sem þegar eru fyrir hendi. Í landbúnaði verði stefnt að því að auka framleiðni og fjölbreytni framleiðslunnar, þannig að hann verði í framtíðinni fær um að fullnægja margbreytilegum þörfum innlends markaðs og flytja út vörur án uppbóta úr ríkissjóði. Í iðnaði verði haldið áfram að styrkja viðleitni fyrirtækja til að laga sig að þeim breyttu aðstæðum, sem frjáls innflutningur og lækkandi tollar skapa. Sérstaklega verði stefnt að eflingu þeirra iðngreina, sem eðlilegastur starfsgrundvöllur er fyrir hér á landi, svo sem iðnaði í tengslum við framleiðsluatvinnuvegina, þar á meðal skipasmíða og skipaviðgerða, veiðarfæraiðnaðar og netagerða og stuðlað verði að stofnun iðngreina til hagnýtingar náttúruauðlinda. Í viðskiptum verði lögð áherzla á að efla nýja verzlunarhætti, er lækki dreifingarkostnað, jafnframt því sem sett verði löggjöf um eftirlit með einokunarverðmyndun og samtökum um verðlagningu.

Um opinberan rekstur og framkvæmdir mun ríkisstj. leggja áherzlu á, að gerðar séu hliðstæðar ráðstafanir og í atvinnurekstri til lækkunar tilkostnaðar. Fjárlaga- og hagsýslustofnunin mun hafa forystu um að beita sér fyrir þessu í samvinnu við einstök ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög. Jafnframt því, sem unnið verði að framleiðniaukningu hvarvetna, sem við verður komið, telur ríkisstj. að halda beri áfram stóriðjuframkvæmdum, svo að öll landgæði, þar á meðal fossaafl og jarðhiti, nýtist þjóðinni allri til heilla. Í því skyni telur ríkisstj., að leita beri samvinnu við erlenda aðila eftir því, sem þörf er á, jafnframt því, sem úrslitayfirráð Íslendinga séu tryggð á sama veg og gert var um þær framkvæmdir, er þegar hefur verið ráðizt í. Sem fyrst verði kannaðir til hlítar möguleikar á vinnslu nytsamra efna úr sjó og undirbúin stækkun Áburðarverksmiðju.

Markaðsaðstöðu erlendis þarf að bæta, m. a. með tafarlausri fullnaðarkönnun á möguleikum á aðild að Fríverzlunarbandalaginu jafnframt því, sem leitað verði viðhlítandi samnings við Efnahagsbandalagið, enda sé það ljóst frá upphafi, að full aðild kemur þar ekki til greina. Stöðugt verði unnið að öflun nýrra markaða í samvinnu við samtök atvinnuveganna. Með þessum og öðrum ráðum verði stuðlað að því, að þjóðartekjur geti sem skjótast aukizt á ný og mun þess eftir föngum gætt, að jafnframt því, sem atvinnurekstur búi við skilyrði, er veiti möguleika til áframhaldandi vaxtar, fái almenningur svo mikinn hluta aukins arðs, sem unnt er. Um þessar og aðrar efnahagsráðstafanir til tryggingar kjörum almennings og atvinnurekstri, hyggst ríkisstj. hafa samráð við almannasamtök, þar á meðal stéttarfélög. Þessi er meginstefnan, sem samkomulag hefur orðið um að fylgja, og hefur jafnframt verið samið um framgang nokkurra sérstakra mála. Haldið verði áfram að starfa að áætlunargerð um framkvæmdir og efnahagsþróun eftir því, sem reynsla hefur leitt í ljós, að við eigi hér á landi. Sérstök áherzla sé á næstu árum lögð á áætlunargerð til eins árs í senn til stuðnings við mörkun stefnu í efnahagsmálum og fjármálum jafnframt því, sem unnið sé að áætlunum til langs tíma um einstakar greinar opinberra framkvæmda og opinbers rekstrar. Hraðað verði áætlunum um þróun einstakra byggðarlaga og landshluta og reynt eftir föngum að hagnýta áætlunargerð um þróun atvinnugreina til langs tíma. Almannatryggingar verði endurbættar í samræmi við fengna reynslu hér og annars staðar og leitazt við, að íslenzkt tryggingakerfi haldist í fremstu röð. Kappsamlega verði haldið áfram undirbúningi almenns lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn.

Í húsnæðismálum verði öll aðstoð af hálfu ríkisins samræmd, svo að sem flestir möguleikar skapist fyrir nægilegum byggingum með sem minnstum tilkostnaði, enda verði, jafnframt því, sem opinber stuðningur við byggingar haldist, stuðlað að eðlilegri samkeppni í byggingum. Gerð verði áætlun til nokkurra ára, hliðstæð þeirri, sem nú er hafin framkvæmd á í Reykjavík, um fjöldaframleiðslu íbúða fyrir efnalitið fólk annars staðar í þéttbýli, þar sem þörf er fyrir hendi. Verðtrygging húsnæðislána verði samræmd reglum um viðtæka verðtryggingu fjárskuldbindinga, sem er í undirbúningi. Stefnt verði að því að bæta enn menntunarskilyrði æskunnar í því skyni, að hún öðlist þá þekkingu og tækni, sem allar framfarir byggjast nú á í vaxandi mæli. Fram fari allsherjarendurskoðun á framfærslukerfinu og í því sambandi lögð sérstök áherzla á áframhaldandi undirbúning og framkvæmd áætlana í menntamálum. Stefnt verði að því, að vaxandi hlutfallstala hvers árgangs stundi framhaldsnám. Haldið verði áfram endurbótum í löggjöf og framkvæmd í heilbrigðismálum. Sett verði ný lög um almennt og samræmt heilbrigðiseftirlit í öllu landinu. Lagt verði kapp á að ljúka áætlunargerð um byggingar heilbrigðis- og rannsóknarstofnana í tengslum við Landsspítalann og framtíðartengsl hans og annarra heilbrigðisstofnana við Læknadeild háskólans. Unnið verði að aukinni hagkvæmni á grundvelli nýrrar tækni

í rekstri sjúkrahúsa og á annan hátt gerðar ráðstafanir, til þess að aukin fjáröflun til heilbrigðismála nýtist sem bezt. Endurskoðað verði skipulag yfirstjórnar heilbrigðismála.

Gerð verði áætlun um varanlegar vegabætur og leitað lánsfjár til þeirra framkvæmda, enda verði umferðargjald lagt á notkun varanlegra vega jafnskjótt og fyrir fram ákveðnum áföngum er náð. Landgræðsla og gróðurvernd verði efld og aukin eftir því, sem föng eru á.

Fjármálakerfi ríkisins verði endurskoðað, þar á meðal skipting tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga ásamt verkaskiptingu þeirra á milli. Gerð verði áætlun um lækkun innflutningstolla með þeim hætti, að ekki valdi óeðlilegri truflun á atvinnurekstri, sem fyrir er. Haldið verði áfram athugun á hagkvæmni þess, að tekið verði upp staðgreiðslukerfi við skattgreiðslu jafnframt því, sem leitazt verði við að gera skattheimtu ríkisins einfaldari og öruggari. Sett verði ný löggjöf um stjórnarráðið og hina æðstu umboðsstjórn. Teknar verði upp viðræður milli stjórnmálaflokkanna um þá breytingu á stjórnarskránni, að Alþingi verði ein málstofa. Endursamþykkt verði á þessu þingi stjórnarskrárfrv. um lækkun kosningaaldurs í 20 ár. Nauðsynlegar breytingar á kosningalögum til Alþ. verði gerðar. Efnt verði til sérfræðilegrar könnunar af Íslands hálfu á því, hvernig vörnum landsins verði til frambúðar bezt háttað. Unnið verði áfram að friðun fiskimiða umhverfis landið og viðurkenningu á rétti Íslands yfir öllu landgrunninu."

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fyrir hönd Alþfl. vil ég taka fram, að miðstjórn flokksins hefur samþ. einróma að halda áfram stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl. á grundvelli þeirrar stefnuyfirlýsingar, sem hæstv. forsrh. hefur nú lesið, og enn fremur, að verkaskipting í ríkisstj. skuli vera óbreytt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það getur tæpast talizt til tíðinda, að ríkisstj. segist ætla að halda áfram. Þessu lýsti hún sem sé yfir strax að loknum kosningunum. Það telst þá raunar ekki heldur til nýrra frétta, að Framsfl. styður ekki þessa ríkisstj. Við teljum, að ríkisstj. fylgi í grundvallaratriðum rangri stefnu og hefur það aldrei verið augljósara að okkar dómi en einmitt nú. Við álítum þessa ríkisstj. þar að auki allt of veika til þess að glíma við þau vandamál, sem við er að etja. Við teljum hana alls ekki njóta þess trausts, sem til þess þarf, og hefur viðhorfið til ríkisstj. alveg tvímælalaust breytzt verulega að þessu leyti frá því um kosningar við þau tíðindi, sem nú eru fram komin.

Verðlagi nokkurra þýðingarmikilla vörutegunda hefur verið haldið niðri undanfarna mánuði, nánar til tekið meðan á kosningabaráttunni og kosningunum stóð. Þetta hefur verið gert með því að greiða niður verð þessara vörutegunda, til þess að halda niðri vísitölunni, en án þess að fjár væri aflað til niðurgreiðslnanna. Þessi verðstöðvun á yfirborðinu gat ekki staðið nema stutta stund, eins og nú er komið á daginn með yfirlýsingu hæstv. forsrh. hér í dag um, að nú verði þeim niðurgreiðslum hætt, sem ákveðnar voru í fyrra og kallaðar voru verðstöðvun. Kemur því verðhækkunarbylgjan nú upp á yfirborðið eins og vita mátti og skellur á með fullum þunga, enda bætist það nú við stórfelldar verðhækkanir helztu nauðsynja, að lagðir verða á nýir skattar í ótal myndum. Er sagt, að þetta sé þó aðeins til þess að rétta eitthvað við ríkissjóðinn, en ekki á einn eyrir af hinum nýju álögum að ganga til atvinnuveganna. Bætist þetta ofan á þann vanda, sem fyrir var og öllum augljós og ég mun ekki rekja mjög í þessari stuttu greinargerð fyrir afstöðu Framsfl. En nefna verður, að strax í fyrravetur, áður en verðlag fór að falla á útflutningsafurðum, voru margar meginatvinnugreinar landsins komnar á uppbætur og í stórfelldan vanda, m. a. vegna verðbólgu og rekstursfjárskorts. Hafa þeir erfiðleikar magnazt við það verðfall, sem orðið hefur á útflutningsvörum. En um það verðfall er það að segja, að þótt það sé mjög tilfinnanlegt, stendur útflutningsverð yfirleitt nú að jafnaði betur en þegar ríkisstj. tók við.

Þótt svona sé ástatt um atvinnuvegina, er kaupgjald fyrir venjulegan vinnudag þannig, að óhugsandi er að framfleyta á því fjölskyldu sómasamlega með þeim húsnæðiskostnaði, sem orðinn er. Ríkisbúskapurinn er rekinn með halla. Látlaust er skorið niður fé til nauðsynlegustu þjónustuframkvæmda og gefizt upp við niðurgreiðslurnar, sem fram að þessu áttu að vera allra meina bót. Eru nú ráðgerðar álögur upp á 750—800 millj. kr. í formi verðhækkana á niðurgreiddum vörum og með nýjum sköttum, án þess, eins og ég sagði áðan, að af því gangi nokkurt fé af hinum nýju álögum til þess að leysa vandkvæði atvinnuveganna.

Við framsóknarmenn teljum ástandið svo alvarlegt, að endurskoða þurfi þjóðarbúskapinn frá rótum, eins og nú er komið, og breyta um stefnu í grundvallaratriðum. Meginkjarni nýrrar stefnu verður að vera endurreisn íslenzkra atvinnuvega. Ríkisvaldið verður að hafa forustu, eins og nú er búið að lama íslenzkan atvinnurekstur og íslenzkt framtak, forustu, sem byggist á miklu nánara samstarfi ríkisvalds og einstaklinga og félagasamtaka en áður hefur komið til hér á landi. Endurskoða verður í nánu samstarfi við þessa aðila hverja starfsgrein í þjóðarbúinu fyrir sig og beita ríkisvaldi og peningastofnunum til þess að koma í framkvæmd því, sem gera þarf þeim til stuðnings, viðréttingar og eflingar, leggja áherzlu á nýjungar og stuðning við íslenzkt framtak umfram allt. Það verður að vera liður í hinni nýju stefnu að taka upp náið samstarf við launþegasamtökin og samtök bænda um kjaramál launþega og bænda og leysa þau á þeim grundvelli, að kaupmáttur launa og bændatekna lækki ekki og geti framvegis farið vaxandi og þannig þokast að því marki, að menn geti hér eins og annars staðar lifað á dagvinnu sinni. Verða þessi mál ekki slitin úr sambandi við málefni atvinnuveganna, íbúðarmálin og aðra þætti, en samkv. yfirlýsingu hæstv. forsrh. er nú fyrirhugað að fara þveröfugt að og lögfesta kauplækkun launafólks og bænda og rifta kaupgjaldssamningum og þar með öllu því, sem samið hefur verið um. Verður að mótmæla þvílíkum vinnubrögðum og vara sterklega við þeim.

Við teljum ástandið svo alvarlegt, að heildarendurskoðun allra meginþátta þjóðarbúsins sé

lífsnauðsyn, eins og ég sagði áðan, og að henni hefði þurft að vinna af kappi í sumar, og nú án tafar, fyrst svo var ekki gert. Framsfl. treystir ekki núv. ríkisstj. til þess að hafa forustu um þá endurskoðun og það víðtæka samstarf, sem nauðsynlegt er nú til lausnar á vandamálunum.

Við teljum ekki fært að slíta út úr einstök atriði þessara mála og láta eins og önnur séu ekki til, og þau vinnubrögð munum við ekki styðja, heldur beita okkur eindregið fyrir þeirri stefnubreytingu í atvinnu- og efnahagsmálum, sem við teljum meira aðkallandi en nokkru sinni fyrr. Við viljum leggja áherzlu á, að neyðarráðstafanir til bráðabirgða munu reynast haldlausar, ef ekki verður tekizt á við þau grundvallarvandamál, þær grundvallarmeinsemdir, sem nú þjaka ísl. atvinnurekstur. Verður það eitt okkar aðalverkefni á þessu þingi að berjast fyrir þessari stefnubreytingu.

Enn fremur vil ég nefna örfá einstök mál, sem við munum beita okkur fyrir, en sú upptalning er þó að sjálfsögðu engan veginn tæmandi. Ég nefni endurskoðun fræðslukerfisins, skv. þeirri stefnu í fræðslumálum, sem mörkuð var á síðasta flokksþingi framsóknarmanna, og byggingu nýrra, hentugra skólahúsa, til þess að bæta úr skólaskortinum. Nýtt heildarskipulag heilbrigðismála og aukna heilbrigðisþjónustu. Stóraukin átök í vegamálum, sem byggjast þurfa á því, að tekjur af umferðinni renni allar til vegamála og verulegum lántökum. Endurskoðun íbúðarmálanna með það sjónarmið fyrir augum, að vandamál atvinnulífs og launþega verða ekki farsællega leyst, nema betri tök náist á þeim málum, og stóraukinn stuðningur komi til við byggingu hentugs íbúðarhúsnæðis.

Við viljum beita okkur fyrir nýrri, sterkri stofnun til þess að vinna að framkvæmdum til eflingar jafnvægis í byggð landsins. Vinna að því að ljúka á 2 árum dreifingu raforku til þeirra sveitabæja, sem fá eiga raforku frá samveitum, og styðja hin heimilin í sveit til þess að afla sér rafmagns með öðru móti. Við teljum þýðingarmikið að hraða dreifingu sjónvarps. Við munum vinna að því að ýta á eftir löggjöf um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn og endurbótum á almannatryggingunum. Við munum berjast fyrir því að fá hluta af gjaldeyriseigninni lagðan til hliðar til þess að styðja með því fé endurreisn íslenzkra atvinnuvega og framkvæmd nýjunga í atvinnurekstri og koma upp sérstökum framleiðnilánveitingum í sama skyni.

Við munum beita okkur fyrir því, að bættur verði hlutur íslenzks iðnaðar í sambandi við uppbótargreiðslur og jafnrétti innleitt í því efni og enn fremur í sambandi við aðrar hliðstæðar ráðstafanir. Þá munum við vinna að því, að tekið verði upp samstarf allra flokka um framkvæmdir í landhelgismálinu og undirbúning þeirra og til friðunar uppeldisstöðva í hafinu. Enn fremur viljum við vinna að því, að sá háttur verði upp tekinn, að ekkert verði aðhafzt varðandi samninga við EFTA eða Efnahagsbandalagið, nema að undangengnu samráði allra stjórnmálaflokka.

Loks vil ég benda á, að ástandið er svo alvarlegt, að brýna nauðsyn ber til að gera bráðabirgðaráðstafanir í lánamálum tafarlaust til þess að tryggja, að heilbrigð fyrirtæki þurfi ekki að stöðva rekstur sinn og hætta vegna reksturstapa, á meðan leitað er úrræða, því að fyrirtækin geta ekki greitt töpin með skipum sínum, vélum, húsum eða öðrum búnaði.

Þá þolir það enga bið lengur, að ákveðið verði og tilkynnt, hvað gert verður til stuðnings þeim bændum, sem fyrir áföllum urðu á þessu ári vegna kalskemmda og grasleysis. Mörg fleiri mál mætti nefna, sem við munum beita okkur fyrir, en ég læt þetta nægja, herra forseti.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Við Alþb.-menn erum andvígir þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem ríkisstj. hefur nú boðað. Þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, munu leiða af sér miklar verðlagshækkanir og beina kjaraskerðingu allra launþega í landinu. Þær eru brot á júní-samkomulaginu, sem ríkisstj. gerði við verkalýðssamtökin um fulla vísitölugreiðslu á laun, og brot á yfirlýsingu stjórnarinnar um verðstöðvun. Og þær leysa á engan hátt þann vanda, sem nú steðjar að atvinnulífi landsmanna. Það hlýtur að vekja athygli allra, sem virða fyrir sér till. þær, sem ríkisstj. nú boðar, að þær miða allar að því að afla ríkissjóði nýrra tekna með nýjum sköttum eða að því að létta af ríkissjóði útgjöldum, sem beint hljóta að leiða af sér aukna dýrtíð í landinu.

Ríkisstj. heldur sér því enn við dýrtíðarstefnuna. Hins vegar bólar ekki á neinum till. frá stjórninni um það að leysa þann mikla vanda, sem framleiðsluatvinnuvegirnir eiga nú við að glíma og daglega birtast í stöðvun framleiðslufyrirtækja eða í samdrætti í framleiðslu. Það er skoðun okkar Alþb.-manna, að brýnasta verkefnið, sem nú bíði úrlausnar í efnahagsmálum, sé að leysa rekstrarvandamál framleiðsluatvinnuveganna og skapa þeim viðunandi starfsgrundvöll. Á þann hátt einan er hægt að tryggja fulla atvinnu og þá heildarframleiðslu, sem tæki og auðlindir þjóðarinnar gera mögulega. Það er skoðun okkar, að óhjákvæmileg forsenda þess að leysa vandamál atvinnuveganna sé, að breytt verði um stefnu í efnahagsmálum í grundvallaratriðum. Við teljum, að þegar í stað eigi að lækka vexti af lánum til framleiðslunnar verulega. Við teljum, að tryggja verði nauðsynlegum atvinnufyrirtækjum eðlileg stofnlán. Við teljum, að lengja eigi stofnlán frá því, sem nú er. Við teljum, að skipa þurfi rekstrarlánum framleiðslunnar á annan veg en nú er gert, þannig að fullt tillit sé tekið til óhjákvæmilegra þarfa. Við teljum, að lækka megi ýmis útgjöld framleiðsluatvinnuveganna, eins og t. d. há útflutningsgjöld á þeim afurðum, sem fallið hafa mikið í verði að undanförnu. Við teljum óhjákvæmilegt, eins og nú er háttað verðlagi í landinu, að ýmsar greinar iðnaðarins séu verndaðar gegn hömlulausum innflutningi erlendra vara. Það er skoðun okkar Alþb.-manna, að óhjákvæmilegt sé að taka upp nýja stefnu í verðlagsmálum og fjárfestingarmálum, þar sem reynt verði að hamla gegn óeðlilegum milliliðakostnaði og skipulagslausri fjárfestingu. Það er skoðun okkar, að óhjákvæmilegt sé að taka upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum í stað þess skipulagsleysis, sem nú ríkir á flestum sviðum.

Það er skoðun okkar Alþb.-manna, að sú stefna, sem ríkisstj. nú boðar og felur í sér stórhækkað

verðlag og beina lækkun á umsömdu kaupi og m. a. lækkun á lágmarkstekjum verkafólks, sé alröng og fái ekki staðizt í framkvæmd. Við vörum við slíkri framkvæmd.

Sú ræða, sem hæstv. forsrh. flutti hér og átti að túlka nýja stefnuyfirlýsingu af hálfu ríkisstj., gæti vissulega gefið tilefni hér til langra umr., en umr. munu væntanlega verða um þá stefnuyfirlýsingu síðar hér á þinginu, og leiði ég því hjá mér að ræða þar einstök atriði að þessu sinni. Það fer því ekki á milli mála af því, sem ég hef sagt, að við Alþb.-menn styðjum ekki núv. ríkisstj. Við teljum, að skipta þurfi um stefnu í grundvallaratriðum frá þeirri stefnu, sem hún hefur tekið sér. Við teljum, að við þjóðinni blasi nú mikil vandamál í efnahagsmálum, vandamál, sem jöfnum höndum stafa af lækkandi verðlagi á útflutningsvörum þjóðarinnar og af rangri stefnu, sem haldið hefur verið fram í efnahagsmálum undanfarin ár. Sá vandi, sem við er að glíma í þessum efnum, er svo mikill, að það má ekki dragast að koma atvinnuvegum landsmanna til hjálpar. Við hljótum að vekja athygli á því, að hæstv. ríkisstj. hefur svo að segja ekkert gert til þess að bægja frá þeim vanda, sem atvinnuvegirnir eiga við að stríða. Hún hefur enn ekkert gert í þá átt að rétta við hag íslenzkrar togaraútgerðar, þó að allir landsmenn hafi séð, hvað þar að fór. Hún hefur nálega ekkert gert til þess að framkvæma þær margvíslegu till., sem mþn., sem fjallaði um vandamál vélbátaútvegsins, lagði fyrir ríkisstj. Og hún hefur ekkert gert til þess að mæta þeim margvíslegu vandamálum, sem nú hafa komið upp hjá síldariðnaði landsmanna. Og hún hefur ekkert gert heldur til þess að koma í veg fyrir það, að þýðingarmiklar greinar íslenzks iðnaðar lytu í lægra haldi eða yrðu að gefast upp við sinn rekstur.

Þessu þarf að breyta hið allra fyrsta og á það leggjum við Alþb.-menn höfuðáherzlu. Að ráðstöfunum til úrlausnar þessum vandamálum þarf að vinna í fullu samráði við launastéttir landsins, en ekki á þann hátt, sem ríkisstj. virðist kjósa sér að gera það, með því að ganga á þýðingarmikla samninga, sem hún hefur gert við verkalýðssamtökin um hagsmunamál vinnustéttanna.

Afstaða okkar Alþb.-manna til núv. ríkisstj. er óbreytt. Við erum í andstöðu við hennar stefnu í grundvallaratriðum.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 13. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir skv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar. Voru á listunum hverju sinni jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Jón Árnason (A),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Matthías Bjarnason (A),
Gunnar Gíslason (A),
Geir Gunnarsson (C),
Ágúst Þorvaldsson (B),
Sverrir Júlíusson (A),
Birgir Finnsson (A),
Ingvar Gíslason (B).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Sigurður Bjarnason (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Birgir Kjaran (A),
Pétur Benediktsson (A),
Gils Guðmundsson (C),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

Varamenn:
Matthías Á. Mathiesen (A),
Eysteinn Jónsson (B),
Gunnar Gíslason (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Magnús Kjartansson (C),
Jón Skaftason (B),
Benedikt Gröndal (A).

3. Allsherjarnefnd.

Matthías Bjarnason (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Friðjón Þórðarson (A),
Jónas Pétursson (A),
Jónas Árnason (C),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Bragi Sigurjónsson (A).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jónas Pétursson (A),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Jónas G. Rafnar (A),
Björn Jónsson (C),
Gunnar Gíslason (A),
Bjarni Guðbjörnsson (B),
Jón Þorsteinsson (A).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Pétri Benediktssyni, 4. þm. Reykn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
2. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
3. Bjarni Guðbjörnsson, 3. þm. Vestf.
4. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
5. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 8. þm. Reykv.
7. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
8. Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn.
9. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
10. Jón Árm. Héðinsson, 5. landsk. þm.
11. Jón Þorsteinsson, 3. landsk. þm.
12. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
13. Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl.
14. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
15. Ólafur Björnsson, 12. þm. Reykv.
16. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
17. Páll Þorsteinsson, 2. þm. Austf.
18. Pétur Benediktsson, 4. þm. Reykn.
19. Steinþór Gestsson, 5. þm. Sunnl.
20. Sveinn Guðmundsson, 7. landsk. þm.

Kosning forseta og skrifara.

Fyrst var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut:

Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.,
með 11 atkv. — Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., hlaut 9 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn. Lét hann fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut:

Jón Þorsteinsson, 3. landsk. þm.,
með 11 atkv. — Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., hlaut 9 atkv.

Annar varaforseti var kosinn:

Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.,
með 11 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var Steinþór Gestsson, en á B-lista Bjarni Guðbjörnsson. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Steinþór Gestsson, 5. þm. Sunnl., og
Bjarni Guðbjörnsson, 3. þm. Vestf.

Sætaskipun.

Þessu næst var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Karl Guðjónsson.
7. — — Páll Þorsteinsson.
8. — — Ólafur Jóhannesson.
9. — — Einar Ágústsson.
10. — — Björn Jónsson.
11. — — Ólafur Björnsson.
12. — — Auður Auðuns.
13. — — Ásgeir Bjarnason.
14. — — Jón Þorsteinsson.
15. — — Björn Fr. Björnsson.
16. — — Jón Árnason.
17. — — Sveinn Guðmundsson.
18. — — Jón Ármann Héðinsson.
19. — — Pétur Benediktsson.
20. — — Gils Guðmundsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 13. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar hverju sinni með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Ólafur Björnsson (A),
Einar Ágústsson (B),
Pétur Benediktsson (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Bjarni Guðbjörnsson (B),
Björn Jónsson (C),
Jón Árm. Héðinsson (A).

2. Samgöngumálanefnd.

Jónas G. Rafnar (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Jón Árnason (A),
Steinþór Gestsson (A),
Karl Guðjónsson (C),
Páll Þorsteinsson (B),
Jón Árm. Héðinsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.

Steinþór Gestsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),

Jónas G. Rafnar (A),
Jón Árnason (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Karl Guðjónsson (C),
Jón Þorsteinsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Jón Árnason (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Pétur Benediktsson (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Gils Guðmundsson (C),
Bjarni Guðbjörnsson (B),
Jón Árm. Héðinsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.

Jónas G. Rafnar (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Auður Auðuns (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Einar Ágústsson (B),
Gils Guðmundsson (C),
Jón Árm. Héðinsson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Auður Auðuns (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Steinþór Gestsson (A),
Pétur Benediktsson (A),
Björn Jónsson (C),
Björn Fr. Björnsson (B),
Jón Þorsteinsson (A).

7. Menntamálanefnd.

Auður Auðuns (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Ólafur Björnsson (A),
Steinþór Gestsson (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Gils Guðmundsson (C),
Jón Þorsteinsson (A).

8. Allsherjarnefnd.

Ólafur Björnsson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Auður Auðuns (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Karl Guðjónsson (C),
Einar Ágústsson (B),
Jón Þorsteinsson (A).

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Sigurvin Einarssyni, 1. þm. Vestf., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
2. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
3. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.
4. Birgir Kjaran, 7. þm. Reykv.
5. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
6. Bjartmar Guðmundsson, 11. landsk. þm.
7. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
8. Bragi Sigurjónsson, 9. landsk. þm.
9. Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.
10. Emil Jónsson, 3. þm. Reykn.
11. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
12. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
13. Geir Gunnarsson, 6. landsk. þm.
14. Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e.
15. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
16. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
17. Gylfi Þ. Gíslason, 3. þm. Reykv.
18. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
19. Hannibal Valdimarsson, 9. þm. Reykv.
20. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
21. Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.
22. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
23. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn.
24. Jónas Árnason, 4. landsk. þm.
25. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
26. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.
27. Magnús Kjartansson, 6. þm. Reykv.
28. Matthías Bjarnason, 4. þm. Vestf.
29. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
30. Pálmi Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
31. Pétur Sigurðsson, 10. þm. Reykv.
32. Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.
33. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
34. Sigurvin Einarsson, 1. þm. Vestf.
35. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
36. Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e.
37. Steingrímur Pálsson, 8. landsk. þm.
38. Sverrir Júlíusson, 10. landsk. þm.
39. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf.
40. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Fyrst var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut:

Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf., með 21 atkv. — Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sumnl., hlaut 19 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrsta varaforseta. Kosinn var

Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl., með 21 atkv. — Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm., hlaut 19 atkv.

Annar varaforseti var kosinn

Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., með 21 atkv., en 19 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var Friðjón Þórðarson, en á B-lista Ingvar Gíslason. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl., og
Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum og fór sætahlutun á þessa leið:

9. sæti hlaut Pálmi Jónsson.
10. — — Björn Pálsson.
11. — — Sverrir Júlíusson.
12. — — Gísli Guðmundsson.
13. — — Eysteinn Jónsson.
14. — — Sigurður Ingimundarson.
15. — — Geir Gunnarsson.
16. — — Vilhjálmur Hjálmarsson.
17. — — Birgir Finnsson.
18. — — Jónas Pétursson.
19. — — Bragi Sigurjónsson.
20. — — Pétur Sigurðsson.
21. — — Magnús Kjartansson.
22. — — Stefán Valgeirsson.
23. — — Jón Skaftason.
24. — — Matthías Á. Mathiesen.
25. — — Hannibal Valdimarsson.
26. — — Skúli Guðmundsson.
27. — — Ágúst Þorvaldsson.
28. — — Jónas Árnason.
29. — — Steingrímur Pálsson.
30. — — Gunnar Gíslason.
31. — — Matthías Bjarnason.
32. — — Bjartmar Guðmundsson.
33. — — Birgir Kjaran.
34. — — Halldór E. Sigurðsson.
35. — — Þórarinn Þórarinsson.
36. — — Guðlaugur Gíslason.

37. — — Sigurvin Einarsson.
38. — — Eðvarð Sigurðsson.
39. — — Benedikt Gröndal.
40. — — Lúðvík Jósefsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 13. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar. Voru á listunum hverju sinni jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Matthías Á. Mathiesen (A),
Skúli Guðmundsson (B),
Gunnar Gíslason (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Lúðvík Jósefsson (C),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Sigurður Ingimundarson (A).

2. Samgöngumálanefnd.

Sigurður Bjarnason (A),
Björn Pálsson (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Steingrímur Pálsson (C),
Friðjón Þórðarson (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Benedikt Gröndal (A).

3. Landbúnaðarnefnd.

Jónas Pétursson (A),
Stefán Valgeirsson (B),
Bjartmar Guðmundsson (A),
Pálmi Jónsson (A),
Hannibal Valdimarsson (C),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Benedikt Gröndal (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Sverrir Júlíusson (A),
Jón Skaftason (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Lúðvík Jósefsson (C),
Guðlaugur Gíslason (A),
Björn Pálsson (B),
Birgir Finnsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.

Matthías Á. Mathiesen (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Pálmi Jónsson (A),
Eðvarð Sigurðsson (C),
Gísli Guðmundsson (B),
Sigurður Ingimundarson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Guðlaugur Gíslason (A),
Jón Skaftason (B),
Matthías Bjarnason (A),
Hannibal Valdimarsson (C),
Friðjón Þórðarson (A),
Stefán Valgeirsson (B),
Bragi Sigurjónsson (A).

7. Menntamálanefnd.

Gunnar Gíslason (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Bjartmar Guðmundsson (A),
Birgir Kjaran (A),
Magnús Kjartansson (C),
Ingvar Gíslason (B),
Benedikt Gröndal (A).

8. Allsherjarnefnd.

Matthías Bjarnason (A),
Skúli Guðmundsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Steingrímur Pálsson (C),
Jónas Pétursson (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Bragi Sigurjónsson (A).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Ráðstafanir vegna nýs gengis íslenzkrar krónu.

Á 22. fundi í Nd., 24. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu [64. mál] (stjfrv., A. 78).

Á 23. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þó að menn deili um margt, eru allir sammála um það, að efnahagur Íslendinga og atvinnuvegir eigi nú við mjög mikla örðugleika að etja. Mönnum kemur aftur á móti ekki saman um orsakir þessa og þar sem ég beini því eindregið til þm., að þeir stuðli að því, að þetta frv. verði afgreitt nú fyrir helgi, til þess að venjuleg bankaviðskipti og tollafgreiðslur geti hafizt á ný, þá mun ég leiða hjá mér að þessu sinni að ræða um orsakir erfiðleikanna.

Um hitt urðu allir sammála, að þegar ákveðið var, að pundið skyldi lækkað í gengi, þá væri óhjákvæmilegt, að ísl. kr. yrði einnig lækkuð í gengi. Menn hafa að vísu mismunandi hugmyndir um það, hversu sú gengislækkun skuli vera mikil, en réttir aðilar hafa nú tekið um það ákvörðun, skv. fréttatilkynningu, sem um það hefur borizt frá Seðlabanka Íslands. Ég leyfi mér að lesa upphaf hennar. Þar segir:

„Bankastjórn Seðlabankans hefur að höfðu samráði við bankaráð og að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar ákveðið nýtt stofngengi íslenzkrar krónu gagnvart bandarískum dollar og tekur það gildi frá kl. 16 í dag, 24. nóv. 1967. Ákvörðun þessi hefur verið staðfest af stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hið nýja stofngengi er 57 íslenzkar krónur hver bandarískur dollar, en það er 24.6% lækkun frá því gengi, sem í gildi hefur verið. Jafnframt hefur verið ákveðið, að kaupgengi dollars skuli vera 56.93 og sölugengið 57.07, en kaup- og sölugengi annarra mynta í samræmi við það. Vegna gengislækkunar sterlingspundsins breytist gengi krónunnar gagnvart því mun minna eða um 12% og er hið nýja miðgengi sterlingspunds 136.80. Ráðgert er, að Seðlabankinn birti fyrir opnun bankanna mánudaginn 27. nóv. n.k. nýja gengisskráningu fyrir allar myntir, sem skráðar hafa verið hér á landi að undanförnu, en þangað til helzt sú stöðvun gjaldeyrisviðskipta bankanna, er ákveðinn var af Seðlabankanum 19. nóv. s. l.“

Síðan fylgir grg. bankans, sem ég skal ekki lesa, en menn geta kynnt sér, þeir sem þess óska.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi ísl. kr. og það fjallar um þau ákvæði, sem eru forsenda þess, eins og ég sagði áðan, að venjuleg bankaviðskipti geti hafizt og tollvöruafgreiðslur átt sér stað. Þetta frv. er styttra heldur en venja er um slík frv., einnig eftir að ákvörðun um gengisskráningu var færð til Seðlabankans. Ástæðan til þess, að ekki eru í frv. fleiri ákvæði en raun ber vitni, er sú, að ríkisstj. leitaðist við að taka úr frv. þau efni, sem ætla má, að valdið geti sérstökum deilum. Af þessu leiðir aftur, að fleiri frv. eru væntanleg í sambandi við þetta mál nú beggja vegna við helgina, en um þau frv. er það svo, að ekkert þeirra þarfnast afgreiðslu fyrir helgi. Um önnur getur tekið nokkru lengri tíma að semja þau til hlítar, en slíkt verður gert eins fljótt og unnt er. Varðandi ákvæði, sem oft hafa verið í slíkum frv. um verðlagsbindingu, þá vil ég geta þess strax, að ekki þótti ástæða til að taka það ákvæði upp í þetta frv., þar sem nú þegar er almenn verðlagsbinding, sem eftir ósk ríkisstj. var ákveðin af verðlagsnefnd, verðlagsbinding á vörum, þegar sýnt var, að verðstöðvunarlögin mundu falla úr gildi vegna þeirra samningaumleitana, sem þá stóðu yfir, eins og kunnugt er. Nú má vel vera, að það þurfi frekari ákvæði um verðlagsmál. Það er ekki öruggt, hvort þau ákvæði, sem nú eru til, eru að öllu leyti heppileg eða ekki, það er eitt þeirra mála, sem betur þarf að athuga, en þetta er skýringin á því, af hverju ekki eru almenn fyrirmæli um þessi efni í þessu frv.

1. gr. frv. er í samræmi við það, sem var bæði í l. um efnahagsmál frá 1960 og í upphafl. l. frá 1961 um ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar í ágústmánuði það ár, sem síðan voru staðfest með lögum nr. 28/1962. Þetta er nauðsynlegt til að fjalla um meðferð aðflutningsgjalda á sama hátt og verið hefur við fyrri gengisbreytingar, hreint tæknilegt atriði, sem ég geri ekki ráð fyrir, að nokkrum ágreiningi geti valdið.

Þá er ákvæði í 2. gr., þar sem segir, að óheimilt sé að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi í gildi fyrir 19. nóv. 1967, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda. Þetta ákvæði er einnig orðrétt tekið upp úr þessum sömu lagafyrirmælum, sem ég áður vitnaði til.

Hins vegar hefur ekki verið fyrr í lögum sams

konar ákvæði og er í 3. gr. varðandi skipafélög og þann fyrirvara, sem þau hafa gert um að miða farmgjöld við erlendan gjaldeyri. Að svo miklu leyti sem þau ákvæði standast, þá er það ráðgert, að heimilt sé, þó með sérstöku samþykki verðlagsnefndar, að hækka farmgjaldið í ísl. kr., þegar þar stendur á móti skuld erlendis, eins og nánar er gerð grein fyrir í 3. gr. Þetta ákvæði er til takmörkunar á þeim fyrirvörum, sem í farmbréfunum eru, og eins og ég segi, þá liggur þetta undir samþykki verðlagsnefndar.

Um 4. gr., þá hefur það einnig verið tíðkanlegt, a.m.k. stundum áður, að gjaldeyrir, sem er fyrir útfluttar afurðir, þegar gengisbreyting á sér stað, verði greiddur útflytjanda á því sama gengi sem gilti, þegar varan var framleidd. Nú er hér miðað við, að þetta haldist, þannig að mismunurinn vegna gengisbreytingarinnar verði greiddur af þeim vörum, sem framleiddar eru til áramóta. Það byggist á því, að þarna er aðallega um að ræða vörur sjávarútvegsins og til áramóta heldur hann þeim greiðslum úr ríkissjóði, sem ráðgert er, að hann verði án eftir áramótin. Það fé, sem þarna er tekið af útflytjendum, á hins vegar að leggjast á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum og með sérstökum l. skal því ráðstafað í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði. Um þetta þarf að setja sérstaka löggjöf. Menn töldu að vísu, að æskilegast hefði verið að geta sett um þetta ákvæði nú þegar, en í því sambandi vöknuðu ýms vafamál, og okkur þótti ekki sanngjarnt að ætlast til þess af þingmönnum, að þeir gætu á jafn stuttum tíma og hér er fyrir hendi tekið um þetta ákvarðanir, en slíkt frv. mun koma eins fljótt til ákvörðunar Alþingis og tími vinnst til að athuga öll þau atriði, sem þar þarf betur að skoða.

Um 5. gr. er það að segja, að þar er ráðgert, að stofnaður skuli sjóður í Seðlabankanum vegna gengisbreytingarinnar á sama hátt og gert var skv. lögum 1960 og 1962, og aðalefni greinarinnar er það, að bankarnir hvorki hagnist né bíði skaða við gengisbreytinguna og er það tilgangur þessa sjóðs. Í 2. málsgr. er um að ræða hliðstætt ákvæði við það, sem var í fyrrnefndum lögum, og er ætlazt til, að gengismunur, sem fellur til með þeim hætti, sem þar er nánar greint, verði færður á sambærilegan hátt og áður hefur verið gert, með nokkrum takmörkunum, sem ég skal ekki rekja. Þarna er einnig um tæknileg atriði að ræða.

Þá er loks um að ræða í 6. gr. það, að aftur skuli tekið upp óbreytt ákvæði, sem lögfest var 1960, um leyfisgjald af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum, að það megi vera allt að 1%, og jafnframt sé fellt niður ½% gjald, þ.e. hluti af þessu gjaldi, sem um tíma var lagt til ríkissjóðs.

Þetta er í stuttu máli efni þessa frv., sem hér er lagt fram, og ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um það né málið í heild til þess að gefa ekki af minni hálfu ástæðu til langra umræðna, þar sem ég beini því mjög eindregið til hv. þm., að þeir greiði fyrir því, að frv. verði afgreitt á þeim stutta tíma, sem enn er til stefnu í þessari viku, en ég tel algjöra nauðsyn, að svo verði. Jafnframt vil ég lýsa yfir því, að það munu gefast mörg önnur tækifæri, þegar rýmra er um tíma, til þess að ræða allt þetta mál í heild, bæði við umr. um önnur frv. sem verða flutt eins og ég sagði mjög fljótlega og einnig við fleiri frv., sem síðar er von á.

Eðlilegt er, að menn spyrji sérstaklega, hvað ríkisstj. hyggist fyrir í launamálum, og þá ekki sízt vegna þeirrar deilu, sem staðið hefur undanfarið, og frv. um verðlagsuppbót er einmitt eitt þeirra, sem lagt verður fram eins fljótt og við verður komið, vonandi á morgun, og aðalefni þess, — það er rétt ég geri grein fyrir því, — kemur fram í 1. gr., sem svo hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Frá 1. des. 1967 skal verðlagsuppbót aukin sem því svarar, að laun og aðrar vísitölubundnar greiðslur að meðtalinni verðlagsuppbót hækki í hlutfalli við þá hækkun, sem varð á útgjöldum launþega til kaupa á vörum og þjónustu frá 1. ágúst til 1. nóv. 1967, skv. niðurstöðum neyzlurannsóknar þeirrar, er um getur í 2. gr. þessara laga. Kauplagsnefnd framkvæmir þennan útreikning. Gildir þetta þar til annað hefur verið ákveðið með samningum stéttarfélaga og samtaka vinnuveitenda."

Það, sem hér er um að ræða, er, að vegna þeirra breyttu viðhorfa, sem skapazt hafa, er ljóst, að vísitöluákvæðin, sem voru í efnahagslagafrv. stjórnarinnar, eru orðin úrelt. Þau taka ekki til þess ástands, sem skapast eftir gengisbreytinguna. Það má einnig segja, að með gengisbreytingunni verði þáttaskil. Áður var keppt að því eftir fremsta megni að koma í veg fyrir, að gengi þyrfti að lækka og þess vegna varð ekki hjá því komizt bæði að skerða hag launþega og þrengja mjög að atvinnuvegunum. Nú er það ljóst, að með gengisbreytingunni fá útflutningsatvinnuvegirnir a.m.k. í fyrstu meira svigrúm heldur en þeir hafa áður haft og þess vegna er gjörlegt að ætla þeim að borga þá hækkun á kaupgjaldi, sem leiðir af ákvörðun um að kaupgjaldið skuli nú reiknað eftir nýju vísitölunni, sem verkalýðsfélögin höfðu þegar áður í viðræðum þeirra og ríkisstj. lýst samþykki sínu við að taka skyldi gildi. Það er hins vegar óhagganleg skoðun ríkisstj., að það sé mjög varhugavert, að sjálfvirkar vísitölukauphækkanir eigi sér stað þann tíma, sem gengisverkunaráhrifin eru að koma fram. Þess vegna hefur það orðið að ráði, að taka úr lögum öll fyrirmæli um, að kaup skuli greitt eftir vísitölu. Ég hygg, að vísitala hafi fyrst verið lögfest hér í sambandi við gengislækkunina 1939 og hún hafi haldizt þangað til 1960. Þennan tíma var hún lengst af, en í mismunandi formi lögboðin, þó að vísu takmörkuð stundum um sinn. Þá gerðist það 1960, að vísitöluhækkanir voru bannaðar, en jafnframt voru heimilaðar grunnkaupshækkanir. Þessu var svo enn breytt 1964, eftir að komið hafði í ljós, að þetta bann gegn vísitöluhækkunum varð ekki til þess að auka á stöðugleika verðlags, nema síður væri. Síðan hefur það haldizt í gildi, að lögboðnar voru vísitöluhækkanir eftir vissum reglum. Eins og ég segi, þá telur ríkisstj., að það sé ekki verjandi að halda slíku lagaboði a.m.k. ekki á meðan áhrif gengislækkunarinnar eru að koma fram. Hins vegar er það ljóst, að þó að bann væri lögfest við slíkum hækkunum, þá stoðar það í raun og veru ekki, nema skilningur og samþykki verkalýðshreyfingarinnar á nauðsyn þess sé fyrir

hendi, meðan heimilt er að hækka grunnkaup. Þess vegna er það eitt eðlilegt, að sömu aðilar ákveði um grunnkaupshækkanir og hvort, og þá að hve miklu leyti, en fyrst og fremst, hvort vísitöluhækkanir skuli verða framvegis og a. m. k. á meðan á þessu tímabili stendur. Með því lagaboði, sem hér er gerð tillaga um, er lagður nýr grundvöllur. Hann helzt meðan aðilar koma sér saman um, að hann skuli haldast, á sama veg eins og grunnkaupið helzt, á meðan aðilar koma sér saman um það. En hvort tveggja liggur undir breytingum aðila eða ákvörðunarvaldi aðila, ef þeir geta um það náð samningum.

Þetta er í stuttu máli efni þeirra breytinga, sem ætlað er að leggja fram. Að sjálfsögðu er haldið áfram að reikna framfærsluvísitölu, það er hagfræðileg upplýsing, sem öllum er nauðsynlegt að hafa, og það er ráðgert, að það verði áfram á hinum nýja vísitölugrundvelli, eins og verkalýðsfélögin hafa talið sér hentugra að fá og eins og ráðgert er, að hið hækkaða kaup hinn 1. des. verði reiknað samkvæmt. Ég hef haft samráð bæði við samtök vinnuveitenda og fulltrúa Alþýðusambandsins og mér skilst, — það leiðréttist, ef ég fer rangt með, — að miðstjórn Alþýðusambandsins hafi síðdegis í dag ákveðið á grundvelli þeirra upplýsinga, sem lágu fyrir um þessa tillögugerð af hálfu ríkisstj., að beina því til félaga sinna að aflýsa þeim verkföllum, sem þau hafa boðað til. Er það ekki að efni til rétt? Jú, það er staðfest. Ég vonast til þess, að með þessu skapist sá friður, sem er nauðsynleg forsenda þess, að sú tilraun, sem nú er gerð, fari ekki út um þúfur. Og ég vil eindregið beina því til allra aðila, að þeir leggi sig fram um, að svo megi verða. Forseti A.S.Í. afhenti mér í þessu bréf, sem mér þykir rétt að lesa upp, þó ég viti ekki efni þess að öðru leyti en ég sagði áðan. Það er dagsett í dag og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ítrekar þá fyrri afstöðu verkalýðshreyfingarinnar, að kaupgjald sé miðað við verðlag, og lýsir því yfir, að samtökin muni standa fast á því, að slíkt sé tryggt í framtíðinni. Með því að ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún muni tryggja kaupuppbætur, sem orðið hafa vegna verðhækkana frá því 1. ágúst s. l. og þannig orðið við kröfum verkalýðssamtakanna um verðbætur launa 1. des. í samræmi við rétt þeirra, ályktar miðstjórn að mæla með því við sambandsfélögin, að þau aflýsi boðuðum vinnustöðvunum fyrir n.k. mánaðamót.

Virðingarfyllst,
Alþýðusamband Íslands,
Hannibal Valdimarsson."

Ég tel þessa yfirlýsingu, þó að hún með eðlilegum hætti haldi fast við meginstefnu þá, sem verkalýðshreyfingin hefur lýst, mjög mikilsverða, jafnframt því sem ég vil af hálfu ríkisstj. lýsa yfir eindregnum vilja hennar til áframhaldandi samstarfs við verkalýðshreyfinguna, m. a. um að gera þá skerðingu á lífskjörum, sem nú er því miður óhjákvæmileg, sem allra léttbærasta fyrir þá, sem erfiðast eiga með að taka við slíkum böggum á sig.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú lýst því yfir hér á Alþ. fyrir hönd ríkisstj., að ísl. kr. hafi verið felld um nálega 25%, sem þýðir, að erlendur gjaldeyrir hækkar í verði um sem næst 33%. Þetta er 33% hækkun á því, sem greiða verður fyrir erlendan gjaldeyri.

Hæstv. forsrh. sagði, að Seðlabankinn hefði gert þetta og ríkisstj. samþykkt það, en við vitum, að það er ríkisstj., sem hefur tekið þessa ákvörðun. Þetta er pólitísk ákvörðun, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið og er algjörlega á hennar ábyrgð, og óviðeigandi, að hún sé að reyna að skjóta sér á bak við einhverja aðra í þessu tilliti.

Þessi gengislækkun er ekki nema að sáralitlu leyti afleiðing þess, að pundið hefur verið fellt í verði. Það mun láta mjög nærri, að það hefði þurft að fella ísl. kr. um 5% eða svo í verði til þess að eyða áhrifum pundsfallsins á íslenzkt efnahagskerfi og íslenzkt atvinnulíf. Meginhluti gengislækkunarinnar á sér þess vegna allt aðrar rætur og algjörlega óskyldar því, sem gerzt hefur í Bretlandi og annars staðar í sambandi við gengisfall pundsins.

Þessi ákvörðun ríkisstj. að fella ísl. kr. um 25% byggist ekki á því, að íslenzkar framleiðsluvörur standi óvenjulega lágt, vegna þess að það mun láta nærri, að meðalverð fyrir íslenzkar framleiðsluvörur í erlendri mynt á því ári, sem nú er bráðum á enda, muni verða fyllilega eins hátt og það hefur verið undanfarin ár að meðaltali, og eru þau þó toppár að þessu leyti í íslenzkum utanríkisviðskiptum.

Gengisfallið, sem hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið, stafar því hvorki að verulegu leyti af falli pundsins né því, að það hafi orðið óvenjulegt verðfall eða íslenzkar framleiðsluvörur standi óvenjulega lágt, heldur eru hér aðrar ástæður, en þær eru öngþveitið, sem íslenzkt atvinnulíf er komið í eftir 8 ára viðreisnarstjórn.

Þetta mat hæstv. ríkisstj. á ísl. kr., sem hún hefur setið yfir nú í nokkra daga, það er mat hennar sjálfrar á því, hvernig viðreisnarstefnan hefur leikið íslenzkt atvinnulíf. Það er mat ríkisstj. sjálfrar á því, og það er sem sé þetta, að nú eigi 8 ára samfellt góðæristímabil að enda með 25% lækkun ísl. kr., og það er hvorki meira né minna en þriðja gengislækkunin, sem þessi hæstv. ríkisstj. framkvæmir, en hún var þó fyrst og fremst mynduð til þess að koma á jafnvægi í íslenzku efnahagslífi, stöðugu gengi peninga og stöðugu verðlagi. Hefur nokkur ríkisstj. nokkurn tíma kveðið upp annan eins áfellisdóm yfir sjálfri sér og þessi hæstv. ríkisstj. hefur nú gert með þessari ákvörðun? Ég efast um, að fordæmi verði fundin fyrir öðru eins og þessu innanlands. Ég skal ekkert segja um, hvað finna má í öðrum löndum. En ósigur af þessu tagi hygg ég einsdæmi hér á landi.

Þegar kosið var síðast s. l. vor, sagði hæstv. ríkisstj. og stjórnarfl., að það væri kosið um verðstöðvunarstefnu, sem herði tekið við af viðreisnarstefnunni eða væri eins konar viðauki við hana, og verðstöðvunarstefnan væri fólgin í því, að þó að nokkuð bjátaði á með verðlag á útflutningsvörum frá því sem hæst hefði verið, eins og lá fyrir í fyrravetur og fyrravor álíka eins og nú, þá hefði verið búið svo skynsamlega í haginn fyrir íslenzkt atvinnulíf og viðreisnin hefði

heppnazt svo vel á alla vegu, að þetta áfall gæti gengið yfir þegjandi og hljóðalaust og verðstöðvunarstefnan væri tryggð, ef þessir tveir flokkar fengju tækifæri til þess að fara með málefni landsins áfram. Það væri allt, sem þyrfti, sögðu þeir í vor.

Auðvitað vissum við, sem kunnugir vorum þessum málum, og það vissu þeir jafnvel, að þetta var ósatt. Ég nota ekki yfir þetta það orð hérna, sem Íslendingar nota á mæltu máli yfir þetta, ég nota hérna orðið ósatt, en það mætti nota líka annað orð, sem lýsti þessum málflutningi betur en að kalla þetta ósannindi. Þeir vissu vel, að það var enginn grundvöllur fyrir þeirri verðstöðvun, sem þeir sögðu þjóðinni, að þeir mundu framkvæma eftir kosningarnar, — vissu það mætavel. Þeir vissu það vel, að þeir notuðu peninga til bráðabirgða til þess að byggja upp svikastíflu fyrir dýrtíðarflóðið, sem hlaut að bresta eftir kosningarnar. Þeir vissu þetta vel. Þeir vissu meira. Þeir vissu það líka vel, að grunnurinn var svo holgrafinn undan íslenzku atvinnulífi, að það gat heldur ekki staðizt aðgerðarlaust, þó að þeir bæru það blákalt fram, að grundvöllurinn væri einmitt svo traustur, að menn skyldu vera ókvíðnir. Hvað skeði svo? Það skeði, að hrekklausu fólki gekk illa að trúa því, að önnur eins ósvífni gæti átt sér stað og þessar fullyrðingar ríkisstj. og stjórnarfl. Hrekklausu fólki gekk illa að trúa því, að slík ósvífni gæti átt sér stað og væri yfirleitt hugsanleg.

Menn hafa tilhneigingu til þess að trúa því, að vel geti gengið. Það vissu stjórnarfl. Þess vegna sögðu þeir um okkur, sem sögðum þjóðinni satt: Hlustið ekki á þessa menn, þeir eru með barlóm, þeir eru með hrakspár. Hlustið á okkur, treystið okkur. Hvernig haldið þið, að kosningar færu, sem væri efnt til núna? Það væri gaman að sjá þá hæstv. ráðh. stíga núna fram og flytja ræðurnar sínar frá því í vor og alla þessa dáta, sem höfðu þetta eftir þeim. Það væri gaman að sjá þetta og heyra. Og það væri gaman að vita, hvernig slíkar kosningar færu. Það er enginn í vafa um það og allra síst þeir sjálfir. Þeim er það alveg ljóst. Og þess vegna var leikurinn gerður. Þess vegna lögðu þeir út í þetta. Þess vegna var allur blekkingavefurinn búinn til. Þeim fannst þeir ekki gera það að gamni sínu. Þeim fannst þeir þurfa að gera það til þess að hanga við völdin. Og þess vegna gerðu þeir það.

Þeir eru annað veifið að segja eitthvað um, að þetta hafi breytzt svo mikið síðan í vor. Síldin hafi verið langt norður í hafi og aðrir erfiðleikar komið til greina. Það vitum við öll, en hitt vitum við, að í aðalatriðum er þetta eins og það var í vor. Verðlagið er ákaflega svipað nú eins og það var í vor. Ákaflega svipað. Og það væri fróðlegt að vita, með hvaða verðlagi á íslenzkum útflutningsvörum þeir reikna í gengisfellingardæminu sínu núna? Það er sjálfsagt langt fyrir neðan það, sem var, þegar þeir voru að segja þjóðinni, að allt yrði í lagi. Við fáum kannske að heyra það í þessum umr., með hvaða verði reiknað sé.

Hvernig hefur svo verðstöðvunarstefnan verið framkvæmd? Það var kosið í júní. Strax í ágústmánuði sátu þeir löðursveittir við að ræða um, hvernig þeir ættu að beina dýrtíðarflóðinu yfir á almenning. Þeir voru vitanlega alveg vissir um, að nú var stíflan að bresta. Peningarnir, sem þeir höfðu ráð á til þess að setja upp þennan blekkingaleik, voru búnir og þeir voru farnir að borga með yfirdrætti í Seðlabankanum. Svikastíflan var brostin og þá sátu hæstv. ráðh. yfir því að ákveða, hvert beina skyldi flóðinu. Þetta voru hvorki meira né minna en 750—800 millj., sögðu þeir, sem nú þyrfti að demba út í verðlagið tafarlaust. Og þjóðráðið, — hvert ætli það hafi verið? Það var að hætta við niðurgreiðslurnar, sem þeir innleiddu fyrir kosningarnar, nákvæmlega þær. Kosningaskammturinn var tekinn af. Þetta var ósköp einfalt. Og hæstv. menntmrh. var um daginn í einhverjum umr. að fárast yfir því, að menn skyldu vera að gera veður út af þessu. Hann sagði: Hvað var gert? Það var bara hækkað verð á vörum, sem hafði verið lækkað áður, sagði hæstv. ráðh. Hvað eru menn að fárast út af slíku? Þetta voru aðeins 750—800 millj.

Og hvernig átti þá verðhækkunarbylgjan að hitta fólk? Það var einnig ósköp einfalt, það átti að hækka matvörurnar, sem lækkaðar voru fyrir kosningarnar. Og síðan átti að bæta því við að banna með lögum, að þessar verðhækkanir yrðu reiknaðar inn í kaupið. Menn áttu sem sé að taka þetta bótalaust. Aðferðin var afar einföld. Þetta munaði 7½%, að sagt var, á lífskjörum almennings, þegar það var reiknað út eftir eigin aðferðum ríkisstj., en auðvitað miklu meiru fyrir þá, sem þurftu að eyða meira en í meðallagi af tekjum sínum til þess að kaupa mat. M. ö. o.: þetta átti að leggjast á menn í öfugu hlutfalli við möguleikana til þess að borga. Mest á þá, sem höfðu þyngstar fjölskyldur og mest þurftu að kaupa af matvælum.

Þetta voru fyrstu úrræðin, sem lögð voru fram. Þetta var fyrsti skammturinn í efndunum á verðstöðvunarstefnunni eftir kosningarnar. En það var ekki nóg með þetta, heldur var mönnum sagt, að þennan skammt yrðu menn nú að þola, því að þetta ætti að gera í staðinn fyrir gengislækkun. Það var alveg óspart básúnað, að ef menn vildu kyngja þessu, þá væru allar líkur á því, að gengislækkun kæmi alls ekki til greina. Og hæstv. forsrh. var óþreytandi í að lýsa því, hvað gengislækkun væri með öllu ótiltækilegt úrræði, og einu sinni komst hann svo langt, ég held að það hafi verið í umr. einmitt um þetta málefni, að hann sagði, að gengislækkun væri slík fjarstæða, að hún skapaði fleiri vandamál en hún leysti. Þetta þótti sumum sjálfsagt mjög mikil speki. Og þetta fannst mönnum heldur en ekki yfirlýsing og það ekkert smáræði, að gengislækkun kæmi ekki til greina.

En áætlunin var þessi: Hella yfir menn þessum skammti, hella yfir menn þessari flóðbylgju, 750—800 millj., 10% kjaraskerðingu fyrir venjuleg heimili, og á meðan átti að segja þetta um gengislækkunina o. fl. Það átti með klækjum, ég segi með klækjum, að halda því leyndu, að nokkuð verulegt meira þyrfti til. Gengislækkun var algjörlega fordæmd, á meðan verið var að reyna að koma hinu fram. En auðvitað var okkur ljóst, að þetta var bara fyrsti áfanginn.

Menn sögðu: Hvers vegna fara mennirnir svona undarlega í þetta mál? Og fólk sagði: Þeir fara í öfugan enda. Þeir sleppa alveg atvinnulífinu og

láta eins og engin vandamál séu til hjá því. Almenningi fannst vera farið í öfugan enda. En þeir fóru viljandi í öfugan enda, það var þáttur í klækjunum. En það, sem þeim fannst mest áríðandi, var að slíta vísitöluna úr sambandi og banna að nota hana við að mæla kaupgjaldið, áður en gengislækkunarflóðið kæmi. Það var fyrsti áfangi. Þetta var svona eins og til að prófa, hver mótstaðan væri hjá launþegum og öðrum í þessu tilliti. Þetta er eins og þegar hershöfðingi býður út nokkrum herfylkjum til þess að gera eins konar tilraun með áhlaupi á víglínuna og sjá, hvort hún er ekki veik og gefur eftir. Það átti sem sagt að brjótast í gegn með því að slíta vísitöluna úr sambandi. Það var aðalatriðið.

Mörgum fannst þetta nokkuð skrýtið. Hvers vegna láta mennirnir svona út af 3 stigum í vísitölunni? Hvaða hamagangur er þetta? Hvers vegna leggur stjórnin þetta ofurkapp á þessi 3 eða 4 stig? Það var ósköp skiljanlegt, það var „prinsipið“ að ná vísitölunni úr sambandi, áður en aðalflóðið kæmi, sem þeir vissu að hlaut og mundi koma. Þetta átti að líta laglega út, það átti að vera aðeins til 1. jan. — til bráðabirgða. En við þekkjum, hvernig þessi ríkisstj. umgengst þau ákvæði, sem eiga að vera til bráðabirgða. Þau eru yfirleitt framlengd, ef svo býður við að horfa. Og einmitt þetta að hafa þetta til bráðabirgða, það var líka liður í því, að þetta gengi betur niður, að koma þessu í gegn, áður en aðalstríðið hæfist, áður en aðalbylgjan skylli yfir.

Halda menn, að ríkisstj. sé svo skyni skroppin, að hún hafi allt í einu, þegar hún frétti þetta með gengisfallið frá Wilson, komizt að þeirri niðurstöðu, að íslenzkt atvinnulíf gæti ekki staðizt og að það þyrfti 20% gengislækkun aukalega fyrir það? Dettur mönnum það í hug? Haldið þið, að ríkisstj. hafi ekki vitað það áður, að hún var búin að holgrafa undan ísl. kr. og gengislækkunin hlaut að koma? En hvers vegna hefur hún þá verið að segja okkur það, að gengislækkunin kæmi ekki til greina? Hvers vegna hefur hún verið að gefa slíkar yfirlýsingar eins og ég nefndi áðan? Það er allt af sama toga spunnið. Það er spunnið af sama toga og þeim, sem kosningablekkingarnar voru spunnar af og ósannindin, sem þjóðinni voru sögð um kosningarnar. Þetta er bara framhaldssaga. Þetta var nýr kafli í henni og sýnir hvað með öðru, hvernig þessi hæstv. ríkisstj. umgengst þjóðina, umgengst þingið og umgengst sannleikann.

Nei, hæstv. ríkisstj. hefur verið það ljóst lengi, og henni var það vel ljóst strax í fyrrahaust, að þetta gat ekki staðizt. En hún hefur lagt á sig mikið erfiði til þess að halda því leyndu, hvernig raunverulega væri ástatt, og hún hefur aldrei sagt þjóðinni satt eða þinginu satt um það, hvernig þessi mál væru vaxin. Hitt er svo annað mál, að gengislækkunin í Bretlandi, gengislækkun Wilsons, varð til þess að þeir urðu að fara af stað núna strax með gengisbreytinguna sína. Það var óhugsandi fyrir þá að fara nú að taka aðeins tillit til þess, sem Bretar gerðu, þegar þeir voru alveg sannfærðir um það fyrir löngu, að þeir hlutu að framkvæma nýtt gengisfall eftir stutta stund.

Áætlun þeirra um vísitöluna, sem sé sú að banna að taka til greina í kaupgjaldi þessar 750—800 millj. kr. verðhækkanir, sem koma áttu til, — þessi áætlun fékk ekki góðar móttökur, sem vonlegt var, og launþegasamtökin risu mjög eindregið í móti, svo eindregið, að um það leyti sem Wilson felldi pundið og þeir fengu fréttir af því í ríkisstj., voru verkalýðssamtökin búin að lýsa yfir allsherjarverkfalli út af þessari tilraun ríkisstj. til þess að velta þessum 750—800 millj. yfir á heimilin á þann hátt, sem ég hef skýrt frá. Þannig stóð málið, þegar hæstv. ríkisstj. fékk þessar fréttir um gengislækkunina í Bretlandi. Launþegasamtökin höfðu hervæðzt. Nú segist hæstv. ríkisstj. reiðubúin til þess að koma því svo fyrir, að þessi dýrtíðarhækkun verði tekin inn í vísitöluna, og inn í kaupið 1. des. Hvað gerzt hefði, ef gengislækkun Breta hefði ekki komið til, og stjórnin hefði getað geymt gengislækkun sína þangað til síðar, það getum við vitanlega ekki fullyrt. Það veit enginn. En hitt er alveg ljóst, að það þurfti yfirlýsingu um allsherjarverkfall til þess að fá ríkisstj. til að taka til baka áform sín um að velta þessu bótalaust yfir á almenning. Það þurfti hvorki meira né minna en yfirlýsingu um allsherjarverkfall til þess að ríkisstj. gerði það, sem hún hefur nú ákveðið, eftir yfirlýsingum hæstv. forsrh. að dæma.

En þá hefur stjórnin tekið það ráð í staðinn, varðandi framtíðina, að nema úr lögum þau ákvæði, sem nú eru þar, um tryggingu fyrir uppbótum á laun samkvæmt vísitölu. Áreiðanlega hefur ríkisstj. með því — alveg áreiðanlega — efnt til mikilla átaka um kjaramálin, áður en langt um líður. Um það er ekkert að efast. Með þessu hefur hæstv. ríkisstj. efnt til átaka um kjaramálin, áður en langt um líður, og hún hefur með þessu gengið þvert á þá stefnu, sem hún hefur haft fram að þessu, í samráði við launþegasamtökin að tryggja mönnum vísitöluuppbót á kaup, eins og ákveðið var í júnísamkomulaginu.

Á hinn bóginn má segja, að það hafi áunnizt, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki treyst sér til annars vegna verkfallsboðananna en að hætta við fyrirætlanir sínar um að velta þessum 750—800 millj. bótalaust yfir á heimilin. Ef hæstv. ríkisstj. kemur áætlunum sínum í framkvæmd, þá tapazt aftur á móti sú trygging, sem hingað til hefur verið í lögum, fyrir fullum verðlagsuppbótum á kaup, og með því hlýtur að verða efnt til átaka um kjaramálin.

Ég mun ekki fara mörgum fleiri orðum um vinnubrögð ríkisstj. né almennt um málið, nema hvað ég vík kannske örfáum orðum að því í niðurlagi míns máls, en ég vil þess í stað ræða nokkuð einstaka þætti, sem enn eru alveg óljósir í málinu.

Hæstv. ráðherra hefur sagt, hvað fyrir þeim vakir um kaupgjaldsmálin. En þá kemur önnur spurning, sem er mjög þýðingarmikil í þessu sambandi. Hvað verður gert varðandi landbúnaðarvöruverðið? Hvað verður gert varðandi þann þáttinn, sem snýr að landbúnaðinum? Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forsrh., hvað meiningin er að gera í því. Hvað á að gera til þess að tryggja bændum, að þeir verði ekki fyrir sérstökum búsifjum af völdum gengislækkunarinnar, sem skekki þann grundvöll, sem gildandi löggjöf ætlar þeim?

Þá vil ég enn fremur spyrjast fyrir um hag

ríkissjóðs í þessu sambandi. Öll vitum við, að það þótti svo mikið við liggja varðandi afkomu ríkissjóðs hér á dögunum, að það átti að vanta 750—800 millj. Rúmlega helminginn af því átti að fá með því að velta þeim beint inn í matvöruverðið og afganginn átti að fá með hinum fáránlegustu sköttum. Hvað verður nú um ríkissjóð miðað við þetta nýja viðhorf? Öll vitum við það, að séu tollar látnir standa óbreyttir, þá hækka tekjur ríkissjóðs gífurlega og að óbreyttu hlýtur afkoma hans að gjörbreytast. Ég tala nú ekki um, ef það bætist við, sem líklegt er, að þær fjárhæðir, sem greiddar hafa verið úr ríkissjóði til uppbóta í atvinnulífinu, falli að miklu eða öllu leyti niður. Raunar þykir mér nú ekki líklegt, að það falli niður, sem togarar fá. En maður gæti ímyndað sér, að annað félli niður og þarna er um nokkur hundruð millj. að ræða auk gífurlegs tekjuauka, sem mundi koma, ef ríkissjóður ætlaði að halda að fullu tollalögum.

Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. til þess að gera tilraun til að fá eitthvað gleggri mynd af málinu en hægt er að fá af því, sem þegar liggur fyrir. Hverjar eru fyrirætlanirnar í þessu tilliti? Ætlar ríkisstj. að halda öllum tollunum óbreyttum, eins og ekkert hafi í skorizt, og hirða allan þann mikla tekjuauka, sem þarna kemur inn, eða ætlar hún að lækka tollana? Hver er stefnan í þessu? Hæstv. ríkisstj. hlýtur að hafa gert sér nokkra grein fyrir þessu dæmi, og ef hún ætlar að skófla inn öllum þeim gífurlegu fjármunum, sem falla í ríkissjóð vegna áhrifa gengisbreytingarinnar, hvað ætlar hún þá að gera við þá peninga? Í þessu sambandi vaknar einnig sú spurning, hvað verður nú um niðurgreiðslurnar? Er meiningin að halda við það áform að hætta við þær niðurgreiðslur, sem felldar voru niður um daginn og áttu að falla á heimilin, eða er ætlanin að taka upp þessar niðurgreiðslur aftur eða nýjar niðurgreiðslur í einhverju formi til þess að minnka verðhækkunaráhrif sjálfrar gengisbreytingarinnar?

Það eru margir þættir í þessu máli með öllu óljósir og það er mjög erfitt að ræða þessi mál nema hafa af þeim betri mynd en enn er komin fram.

Hæstv. forsrh. segir, að þetta komi smátt og smátt á næstu dögum, og ég efast ekki um það, að það kemur í ljós smátt og smátt, en það er mjög óhaganlegt að þurfa að ræða þessi mál, án þess að vita meira.

Það þarf enginn að ímynda sér, að hægt sé að koma hér fram á Alþingi og tilkynna 24.6% gengislækkun, án þess að það verði rætt, en byrjað að tala um einhver hliðarmál, sem þurfi að spóla í gegn á nokkrum klukkutímum. Það hljóta undireins að verða umræður um þessi málefni, og reynt að fá af þeim sem réttasta mynd. Óhugsandi er einnig annað en lagðir verði dómar þegar í stað á það, sem gert hefur verið. Þetta verða menn að skilja, og ég veit, að hæstv. ríkisstj. hefur gert sér grein fyrir því, að svo hlyti að verða, og hún hlýtur þess vegna að hafa búið sig undir að geta gefið upplýsingar um þýðingarmestu þætti málsins.

Þá koma enn önnur atriði til greina, sem eru geysilega þýðingarmikil og þurfa að koma fram sem allra fyrst. Ég veit raunar, að hæstv. ráðh. hafa þau á takteinum. Hvernig eru þessi dæmi um það, hvað íslenzkt atvinnulíf þurfi, hver gengisskráning þurfi að vera vegna íslenzks atvinnulífs, sem þeim datt nú allt í einu í hug að fara að sinna, þegar Wilson hreyfði sig, en sögðu áður að þyrfti ekki að reikna. En eins og ég sagði áðan, þá vitum við alveg, hvernig þetta var vaxið. Það á að líta þannig út í augum almennings, að vegna lækkunar pundsins hafi allt í einu þurft að fara að reikna þetta. En hvernig eru þessi dæmi reiknuð? Með hvaða útflutningsverði er reiknað í höfuðgreinum? Með hvaða útflutningsverði er reiknað t. d. fyrir hraðfrystan fisk, fyrir lýsi eða síldarolíu og síldarmjöl, svo að nokkrar þýðingarmestu greinarnar séu teknar? Með hvaða verði í pundum eða dollurum er reiknað í þessu gengislækkunardæmi? Þetta þarf ekki aðeins ég að vita, þetta þurfa allir að vita. Með hverju reikna þeir nú? Það þarf að koma fram, hvernig þetta dæmi er, sem saman er raunar sett úr mörgum dæmum. Hvernig kemur þetta út fyrir einstakar höfuðgreinar atvinnulífsins? Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er talað um verðjöfnun, og það eru í gildi nú þegar lög um verðjöfnun á milli greina. Það hefur óskaplega mikla þýðingu að fá að vita það nú strax, hvort mismunur á hinum einstöku höfuðgreinum atvinnulífsins er mikill eða lítill og hver hann er í þeim dæmum, sem hæstv. ríkisstj. leggur hér til grundvallar.

Þá hefur það ákaflega mikla þýðingu, hversu mikilla verðhækkana er að vænta í þessu sambandi, ekki sízt þegar ríkisstj. hefur tekið það ráð að ætla sér að nema úr lögum þá tryggingu, sem launþegar hafa fyrir vísitöluuppbótum, og sleppa þar öllu lausu. Þá er ekki þýðingarlítið að vita, á hvað mikilli verðhækkun er von. Erlendur gjaldeyrir hækkar mjög í verði og það hlýtur að verða gífurleg verðhækkun, sem af því stafar, og það þyrfti að koma fram sem allra fyrst, hvað gert er ráð fyrir að verði um mikla dýrtíðaraukningu að ræða. Það mundi hjálpa mönnum ofurlítið til þess að átta sig á því, hvað þetta dýrtíðarflóð verður magnað hjá þeim verðstöðvunarmönnum, hvað dýrtíðarbylgjan verður há, sem kemur nú fram, þegar byrjað er að framkvæma verðstöðvunarstefnuna fyrir alvöru. En smásmíði verður þetta ekki, þegar við vitum, að það eru mörg hundruð milljóna niðurgreiðslur, sem hætt hefur verið við, og þar að auki gengislækkunin, sem gengur inn í vöruverð.

Ég hef minnzt á nokkur höfuðatriði í þessu máli og reynt að gera það án þess að orðlengja meira en efni stóðu til. Ég vil að lokum segja, að ég tel það alveg fullkomið ábyrgðarleysi af núv. hæstv. ríkisstj., sem raunverulega — ég fullyrði það — hefur nú ekki lengur á bak við sig neinn meiri hluta með þjóðinni, að leggja út í framkvæmd gengislækkunar að óbreyttri stefnu. Það tel ég alveg augljóst mál, að ríkisstj. hefur ekki meiri hluta lengur. Það er alveg óhugsandi, að ríkisstjórnarflokkarnir gætu unnið kosningar, ef þær væru háðar nú. Það vita allir, það er algjörlega óhugsandi, þeir unnu kosningarnar á fölskum forsendum, þeir svikust aftan að þjóðinni. Ef þjóðin fengi nú tækifæri til þess að segja álit sitt í almennum kosningum, þá er með öllu óhugsandi að þeir ynnu. Þeir eru þess vegna um-

boðslausir. Auk þess eru þeir búnir að missa traust, ekki andstæðinganna, sem þeir hafa aldrei haft, heldur eru þeir búnir að missa traust mikils fjölmennis af því fólki, sem hefur þó stutt þá, t. d. við síðustu kosningar.

Þetta hefur komið alveg ósleitilega fram upp á síðkastið, enda þekkjum við það mikið til mannlegs eðlis, að annað væri með öllu óhugsandi. Það mundi alveg stríða gegn mannlegri náttúru, að þessi hæstv. ríkisstj. gæti með nokkru lifandi móti haft meiri hluta þjóðarinnar á bak við sig nú. Það mundi gjörsamlega stríða á móti mannlegu eðli. Þetta vita hæstv. ráðh. og hv. þm. stjórnarflokkanna jafnvel og ég. Þeir hafa því ekkert umboð til þess að gera þetta, sem nú á að framkvæma. Þeir fengu umboð til þess að framkvæma verðstöðvunarstefnu. Er þetta hún? Nei, þetta er ekki hún. Þetta er meira að segja gengisfelling, sem okkur var sagt fyrir nokkrum vikum, að kæmi ekki til greina, hvað þá heldur að menn væru búnir undir slíkt í vor. Þess vegna er stjórnin veik, hún hefur ekki traust eða nokkra möguleika til þess að fá þá samstöðu um jafnalvarlegar ákvarðanir og þessar, sem þyrfti að vera fyrir hendi, til þess að verjandi væri að leggja í gengisbreytingu. Það er þess vegna að okkar dómi algjörlega óverjandi óbilgirni af hæstv. ríkisstj. að leggja út í að framkvæma þessa gengislækkun að óbreyttri þeirri stefnu í þjóðmálum, sem hefur þrivegis grafið grundvöllinn undan ísl. kr. á 8 árum, að taka sér nú fyrir hendur að fella í þriðja sinn gengi ísl. kr. án þess að breyta þessari stefnu í einu eða neinu, það er með öllu óverjandi. Verði stefnunni ekki breytt í grundvallaratriðum, mun stjórnin vaða áfram í sama kviksyndinu og áður, og þá mun strax byrja að safnast í fjórðu gengislækkunina, hvenær svo sem hún verður framkvæmd.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, eru fyrstu formlegu merkin um það hér á Alþ., að til standi að lækka gengi ísl. krónu. Og þó eru a. m. k. liðnir sex sólarhringar síðan svo að segja allir menn í landinu vissu, að ákveðið var að vinna að lækkun gengis krónunnar, og mikið hefur gengið á varðandi þessi mál allan þennan tíma. En eigi að síður hefur þannig verið haldið á málum, að formlega hefur þetta mál ekki komið til neinna umræðna hér á Alþ. fyrr en nú. Ástæðan til þess, að þessu er svona einkennilega varið, er sú, að núv. ríkisstj. beitti sér fyrir því með brbl. árið 1961 að taka gengisskráningarvaldið af Alþ. og færa það yfir til Seðlabankans að formi til, en það hefur nú komið greinilega í ljós, að í rauninni var verið að færa þetta vald hreinlega í hendur ríkisstj. sjálfrar. Því það hefur farið ósköp svipað í Seðlabankanum eins og það hefur farið með framkvæmdina hér á Alþ., að í rauninni hefur sú stofnun, sem heitir Seðlabanki Íslands, heldur ekkert fjallað um þetta mál, eða a. m. k. ekki á þann hátt, sem hægt er að tala um að fjalla um mál með eðlilegum hætti. Það var fyrst seinni partinn á fimmtudaginn í þessari viku, að stjórn Seðlabankans var kölluð saman til þess yfirleitt að ræða um þessi mál. Þá var hins vegar búið að skýra þjóðinni frá því, að margir fundir hefðu verið haldnir í ríkisstj. og hún talað við ýmsa aðila, fulltrúa stétta og stjórnmálaflokka, og miklar upplýsingar voru gefnar um það, hvað til stæði. En sú stofnun, sem samkvæmt lögum landsins á að ákveða gengi krónunnar, var ekki kölluð saman, hún þurfti ekki að ræða málið. Og þegar loksins kom að því, að haldinn var fundur í þessari stofnun, þá var gert ráð fyrir því, að þeir fulltrúar, sem þar eru, skyldu fá að samþykkja eða þá fella eina litla till., en engar upplýsingar fengust um málið.

Það er því alveg augljóst mál, að að því hefur verið stefnt af núv. hæstv. ríkisstj., að reyna að koma Alþ. út úr þessu máli, jafnþýðingarmikið og það er, og einnig að koma því þannig fyrir, að sú stofnun, sem ber nafnið Seðlabanki Íslands, fjalli ekki heldur um málið með eðlilegum hætti, heldur sé þetta eingöngu ákvörðunaratriði ráðherranna sjálfra, sem síðan nota þá ákveðna starfsmenn í Seðlabankanum til að gefa út hina formlegu fyrirskipun. Þetta eru auðvitað alveg óverjandi vinnubrögð, og þau verða í rauninni enn þá verri, þegar þannig er staðið að málinu, að ríkisstj. kemur svo með frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, sem aðeins er örlítill hluti af því stórmáli, sem um er fjallað, og fer fram á það, þegar það er lagt hér fyrir Alþ., að það fái afgreiðslu hér með sérstökum hraða og að hér verði sem allra minnstar umr. um málið, því að þessu á að vera lokið í báðum deildum Alþ. á morgun, laugardag.

Það er ómögulegt, þegar þetta frv. kemur hér fyrir, þó að það fjalli aðeins um lítinn hluta af þessu stóra máli, að komast hjá því að ræða nokkur meginatriði þessa mikla málefnis í sambandi við flutning þessa frv.

Það er þá fyrst á það að minnast, að ríkisstj. hafði fyrir nokkrum vikum verið að ræða hér á Alþ. um lausn á efnahagsvandamálum þjóðarinnar, og hún hafði þar lýst sinni skoðun á þessu mikla vandamáli. Ég minnist þess, að í því sambandi kom það mjög skýrt fram hjá ráðherrunum, að þeir töldu gengislækkunarleið með öllu útilokaða. Hæstv. viðskmrh. lýsti því hér yfir — hafði reyndar einnig gert það í sjónvarpsviðtali, sem menn kannast vel við — að hann teldi, að gengislækkun hefði í för með sér miklu meiri ókosti en kosti. Og ég minnist þess, að hæstv. forsrh. tók svo skarplega til orða, þegar hann vildi undirstrika það, hvílík fjarstæða gengislækkun væri í sambandi við þau vandamál, sem hér væri við að eiga, að hann sagði, að leið íslenzku síldveiðiskipanna til Spitzbergen styttist ekkert við gengislækkunina. Já, það er svo, það er eflaust rétt, að hún styttist ekki mikið við gengislækkun, en nú virðist hæstv. ráðh. allt í einu hafa sannfærzt um það, að líklega væri hægt að stytta leiðina fyrir bátunum með því að taka upp gengislækkunaraðferðina. Sem sagt, það lá mjög skýrt fyrir, að álit ríkisstj. var það, að gengislækkunarleiðin kæmi ekki til greina. Og hún valdi aðra leið. Hennar leið var sú, sem nokkrar umr. höfðu orðið um hér á Alþ., að hún lagði til að leggja á þjóðina 750 millj. kr. í nýjum álögum. Talið var, að þessar álögur mundu að vísu þýða, miðað við gömlu vísitöluna, í kringum 7½% verðlagshækkun, en miðað við nýju vísitöluna væri hér um að ræða um 4½% verðlagshækkun. Og ríkisstj. taldi, að óhjákvæmilegt

væri, að almenningur í landinu yrði að taka á sig þessi auknu útgjöld bótalaust. Þegar ríkisstj. var síðan spurð um það, hvort hún teldi, að með þessum till. væri allur vandi leystur, því að menn héldu, að það þyrfti kannske að gera eitthvað fyrir atvinnuvegi landsins, eins og vitað var orðið um aðstöðu þeirra, þá var því svarað til, m.a. af hæstv. forsrh., að það lægi enn ekkert fyrir um það, að þeir þyrftu á frekari styrkjum að halda en þeir hefðu. Og síðan tók hann hér fram í umr., þegar á það var minnzt, að menn yrðu að búast við því, að hér væri aðeins um fyrri hluta að ræða, um það að ræða, að menn mættu búast við enn meiri kaupskerðingu heldur en reiknað var út í frv. sem afleiðing af hinum nýju álögum, þá mótmælti hæstv. forsrh. því algjörlega. Hann neitaði því, að til mála kæmi, eða hefði komið, að launþegum landsins væri ætlað að taka á sig frekari kjaraskerðingu en sem næmi því, sem gert væri ráð fyrir í frv. Sem sagt, ef um aðrar ráðstafanir yrði að ræða, fengju menn þar fullar bætur.

Ráðherrann sagði orðrétt: „Eins vil ég algjörlega mótmæla því, sem hér kom fram í umr. í dag, að þess mætti vænta samkvæmt þessum till., að skerðingin sökum vísitölubindingarinnar yrði mun meiri en gert er ráð fyrir í frv. Það hefur einmitt verið glögglega tekið fram, að þessi upptalning er gerð vegna þess, að ríkisstj. vildi láta það ljóst koma fram, hverrar skerðingar væri að vænta, og ef einhver ný skerðing yrði, kæmi hún launþegum til bóta. Þetta veit ég, að viðsemjendur mínir úr stjórn A.S.Í. staðfesta, vegna þess að þetta hefur hvað eftir annað verið fram tekið og einmitt staðfest af form. A.S.Í. á fundi í stjórnarráðinu nú í vikunni, að um þetta væri út af fyrir sig enginn ágreiningur."

Þannig var lögð áherzla á, að það, sem hér væri um að ræða í efnahagsmálunum, væri aðeins sú kjaraskerðing, sem fælist í frv. ríkisstj., eða í upphafi í kringum 4½%, en ef til frekari ráðstafana kæmi, m.a. til þess að aðstoða atvinnuvegina, skyldu launþegar fá það að fullu bætt. En hvernig standa svo þessi mál nú í dag? Nú standa þau þannig, að ekki er annað vitað, eftir því sem hér hefur komið fram, en að ríkisstj. ætli að halda sér við fyrri till. sínar um álögurnar upp á 750 millj. kr. eða þar um bil. Hún breytir að vísu sínum till. að því leyti til, að afleiðingarnar af þessum ráðstöfunum, sem fram koma í vísitölunni nú 1. des., verða greiddar launþegum sem rúmlega 3% launahækkun, en hins vegar á þá jafnhliða að taka vísitöluna úr sambandi og gera þá ráð fyrir því, að allar afleiðingarnar af gengisbreytingunni, allar þær verðhækkanir, sem koma vegna gengisbreytingarinnar, skuli ganga þannig yfir, að þær skuli ekki mælast í vísitölu, bær skuli ekki verða bættar, nema þá að launþegasamtökin í landinu hefji vinnudeilur til þess að ná fram nýjum samningum til að tryggja sér slíkar bætur.

Hér er þá um það að ræða í fyrsta lagi, að ríkisstj. virðist nú vera orðin sannfærð um það, að hún þurfi að halda sér við fyrri till., sem út af fyrir sig var gefið í skyn að ættu að nægja, álögur upp á 750 millj. kr., og einnig þurfi að bæta við gengislækkun þeirri, sem hér er um að ræða og allir vita nú orðið um. Þetta á hvort tveggja að koma, eftir því sem helzt verður hægt að skilja. En nú er það þannig, að ríkisstj. ætlar að vísu að gefa eftir gagnvart launafólki á fyrri liðnum, þó þannig, að kjaraskerðingin þar verði mæld eftir nýju vísitölunni, en ætlar síðan að taka nýju vísitöluna úr sambandi strax á eftir og láta allar afleiðingarnar af hinni miklu gengislækkun skella á launafólki í landinu. Og þó að sagt sé við verkalýðshreyfinguna: ja, þið hafið leyfi til þess að leita eftir nýjum samningum, til þess að fá bætur fyrir verðhækkanirnar, þá vita menn, að þetta þýðir að gefa ávísun á a.m.k. meiri eða minni átök á vinnumarkaði. Það þarf að segja upp samningum og í flestum tilfellum eflaust að fara í verkföll og semja annaðhvort um grunnkaupshækkun eða semja við vinnuveitendur um það að fá vísitöluákvæði á laun. Fyrir stóran hluta af launafólki í landinu, eins og t.d. opinbera starfsmenn, þýðir þetta einfaldlega það, að vísitalan verður tekin úr sambandi, að þeir fá engar bætur, því þeir fá ekki að gera verkfall, og þeir fá því engar vísitölubætur, og kjaraskerðingin liggur þá alveg opin fyrir hjá þeim.

Þá er eðlilegt að spurt sé: Hvað verður þá kjaraskerðingin mikil sem bein afleiðing af þessari miklu gengislækkun? Um það get ég ekki sagt, en ég hygg þó, að ríkisstj. hafi verið að reikna með því, að hér yrði um almenna verðhækkun í landinu að ræða, sem ekki yrði minni en 7%. Ég vil taka fram, að ég tek slíkum útreikningum með sams konar varúð nú og áður, því að það hefur alltaf farið þannig, þegar reiknimeistarar ríkisstj. hafa lýst því yfir í upphafi gengislækkunar, hvað afleiðingarnar yrðu miklar, að verðhækkanirnar hafa orðið mun meiri en þeir gáfu upp í byrjun. Mér þykir miklu líklegra, að fljótlega verði hér um 10% verðhækkun að ræða, almennt séð, en ekki 7%, miðað við svona mikla gengislækkun eins og hér er um að ræða.

Það er því alveg augljóst mál, að núna, þegar ríkisstj. fór að hugleiða þessi mál, hefur hún komizt að raun um, að hún gæti ekki staðið við það, sem hæstv. forsrh. sagði hér varðandi þessi mál, þegar hið fyrra málið var til umr. Þá hefur hún sannfærzt um það, að hún þyrfti að gera enn þá meiri kröfur til launafólks í landinu um kjaraskerðingu heldur en hún talaði þá um. En þegar mál eins og þetta liggur fyrir, um svona stórfellda gengisbreytingu, sem þýðir það, að mikill hluti af þeim gjaldeyri, sem við eigum viðskipti í, á að hækka í verði um 32.6%, þá skiptir vitanlega miklu, þegar þetta mál er rætt, að maður fái upplýsingar um, hvernig á að standa að framkvæmd þess. Um einn þáttinn sýnist mér reyndar, að við höfum fengið nokkrar upplýsingar. Það er sá mikilvægi þáttur, sem snýr að launafólki í landinu. Hér hafa að vísu ekki verið gefnar aðrar upplýsingar en þær, sem ég hef nefnt um afleiðingarnar af svona mikilli gengislækkun á hið almenna verðlag í landinu. En það er beinlínis gert ráð fyrir því að nema burt úr lögum það ákvæði, sem gilt hefur um það, að launafólk skuli fá fullar bætur á laun sín í samræmi við breytt verðlag í landinu. Hvað þýðir þetta í raun og veru? Þetta þýðir, eins og ég sagði áðan, alveg óhjákvæmilega það, að hér munu upphefjast átök á vinnumarkaði. Halda menn, að það verði til góðs í efnahagsvandamálum þjóðar-

innar, eins og nú er ástatt? Eða býst ríkisstj. virkilega við því, að launþegasamtökin í landinu muni taka þessum miklu verðhækkunum þegjandi, að menn muni þola þetta, allar þessar miklu verðhækkanir, bótalaust? Ég er ekki fyrir mitt leyti í neinum vafa um það, að hér verða mikil átök á vinnumarkaði, til þess að launþegar í landinu fái upp bætta þessa miklu verðhækkun. Og hvað er t. d. að segja um launakjör sjómanna? Svona mikil gengislækkun á vitanlega að hafa mikil áhrif á laun sjómanna samkv. öllum réttum leikreglum. Auðvitað ætti fiskverð að hækka allverulega og þar af leiðandi kaup sjómanna. Er það rétt, sem um er talað, að sjómenn eigi ekki að fá sinn hluta út úr þessari gengislækkun? Ég hef enga trú á því, að ríkisstj. komist upp með slíkt. Ef þannig á að standa að framkvæmdinni, verður um alvarlega ókyrrð að ræða á okkar vinnumarkaði, sem ótrúlegt er, að skili nokkrum jákvæðum árangri í þjóðarbúið. Og hvað er svo að segja um framkvæmdina á öðrum sviðum? Við skulum t. d. taka hið þýðingarmikla svið varðandi framkvæmd á gengisbreytingu, sem er þróun verðlagsmálanna innanlands. Hvernig á að standa að þeim málum? Þetta litla frv., sem fjallar aðeins um örlítinn hluta af þessu stóra máli, eins og ég hef sagt, kemur þó inn á eitt þýðingarmikið atriði varðandi þetta og boðar þar alveg nýjan boðskap í sambandi við framkvæmd á gengisfellingu.

Við vitum, að svo hefur háttað til nú að undanförnu, að innflytjendur hafa flutt inn mikið af varningi til landsins með þeim hætti, að þeir hafa stofnað til skuldar erlendis. Það hafa myndazt allmiklar skuldir, sem nefndar hafa verið stutt vörukaupalán verzlunarinnar, og við vitum, að verzlunarmenn margir hafa verið dauðhræddir á undanförnum árum og allt fram til þessa við það, að ef til gengisfellingar kæmi á krónunni, gætu þeir orðið fyrir skelli í sambandi við þennan innflutning og þessar erlendu skuldir. Og það er enginn vafi heldur á því, að ástæðan til þess, að ríkisstj. hefur hikað við að fara í gengisfellingu að undanförnu, hefur sumpart verið tengd við þetta vandamál innflytjendanna, sem hafa verið dyggir stuðningsmenn ríkisstj.-flokkanna. En sú regla hefur hér jafnan verið viðhöfð, að ákveðið hefur verið við gengisbreytingu, að vörur, sem fluttar höfðu verið inn í landið fyrir gengisbreytingardag, höfðu verið tollafgreiddar fyrir gengisbreytingardag, skyldu halda áfram sama verðlagi eftir gengisbreytingu og þær voru á fyrir gengisbreytingu. En hvað á nú að gera? Nú er að vísu tekin upp grein, sem orðuð var við allt aðrar kringumstæður, þ. e. a. s. 2. gr. þessa frv., og hér er nú undirstrikað mjög í upplestri á þessari gr. það, sem þar segir: „Óheimilt er að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi í gildi fyrir 19. nóv.“ Það er ekki heldur heimilt að hækka verð á iðnaðarvörum framleiddum í landinu úr hráefnabirgðum, sem höfðu verið greiddar fyrir gengislækkunardaginn. Og síðan kemur sú túlkun, að þeir, sem hins vegar voru ekki búnir að greiða, megi hækka sínar birgðir, og það er sú kenning, sem nú á að halda hér uppi, að allir innflytjendur, sem nú eiga hér mikið af vörum, sem hafa verið fluttar inn í landið og hafa gengið í gegnum tollskoðun og eru komnar undir íslenzkt verðlag, megi nú breyta öllu þessu verðlagi á þeim forsendum, að þessir aðilar hafi safnað erlendum skuldum fyrir þessum innflutningi. Það á sem sagt strax að láta undan innflytjendunum í landinu, verða við kröfum þeirra og heimila þeim að hækka þessar vörubirgðir. Hér er auðvitað alveg greinilega um það að ræða, að það er verið að hliðra til fyrir þessum aðilum, það er verið að forða þeim undan áföllum gengisbreytingarinnar.

En það sama gildir ekki um ýmsa aðra. Margir aðrir verða að taka á þessu á allt annan hátt. Þannig verða t. d. þeir kaupsýslumenn, sem hafa flutt inn vörur og eru búnir að selja þær, eru t. d. búnir að dreifa þessum vörum til smásala, en skulda auðvitað erlendum vöruhúsum fyrir þessar vörur, þeir verða að taka á sig skellinn, en hinir, sem eiga vörurnar enn þá í skemmunum, mega strax hækka þær í verði og standa að því, að verðlag innanlands hækki á þann hátt. Það er greinilegt, að hér lætur ríkisstj. í þessum tilfellum undan innflytjendum, er að reyna að forða þeim svolítið frá áföllum.

En það er ekki sama sjónarmið, sem gildir t. d. um þá aðila, sem standa að því að flytja út vörur úr landinu, framleiðendur, og er þó sagt, að þessi gengisbreyting sé sérstaklega gerð fyrir útflutninginn. Í frv. er þvert á móti tekið fram, að framleiðendur allrar vöru, sem framleidd verður á þessu ári alveg til loka ársins, einnig vöru, sem framleidd er eftir gengisbreytingardag og með þeim tilkostnaði, sem þá verður við framleiðsluna, eigi ekki að fá útflutningsverðið á sinni vöru miðað við nýja gengið, heldur á gamla genginu. Við skulum taka sem dæmi útgerðarmenn t. d., sem koma til með að standa að framleiðslu í desembermánuði og þurfa þá auðvitað að greiða miklu hærra olíuverð í des., vegna þess að olíufélögin eiga skv. reglunni að fá að hækka olíubirgðir sínar, af því að þeir skulda fyrir þeim erlendis. Útgerðarmennirnir eiga að borga hærri olíu, borga hærri veiðarfæri, hærri laun og yfirleitt aukinn kostnað í desembermánuði, en þeir eiga ekki að fá þá vöru, sem þeir framleiða undir dýrari kringumstæðum, greidda nema á gamla genginu. Ég segi það, að hér er auðvitað mikill munur, hvor í hlut á, í þessu tilfelli framleiðandinn eða í hinu tilfellinu heildsalinn, það er alveg greinilegt, með hvorum ríkisstj. finnur til. En þessu er svona varið í miklu fleiri tilfellum.

Þá kemur einnig hér fram í þessu frv., að ríkisstj. ákveður að taka allan þann gengishagnað, sem getur orðið af vörum þeim, sem liggja nú til útflutnings í landinu, og leggja hann í sérstakan sjóð, og eftir því, sem segir hér í frv., á að fara með hann á þann hátt, að honum skuli ráðstafað með sérstökum lögum í þágu þeirra atvinnugreina, sem hlut eiga að máli. En hér veltur vitanlega mikið á því, hvernig á að fara með þessar fjárhæðir. Á að fara með þær eitthvað í líkingu við það, sem ríkisstj. gerði 1961, þegar allur sá gengishagnaður, sem þar var um að ræða, um 150 millj., var hreinlega gerður upptækur og látinn renna í ríkissjóð? Mér hefur skilizt á upplýsingum, sem ég hef fengið, að það hafi mjög komið til tals að nota þann gengishagnað, sem á þennan

hátt myndaðist, til þess að greiða upp vanskilaskuldir, sem hrúgazt hafa upp í hinu margfræga vátryggingarkerfi, sem upp hefur verið komið fyrir útveginn. En það hefur skort fé í það. Þá kemur sem sagt í ljós, að sú gengislækkun, sem átti að gera fyrir útflutningsatvinnuvegina í landinu, virðist þá vera svo rífleg handa þeim, að það sé hægt að taka stóran part af því, sem hún gat fært þeim með eðlilegum hætti, og ráðstafa í eitthvað annað. Um þetta vantar auðvitað upplýsingar miðað við þau gögn, sem hér liggja fyrir, og væri vitanlega æskilegt, að ríkisstj. gerði nánari grein fyrir því, hvað er meiningin að gera við þennan gengishagnað, því vitanlega veltur mikið á því, þegar um slíkt stórmál er að ræða sem þetta, hvernig á að standa að framkvæmd laganna.

Þá er það ekkert lítilvægt að vita, hvernig ætlunin sé að standa að framkvæmd gengislækkunarinnar varðandi afkomu ríkissjóðs. Er ætlunin virkilega sú, að fyrst eigi ríkissjóður að hirða þær 750 millj. kr., sem ákveðið hefur verið að afla honum með sérstökum álögum og ríkisstj. hefur flutt áður till. um, og síðan eigi ríkissjóður einnig að hirða þær 300 millj., sem áttu samkv. fyrra kerfinu að renna sem stuðningur til útflutningsatvinnuveganna? En það er rétt að menn gæti vel að því, að þessar 300 millj. átti ríkissjóður að forminu til að láta yfir til útflutningsatvinnuveganna, en ríkissjóður hafði áður fengið sérstaka tekjustofna til þess að standa undir þessu. Nú ætlar ríkið að hætta að greiða útveginum þessa fjárhæð, en hirða tekjustofnana. Það gerir auðvitað 300 millj. kr. bættan hag hjá ríkissjóði að þessu leyti til. Og svo koma áhrifin af gengislækkuninni sjálfri. En svona mikil gengislækkun eins og hér er um að ræða mundi stórhækka tolltekjur ríkissjóðs, stórhækka söluskattstekjur ríkissjóðs, og ef að öllu eðlilega færi, þá sé ég ekki annað en að ríkissjóður fengi út úr þessari framkvæmd gífurlega miklar auknar tekjur. Það mundi þá kannske fara nokkuð svipað nú eins og því miður hefur farið æ ofan í æ á undanförnum árum, þegar gengislækkun hefur verið samþykkt. Hún hefur verið gerð undir því fororði, gengislækkunin, að hún væri til stuðnings útflutningsatvinnuvegunum, en stuðningurinn hefur verið harla lítill, vegna þess einkum og sérstaklega, að ríkissjóður og nokkrir fleiri aðilar hafa tekið meginhagnaðinn af gengisbreytingunni til sín í leiðinni. Þetta er auðskilið mál. Ég skal aðeins nefna dæmi til frekari skýringar á því, hvernig þetta gengur fyrir sig. Ef við t. d. tökum þann þýðingarmikla þátt, sem er hraðfrystiiðnaðurinn í landinu, þá er auðvitað augljóst, að afleiðingarnar af þessari gengisbreytingu yrðu þær, að hraðfrystiiðnaðurinn fengi brúttó — ja, líklega hartnær 300—400 millj. kr., miðað við þessa gjaldeyrisbreytingu, sem hér er um að ræða. 350—400 millj. kr. fengi þessi iðnaður í auknar tekjur frá því sem áður varð reiknað í ísl. kr. En hvað gerist svo um leið? Ákveðnar bætur, sem þessi iðngrein hafði, upp á 180 millj. kr. a. m. k., eiga að falla niður um leið og dragast því frá þessari upphæð. Aftur á móti verður þessi iðngrein að taka á sig öll útgjöldin af áhrifum gengisbreytingarinnar, þ. e. a. s. allt verðlag, sem þessi iðnaður verður að búa við, hækkar sem gengisbreytingunni nemur. Það er því vitanlega allsendis óvíst og fer auðvitað algjörlega eftir framkvæmdinni á þessu máli í heild, hvort þessi iðngrein út af fyrir sig býr við nokkuð betri kjör eftir en áður.

Því er það, að það skiptir öllu máli í þessu tilfelli, að við vitum, hvernig á að standa að framkvæmd gengisbreytingarinnar. Og það sem ég tel fyrir mitt leyti þýðingarmest að vita um, er í fyrsta lagi það, hvernig á að standa að framkvæmd gengisbreytingarinnar varðandi þann þýðingarmikla þátt, sem tengdur er við launagreiðslur í landinu. Það virðist helzt upplýst hér núna, að það eigi að standa að honum þannig, að maður geti búizt við runu af kaupdeilum. Þetta er ekki álitlegt að mínum dómi. Næsti þáttur, sem miklu máli skiptir, er það, hvernig á að standa að framkvæmd á verðlagningar- og verðlagsmálum í landinu. Eiga milliliðir t. d. að fá aðstöðu til þess að leggja sömu álagningarprósentu á hærra innflutningsverð og skófla á þann hátt til sín gróða í skjóli gengisbreytingarinnar? Á að standa þannig að framkvæmdinni? Mér sýnist, að sum ákvæði í þessu frv. bendi mjög til þess. Þá verður heldur lítið úr þessum hagnaði fyrir útflutningsatvinnuvegi. Og svo í þriðja lagi, hvernig á að standa að framkvæmdinni varðandi tekjur ríkissjóðs? Er virkilega meiningin að skófla inn tekjum í ríkissjóð á þennan hátt, eins og helzt er að skilja á uppsetningu málsins sem heild? Ef svona verður staðið að framkvæmd gengislækkunarinnar, þá eru það ekkert annað en ósannindi að halda því fram, að þessi gengisbreyting sé gerð fyrir útflutningsatvinnuvegina. Þá væri miklu nær að segja, að gengisbreytingin væri gerð fyrir ríkissjóð, því að þá mundi ríkissjóður hafa hér miklu meiri hag af heldur en útflutningsatvinnuvegirnir. En um það skal ég sem sagt ekki fullyrða á þessu stigi málsins, því að margar upplýsingar skortir um þetta mál, sem hefði auðvitað átt að gefa hér, en ríkisstj. hefur lagt málið þannig fyrir, að þessar upplýsingar vantar.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að ég tel að höfuðatriðið í sambandi við þau vandamál, sem aðalatvinnuvegir landsmanna standa nú frammi fyrir og þarf vitanlega að ráða bót á, sé það, að það þarf að breyta til um stjórnarstefnu í grundvallaratriðum. Sé gömlu viðreisnarstefnunni haldið áfram, þá munu allar svona breytingar eins og fólust í fyrra frv. ríkisstj. og eins og felast í þessari gengislækkunarleið, mistakast. Það fer allt á sömu leið og áður. Spurningin er aðeins um það, hvort það tekur tvo, þrjá eða sex mánuði að fara hringinn, svo að upp komi nákvæmlega sama staða eða nákvæmlega sams konar vandi eins og maður stendur frammi fyrir nú í dag. Á meðan ríkisstj. fæst ekki til að viðurkenna, að það þurfi að breyta til um stefnu í grundvallaratriðum, þá leysir hún engan vanda, hún getur aðeins komið af stað nýjum vandamálum. Því auðvitað eru það stórkostleg vandamál, ef sjómenn landsins þurfa að fara í vinnudeilur, kannske rétt í upphafi næstu vertíðar, til þess að knýja það fram, að þeir fái að halda þeim aflahlut áfram, sem þeir hafa búið við í samningum um langan tíma, en það mun einmitt vera ætlunin að hafa af þeim þann afla-

hlut nú. Auðvitað má búast við því, að það verði mikil ókyrrð á vinnumarkaði hjá verkamönnum, iðnaðarmönnum og öðrum slíkum, ef til þess er ætlazt, að þeir taki bótalaust við öllum þeim miklu verðhækkunum, sem leiðir af svona gengislækkunum, sem hér er um að ræða. En auðvitað ættum við að hafa hér í gildi lög um vísitölugreiðslu á kaup eins og flestar þjóðir hafa og eins og við höfum haft um langan tíma, til þess m.a. að draga úr deilum á vinnumarkaði. Mér sýnist því, að með þessum till. ríkisstj. sé stefnt út í nýja ófæru.

Þetta mál verður eflaust frekar til umræðu á næstu dögum. Vegna þess að ég veit, að það er liðið alllangt á þennan knappa fundartíma, sem nú er um að ræða, skal ég ekki lengja mál mitt frekar en orðið er. En það fer ekkert á milli mála, að við Alþb.-menn erum mótfallnir þessari gengislækkun og teljum, að eins og hún er hér boðuð og till. lagðar fram, leysi hún engan vanda.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að hér eru sjö auðir ráðherrastólar og mér þætti það dálítið óviðkunnanlegt, þegar þetta mál kemur loksins til kasta Alþingis, að hér skuli ekki vera neinn ráðherra viðstaddur, svo að hægt sé að beina máli sínu til þeirra og fá svör við fyrirspurnum. (**Forseti:** Forseta þykir það miður, en eins og hv. þm. veit, þá hefur greinilega til fundarins verið boðað.) Já, mér finnst þetta vera afleit vinnubrögð hjá hæstv. ríkisstj. (**Forseti:** Það má búast við, að ráðh. muni birtast innan skamms.)

Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu, sem ég mælist til þess, að hæstv. ráðh. séu viðstaddir, þegar málið er tekið hér til umr. Í nærfellt viku hafa ríkisstj. og sérfræðingar hennar unnið að útreikningum á stórfelldri lækkun á gengi ísl. kr. Þennan tíma hefur Alþ. ekki verið gerð nein grein fyrir viðfangsefnum og áformum hæstv. ríkisstj. Á mánudaginn var, eftir að vitað var að ríkisstj. Íslands ætlaði að hagnýta lækkun sterlingspundsins til nýrrar kollsteypu hér innanlands, voru hv. alþm. ómakaðir í þetta hús í þeim tilgangi einum að afgreiða kjörbréf tveggja varaþingmanna Sjálfstfl., svo að aðalmennirnir gætu komizt á annað þing, sem þeir höfðu meiri áhuga á, þing Atlantshafsbandalagsins. Hæstv. forsrh. var þá staddur hér í þingsölunum, en hann sá enga ástæðu til þess að gera Alþ. grein fyrir hinum nýju viðhorfum og mati ríkisstj. á þeim. Síðari daga vikunnar hafa íslenzkum alþm. verið eftirskilin þau verkefni að deila um verðlagningu landbúnaðarafurða og loðdýr það, sem íslenzkum þm. er öðrum dýrum hjartfólgnara, minkinn. En um gengislækkunina, það stórmál, sem raskar högum hvers einasta manns í landinu, hefur ekki verið sagt aukatekið orð. Að vísu hafa hæstv. ráðh. haft einn eða tvo fundi með fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna og skýrt þeim þar frá atriðum og áformum með þeim fyrirvara, að um algert trúnaðarmál væri að ræða. En við Alþ. sem stofnun hefur ekkert verið rætt. Hinir kjörnu fulltrúar Alþingis í bankaráði Seðlabankans hafa verið leiknir á sama hátt. Ekkert samráð var haft við þá um málið fyrr en þeir voru kvaddir á fund í fyrradag með stuttum fyrirvara og þeim sagt að taka ákvörðun um tillögu, sem gerði ráð fyrir nær fjórðungslækkun á gengi ísl. kr., án þess að nokkur grg. fylgdi þeirri till. Ég fullyrði, að engri ríkisstj. í þingræðisríkjum þeim, sem ég þekki til, hefði komið til hugar að beita þjóðþing og stofnanir þess slíkum aðferðum, sýna þeim slíka óvirðingu. Hér er um að ræða mikið alvörumál, sem ætti að vera umhugsunarefni fyrir alla þá þm., sem annt er um heiður og áhrif þessarar stofnunar, alveg án tillits til stjórnmálaágreinings.

Hvað gerist svo, þegar hæstv. ríkisstj. og embættismenn hennar hafa tekið ákvarðanir sínar og fengið leyfi fyrir þeim hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en ekki hjá Alþingi Íslendinga? Kemur þá ekki forsrh. Íslands með ýtarlega og rökstudda skýrslu, gerir hann Alþingi ekki nákvæma grein fyrir ákvörðunum þessum, forsendum þeirra og afleiðingum? Svörin við þeim spurningum höfðu hv. þm. fyrir augunum hér í þingsalnum áðan. Hæstv. ráðh. kom í ræðustólinn og fór fram á það eitt, að Alþ. leysti fyrir ríkisstj. einn lítinn þátt þeirra vandamála, sem tengd eru gengislækkuninni, og helzt í snatri og umyrðalaust. Tal hans var svo til allt um formsatriði. Hann lét sér ekki til hugar koma að greina í heild frá fyrirætlunum hæstv. ríkisstj. Hann gerði því engin skil, hvernig ráðstafanir þær, sem í frv. felast, eiga að falla inn í heildina. Alþingi sem stofnun hefur í rauninni ekki hugmynd um, hvað það er að gera, ef það samþykkir þetta frv. eitt. Ríkisstj. heldur enn fast við þau vinnubrögð að leyna okkur, hina kjörnu fulltrúa þjóðarinnar, staðreyndum. Hún lítur aðeins á Alþ. sem afgreiðslustofnun, þar sem menn eigi að samþykkja það, sem að þeim er rétt, án þess að hafa hugmynd um, hvað þeir eru að gera. Enginn þm. með sjálfsvirðingu getur sætt sig við slík vinnubrögð, alveg án tillits til þess, hvaða skoðanir hann hefur á efnisatriðum þeim, sem felast í þessu frv.

Það er ákaflega margt, sem alþm. eiga heimtingu á að fá að vita, áður en hægt er að ætlast til þess, að þeir fari að samþykkja einn hlekk í keðju, sem þeir þekkja ekki að öðru leyti. Hæstv. forsrh. greindi okkur þó frá einu atriði. Hann lét þess getið í lok ræðu sinnar, að löggjöfin um verðtryggingu launa yrði afnumin, þegar vísitöluhækkunin 1. des. væri komin til framkvæmda. Ætlun ríkisstj. er auðsjáanlega sú, að stórfelldar verðhækkanir skelli á launafólki, og a.m.k. bótalaust á öllum þeim, sem ekki hafa verkfallsrétt og nægilega öflug samtök til þess að knýja fram kauphækkanir. Verkalýðsfélögin hafa með verkfallshótun tryggt vísitölubætur 1. des., og þau munu eflaust rétta hlut sinn aftur, e.t.v. oft á ári, eins og 1963, ef þess gerist þörf. En hvað með aðra? Hvað með opinbera starfsmenn? Hvað með gamalt fólk, öryrkja og sjúklinga og einstæðar mæður, einmitt þá, sem ævinlega bera skarðastan hlut frá borði, þegar yfir dynja efnahagslegar kollsteypur? Og hvernig verður háttað aflahlut sjómanna? Fá þeir að njóta þeirrar fiskverðshækkunar, sem væntanlega verður afleiðing gengislækkunarinnar, eða ætlar ríkisstj. að ganga á samningsbundinn rétt þeirra? Hvernig hugsar ríkisstj. sér að tryggja afkomu bænda, þegar allar rekstrarvörur hækka stórlega í verði? Hvað hugsar ríkisstj. sér að gera til að rétta hlut sparifjár-

eigenda, þ. á m. aldraðs fólks, sem geymt hefur skildinga til elliáranna og óttast nú réttilega, að rænt verði drjúgum hluta af þeim spariskildingum? Það er ekki ég einn, sem er að bera fram þessar spurningar. Þannig spyr allur þorri þjóðarinnar í dag.

Og við höfum ástæðu til að spyrja um margt fleira. Hvernig ætlar ríkisstj. að haga verðlagseftirliti á þessum snöggu umbreytingatímum? Hvernig verður verðlagsákvæðum hagað? Eiga kaupsýslumenn að fá að sópa til sín stórfé með frjálsri álagningu á miklu hærri grunnupphæð en áður? Hvernig ætlar ríkisstj. að haga innheimtu sinni á innflutningstollum? Eiga þeir einnig að hækka í hlutfalli við gengisbreytinguna? Og hvernig verða efndirnar á því loforði, sem hæstv. forsrh. gaf hér á þingi í fyrra með býsna miklum stóryrðum, að ef gengið yrði fellt undir hans forustu, skyldu gengislækkunar- og verðbólgubraskarar fá að bera fyllilega sinn hlut? Hvenær er að vænta frv. ríkisstj. um það efni? Hvað á að felast í slíku frv.? Hvernig ætlar hæstv. forsrh. sér að leggja byrðarnar á braskarana? Við alþm. eigum heimtingu á að fá að vita, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar sér að bregðast við þessum vandamálum öllum, áður en hægt er að ætlast til þess, að við samþ. það frv., sem hér liggur fyrir og ákveður m. a. stórfelldar bætur handa kaupsýslumönnum, sem talið er að muni skaðast á gjaldeyrisbraski því, sem þeim hefur verið heimilað undanfarin ár.

Ég vil enn ítreka þá kröfu mína, að hæstv. ríkisstj. geri grein fyrir afstöðu sinni til þessara mála í heild, áður en nokkurt einstakt atriði er afgreitt hér á Alþ. Hæstv. ríkisstj. hefur truflað alla starfsemi banka og kaupsýslumanna í nærfellt viku, og ég fæ ekki séð, að það geri nokkurn skapaðan hlut, þótt nokkrir dagar bætist við, á meðan unnið væri að málum á eðlilegan hátt hér á Alþ. Og ég fæ ekki heldur séð, að nokkur sanngirni mæli með því, að Alþ. vinni að þessu frv. með forgangshraða og á annarlegum vinnutíma, eftir að ríkisstj. er búin að sniðganga Alþ. og halda því starfslausu alla vikuna. Raunar eigum við alþm. heimtingu á grg. frá ríkisstj. einnig af öðrum ástæðum. Gengislækkunin er ekki aðeins röskun á efnahagskerfi Íslendinga, högum hvers einasta manns í landinu, hún er einnig gerbreyting á þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur margsinnis lýst yfir. Hún brýtur m. a. gersamlega í bága við þá stefnuyfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. flutti hér úr þessum ræðustól fyrir rúmum mánuði. Það hefur verið mál margra manna undanfarin tvö ár, að nú færi að koma að því, að krónan yrði lækkuð enn einu sinni, í þriðja skiptið á sama áratugnum. Ástæðurnar fyrir því mati voru ekki sízt sóttar í röksemdir ríkisstj. sjálfrar. Í bókinni Viðreisn, sem út kom 1960, er að finna fræðilega grg. fyrir forsendum gengislækkunarinnar, og þær forsendur hafa allar verið uppfylltar að undanförnu, uppbætur, niðurgreiðslur, margfalt útflutningsgengi, viðskiptahalli, rekstrarhalli á ríkissjóði o. s. frv., en þrátt fyrir allt þetta sóru hæstv. forsrh. og félagar hans, og margsóru raunar fyrir kosningar, að gengið skyldi ekki verða fellt. Þeir voru spurðir um það aftur og aftur, jafnt í ræðu sem riti, og svörin voru alltaf á eina og sömu lund. Og hér komu ekki aðeins til svardagar ráðherra; aðalbankastjóri Seðlabankans, dr. Jóhannes Nordal, æðsti ráðamaður efnahagskerfisins, sór einnig. Á aðalfundi Seðlabankans s. l. vor lýsti hann yfir því, að þau vandamál, sem við væri að etja af völdum aflabrests og verðlækkana, yrðu leyst á grundvelli óbreytts verðlags og óbreytts gengis, gengið yrði ekki fellt. Nú er það að vísu gömul reynsla, að svardaga þessara stjórnmálamanna og embættismanna ber oft að túlka sem öfugmæli. En þessir svardagar héldu áfram, einnig að kosningum loknum. Við heyrðum þá hér í þingbyrjun, í stefnuyfirlýsingu ríkisstj., eins og hún var flutt af hæstv. forsrh. Hann gerði þar grein fyrir því, að ríkisstj. hefði hugað að mörgum leiðum. Hún hefði velt fyrir sér söluskatti, en komizt að þeirri niðurstöðu, að hann mundi verða þungbærari en nefskattarnir. Hún hefði íhugað gengislækkun, en talið, að hún mundi alls ekki leysa þann vanda, sem við væri að glíma. Frv. um efnahagsráðstafanir var ekki sízt rökstutt með því, að því væri ætlað að koma í veg fyrir að lækka þyrfti gengið. Þegar verkalýðshreyfingin mótmælti þeirri kjaraskerðingu, sem í frv. fólst, urðu viðbrögð Morgunblaðsins þau að segja, að verkalýðshreyfingin væri að leiða yfir þjóðina vá nýrrar gengislækkunar. Það eru þannig ekki ýkjamargir dagar síðan aðalmálgagn ríkisstj. notaði gengislækkunina sem grýlu, þá sömu gengislækkun sem nú hefur verið ákveðin af ríkisstj.

Þannig hefur orðið algjör breyting á sjálfum grundvelli þeirrar stefnuyfirlýsingar, sem hæstv. forsrh. flutti okkur hér í þingbyrjun. Hafi flutningur þeirrar stefnuyfirlýsingar átti að vera rétt þingræðisleg vinnubrögð, ætti það að vera óhjákvæmileg skylda ríkisstj. að gera Alþ. grein fyrir því, hvers vegna stefnuyfirlýsingunni hefur nú verið breytt í andstæðu sína á þessu sviði. Hvaða gagn er í stefnuyfirlýsingu í upphafi þings, ef ekkert mark er á henni takandi nokkrum vikum síðar? Þær afsakanir hafa sézt í stjórnarblöðunum, að óhjákvæmilegt hafi verið að fylgja sterlingspundinu. Þar hafi verið um að ræða utanaðkomandi áhrif, sem okkur hafi verið ósjálfráð og við höfum orðið að hlíta, nauðugir, viljugir. En hvað felst í því að fylgja sterlingspundinu? Aðeins tæpur þriðjungur af viðskiptum okkar er við Bretland, og lækkun pundsins hefur aðeins áhrif á þau viðskipti. Ef talið var óhjákvæmilegt að breyta skráningu íslenzku krónunnar af þeim sökum einum, hefði 4—5% gengislækkun trúlega nægt til þess að jafna metin. En ríki með sæmilega traustan efnahag hefði að sjálfsögðu getað staðizt þessa lækkun sterlingspundsins. Það sjáum við af viðbrögðum annarra. Í gjörvallri Evrópu eru aðeins tvö ríki, sem lækkuðu gengið um sömu hundraðstölu og Bretar, Spánn og Írland, einhver alræmdustu afturhalds- og óstjórnarríki álfunnar. Danir létu sér nægja að lækka gengið um 7.9%, og eru þeir þó mjög háðir brezka markaðnum með hinar viðkvæmu landbúnaðarvörur sínar. Öll önnur Evrópuríki, fyrir utan Ísland, héldu gengi sínu óbreyttu, þrátt fyrir lækkun sterlingspundsins, þ. á m. Norðmenn, sem alltaf hafa haft mjög stórfelld og náin efnahagstengsl við Bretland. Við Íslendingar erum ekki aðeins einsdæmi í Evrópu, við erum einsdæmi í heiminum. Ekkert annað ríki í víðri veröld hefur notað

gengislækkun sterlingspundsins sem átyllu til jafnhrikalegrar kollsteypu og nú er orðin hlutskipti okkar. Í því efni höfum við enga að sakast nema sjálfa okkur. Við eigum heimtingu á því, að sú ríkisstj., sem kallað hefur þetta hlutskipti yfir þjóðina, geri grein fyrir algjöru gjaldþroti stefnu sinnar, áður en hún getur ætlazt til þess, að aðrir rétti henni hjálparhönd.

Ég hef hér vikið að öldungis ósæmilegum og ólýðræðislegum vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. við framkvæmd þessarar stórfelldu gengislækkunar. Mér þótti óhjákvæmilegt, að lögð væri áherzla á þessi atriði um leið og málið sjálft er lagt fyrir Alþ., þótt aðeins sé örlítið brot þess. Um gengislækkunina sjálfa og mörg þau atriði, sem henni eru tengd, eigum við vafalaust eftir að ræða mikið. Hins vegar hlýtur það að vera frumskilyrði þess, að alþm. geti metið hvert atriði um sig, að þeir fái fyrirfram heildarvitneskju um það, hvert ríkisstj. er að stefna. Af þeim ástæðum einum er það, eins og ég sagði áðan, fjarstæða að afgreiða einangrað það frv., sem hér hefur verið lagt fram. Hins vegar er þetta frv. mjög fróðleg vísbending um það, hvað ríkisstj. ætlast fyrir með svokölluðum hliðarráðstöfunum sínum. Eins og hv. 4. þm. Austf. rakti hér áðan, er það einn megintilgangur þessa frv., að heimila heildsölum og öðrum innflytjendum að hækka vörubirgðir sínar í verði nú þegar, ef þær eru taldar keyptar fyrir erlent lánsfé. En þar er um að ræða mjög annarlega mismunun og stórfelld tækifæri til sviksamlegrar gróðasöfnunar fjárplógsmanna. Mér þykir rétt að minna hér á þrjá aðila, sem koma sérstaklega við sögu. Það eru olíufélögin þrjú. Þau hafa um skeið notið mjög mikilla forréttinda í viðskiptum, fengið stórfelld vörukaupalán í Sovétríkjunum með vöxtum, sem eru aðeins örlítið brot af venjulegum bankavöxtum á Íslandi. Með því fyrirkomulagi hefur loksins rætzt í verki þrálátt umtal manna um Rússagull og umboðsmenn þess hér á Íslandi. Þetta fyrirkomulag vilja olíufélögin nú fá að nota til þess að fá að hækka umsvifalaust vörubirgðir sínar. En það eru fleiri vandamál, sem eru tengd starfsemi þessara olíufélaga. Þau halda hér uppi, að óþörfu, þreföldu dreifingarkerfi, þreföldum skriffinnskukostnaði, þrefaldri forstjórahersingu og þrefaldri gróðasöfnun. Tilgangurinn með þreföldu dreifingarkerfi er ekki samkeppni um sem bezta þjónustu, eins og oft er talað um til réttlætingar óhagkvæmu skipulagi. Olíufélögin hafa lengi haft nána einokunarsamvinnu um alla hluti og sú samvinna hefur ekki sízt haft þann tilgang að skerða þjónustuna við neytendur. Það hefði sannarlega ekki verið neitt harmsefni, þótt þessi félög, eða einhver þeirra, hefðu orðið gjaldþrota, heldur mikið þjóðþrifamál. Ef ríkisstjórn hins frjálsa framtaks getur ekki unað því, að framtaksmenn séu ábyrgir gerða sinna, þá bar henni einmitt nú skylda til að þjóðnýta olíufélögin og koma á einfaldara, nútímalegra og ódýrara skipulagi. Á þann hátt hefði ríkisstj. getað vegið mjög mikið á móti þeirri stórfelldu hækkun á olíum og benzíni, sem verður ein afleiðing gengislækkunarinnar. En svo er að sjá sem ekkert slíkt sé fyrirhugað. Ríkisstj. ætlar aðeins að bjarga olíufélögunum þremur úr þeim vanda, sem þau hafa komið sér í á eigin ábyrgð, svo að þau geti haldið áfram hinu úrelta og kostnaðarsama kerfi sínu. Afkoma olíufélaganna er tryggð, en launamenn eiga ekki að njóta sams konar tryggingar hjá hæstv. ríkisstj.

Annars skortir mikið á, að alþm. hafi fengið nægilega vitneskju til þess að taka ákvarðanir um það frv., sem hér liggur fyrir, eða þann þátt þess, sem tengdur er því, að birgðir megi hækka, ef menn skulda erlendis fyrir þeim. Mér er forvitni á að vita: Hvað er Alþ. að ráðstafa miklum upphæðum, ef það samþykkir þetta atriði? Hversu miklum upphæðum nema stuttu vörukaupalánin í heild? Það er talað um 700 til 800 millj. kr., en hæstv. ríkisstj. hefur ekki séð ástæðu til þess að skýra frá því hér á hinu háa Alþ. frekar en öðru. Hvað hækka stuttu vörukaupalánin um mikið að krónutölu við gengislækkunina? Hversu mikið af þeim vörum, sem fluttar hafa verið til landsins fyrir erlent lánsfé, er þegar selt, og hversu mikið bíður hér enn sem birgðir? Ætlar ríkisstj. einnig að veita þeim gengislækkunarbætur, sem búnir eru að selja vörur sínar, en skulda enn þá fyrir þær erlendis? Hvernig hugsar hæstv. ríkisstj. sér að fylgjast með því í framkvæmd, að kaupmenn hækki ekki vörubirgðir, sem greiddar voru að fullu fyrir gengislækkun, fyrst heimilað er að hækka sumar birgðir? Um öll þessi atriði þarf Alþ. að fá vitneskju, áður en unnt er að samþykkja þetta frv., ef um það á að fjalla á sómasamlegan hátt.

Gengislækkun sú, sem nú er verið að hefja umr. um, mun hafa í för með sér mjög stórfellda tilfærslu á fjármunum í þjóðfélaginu, og enn er engan veginn ljóst, hvernig þeirri tilfærslu verður hagað í heild, þótt þetta frv., sérstakar bætur til heildsala og yfirlýsing hæstv. forsrh. um afnám vísitölubóta eftir 1. des., gefi til kynna, að ríkisstj. hafi ekkert lært og engu gleymt. Með gengislækkuninni er ekki aðeins verið að framkvæma mjög stórfellda efnahagslega kollsteypu, þá þriðju á tæpum átta árum. Ef ríkisstj. ætlar að leggja byrðar gengislækkunarinnar einhliða á launafólk, eins og forsrh. hefur boðað, er hún jafnframt að efna til stórfelldra þjóðfélagslegra átaka. Ég er þess fullviss, og hæstv. ríkisstj. getur verið þess fullviss, að þeirri stefnu verður ekki unað. Hæstv. forsrh. fékk hingað í ræðustólinn áðan þá yfirlýsingu stjórnar Alþýðusambands Íslands, að kauptrygging væri grundvallaratriði í augum stjórnar Alþýðusambandsins. Og forsrh. veit af reynslunni, hvaða veruleiki felst á bak við þau orð. Hæstv. forsrh. hefur keypt af sér verkfall 20 þús. manna 1. des. með því að fallast á, að kauphækkun samkvæmt vísitölu komi til framkvæmda þann dag. Hæstv. ráðh. mun eiga þess kost að gera slík kaup margsinnis á næstunni. E. t. v. huggar hann sig við það, að fjögur ár liðu, frá því hann lækkaði gengið 1960 og afnam vísitölubætur á laun, og þar til kauptrygging var leidd í lög á nýjan leik með júnísamkomulaginu 1964. En hæstv. ráðh. skyldi minnast þess, að 1960 gerðu margir sér vonir um ýmsan jákvæðan árangur af viðreisninni. Menn töldu nauðsynlegt að ríkisstj. fengi vinnufrið til að sanna kenningar sínar. En nú bindur enginn maður slíkar vonir við núv. ríkisstj. Það mun líða miklu skemmri tími en fjögur ár, þar til samið hefur verið um kauptryggingu á nýjan leik. Hins vegar vita

launamenn nú af reynslunni, að þá þarf að tryggja slíka samninga betur en með einum saman loforðum ráðh. Hæstv. ráðherrar munu fljótlega komast að raun um það, að sú hrossalækning, sem gengislækkun er, nægir ekki til þess að hleypa nýju lífi í viðreisnardrógina. Hún mun aldrei framar ganga í endurnýjun lífdaganna. Efnahagsmálafrv., sem lagt var fram í upphafi þings, var þjóðinni til marks um gjaldþrot viðreisnarstefnunnar, og gengislækkunin er mun stórfelldari sönnun um það sama. Vandamál Íslendinga verða ekki leyst með stefnu núv. ríkisstj., heldur aðeins með félagslegri stefnu, sem er í samræmi við sérstakar aðstæður þessarar fámennu þjóðar. Gengislækkunin mun ekki leysa nein vandamál, heldur magna þau. Áframhaldandi viðreisnarstefna mundi leiða til þess eins, að gengislækkanir verði ekki aðeins þrisvar á átta árum, eins og núv. ríkisstj. hefur afrekað til þessa, heldur mundi hún leiða yfir okkur það hlutskipti, að tekið væri að fella gengið oft á ári, eins og tíðkast í sumum viðreisnarríkjunum í rómönsku Ameríku. Enn sem fyrr eru það stjórnmálin, sem eru í brennidepli, engin vandamál verða leyst, nema breytt verði um ríkisstj. og stjórnarstefnu.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur nú farið fram á það, að það væri frekar reynt að greiða fyrir þessu frv., því að það væri þannig vaxið, að æskilegt væri að fá það afgreitt nokkuð fljótt eða fyrir helgi. Ég get að sumu leyti skilið þær ástæður, sem hún færir fyrir því, og ég skal þess vegna ekki verða til þess að tefja það með mörgum orðum, enda gefst ærin ástæða til þess að ræða þetta mál nánar, gengismálin nánar í sambandi við önnur mál, sem vafalaust eiga eftir að koma hér fyrir þingið, en mér finnst samt rétt, vegna þess að ég tel, að hér sé um slíkt stórmál að ræða, að ekki sé rétt að láta það ganga svo til 2. umr., að ekki láti nokkrir þm. til sín heyra.

Ég hafði nú reyndar búizt við því, að hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. forsrh. mundi svara ýmsum þeim fsp., sem hér hafa verið lagðar fram af hálfu þeirra, sem hafa talað á undan mér, en mér virtist samt vera þannig ástatt, þegar ég kvaddi mér hljóðs, að það mundi enginn vera á dagskrá og ekki horfur á því, að stjórnin mundi neitt láta til sín heyra, vegna þess að ég sé, að þeir ráðh., sem þetta mál er nú skyldast, hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh., eru horfnir úr salnum og voru það, þegar ég bað um orðið.

Ég verð nú að segja það, að mér finnst það heldur undarlegt, að þegar hæstv. ríkisstj. hefur farið fram á það, að þetta mál fái greiða afgreiðslu gegnum þingið, og þeir, sem hafa talað, hafa mjög stillt máli sínu í hóf, — þá skuli hún ekki sýna þinginu og þessum þm. þann sóma að svara þeim fsp., sem fram hafa verið bornar. En vissulega eru þær þess eðlis, að þm. eiga heimtingu á því að fá svör við þeim nú þegar.

Það, sem mér finnst alveg sérstök ástæða til þess að minnast á í sambandi við þetta mál, er það, að í dag hefur fallið mjög athyglisverður dómur, dómur um málflutning stjórnarliða og okkar stjórnarandstæðinga á undanförnum missirum og mánuðum, og ekki sízt í sambandi við seinustu þingkosningar. Þm. er það áreiðanlega í fersku minni, hvert hefur verið eitt helzta deiluefni milli stjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar að undanförnu. Helzta deiluefnið hefur verið það, hvaða afleiðingar viðreisnarstefnan svonefnda hefur haft fyrir efnahagslífið í landinu. Við í stjórnarandstöðu höfum haldið því fram og fært að því ýmis rök, að þannig hafi verið haldið á málum af hæstv. ríkisstj. á undanförnum árum, þrátt fyrir það óvenjulega góðæri, sem þjóðin hafði búið við, að svo væri komið málum hennar, að atvinnuvegirnir væru komnir í mikla þröng og það væri ekki hægt að tryggja sæmilegan rekstur þeirra, án þess að gripið væri til einhverra meiri háttar ráðstafana. Þetta sögðu þeir alveg hiklaust fyrir seinustu kosningar. Þá var sagt af stjórnarliðinu, af ráðh., frambjóðendum stjórnarflokkanna og stjórnarblöðunum, að þetta væri ekki annað en barlómur. Það var sagt, að þetta væri þessi gamli barlómur Framsfl. að vera að halda slíku fram eins og þessu. Þeir héldu því fram hins vegar, að hér stæði allt með hinum mesta blóma. Viðreisnin hefði tryggt örugga undirstöðu atvinnuveganna og það mundi ekki þurfa að grípa til neinna stórfelldra ráðstafana á næstunni til þess að tryggja afkomu þeirra.

Í dag hefur fallið dómur um þennan málflutning okkar stjórnarandstæðinga og stjórnarinnar. Og það verður ekki sagt, að þessi dómur sé kveðinn upp af aðila sem sé óvilhallur ríkisstj., því að þennan dóm hefur hún kveðið upp sjálf. Og hann er í stuttu máli sá, að þannig sé komið afkomu útflutningsatvinnuveganna eftir mesta góðæri, sem þessi þjóð hefur nokkru sinni búið við um 6—7 ára tíma og eftir þá viðreisnarstefnu, sem ríkisstj. hefur haldið uppi og hún hefur talið, að væri sú bezta stjórnarstefna, sem hér hefur nokkru sinni verið fylgt, að það verður að fella gengi íslenzkrar krónu um 20%, þegar frá er dregið það, sem segja má kannske, að sé vegna falls sterlingspundsins. Þessi dómur er í raun og veru miklu þyngri heldur en sá, sem við stjórnarandstæðingar höfum haldið fram að undanförnu, því að þó að við höfum talið, að svo væri komið atvinnuvegunum, að óhjákvæmilegt mundi vera að gera sérstakar ráðstafanir þeim til viðréttingar, hefur engum okkar dottið í hug að halda því fram, að ástandið væri svo alvarlegt, að það væri útilokað að rétta við hag atvinnuveganna öðruvísi en grípa til jafn stórfelldrar gengislækkunar og þeirrar, sem hér er um að ræða.

Í þessu deilumáli okkar stjórnarandstæðinga og stjórnarsinna hefur þannig verið felldur dómur, sem við frá því sjónarmiði, að við höfum haldið réttu fram, megum vel við una og sem stjórnarsinnar eiga áreiðanlega erfitt með að hnekkja, þar sem það er ríkisstj. sjálf, sem hefur kveðið þennan dóm upp. Mér finnst það nú heldur leiðinlegt og ekki bera vott um það, að forsrh. sýni Alþ. sérstaka virðingu, þegar hann hefur lagt fram mál eins og þetta og óskað eftir, að því sé hraðað gegnum þingið, þá getur hann ekki einu sinni verið viðstaddur, þegar umr. fara fram um þessi mál. Ég segi þetta m.a. vegna þess, að ég hafði ætlað mér að rifja hér upp örstutt ummæli forsrh. og segja nokkur orð í því sambandi. Ég kann hálfilla við að þurfa að gera

það að ráðh. fjarverandi, svo að — ja, ég er ekki í neinu tímahraki, svo að ég get vel beðið eftir því, að ráðh. sýni sig hér. (Gripið fram í.) Nú, eru þeir í sjónvarpinu. Það er mjög leiðinlegt, en væri það ekki athugandi þá, að herra forseti gæfi aðeins fundarhlé, þannig að ráðh. hefði aðstöðu til þess að vera viðstaddur, þegar umr. fara fram um þetta mál. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að þrír hæstv. ráðh. eru viðstaddir í hv. þd.) En nú er þessu þannig háttað, að það er hæstv. forsrh., sem hefur mælt fyrir þessu frv., og það er sérstaklega til hans, sem ég vil beina orðum mínum. (Gripið fram í.) Ja, eftir því, sem hæstv. forseti segir, mun vera von á ráðh. innan skamms, og kannske maður reyni þá að snúa sér að einhverjum öðrum atriðum á meðan, þannig að maður þurfi ekki... (Gripið fram í.) Ja, það er nokkuð langur tími. En það er svo sem vel hægt að halda út klukkutímann, ef maður kærir sig um, því að það er vissulega það mikið að segja um þetta mál. En stjórnin hafði nú, skilst mér, farið fram á, að það væri gert frekar við annað tækifæri heldur en þetta — ég held, að það hafi verið hæstv. landbrh., sem skaut því fram, að það yrði eftir 2. umr. og 3. umr. um málið, og ég get alveg eins talað við þær umr. eins og þessa. Það kemur nokkuð út á eitt. Og af því að mér finnst heldur leiðinlegt að vera að ávarpa þá, sem fjarstaddir eru, því að mest af því, sem ég vildi segja, er nú beint til hæstv. forsrh., þá skal ég verða við þeim tilmælum landbrh. að geyma þetta annaðhvort til 2. eða 3. umr. En ég verð ekki stuttorðari fyrir það.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18:12 atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 78, n. 79 og 80, 81).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Fjhn. beggja d. hv. Alþ. hafa á sameiginlegum fundi nú í kvöld tekið frv. til athugunar. Meiri hl. fjhn. þessarar hv. d. leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu við 5. gr. þess, sem tilgreind er á sérstöku þskj., sem síðar mun verða útbýtt. Nál. meiri hl. fjhn. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„N. hefur athugað frv. Mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþ. með þeirri breytingu við 5. gr. þess, sem fram kemur á sérstöku þskj.“

Undir þetta nál. skrifa Guðlaugur Gíslason, Sigurður Ingimundarson, Gunnar Gíslason og Axel Jónsson. En sú breyt., sem þarna er getið, að síðar muni koma fram á sérstöku þskj., er, eins og fyrr segir, við 5. gr. þess, nánar tiltekið við 2. mgr. og 2. málslið. Málsl. þessi, eins og hann er í frv., hljóðar þannig:

„Ákvæði þetta gildir ekki um greiðslufrestsábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna.“

Af tæknilegum ástæðum var talið eðlilegra, að þetta orðalag yrði gert nokkuð skýrara og var þar farið eftir ábendingu þeirra aðila, sem undirbjuggu frv., og hljóðar brtt. þannig, með leyfi forseta:

„2. málsl. 2. mgr. 5. gr. frv. hljóði þannig:

Ákvæði þetta gildir ekki um gjaldfallnar ábyrgðir með greiðslufresti, sem greiddar eru erlendis, ef vöruskjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna.“

Efnisbreyting er þetta ekki, en eins og ég sagði talið eðlilegra af þeim aðilum, sem undirbjuggu frv., að þessi málsl. þess væri gerður nokkuð skýrari.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er aðeins að finna þau ákvæði, sem nauðsynlegt er að lögfesta, áður en gjaldeyrisviðskipti hefjast að nýju, sem stefnt er að, að orðið geti n.k. mánudag hinn 27. þ. m. og þá á grundvelli hins nýja stofngengis, ef frv. þetta verður samþ. Ég tel ekki, herra forseti, ástæðu til lengri framsögu eða að gera frekari grein fyrir efni frv. Hæstv. forsrh. gerði það mjög greinilega, þegar hann lagði frv. hér fram síðdegis í dag, þá fyrir málinu í heild og einnig fyrir hverri sérstakri gr. þess, og tel ég því ekki ástæðu til þess að hafa þessa framsögu lengri, en eins og ég sagði í upphafi, leggur meiri hl. fjhn. til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem lögð hefur verið fram og ég vil leyfa mér að afhenda forseta hér til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 81, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft þetta mál til meðferðar, ef meðferð skyldi kalla. Nál. hafa ekki verið prentuð, eins og menn hafa heyrt. Fjhn. klofnaði í afstöðu sinni til þessa máls, og minni hl. hennar, þm. Framsfl. og Alþb., hafa skilað séráliti, sem ég mun nú leyfa mér að lesa, þar sem því hefur ekki verið útbýtt prentuðu, svo sem venja er til:

„Nál. um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. fjhn.

Með frv. þessu staðfestir ríkisstj. þá fyrirætlun sína að ætla að lækka gengi íslenzkrar krónu um 24.6%, en það jafngildir hækkun á erlendum gjaldeyri um 32.6%. Slík stórkostleg breyting á verðgildi erlends gjaldeyris mun að sjálfsögðu hafa margvísleg og mikil áhrif á þjóðarbúskap landsmanna. Verðlag á innfluttum vörum mun stórhækka og allt verðlag í landinu og þjónusta mun fylgja á eftir.

Nú hefur ríkisstj. tilkynnt, að hún muni á næstunni leggja til, að numin verði úr l. ákvæðin um vísitöluuppbætur á laun í samræmi við verðlag á hverjum tíma. Afleiðingar þess hljóta því að verða mikil kjaraskerðing launafólks að óbreyttum kjarasamningum, og þá um leið mikil kjaraskerðing bænda. Telja má víst samkv. yfirlýsingu verkalýðssamtakanna, að þau uni ekki við þá skipan mála, að dýrtíð stóraukist án hækkunar á kaupi verkafólks. Með gengislækkun þeirri, sem ríkisstj. nú hefur ákveðið, og með lagasetningu um afnám vísitöluuppbótar á laun,

er því augljóslega stefnt út í vinnudeilur, sem haft geta hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir atvinnulíf landsins.

Frv. það, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, fjallar ekki um nema lítinn hluta gengislækkunarmálsins. Í því er ekki að finna nein ákvæði um veigamestu þætti málsins, eins og þá, sem varða þróun verðlags- og verðlagningarmála, tolltekjur ríkissjóðs, launagreiðslur sjómanna og stuðninginn við atvinnuvegina.

Ákvörðun ríkisstj. um gengislækkun þá, sem ákveðin hefur verið, er í algerri mótsögn við yfirlýsingar hennar, sem gefnar voru fyrir fáum vikum um nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum. Þá var því haldið fram, að gengislækkun væri hættuleg og hefði í för með sér miklu meiri ókosti en kosti. Þá var talið réttast að leggja á nýja skatta og stórhækka verð á landbúnaðarvörum til þess að létta á útgjöldum ríkissjóðs.

Nú virðist ætlunin að halda fast við nýju álögurnar og verðhækkanirnar á lífsnauðsynjum almennings, en demba síðan ofan á allt saman stórfelldri gengislækkun.

Minni hl. fjhn. telur, að stefna ríkisstj. í efnahagsmálum sé í grundvallaratriðum röng og fái ekki staðizt. Stjórnin hefur nú staðið að þremur gengislækkunum á 8 árum, og eftir einstætt góðæri í mörg ár metur hún sjálf efnahagsástandið þannig, að enn verði að grípa til lífskjaraskerðingar með stórhækkandi verðlagi á öllum vörum í landinu. Minni hl. getur því ekki mælt með samþykkt frv., en leggur til, að það verði fellt."

Hæstv. ríkisstj. beitti sér á sínum tíma fyrir þeirri lagabreytingu, að ákvörðunarréttur um gengi íslenzkrar krónu skyldi ekki vera í höndum Alþ., heldur fluttur til Seðlabankans. Hvers vegna var þetta gert? Hvernig var þetta rökstutt á sínum tíma? Það var rökstutt með því, að æskilegt væri, að gengisskráningarbreytingin tæki sem skemmstan tíma og málið væri sem styzt til umr. á opnum vettvangi. Nú hefur það hins vegar skeð, að Íslendingar hafa þurft að draga það í allt að því viku að breyta sínu gengi, eftir að gengi sterlingspundsins var breytt, margfalt lengur heldur en nokkur önnur þjóð, og var ekki að sjá, að þessi tilraun til að fá skjóta afgreiðslu á gengisbreytingum á Íslandi hafi borið sérlega mikinn árangur. En það hefur líka komið á daginn, því hefur verið haldið fram hér við umr. í kvöld og ekki verið mótmælt af hálfu hæstv. ríkisstj., að ákvörðunin um lækkun krónunnar nú hafi raunverulega ekki verið tekin í Seðlabankanum, heldur hjá ríkisstj. Og þá fer svona að verða sýnt, hvað var verið að fara með því að taka ákvörðunina um gengisbreytingar úr höndum Alþingis. Þá var verið að ná ákvörðunarréttinum til ríkisstj. í raun og veru, þó að það sé látið heita svo, að Seðlabankinn framkvæmi breytinguna. Því hefur ekki verið mótmælt hér, sem sagt var við 1. umr. málsins, að það er fyrst í raun og veru, þegar allt er klappað og klárt, sem stjórn bankans er kölluð saman til málamyndaafgreiðslu á málinu.

Ég verð að segja það að öðru leyti um vinnubrögðin kringum þetta mál, að mér finnst þau vera fyrir neðan allar hellur. Það fer ekki á milli mála, að það er rétt, sem segir í nál. minni hl. og bent hefur verið á við 1. umr. málsins, að það er aðeins brot af þeim ráðstöfunum, sem koma til með að fylgja þessari gengislækkun, sem fjallað er um hér í hv. d. á þessu kvöldi, aðeins brot. Hæstv. forsrh. nefndi ekki, hvað margra frv. væri von frá hæstv. ríkisstj. í þessu sambandi, en ég tók eftir því, að hann talaði ævinlega um frv. í fleirtölu, sagði, að sumt kæmi öðru hvoru megin við helgi og sum síðar. Það er þess vegna engin leið til þess að fá á þessu stigi nokkra heildaryfirsýn yfir það, sem er að gerast og kemur til með að gerast á næstu vikum í kringum þessa gengislækkun, sem nú hefur verið ákveðin. Það var beint nokkrum spurningum til hæstv. ríkisstj. við 1. umr. málsins áðan, en hún sá ekki ástæðu til þess að svara neinni þeirra. Og ég get varla hugsað mér, að það sé hægt að sýna hv. d. meiri óvirðingu undir meðferð þýðingarmikils máls heldur en þessa framkomu hæstv. ráðh. En það er hins vegar hægt að segja, að vinnubrögðin í þessu máli eru í nokkuð góðu samræmi við vinnubrögð ríkisstj. í efnahagsmálunum á undangengnu 8 ára tímabili og ýmis einstök viðbrögð í þeim málum.

Ég fer ekki langt út í þá sálma. Það má rétt minna á það enn, sem oft hefur hér verið bent á, að það var fyrsta loforð og fyrsta boðorð þessa meiri hl., þegar hann komst til valda, að koma rekstri íslenzkra atvinnuvega á heilbrigðan og traustan grundvöll. Það var einnig, og loddi auðvitað saman, eitt af allra fyrstu boðorðunum að stöðva verðbólguna. Allir landsmenn hafa séð, hvernig þetta hefur tekizt. Og þar á ég ekki við það, sem nú er að gerast, því að þetta er ekki fyrsta gengislækkunin hjá hæstv. ríkisstj., hvað þá að það sé fyrsta ráðstöfunin, sem gerð er til að bjarga atvinnuvegum, sem berjast í bökkum. Þær eru búið að gera margar, en grundvöllurinn undir atvinnulífinu hefur aldrei á þessum 8 árum verið holgrafnari heldur en hann er einmitt nú í dag. En þrátt fyrir þetta hikar ekki núv. hæstv. ríkisstj. við að fara þess á leit við hv. Alþ., að það samþykki ráðstafanir eins og þær, sem boðið var upp á í efnahagsmálafrv. á dögunum, og eins og þær, sem nú er farið fram á, og eins og þær, sem eftir eiga að koma. Það virtist annars vanta í framsögu hæstv. forsrh. fyrir þessu máli áðan, að hann gerði grein fyrir því svona stuttlega, hvað ætti að verða um efnahagsmálafrv., sem lagt var fram hér á dögunum og þá átti að bjarga þjóðfélaginu og atvinnuvegunum, ef það næði fram að ganga. Eða a.m.k. að leggja grundvöllinn að því, að það væri þá hægt með pennastriki um áramótin að bjarga málunum. En þetta er ekki það eina. Það var eitt af loforðunum að afnema allar uppbætur og niðurgreiðslur. Þær hafa aldrei verið meiri en nú. Það átti að afnema tekjuskattinn eða svo hljóðaði ein fyrirsögn í hinni ágætu bók „Viðreisn". Landsmenn þekkja, hvernig það var efnt. Það átti að taka vísitöluna úr sambandi við kaupið, og það var vissulega gert og þá talið mjög gagnlegt, en það voru ekki liðin nema nokkur ár, þegar það var orðið jafn mikið nauðsynjamál að setja hana aftur í samband að dómi þessara stjórnarflokka í júní-samkomulaginu. Og þeir rómuðu það mjög, að það samkomulag hefði stórkostlega þýðingu. Og svo núna er aftur þar komið, sem byrjað var, að nú á að taka vísitöluna úr sambandi á ný.

Þannig er þetta koll af kolli. Þetta eru auðvitað furðuleg vinnubrögð og verða aldrei of oft eða of harðlega átalin, því að þau bera vott um fullkomið ábyrgðarleysi, og ég vil segja fullkomið blygðunarleysi.

En nú hefur gengisfellingin verið ákveðin, og menn vita, hversu mikil hún er. Það hefur verið tilkynnt í dag, að gengi íslenzkrar krónu skuli lækka um 24.6%, sem þýðir það, að erlendur gjaldeyrir hækkar um 32.6%. Þessi gengisfelling á íslenzku krónunni hefur verið tengd falli sterlingspundsins. Það er hins vegar vitað, að útflutningur Íslendinga fer ekki nema að hluta til Bretlands, og til þess að útflutningsatvinnuvegirnir hefðu staðið jafnréttir eftir gengisfellingu pundsins, þurfti ekki nema lítið brot af þeirri lækkun íslenzku krónunnar, sem nú hefur verið ákveðin, til þess að atvinnuvegirnir stæðu jafnréttir gagnvart fellingu pundsins. Það eru ekki margar þjóðir í Norðurálfu, sem hafa horfið að því ráði að fylgja pundinu. Danir, sem hafa hlutfallslega miklu meiri viðskipti við Englendinga heldur en við og eiga þess vegna miklu meira undir gengi pundsins, felldu ekki sína krónu nema um lítið brot af því, sem við felldum okkar krónu. Norðmenn, sem í útflutningsverzlun hafa um sumt líka aðstöðu og Íslendingar, felldu alls ekki sitt gengi. Nú er þjóðinni sagt, að þær vandræðaráðstafanir, sem gripið hefur verið til, stafi af því og því einu, að verðfall hafi orðið á íslenzkum útflutningsvörum og að afli úr sjó hafi farið minnkandi. En ég held, að hæstv. ríkisstj. komist aldrei framhjá því, að hún er búin að sitja í tvö kjörtímabil við ágætt árferði í útflutningsframleiðslu, hækkandi verðlag á erlendum mörkuðum og vaxandi afla úr sjó og hver dugandi ríkisstj., sem rekur skynsamlega og hagkvæma efnahagsmálastefnu, hlýtur eitthvað að geta gert á slíku tímabili, eins og þessi hæstv. ríkisstj. hefur notið, til tryggingar heilbrigðri efnahagsþróun. Og það er varla hægt að hugsa sér betri aðstöðu til þess að standa við fyrirheitin um að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan rekstursgrundvöll heldur en það að sitja allan þennan tíma við þessar aðstæður.

Nei, erfiðleikar atvinnulífsins voru áreiðanlega farnir að segja til sín og það svo að ekki varð um villzt, áður en kom til verðfalls á erlendum mörkuðum og áður en fór aftur að draga úr síldaraflanum, sem hafði verið vaxandi ár frá ári, þannig að magn og verðmæti sjávarafurðanna var eftir 6—7 árin orðið margfalt við það, sem það var, þegar þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því að rökstyðja þá fullyrðingu, að erfiðleikarnir hafi verið farnir að segja til sín í atvinnulífinu, áður en verðfallið kom til. Það nægir að minna á ástandið hjá togaraflotanum, á erfiðleika frystihúsanna og erfiðleika margvíslegs innlends iðnaðar, enda fer það ekkert á milli mála, að hæstv. ríkisstj. hefur löngum sett megintraust sitt í tekjuöflun þjóðarinnar á annað heldur en hina íslenzku atvinnuvegi. Það er ekki langt síðan hún gerði álsamninginn, en í honum finnast ákvæði um verðlag og raforku, sem eru svo hagkvæm fyrir hinn erlenda aðila, að upplýst var á sínum tíma, að hvergi í víðri veröld hefði sá auðhringur náð slíkum samningum. Það gefur svona dálítið glögga mynd af skilningnum á þörfum íslenzku atvinnuveganna, ef maður hefur þetta annars vegar og svo til hliðsjónar, hvernig staðið hefur verið að raforkuframkvæmdum í ýmsum landshlutum, og hvaða kjör íslenzkur iðnaður hefur í sambandi við raforkuna. Ég ætla ekki að fara að eyða um það mörgum orðum, en eins og ég rakti hér í umr. um efnahagsmálafrv. um daginn, gerist það, að þegar síldveiðar margfaldast og allur þungi síldariðnaðarins færist í nýjan landshluta, er þar harla lítill litur sýndur á að greiða fyrir því, að hægt væri að vinna það gull, sem þar hefur verið unnið, með eðlilegum hætti. Og enn í dag býr sá landshluti við rándýra og ótrygga díselorku, þó að þar sé að finna vatnsföll, sem eru ágætlega fallin til virkjunar og einmitt af þeirri stærð, sem þarna hentaði.

Það mætti nefna ótal mörg dæmi um hinn takmarkaða skilning stjórnarvalda á þörfum íslenzkrar framleiðslu og íslenzkra atvinnuvega, þó að ég fari ekki langt út í það að þessu sinni. Það má þó minna á vaxtaokrið, sem hefur verið öllum atvinnurekstri fjötur um fót. Og það, hvernig haldið hefur verið á lánamálum atvinnuveganna að öðru leyti, segir líka sína sögu, t. d. það, hver þróun hefur orðið í endurkaupum Seðlabankans varðandi afurðalánin, sem aðeins jukust lítið eitt á sama tíma og verðmæti framleiðslunnar margfaldaðist. Ekki hefur þessi hæstv. ríkisstj. beitt sér fyrir aðgerðum vegna togaraútgerðarinnar, eins og ég minntist á áðan, eða fyrir því að endurnýja togaraflotann. Það bólar ekkert á því. Og hvernig skyldi standa á því, að í Noregi finnast heil byggðarlög, sem hafa atvinnu af því að byggja fiskibáta fyrir Íslendinga, en ekki hefur verið talið rétt að framkvæma þær smíðar á Íslandi, til þess þá m. a. að undirbyggja traust atvinnulíf í einhverjum byggðarlögum?

Nei, ég held, að það verði ógerningur og það takist aldrei fyrir hæstv. ríkisstj. að hreinsa sig af því, að hún hefur á sínum valdatíma vanmetið íslenzka atvinnuvegi.

Og nú biður ríkisstj. hæstv. um þriðju gengislækkunina á þessu 8 ára tímabili, sem hennar flokkar hafa farið með völd á Íslandi. Og hún biður um skjóta afgreiðslu um leið og það blasir við, að aðeins brot af málinu er lagt fyrir Alþ. og um leið og hún synjar því raunverulega að svara nokkrum fsp. og gefa nokkrar frekari upplýsingar en fram komu í stuttri inngangsræðu hæstv. forsrh., áður en málið fór til n.

Við 1. umr. var beint mörgum spurningum til hæstv. ríkisstj. um kaupgjaldsmálin, hversu þau yrðu meðhöndluð, um verðlagninguna innanlands, hvernig með hana yrði farið og um hlut atvinnuveganna í þessu öllu saman, og ekkert svar. Og um hlut bænda sérstaklega og sjómanna og alveg sama.

Það hefur við þessar umr. og áður nú í haust við umr. um efnahagsmálafrv. verið sýnt fram á það með mjög ljósum rökum, hver áhrif stjórnarstefnan hefur haft á þessum 8 árum á efnahagslífið og atvinnuvegina. Og það er í sjálfu sér engin breyting boðuð á stjórnarstefnunni. Þess vegna er það rökrétt og eðlileg ályktun, að menn vænta ekki af gengislækkuninni neinnar framtíðarlausnar á vandanum. Hún lyftir máske eitt-

hvað undir atvinnuvegina í bili, en með óbreyttri stjórnarstefnu er það varla hugsanlegt, að nú takist betur til heldur en á liðnum 8 árum, nema síður sé, því að við getum ekki vænzt þess að fá önnur eins toppaflaár og eins hagstæða verðlagsþróun og var lengst af á þeim stjórnartíma, sem genginn er. Það er þess vegna í sjálfu sér ógerningur að gjalda jáyrði við því frv. og þar með við þeirri gengisskráningu, sem nú hefur verið ákveðin, þegar þessa er gætt. Og það gerir það enn ófýsilegra, þegar það er haft í huga einnig, að alþm. hafa raunverulega ekki fengið neina fullnægjandi grg., hvorki fyrir ástæðunum fyrir gengislækkuninni, og þá enn þá síður fyrir því, hvað í henni felst í raun og veru og hvernig hún kemur til með að verka á hina ýmsu þætti efnahagsmálanna. Að okkar dómi, sem vorum í minni hl. í fjhn. þessarar hv. d., kemur þess vegna ekki til mála að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir, og eins og fram kom í því nál., sem ég las, leggjum við til, að það verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21:18 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21:12 atkv.
Brtt. 81 samþ. með 21 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 21:18 atkv.

Á 25. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 82).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:19 atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., 25. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. útbýtt á fundinum eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mönnum er nógsamlega kunnugt um tilefni þessa frv., og eins og verða vill, greinir menn bæði á um orsakir þeirra ráðstafana, sem nú hafa verið gerðar, og eins hvort þær séu í eðli sínu réttmætar. Ég skal ekki rekja það mál í sambandi við þetta frv. þegar af því að mikið liggur við, að það fái greiðan framgang. Nýtt gengi íslenzku krónunnar hefur nú verið ákveðið af réttum aðilum, en forsenda þess að eðlileg viðskipti, bæði í bönkum og varðandi tollafgreiðslur, geti hafizt á ný, er, að þær ráðstafanir séu gerðar, sem í þessu frv. eru till. um. Slíkar ráðstafanir hafa ætíð verið lögboðnar í sambandi við gengisbreytingar, bæði á meðan sjálf gengisákvörðunin var í höndum löggjafarvaldsins og eins eftir að Seðlabankanum var fengið það vald. Yfirleitt hafa þær ákvarðanir þó verið margþættari heldur en gerðar eru till. um í þessu frv. En ástæðan til þess, að þetta frv. tekur ekki til fleiri atriða heldur en í því greinir, er sú, að þar sem svo stuttur tími er til stefnu, þótti ekki rétt að taka með önnur atriði en þau, sem einsýnt var um, að skyndilega þyrfti að ákveða og ekki eru horfur á, að verulegar deilur geti hafizt um út af fyrir sig, þó að menn greini á um sjálft málið og ýmsa einstaka þætti þess. Það er þess vegna ráðgert, að fleiri frv. verði lögð fram í sambandi við þetta mál. Nú þegar í dag er ráðgert, að fyrir Alþ. verði lagt frv. um launamál, og eftir helgina eða í næstu viku verða fleiri frv. borin fram áhrærandi þessi efni. Það er því ljóst, að næg tækifæri gefast til þess að ræða málið í heild auk þess, sem nú hefur verið flutt vantrauststill. á ríkisstj., sem vafalaust stendur í sambandi, a. m. k. m. a., við þessar ákvarðanir, og gefst þá tækifæri til að ræða þær í heild í alþjóðaráheyrn.

Ég skal þess vegna stytta mál mitt mjög, þar sem ég vil beina því til hv. þm., að þeir afgreiði málið nú á skammri stundu, svo að unnt sé að lögfesta þessi ákvæði þegar í dag.

Í 1. gr. er ákvæði varðandi tollafgreiðslu hliðstæð þeim, sem sett hafa verið í l. bæði 1960 og í l. um gengisbreytinguna 1961, og er þar um að ræða hrein tæknileg fyrirmæli, sem ég geri ekki ráð fyrir, að neinn ágreiningur sé um.

Varðandi 2. gr. er hún einnig óbreytt að orðum og efni frá því, sem var í l. frá 1960 og í brbl. frá 1961, sem staðfest voru með l. 1962, svo að þar er einnig um fordæmi að ræða, sem ætlunin er, að fylgt sé, fordæmi, sem ég minnist ekki, að neinn ágreiningur hafi verið um á sínum tíma.

Varðandi 3. gr. er þar aftur á móti um ný fyrirmæli að ræða, sem eðlileg þykja, bæði til samræmis við ákvæðið í 2. gr. og til öryggis vegna þess gengisfyrirvara, sem mun nú vera tíðkaður í farmbréfum, farmskírteinum. Ætlunin er að kveða skýrt á um, að ekki sé heimil vöruverðshækkun af þeim sökum nema að mjög takmörkuðu leyti, þ. e. a. s. einungis að því er varðar erlendan kostnað flutningafélaganna, og að svo miklu leyti sem gegn þeim erlenda kostnaði standa skuldir fyrirtækjanna erlendis, þannig að ætla má, að hvort tveggja sé af sömu rót runnið í raun og veru.

Varðandi 4. gr. eru þau fyrirmæli einnig samsvarandi því, sem áður hefur verið lögfest, þegar svipað hefur staðið á. Nauðsynlegt er að setja frekari löggjöf um ráðstöfun þess fjár, sem lagt verður inn á reikning samkv. ákvæðinu. En það er skýrt fram tekið og þess verður gætt í samningu frv. um þetta efni, að þetta fé komi eingöngu að gagni þeim atvinnugreinum, sem að þessu leyti leggja fé fram á þann reikning, sem 4. gr. gerir ráð fyrir, að stofnaður verði.

Í 5. gr. er fyrst og fremst um að ræða gengisjöfnunarsjóð á milli bankanna innbyrðis, sambærilegan við það, sem áður hefur tíðkazt, þannig að gjaldeyrisbankarnir hafi hvorki hag né tjón af þessari gengisbreytingu.

Í 6. gr. er um að ræða að lögfesta aftur sams konar ákvæði um leyfisgjald og boðið var í l. frá 1960, en síðan breytt á þann veg, að ½% var lagt til ríkissjóðs, en nú var ætlað, að sú greiðsla til ríkissjóðs yrði afnumin.

Þetta er meginefni þessa frv., og eins og ég

sagði, þar sem ég vil mjög eindregið beina því til hv. d., að hún flýti afgreiðslu frv., þó að ég hins vegar skilji, að menn hafa mismunandi skoðanir á því meginmáli, sem þetta frv. er einungis einn angi af, þá vilji þeir greiða fyrir, að sem minnst truflun verði í almennum viðskiptum og stuðli því að því, eins og hv. Nd. gerði, að málið fái skjótan framgang. Mér skilst, að það mundi vera þeim mun auðveldara hér, þar sem hv. fjhn. þessarar d. mun hafa tekið þátt í athugun málsins með Nd.-n., hvort sem hér þætti rétt að vísa málinu formlega til n. eða ekki. Það er á d. valdi.

En ég legg svo til, að málið verði afgreitt til 2. umr. og ítreka tilmæli mín um skjótan framgang.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til umr., er fylgifiskur þeirrar gengislækkunar, sem gerð hefur verið. Það er, eins og hæstv. forsrh. hefur gert grein fyrir, að öllu verulegu leyti a.m.k. í samræmi við sams konar frv., sem áður hafa fylgt gengisbreytingum. Það er því ekki ástæða til að fjölyrða um þetta frv. út af fyrir sig, og ég hef enga löngun til þess að tefja fyrir framgangi þess, því að vitaskuld er það æskilegt, að afgreiðslur í bönkum þurfi ekki að stöðvast frekar en orðið er.

Á hinn bóginn verður auðvitað ekki hjá því komizt, þegar um þetta mál er fjallað og áður en það er afgreitt, að farið sé nokkrum almennum orðum um það mál, sem er tilefni þessa frv., sem hér liggur fyrir — um sjálfa gengislækkunina.

Hér hefur verið framkvæmd stórfelld gengislækkun. Ég tel þá gengislækkun ekki þannig undirbúna, að líklegt sé, að hún beri nokkurn varanlegan árangur. Ég er því miður hræddur um, að hún verði atvinnuvegunum ekki að því gagni, sem ætlazt er til. Það er út af fyrir sig illa farið, því að það verður ekki vefengt, að atvinnuvegirnir þurfi á fyrirgreiðslu og það mikilli fyrirgreiðslu að halda, þó að ég treysti mér ekki á þessu stigi til þess að segja neitt um það, hvort sú fyrirgreiðsla er sú sama út af fyrir sig, eins og í þessu frv. felst, og kem ég að því síðar. En það er ljóst, að þeim verður eitthvað að gera til þjargar. En ég tel, að til þess að gengislækkun nái tilgangi sínum og verði að því gagni, sem ætlazt er til fyrir atvinnuvegi, sé það höfuðforsenda, að um hana skapist víðtæk samstaða, að á því sé fullur skilningur meðal þjóðarinnar, að ríka nauðsyn beri til að gera þessa ráðstöfun. Ég dreg mjög í efa, að þær forsendur séu fyrir hendi þessu sinni. Og þess vegna efast ég mjög um það, að þessi gengislækkun beri þann árangur, sem til er ætlazt, og kem ég betur að því síðar.

Það er auðvitað augljóst mál og þarf ekki að eyða orðum að því hér, að þessi gengislækkun, sem hér hefur verið gerð, er ekki gerð vegna lækkunar á gengi sterlingspundsins nema að mjög litlu leyti, heldur vegna öngþveitis íslenzks efnahagslífs og vegna vandræða íslenzkra atvinnuvega. Þetta er svo augljóst mál, að um það er ekki ástæða til að fjölyrða, enda hefur það verið viðurkennt.

Stórfelld gengislækkun er að sjálfsögðu ætíð örlagarík ráðstöfun, sem snertir hag svo að segja hvers einasta mannsbarns og allrar þjóðarinnar í heild. Hún hefur í för með sér það mikla röskun. Hún hefur að sumu leyti eða getur haft að sumu leyti jákvæð áhrif, en hún hefur líka að öðru leyti neikvæð áhrif. Hún er þess eðlis, að hún ýtir undir margvíslega spákaupmennsku og óheppilega verðlagsþróun innanlands, stuðlar að öllum jafnaði að vaxandi verðbólgu, og grefur undan trausti á peningum og sparifjársöfnun. Hún getur að sönnu fært sumum búbót, en færir þá aftur á móti öðrum kjaraskerðingu. Hún getur fært sumum eignaaukningu, en öðrum þá aftur á móti eignaskerðingu. En búbótinni, sem hún kann að hafa í för með sér fyrir suma, fylgir oftast nær talsverður böggull. Og þarf ekki að rökstyðja það, því að þó að almennt sé talið, að gengislækkun bæti aðstöðu útflutningsatvinnuvega, þá er það svo augljóst mál, að þeir þurfa á ýmsum rekstrarvörum, mismunandi miklum, að halda í erlendum gjaldeyri og auðvitað batnar ekki þeirra hagur með gengislækkun að því er til þeirra vara tekur. Og enn fremur er það svo, að margir af þessum, sem búbót eiga að hljóta vegna gengislækkunar, skulda í erlendum gjaldeyri og verða þess vegna fyrir tapi í því sambandi, þannig að jafnvel þeim, sem gengislækkun er þó ætlað að styðja, er ekki alltaf fullur fengur að henni.

En þetta um verkanir gengislækkunar er annars allt býsna flókið dæmi og ekki svo auðvelt að gera sér í skjótu bragði fulla grein fyrir útkomunni úr því dæmi. Það liggur því í augum uppi, að slíka ráðstöfun þarf að undirbúa vel og gera sér grein fyrir afleiðingum hennar í ýmsar áttir, áður en til hennar er stofnað. Það er heppilegra hér í þessu falli að skoða í upphafi endinn og athuga það, til hvers hún leiðir, áður en ráðizt er í slíka ráðstöfun, sem getur verið svo örlagarík.

Ég held, að mjög mikið skorti á, að slík nauðsynleg athugun hafi farið fram í þetta skipti, áður en ráðizt var í þessa gengislækkun, sem hér er um að ræða.

Í sambandi við frv. um efnahagsaðgerðir, sem rætt var fyrir nokkrum dögum í hv. Nd., þar sem um var að ræða fyrst og fremst tekjuöflun fyrir ríkissjóð, var á það bent af stjórnarandstæðingum, að þar væri aðeins um að ræða einn þátt vandamálsins, einn þátt þess vanda, sem við væri að glíma, halla ríkissjóðs, en hins vegar væri þar ekkert litið á vandræði atvinnuveganna, en þeirra vanda þyrfti auðvitað að taka til athugunar fyrst og fremst, en þá var því svarað til, að það væri ekki tímabært. Það lægi þá ekki ljóst fyrir, hverjar þarfir atvinnuveganna væru. Stjórnin væri þá ekki við því búin að segja til um það. Hún hafði þá ekki gert sér grein fyrir því, að þá var það sagt, sem rétt er, að gengislækkun fylgdu jafnan mikil vandkvæði, já, svo mikil vandkvæði, að vandséð væri, að kostirnir væru meiri en gallarnir, sem fylgdu. Þetta var sagt og í þessum dúr var talað allt fram að síðustu helgi.

En svo var pundið lækkað, og þá var kvæðinu vent í kross. Þá var í hvelli hægt að gera sér grein fyrir því, hverrar gengislækkunar þyrfti við. Þá taldi stjórnin sig viðbúna að 4 eða 5 dögum liðnum að segja til um það, hve mikla gengislækkun þyrfti að gera, ekki vegna lækkunarinnar á sterlingspundinu, því að það hefði út af fyrir sig verið auðreiknað dæmi og það hefði ekki þurft neina 4—5 daga og bankalokun í viku til

þess. Nei, heldur treysti hún sér til eftir þessa 4 daga að segja til um það, hverja gengislækkun þyrfti að gera vegna atvinnuveganna. Ég efast um, að á þessum stutta tíma hafi gefizt tími til að athuga þau mál niður í kjölinn, sem sögð voru óathuguð áður. Það sést líka á því, sem fram hefur komið í sambandi við þetta mál, að það er langt frá því niður í kjölinn skoðað. Það segir bæði í grg. frá Seðlabankanum, sem fylgir þessari ákvörðun, og það er fram tekið af hálfu ríkisstj., og það kemur fram í flestum viðtölum, sem forustumenn atvinnuvega og stéttarsamtaka hafa átt í gær við blaðamenn, að þessari gengislækkun þyrftu að verða samferða ýmsar hliðarráðstafanir og það væri jafnvel undir þeim hliðarráðstöfunum komið, hvort gengislækkun bæri að nokkru leyti þann tilætlaða árangur. En hvar eru hliðarráðstafanirnar? Ja, hvar eru hliðarráðstafanirnar? Þær eru ekki tilbúnar enn, og í grg., sem Seðlabankinn lætur frá sér fara um þetta, segir, að þessa atburði hafi borið svo brátt að, að það hafi ekki reynzt kleift að kanna til fulls, hverra aðgerða væri þörf í þessu efni. En að nú séu mál þessi til gaumgæfilegrar athugunar, eftir að ákvörðun hefur verið tekin um, að þetta skuli gert og að þessi, að nákvæmlega þessi skuli gengislækkunin vera. Og hið sama og með enn sterkara orðalagi kemur fram hjá mörgum forvígismönnum atvinnuveganna, að þeir benda á það réttilega, að árangur gengislækkunar og verkanir hljóti mjög að vera undir því komnir, hverjar hliðarráðstafanir séu gerðar. Hvernig geta menn svo tekið og gert svona ákvörðun, þar sem afleiðingarnar eru að miklu leyti komnar undir hliðarráðstöfunum, áður en þeir hafa gert sér grein fyrir því, hvaða hliðarráðstafanir á að gera? Ja, það er einkennilegur hugsanagrautur. Ég verð að segja það.

Ég held þess vegna, að þessi gengislækkun sé gerð af allmiklu handahófi. Ég held, að hún sé byggð á heldur miklum ágizkunum og ég held, að það sé rennt nokkuð blint í sjóinn í æðimörgum efnum í sambandi við þessa ákvörðun og ég álít, að það muni koma á daginn að á slíkum sandi sé ekki rétt og hægt að byggja og reisa jafn stórfellda fjárhagslega röskun eins og þá, sem hér er um að ræða.

Ég verð að segja það, þegar litið er til fyrrv. framburðar ríkisstj. í sambandi við frv. um efnahagsaðgerðir, þegar litið er til þess, sem fram mun hafa komið af hálfu Efnahagsstofnunar í hagráði, þegar litið er til þess, sem frá Seðlabanka hefur komið að undanförnu, verð ég að segja það, að mér virðast þetta vera heldur dingulkennd vinnubrögð að hverfa þannig allt í einu að alveg nýrri leið, sem áður var með öllu ófær talin. Og ég verð að segja það, að mér finnst slík vinnubrögð ekki traustvekjandi. En stikkorðið kom að utan, Wilson ákvað að breyta genginu og þá var sjálfsagt að gera það líka hér.

Ég verð nú að segja það, að mér finnst hún svolitið tímanna tákn, þessi breyting, sem þannig hefur allt í einu á orðið í efnahagsmálastefnunni, þegar þetta er ákveðið úti í Lundúnum. Mér finnst það svona tímanna tákn, bera dálítið vitni því andlega ósjálfstæði gagnvart öllu, sem frá útlöndum og útlendingum kemur, sem því miður ber allt of mikið á hjá okkur um þessar mundir. En í þessu sambandi er ég auðvitað ekki að tala um þá gengislækkun, sem verið hefði aðeins til samræmis við gengisfellingu pundsins, heldur þá stórfelldu gengislækkun, sem hér hefur verið gerð og gerð er af öðrum ástæðum. Hitt var annað mál, hvort menn vildu fylgja pundinu alveg nákvæmlega eftir eða fella gengið til samræmis við það. Það hafa sumar þjóðir gert, það hafa aðrar þjóðir ekki gert. Það fer auðvitað eftir því, hver staða þeirra er, hver viðskiptaleg staða þeirra er gagnvart Bretlandi og öðrum pundslöndum og einnig og fyrst og fremst auðvitað eftir því, hvernig þeirra efnahagslíf hefur staðið.

Ég efast ekkert um og vil ekki á neinn hátt gera lítið úr þeim vanda, sem við hefur verið að etja hjá atvinnuvegunum að undanförnu, og um það er ekki deilt, að sá vandi hafi verið mikill og um það er ekki neinn ágreiningur, að það hafi þurft að gera ráðstafanir þeim til bjargar og á það hefur einmitt verið sérstök áherzla lögð af hálfu okkar framsóknarmanna. En þegar um þann vanda er að ræða, þá er það auðvitað laukrétt, sem hæstv. forsrh. hefur margbent á og undirstrikað, að ein frumforsenda fyrir því að hægt sé að leysa þann vanda, sé að gera sér grein fyrir eðli hans, gera sér grein fyrir því, af hverjum rótum hann sé runninn. Sjálfsagt er það nú svo, að menn verða ekki eins sammála um það efni, af hverju vandinn sé runninn eins og um það, að hann sé fyrir hendi.

Ég held, að það sé aðallega tvennt, sem á sök á þeim vanda, sem við er að etja, sem við hefur verið að etja að undanförnu í ísl. atvinnulífi. Það er í fyrsta lagi verðbólgan. Það er í öðru lagi verðfall á útflutningsafurðum og það er í þriðja lagi erfitt árferði að vissu marki, sem m. a. leiddi til þess, að síðasta vetrarvertíð varð léleg. Þetta eru þær höfuðástæður, sem liggja til vandans. Menn geta kannske deilt um það, hver þátturinn af þessu sé drýgstur. Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa þar um. Ég tel, að verðbólgan sé það, sem langsamlega mestu hefur ráðið um, hversu illa hefur til tekizt um stjórn á efnahagsmálunum og um afkomu atvinnuveganna, um afkomu útflutningsatvinnuveganna. Þegar þess er gætt, og eins og til gengislækkunar þessarar er stofnað, þá efast ég alveg um, að hún verði að því gagni fyrir útflutningsatvinnuvegina og iðnaðinn, sem vonazt er til. Það eru margir, sem segja það, maður sá það í viðtölunum, sem birtust í sjónvarpinu í gærkveldi og viðtölunum í blöðunum í dag, það eru margir, sem vonast til þess, að þessi gengislækkun verði að einhverju gagni, gagni fyrir þá, gagni fyrir þeirra atvinnuveg. Frystihúsin vonast til þess, að þetta verði að gagni fyrir þau. Að vísu telur forsvarsmaður þeirra, að hér hafi nú ekki verið hitt á réttan punkt með þessari gengislækkun, hún þurfi að vera mun meiri. Iðnaðurinn vonast eftir bættri aðstöðu sér til handa, vegna gengislækkunarinnar. Forstöðumenn ferðamála vonast eftir bættri aðstöðu sér til handa, og þannig mætti nokkuð lengi telja. Já, það búast margir við bættum hag og ágóða í sambandi við þessa gengislækkun. En hvaðan kemur sú hjálp? Hún kemur nú ekki af himnum ofan. Hvaðan kemur sú hjálp, sem á að verða þessum atvinnugreinum að liði? Gengislækkun er ekkert töfraráð í sjálfu sér. Til þess

að gengislækkun komi að einhverju gagni eða hafi þá verkun að færa einhverjum hagnað, þá verður það framlag að koma frá einhverjum öðrum. Þetta er nú sá einfaldi sannleikur í öllu þessu flókna máli. Og það er lang-æskilegast, að menn geri sér grein fyrir þessum staðreyndum, en tali ekki um þetta mál út í bláinn og eins og þetta komi bara einhvers staðar utan að frá og kannske bara sjálfskapist úti í geimnum. Þetta verður að koma frá einhverjum öðrum. Gengislækkun er í eðli sínu ekkert annað en eigna- og teknatilfærsla. Það er tekið frá einum og flutt yfir til annars. Og ef þessi gengislækkun á að koma og kemur þessum atvinnugreinum til góða, þá hlýtur hún að bitna aftur á einhverjum öðrum, fram hjá þeirri staðreynd verður ekki komizt. Það verða einhverjir aðrir að taka á sig þær byrðar, sem svara til þess gagns, sem þessar atvinnugreinar eiga að fá af gengislækkuninni. Og auðvitað gera menn sér þetta ljóst. Fyrirsvarsmenn atvinnugreinanna leggja á það áherzlu, að þessi gengisbreyting komi ekki að gagni nema tilkostnaður innanlands hækki ekki og kaupgjald t. d. verði þar af leiðandi óbreytt. En óbreytt kaupgjald með sömu krónutölu eftir gengislækkun þýðir auðvitað kaupgjaldslækkun, þýðir launalækkun, vegna þess að þó krónurnar séu þær sömu, þá eru þær miklu verðminni. Þá hafa launþegar ekki fengið hlutdeild í þeim hagnaði, sem gengislækkunin hefur í för með sér fyrir útflytjendur t. d., af því þeir fá fleiri kr. fyrir þau pund eða þann gjaldmiðil, sem þeir selja fyrir. Þess vegna er það, og ég vil undirstrika það, að gengislækkun er ekkert töfraráð og þegar menn ræða um hana, þá er bezt að gera sér grein fyrir þessu eðli hennar, en vera ekki að tala um þetta með einhverri tæpitungu eða óljósu orðalagi, sem enginn maður skilur. Gengislækkun er neyðarúrræði að mínum dómi, hún getur verið óhjákvæmilegt neyðarúrræði, en hún er alltaf neyðarúrræði. Og ef gengislækkun mistekst, skulum við segja, hefur ekki þær verkanir, sem til er ætlazt, þá er að mínum dómi verr af stað farið en heima setið. Þá er það svo, að menn eru verr staddir eftir gengislækkun en þeir voru fyrir hana. Og ef til vill á það eftir að koma á daginn í sambandi við þessa gengislækkun. Þar kemur að vísu svo margt til greina, að þar um er ekki hægt að spá neinu.

Eins og áður var sagt, er það augljóst mál og þarf ekki að fjölyrða um það, að þessi gengislækkun, sem hér er um að ræða, er ekki nema að örlitlu leyti afleiðing af lækkun sterlingspundsins. Þær ástæður, sem liggja til þeirrar gengislækkunar, sem hér er framkvæmd og hefur verið framkvæmd, eru einmitt þær, sem ég hef áður minnzt á, verðbólgan sem hefur hækkað allan framleiðslukostnað og fjármagnskostnað hér innanlands og svo verðfall á útflutningsafurðum, sem hefur verið talsvert mikið frá því á fyrra ári. Því skal ekki neitað og auðvitað liggur það í augum uppi, að slíkt verðfall hlýtur að hafa sínar afleiðingar. En þó að það sé svo, þá er það hins vegar ekki svo, að verðlag á útflutningsafurðum nú sé eitthvað óvenjulega óhagstætt. Það hefur verið sagt og því hefur ekki verið mótmælt, og ég tók sérstaklega eftir því, að það var staðfest í sjónvarpsviðtali einmitt í gærkveldi af einum forsvarsmanni eins helzta atvinnuvegarins, að verðlag nú mundi vera nálægt meðaltalsverðlagi 5 síðustu ára. Það mundi ekki vera langt frá því. Það er rétt, að það hefur að sjálfsögðu orðið veruleg lækkun frá því á árunum 1965 og 1966, þegar verðlag var allra hæst. En verðlag hefur hins vegar ekki færzt það mikið niður, að hægt sé að segja, að það sé neitt alveg óvenjulegt, að ég hygg, langt frá því. En hvað veldur því þá, að vandræði skuli skapast hjá atvinnuvegunum við slíkt verðlag, sem er þó ekki óhagstæðara en raun ber vitni, þó það hafi lækkað talsvert frá toppinum? Það er verðbólgan, sem því veldur, það sem veldur því er það, að ríkisstj. hefur ekki tekizt að standa við sitt fyrirheit um það að hafa hemil á verðbólgunni. Verðbólguþróunin og verðlagsþróunin hér innanlands er sú ástæða, sem veldur því, að atvinnuvegirnir geta ekki og hafa ekki getað staðið af sér þetta verðfall frá toppverði afurðanna frá því á s. l. ári. En hins vegar er það misskilningur, sem kemur fram æ ofan í æ, að þetta verðfall hafi orðið á allra síðustu mánuðum, það er algjör misskilningur. Þetta verðfall lá fyrir, t. d. í kosningunum í vor. Ég efast alveg stórlega um, að það hafi orðið umtalsvert verðfall síðan, það kann aðeins að vera á lýsi, en ég hygg, að verðlag hafi ekki mikið fallið frá því í kosningunum í vor, og ég vil þá alveg sérstaklega beina því til hæstv. ráðh. að upplýsa það og gefa um það tölur, hve miklu verðfall á helztu útflutningsafurðum hafi numið frá því í júní s. l. Það er æskilegt, að það liggi fyrir, því ég held því fram, að það hafi ekki orðið svo mikil lækkun síðan, og að þá einmitt, í kosningunum s. l. vor, hafi verið hægt að sjá fyrir þá erfiðleika, sem nú eru.

Menn minnast þess, að höfuðboðorð núv. ríkisstj. var að koma atvinnuvegunum á traustan og heilbrigðan grundvöll og stöðva verðbólguna. Þetta frv. eða öllu heldur sú ákvörðun, sem það er fylgifiskur með, sjálf gengislækkunin, er vitnisburður um það, hvernig tekizt hefur að standa við það heit. Sú gengislækkun, sem hér hefur verið gerð, er að mínum dómi játning ríkisstj. á því, að sú efnahagsstefna, sem hún hefur framfylgt, hafi ekki borið þann árangur, sem að var stefnt. Því það verður ekki fram borið, að þessi gengislækkun, sem hér hefur verið gerð, sé rökbundin afleiðing af gengisfalli sterlingspundsins eins og ég hef margtekið fram, enda er það augljóst og sést aðeins af því, að sum lönd hafa fellt gengið, önnur hafa ekki fellt gengið. Norðmenn og Svíar hafa t. d. ekki breytt sínu gengi, þrátt fyrir þá breyt., sem orðið hefur á skráningu sterlingspundsins. Og þær þjóðir, sem hafa breytt genginu, hafa, að ég ætla, flestar breytt því í einhverju samræmi við lækkun sterlingspundsins. Ég hef ekki tekið eftir því, þó kann það að vera, að nein þjóð hafi breytt gengisskráningu neitt viðlíka mikið í lækkunarátt eins og hér hefur verið gert. Ég hef viljað minna á þessi atriði hér í sambandi við þetta mál, þó að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé eins og ég hef áður fram tekið í samræmi við frv., sem venjulega hafa áður fylgt í kjölfar gengisbreytingar.

Það verður svo ekki hjá því komizt að minna á það, að í kosningunum í vor var talsvert annað hljóð í strokknum hjá hæstv. ríkisstj. en nú. Þá þóttist hún eiga í fórum sínum tvö töframeðöl, sem öllu mundu bjarga, og vegna þeirra væri allt og mundi allt vera í lagi. Þessi töfraorð voru gjaldeyrisvarasjóður og verðstöðvun. Nú er það komið á daginn, sem við framsóknarmenn sögðum fyrir, að verðstöðvunin, eins og til hennar var stofnað, mundi reynast blekking, hún væri ekki annað en sjónleikur settur á svið, sams konar sjónleikur og upp var færður 1959, lukkaðist þá vonum framar, og átti þá að reyna það aftur nú. En sú verðstöðvun, sem framkvæmd var með því að greiða niður vörurnar úr ríkissjóði eða með lántöku í Seðlabanka, án þess að jafnframt og um leið væri aflað tekna til þess, gat aldrei orðið raunhæf verðstöðvun, heldur hlaut að koma að skuldadögunum. Hún gat aldrei orðið annað en víxill upp á framtíðina, og það hefur líka sýnt sig og það er öllum ljóst. En það var mikið í kringum þessa leiksýningu, þegar hún var fyrst sett á svið fyrir u. þ. b. ári síðan. Þá var talið nauðsynlegt að setja lög um þetta, lög um verðstöðvun, það hefðu ekki verið þvílíkar heimildir til þess í lögum áður. Við framsóknarmenn töldum nú hins vegar, að það hefðu verið allar heimildir til verðstöðvunar í verðlagslögum frá 1960 og ríkisstj., sem hefði haft meiri hl. í þeirri d., sem fór með þau mál, hefði haft það alveg í hendi sinni að beita þessu bjargráði, hvenær sem var á þessum tíma, en látið það þá undir höfuð leggjast. En það voru í gömlu verðlagslögunum heimildir til hvers konar verðstöðvunar, nema þá til banns á hækkunum á opinberum gjöldum. Og hvað hefur sýnt sig? Nú eru verðstöðvunarlögin, sem sett voru með „pomp og pragt“ í fyrra, fallin niður, en þá uppgötvar stjórnin, að til séu í hinum eldri verðlagslögum frá 1960 heimildir til þess að bjóða, að verðlag skuli áfram vera hið sama og verið hefur, sem sagt verðstöðvun. Allt annað í sambandi við verðstöðvunina var eftir þessu. Þeir geta að vissu leyti verið ánægðir með árangur sinna verka, því að það er vafalaust, að með þessum sjónleik, með því að koma ekki til dyranna eins og þeir voru klæddir í raun og veru í júní s. l., heldur í dularklæðum, tókst þeim að villa um fyrir kjósendum, tókst þeim að halda meiri hl. Og þess vegna geta þeir kannske út af fyrir sig litið ánægðir til baka og fagnað því, að þetta töfrabragð hafi lukkazt þeim. En við verðum að hugga okkur við það, að enn muni rætast þau orð, sem hinn víðkunni og ágæti forseti Bandaríkjanna, Abraham Lincoln, sagði á sínum tíma: „Nokkra menn er alltaf hægt að blekkja, alla þjóðina er hægt að blekkja einu sinni. En það er ekki alltaf eða hvenær sem er hægt að blekkja alla þjóðina.“

Ég vil a. m. k. trúa því, að hver maður hljóti dóm eftir sinni verðskuldun að lokum og að ríkisstj. muni eiga eftir að hljóta sinn dóm hjá þjóðinni fyrir þessar aðgerðir og ýmsar fleiri, sem hún hefur haft um hönd. En út í þá sálma skal ég ekki fara lengra nú, enda gefst tóm til þess að ræða það í sambandi við það vantraust, sem hér hefur verið borið fram. Hér er verið að ræða um gengismál. Okkur er sagt það af hagspekingum og fjármálafræðingum, að það sé mjög nauðsynlegt, að rétt gengi sé jafnan skráð á krónunni og það sé hættulegt hverri þjóð til lengdar að búa við falskt gengi.

En að mér hvarflar sú spurning, hvort gengi hæstv. ríkisstj. sé rétt skráð í dag? Sú síðasta gengisskráning, sem farið hefur fram að því er hana varðar, er frá því í kosningunum í vor. Ég er ekki viss um, að hennar gengi yrði skráð með sömu tölu, ef kosningar ættu að fara fram nú. Ég er þvert á móti sannfærður um, að gengi hennar mundi hafa lækkað stórkostlega. Og það gæti heldur ekki annað verið eftir þær aðfarir, sem stjórnin hefur haft í frammi að undanförnu og hér hefur lítillega verið gerð grein fyrir og stangast svo gersamlega á við það, sem sagt var í síðustu kosningum og stangast reyndar á við það, sem sagt var allar götur fram að síðustu helgi við umr. um efnahagsaðgerðafrv. í hv. Nd. Ég ætla ekki að fara að ræða hér um einstakar gr. þessa frv., það er réttara að gera það í sambandi við 2. umr. málsins, ef ástæða þykir til og eftir að málið hefur hlotið afgreiðslu í nefnd.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Við umr. þær, sem hér hafa farið fram við þetta frv. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabankans um nýtt gengi íslenzkrar krónu, hef ég ekki getað varizt því, að upp hafa rifjazt dálítið fyrir mér þær umr., sem fram fóru, þegar núv. ríkisstj. settist að völdum og byrjaði á því að lækka gengi íslenzkrar krónu. Það var árið 1960. Þá skildist manni á ræðum þeirra vísu manna, sem þar höfðu gert sína útreikninga, að það mundi nú líða ár og dagur, ef ekki alveg ófyrirsjáanlegur tími, þangað til þyrfti að nýju að skrá gengi, eftir að sú samþykkt hefði farið fram, sem þar var lögð til. Það þurfti sem sagt að leiðrétta gengi krónunnar í eitt skipti fyrir öll, að því er bezt varð skilið. Og orsökin var sú, að þá hafði skömmu áður setið ríkisstj., vinstri stjórnin svokallaða, sem þessi nýja stjórnarsamsteypa, sem enn situr, taldi greinilega óalandi og óferjandi með öllu og hefði grafið undan gengi íslenzka gjaldmiðilsins.

Það leið nú ekki nema rúmlega eitt ár frá þessari endurskráningu, frá þessari skráningu á réttu gengi íslenzku krónunnar, eins og sú skráning var kölluð, þangað til ríkisstj. viðhafði með brbl. nýja gengisskráningu. Það var gengisbreytingin, sem gerð var 1961. Og fyrst farið er að rifja upp þær aðfarir allar, vildi ég gjarnan lýsa hér enn þeirri skoðun minni, að með þeim brbl., sem ríkisstj. gaf út þá, hafi hún hreinlega brotið íslenzku stjórnarskrána. Hún umskráði gengið með brbl. og samkv. stjórnarskránni var það auðvitað mat hennar, hvort brýna nauðsyn bar til þess eða ekki og umskráningin á genginu er ekki að mínu viti neitt skýlaust stjórnarskrárbrot. Menn gat greint á um það, hvort brýna nauðsyn bar til þess eða ekki. En hún gerði meira í þeim sömu brbl. Hún færði gengisskráningarvaldið frá Alþ. yfir til Seðlabankans og það lít ég svo á, að sé óumdeilanlegt mál, að enga brýna nauðsyn hafi borið til þess að gera slíka hluti með brbl., enda lít ég svo á, að í því hafi falizt beint stjórnarskrárbrot.

En hvað um það. Þrátt fyrir þessar tvær um-

skráningar á genginu, sem núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, hefur það klingt í eyrum manna, bæði innan Alþ. og utan, og alveg sérstaklega hafa þeir, sem hlýtt hafa á ráðh. stjórnarinnar í ræðustólum fyrir kosningar, fengið að heyra það, að stolt ríkisstj. væri það að hafa hafið íslenzku krónuna til vegs og virðingar, því að það töldu þeir sig hafa gert. Ráðstafanirnar, sem þeir byggðu flest á í þeim efnum, miðuðust við það, að hinir gömlu íslenzku atvinnuvegir, sjávarútvegur og landbúnaður, væru þess ekki megnugir að halda uppi nútímaþjóðfélagi á Íslandi. Þar þyrftu allt aðrir hlutir til að koma og ríkisstj. gerði líka ráðstafanir til þess, að erlendir aðilar gætu hafið atvinnurekstur í landinu og þar með töldu þeir greinilega, að íslenzkir peningar væru miklu betur tryggðir heldur en þeir hefðu nokkru sinni verið fyrr. Það er svo aftur á móti kaldhæðni örlaganna, að í þau ár, sem ríkisstj. hefur setið, hafa einmitt þeir atvinnuvegir, sem hún hafði svo lítið traust á, lagt þjóðarbúinu til slíka fúlgu, að ekkert efnahagskerfi mun vera þekkt á heimsbyggðinni, sem ekki hefði getað staðizt, meðan svo vel áraði. Meira að segja viðreisnarkerfið lét ekki á sjá verulega, meðan svo stóð enn.

En um leið og afli sjávarútvegsins dregst lítillega saman og um leið og verðlag á íslenzkum sjávarafurðum fellur svolítið niður úr því hámarki, sem það hæst hefur náð, reynist stolt ríkisstj., íslenzka krónan, ekki vera betur búin úr garði en svo, að í gær var gengi hennar enn fellt um nærfellt fjórðung. Þetta er forsaga þess frv., sem hér liggur fyrir. Og það er því miður sorgarsaga, það er sagan um það, að sá, sem hélt, að hann gæti haldið uppi blómlegu þjóðlífi á Íslandi án þess að taka verulegt tillit til og án þess að telja það fyrstu skyldu sína að greiða verulega fyrir atvinnuvegum þeim, sem þjóðin hefur stundað, sá aðili í ríkisstj. Íslands hefur komizt í ógöngur og þrot og hið nýja ljós hennar hefur ekki reynzt það ljós, sem hún ætlaði það vera, þ.e.a.s. atvinnurekstur útlendinga í landinu.

Höfuðröksemdin, ef röksemd skyldi kalla, fyrir þeirri gengisbreytingu, sem hér var gerð í gær, er sú, að Bretar hafi lækkað sinn gjaldmiðil, sterlingspundið. Ég minnist þess líka, að árið 1960 eða allt fram til ársins 1960 var gengi íslenzkrar krónu miðað við gengi sterlingspunds, en það var ein af ráðstöfunum stjórnarinnar á því herrans ári 1960, að nú skyldi ekki íslenzka krónan miðuð við svo fallvaltan gjaldmiðil, heldur var hún þá skráð upp á það að hafa gildi í hlutfalli við Bandaríkjadollar. Gengi á Bandaríkjadollar hefur ekki verið breytt, en samt sem áður telur ríkisstj. engin tök á öðru heldur en að breyta gengi íslenzkrar krónu um leið og sterlingspundið er fellt í verði.

Það er svo enn annað mál, að gengisfelling á sterlingspundi getur ekki skýrt nema fjórðung eða minna en það af því gengisfalli, sem hér hefur verið gert. A.m.k. ¾ hlutar þess hljóta að vera af öðrum orsökum. Það hefur ekki verið lagt fyrir alþm., hver rök það eru, sem eiga að skýra það, og fram hefur komið, að Seðlabanki Íslands hefur ekki heldur lagt þau rök fyrir sitt bankaráð, áður heldur en ákvörðunin um gengisbreytinguna var tekin. En í veðri er látið vaka bæði af bankastjórum þess banka og einnig af ríkisstj., að gengisbreytingin sé gerð til hagræðis fyrir íslenzka útflutningsatvinnuvegi, fyrst og fremst við útveginn og iðnaðinn. Vera má, að þetta sé allt saman rétt og satt. En spakur maður hefur ekki alls fyrir löngu sagt, að gengisfelling skapaði fleiri vandamál heldur en hún leysti. Það eiga þeir sjálfsagt eftir að reyna nánar í framtíðinni, þessir aðilar, sem tilnefndir eru sem aðalnjótendur þeirrar gengisbreytingar, sem hér hefur verið gerð, hvort sá hinn spaki maður hefur þar haft lög að mæla eða ekki. En við lestur þess frv., sem hér liggur fyrir og er bein afleiðing og áframhald af gengisákvörðuninni, verður það greinilega ekki séð, að þar hafi verið að baki það hugarfar, að hér væri verið að bjarga sjávarútvegi og iðnaði eða létta þeirra byrðar á einn eða neinn hátt. Af þessu frv. má greinilega sjá, að það eru allt aðrir aðilar, sem hér eru bornir fyrir brjósti og reynt að gera þeirra hlut betri heldur en ella og beinlínis gerðar ráðstafanir til þess, að þeir eigi þess kost ýmist að sleppa billegar út úr gengisfellingunni heldur en þeir hefðu ella gert eða þá hreinlega að hagnast á henni. Í 1. gr. frv. er tekið fram, að ríkissjóði er áskilinn réttur til þess að taka verðtoll og söluskatt af vörum, sem ekki eru komnar á sölumarkað enn eftir nýja genginu, þ.e.a.s. ríkissjóður getur aukið tekjur sínar verulega frá því, sem ella hefði verið, ef þetta frv. hefði ekki komið til. Nú er kannske ekki slæmt um það að segja, að ríkissjóður fái einhverjar tekjur og a.m.k. er hann sá aðili í landinu, sem er bezt að þeim kominn, en hins ber einnig að gæta, að ríkissjóður fær ekki tekjur af vörum öðruvísi heldur en það auki dýrtíðina í landinu. Og á hverjum bitnar sú dýrtíð? Jú, hún bitnar á almennum neytendum í landinu, en hún bitnar líka á þeim atvinnuvegum, sem gengisfellingin átti að færa hagnað. Hún bitnar á sjávarútvegi og hún bitnar á iðnaði, svo að ekki eru þessi ákvæði til þess fallin að létta hag þeirra.

Það verður hins vegar skiljanlegt í sambandi við þær yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið um launamál af stjórnarinnar hálfu, að hér er um að ræða hækkanir á vöruverði, sem ríkisstj. ætlast ekki til, að mældar verði í vísitölu, þannig að bætur komi fyrir þær í kaupi, hvað sem úr því kann nú að verða, þegar fram líða stundir.

Þá er verzluninni gefinn nokkur möguleiki á því að bæta sér upp það tjón, sem hún kynni að verða fyrir vegna erlendra skulda sinna, með því að koma hluta af gengisbreytingunni á þeim vörum, sem hún hefur fest kaup á með lánum, yfir á hinn almenna neytanda í landinu, og hefur slíkt, að því er ég ætla, ekki fyrr þekkzt við setningu gengisbreytingarlaga. Þetta er þeim mun furðulegra, sem við allar gengisbreytingar hefur verið höggvið í einn og sama knérunninn og engar bætur látnar koma fyrir til sparifjáreigenda í landinu. Hagfræðingar og stjórnarvöld og raunar miklu fleiri hafa fyrir löngu uppgötvað þau sannindi og boðað þau, að undirstaða framkvæmda í landinu sé sú, að fjármagn það, sem almenningur kann að hafa aflögu frá daglegri neyzlu, komi inn í bankastofnanir þjóðarinnar, geymist þar og geti orðið lánsfé til nýrra

framkvæmda. Þessir aðilar hafa hins vegar aldrei verið þar tilnefndir til neinna bóta, þó að fé þeirra og óeytt kaup þeirra, sem sparifé mun mestmegnis vera, sé rýrt að verðmæti í hverri gengisfellingunni á fætur annarri. Það er að vísu stundum imprað á því, að þegar gengisfellingin hafi farið fram, þurfi að verðtryggja sparifé, og þessa rödd hefur maður nú aðeins heyrt í sambandi við þessa gengisfellingu, en það er nú talið vera heldur í seinna lagi að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í hann.

Þá eru það einnig nýmæli í þessu frv., að skipafélögum er með því gefinn réttur til þess að innheimta fragtir af vörum, sem þau eru þegar búin að flytja til landsins, á allt öðru gengi *heldur en ríkjandi var, á meðan flutningurinn* fór fram. Hér er einnig ráðstöfun til þess að auka dýrtíðina, hækka vöruverðið í landinu, vart skiljanleg út frá öðru sjónarmiði heldur en því yfirlýsta sjónarmiði ríkisstj., að slíka verðlagsbreytingu eigi ekki að mæla í vísitölu í þeim tilgangi að bæta launþegum í landinu fyrir þau útgjöld, sem á þá koma með þessum hætti.

Ég hef hér þegar talið upp þrjá aðila, sem virðast ganga nokkuð lausir samkv. þessu frv. til þeirra verka að hækka dýrtíðina í landinu eftir reglum, sem eru meira en vafasamar, allt í skjóli þess, að fyrir þetta eigi engar bætur að koma til hins almenna launamanns í landinu.

Og þá er ég kominn að þeirri gr. frv., þar sem drepið er niður á, hvernig útgerðin í landinu eða framleiðsluatvinnuvegirnir — hvernig réttur þeirra eigi að verða markaður samkv. þessu frv. Jú, það er með þeim hætti, að þeir eiga enga verðhækkun að fá vegna gengisbreytingarinnar á þeim vörum, sem þeir nú eru búnir að framleiða, og ekki heldur á þeim vörum, sem þeir framleiða til áramóta. Maður hefði þó haldið, að útgerðin, svo að við tökum hana, mundi fá á sig aukinn kostnað við að framleiða til áramóta vegna hækkana, sem koma á erlendar vörur vegna gengisbreytingarinnar og vegna hærri farmgjalda, bæði á inn- og útflutningi, sem leyfð eru í svo ríkum mæli, sem ég hef rakið hér áðan. En sem sagt, það er ekki fyrr en eftir áramót, það er ekki fyrr en á þær vörur, sem framleiddar verða eftir áramót, sem þeir eiga að njóta gengishagnaðar samkv. þessum l. Svo að í hinni fyrstu umferð verður það engan veginn séð, að útgerðin sé borin fyrir brjósti við samningu þessa frv. nema síður sé. Henni einni af þessum aðilum, sem ég hef hér tilnefnt, er gert að fresta þeim ávinningi, sem af frv. kynni að vera, fram yfir áramót. Öllum hinum aðilunum, ríkissjóði, verzluninni, skipafélögunum, er ætlaður nokkur réttur strax og raunar að nokkru fyrir þann tíma, sem liðinn er og liðinn var fyrir gengisbreytinguna.

Í sambandi við þær yfirlýsingar, sem hér hafa verið gefnar af ríkisstj. hálfu um það, hvernig hún hugsar sér — hverjum höndum hún hugsar sér að fara um launamál í sambandi við gengisbreytinguna, verður það ljóst, að þær vinnustöðvanir, sem boðaðar höfðu verið frá 1. des. n.k., hafa megnað að knýja ríkisstj. til þess að neita því ekki, að þær breytingar á verðlagi, sem urðu á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóv., eigi að koma inn í kaup í gegnum vísitöluuppbætur. Þetta munu vera 3.3%, vegna þess að ríkisstj. reiknar þar með hinni nýju vísitölu, sem vitað er, að tekur tiltölulega lítið tillit til hækkana af þeirri gerð, sem urðu á þessu tímabili, en mundi taka miklu meira tillit til þeirra verðhækkana, sem verða á útlendum vörum, þ.e.a.s. verðhækkana, sem verða sem afleiðing af gengisbreytingunni. Það fylgir hins vegar yfirlýsingu ríkisstj., að þann vanda ætlar hún ekki að leysa á einn eða neinn hátt. Hún nánast segir við atvinnurekendur og launþega í þeim efnum: Fljúgizt þið bara á um það. Við ætlum okkur ekki að skipta okkur af þessu.

Ríkisstj. er ekki með þessum hætti að skapa jafnvægi og kyrrð á vinnumarkaði. Með þessu er *hún greinilega að efna til þess*, að hér verði verkföll og hér verði framleiðslutruflanir. Hún skýtur sér sem sagt algerlega undan þessum vanda öðruvísi heldur en líta á þessa tvo aðila sem slíka, að hún geti bara sagt við þá: Fljúgizt þið á.

Hvað úr þessu verður er ekki gott að segja. Vera má, að þessir aðilar geti komið sér saman. Hitt sýnist mér miklu líklegra, að þarna dragi til ófriðar á vinnumarkaði og má þá vera, að orð þess vísa manns, sem ég hef vitnað í hér áður, reynist býsna nærri réttu lagi, að gengisfelling skapi fleiri vandamál en hún leysir.

En það er auðvitað alveg rétt, að framtíðin sker úr því, hvernig tekst að láta þá aðila borga, *sem ríkisstj. greinilega hugsar sér sem sína* klyfjahesta undir þær byrðar, sem hún nú er að binda, þ.e.a.s. launamenn í landinu, hinn almenna borgara í landinu, daglaunamenn, fastlaunamenn og sjómenn, því að í þeim yfirlýsingum, sem fram hafa komið, er kannske ekkert augsýnilegt annað en það, að ríkisstj. hugsar sér að lækka hlut sjómanna, sem við fiskveiðar fást. Þeir fá kaup sitt greitt í aflahlut, og því er sleginn föstu af hálfu talsmanna þessarar gengisfellingar, að við þá verði að minnka hlut. Það verði að stofna sérstakan sjóð til að jafna á milli hinna einstöku aðila, sem að útvegi eða útflutningsframleiðslu sjávarútvegsins vinna, og hver á að fá og af hverjum á að draga liggur ekki fyrir, en það liggur þó eitt fyrir, að af sjómönnum á að draga. Hversu þeir koma til með að una því, þegar þar að kemur, vitum við heldur ekki, en það mundi margur mæla, að ómaklegri aðili til refsingar í þjóðfélaginu væri vart finnanlegur heldur en einmitt sá, sem dregið hefur að landi þau verðmæti, sem þjóðin hefur lifað á og lifað sitt blómaskeið á nú á undanförnum árum. En stjórnarvöld landsins geta hugsað sér ýmislegt og talið nauðsyn. Við höfum ekki fengið að sjá það, hvað hér stendur til í raun og veru. Stjórnin tilkynnir það, að allt þetta hafi borið að með svo bráðum hætti, að hún hafi ekki haft tíma til að útfæra það nánar en orðið er.

Ég fyrir mitt leyti tel nú, að þetta sé ekki eins nýtt mál fyrir ríkisstj. eins og hún vill vera láta. Ég tel það a.m.k. vítavert gáleysi af henni, ef hún hefur ekki hugsað málið út frá þeirri hlið fyrr heldur en á laugardaginn var, að hér gæti þurft að fara fram gengisfelling. Það er kannske eðlilegt, að ég sé dálítið tortryggnari á það heldur en menn almennt, að þegar stjórnarvöld segja, að hlutina beri að með bráðum hætti, geti það verið tilbúningur viðkomandi stjórnar sjálfrar.

Ég minnist þess t. d., að þegar ég var formaður í fjvn., var einn fyrsti reikningurinn, sem rekinn var framan í mig sem slíkan frá Vegagerð ríkisins, vegna fjár sem hún hafði eytt umfram fjárlög eftir ráðherraheimild, og rökstuðningurinn fyrir því, að þessi reikningur væri til orðinn, var á þá lund, að 900 ára afmæli Skálholtsstóls hefði borið að með svo bráðum hætti, að veginn þangað heim hefði þurft að leggja í næturvinnu. Þetta rifjaðist nú upp fyrir mér, þegar ríkisstj. Íslands segir, að gengisbreytinguna hafi borið að með svo bráðum hætti, að hún hafi bara aldrei hugleitt það fyrr en búið var að fella gengi pundsins. Þá má hver lá mér sem vill, að ég er dálítið vantrúaður á, að þetta sé svona í raun og veru. En eitt er víst, að allar þessar aðfarir, sem hér eru hafðar í frammi, bjóða upp á átök á vinnumarkaði. Þær eru líklegar til þess að valda truflunum í framleiðslu þjóðarinnar og ég er ekki enn sannfærður um, að sá hinn vísi maður, sem ég hef áður vitnað til og sagði fyrir ekki ýkja löngu, að gengisfellingin mundi skapa fleiri vandamál en hún leysti, hafi haft á röngu að standa. Ég vildi vona, að við gætum komizt sem átakaminnst út úr þessum málum, en engan veginn er ég sannfærður um, að svo komi til með að verða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 82, n. 85 og 86).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Meiri hl. fjhn. Ed. leggur til, að frv. þetta sé samþ. óbreytt. Fjhn. d. hefur fjallað um frv., fyrst á sameiginlegum fundi með fjhn. Nd. og síðan á fundi, sem haldinn var eftir 1. umr. málsins í háttvirtri deild nú fyrr í dag. N. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Eins og áður segir, er meiri hl. þeirrar skoðunar, að samþykkja beri frv., en minni hl., að fella skuli það.

Í frv. þessu eru eingöngu teknar til meðferðar þær beinu, nauðsynlegu ráðstafanir til þess að upp verið unnt að taka gjaldeyris- og bankaviðskipti á ný og því er beinlínis yfir lýst, að með vilja sé það gert að taka eingöngu þau atriði upp í þetta frv., en bíða með lagasetningu um ýmsar aðrar nauðsynlegar ráðstafanir þangað til betra tóm gefist til íhugunar um þau atriði, sem eru þá frekar matsatriði og álitamál. Ég verð því ekki langorður um þetta frv. Í umr. hér í d. hefur efni frv. lítið verið rætt, en hins vegar meira rætt almennt um breytingu á gengi íslenzku krónunnar, en með því að síðar gefst tækifæri til þess að ræða þau mál almennt nánar, sé ég ekki ástæðu til annars en að halda mig við efni þessa frv. sérstaklega.

Hv. 6. þm. Sunnl., Karl Guðjónsson, nefndi þó nokkur atriði í frv. efnislega og taldi, að sérstaklega væri hugsað um hag ríkissjóðs, verzlunarinnar og skipafélaganna í 1., 2. og 3. gr. gagnstætt því, sem væri um hag útflutningsins samkv. 4. gr. frv. Ég fæ ekki skilið, við hvað þm. á. Í 1. gr. eru ekki frábrugðin ákvæði þeim, sem verið hafa, þegar breytt hefur verið gengi íslenzku krónunnar, og að svo miklu leyti, sem ríkissjóður kann að öðlast auknar tolltekjur vegna verðhækkunar erlendra, innfluttra vara, má einnig reikna með því, að innflutningur í heild minnki, þannig að það dæmi er út af fyrir sig vandreiknað, hve mikið heildartekjur ríkissjóðs muni aukast. En að svo miklu leyti, sem um slíkt kann að vera að ræða, hefur það verið fram tekið, að til athugunar er, hvernig slíkum umframtekjum yrði varið til þess að gera afleiðingar breyttrar gengisskráningar léttbærari að öðru leyti og m. a. fer fram skoðun á því, hvort unnt er að lækka tolla á einhverjum vörutegundum. En sé um auknar tekjur ríkissjóðs að ræða að öðru leyti, hafa hv. þm. stjórnarandstöðunnar sýnt það, að þeir eru ekki í vandræðum með tillöguflutning, sem skapar ríkissjóði aukin útgjöld, ef út í það er farið.

Í 2. gr. vildi hv. þm. halda því fram, að hagsmunum verzlunarinnar væri sérstaklega ívilnað og nefndi til samanburðar hagsmuni sparifjáreigenda. Ég er hv. þm. ósammála. Þarna er algerlega jafnt að farið gagnvart verzluninni og sparifjáreigendum. Ákvæði gr. segja, að óheimilt sé að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gamla genginu. Og við skulum taka tvær verzlanir sem dæmi. Önnur verzlunin á vörur í vörugeymslu, sem eru greiddar á gamla genginu. Hin verzlunin á peninga í banka og hefur ekki enn ráðstafað þeim til vörukaupa. Ég sé ekki neinn mun á hag þessara tveggja verzlana, þótt önnur sé verzlun, sem á vörur og verður og selja þær vörur á grundvelli gamla gengisins, eða verzlunarinnar, sem er sparifjáreigandi og getur ekki varið annað en óbreyttri krónutölu til vörukaupa. Á þann veg held ég, að komi skýrt fram, að í þessu er enginn mismunur fólginn á aðstöðu verzlunarinnar annars vegar og sparifjáreigenda almennt hins vegar. Hitt er svo annað mál, að þegar verzlunin selur slíkar vörur, getur hún keypt færri einingar á ný fyrir andvirði hinna seldu vara eins og sparifjáreigandinn.

3. gr. l. er til þess ætluð að gera skipafélögunum jafnt undir höfði og öðrum, og sérstaklega með það fyrir augum, að svo mun vera oft og tíðum, að flutningssamningar hljóði um greiðslu í erlendum gjaldeyri og þá kveður gr. svo á, að eigi sé unnt að innheimta flutningsgjöld að öllu leyti samkv. nýju gengi og eingöngu að svo miklu leyti, sem nemur útlögðum kostnaði skipafélagsins vegna þessarar flutningsstarfsemi sinnar, enda standi sá kostnaður sem skuld skipafélagsins í erlendum gjaldeyri.

Þegar svo talið er, að í 4. gr. sé sérstaklega hallað á útflutningsstarfsemina, er það ekki heldur tilfellið, því að samkv. þeirri gr. er um það sérstaklega getið, að það fé, sem komi inn, sá mismunur, sem er á því, sem útflytjendur fá samkv. gamla genginu og því, sem kemur inn fyrir afurðirnar, að svo miklu leyti sem þær eru greiddar með nýja genginu, öllum þeim mismun skuli varið til hagsbóta fyrir þá atvinnuvegi, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði. Með því að þetta eru einu atriðin, sem fram hafa komið um

efni þessa frv. við umr. þessarar d., takmarka ég orð mín við þau og ítreka, herra forseti, till. meiri hl. fjhn. um, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl. fjhn., varð fjhn. þessarar hv. d. ekki sammála um afgreiðslu þess frv., sem hér er til umr. Meiri hl. vill samþykkja frv. óbreytt, en ég hef ásamt tveim öðrum hv. dm. lagt fram nál. á þskj. 85, þar sem lagt er til, að frv. verði fellt. Ég mun nú leyfa mér að fara um þetta frv. örfáum orðum.

Eins og kunnugt er, var það lengst af og alla tíð frá því, að gengið fyrst var skráð, í höndum Alþ. að ákveða gengisskráningu íslenzku krónunnar. En árið 1961 var brugðið á það ráð með brbl. að taka þetta vald af Alþ. og fela það Seðlabankanum. Þessi brbl. voru svo auðvitað staðfest síðar á því ári og hefur þessi tilhögun verið á höfð síðan. Það kom fram við umr. um staðfestingu þessara brbl., að fyrir þessari ákvörðun lágu tvær meginástæður. Önnur var sú, að ákvörðun gengis væri svo sérhæft mál, að það væri ekki á færi annarra en sérfræðinga að kveða upp dóm um það, hvert gengi krónunnar skyldi hverju sinni vera. Og þess vegna væri nauðsynlegt, þegar nú væri til Seðlabanki í landinu, að fela honum þetta vald. Hin ástæðan var talin sú, að þessa ákvörðun þyrfti að gera fljótt, það væri nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að langur biðtími skapaðist, það ástand gæti auðveldlega komið upp, sem ekki væri æskilegt í fjármálum þjóðarinnar, þegar vitað væri, að gengislækkun væri yfirvofandi og frv. um hana til meðferðar á Alþ. Þessi röksemd var einnig flutt fram til þess að réttlæta það að svipta Alþ. því valdi, sem það hefur farið með alla tíð um að hafa úrslitavald um ákvörðun gengisins.

Um þessi tvö atriði þarf út af fyrir sig ekki mikið að deila. Þau eru bæði að vissu leyti rétt. Það er rétt, að það er nokkuð sérfræðilegt mál að ákveða upphæð gengisins og það þarf að ganga fljótt. En þar með tel ég líka, að réttlæti l. um þessa breytingu sé upp talið og enginn vandi er að gæta beggja þessara atriða, þótt Alþ. hefði áfram gengisákvörðunarvaldið. Vitanlega eru sérfræðingar Seðlabankans eins og aðrir sérfræðingar hæstv. ríkisstj. ávallt tiltækir til þess að vera með í ráðum um sérfræðilega úrskurði og athuganir. Það hafa þeir löngum verið og verða sjálfsagt alltaf. En hvernig hefur það svo gengið að láta gengisskráninguna taka skamman tíma, þrátt fyrir þessa breytingu? Um það hygg ég, að ekki þurfi að fara mörgum orðum. Það vita allir hv. þdm., að það hefur tekið nú heila viku að koma þessum málum fram. Frá og með mánudagsmorgni s.l. var öll gjaldeyrisafgreiðsla í bönkunum stöðvuð og hún hefur ekki verið opnuð enn og alla þessa viku hafa sérfræðingar ríkisstj. og Seðlabankans setið á rökstólum yfir því, hvert gengið skyldi vera. Það er fyrst, þegar kemur til kasta Alþ., sem talað er um það, að tíminn til stefnu sé skammur, og hæstv. forsrh. lagði á það ríka áherzlu áðan í framsöguræðu sinni fyrir þessu máli, að hann treysti nú hv. Ed. til þess að afgreiða málið á skammri stund. Það er fyrst, þegar kemur til kasta Alþ., sem farið er að leggja áherzlu á það, að það sé óheppilegt að draga gengisákvörðunina lengi. Enda er það mála sannast og það ástand, sem ríkt hefur þessa viku í fjármálum hér, ber þess glöggt vitni, að hér er ekkert ofmælt. Gengislækkun þarf að ganga fljótt.

Yfirleitt finnst mér framkvæmd þessarar gengislækkunar, það sem af er a.m.k., hafa farið næsta óhönduglega hjá hæstv. ríkisstj. En hvað er það svo, sem hér er um að ræða? Þetta hefur vitanlega verið oft rakið hér, nú síðast á fyrri fundi þessarar hv. d. hér í dag, svo ég get látið mér nægja að fara fljótt yfir sögu að þessu leyti. Hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að menn greindi á um orsakir gengislækkunarinnar. Ég er nú ekki viss um, að það sé alls kostar rétt, að það sé mikill ágreiningur um orsakir þessarar gengislækkunar. Því hefur verið haldið hér fram og ekki mótmælt af hæstv. ráðh. eða stuðningsmönnum þeirra, að um það bil 5—6% af þessari gengislækkun eigi rætur sínar að rekja til þess, að sterlingspundið var fellt í s.l. viku. Það, sem á vantar gengislækkunina, er því af öðrum toga spunnið og ég hygg, að því hafi heldur ekki verið á móti mælt, þegar sagt er, að hún sé framkvæmd til þess að rétta hag útflutningsatvinnuveganna fyrst og fremst og e.t.v. iðnaðarins að einhverju leyti líka. Svoleiðis að ég held, að menn greini ekki á um orsakir þessarar gengisfellingar. Hitt er vafalaust rétt, að menn greinir á um réttmæti hennar og það hefur greinilega komið fram, m.a. hér fyrr í dag. Þessi gengisbreyting er, eins og rakið hefur verið, 24.6%, sem þýðir það í reynd, að verð á flestum gjaldeyri hækkar um 33%. Aðeins ⅓ hluti af þessari gengisfellingu stafar af utanaðkomandi ástæðum, af gengisfellingu sterlingspundsins. Afgangurinn er gerður til þess að koma á jafnvægi, koma betri skipan á atvinnuvegi okkar sjálfra, til að rétta af þann skakka, sem verðbólguþróun undanfarinna ára hefur komið á rekstur atvinnufyrirtækjanna.

Þegar gengið hefur verið fellt áður, hafa jafnan verið gerðar margvíslegar ráðstafanir til þess að tryggja það, að skaðleg áhrif gengislækkunarinnar yrðu sem minnst, að ranglætið, sem alltaf er hætta á, að sigli í kjölfar gengislækkunar, yrði sem minnst. Hér er þessu ekki þannig farið. Hér er gengislækkunin ákveðin einhliða og það frv., sem hér er til umr., er aðeins um örlítið brot af afleiðingum gengislækkunarinnar, það er aðeins um nokkur framkvæmdaatriði í bönkunum, fyrst og fremst til þess að hægt sé að fara að selja gjaldeyri á hinu nýja gengi. Að vísu hafa verið boðuð allmörg frv., sem ættu að vera eins konar hliðarráðstafanir með gengisfellingunni, en aðeins eitt þeirra hefur enn sem komið er séð dagsins ljós. Á fundi þessarar hv. d. hér fyrr í dag var úthýtt stjfrv. um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar. Það verður að ætla, að þetta frv. sé fyrsti vísirinn að þeim ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að gera til þess að jafna álögurnar, sem gengisfellingin skapar. Eins og hér hefur verið rakið, er efni þessa frv. það, að hinn 1. des. á að greiða verðlagsuppbót á laun, sem nemur að ég hygg um 3% eða 3.3%. Þessi uppbót er samkv. aths. frv. til þess gerð að bæta launþegum þá verðlagshækkun, sem orðið hefur á tímabilinu 1. ágúst til 1.

nóv. Þetta frv. hefur því engin áhrif í þá átt að draga úr áhrifum gengisfellingarinnar á kjör launamanna. Þetta frv. er aðeins til þess að bæta upp þá kjaraskerðingu, sem þegar er orðin, fyrst og fremst þá kjaraskerðingu, sem stafar af því, að niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum voru felldar niður í stórum stíl í lok októbermánaðar s. l. Eftir er því, þrátt fyrir þetta frv., að gera ráðstafanir til þess að draga úr dýrtíðaráhrifum hjá launþegum vegna gengislækkunarinnar, þannig að þetta frv. leysir engan vanda gengislækkunarinnar. Það er engin hliðarráðstöfun vegna hennar. En þetta frv. segir meira. Það segir enn fremur það, að frá og með gildistökudegi þess eigi að fella niður tengslin milli kaupgjalds og verðlags. Það á að taka úr sambandi þá einu tryggingu, sem launþegarnir hafa haft fyrir því að kaffærast ekki í verðbólguflóðinu. Og ef það er von á fleiri slíkum hliðarráðstöfunum með þessari gengisfellingu, er ég hræddur um, að kjör manna verði heldur óbeysin, þegar áhrifa hennar er farið að gæta.

Það segir að vísu í þessu nýja frv. á þskj. 83, að það skuli vera eftir sem áður samningsatriði milli verkalýðsfélaga og atvinnuveitenda, hvort vísitala skuli greidd á laun eða ekki. En það er alveg sama í reynd fyrir launþega, hver hluti af kaupi hans er kallaður grunnkaup og hver vísitöluuppbót. Eftir að þetta frv. er orðið að l., verður launþeginn að sækja allan rétt sinn til vinnuveitandans, ekki bara grunnkaupshækkunina, heldur afleiðingarnar af verðlagsþróuninni líka, og hljóta þá allir að sjá, að afstaða launþeganna versnar stórkostlega við lagasetningu þessa. Þrátt fyrir þetta hefur stjórn Alþýðusambands Íslands beint þeirri áskorun til félaganna, til félaga, sem í þeim samtökum eru, að aflýsa boðaðri vinnustöðvun þann 1. des. n.k. Þessi vinnustöðvun var, að ég hygg, fyrst og fremst boðuð vegna þeirra efnahagsaðgerða, sem fólust í fyrra frv. hæstv. ríkisstj. um efnahagsaðgerðir, þar sem ráðgert var að taka vísitöluna alveg úr sambandi, að banna vísitöluhækkanir á laun. Það er augljóst, að þessi verkfallshótun hefur þegar komið því til leiðar, að vísitöluuppbótin miðað við 1. des. fæst að vísu ekki að fullu, vil ég nú segja, vegna þess að það er tekinn upp nýr útreikningur, sem mun vera launþegum óhagstæðari, a. m. k. í fyrstu lotu, en það fæst samt komið til móts við þessi sjónarmið launþega, en augljóst er, að eftir sem áður eru aðalátökin eftir, þar sem samhliða þessum uppbótum er rétt að launþegum 33% hækkun á verði erlends gjaldeyris, 33% vöruhækkun á mjög mörgum nauðsynjavörum heimilanna. Og ég get ekki séð, að þessi ráðstöfun sé liður í því að tryggja vinnufrið í landinu.

Ég játa það, að yfirvofandi verkfalli hefur fengizt frestað, en það vandamál, sem blasir við, er áreiðanlega sízt minna nú heldur en það áður var.

Ég hef alltaf heyrt það, að gengislækkun væri óæskileg. Hún væri neyðarúrræði, sem gripið væri til, þegar öll önnur ráð væru þrotin. Og satt að segja hélt ég, að það gilti einnig um okkur Íslendinga eins og allar aðrar þjóðir. Það kann að vera, að það sé nauðsynlegt einstaka sinnum að grípa til þessa úrræðis, en neyðarúrræði hef ég alltaf talið, að gengislækkun væri. En nú kveður hér í málgögnum hæstv. ríkisstj. við talsvert annan tón um gengislækkanir. Með leyfi forseta ætla ég aðeins að leyfa mér að minna á forystugrein dagblaðsins Vísis í dag. Hún fjallar um nýafstaðna gengislækkun, og fyrirsögnin er „Birtir upp“, og svona er greinin, með leyfi forseta, eða það sem ég ætla að lesa úr henni:

„Þessi mikla lækkun leysir í einu vetfangi flest meginvandamál sjávarútvegsins og fiskiðnaðarins. Verðfall og aflabrestur hafa leikið þessar atvinnugreinar svo illa, að almenn stöðvun blasti við um næstu áramót, þrátt fyrir töluverðan stuðning ríkissjóðs. Nú hefur aðstaða þeirra gerbreytzt til hins betra. Áframhaldandi rekstur þeirra er tryggður og jafnframt fellur niður ríkisframlagið til þeirra. Þar með er tryggð gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. En gengislækkunin mun hafa örvandi áhrif á fleiri atvinnugreinar en útflutningsframleiðsluna. Aðstaða iðnaðarins mun styrkjast verulega. Yfirleitt má búast við, að svipuð þróun verði og jafnan eftir gengisfellingar, að hjól atvinnulífsins taki að snúast með auknum hraða. Samhliða því aukast að sjálfsögðu atvinnumöguleikar og yfirvinna eykst.“

Síðan er haldið áfram í þessari forystugrein að útbásúnera það, hversu gengislækkunin sé nú allra meina bót, nýtt líf í atvinnufyrirtækin, nýir viðreisnartímar væntanlega á næsta leiti. En engin er rós án þyrna. Og síðar í þessari grein kemur aðalþyrnirunninn:

„Það er sjálfsagt gegn betri vitund sinni, að ríkisstj. leggur nú jafnframt fram lagafrv., þar sem gert er ráð fyrir, að vísitöluhækkanir fyrir 1. des. n.k. verði reiknaðar inn í laun, eins og verið hefur undanfarin ár. Um þetta atriði stóð deila ríkisstj. og Alþýðusambandsins, sem var tilefni verkfalla þeirra, er boðuð hafa verið 1. des. Ríkisstj. hefur gefið eftir í þessu máli, efalaust til þess að leggja sitt af mörkum til vinnufriðar í landinu. Það er varasöm braut að styðja á verðskrúfuna á þennan hátt, en á hitt ber að líta, að nú er vinnufriður nauðsynlegur, til að þjóðfélagið falli ekki saman.“

Já, það er vafalaust gert gegn betri vitund hæstv. ráðh. að bera fram svona frv. eins og hér um ræðir, sem felur í sér hvorki meira né minna en 3.3% verðlagsuppbót á laun í landinu, þegar á sama tíma er lögð á gengisfelling 24.6%. En það verður að gera fleira en gott þykir, og hjól atvinnulífsins mega ekki stöðvast.

En hvernig gengur það núna eftir þetta, að standa við það, sem einu sinni var sagt hér, að ef til gengislækkunar kæmi, skyldu þeir fá að borga, sem að henni stæðu. Er það þá verkafólkið, sem hefur knúið fram þessa gengislækkun? Ég held ekki. Ég held, að þessi gengislækkun sé ekki gerð fyrir launþegana í landinu. Það er hægt að viðurkenna það, að hún hafi verið að sumu leyti nauðsynleg vegna annarra, vegna atvinnufyrirtækjanna. En það eru ekki þau, sem eiga að borga vegna gengislækkunarinnar. Nei, það verða aðrir.

Þetta frv. fjallar, eins og ég sagði áðan, aðeins um örlítinn hluta af þessu örlagaríka máli, þessari stóru ákvörðun hæstv. ríkisstj. að fella gengið um 24.6%. Og ég get nú ekki séð, að það sé mögulegt fyrir hv. alþm. að leggja hlessun sína

yfir þessa gengislækkun án þess að vita meira um framhaldið á ráðstöfunum ríkisstj. heldur en þeir vita í dag. Og fyrst og fremst þess vegna hef ég nú lagt til ásamt þeim, sem skrifa undir nál. með sér, að þetta frv. verði fellt. Þess var freistað í gær að fá þessum ráðstöfunum frestað, þar til frekar yrði upplýst um fyrirhugaðar aðgerðir hæstv. ríkisstj. Það var ekki talið fært, og ég leyfði mér að inna eftir því á fjhn.-fundi, sem hér var haldinn nú fyrir skemmstu í þessari hv. d., hvort nokkuð frekar lægi fyrir um fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. og því var svarað neitandi. Í sambandi við meðferð málsins hér á hv. Alþ., bæði í hv. Nd. og eins hér í þessari hv. d., hafa verið bornar fram margvíslegar spurningar, sem ég tel, að svör við þeim séu afgerandi og hafi úrslitaáhrif á það, hvernig þessi gengislækkun muni reynast í framkvæmdinni, hvort hún verði atvinnuvegunum sú lyftistöng, sem vonazt er til, eða ekki. Það hefur verið spurt um það, hver yrði staða ríkissjóðs eftir gengisbreytinguna. Í sambandi við þessa meðferð hefur ekki enn örlað á neinum till. um tollalækkanir. Það virðist eiga að byrja á mánudaginn að tollafgreiða vörur með sömu tollprósentu og gilt hefur, þrátt fyrir þessa hækkun gjaldeyrisins og hljóta allir að sjá, hvaða áhrif það muni hafa á verðlag í landinu og á stöðu ríkissjóðs. Er það meiningin, að ríkissjóður eigi að halda öllum þeim auknu tekjum og má eitthvað byggja á því, sem hv. 12. þm. Reykv. sagði hér áðan, að þessar auknu tekjur yrðu ætlaðar stjórnarandstöðunni til ráðstöfunar. Ef svo er, er kannske von til þess, að það verði hægt að nota þær í sæmilega heiðarlegum tilgangi, en ég er nú ekki farinn að trúa því enn, að sú verði raunin á, að okkur verði fengið þetta til ráðstöfunar.

Það hefur verið spurt um það, hvað yrði um niðurgreiðslur á vöruverði. Í okt. s. l. voru felldar niður niðurgreiðslur, sem nema miðað við heilt ár eitthvað rúmum 400 millj. kr. Er það meiningin, að þær fáist ekki upp teknar á ný? Er það 3.3% vísitöluhækkunin, sem á að bæta fólki þær, eða hver er ætlunin? Hvernig verður með verð á landbúnaðarvörum? Veit nokkur það? Hvernig verður með fyrirhugaðan farmiðaskatt? Fæst nokkurt svar við því? Hvernig verður með daggjöldin á sjúkrahúsunum, sem ákveðið hefur verið í sambandi við afgreiðslu fjárl. að stórhækka? Verður sú hækkun látin ná fram að ganga eða verða auknar tekjur ríkissjóðs kannske notaðar til þess að greiða þessi daggjöld niður? Verður innheimtur söluskattur á þjónustu Pósts og síma, eins og ráðgert er í fjárlagafrv. eða verður það fellt niður, en innheimtan mundi þýða hækkað gjald á þjónustu þessara stofnana til notenda? Og síðast en ekki sízt vil ég enn á ný spyrja að því, sem hér hefur áður verið gert: Hvað verður um verðtryggingu sparifjárins?

Það mun mála sannast, að hversu margir, sem bíða tjón við gengisfellingu, og þeir eru alltaf mjög margir, eru það þó sparifjáreigendurnir, sem skarðastan hlut bera frá því borði. Það hefur löngum verið svo og það ætlar að verða svo eina ferðina enn, þrátt fyrir það að fyrir tveimur árum voru hér á hv. Alþ. samþ. lög um verðtryggingu sparifjár. Ég skal viðurkenna, að það er erfitt að framkvæma verðtryggingu sparifjár. Mér er það alveg ljóst, en ég held, að hjá því verði bara alls ekki komizt, ekki sízt þegar gengislækkunarbrautin er gengin áfram og áfram, þrjár gengislækkanir á 8 árum, engin stefnubreyting sjáanleg og fjórða gengislækkunin þar af leiðandi líkleg, að ekki sé sagt örugg. Það verður að finna leið til þess að bæta sparifjáreigendum verðfall peninganna. Sparifé er hornsteinn undir velflestum framkvæmdum í landinu, og það er ekki von til þess, að fólk haldi áfram að trúa bönkunum fyrir sparifé sínu, þegar reynsla þess er sú, sem hún hefur að undanförnu verið, að sparifé er verðfellt um stórfé á fárra ára fresti.

Ég tók eftir því, að í frásögnum Seðlabankastjórnarinnar um fyrirhugaðar ráðstafanir vegna gengisfellingarinnar var verðtrygging sparifjárins eitt af því, sem þar var talið upp, og ég vil mjög eindregið undirstrika nauðsyn þess og vænti þess, að það verði gert og það helzt áður en öll áhrif gengisfellingarinnar eru komin fram.

Ég tel, að allar þessar spurningar, sem ég hef nú bara drepið á í örstuttu máli til þess að verða við beiðni hæstv. forsrh. um að hraða meðferð málsins eftir föngum, — svörin við þeim séu það mikilvæg, að ég satt að segja skil það ekki, að nokkrir hv. alþm. treysti sér til þess að leggja blessun sína yfir gengislækkunina án þess að vita svörin við þeim.

Það er sagt, að ákvæði frv. séu að meginefni þau sömu og áður hafa verið í l. um ráðstafanir vegna gengisbreytinga. Það er að verulegu leyti rétt. Það eru ekki mörg nýmæli í þessu frv. Það skal játað. En ég hygg, að oftast nær, ef ekki alltaf, hafi það legið fyrir við breytingu gengis miklu nákvæmar heldur en nú, hvaða hliðarráðstafanir ættu að fylgja gengisbreytingunni. Og það er það fyrst og fremst, sem hér er gagnrýnt, en ekki út af fyrir sig þau ákvæði um framkvæmd sjálfrar gengisskráningarinnar, sem þetta frv. hefur að geyma. Í þessu frv. er að vísu eitt nýmæli. Það er í 3. gr. Það fjallar um farmgjöldin, en ég tel, að það sé nú ekki óeðlilegt ákvæði, og ég ætla mér ekki að halda uppi neinni gagnrýni á það út af fyrir sig. Þá tel ég, að í 4. gr. sé mjög ónákvæmt orðalag, sem mér hefur nú ekki tekizt að fá eiginlega neina fullnægjandi skýringu á. Má vera, að einhver hæstv. ráðh. sjái ástæðu til þess að skýra það. Það er 2. málsl. fyrri mgr. 4. gr., þar sem segir, að ríkisstj. kveði nánara á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir. Ja, ein skýringin er sú, að ríkisstj. eigi að hafa fullnaðarúrskurðarvald um það, hvaða vörutegundir eigi að falla undir ákvæði gr. Önnur skýringin er sú, að ríkisstj. eigi að hafa úrskurðarvald um það, á hvaða ári varan telst framleidd. Og þriðja skýringin er á þann veg, að úrskurðarvald ríkisstj. taki til beggja þessara atriða, og þá verð ég að segja það, að ákvæði gr. eru orðin næsta haldlítil, þar sem þar er þá fyrst og fremst um heimild til handa ríkisstj. að ræða til þess að fara með þessi mál algerlega að eigin vild. En hvernig sem um þennan skilning 4. gr. fer, er það ljóst, sem hér hefur áður verið bent á, að eftir ákvæðum hennar verður stórum erfiðara fyrir framleiðslufyrirtækin að halda áfram starfsemi sinni í desembermánuði heldur en þó

hefur verið til þessa og skildist manni þó, að á þá erfiðleika væri ekki bætandi, þar sem hér á að taka af framleiðendunum þann hagnað, sem af gengisbreytingunni leiðir, af allri þeirri vöru, sem framleidd er árið 1967, einnig þeirri, sem ekki er farið að framleiða enn þann dag í dag. Mér finnst þetta ákvæði vera mjög varasamt og ég vil beina því til hæstv. stjórnarflokka-þm., hvort þeir vilji ekki endurskoða þessa afstöðu. Er það ekki svo, að útflutningsframleiðslan eigi við nærri óyfirstíganlega örðugleika að etja? Er þá nokkur von til þess, að í desembermánuði, þegar 3.3% kauphækkun þó verður og þegar gengisbreytingin fer að segja til sín í rekstrarvörum framleiðslufyrirtækjanna, er þá nokkur von til þess, að þau geti yfirleitt framleitt nokkra vöru í desembermánuði með þessu fyrirkomulagi. Kannske er það ekki stórt atriði.

Með hliðsjón af því, sem ég hef nú sagt og ýmsu, sem fram hefur komið í öðrum ræðum hv. stjórnarandstæðinga, þá legg ég til ásamt hv. 6. þm. Sunnl. og hv. 3. þm. Austf., að þetta frv. verði fellt.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að þessu sinni að ræða um þetta gengisfellingarmál mjög almennt. Ég tel ekki ástæðu til þess nú. Það hefur þegar verið gert allmikið við umr. um þetta frv. og verður vafalaust tækifæri til þess að ræða þau mál enn um sinn, m.a. í sambandi við þá vantrauststill., sem lögð hefur verið fram á ríkisstj. Ég er sammála því minni hl.-áliti, sem lagt hefur verið fram um málið, og get algerlega tekið undir þann rökstuðning, sem þar er fram fluttur. Ég vil leggja á það áherzlu, að það er vitanlega mikilvægt fyrir menn, þegar þeir taka afstöðu til slíks máls eins og þessa að vita svör við þeim mörgu spurningum, sem spurt hefur verið í sambandi við væntanlegar hliðarráðstafanir og svör hafa lítil eða engin komið við enn þá. Ég vil leyfa mér að bæta einni spurningu við í þeirri von, að einhver hæstv. ráðh. eða annar hvor þeirra hæstv. ráðh., sem hér eru viðstaddir umr., taki hana til athugunar, annaðhvort svari henni, ef þeir hafa tök á nú, eða taki það fyllilega til athugunar, hvað gert verður í sambandi við það mál.

Það er vitað, að þegar um slíka lækkun á gengi er að ræða eins og hér á sér stað, verða miklar tilfærslur fjármuna. Sumir tapa greinilega á breytingunni, aðrir hagnast.

Ég vil benda á einn hóp manna, sem gengisfelling snertir sérstaklega illa hverju sinni. Það eru þeir námsmenn okkar, sem eru við nám erlendis. Það munu vera, að því er ég bezt veit, um eða yfir 700 íslenzkir námsmenn við nám erlendis, sennilega eitthvað á milli 700—800. Ég tel ekki fjarri lagi að gera ráð fyrir, að námskostnaður þeirra í íslenzkum krónum sé nú eða hafi verið fyrir gengisfellinguna um 90 þús. kr. á ári á mann, þ.e.a.s. þá geri ég ráð fyrir fargjöldum, sem þeir þurfa margir að greiða einu sinni á ári a.m.k. Þarna er um að ræða upphæð, sennilega samtals eitthvað milli 60—65 millj. á ári, og þegar nú verður um að ræða, að þessi upphæð hækkar í krónutölu íslenzkri um þriðjung hér um bil, sé ég ekki betur en þarna sé um að ræða hvorki meira né minna en 20 millj. kr. skatt á íslenzka námsmenn erlendis. Ríkið hefur styrkt námsmenn alllengi. Aðallega er sá stuðningur veittur í formi lána, en að nokkru í formi styrkja. Þessi lán og styrkir til íslenzkra námsmanna erlendis munu á þessu ári hafa verið um 18—19 millj. kr. að því er ég kemst næst. Þessi upphæð, lán og styrkir til námsmanna, færi öll og meira til núna í sambandi við gengisbreytinguna, ef ekki verður að gert í þessu efni. Ég vil þess vegna leyfa mér að spyrja: Hvað er fyrirhugað í sambandi við þennan hóp manna, sem allra manna sízt má við því að fá hag sínum eða kjörum svo raskað, sem með þessu móti yrði gert? Hvað er fyrirhugað í því efni? Það kemur að sjálfsögðu ýmislegt til greina og þá ekki sízt það að stórauka þann stuðning, sem þessum mönnum verður veittur, stórauka hann í hvaða formi, sem það nú yrði. Þetta tel ég alveg nauðsynlegt og raunar sjálfsagt í sambandi við þessar aðgerðir.

Eins og ég sagði áðan, ætla ég ekki nú við þetta tækifæri að fara að tefja þetta mál með því að ræða um gengisfellingarmálið almennt. Það gefast tækifæri til þess síðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:8 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:8 atkv.

Á 22. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 87).

---

2. Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Á 14. fundi í Nd., 7. nóv., var úthýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. [46. mál] (stjfrv., A. 48).

Á 15. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt í samráði við fulltrúa bænda í Sexmannanefnd og samkomulagi við fulltrúa neytenda, einnig í þessari n. að ég ætla, og að nokkru eftir ósk form. yfirnefndar, sem nú starfar. Það hefur dregizt á langinn að þessu sinni að ákveða búvöruverðið og kemur það til af því, að Sexmannanefnd kom sér ekki saman um verðlagningu á búvörum. Bændur gerðu till. um nokkra hækkun á búvöruverðinu og færðu rök fyrir því. Neytendur gerðu till. um nokkra lækkun og færðu rök fyrir því af sinni hálfu. Málinu var síðan vísað til sáttasemjara samkv. l. og

honum tókst ekki að sætta aðila og fór málið þá til yfirnefndar, eins og ætlazt er til samkv. löggjöfinni. Yfirnefnd situr nú að störfum og má vænta úrskurðar hennar, þegar störfum er lokið.

Í framleiðsluráðslögunum er gert ráð fyrir því, að verðlagningu ljúki hverju sinni fyrir 1. sept. ár hvert, nema samkomulag verði um annað. Þetta hefur nú oft dregizt fram um miðjan sept., stundum 20. sept. Ég man ekki, að það hafi verið lengur, en að sjálfsögðu hefur annar aðilinn alltaf vald á því að gera ágreining og vísa málinu til yfirnefndar, ef ekki eru samkomulagshorfur.

Að þessu sinni er útsöluverð búvara miðað við það, að bændur fái sama verð og þeir fengu á s. l. ári. Þannig hlýtur það að verða, þangað til úrskurður yfirnefndar er fallinn, ef það skyldi breytast með því. En ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, að eftir framleiðsluráðsl., sem samþ. voru 1966, er gert ráð fyrir því, að verðlagsgrundvöllur sé ákveðinn til tveggja ára í senn og verð afurðanna sé ákveðið til tveggja ára í senn að öðru leyti en því, að það megi breytast, ef rekstrarvörur hækka í verði og ef kaupgjald hækkar hjá viðmiðunarstéttunum. Þá má breyta verðlaginu ársfjórðungslega. Það er gert ráð fyrir því í framleiðsluráðsl. samkv. 4. gr. l., að vinnutími bóndans sé ákveðinn í samræmi við það, sem þörf þykir við meðalbúið, og þess vegna hafa farið fram vinnumælingar á búunum til þess að sannreyna, hversu mikla vinnu eðlilegt er að reikna bóndanum og skylduliði hans við meðalbúið. Þessum vinnumælingum er ekki lokið og ekki komnar nógu langt til þess, að þeir, sem um verðlagninguna fjalla, telji rétt eða eðlilegt að verðleggja til tveggja ára, þar sem ekki er hægt að byggja á nægilega traustum grunni að þeirra dómi.

Eins og hv. alþm. muna, var l. um búreikningaskrifstofu breytt á þessu ári, í byrjun þessa árs. Búreikningaskrifstofan var endurskipulögð frá grunni og ráðinn til hennar ungur og efnilegur rekstrarhagfræðingur. Hjá búreikningaskrifstofunni liggja nú 46 búreikningar yfir fyrri hluta þessa árs, en að sjálfsögðu ekki yfir allt árið. Búreikningarnir eiga í framtíðinni að verða hjálpartæki, ekki aðeins fyrir bændur, heldur einnig fyrir neytendur til þess að finna út sanngjarnt og eðlilegt búvöruverð. En þegar ekki liggja nú fyrir að þessu sinni nema 46 búreikningar fyrir ½ ár, er það náttúrlega ekki nóg til þess að byggja á verðgrundvöll til tveggja ára. Af þessum ástæðum hafa fulltrúar neytenda og framleiðenda í Sexmannanefnd talið eðlilegt, að að þessu sinni verði verðlagt aðeins til eins árs, þótt löggjöfin geri ráð fyrir, að það verði framvegis til tveggja ára, eftir að vinnumælingum er lokið og búreikningar liggja fyrir.

Í rauninni er ekki meira um þetta mál að segja. Ég legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til landbn. með 33 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 48, n. 62).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Á síðasta þingi voru gerðar talsverðar breytingar á l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu og verðmiðlun og verðlagningu á landbúnaðarvörum. Ég tel ekki ástæðu til að ræða þessar breytingar. Þær munu yfirleitt vera taldar til bóta, og hef ég ekki orðið var við ágreining um það. Í því sambandi vil ég þó geta þess, að nú er beinum orðum sagt, að rannsaka skuli vinnu á meðalbúi, grundvallarbúi, eins og það mun vera orðað, bæði bóndans og skylduliðs hans og hjúa. Þetta er eitt meginatriðið, til þess að hægt sé að finna sem réttlátastan grundvöll til að byggja á og úrskurða vöruverðið hverju sinni.

Það hefur lengi verið um deilt, hver vinna væri raunverulega á meðalbúi. Bændur hafa talið, að hún væri vanreiknuð. Sumir neytendur hafa álitið, að hún hlyti að vera ofreiknuð. Þess vegna er það mjög áríðandi að finna þarna sem allra réttlátastan og útreiknaðan grundvöll til að miða vöruverðið við.

Þess er einnig að geta, að á síðasta ári voru gerð lög um búreikningaskrifstofu landbúnaðarins og eitt með öðru, sem henni er ætlað að gera, er það að gera mælingar á þeirri vinnu, sem fer til þess að framfleyta meðalbúi árlega. Áður var að vísu til búreikningaskrifstofa á vegum Búnaðarfélagsins, en vinnubrögð þessarar skrifstofu eru með allt öðrum hætti. Þessi skrifstofa hafði á síðasta hausti ekki starfað nema aðeins ½ ár og þess vegna er ekki hægt að byggja á hennar niðurstöðum við útreikning á vöruverði haustið 1967. En í þeim l., sem ég nefndi, þ. e. a. s. breytingunni á framleiðsluráðsl. í fyrra, var gert ráð fyrir því, að haustið 1966 yrði síðasta haust, sem búvöruverð yrði ákveðið til eins árs. Nú er gert ráð fyrir að ákveða það til tveggja ára í senn.

Í þeim l., sem ég nefndi, segir beinum orðum:

„Þó gildir verðlagsgrundvöllur, sem ákveðinn verður haustið 1966, aðeins eitt ár.“

Hér í þessu frv. er lagt til, að þessu verði breytt, og fyrir 1966 komi 1967, vegna þess að haustið 1967 er ekki hægt að styðjast neitt verulega við rannsóknir búreikningaskrifstofunnar, sem að allra manna áliti er mjög mikilsvert til að finna hið raunverulega verð. Ég tel mjög mikilsvert, að þau gögn, sem við er miðað, bæði þetta og annað, þegar verð landbúnaðarvara er ákveðið, séu sem allra réttust. Gildandi lög ætlast til þess, að bóndinn fái fyrir vinnu sína sams konar verð eins og verkamaður, iðnverkamaður og sjómaður að því undanskildu þó, að ekki skuli miða við ákvæðisvinnu verkamanna og iðnaðarmanna né heldur aflahlut sjómanna. Ég ætla, að enginn telji óréttlátt, að bóndinn fái fyrir sína ársvinnu eigi minni laun heldur en verkamaðurinn eða menn í þessum viðmiðunarstéttum og er í sjálfu sér ekki ágreiningur um það. Þess vegna er það, eins og ég sagði áðan, ákaflega mikilsvert að finna hinn raunverulega og rétta grundvöll undir landbúnaðarverðið, og þeir, sem skipa landbn. Nd., urðu sammála um það að leggja til, að þessi breyting á framleiðsluráðsl. verði samþ. með það fyrir augum, að hér eftir verði naumast deilt um það, hver vinnuhlutur bóndans sé eða vinnuframlag bóndans sé á meðalbúi. Leggur n. því til samróma, að frv. þetta verði samþykkt.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og fram kom í nál. og hjá frsm. n., var n. sammála um það, að frv. yrði samþ. óbreytt. Mín afstaða byggist fyrst og fremst á því, að það geti verið of mikil áhætta fyrir bændastéttina að verðleggja til tveggja ára. Hins vegar vil ég nota þetta tækifæri til að mótmæla þeim rökstuðningi, sem hæstv. landbrh. kom fram með í sinni framsöguræðu um daginn og frummælandi nú einnig, að hæstv. landbrh. sagði, að búreikningar hefðu aðeins verið færðir í nokkra mánuði, þ. e. a. s. frá síðustu áramótum, væru of fáir og væri því lítið á þeim að byggja. Hann taldi einnig, að þær vinnumælingar, sem gerðar hafa verið s. l. þrjú missiri, væru of fáar og ófullkomnar. Hvað felst í þessum boðskap? Var hæstv. landbrh. að boða það, að búvörur yrðu ekki verðlagðar samkv. *gildandi* l. *þetta árið? Og sé svo, hvaðan komu* þau fyrirmæli? Er það ekki dálítið undarlegt, að ekkert verð hefur verið auglýst enn á búvörum, þó að yfirdómur sé búinn að sitja á rökstólum í rúman mánuð og í dag er 21. nóv.? Það eru bráðum komnir þrír mánuðir síðan átti að vera búið að verðleggja búvörur lögum samkv. Og jafnhliða þessu leggur hæstv. landbrh. þetta frv. fram hér á hinu háa Alþ. og talar fyrir því á þann veg, að grunsemdir hljóta að vakna hjá bændum, að ekki sé allt hreint í þessu máli. Búreikningaskrifstofa hefur verið starfrækt til fleiri ára. Mörg ár voru búreikningarnir að vísu mjög fáir, en engu að síður *gefa þeir margs konar upplýsingar, sem* við samanburð margra ára er hægt að byggja töluvert á. Árið 1966 mun búreikningaskrifstofan, Hagstofan og Stéttarsamband bænda hafa verið með samtals um eða yfir 200 úrtök og samanburður hefur verið gerður á þeim. Fullt samræmi virðist vera í þessum úrtökum, meira að segja frá ári til árs og ef niðurstöðutölur vinnumælinganna eru bornar saman við búreikningana, kemur alveg það sama út í þeim liðum, sem ég hef getað borið saman, en það eru veigamestu liðirnir, hirðingin. T. d. sýna vinnumælingar, að öll hirðing á hverja kú er að meðaltali yfir árið 33 mín. á dag eða um 2000 klst. á visitölubúið á ári. En alveg sama tala kemur út, ef búreikningarnir eru athugaðir. Samanburður á búreikningum og vinnumælingum um hirðingu á sauðfé kemur mjög svipað út og það, sem það er, sýna vinnumælingar, að sú vinna er sízt of talin í búreikningunum. Bak við þessa tvo liði eru um ¾ hlutar af vinnumagni grundvallarbúsins eða rúmlega 3100 klst. á ári.

Þessi athugun með vinnumælingar er framkvæmd af tveimur mönnum. Annar er fulltrúi neytenda, en hinn fulltrúi framleiðenda, og þeir gáfu út sameiginlega yfirlýsingu. Ég get ekki séð annað en t. d. þessir tveir liðir séu það vel undirbyggðir, að það sé hreinn útúrsnúningur og undanbrögð, verði ekki tekið fullt tillit til þessarar niðurstöðu við verðlagninguna að þessu sinni.

Þá má geta þess, að nýja vísitalan er byggð á aðeins 100 úrtökum og ef það er borið saman við þetta, ætti að vera hægt að byggja á þessu. Um hinn hluta vinnumagnsins má e. t. v. deila, ef mikill vilji er fyrir hendi, þar sem erfiðara er að vinnumæla þá þætti búskaparins, þar sem tíðarfar og ýmsar aðstæður grípa þar inn í. En ég vil spyrja: Hefur nokkuð komið fram við athugun og samanburð á búreikningum annars vegar og vinnumælingum og skýrslum frá Hagstofunni hins vegar, sem gefi nokkurt tilefni til að vefengja búreikningana og niðurstöður þeirra? Séu bornir saman t. d. aðalútgjaldaliðirnir eins og þeir eru annars vegar frá Hagstofunni og hins vegar frá búreikningaskrifstofunni, verður heildarmunurinn það lítill, að það hlýtur einnig að undirstrika það, að niðurstöður búreikningaskrifstofunnar séu það, sem hægt er að byggja á. Séu teknir þrír liðir, áburður, kjarnfóður og rekstrarkostnaður véla, eru þessir liðir samanlagðir hjá búreikningaskrifstofunni 142710 kr., en Hagstofunni 142052 kr. eða aðeins á öllum þessum stóru liðum 658 kr. munur.

Í lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins frá 13. maí 1966 er 4. gr. þannig, með leyfi forseta:

„Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, sem landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Í verðlagsgrundvelli skal, sbr. ákvæði 6. gr., tilfæra ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð, sem miðað er við hverju sinni, og virða vinnutíma til samræmis við kaupgjald verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils. Eigi skal þó taka til viðmiðunar ákvæðisvinnu verkamanna og iðnaðarmanna né aflahlut sjómanna. Til kaupgjalds teljast hvers konar samn*ingsbundin fríðindi.*“

Ef á að skilja orð hæstv. landbrh. á þann veg, að ekki verði verðlagt samkv. gildandi lögum að þessu sinni og það hafi verið það, sem lá á bak við, þegar þetta frv. var hér lagt fram, vil ég mótmæla slíkum vinnubrögðum og alvarlega vara hæstv. landbrh. og hæstv. ríkisstj. við slíku, því að ef verðlagningin verður framkvæmd þannig, getur ekki farið hjá því, að bændur telji, að ríkisstj. hafi haft bein afskipti af verðlagningunni, haft áhrif á það, að löggjöfin er brotin niður. Sá málatilbúningur, sem hæstv. landbrh. kom með, er hann flutti þetta frv., gefur vissu*lega tilefni til slíkra ályktana. Ég vil ekki trúa* því, að hæstv. ríkisstj. sé eins langt leidd og ræða hæstv. landbrh. gefur tilefni til að ætla. Eftir það, sem fram er komið, getur ríkisstj. ekki skýlt sér bak við yfirdóminn eða meiri hl. hans. Ef ekki verða verðlagðar landbúnaðarvörur að þessu sinni eftir gildandi lögum, er kröfuréttur bændanna á hendur ríkisstj. óvefengjanlegur, og ekki vil ég trúa því fyrr en á reynir, að bændur standi ekki saman sem einn maður, ef það kemur í ljós, að sjálf ríkisstj. beitir sér fyrir því, að á þeim séu brotin lög til þess að svipta þá tekjum sínum. Ekki veldur sá, er varar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. vitnaði í ræðu, sem ég flutti hér 9. þ. m. í sambandi við frv. um breytingu á framleiðsluráðsl. Hv. þm. vildi gefa það í skyn, að með þessu frv. hafi ég verið að boða það, að verðlagning á búvöru á þessu hausti ætti ekki að fara fram samkv. framleiðsluráðslögunum. Hv. þm. virtist ætla að gera mér upp orð eða hugmyndir til þess síðan að reyna að hafa ástæðu til þess að segja: Ríkisstj. er vond við bændur. Hún hefur hlutdeild í verðlagningunni.

Hún ætlar að brjóta lög á bændum. En hvað er svo þetta frv.? Það er hér til umr. í dag. Það er samþ. af öllum hv. nm. í landbn. að mæla með því. Það er flutt í fullkomnu samkomulagi við fulltrúa bænda í Sexmannanefnd og fulltrúa neytenda líka og ég sagði við þessa ágætu fulltrúa í Sexmannanefnd: Ég flyt frv. því aðeins, að það sé samkomulag um það. Svo er þessi hv. þm. að reyna að gefa það í skyn, að ég sé með flutningi þessa frv. að skapa leið til þess að brjóta rétt á bændum, til þess að fara í kringum framleiðsluráðslögin. Þetta er ósæmilegur málflutningur og það er framhleypni af þessum hv. þm. að koma hér upp í ræðustólinn nú og leitast við að hafa orð fyrir þeim, sem þekkja þessi mál miklu betur og hafa starfað við þau í Sexmannanefnd, í verðlagningunni, eins og hv. flokksbróðir hans hefur gert, sem á sæti í þessari hv. d. Og ég er alveg sannfærður um það, að hann er sá drengskaparmaður að viðurkenna það, að ég bar þetta frv. undir hann, áður en það var flutt, og það var borið undir þá, sem vinna með honum að verðlagningunni.

Það er alveg óþarfi að vera að gefa það í skyn, að ríkisstj. sé að skipta sér af verðlagningu búvörunnar. Málið hefur þróazt eins og ætla mátti að vissu leyti, en það er þó seinna á ferðinni heldur en ég hafði búizt við. Framleiðsluráðslögin segja, að verðlagningunni skuli lokið 1. sept. ár hvert, nema samkomulag sé um annað. Nú var það svo í haust, að það komu till. fram um verðlagninguna í septembermánuði af hálfu bændanna. Vitanlega var ekki hægt að verðleggja fyrr heldur en þær till. komu fram. Eftir að þær voru komnar fram, óskuðu fulltrúar neytenda eftir því að fá að athuga þær, og nokkru seinna komu þeir með till. Síðan munu hafa verið haldnir margir fundir í Sexmannanefnd til þess að reyna að ná samkomulagi. Það tókst ekki. Eftir að samkomulagsumleitanir n. höfðu farið út um þúfur þeirra á milli, var málinu samkv. l. vísað til sáttasemjara. Ekki veit ég, hversu lengi sáttasemjari var með málið, hversu langan tíma það tók hjá honum að ganga úr skugga um það, að það væri ekki hægt að sætta fulltrúa neytenda og bænda. Það tókst ekki. Þegar það var ljóst, var málinu vísað til yfirnefndar. En þá var eftir að velja yfirnefndina. Ef Sexmannanefnd kæmi sér nú saman um það að velja oddamann í n., var það álitið gott og æskilegt, og það merkilega var, að þetta tókst. Fulltrúar neytenda og framleiðenda komu sér saman um oddamanninn. Þeir leituðu með logandi ljósi og fundu einn valinkunnan heiðursmann, vitran og sanngjarnan, til að taka þetta að sér. Hæstiréttur þurfti þess vegna ekki að koma hér við sögu og skipa oddamann, eins og l. gera ráð fyrir, ef fulltrúar bænda og neytenda geta ekki komið sér saman. Og fulltrúar neytenda og fulltrúar bænda tilnefndu mann í dóminn og ég hefði haldið það, að þessi dómur væri vel skipaður. Ég þekki suma af þessum mönnum mjög lítið, en ég held, að þetta séu valinkunnir menn, sem ekki létu segja sér fyrir verkum, ef ríkisstj. eða einhver annar ætlaði sér að gera það. Og ég vil mótmæla þessum dylgjum, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. viðhafði hér áðan í garð yfirdómsins, sem á það vissulega ekki skilið. Ríkisstj. er ýmsu vön, t. d. að fá ádeilur að ósekju og það er ekki ástæða til að taka það mjög illa upp, og sízt þegar nýgræðingur, sem málið virðist þekkja lítið, viðhefur slíkt og heldur e. t. v., að það sé því máli, sem hann ber fyrir brjósti, til framdráttar að kynna sig þannig hér á hv. Alþ., að ekki verði mark á honum tekið.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Þegar framleiðsluráðsl. var breytt 1966, var það ein breytingin og ekki sú veigaminnsta, sem gerð var á 4. gr. l. Að vísu stendur enn þá óbreytt upphaf 4. gr., eins og það var í gömlu framleiðsluráðsl., og það er meginefni gr., að bændur skuli hljóta laun í samræmi við laun annarra vinnandi stétta. En í útfærslu þeirri, sem orðið hefur á undanförnum árum við framkvæmd málsins, hefur verið miðað við verkamenn, iðnaðarmenn og sjómenn, og ég fer ekki nánar út í það á hvern hátt það hefur verið gert. En þó að miðað sé við þessar stéttir, segir það í raun og veru ekki alla sögu. En það yrði of langt mál að fara nánar út í það. Þetta ákvæði stendur sem sagt enn óbreytt í 4. gr. Síðan koma ný ákvæði, þar sem það er tekið fram, að leita skuli eftir hver sé ársvinnutími bóndans á meðalbúi og ætla honum kaup á unna vinnustund í samræmi við kaup þessara stétta. Þá er það nýmæli í 4. gr., nýmæli, sem var að vísu oft rætt í Sexmannanefnd, en aldrei fékkst um samkomulag þar, að einnig skyldi meta vinnu eiginkonu bónda við búrekstrinn, svo og annars skylduliðs.

Það hefur verið minnzt á starfsemi búreikningaskrifstofunnar, sem hefur starfað hér mörg undanfarin ár. En starfsemi hennar hefur ekki verið miðuð við verðlagningu búvara og skýrslur hennar hafa ekki verið notaðar til að undirbyggja verðlagningu undanfarið. — Búreikningaskrifstofan lét færa tvenns konar búreikninga, suma tiltölulega einfalda, en aðra aftur yfirgripsmeiri. Og í þeim reikningum, en þeir voru mjög fáir, var vinnutíminn skráður. Þannig liggja fyrir nokkrar upplýsingar um það atriði frá liðnum árum.

Það, sem gert var svo eftir lagabreytinguna 1966 til þess að undirbyggja þennan lið verðlagsgrundvallarins, vinnuliðinn, var í raun og veru tvíþætt. Annars vegar það að endurskipuleggja starfsemi búreikningaskrifstofunnar, fjölga búreikningunum og hraða úrvinnslu þeirra, þannig að þeir gætu orðið tiltækir við verðlagninguna nægilega snemma. Hins vegar voru svo, að frumkvæði Sexmannanefndar og raunar að frumkvæði neytenda í Sexmannanefnd, fengnir til menn að framkvæma vinnumælingar hjá bændum, til þess að renna enn traustari stoðum undir þennan lið grundvallarins. Og það var lögð mjög mikil vinna í þetta og þessir menn öfluðu ýmissa mikilvægra upplýsinga, þótt það sé rétt, sem hér hefur komið fram, að þeir hafa ekki á þessum tíma komizt til þess að vinnumæla alla þætti búrekstrar. Og það verður raunar aldrei hægt til fulls; það er nú mín skoðun.

Það var ákaflega þýðingarmikið að okkar dómi, fulltrúa framleiðenda í þessum málum, að vinnumælingarnar, það sem þær ná, fara mjög saman við það, sem gömlu og stóru búreikningarnir höfðu að segja í öllum meginatriðum, mjög nærri

því. Það breytti þó ekki því, að okkur, fulltrúum framleiðenda í Sexmannanefnd, þótti rétt að fallast á það, að að þessu sinni yrði ekki verðlagt nema til eins árs. Stærsti liðurinn í kostnaðinum við búreksturinn er vinnuliðurinn, og það er þess vegna mjög þýðingarmikið að tryggja sem allra bezt undirbyggingu hans.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram, sem raunar er þó kannske óþarfi, því að það liggur alveg í hlutarins eðli, að við álítum, að þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru varðandi þennan lið, séu það veigamiklar, að það komi ekki annað til mála heldur en byggja verðlagninguna núna, sem væntanlega verður til eins árs, á þeim upplýsingum, svo langt sem þær ná. Og það er áreiðanlega skoðun okkar allra, að þannig beri að skilja þessa hluti.

Ég vil láta það koma hér fram sem mína skoðun, að ég tel þann drátt, sem orðið hefur á verðlagningu landbúnaðarvara í haust, alveg óhæfilegan og raunar alveg óhugsandi að sætta sig við, að þetta gangi þannig til framvegis. Þegar lagabreytingin var gerð 1966, breytingin á framleiðsluráðslögunum, var sett undir þann leka, að verðlagningarkerfið gæti orðið óvirkt. Það var sett undir hann. Og ég skal ekki fara að rekja það neitt nánar. Hins vegar hefur þeim, sem að þeirri lagasmíð stóðu, mistekizt að búa svo um hnúta, að verðlagningin gæti komið til framkvæmda innan skikkanlegra tímatakmarka. Það er mín skoðun, að það komi mjög til álita fyrir bændastéttina og bændasamtökin að taka verðlagsmál landbúnaðarins í heild til gaumgæfilegrar athugunar innan sinna vébanda, með það fyrir augum að fá á þeim málum heppilegri skipan en nú er.

Út af orðaskiptum, sem hér fóru fram áðan milli hv. 5. þm. Norðurl. e. og hæstv. landbrh., vil ég aðeins upplýsa í sambandi við verðlagninguna í haust, að þetta gekk þannig til: Framleiðendur lögðu fram sínar till. 5. sept. Það var í raun og veru óhæfilega seint og orsakaðist af því, að þeir höfðu ekki í höndum þau gögn, sem þeir töldu sér óhjákvæmilegt að hafa. En síðan liðu vikur og raunar heill mánuður, án þess að nokkuð kæmi fram hjá neytendum. Og það var áður en nokkrar till. lágu fyrir frá þeim, að framleiðendur óskuðu þess, að sáttasemjari kæmi í málið. Fyrst eftir að sáttasemjari er búinn að hafa málið með höndum rúma viku — hann setti þann frest — skiluðu neytendur sínum till. Við vorum satt að segja mjög óánægðir með þetta og teljum þetta alveg óhæfilegan drátt. Sáttasemjari hafði málið fremur stutt með höndum, og út á hans vinnubrögð er ekkert að setja að mínum dómi. Síðan fór það til yfirnefndarinnar, sem hefur haft æði rúman tíma og þó ekki enn skilað sínu áliti. Eru nú senn liðnir þrír mánuðir frá því verðlagningu landbúnaðarvara átti að vera lokið, skv. ákvæðum framleiðsluráðslaganna.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Nd., 23. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs síðast þegar þetta mál var til umr. næst liðinn þriðjudag út af ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. Ég verð að segja það, að mér kom sú ræða dálítið á óvart, vegna þess að ég hafði ekki orðið var við ágreining í landbn., þegar hún afgreiddi þetta frv. shlj. Og þau atriði, sem hv. þm. dró inn í sína ræðu í sambandi við þetta mál, fannst mér naumast eiga heima í þessari umr.

Hann tók nokkuð mikið upp í sig og var með getsakir í garð hæstv. landbrh. og þess manns, sem valinn var í yfirdóm til að úrskurða landbúnaðarvöruverð á þessu hausti, sem mér fannst vera með öllu óviðeigandi, a. m. k. á meðan ekki er fallinn neinn dómur. Og í sjálfu sér lít ég svo á, að slíkar getsakir, sem þar komu fram, eigi naumast rétt á sér í umr. En þar sem hæstv. landbrh. mun hafa fært þessum hv. þm. nægilega heim sanninn um það í ræðu sinni þá, að svona ræðumennska er a. m. k. ekki líkleg til þess að vinna málum gagn, mun ég ekki fara frekar út í það.

Hafi ég skilið rétt ræðu þessa hv. þm., er hann með öllu andvígur grg. frv., sem skýrir það, hvers vegna þessi brtt. er gerð, þ. e. a. s., að ekki sé þörf á fyllri gögnum varðandi vinnumælingar þær, sem notaðar eru við ákvörðun grundvallarins heldur en fyrir séu frá fyrri árum frá búreikningaskrifstofu landbúnaðarins. Þetta liggi allt fyrir þar í skjölum.

Fjarri fer, að ég vilji gera lítið úr þeirri skrifstofu. Hún hefur verið starfrækt í mörg ár og fyrir henni hefur staðið mjög gegn og góður maður, en ég ætla þó, að það sé hægt að afla öruggari gagna um vinnu á viðmiðunarbúi heldur en þar hafa enn komið og sérstaklega gagna, sem síður verði vefengd. Hins vegar færði hann rök fyrir því, hvers vegna hann hefði skrifað undir nál. án ágreinings og það voru út af fyrir sig sæmileg rök, sem sé þau, að hann teldi það óvarlegt fyrir bændur, að landbúnaðarvöruverð, eða grundvöllurinn réttara sagt, væri nokkurn tíma ákveðinn nema fyrir eitt ár í senn.

Það kom fram í ræðu hv. 5. þm. Austf., að hann leit á þetta mál mjög svipað og raunar algerlega eins og ég. Hann taldi, að þó að fyrir lægju allmikil gögn, væri hægt að fá þau enn fyllri og öruggari með því að styðja sig við það, sem hin nýja skrifstofa, búreikningaskrifstofa ríkisins, mundi geta lagt á borðið, þegar heilt ár væri liðið frá því að hún tók til starfa. Sjálfsagt geta framtalsúrtök þau, sem búreikningaskrifstofa Búnaðarfélagsins hefur, gefið miklar vísbendingar og verið allgóð gögn að því er snertir þessi mál undanfarin ár, en alltaf eru að breytast viðhorfin í þessu máli, og þess vegna þarf að sjálfsögðu alltaf að afla nýrra og nýrra gagna. Ég tel vafalaust, að á þessu hausti, þegar Sexmannanefnd hefur verið að fjalla um þessi mál, hafi hún haft þessi gömlu gögn til stuðnings sér og byggi sína niðurstöðu á þeim, svo og sá dómur, sem þetta mál nú hefur verið lagt í. En aðalatriðið fyrir mér er að fá þau gögn, sem séu sterkari en þau, sem fyrir eru og verði síður vefengd. Þetta kom einnig fram í ræðu hv. 5. þm. Austf., sem er einmitt mjög virkur maður í þessum málum öllum saman og hefur kynnt sér þau mjög vel. Og það mun ekki hafa verið neinn ágreiningur um það af hálfu neytenda og framleiðenda, að það væri æskilegt og raunar nauð-

synlegt að ákveða ekki búvöruverðið í haust nema fyrir eitt ár, vegna þess að þessi mikilsverðu gögn væru enn ekki nægilega fyrir hendi. En ef þessi gögn, sem hv. ræðumaður var að tala um, væru nægileg og þau væru samhljóða eins og mér skildist á hans ræðu, að væri niðurstaða þess, sem enn hefur komið fram frá búreikningaskrifstofu ríkisins, er það mjög gott. Þá verður miklu sterkari aðstaða fyrir þá, sem verða að úrskurða um þessi mál, ef þeir hafa hvort tveggja í höndum samhljóða. Búreikningaskrifstofa ríkisins hefur nú 46 bú til athugunar með það fyrir augum, að því er mér skilst, að vera viðmiðunarbú. Allir vita, að aðstaða bænda er ákaflega mismunandi í þessu landi. Það fer eftir því, hvað búið er mikið að byggja, hvað búið er mikið að rækta og hvar búin eru sett og í hvaða landshlutum og þetta getur verið dálítið mismunandi frá ári til árs, meira að segja hvað snertir tíðarfarið. En það er hugmyndin að fá út úr þessum 46 viðmiðunarbúum nokkurs konar meðaltal á því, sem gildir fyrir þá bústærð, sem miðað er við.

Með þessum vinnumælingum, sem gert er ráð fyrir og búreikningaskrifstofa ríkisins á að hafa eftirlit með, er verið að reyna að finna svar við því, hversu mikil vinna liggur að baki þeirrar framleiðslu, sem meðalbúið skilar á ári. Áreiðanlega munu allar skýrslur sýna mikinn vinnustundafjölda, þegar allt er saman talið. Vinna bóndans, vinna hjúa hans, vinna barna hans og vinna húsfreyjunnar, sem í flestum tilfellum vinnur meira og minna á sveitabúinu. Búið á Íslandi þarf enn margs með eins og á dögum Sturlu og Sighvats. Ég treysti því, að búreikningaskrifstofan fái góðu til leiðar komið að því er þetta snertir og verði leiðbeinandi um, hvað hagkvæmast sé, hvaða búgrein sé hagkvæmast að reka á hverjum stað og hvaða aðstöðu þurfi að skapa, til þess að viðunanleg útkoma fáist. Og hún geti einnig látið í té sem allra sannastar og réttastar upplýsingar um það, hvað kostar raunverulega að framfleyta þessu búi á hverjum tíma. Og ég vil bíða rólegur eftir því, að þau gögn komi sem fullkomnust, og hef ég þá í huga ekki síður sveitamanninn en aðra, svo að hans hlutur komi sem réttastur út samkv. þeim lögum, sem gilda á meðan á annað borð framleiðsluráðslögin eru látin gilda til þess að finna hið réttasta verð á landbúnaðarvörum. Ég ætla, að þegar búreikningaskrifstofan er búin að starfa a.m.k. eitt ár, verði sá liður, vinnuliðurinn, miklu nær sanni og ekki eins ágizkanakenndur eins og hann hefur raunar að mínu áliti verið hingað til oft og tíðum, og það er mín skoðun, að ekki skaðist bóndinn á því, að hið allra réttasta komi fram.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Út af ræðu hv. 11. landsk., sem hann var að flytja áðan, vil ég aðeins segja, að hann taldi, að hann hefði ekki orðið var við það í n., að þar væri neinn ágreiningur. Það er alveg rétt, það var enginn ágreiningur í n., en samt sem áður kom ég inn á það, að ég væri ákaflega óánægður með þann rökstuðning, sem hefði verið hér fluttur fyrir þessu máli og mundi ræða þetta mál undir þessum lið, vegna þess að ég taldi, að það hefðu komið þarna fram ýmsir hlutir, sem væri hægt að misskilja. Ræðumaður taldi, að ég hefði verið með getsakir á oddamann yfirdómsins. Það er alls ekki rétt. En ég tel, að ef vinnuliðurinn verður ekki tekinn þarna inní og ef skoðun oddamanns er sú, sem væri hægt að ætla af orðum ráðh., þá væri það að hans frumkvæði einnig, að þessi breyting hefði verið hér flutt við þetta frv. Það gaf til kynna, að oddamaðurinn liti þannig á, að það ætti ekki að fara eftir því, sem fulltrúar bænda hafa komið fram með, en það kom greinilega fram í ræðu hv. 5. þm. Austf. í fyrradag, að bændurnir hefðu gert kröfu til þess í n., að verðlagt yrði eftir þessum vinnulið. Hins vegar mun það vera rétt, að þeir hafa fallizt á og talið rétt að verðleggja til eins árs, þar sem sú skoðun hefur komið fram hjá neytendaparti n., að það bæri ekki að verðleggja nú eftir þessum lið.

Hv. ræðumaður sagðist vilja bíða rólegur eftir því, að það kæmu fram fyllri gögn. Ja, hvað vill hann lengi bíða rólegur? Hæstv. landbrh. taldi í sinni ræðu um daginn, að 46 búreikningar væru alls ekki til þess að byggja á. Væntanlega verður þá ekki hægt að byggja á svona fáum búreikningum við verðlagningu næsta ár eftir því, sem kom fram í ræðu hæstv. landbrh. En hvað vill hv. þm. bíða rólegur lengi?

Ég mun svo ekki fara frekar út í hans ræðu að sinni.

Ég verð að segja það, að mér fannst vera allmikill gustur á hæstv. landbrh. í fyrradag, þegar hann kom hér upp í ræðustólinn á eftir mér. Hann hefur haldið, að nýgræðingurinn mundi þola gustinn verr en hinn gamli gróður. Norðlenzkur nýgræðingur er ýmsu vanur og þarf meira til en þetta, til þess að hann láti á sjá. Það má vera, að öðru máli gegni um þann nýgræðing, sem er í næsta nágrenni við hæstv. ráðh.

Fyrst eftir að hæstv. ráðh. hóf mál sitt, var ég farinn að halda, að ég hefði misskilið hann, er hann flutti sína fyrri ræðu um þetta mál og dregið því af ummælum hans ranga niðurstöðu. En eftir að hæstv. ráðh. hafði lokið máli sínu, var ég í sömu óvissunni og áður, hver tilgangur hans hefði verið. Það eru fáir, sem fara upp í ræðustól aðeins til þess að segja eitthvað. Það er vissulega gert í einhverjum vissum tilgangi. Hæstv. landbrh. lagði fram frv. til l. í umrætt skipti, sem fól í sér, að í þetta sinn skyldi verðleggja landbúnaðarvörur til eins árs í stað tveggja. Hann rökstuddi framkomna breyt. á l. með því að segja það, að vinnuliður verðlagsgrundvallarins væri ekki nógu vel undirbyggður. Var hann ekki með þessu að leggja dóm á þær upplýsingar og á þær niðurstöður, sem á þeim eru byggðar um þetta mál? Var nokkuð undarlegt, þó að ég hrykki við, þegar svo var komið, að hæstv. landbrh. hér á hinu háa Alþ. lýsti því yfir sem sinni skoðun, að vinnuliðurinn væri ekki nógu vel undirbyggður, og hann gerði þetta á meðan yfirdómurinn sat að störfum? Það hefur nú stundum áður nokkuð mátt ráða í það, hvers væri að vænta í ýmsum málum af umræddum ráðh. eða af blöðum þeirra. Hæstv. landbrh. virtist hneykslaður á því, að eftir að ég hlýddi á umrædda ræðu hans, hefði lædzt að mér sterkur grunur, að nú mundu landbúnaðarvörur ekki verða verðlagðar lögum samkv. Nú er það á hans

valdi að eyða þessum grun, en það verður ekki gert á þann hátt, sem hann talaði í fyrradag.

Það kom fram í ræðu hv. 5. þm. Austf., en sem kunnugt er á hann sæti í Sexmannanefnd, að fulltrúar bænda í n. telja vinnuliðinn það vel rökstuddan, að ekki komi til mála annað en verðleggja eftir honum nú. Að því kem ég betur síðar.

Hæstv. landbrh. talaði um þekkingarleysi mitt á málum landbúnaðarins. En það var eitt, sem honum láðist alveg í þessari ræðu, og það er e. t. v. ekki mikil yfirsjón í hans augum, en aftur á móti töluverð í mínum. Hann gleymdi að rökstyðja mál sitt. Ég rakti það, ég sýndi fram á, að öll rök styddu það, að vinnuliður verðlagsgrundvallarins væri það vel undirbyggður, að ástæðulaust væri með öllu að taka ekki niðurstöðutölur búreikningaskrifstofunnar sem grundvöll til að byggja á, eftir að vinnumælingar á öllum stærstu vinnuliðunum hafa sýnt það, að þeir eru eins nákvæmir og hægt er að búast við með þessu móti. Ég sýndi fram á það, að ¾ hlutar vinnuliðarins væru það rökstuddir, að ekki væri líklegt, að þann hluta hans yrði hægt að undirbyggja betur. Þá er eftir ¼ hluti vinnunnar, eða 1266 klst. til alls annars en skepnuhirðingar, koma öllum búfjáráburði á tún, dreifing á tilbúnum áburði, viðhald á túnum, girðingum, skurðum, gripahúsum, allt í kringum garðrækt og heyskap og hirðingu og viðgerð á verkfærum og vélum. Og nú vil ég spyrja hæstv. landbrh., þar sem hann er vel að sér í þessum málum: Er það líklegt, að öll sú vinna, sem á bak við þessa þætti búskaparins liggur, sé oftalin á 1266 klst., þegar miðað er við þá tækni, sem í verðlagsbúinu felst, þ. e. a. s. 80 þús. kr. í öllum vélum og verkfærum? Ég óska eftir svari, hæstv. landbrh. Það er ekki nóg að segja, að vinnuliðurinn sé ekki nógu vel undirbyggður. Menn þurfa að færa rök fyrir sínu máli, jafnvel þótt ráðh. eigi í hlut.

Hæstv. landbrh. sagði í sinni fyrri ræðu um þetta mál, með leyfi forseta:

„En þegar ekki liggja nú fyrir að þessu sinni nema 46 búreikningar fyrir ½ ár, er það náttúrlega ekki nóg til þess að byggja á verðlagsgrundvöll til tveggja ára.“

Hvernig á að skilja þetta? Veit hæstv. landbrh. eins lítið um þetta mál og þarna kemur fram, eða var ráðh. að leyna því af ásettu ráði, að frá árinu 1966 voru til um 150 búreikningar og úrtök, þó að því sé sleppt, sem Stéttarsamband bænda er með sjálft, sem tveir aðilar hafa gert, Hagstofan og búreikningaskrifstofan, og þeir búreikningar, sem ráðh. gat um, að gerðir hafa verið á þessu ári, renna fullkomlega stoðum undir það, að niðurstöðutölur þær, sem fengust úr úrtökum Hagstofunnar á búreikningunum frá fyrra ári, væru réttar. Ég játa það, að ég þekki landbrh. mjög lítið og tel í einfeldni minni, að hann hafi mikla þekkingu á öllu, sem landbúnaðarmálum viðkemur, og af þeirri ástæðu taldi ég, að hann hefði þarna í frammi ósæmilegan áróður, meðan yfirdómur situr enn að störfum, sem gæti haft áhrif á niðurstöður dómsins, því að lái mér það hver sem vill, þó að ég teldi, að ummæli ráðh. um, að búreikningarnir væru svo ófullkomnir, að ekki sé á þeim að byggja, gætu haft áhrif, jafnvel á valinkunna menn. Hæstv. landbrh. vænti þess af hv. 5. þm. Austf., að hann styddi við bak sitt, en það fór nú á annan veg. Það kom greinilega fram í ræðu hv. 5. þm. Austf., að hann leit sömu augum og ég á þessi mál og taldi vinnulið verðlagsgrundvallarins það vel rökstuddan, að ekki kæmi annað til mála en verðleggja nú samkv. því. Það væri mjög gagnlegt, ef farið væri vel niður í það, hvernig nýja vísitalan er undirbyggð og bera það saman við það, hvernig vinnuliður verðlagsgrundvallarins er undirbyggður. En þar sem hæstv. landbrh. ætti að vera þessum málum kunnugri en ég, læt ég þann samanburð bíða betri tíma. En ekki vil ég ætla það að óreyndu, að hæstv. landbrh. hafi ekki fullan hug á, að bændur haldi hlut sínum miðað við aðra þegna þjóðfélagsins, en reynsla liðinna ára sýnir, að full ástæða er til þess að vera vel á verði, ef það á að takast nú. Ef bændurnir halda ekki sínum hlut nú, heldur landbrh. heldur ekki sinni reisn.

Ég vil láta þetta nægja að sinni, en áður en ég lýk máli mínu, vil ég lesa upp hér kafla úr ræðu hv. 5. þm. Austf. og úr ræðu hæstv. landbrh., sem þeir fluttu hér í fyrradag um þessi mál, til að gefa hv. alþm. kost á því að bera þær saman og þá dregur hver og einn væntanlega sínar ályktanir af þeim samanburði. Þá les ég fyrst úr ræðu hv. 5. þm. Austf., með leyfi forseta:

„Út af orðaskiptum, sem hér fóru fram áður milli hv. 5. þm. Norðurl. e. og hæstv. landbrh., vil ég aðeins upplýsa í sambandi við verðlagninguna í haust, að þetta gekk þannig til: Framleiðendur lögðu fram sínar till. 5. sept. Það var í raun og veru óhæfilega seint og orsakaðist af því, að þeir höfðu ekki í höndum þau gögn, sem þeir töldu sér óhjákvæmilegt að hafa. En síðan liðu vikur og raunar heill mánuður án þess að nokkuð kæmi fram hjá neytendum. Og það var áður en nokkrar till. lágu fyrir frá þeim, að framleiðendur óskuðu þess, að sáttasemjari kæmi í málið. Fyrst eftir að sáttasemjari er búinn að hafa málið með höndum rúma viku — hann setti þann frest — skiluðu neytendur sínum tillögum.“

Þetta segir hv. 5. þm. Austf. um þetta mál, og þá vil ég, með leyfi forseta, lesa hér um sama mál úr ræðu landbrh.:

„Nú var það svo í haust, að það komu till. fram um verðlagningu í septembermánuði af hálfu bændanna. Vitanlega var ekki hægt að verðleggja fyrr heldur en þær till. komu fram. Eftir að þær voru komnar fram, óskuðu fulltrúar neytenda eftir því að fá að athuga þær, og nokkru seinna komu þeir með till. Síðan munu hafa verið haldnir margir fundir í Sexmannanefnd til þess að reyna að ná samkomulagi. Það tókst ekki. Eftir að samkomulagsumleitanir höfðu farið út um þúfur þeirra á milli, var málinu samkv. l. vísað til sáttasemjara. Ekki veit ég, hversu lengi sáttasemjari var með málið, hversu langan tíma það tók hjá honum að ganga úr skugga um það, að það væri ekki hægt að sætta fulltrúa neytenda og bænda. Það tókst ekki. Þegar það var ljóst, var málinu vísað til yfirnefndar.“

Þetta segir aftur á móti hæstv. landbrh. Ekki ber nú ræðumönnum alveg saman, og það væri nú full ástæða til að álykta af þessu, að ráðh. mætti fylgjast ögn betur með málum landbúnaðarins

en þessi ræðukafli bendir til, að hann geri. En þar sem misskilningur er sá versti skilningur, sem ég þekki, vil ég reyna að trúa því, þar til annað kemur fram, að hæstv. landbrh. hafi ekki verið með þennan áróður að yfirlögðu ráði, til að réttlæta það eða koma í veg fyrir, að vinnuliðurinn, eins og hann nú hefur verið rökstuddur, yrði tekinn til að byggja á honum verðlagningu búvara að þessu sinni. Og til að taka af öll tvímæli vil ég leyfa mér að leggja fram fyrir hæstv. landbrh. eftirfarandi spurningar:

1. Telur hæstv. landbrh. ekki, að 4. gr. framleiðsluráðsl. frá 13. maí 1966 feli það í sér, að verðleggja beri landbúnaðarvörur þannig hverju sinni, að bændum landsins séu tryggðar svipaðar tekjur og viðmiðunarstéttirnar hafa haft árið á undan verðlagningunni?

2. Er ekki hæstv. landbrh. sammála mér, að þar sem fram hefur komið, að vinnuliður verðlagsgrundvallarins er mun betur undirbyggður en t. d. nýja vísitalan, þá beri samkv. eðli málsins að verðleggja nú samkv. honum? Og ef það er ekki gert, er 4. gr. framleiðsluráðslaganna þá ekki brotin niður?

3. Þar sem nú mun í ráði að fella verðgildi íslenzku krónunnar og nú mun standa yfir könnun á stöðu útflutningsatvinnuveganna með hliðsjón af því og þar sem ekki er enn búið að verðleggja landbúnaðarvörur fyrir yfirstandandi verðlagsár, telur þá ekki ráðh. alla sanngirni mæla með því, að ekki beri að ljúka nú verðlagningunni, úr því sem komið er, fyrr en hægt er að taka verðhækkanirnar, sem af verðfellingunni leiðir, inn í verðið, enda fordæmi fyrir slíku frá 1959? Hlutur bændanna mun ekki of góður fyrir því miðað við aðrar stéttir.

Ég vona svo, að hæstv. landbrh. sjái sér fært að svara þessum spurningum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þetta eru nú talsverðar umr., sem hafa orðið um þetta frv., og mér hafði nú ekki komið til hugar, að til þess kæmi, að við hér í hv. Alþ. ættum að fara að ræða um það, hvernig yfirnefndin hagar sinni vinnu við verðlagninguna. Ég hafði haldið það, að yfirnefndin mundi haga sínum vinnubrögðum í samræmi við l. og það kæmi ekki til greina, að hún fengi um það fyrirmæli hér frá hv. Alþ. eða annars staðar frá, hvernig vinnunni skyldi hagað. Og þegar hv. 5. þm. Norðurl. e. er að ræða um það, að það eigi að nota vinnumælingar og þau rök, sem fyrir liggja, sem standa undir vinnuliðnum, þá veit ég í rauninni ekki, við hvern hann er að deila hér í hv. Alþ.

Eg reikna með því, að yfirnefndin fari eftir l., og ég vildi gjarnan spyrja hv. 5. þm. Norðurl. e., hvernig stendur á því, að þetta frv., sem við erum hér að ræða, var flutt? Ef allt hefði verið í lagi með rökstuðning fyrir verðlagningunni, væri engin þörf á því að vera að flytja þetta frv., og grg., sem fylgir frv., er samin í samræmi við þær forsendur, sem liggja fyrir óskinni um það, að þetta frv. er flutt, því að eins og ég hef tekið hér fram áður, lýsti ég því yfir við fulltrúa bænda, að ég mundi ekki flytja þetta frv., nema það væri samkomulag um það. Og með leyfi hæstv. forseta segir hér í grg. fyrir frv.:

„Á vinnumælingum var byrjað sumarið 1966, og þeim hefur verið haldið áfram á þessu ári. Þær ná þó enn aðeins til fárra búa og aðeins nokkurs hluta landbúnaðarvinnu."

Er þetta ekki rétt, sem hér er skrifað? Ef það væri rangt, væri það vitanlega mjög slæmt. En ef það er rétt, að vinnumælingar nái ekki nema til nokkurs hluta landbúnaðarvinnu, er náttúrlega ekki hægt að ætlast til þess, að það sé eingöngu farið eftir vinnumælingunum. Og m. a. vegna þess, að þær ná ekki nema til nokkurs hluta landbúnaðarvinnu, var þetta frv. flutt. Þá segir enn fremur:

„Þannig eru t. d. vinnumælingar vegna heyvinnu það fáar og ófullkomnar, að telja verður þær ónothæfar."

Er þetta rangt? Ef þetta er rangt, er það mjög slæmt, að það skuli vera á þskj. En ef þetta er rétt, eru náttúrlega andmæli hv. 5. þm. Norðurl. e. alveg út í bláinn. Og svo er dregin ályktun af þessu: „Illframkvæmanlegt er að ákvarða grundvöll til tveggja ára nú í haust af þessum ástæðum." Skyldi þetta vera rétt ályktað? Ja, ef þetta væri ekki rétt ályktað, hefði ekki þurft að flytja þetta frv. með samkomulagi við viðkomandi aðila. Og ekki hef ég tekið dýpra í árinni heldur en það, sem hér er sagt í grg. fyrir frv. Hv. þm. talar um 46 bú og segir, að ég hafi sagt í minni ræðu, að það væri ekki nóg að miða við 46 búreikninga. Ég sagði, að það væri ekki nóg að miða við 46 búreikninga fyrir hálft ár, því að það eru aðeins 46 búreikningar fyrir hálft ár, sem nú liggja fyrir frá búreikningaskrifstofunni, eftir að hún var endurskipulögð og gerði reikningana með það fyrir augum, að það skyldi verðlagt eftir þeim. En eins og kom fram í ræðu hv. 5. þm. Austf., höfðu búreikningarnir áður í rauninni ekki verið gerðir þannig, að þeir skyldu notaðir við verðlagningu, enda hefur það ekki verið gert. Það hafa legið fyrir búreikningar frá gömlu búreikningaskrifstofunni, en þeir hafa ekki verið notaðir við verðlagninguna, vegna þess að þeir voru ekki þannig gerðir. Ég er ekki þar með að segja, að þeir hafi verið skakkir eða illa gerðir, en þeir voru ekki þannig upp byggðir, að þeir væru notaðir við verðlagninguna. Og það er dálítið undarlegt, að hv. 5. þm. Norðurl. e. skuli belgja sig út hér út af þessu frv. og út af því, að ég hef, þegar ég talaði fyrir frv., fært fram ástæðurnar fyrir því, að það væri flutt. Nú er það svo, að það eru til nokkrar vinnumælingar. Það eru til búreikningar frá búreikningaskrifstofunni fyrir ½ ár. Það eru til gamlir búreikningar. Og vitanlega getur yfirnefndin, ef hún vill og telur stuðning að því, notazt við það við verðlagninguna að þessu sinni. Og það má vel vera, að hún geri það. Hv. 5. þm. Norðurl. e. las hér kafla úr ræðu, sem ég flutti, annars vegar og ræðu, sem hv. 5. þm. Austf. flutti, hins vegar og bað hv. alþm. að bera saman, hvað sagt væri í þessum ræðum. Nú vil ég spyrja þá, sem á hlýddu: Hver er munurinn á þessum ræðum? Var það ekki satt, sem báðir sögðu, þegar verið var að lýsa aðdraganda að verðlagningunni og undirbúningnum að verðlagningunni á s.l. hausti? Var það ekki satt, sem hv. 5. þm. Austf. sagði? Var eitthvað rangt í því, sem ég sagði, þegar ég

var að lýsa því, hvernig þetta hafði skeð? Ég held, að það sé engum vafa bundið, að við sögðum báðir satt og þess vegna ber harla lítið þar á milli.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. talaði um það, að þau orð, sem ég viðhafði hér, þegar ég talaði fyrir þessu frv., gætu hafa haft einhver áhrif á yfirnefndina, af því að ég hafði tekið fram, að það vantaði gögn, það vantaði rökstuðning til þess að verðleggja til tveggja ára. Ég vil þá segja: Ef mín orð ættu að hafa áhrif á yfirdóminn til ills, er það flutningur þessa frv., sem hefði valdið því, að yfirnefndin liti svo á, að ekki væri hægt að verðleggja til tveggja ára vegna þess, að það vantaði gögn og rök, ekki það, sem ég hef sagt, heldur það, að frv. var flutt. Nú er ég alls ekki að segja það, að þetta hafi áhrif á n. til þess að gera hlut bænda verri. Ég skil yfirnefndina mætavel. Þegar hún fer að vinna að þessu máli og vill finna sem sanngjarnasta niðurstöðu, kemur í ljós, að það er æskilegt að hafa meiri gögn. Það er æskilegt að hafa vinnumælingar yfir allar búgreinarnar. Það er æskilegt að hafa búreikninga frá nýju búreikningaskrifstofunni fyrir heilt ár, en ekki hálft ár. Og það er þá ábyrgðarminna að verðleggja til eins árs eftir veikari gögnum heldur en til tveggja ára. Þetta finnst mér liggja alveg í augum uppi, og ég held, að það sé að vera að deila hér um keisarans skegg, þegar hv. 5. þm. Norðurl. e. er að draga hér upp alls konar strik, sem gætu orðið til þess að vekja tortryggni í þessu máli. Ég held, að hv. þm. ætti að bíða og sjá, hver útkoman verður, áður heldur en hann fer að draga upp þessar ljótu myndir, sem virðast hafa tekið sér bólfestu í hans huga.

Ég held, að það sé engin ástæða fyrir hv. þm. að láta sér það til hugar koma, að yfirnefndin brjóti lög á bændum. Og þess vegna eru það nú alveg óþarfar spurningar, sem hv. þm. leggur fyrir mig. Hann kemur hér með spurningar í þremur liðum, sem hann biður mig um að svara. Hvaða skilning ég leggi í 4. gr. framleiðsluráðsl.? Mér finnst þessi spurning ekki svara verð. Þessi gr. er svo skýr og ótvíræð, að hv. 5. þm. Norðurl. e. getur lesið hana, og að spyrja þm. eða ráðh. að því, hvort hann ætlist til þess, að l. séu virt, það finnst mér ekki svara vert.

Það sama má segja um 2. og 3. spurninguna. Það leiðir af sjálfu sér. Hv. þm. spyr um það, hvort ég telji eðlilegt, að farið sé með málefni bænda samkv. lögum eða hvort ég gæti þolað það, að á þeim væru brotin lög. En svo bætir hv. þm. dálítið úr þessu, áður en hann hættir hér í ræðustólnum. Hann segist treysta því, að þessi ráðh. vilji nú ekki draga hlut bænda niður. Og það er út af fyrir sig kannske frá vissu sjónarmiði þakkarvert. En það er nú ekki frá mínu sjónarmiði neitt þakkarvert, þó að þessi hv. þm. segði þetta, því að ég þykist alveg eiga kröfu á því að njóta sannmælis eins og ég vildi láta þennan hv. þm. njóta sannmælis. Mér kemur ekki til hugar, að hv. 5. þm. Norðurl. e. vilji annað heldur en það bezta fyrir bændur, og mér dettur ekki heldur í hug, að hann vilji, um leið og hann vill tryggja hlut bænda, þá jafnframt í leiðinni níðast á öðrum. Og það er það, sem allir hv. þm. ættu að hafa efst í huga, að um leið og þeir tileinka sér það að vinna fyrir eina stétt, má ekki heldur gleyma hagsmunum annarra. Því er það, að ég tel alveg nauðsynlegt, að hlutur bænda að þessu sinni verði tryggður eins og áður og við verðlagninguna að þessu sinni sé það haft í huga, að niðurstaðan í verðlagningunni verði af sanngirni gerð og það í huga haft, að á engum verði níðzt. Og ég trúi því, að þannig verði þessi niðurstaða. En það skyldi nú ekki vera, að hv. 5. þm. Norðurl. e., sem var áðan að tala um áróður frá minni hendi í þessum málum og jafnvel með dökkum strikum að gefa það í skyn, að ég hefði með því viljað hafa áhrif á yfirnefndina, það skyldi nú ekki vera, að fyrir þessum hv. þm. vekti nú eitthvað slíkt, að hefja áróður og láta röddina heyrast frá — hvað sagði hv. þm. áðan — nýgræðingnum að norðan? En það vil ég segja hv. þm., að ég hef ekki aðeins samúð með nýgræðingnum að norðan. Ég vil miklu heldur hlúa að honum, og ég vil, að nýgræðingurinn að norðan nái að vaxa og þroskast þannig, að sú rödd, sem þaðan kæmi, mætti vera bætandi og þroskandi. Og ég vil óska þessum hv. þm., sem er nýr hér í þinginu, að hann geti orðið bændastéttinni að liði og unnið að framgangi góðra mála.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að blanda mér í þessar deilur, sem hér hafa farið fram, enda hætti ég mér ekki út á svo hálan ís, því að þeir eru svo vígdjarfir og vel vígir, báðir þessir ræðumenn, að ég ætla nú ekki að fara að deila við þá. En á sínum tíma var ég á móti þessari gr. í framleiðsluráðsl., m.a. af því, að ég taldi hana óframkvæmanlega, og ég gat um það þá við hæstv. landbrh., að það lægju engar rannsóknir fyrir um það, hversu margar vinnustundir þyrfti til þess að framfleyta hverri búgrein eða t.d. hverri kú og hverri kind o.s.frv. Það lægi ekkert fyrir um það og þess vegna væru l. ekki framkvæmanleg. Í öðru lagi taldi ég á þeim tíma l. ekki sanngjörn, því að ákvæðisvinna iðnaðarmanna var tekin úr viðmiðunarkaupinu, og þá unnu þeir aðallega í ákvæðisvinnu og höfðu mikið meira upp úr en sem tímakaupsmenn, og þá höfðu sjómenn mikið meira tímakaup. Á þessu hefur orðið nokkur breyting núna, það skal ég játa. En á þeim tíma var þetta ekki sanngjarnt gagnvart bændunum.

Nú ætla ég ekki að halda því fram, að kjör bænda séu neitt verri en annarra manna í dag. Ég held, að því sé alls ekki til að dreifa, og ég held því ekki fram, að neinir vilji sérstaklega níðast á bændum. Hitt er svo annað mál með þá, sem kaupa landbúnaðarvörurnar, að þeir vilja náttúrlega fá þær fyrir sem minnst og hafa á þann hátt sem mest upp úr vinnu sinni. Aftur er með bændurna, þeir vilja fá sem mest fyrir þetta. Þetta er þannig eilíf togstreita hjá öllum stéttum í þjóðfélaginu. En á sínum tíma var ég á móti l., m.a. af því, að ég áleit þau óframkvæmanleg. Það lágu ekki fyrir þau gögn, sem þurfti, til þess að geta framkvæmt þau. Og þannig er það enn þá. Það er ekki verið að tala um beint lögbrot, en l. eru bara alls ekki framkvæmd. Það þarf að koma með lagabreytingar, af því að það er ekki hægt að framkvæma þau. Því er lýst yfir, að gögnin séu ekki nógu góð, sem fyrir hendi eru. Um það skal ég ekki dæma. Ég er ekki nógu kunnugur því. Má vel vera, að þetta sé rétt. En

staðreynd er bara, að l. eru ekki framkvæmanleg, eins og frá þeim er gengið, þau eru ekki framkvæmd. Og það vita allir, að á s. l. ári var þetta samkomulagsatriði með verðlagninguna, en ekki farið eftir l. Og m. a. mun landbrh. hafa átt þar mikinn hlut að máli að koma á sættum og fá það fram, að samkomulag varð um þetta verðlag. Ég ætla ekkert að dæma um það. Ég býst við, að það hafi ekki verið hægt að hafa það hærra heldur en það var, því að það þýðir ekkert fyrir bændur náttúrlega frekar en aðra menn — það er víst — það þýðir ekkert að ætla sér að fá óendanlega hátt fyrir vöruna. Kaupgeta launþeganna skapar það, hvað þeir hafa efni á að kaupa, og ef við hækkum vöruna óeðlilega mikið, minnkar salan í henni, þannig að það má eiliflega deila um það, hvort bændur græða á því, þó að það sé hækkað svo og svo mikið. Salan minnkar, það þarf að flytja meira út, og hversu lengi duga útflutningsuppbæturnar? Það er ekki nema viss hluti, sem hægt er að bæta upp með þeim. Og þannig var það á s. l. ári. Útflutningsuppbæturnar nægðu alls ekki til þess að bæta upp allar vörurnar. Þess vegna voru t. d. til kjötbirgðir frá fyrra ári í haust, þannig að það þarf náttúrlega að stilla kröfum um verð á landbúnaðarvörum í hóf alveg eins og öðru, eins og t. d. vinnu launþegans og öðru slíku. En það sem ég vildi minnast á hér, er það, því í ósköpunum eru menn irnir að burðast með fleiri tugi búreikninga, 46 búreikninga, sem þeir ætla að byggja allt á, og þykja þeir of fáir. Því í ósköpunum setja þeir ekki upp tilraunabú og fá þetta frá einu búi og fá þetta alveg nákvæmlega á borðið? Það væri allt í lagi, að hæstv. menntmrh. fengi eða útvegaði bústjórann, því að þetta var nú gert fyrir krata að breyta þessu svona, til þess að gera þá pínulítið ánægða, taka tillit til þeirra. Við vissum það ósköp vel, að það var Sæmundur nokkur, sem kom þessu fram, og sjálfstæðismenn vissu, að það var ekkert vit í þessu. Þeir gerðu þetta fyrir kratana eins og fleiri vitleysur, sem þeir hafa gert fyrir þá. En það er nú annað atriði.

En því í ósköpunum setjið þið bara ekki upp eitt tilraunabú, látið Gylfa útvega bústjórann. Það er bezt að hafa þetta svona meðaljörð, mann á meðalaldri, t. d. 45 ára. Við skulum segja, að bændur búi svona frá 25 ára og upp í sjötugt og þá er eðlilegt, að maðurinn væri svona 45 ára. Þetta gæti verið hnubbaralegur krati og þið létuð hann búa og gera tilraunir með þetta, hve margar vinnustundir færu í að reka þetta, skaffið honum vélar og sæmileg hús og allt slíkt. Svo hefðu aftur bændasamtökin mann til að líta eftir, skrifa niður vinnustundirnar á hverjum degi. T. d. gætu Alþb.-menn haft annan og kratinn rekið búið og þá fengist þetta alveg á borðið. Þarna væri hægt að nota ýtrustu hagsýni og sjálfsagt að láta kratann hafa eins og hann þyrfti af vélum og öðru slíku og þarna fengist þetta bara með einu búi alveg á borðið. En mér finnst, að Stéttarsambandið gæti nú borgað bæði Alþb.-manninum og eins fulltrúa sínum eða bændanna, því að það hefur það ríflegar tekjur af afurðum okkar bænda, að það munar ekkert um að borga tveimur mönnum. Þeir mættu náttúrlega ekki tefja og ekki vera að neinu masi annað en bara taka tímann kvöld og morgna, ekki tefja kratann neitt við vinnu sína eða slíkt, og þá hefði hæstv. landbrh. þetta alveg á borðinu. Það væri hægt að hafa þetta svona í meðalhéraði, t. d. Húnavatnssýslu, og þá hefði hann þetta algerlega á borðinu og þyrfti ekki að vera að þræta um búreikninga eða neina vitleysu svoleiðis. Ef kratinn gæti svo búið betur og kennt okkur að búa, væri það líka allt í fínu lagi, þá segði hann okkur, hvernig við ættum að fara að því og þarna gætu allir verið ánægðir. Kratarnir ánægðir með sinn bústjóra, Alþb.-mennirnir með sinn eftirlitsmann og bændurnir með sinn fulltrúa. Þá kæmi þetta alveg á borðið. En hitt er eins og hver önnur endileysa að vera að þvæla út svona 100 bændum í að halda þessa reikninga, og náttúrlega eru þeir hliðhollir bændum og ljúga eins og þeir hafa vit á, og það er bara vitleysa. Við eigum að hafa tilraunabú með þetta, eitt tilraunabú með ströngu eftirliti og ég get vel gengið inn á það, að Gylfi útvegaði bústjórann, og svo gæti Gylfi komið líka — eða hæstv. menntmrh. skulum við segja, og litið eftir svona einu sinni í mánuði, að þetta væri allt í lagi. Þetta þykir mér vera hagsýni, og upp á þessu vildi ég stinga, gera þetta að till. minni. En ég tek það fram, að ég var upphaflega á móti þessari breytingu, því að það lágu engin rök fyrir því, hversu mikla vinnu þyrfti til þess að reka hverja búeiningu.

Hitt vil ég svo taka fram, að ég tel, að ekkert hafi verið níðzt á bændum s. l. ár. Þetta samkomulag, sem varð um afurðirnar, það er ekkert ósanngjarnt og ég álít, að við höfum enga sérstaka ástæðu til þess að kvarta. Hversu verður núna, skal ég ekkert fullyrða.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil nú bara þakka hæstv. landbrh. fyrir þessar bænir, sem hann var að bera fram fyrir mér. En ég ætla aðeins að benda honum á tvennt. Hann spurði eftir því, hvers vegna þetta frv. hefði verið flutt. Ég vissi ekki betur en hæstv. landbrh. flytti það sjálfur, og þess vegna ætti hann ekki að koma með þá spurningu til mín. Ég færði rök að því áðan og vil undirstrika það, að ¾ hlutar, ég tók það fram, ¾ hlutar af vinnunni hefðu verið fullkomlega vinnumældir. Eftir væri þessi ¼ hluti og ég býst við, að hæstv. landbrh. viti það eins vel og ég, að það er ákaflega erfitt að vinnumæla heyskap. Það fer eftir tíðarfari og ýmsu öðru, og ég get tekið undir þau orð, sem Björn Pálsson sagði áðan, að það verður erfitt að vinnumæla heyskap, þannig að það sé ekki hægt að vefengja hann. Ég hef trú á því, að það sé alltaf hægt að vefengja þessa hluti. En hins vegar fannst mér einkennilegt af Birni Pálssyni, hv. 5. þm. Norðurl. v., þegar hann var að tala um, að hlutur bændanna væri ekki verri en annarra stétta. Hann styðst þar áreiðanlega ekki við hagskýrslur. Það má vel vera, að hann búi svona góðu búi á Löngumýri og hafi svona góðar tekjur, en hagskýrslur sýna annað, og eftir hverju á að fara, ef ekki þeim? Ég vil mótmæla því alveg.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er náttúrlega alltaf vel þegið og ekki sizt á þessum erfiðu tímum fyrir þjóðfélagið, að fá eitthvað létt inn á milli. Ber þess vegna að þakka innlegg hv. 5. þm. Norðurl.

v. En þar sem þessar umr. hafa nú snúizt að nokkru leyti um stöðu landbúnaðarins í dag, þá vil ég minna á, að þar er ekkert gamanmál á ferðinni, heldur þvert á móti mjög alvarlegt mál.

Hæstv. landbrh. sagði, að hlut bænda ætti að tryggja sem bezt og hann hefði jafnvel verið nokkuð vel tryggður undanfarið. Og hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði, að hann væri engu lakari heldur en hlutur annarra stétta. Hins vegar liggur það fyrir af skýrslum Hagstofunnar til margra ára, þar sem birtar eru upplýsingar um tekjur vinnustéttanna í þjóðfélaginu, að tekjur bændastéttarinnar hafa verið lægri heldur en annarra atvinnustétta, a. m. k. hin síðari ár — verulega mikið lægri. Og mér finnst ástæða til að vekja athygli á því hér, að samkv. úrtökum Hagstofunnar fyrir árið 1966 hafa tekjur íslenzkra bænda hrapað niður. Persónulegar tekjur bóndans eru ekki nema rétt um 100 þús. kr. í staðinn fyrir um 190 þús. kr., sem honum er ætlað að hafa samkv. grundvelli. Og þetta er í æpandi ósamræmi við tekjur annarra stétta eftir því, sem næst verður komizt. Ég hef vikið að því fyrr í umræðum, að þær tekjuupplýsingar, sem nú liggja fyrir, byggjast á tveimur úrtökum. Annað úrtakið varðandi bændur er unnið á Hagstofunni, en hitt í Efnahagsstofnuninni, og þar gæti því átt sér stað eitthvert ósamræmi. En þótt þar skakkaði nokkru, getur það ekki munað svo miklu, að það skýri, hvað ósamræmi er hér ákaflega mikið á milli tekna bænda og viðmiðunarstéttanna. Og þegar við þetta bætist það, sem þegar er upplýst, þó að ekki liggi fyrir um það heildartölur, að lausaskuldasöfnun hjá bændum hefur verið mjög mikil á síðustu tveim árum, þá má það vera ljóst öllum, sem þessi mál hugleiða, að horfur eru alvarlegar. Og það er þess vegna engin furða, þótt á þessum dögum, þegar fara fram ýmsar byltingar og umbrot í efnahagslífinu, þá sé verulegur uggur innan bændastéttarinnar um það út af fyrir sig, hvernig hlutur hennar kemur út úr þeim umbrotum.

Ég vil svo aðeins leyfa mér að endurtaka það, sem ég sagði við fyrri hluta þessarar umr., að það er mín skoðun, að það sé fullkomin ástæða til þess fyrir bændasamtökin að taka til ihugunar og endurskoðunar fyrir sitt leyti verðlagsmál landbúnaðarins og fleiri þætti varðandi skipulagsmál hans.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég hafði hér í töskunni skýrslu um meðaltekjur bænda árið 1965 í einstökum sýslum. Og þessi skýrsla er ákaflega fróðleg að því leyti, að þar kemur fram, að tekjur bændanna eru svo misjafnar í sýslunum. Í þeirri sýslunni, sem er tekjuhæst, eru árstekjur 257.969 kr. að meðaltali á kvænta bændur. En í þeirri, sem er lægst, eru þær 156.500 kr. Þarna munar bara rúmlega 100 þús. kr. á tekjuhæsta bóndanum og þeim tekjulægsta. Sem betur fer er það nú þannig í nokkuð mörgum sýslum, að meðaltekjur bænda eru talsvert hærri heldur en viðmiðunarstéttanna, en í öðrum miklu lægri. Og þetta er vitanlega mikið vandamál, hvernig með þetta skuli fara, hvernig er hægt úr þessu að bæta. Ég er alveg samþykkur hv. síðasta ræðumanni um það, að þetta er vitanlega mikið vandamál, og þegar munar nú allt að 100 þús. kr. á tekjuhæsta bóndanum og þeim tekjulægsta, er náttúrlega eðlilegt, að meðaltalið, landsmeðaltalið, verði ekki hátt. Nú er það svo, að árið 1966 var allmiklu lakara heldur en 1965. Það voru harðindi, það þurfti að gefa miklu meiri fóðurbæti heldur en áður og heyskapurinn var minni. Og meðalvigt dilkanna var líka lægri heldur en hafði verið árið áður. Ég geri mér vonir um, þrátt fyrir ýmislegt, sem hefur verið á móti bændunum á þessu ári, að árið 1967 verði eitthvað betra heldur en 1966. Þó er því ekki að leyna, að það hafa orðið harðindi, kal í túnum og mjög langur gjafatími í vissum landshlutum, sem verið er að reyna að bæta úr með því að uppfylla till. svokallaðrar kalnefndar. Ekkert ætla ég að fullyrða um það, hvort sú aðstoð er í rauninni nægileg. Ég vil ekkert um það fullyrða. Ég veit það, að þeir, sem búa á harðindasvæðunum, hafa orðið fyrir miklu tjóni og það er erfitt að bæta það að fullu. En sem sagt, ég vildi aðeins vekja athygli á þessu og taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að hér er mikið vandamál á ferðinni og vandséð, hvernig með skuli fara.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., 25. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 23. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta var flutt í Nd. og var afgreitt shlj. þaðan. Það er flutt í samráði við fulltrúa bænda og fulltrúa neytenda í Sexmannanefnd og eftir beiðni formanns yfirnefndar, sem nú stjórnar verðlagsmálum landbúnaðarins. Eins og sjá má, fer frv. fram á það, að nú megi að þessu sinni verðleggja búvörur til eins árs, en í framleiðsluráðsl. er gert ráð fyrir, að verðlagningin fari fram til tveggja ára. Í framleiðsluráðsl. er gert ráð fyrir því, að fyrir liggi vinnumælingar og búreikningar, sem byggja megi verðákvörðunina á. Þar sem lög um framleiðsluráð landbúnaðarins í því formi, sem þau nú eru, eru aðeins rúmlega eins árs og þar sem búreikningaskrifstofan í því formi, sem hún er, hefur aðeins starfað í tæpt ár og búreikningar frá henni í því formi, sem búreikningarnir eru, liggja aðeins fyrir fyrir hálft árið 1967 og vinnumælingar eru ekki fyrir hendi nema í sumum greinum landbúnaðarins, þá þykir skorta þær undirstöður, sem þurfa að vera, til þess að verðlagningin geti átt sér stað til tveggja ára. Og þess vegna er þetta frv. flutt.

Það er svo yfirnefndarinnar, hvort hún notar þær vinnumælingar, sem fyrir eru, eða styðst við þá búreikninga, sem fyrir eru að einhverju leyti, áður en hún kveður upp úrskurðinn. Það er mál, sem ég veit ekki um. En þar sem þetta frv. er flutt í samráði við viðkomandi aðila, var hv. Nd. samþykk því, að þetta færi fram, og nú hefur formaður yfirdómsins óskað eftir því, að lagasetningunni væri flýtt, kom að máli við mig fyrir helgina og spurði, hvort það gæti orðið að l. á morgun. Ég lofaði að gera mitt til þess, að það mætti verða. Til þess að það gæti orðið, þyrfti þá frv. að fara til 2. umr. og n. í dag, og n. að afgreiða það frá sér í dag, og þá þyrfti að halda tvo fundi um málið á morgun. Það er vitanlega á valdi þessarar hv. d., hvort hún vill flýta málinu svo, til þess að það megi verða.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um málið að svo stöddu, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil taka það strax fram, að ég er samþykkur þessu frv. efnislega. Hins vegar verð ég að átelja það, að það skuli vera liðnir rúmir tveir mánuðir af verðlagsári því, sem verðlagsgrundvöllur bænda á að gilda fyrir og enn þá ekki komið neitt verðlag, sem segir til um það, hvað bændur eigi að hafa fyrir framleiðslu sína, sem lögð var í reikninga á s. l. hausti og er komin til sölu. Ég bjóst við því, að hæstv. ráðh. mundi nú, vegna þeirra breytinga, sem á hafa orðið í efnahagsmálum, þar sem búið er að fella gengi íslenzku krónunnar um 24.6%, gera grein fyrir því í fyrsta lagi, hvort tillit yrði tekið til þess í verðlagningu nú eða þeim úrskurði, sem yfirdómur fellir um þá gengisbreytingu, sem orðin er, og vænti ég, að hæstv. ráðh. vilji svara því, hvort honum sé kunnugt um það, að tillit verði tekið til gengisbreytingarinnar í þeim úrskurði, sem felldur verður um verðlag landbúnaðarafurða. En ef svo er ekki, vænti ég þess, að hæstv. ráðh. geri grein fyrir því, á hvern hátt ríkisstj. hyggst bæta úr fyrir bændastéttina þeirri skerðingu og erfiðleikum þeim, sem gengisbreytingin kann að valda. Ef ekki er tekið tillit til gengisbreytingarinnar í verðlagningu, skilst mér, að það verði ekki hjá því komizt að bæta úr fyrir bændur á einhvern annan hátt, og ég vænti þess, að hæstv. landbrh., sem að sjálfsögðu hefur haft landbúnað í huga, um leið og gengisbreyting var framkvæmd, skýri frá þessum málum eftir því, sem hann hefur hugsað þau og til tals hefur komið.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. átelur það, að nú skuli vera liðnir tveir mánuðir frá því, að verðlag á búvöru átti að vera komið. Mér kemur ekki til hugar að afsaka það. En hvern á að átelja? Fyrir því hef ég nú ekki í rauninni gert mér fyllilega grein enn. Í framleiðsluráðsl. er það tekið fram, að verðlagningu skuli vera lokið 1. sept. ár hvert, nema samkomulag verði um annað. Að þessu sinni var útilokað, að það væri fyrir 1. sept., vegna þess að bændafulltrúarnir lögðu fram sínar till. eftir 1. sept. Þá þurftu neytendafulltrúar að skoða þær till. Það tók einhvern tíma, ég veit ekki, hvað langan. Síðan var þjarkað í Sexmannanefnd og að lokum komst n. að þeirri niðurstöðu, að þar væri ekki hægt að ná samkomulagi, eins og þó tókst 1966. Þá var málinu samkv. l. vísað til sáttasemjara, sem hafði það með höndum, ég veit nú ekki, hve lengi, ég held ekkert óeðlilega lengi, og þar sem sáttaumleitanir báru ekki árangur, var málinu vísað til yfirdóms og yfirdómur var skipaður samkv. l. L. gera ráð fyrir því, að hvor aðili tilnefni mann í n., en þó ekki menn, sem eiga sæti í Sexmannanefnd. Fulltrúar neytenda tilnefndu Árna Vilhjálmsson prófessor, fulltrúar bænda tilnefndu Inga Tryggvason bónda og kennara á Laugum. Og fulltrúar neytenda og bænda komu sér saman um oddamanninn, Hákon Guðmundsson yfirborgarfógeta. L. gera ráð fyrir því, að ef aðilar koma sér ekki saman um oddamanninn, skipi Hæstiréttur hann. En það var vitanlega ánægjulegt, að báðir aðilar skyldu koma sér saman um oddamanninn, en eins og eðlilegt er, þurfti yfirnefndin talsverðan tíma til þess að setja sig inn í málið. Þetta voru algerlega nýir menn, sem vildu leysa málið vel af hendi. Og ég efast ekkert um, að þegar úrskurðurinn kemur frá n., verði hann sanngjarn og lögum samkvæmur. Hv. þm. óskaði eftir því, að ég gerði grein fyrir því, hvort tekið væri tillit til gengisbreytingar í úrskurðinum. Það hef ég ekki nokkra hugmynd um. Það get ég ekkert sagt um. Ég hef ekki spurt yfirnefndina um það, og ég veit ekki, hvort það væri viðeigandi, að ríkisstj. reyndi að hafa áhrif á úrskurðinn. En eins og ég sagði, efast ég ekki um, að úrskurðurinn verður byggður á sanngirni.

Þá ætlast hv. þm. til, að ég geri grein fyrir því, hvernig ríkisstj. hugsar sér að létta undir með bændum vegna þeirra erfiðleika, sem þeim verða skapaðir í sambandi við gengisbreytinguna. Hæstv. forsrh. boðaði hér, þegar hann talaði fyrir gengisfrv., að það yrðu flutt fleiri frv. í tilefni af gengisfellingunni, og það er óhætt að segja, að hlutur bænda verður ekki fyrir borð borinn í sambandi við gengisfellinguna, þeirra hlutur verður tryggður ekkert síður heldur en annarra stétta, og þótt ekki væri mikið sagt í l. um gengislækkunina, var það þó t. d. tekið fram, að sá gengishagnaður, sem verður vegna útfluttra vara, skuli renna til þeirra atvinnuvega, sem framleiddu vörurnar. Og gengisbreyting hefur orðið fyrr og þá hefur venjulega verið reynt að tryggja hagsmuni stéttanna eftir því, sem unnt er, og búa þannig um hnútana, að hlutur eins sé ekki fyrir borð borinn. Og ég geri ráð fyrir því, að hv. 1. þm. Vesturl. treysti því einnig, að svo verði að þessu sinni.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vænti þess, að það megi treysta því, sem hæstv. landbrh. sagði, að í þeim frv., sem síðar kunna að koma og eru í sambandi við breytingu á gengi íslenzku krónunnar, verði þær ráðstafanir gerðar, að hlutur bænda verði ekki fyrir borð borinn, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, og vil ég þakka honum fyrir þessa yfirlýsingu og vænti þess, að við hana verði staðið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 48, n. 88).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. það til l. um breyt. á l. nr. 101 8. des. 1966 um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., sem hér er tekið til 2. umr. í hv. Ed., hefur landbn. rætt á fundi í gær og varð sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt og samþykkt óbreytt, eins og nál. á þskj. 88 ber með sér. Ég þarf ekki að fjölyrða svo mjög um þetta frv. Það er flutt í samráði við fulltrúa bænda og neytenda í Sexmannanefnd, eins og hæstv. landbrh. tók fram í framsöguræðu með frv. hér í hv. Ed. í gær. Einnig hefur formaður yfirdóms um verðlagningu landbúnaðarvara haft samband við nefndina og tjáð sig samþykkan frv. og óskað eftir því, að málinu yrði hraðað eins og föng væru á. Frv. felur í sér, að að þessu sinni skuli verðlagsgrundvöllur sá, er ákveða skal á þessu hausti, gilda aðeins í eitt ár, en gildandi lög gera ráð fyrir, að verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs gildi fyrir 2 ár í senn. Því hefur áður verið lýst við umr. um þetta frv., hverjum annmörkum það er háð að hafa þann hátt á að þessu sinni, svo ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það frekar, nema sérstakt tilefni gefist til, en ég vil, herra forseti, ítreka það, að landbn. leggur það til einróma, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 103).

---

3. Verðlagsuppbót á laun og vísitala framfærslukostnaðar.

Á 26. fundi í Nd., 25. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar [65. mál] (stjfrv., A. 83).

Á 27. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og áður hefur komið skýrt fram í umr. hér á Alþ., var berum orðum tekið fram, þegar verðtryggingarl. voru sett 1964, að það væri mjög undir atvikum komið, hvort slík ákvæði ættu við til frambúðar eða ekki. Ég vitna enn til þess, sem ég sagði í framsöguræðu minni fyrir því frv. hinn 20. okt. 1964, þegar ég m. a. komst svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Á sinum tima var það skýrt fram tekið, að skuldbinding um gildi þessara l. gilti að sjálfsögðu ekki lengur en þeir samningar eða samkomulag, sem frv. byggist á. Það þótti hins vegar ekki ástæða til þess að hafa neinn slíkan gildistíma ákveðinn í frv. sjálfu. Það verður að fara eftir aðstæðum, viðhorfum á hverjum tíma, hvað í þessum efnum er ákveðið.

Frá því að vísitala fyrst var hér upp tekin, ég hygg á árinu 1939, hefur um hana gilt margháttuð og mismunandi löggjöf. Hún veitir launþegum að vissu leyti tryggingu, það er óumdeilanlegt, en hins vegar hefur hún hættur í sér fólgnar varðandi of öran verðbólguvöxt, sem einnig kemur niður á launþegum eins og öðrum landsmönnum. Það er þess vegna hvorki hægt að segja, að verðtrygging eða vísitala skuli undir öllum kringumstæðum vera lögboðin né heldur að algert bann við þessu skuli að staðaldri vera í lögum. Það verður að fara eftir ástandi og horfum í efnahagsmálum hverju sinni, hvað tiltækilegt þykir í þessum efnum.

Eins og á stóð 1960 vegna þeirra breytinga, sem þá voru taldar óhjákvæmilegar og leiddi af ástandi fyrri ára, þótti ekki fært að halda fyrri ákvæðum um vísitölubindingu kaups í lögum. Þessu fylgdi aftur á móti það, að kaupgjaldssamningar voru gerðir til mjög skamms tíma. Vinnufriður varð ærið ótryggur, og þegar það kom í ljós í vor, að það var skilyrði af hálfu verkalýðshreyfingarinnar fyrir samningsgerð, sem að öðru leyti þótti viðhlítandi og átti að standa til eins árs, að verðtrygging kaups væri tekin upp að nýju á þessu tímabili og bannið úr l. numið, þá þótti ekki áhorfsmál, að rétt væri að verða við þeim óskum.“

Þetta var berum orðum fram tekið, þegar frv. um verðtryggingu launa var flutt á Alþ. í okt. 1964. Nú hefur skipazt þannig, að slík fyrirmæli um sjálfvirkar vísitöluhækkanir eiga ekki lengur við vegna þeirra aðgerða, sem óhjákvæmilegar hafa reynzt með gengisfellingunni. Þar sem það er og hefur verið á valdi verkalýðsfélaga og samtaka vinnuveitenda að semja um sjálft grunnkaupið hvað sem vísitölu hefur liðið, er eðlilegt, að þetta mál sé allt, öll ákvörðunin um kaup, í höndum þessara sömu aðila. Þeir geta hvort eð er gert ákvæði um bann við vísitölubindingu að engu, ef þeim svo sýnist. Þess vegna má segja, að þær deilur, sem um það efni hafa staðið að undanförnu, hafi að nokkru leyti verið óraunhæfar og það sé miklu skynsamlegri og þar með happasælli lausn að láta þetta vera í höndum aðila sjálfra, sem hvort eð er hafa úrslitavaldið um ákvörðun kaupgjalds.

Það er því lagt til í þessu frv., að verðtryggingarl. frá 1964 séu nú felld úr gildi, en ekki horfið til þess, sem áður var, að banna slíka verðtryggingu, ef aðilar koma sér saman um hana, heldur er það látið vera undir frjálsu ákvörðunarvaldi þeirra sjálfra. Samtímis er svo kveðið á um, að nú hinn 1. des. eigi launþegar að fá bætt upp það tjón, sem þeir hafa orðið

fyrir vegna hækkunar á vöruverði nú síðustu vikur. Við vitum, að þetta hefur verið deiluefni og víst er það svo, að meðan hugsanlegt var, að hægt væri að ráða fram úr efnahagsvanda okkar í bili með öðrum ráðum en slíkri stóraðgerð sem gengisfelling er, var eðlilegt, að reynt væri að hafa hemil á því, að þessar aðgerðir leiddu til beinna kauphækkana þegar í stað, enda þótt slík skerðing óneitanlega hefði í för með sér nokkra kjaraskerðingu á meðan á henni stóð. Nú hefur þetta ekki reynzt fært. Vegna þeirrar atburðarásar, sem við höfum ekki fengið við ráðið, var gengi krónunnar lækkað og þar með hefur atvinnuvegunum skapazt meira svigrúm en ella, svo að nú má segja, að þeim sé fært að greiða þá kauppuppbót, sem hér er ráðgerð. Að vísu verður að játa, að slíkt eykur hættu á verðbólguþróun, en þar sem hérna er einungis um það að ræða, að kaupgjald nú hækkar um rösklega 3% frá því, sem var á miðju ári 1966, verður að segja, að þrátt fyrir þessa hækkun hafi óvenjulegur stöðugleiki haldizt í launum, og það sé tilvinnandi að leggja sig í þá hættu, sem þessari hækkun er samfara, ef það verður til þess, eins og sýnt er nú þegar, að skapa meiri möguleika til friðsamlegrar lausnar á þeim deiluefnum, sem uppi eru og óhjákvæmilega hljóta að koma ætíð þegar slík viðhorf eru í efnahagsmálum, sem nú eru hér á landi. Það verður heldur ekki á móti því mælt, að auðvitað er það ekki æskilegt, þó að um stund horfði svo sem það væri óhjákvæmilegt, að svipta menn þannig eftir á þeirri uppbót, sem lög og samningar standa til að þeir hljóti. Atvik geta verið slík, að slíkt sé óhjákvæmilegt, en þegar atvik breytast þannig, að önnur lausn er fáanleg eins og nú vissulega er fyrir höndum, er eðlilegt, að sá háttur sé upp tekinn. Og nú vita menn alveg að hverju þeir ganga. Þeir fá bætur fyrir það, sem liðið er, og síðan er það undir þeirra frjálsa samkomulagi komið, hvernig kaupgjaldsmálum verði háttað í framtíðinni. Jafnframt er svo ráðgert, að haldið verði áfram útreikningi framfærsluvísitölu, og er þá byggt á því eins og í 1. gr., að við þann útreikning verði lagt til grundvallar það samkomulag um nýja vísitölu, sem segja má að fengið sé og verkalýðsfélögin hafa talið sér til frambúðar hagkvæmara en þann gamla grundvöll, sem hingað til hefur gilt frá árinu 1959.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en legg til, að því sé vísað til 2. umr. og fjhn. Ég hygg, að það sé eðlilegast, að málið fari fyrir hana frekar en félmn. Það fer eftir venju.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er eitt af fylgifrv. gengisfellingarinnar, og segja mætti, að í sambandi við það væri full ástæða til þess að ræða ýtarlega allar gjörðir þessarar ríkisstj. í launamálunum yfirleitt, en til þess gefst annað tækifæri, og ég ætla ekki að gera það núna, aðeins ræða síðustu atburði varðandi þessi mál.

Frv. það, sem lagt var fram hér í s.l. mánuði um efnahagsaðgerðir, fól í sér, eins og menn muna, um 750—800 millj. kr. nýjar álögur og kjarni þess máls var, að launþegar ættu að taka þessar byrðar á sig bótalaust. Það átti að taka vísitöluna úr sambandi, rjúfa það samkomulag, sem verið hefur um þau mál frá því á miðju ári 1964. Ég lýsti því yfir við 1. umr. þess máls, að ég teldi slíkt algert samningsrof við verkalýðshreyfinguna, og ég held, að það megi segja, að verkalýðshreyfingin í heild hafi litið svo á, því að sennilega hafa aldrei í okkar sögu jafneindregin og almenn mótmæli dunið yfir neina ríkisstj. eins og komu frá verkalýðshreyfingunni varðandi þessar aðgerðir.

Um það mál skapaðist mjög náin samstaða innan verkalýðshreyfingarinnar, og ekki bara með félögum innan Alþýðusambandsins, þrátt fyrir það þó að þau lúti forystu manna með ýmsum pólitískum skoðunum, heldur og einnig með Alþýðusambandinu og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Má segja, að það sé í fyrsta sinn, sem þessi tvö stóru launþegasamtök taka upp jafnnána samvinnu og var milli þeirra í þessu máli.

Síðan hófust svo samningaumleitanir við ríkisstj., sem hér hafa ýtarlega verið ræddar áður og ég þarf ekki að fara að lýsa í smáatriðum. Niðurstaða allra þeirra viðræðna, rannsókna o. s. frv. varð sú, að enginn árangur varð af því varðandi höfuðefni málsins, þ. e. a. s. að vísitala yrði felld niður á laun vegna þeirra verðhækkana, sem áttu að verða afleiðingar og urðu afleiðingar aðgerðanna í októbermánuði.

Við buðum þá, í þeim viðræðum, að tekin skyldi upp viðmiðun við nýja vísitölugrundvöllinn, sem þýddi það, að við gáfum eftir af okkar fullu kröfum allverulega, en við töldum, að í framhaldi málsins, ef nýr grundvöllur væri látinn mæla og hafa áhrif á kaupgjaldið, væri það til frambúðar ekki lakari mælikvarði en gamli grundvöllurinn hefur verið. En ég vil undirstrika, að það tilboð okkar var miðað við það, að slíkt yrði framhald málanna.

Þegar engin niðurstaða fékkst um þessi mál í viðræðum við ríkisstj., tóku verkalýðsfélögin á ráðstefnu, sem Alþýðusambandið boðaði til, ákvörðun um, að til vinnustöðvunar skyldi koma 1. des., ef ekki væri þá orðið við þessari kröfu félaganna. Frammi fyrir þessum vanda stóð svo hæstv. ríkisstj., þegar fall sterlingspundsins rak á hennar fjörur, og má held ég segja, að það hafi verið sannkallaður hvalreki. Þegar þeir hlutir skeðu, var nú blaðinu snúið við. Við vissum alltaf, að frv. í okt. var aðeins upphaf að öðru og miklu meira, en það var þá talið bæði óljóst dæmi og kannske engan veginn eins stórt eins og margir vildu halda fram, og það tæki langan tíma að reikna allt það dæmi varðandi atvinnuvegina og komast að einhverri niðurstöðu.

Hins vegar skipti nú svo um, að þegar gengi sterlingspundsins hafði verið fellt, virtust liggja fyrir og það í svo til einu vetfangi allir útreikningar um, hverjar væru þarfir íslenzku atvinnuveganna, sem ekki lágu fyrir áður, og var reiknað upp á brot úr prósentu, hvað hver og einn þyrfti til sinna hluta, þegar gengislækkun var annars vegar í sigti. Framhald þessara mála þekkja hv. þm. og þarf ekki að rekja það nánar. En nú var blaðinu snúið við á þann veg, að það þótti ákaflega sanngjarnt og eðlilegt, það var nú endurtekið hér af hæstv. forsrh., að fólk fengi uppbætur fyrir það, sem liðið var og lög og samn-

ingar stóðu til, að það skyldi fá. Nú taldi hæstv. ríkisstj. sig hafa efni á því að láta koma uppbætur 1. des., uppbætur á launin vegna þeirra verðhækkana, sem orðið höfðu fram að 1. nóv. En þar var að sjálfsögðu langþyngst á metunum og raunar nærri eitt, sú hækkun, sem varð á landbúnaðarvörunum vegna lækkunar á niðurgreiðslum. Nú var sem sagt hægt að bæta þetta, en nú voru hins vegar viðhorfin svo breytt, að í staðinn fyrir það, að vísitalan skyldi taka til að mæla aftur 1. marz, eins og ætlað var með hinu fyrra frv., skyldu nú felldar niður að fullu allar frekari verðbætur á kaupið, þrátt fyrir það að við blasi nú sú mesta hækkun á nauðsynjavörum almennings, sem við höfum lengi eygt.

Það er enginn efi á því, að sú mikla gengisfelling, sem nú hefur átt sér stað á íslenzku krónunni, er ekki nema að litlum hluta, minnstum hluta, afleiðing af lækkun sterlingspundsins. Það er komið í ljós, sem við raunar sögðum hér í stjórnarandstöðunni við 1. umr. hins fyrra frv., að það, sem var verið að reyna að fela í vor, er nú ekki lengur hægt að fela og kannske heldur ekki sú sama knýjandi nauðsyn að haft sé í felum eins og var fyrir kosningarnar í vor. En gengisfellinguna almennt ætla ég ekki að ræða hér. Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til þess að mótmæla því mjög eindregið og sérstaklega, að stór ástæða fyrir gengisfellingunni hafi verið sú, að verkafólkið hafi tekið til sín stærri hlut af þjóðartekjunum undanfarið en áður. Og þetta sé, eins og látið hefur verið liggja að oftar en einu sinni, ein af ástæðum þess, að gengið þyrfti að fella.

Ég vil bara minna á þá staðreynd, að kaupmáttur tímakaups hefur á undanförnum 7—8 árum verið oftast mun lægri, og stundum miklu lægri en hann var á árinu 1959. Og hann er nú svipaður og hann var á árinu 1959, almennt svipaður og hann var þá. Það má finna einstök dæmi, sem eru örlítið á annan veg. Hann hefur farið batnandi síðan á árinu 1964 og verkalýðshreyfingunni hefur einmitt vegna verðtryggingarinnar tekizt að bæta hag sinn nokkuð og einnig hefur verðtryggingin á laununum orðið til þess, að stjórnarvöldin hafa haft meiri hemil á verðlaginu en áður var. Og það er einmitt þetta tvíþætta hlutverk, sem verðtryggingin á að hafa.

Efni þessa frv. er í fyrsta lagi það, að ákveðið er, að greiða skuli uppbót á laun frá 1. des. n. k. Það er nú orðað þannig í þessu frv., að það er mjög villandi, ég vil segja rangnefni. Það er sagt, að verðlagsuppbót skuli aukin, en það er þvert á móti verið að takmarka þá verðlagsuppbót, sem hefði átt að koma að óbreyttum lögum. Ég held, að það hefði nú verið rétt að segja það alveg skýrum stöfum, ekki vera að neinum feluleik á þennan hátt. Það er sérlega einkennilegt að heyra þetta berast til landsfólksins á öldum ljósvakans, í gegnum útvarpið, að það sé verið að auka verðlagsuppbótina á launin, þegar einmitt er verið að gera hið gagnstæða.

Út af fyrir sig mundi sú verðlagsuppbót, sem hér er um rætt, vera viðhlítandi, ef síðasti málsl. 1. gr. væri felldur niður, en þar er sagt, að þessi verðlagsuppbót skuli gilda, þar til aðilar á vinnumarkaðinum semja um annað. Og jafnframt er svo lagt til með þessu frv., að verðlagsuppbót, eins og hún hefur verið ákveðin með l., skuli felld niður.

Hér var fyrir stuttri stundu af hæstv. forsrh. sagt, að það hefði þótt eðlilegt, að nú með þessum breyttu viðhorfum hefðu aðilar vinnumarkaðsins þetta í sínum höndum að semja um vísitölu á kaup; það væri frjálst. Það hefði ekki verið horfið að því að banna verðtryggingu á laun. Á þessu er að sjálfsögðu enginn eðlismunur, því sem nú felst í þessu frv. með þessu ákvæði og því beinlínis að banna verðlagsuppbót, ef grunnkaupið er ekki bundið eins og verið hefur. Á tímabilinu 1960—64 var grunnkaupið ekki bundið. Nú er hins vegar hvort tveggja sett í eitt, grunnkaupið og verðlagsuppbótin. En það er auðvitað ekki nokkur eðlismunur á þessu, aðeins blæmunur, en ekki meira, alls ekki meira. Það er mjög ákveðin og skýr túlkun hæstv. ríkisstj. og hennar sérfræðinga, að gengisfellingin komi ekki að notum þeim, sem hún á að þjóna, ef kaupgjald verði bundið við vísitöluna. Það má náttúrlega nærri geta, hvort atvinnurekendur muni ekki notfæra sér þessa röksemd í sínum átökum við samningaborðið við verkalýðshreyfinguna. Það verður naumast skýrar sagt en gert hefur verið, að þeir skuli ekki láta undan í einu eða neinu, og muni sjálfa sig fyrir hitta, ef þeir geri það.

2. gr. þessa frv. er svo um það, að reikna skuli út nýja framfærsluvísitölu, en það er atriði, sem út af fyrir sig er hægt að samþykkja, að taka upp nýja framfærsluvísitölu eftir þeim grundvelli, sem lagður hefur verið og gengið var úr skugga um, að muni sennilega vera nokkuð í samræmi við neyzlu, eins og hún nú er.

En þriðja og höfuðatriði þessa frv. er að fella niður úr l. ákvæði um, að laun skuli greidd eftir verðlagi, verðlagsvísitölu. Þetta er að sjálfsögðu höfuðatriði frv. og allt annað þjónar sem sagt aðeins þessu höfuðmarki frv. Það er sjálfsagt óþarfi að taka það fram, en þó vil ég gera það, að um þetta frv. er ekkert samkomulag við verkalýðshreyfinguna. Einu afskiptin, sem samninganefnd verkalýðshreyfingarinnar hefur haft af þessum málum á þessu síðasta stigi, eru þau að reyna að hafa áhrif á, að frv. skuli þó ekki vera verra en það er nú í þeirri mynd, sem það er hér lagt fyrir. Eins og ég sagði er afnám verðtryggingarinnar aðalatriði frv. Um það mál yrði aldrei samið við verkalýðshreyfinguna eins og nú standa sakir. Þvert á móti er það stefna verkalýðshreyfingarinnar og hefur rækilega verið túlkuð einmitt nú hina síðustu daga, að hún telur, að laun verði að vera tengd verðlaginu. Afnám verðtryggingarinnar á kaupið leiðir óhjákvæmilega til nýs ófriðar á vinnumarkaðinum. Þessa reynslu höfum við enn svo ferska frá því á árunum 1960—64, og ég held, að það væri nú rétt, að menn íhuguðu rækilega, hvernig málin þá gengu fyrir sig, áður en þeir taka upp ákvæði þessa frv.

Á föstudaginn sagði hæstv. forsrh. einmitt, að reynslan á þessu árabili, á árunum 1960—64, hefði orðið sú, að stöðugleiki í þróun verðlags og launa hefði ekki orðið meiri, heldur hið gagnstæða. Þetta er alveg hárrétt mat. Óvissan, ófriðurinn á vinnumarkaðinum hefur ekki orðið meiri en hann var á þessu árabili. Upp á þetta er nú

verið að bjóða að nýju. Afleiðingar gengisfellingarinnar hljóta óhjákvæmilega að verða nýtt dýrtíðarflóð. Helztu nauðsynjar almennings hækka kannske mest og strax í verði. Þeir, sem lægst hafa launin, eiga erfiðast með að standa undir slíkum hækkunum. Það verkar á nákvæmlega sama hátt og afleiðingar hins fyrra frv. hæstv. ríkisstj. Það mun hafa verið reiknað út, að afleiðingar þessara verðhækkana, að afleiðingar gengisfellingarinnar á verðlagsvísitöluna nýju muni kannske nema um 7%. Ég er alveg sannfærður um, að þessir útreikningar standast ekki. Hækkunin hlýtur að verða mun meiri. Það er örugg reynsla, að þegar á annað borð verða verðbreytingar, eru þær alltaf mun meiri en sérfræðingarnir hafa reiknað með. Og það er fyrst og fremst vegna þess, að hvers konar aðilar í þjóðfélaginu, fyrst og fremst millilliðirnir og þeir, sem hafa með hvers konar þjónustu að gera og alls konar braskarar, nota tækifærið til mun meiri hækkana á öllum sviðum en gefið er tilefni til, t. d. í þessu tilviki með gengisfellingunni. Í blóra við slíkar ráðstafanir er fullt af alls konar aðilum, sem nota tækifærið um leið.

Ég ætla ekki að fara að gizka á, hvað þessi verðhækkunaralda muni leiða af sér í framfærsluvísitölunni. Það mun koma í ljós á sínum tíma. En ég vil endurtaka, að hún hlýtur að koma langþyngst niður á þeim, sem úr minnstu hafa að spila. Og til viðbótar áhrifum þessarar gengisfellingar sýnist mér svo koma, að svo til allt, sem ráðgert var í hinu fyrra frv. ríkisstj., muni einnig koma til framkvæmda, þar sem það er einvörðungu lækkun niðurgreiðslubótanna, sem verður bætt núna 1. des., einnig hækkun á tóbaki og áfengi sennilega að einhverju leyti, annað ekki. Eftir stendur, trúi ég, allt, sem upp var talið í hinu fyrra frv. (nema e. t. v. farmiðaskatturinn), söluskattur á póst- og símaþjónustu, söluskattur á hljóðvarp, söluskattur á sjónvarp, hækkun iðgjalda almannatrygginga, hækkun sjúkrasamlags og hækkun hitaveitu. Ekkert hefur verið um það sagt, hvað verði með þessi mál, en a. m. k. á meðan ekki er fyllilega yfirlýst, að eitthvað af því verði dregið til baka, hljótum við að reikna með, að til viðbótar gengisfellingunni komi þetta bótalaust á herðar launþeganna.

Ég held, að rétt sé, að menn geri sér það fyllilega ljóst, að verkalýðshreyfingin mun ekki una bótalaust slíku dýrtíðarflóði, sem óhjákvæmilega hlýtur að verða afleiðing þessara ráðstafana, sem nú hafa verið gerðar. Strangt aðhald í verðlagsmálum gæti miklu ráðið um, hvernig framhaldið verður. Það sem okkur enn hefur verið sýnt af því taginu er nú þess eðlis, að það lofar ekki miklu. Þegar ákveðið er, að aðilar, sem notið hafa verzlunarlánanna erlendu, skuli fá að hækka allar sínar birgðir, ef þeir skulda þær, sjáum við, að það eru ekki þessir aðilar, sem fyrst og fremst eiga að taka á sig byrðarnar, og á sama hátt er með skipafélögin. Hvernig farið verður með þessi mál nú, getur haft mjög mikil áhrif á, hver verður þróun þessara mála á næstu tímum, en eðli gengisfellingar er auðvitað fyrst og fremst stórfelld tilfærsla á tekjum innan þjóðfélagsins milli stétta. Ef ekki verða settar öflugar skorður með hliðarráðstöfunum, er augljóst, að gengisfelling kemur til með að koma harðast niður á launafólkinu og þess vegna verður enn að verðtryggja launin.

Ég mundi telja, að nauðsynlegar breytingar á þessu frv. væru aðallega tvær: 1) Að fella niður síðasta málsl. 1. gr. og 2) Í staðinn fyrir 4. gr. þess þyrftu að koma skýr ákvæði um verðtryggingu launa og tryggingarbóta, eins og verið hefur. Miðstjórn ASÍ hefur beint því til verkalýðsfélaganna að aflýsa verkföllum 1. des., vegna þess að krafa sú, sem verkföllin voru miðuð við, hefur verið uppfyllt, þótt raunar skert sé. En verði ekki gerðar þessar breytingar á því frv., sem hér liggur fyrir og ég var að enda við að lýsa, held ég, að rétt væri fyrir hv. alþm. að gera sér ljóst, að aflýsing verkfallanna nú yrði aðeins frestun, frestun á átökum. Frv., eins og það liggur fyrir, boðar nýjan ófrið á vinnumarkaðinum. Þetta mundi ég vilja, að hv. alþm. gerðu sér fyllilega ljóst, áður en málið verður afgreitt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég held, að ég hafi lesið það í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins eða einhverri grein í Morgunblaðinu, að svona venjulega væri ekki neitt sérstaklega hátt ris á Alþ. En engin regla er til án undantekninga, og það stóð í þessari sömu grein, að sú undantekning væri á þessu, að þegar forsrh. stigi í stólinn og léti til sín heyra, væri venjulega hátt ris á Alþ. Ég gat nú ekki satt að segja fundið það, þegar hæstv. forsrh. talaði hér áðan, að það væri neitt sérstaklega hátt ris á honum eða hátt ris á Alþ. Og ég get líka skilið það ákaflega vel, vegna þess að þegar ráðh. steig hér í stólinn, kom hann hingað til að jarðsyngja það, sem hann telur sig hingað til hafa bezt gert, en það er júní-samkomulagið 1964. En ef Morgunblaðið hefur hins vegar sérstaka tilhneigingu til þess, sem það vafalaust hefur, að hæla hæstv. forsrh., gæti ég bent því á eitt, sem er mjög auðvelt að hæla honum fyrir. Og það er fyrir það, hvað hann er fljótur að snúast, hafa eina skoðun í dag og aðra á morgun.

Ég hef ekki setið lengi hér á Alþ., en ég minnist þess, að ég hef heyrt ráðh. flytja hér þrjár ræður um vísitölumálið. Fyrsta ræðan, sem ég heyrði ráðh. flytja um þetta mál, var á þingi 1960. Þá var í gildi í kaupsamningum milli atvinnurekenda og verkalýðsfélaga ákvæði um dýrtíðaruppbót. Forsrh. sté þá í stólinn til að lýsa því yfir, að hann teldi allar vísitöluuppbætur óhafandi og óverjandi, og það yrði að setja þau lög að banna allar vísitölubætur. Og forsrh. fékk þessum vilja sínum framgengt þá. Það var samþ. af Alþ. að banna allar vísitölubætur.

Fjórum árum síðar heyrði ég forsrh. flytja aðra ræðu um þetta mál. Og þá var hann ekki alveg á þeirri skoðun, að það ætti að banna vísitölubætur, heldur mælti hann með því, að þær yrðu lögfestar. Og hann sagði þá, að það hefði reynzt mjög illa að banna vísitölubætur, vinnuófriður hefði haldið áfram sízt minni en áður, jafnvel meiri, og þess vegna væri það nú ráðið að lögfesta vísitölubætur.

Hér í dag hefur svo ráðh. haldið þriðju ræðuna um þetta mál og hún er á þá leið, að það sé bæði rangt að banna vísitölubætur og lögfesta vísitölubætur, heldur sé nú skást að hafa þetta frjálst.

Ég held, að ég vilji ráðleggja hæstv. ráðh. það, ekki kannske sérstaklega vegna þess, að mér sé svo vel við stjórnina, heldur þá við þjóðina, að það væri hyggilegast fyrir hann að snúast nú einu sinni enn í þessu máli og láta það standa óbreytt, sem hann telur sig hafa bezt gert í þessum efnum, en það er júní-samkomulagið frá 1964. Sá snúningur ráðh. mundi áreiðanlega verða til bóta.

Um þetta frv. vil ég fyrst segja það, að þegar tillit er tekið til þess ástands, sem er að skapast í þjóðfélaginu, að stórfelld dýrtíðarholskefla er að skella yfir, er það frv., sem hér er til umr., tvímælalaust eitt hið ósvífnasta og ranglátasta mál, sem hefur verið borið fram á Alþ. Áður en ég rökstyð þessa skoðun mína eða fullyrðingu frekar, finnst mér rétt að minnast örlítið á forsögu þessara mála.

Ég hygg, að það hafi verið fyrst 1939, sem teknar voru upp — a.m.k. á síðari tímum — vísitöluuppbætur á kaup eða dýrtíðaruppbætur á kaup. Það var gert í sambandi við gengisfellinguna, sem þá var ákveðin. Það mun hafa verið Alþfl., sem átti meginþátt í því, að þessi regla var þá upp tekin. Þetta fyrirkomulag, þ.e.a.s. að lögákveða dýrtíðaruppbætur, mun svo hafa haldizt allt fram á árið 1951. Þá var talið, vegna þess að inn í vísitöluna voru þá komnar allar verðhækkanir, sem leitt höfðu af gengisfellingu, sem ákveðin var árið áður, að það væri a.m.k. til athugunar rétt að fella hinar lögákveðnu vísitöluuppbætur niður, og var það gert með sérstökum lögum, sem samþ. voru hér á Alþ. Verkalýðsfélögin sýndu þá, að þau vildu ekki láta þetta fyrirkomulag falla niður, og þegar atvinnurekendur vildu ekki strax á það fallast, að þetta væri tekið upp í samninga, boðuðu þau til verkfalls og eftir nokkurra daga verkfall féllust atvinnurekendur á það að taka vísitölu- eða dýrtíðaruppbótarákvæðin upp í kaupsamninga, og það skipulag hélzt síðan óslitið til ársins 1960, þegar vísitölubannið var sett í viðreisnarl., sem þáv. ríkisstj. beitti sér fyrir. Þessi skipan stóð síðan í 4 ár, en í júnímánuði 1964 næst samkomulag um það milli verkalýðssamtakanna og samtaka vinnuveitenda og ríkisstj., að þetta fyrirkomulag skuli aftur að nýju upp tekið og vera nú lögbundið. Verkalýðshreyfingin hafði þá boðað til verkfalls, og hún hafði þá borið fram mjög verulegar kröfur um grunnkaupshækkanir, sem hún átti fyllsta rétt til. Og það var víst, eins og dæmið stóð þá, að aðstaða hennar var svo sterk, að hún hefði getað knúið þessar kröfur fram. Til þess að koma í veg fyrir þetta, bauðst ríkisstj. til þess að lögfesta dýrtíðarbætur gegn því, að samið yrði um tiltölulega lága grunnkaupshækkun, og það þótti meira öryggi í því, að þetta yrði sett í lög en í samninga eins og áður hafði tíðkazt. Forsrh. taldi þá, að með þessu hefði hann tryggt batnandi sambúð á milli stéttarsamtakanna og hefur mjög hrósað sér af því síðan. Ég held líka, að þó að talsvert hafi verið um verkföll á þessum tíma, hafi þau orðið miklu minni og vinnufriðurinn meiri, vegna þess að þetta samkomulag náðist í júnímánuði 1964. Ég skal hins vegar taka það fram, að þó að ég teldi, að þetta ákvæði í júnísamningunum 1964 væri á sínum tíma mjög til bóta, taldi ég önnur atriði í þeim samningum ekki heppileg, m.a. það, að það var tekið þar upp að reikna út lán húsnæðismálastjórnar eftir vísitölu eða láta þau hækka samkv. vísitölu.

Með því að setja dýrtíðarbæturnar í lög, var tvímælalaust litið svo á, bæði hér á Alþ. og af öllum aðilum, að þetta fyrirkomulag ætti að vera varanlegt. Með því að hafa það ekki í samningum, heldur hafa það í l., væri það orðið samkomulag, sem ætti að standa til frambúðar.

Ég skal að vísu viðurkenna það, sem ráðh. sagði hér áðan, að í ræðu, sem hann flutti, þegar hann mælti með þessu frv. á þinginu 1964, tók hann það fram, að þessi lög mundu ekki binda hendur manna um alla eilífð. En þrátt fyrir þau ummæli hans held ég, að það hafi verið almennt álitið, að þetta ætti að vera varanlegt fyrirkomulag, og ráðh. sagði þetta til að slá vissan varnagla, en ekki vegna þess að hann meinti það, að það ætti að standa stuttan tíma.

Vegna þess hvernig þetta allt er í pottinn búið, tel ég, að nú, þegar þetta samkomulag er rofið, sé það gert af hálfu ríkisstj. á hinn ódrengilegasta hátt. Það er gert á þeim tímamótum, þegar það kemur verkalýðshreyfingunni og launþegastéttunum verst, að það sé rofið. Og það er alltaf ódrengilegt, þegar samningar eru gerðir í góðri trú, að annar aðilinn skuli þá nota sér aðstöðuna til að rjúfa þá, þegar aðstaðan er verst hjá hinum aðilanum. Þess vegna tel ég, að hér sé af hálfu hæstv. ríkisstj., — þó að hún hafi þann varnagla, sem ráðh. minntist á, — mjög ódrengilega að farið, þ.e. að rjúfa þetta samkomulag, þegar þeir tímar fara í hönd, að það er bersýnilegt, að það kemur verkalýðshreyfingunni og vinnustéttunum verst, að það sé rofið.

En af öðrum ástæðum tel ég líka, að hér sé mjög ódrengilega að farið. Ef menn minnast þess, sem sagt var fyrir seinustu kosningar, hygg ég, að mönnum sé fátt minnisstæðara en það, sem hæstv. forsrh. sagði þá um júní-samkomulagið 1964. Ráðh. fór ekki dult með það, að þó að hann teldi sig hafa margt vel gert á liðnu kjörtímabili, hefði hann ekkert betra gert en það, að hann hefði komið á bættri sambúð milli ríkisvaldsins og verkalýðshreyfingarinnar með júní-samkomulaginu 1964. Hann fór um það mörgum fögrum orðum í þeim ræðum, sem hann flutti þá, bæði í útvarp og víða um landið, að með þessu samkomulagi hefði verið tryggður miklu betri vinnufriður en ella, og það hefði líka orðið minni verðbólga en ella hefði orðið, ef þetta hefði allt verið með sama hætti og áður var. Og það mátti af þessum orðum ráðh. ekki annað ætla en a.m.k. hann væri því fylgjandi, að þetta fyrirkomulag ætti að standa til frambúðar. Og ég er sannfærður um það, að ef menn hefðu átt von á því, sem nú er fram komið, að það yrði eitt af fyrstu verkum ríkisstj. að leggja til, að þetta samkomulag yrði fellt niður, hefði útkoma stjórnarflokkanna í kosningunum orðið á aðra leið en hún varð. Ég er sannfærður um, að ef það hefði legið fyrir þá, sem liggur fyrir hér á Alþ. í dag, að stjórnin ætlaði að vinna að því að fella niður dýrtíðaruppbót á laun, hefðu stjórnarflokkarnir ekki fengið þau úrslit í kosningun-

um, sem raun varð þó á. Og það eitt ásamt öðru sýnir, að ríkisstj. hefur unnið þessar kosningar á fölskum forsendum.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér almennt um gengisfellinguna sjálfa, vegna þess að það hefur áður verið nokkuð gert og verður vafalaust enn ýtarlegar gert í umr. í sambandi við önnur mál. En fyrst ég er farinn hér að minnast á annað borð á framkomu, sem ég tel óheiðarlega og ódrengilega, eins og hefur átt sér stað hjá ríkisstj. í sambandi við þetta mál, get ég ekki látið hjá líða að minnast ummæla, sem forsrh. lét falla rétt fyrir seinustu þingkosningar, í útvarpsumr. 7. júní. Forsrh. komst þá að orði á þessa leið: „Sjálfstæðismenn skilja jafnt nú sem áður, að heilbrigður atvinnurekstur er undirstaða velmegunar þjóðarinnar. Því verður ekki jafnað, sem ekki hefur verið safnað. En sjálfstæðismenn fylgja í verki kjörorði sínu, stétt með stétt. Þess vegna er okkur það heiður að hafa, án þess að ganga of nærri atvinnuvegunum, haft forystu um mestu lífskjarabætur, sem almenningi á Íslandi hafa hlotnazt. Launþegar í öllum stéttum munu vissulega minnast þess við kjörborðið."

Það, sem ráðh. segir, er í stuttu máli þetta: Við höfum tryggt sæmileg lífskjör á undanförnum árum, án þess að hafa gengið of nærri atvinnuvegunum, — án þess að beita þurfi nokkurri kjaraskerðingu, a.m.k. ekki í náinni framtíð. Þegar ráðh. sagði þessi orð, vissi hann allt um verðfall afurðanna, sem nú liggur fyrir. Verðlagið var að mörgu leyti lægra þá en það er nú. Hann vissi þá líka um þann aflabrest, sem var á síðustu vetrarvertíð. Þrátt fyrir það lýsir hann því yfir fjórum dögum fyrir kosningar í útvarpi, sem öll þjóðin hlustar á, að það megi treysta því, að a.m.k. óbreyttum lífskjörum verði haldið áfram, vegna þess að það hafi ekki verið gengið of nærri atvinnuvegunum.

Hvað segir forsrh. svo í dag? Hvað sagði hann hér s.l. föstudag, þegar hann mælti fyrir öðru frv. um gengismál? Hann sagði í stuttu máli, að það hefði verið gengið svo nærri atvinnuvegunum, að það þyrfti að lækka ísl. krónu um 20%, þegar frá er talin sú lækkun, sem segja má, að verði vegna falls sterlingspundsins. Hefði forsrh. sagt þetta fyrir kosningar, sem hann álítur satt nú, og áleit vafalaust satt þá, mundi hann og ríkisstj. þá hafa fengið sömu úrslit í kosningunum og raun varð á? Ég held, að úrslitin hefðu þá orðið talsvert önnur. Að vísu var það svo hér í Reykjavík, að flokkur forsrh. tapaði tíunda hverju atkv. eða rösklega það, en ég held, að þeir hefðu tapað a.m.k. fimmta hverju atkv. eða meira, ef hann hefði sagt það, sem hann vissi, að var satt, fyrir seinustu kosningar, en ekki blekkt þjóðina og sagt ósatt. Ég álít, að það sé ærin ástæða til þess að rifja þetta upp, vegna þess að þetta og margt annað sýnir, að ríkisstj. hefur unnið seinustu kosningar á algjörlega fölskum forsendum. Og það er þess vegna víst, að sá meiri hl., sem var á bak við hana þá og trúði orðum ráðherranna og annarra framámanna stjórnarflokkanna, sá meiri hl. er áreiðanlega ekki fyrir hendi í dag, og það er ekki meiri hl. þjóðarinnar, sem stendur á bak við þær aðgerðir, sem nú er verið að ákveða.

Ég skal þá víkja að efni þessa frv. og leitast við að rökstyðja þá staðhæfingu, sem ég viðhafði um það hér áðan. Það hefur réttilega verið sagt, að það gildi um þessa gengisfellingu eins og raunar aðrar gengisfellingar, að það fari eftir því, hvaða hliðarráðstafanir eru gerðar til þess að tryggja heppilegar framkvæmdir, hvort tilætlaður árangur næst eða ekki.

Þegar talað er um hliðarráðstafanir, er fyrst og fremst átt við ráðstafanir, sem beinast að því að gera þeim, sem þyngst verða fyrir barðinu á gengisfellingu, sem auðveldast að rísa undir þessum byrðum. Í framhaldi af þessu er rétt að athuga, hverjir það séu þá, sem eiga erfiðast með að rísa undir þeim byrðum, sem leiða af gengisfellingunni. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að þeir, sem eiga erfiðast með að rísa undir þessum byrðum, séu láglaunamennirnir eða láglaunastéttirnar í landinu. Þær hafa af minnstu að taka til að mæta þeim áföllum, sem af gengisfallinu verða. Ég held, að það væri þess vegna ekki óheppilegt fyrir alþm. að athuga, hver eru launakjör láglaunastéttanna í landinu í dag. Hvað er það, sem verkamenn bera nú úr býtum? Er hlutur þeirra slíkur, að það sé hægt að ætlast til þess, að þeir geti tekið á sig miklar nýjar byrðar vegna stórfellds gengisfalls? Til þess að geta veitt nokkrar upplýsingar um þetta, hef ég aflað mér þeirra kauptaxta, sem nú eru í gildi hjá verkalýðsfélögunum hér í Reykjavík. Og ég ætla að lofa mönnum að heyra, hvaða kaup það er, sem verkamenn hafa samkvæmt þessum kauptöxtum.

Ég ætla þá að byrja á Dagsbrún. Ég ætla ekki að taka fyrsta taxta Dagsbrúnar, sem oft hefur verið vitnað til, heldur annan taxta Dagsbrúnar, en í honum munu vera langflestir verkamenn. Í honum eru t.d. allir verkamenn, sem vinna við fiskvinnu, aðstoðarmenn í togvinnu og steypuvinnu, við gæzlu hrærivéla, vélgæzlu á loftpressum, ryðhreinsun með handverkfærum, vinnu í grjótnámi, bifreiðastjórn, þegar bifreiðarstjóri vinnur eingöngu við akstur bifreiðarinnar, vélgæzlu á togurum í höfn, vinnu við fóðurblöndunarvélar, afgreiðslu í sandnámi, vinnu með handverkfærum við holræsagerð, vatnsveituframkvæmdir og skurðgröft vegna raflagna, símalagna o.fl., verkamenn á olíustöðvum, þ.e. aðstoðarmenn á tankbílum og afgreiðslumenn á smurningsolíulager og menn, sem vinna við götuhreinsun. Það er sem sagt langstærsti hópurinn af Dagsbrúnarmönnum, sem tekur laun samkvæmt þessum taxta. Og launin, sem þessir verkamenn hafa, eru á fyrsta og öðru ári 8.951,00 kr. á mánuði, en það svarar til þess, að þeir hafi í árslaun 107.412,00 kr. Þegar þeir eru búnir að vinna í tvö ár, þá hækka mánaðarlaunin upp í 9.399,00 kr. eða árslaunin verða 112.788,00 kr. Sem sagt, langfjölmennasti Dagsbrúnarhópurinn hefur í árslaun fyrir fulla dagvinnu frá 107 þús. kr. upp í tæpar 113 þús. kr.

Það hefur oft verið rætt um það undanfarið, að hafnarverkamenn séu í sérflokki og þeir hafi fengið meiri hækkun en aðrir verkamenn að undanförnu. En hvað er þá af kaupi þeirra að segja? Það er í stuttu máli á þá leið, að hafnarverkamaður hefur á fyrsta og öðru ári í vikulaun

2.215,00 kr. eða í árslaun 115.180,00 kr. Þegar hann er búinn að vinna í tvö ár, þá hefur hann í vikukaup 2.325,00 kr. eða í árslaun 120 þús. kr. Og það má segja, að sé hámarkið hjá venjulegum Dagsbrúnarverkamanni, því að þeir, sem eru í taxta fyrir ofan þetta, geta miklu frekar talizt fagmenn en ófaglærðir verkamenn og taka kaup samkvæmt því. Það eru menn, sem vinna fagvinnu, sem sérstaka þjálfun þarf til að leysa af hendi og þess vegna ekki óeðlilegt, þó að þeir séu miklu frekar flokkaðir með fagmönnum en ófaglærðum verkamönnum. Sem sagt, hjá þessum fjölmennustu starfshópum Dagsbrúnarmanna eru launin frá 107 þús. kr. upp í 121 þús. kr. hæst. Þetta er nú það, sem þessir menn bera frá borði, ef fylgt er taxta og ekki er um neina eftirvinnu að ræða, en hins vegar alveg fulla dagvinnu.

Hvernig lítur þetta svo út hjá verkakvennafélaginu Framsókn? Það er ekki óeðlilegt, að það sé athugað líka, en rétt er að viðurkenna, að það hefur komizt á hér, sem á víða langt í land annars staðar, að konur njóta nokkurn veginn jafnréttis við karlmenn í launagreiðslum, a. m. k. í þessum stéttum. Samkv. 1. taxta Framsóknar, en í honum eru allar ræstingakonur, sem er langsamlega fjölmennasti starfshópurinn í Framsókn, eru launin þessi: Fyrstu tvö árin hafa þær í mánaðarkaup 8.713,00 kr. eða í árslaun 104.180,00 kr. Þegar þær eru búnar að vinna í tvö ár, hafa þær í mánaðarlaun 9.149,00 kr. eða í árskaup 109.788,00 kr. M. ö. o., konur í verkakvennafélaginu Framsókn hafa í árslaun frá 104 þús. kr. upp í tæplega 110 þús. kr. eftir því, hvar þær eru í flokki. Þetta er nú allt það, sem verkakonurnar bera úr býtum með því að vinna alveg fulla dagvinnu allt árið um kring, en að vísu er ekki þarna reiknað með neinni eftirvinnu eða yfirborgun.

Ég kem þá næst að félagi verksmiðjufólks, Iðju, en þar eru launakjörin á þessa leið: Fyrsta árið eru mánaðarlaunin 8.564,00 kr. eins og hjá Dagsbrún, eða árslaunin 102.552,00 kr. Eftir eitt ár eru mánaðarlaunin orðin 9.137,00 kr. og árslaunin þá 109.644,00 kr. Sem sagt, launakjörin hjá Iðju eru nokkru lægri en hjá Dagsbrún, þannig að verkamenn, sem eru þar á fyrsta ári, hafa ekki í árslaun nema 102 þús. kr. og þeir, sem komast hæst, hafa tæplega 110 þús. kr. Þetta er það, sem verkamenn bera nú úr býtum samkv. gildandi kauptöxtum.

Hitt er hins vegar rétt og það ber að viðurkenna, að á undanförnum árum hafa þeir haft nokkuð hærri rauntekjur, sem stafar að sumu leyti af því, að einhverjar yfirborganir kunna að hafa átt sér stað og eftirvinna hefur verið talsvert mikil. Og auk þess hafa náttúrlega ýmsir fjölskyldumeðlimir unnið inn ýmsar tekjur, sem reiknast verkamanninum í framtali.

Nú er hins vegar þannig orðið ástatt hjá okkur, vegna þess að lánsstefnan í peningamálunum, lánsfjárstefna Seðlabankans, hefur átt þátt í því að draga mjög úr atvinnulífinu, þrengja kost atvinnufyrirtækjanna, að yfirborganir eru að mestu að falla niður og eftirvinna er víðast hvar orðin mjög lítil og jafnvel engin, þannig að það, sem þessir menn hafa að byggja á, er fyrst og fremst það, sem dagvinnutaxtarnir gefa, og ég hef nú lýst því, hvað það er, sem þeir fá samkv. þessum gildandi kauptöxtum.

Og nú skulum við athuga í framhaldi af þessum tölum það frv. um hliðarráðstafanir, sem hér liggur fyrir. Ég sagði áðan, að hliðarráðstafanir í sambandi við gengislækkun ættu fyrst og fremst að miða að því að bæta aðstöðu þeirra, sem taka á sig tiltölulega þyngstu byrðarnar. Ég held, að það dragi enginn í efa eða geti mótmælt því, að þeir, sem taka á sig þyngstu byrðarnar í sambandi við gengisfall, eru þeir, sem hafa lægstu launin og verst eiga þess vegna með að verjast þeim áföllum, sem af gengisfellingunni verða. Hvað er það, sem þetta frv. býður þessum mönnum upp á til að bæta aðstöðu þeirra í sambandi við gengisfellinguna? Þetta frv. býður þeim upp á það að taka á sig alla þá kjaraskerðingu, sem af gengisfellingu hlýzt án þess að fá nokkrar bætur í staðinn. Þessir menn, sem hafa í árslaun samkvæmt kauptöxtum 102—120 þús. kr., eiga að taka á sig alla kjaraskerðingu, sem af gengisfellingunni verður, án nokkurra bóta. Það er þetta, sem fyrst og fremst felst í þessu frv. Ég segi því um þetta mál alveg hiklaust, og ég held, að allir hljóti að taka undir það, sem athugað hafa það af nokkurri sanngirni: Það er ósvífni að bjóða verkamönnum upp á þetta. Það eru rangindi að bjóða verkamönnum upp á þetta. Og það mun hefna sín að bjóða láglaunastéttunum upp á þetta. Þess vegna hika ég ekki við að segja, að það mál, sem hér liggur fyrir, er eitthvert hið ósvífnasta og ranglátasta mál, sem hefur verið borið fram á Alþ. Og það mega líka þeir vita, sem ætla að koma fram slíkum rangindum eins og þessum, að þeim á eftir að verða fullkomlega mætt.

Því hefur stundum verið haldið fram af stjórnarsinnum, að ég og ýmsir aðrir, sem þeir telja, að hafi átt þátt í því, að orðið hafi nokkur hækkun á kauptöxtum á undanförnum árum, eigi meginsök á því, að nú sé komið í atvinnumálum þjóðarinnar eins og raun ber vitni um. Ég mótmæli því, að kauptaxtar, sem ekki tryggja verkamönnum hærri laun en frá 102 þús. til 121 þús. kr. á ári, séu orsök þess, hvernig nú er komið í efnahagsmálum íslenzku þjóðarinnar. Það er fullkomlega rangt, að þessir kauptaxtar eigi nokkurn þátt í því. Það eru allt aðrar ástæður, sem því valda, að þannig er nú ástatt en það, að kauptaxtar verkafólksins séu of háir. Og það sem veldur meira um það en nokkuð annað er það, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur haldið á málum atvinnuveganna á undanförnum árum. Ég held, að það sé alveg óhætt að fullyrða það, að þegar undan er skilin sú nýja tækni, sem hefur komið til sögunnar í sambandi við síldveiðarnar, hafi orðið minni framleiðniaukning í íslenzkum atvinnuvegum á undanförnum áratug en í atvinnuvegum nokkurrar annarrar nálægrar þjóðar. Hjá öllum öðrum þjóðum hafa á seinasta áratug orðið stórstígari framfarir í framleiðniaukningu en nokkru sinni fyrr. Hér hefur framleiðniaukningin, þegar síldveiðarnar eru undanskildar, svo að segja staðið í stað. Það er meira að segja játað í skýrslum, sem Efnahagsstofnunin sendi hagráði á síðasta ári. Það er þetta, sem er meginorsök þess, hvernig ástatt er nú í íslenzkum at-

vinnumálum. Það hefur átt sér stað svo að segja algjör stöðvun á seinasta áratug, hvað framleiðniaukninguna snertir í íslenzkum atvinnuvegum, í stað þess að stórstígar framfarir hafa átt sér stað í öðrum löndum í þessum efnum. Og þó hefur aðstaðan til þess að koma fram stórfelldri framleiðniaukningu aldrei verið betri hér á landi en einmitt á þessum áratug. Aldrei hafa þjóðartekjurnar verið meiri og því aldrei betri aðstaða til að veita fjármagninu til að auka framleiðnina í atvinnuvegunum, en það hefur verið vanrækt að langsamlega mestu leyti. Og þó að syndir ríkisstj. séu margar, tel ég það höfuðsynd hennar, hve illa hefur til tekizt í þessum efnum. Þetta stafar af því, að ríkisstj. hefur algjörlega vanrækt það, sem á að vera höfuðhlutverk hverrar ríkisstj., og það er að leitast við að beina fjármagninu fyrst og fremst til þeirra framkvæmda, sem nauðsynlegastar verða að teljast og miða að því að auka framleiðni atvinnuveganna.

Í öðru lagi og engu síður stafar það svo af þeirri peningastefnu, sem ríkisstj. hefur framfylgt. Í staðinn fyrir það, að í flestum öðrum löndum er keppt að því að tryggja atvinnuvegunum nægilegt rekstrarfé og nægilegt stofnfé til framkvæmda, hefur verið tekin upp sú stefna hér á landi á þessum góðærisárum að undanförnu að skera þetta allt saman sem mest við nögl. Seðlabankinn hefur tekið upp hin stórfelldustu skerðingarákvæði gagnvart viðskiptabönkunum og komið þannig í veg fyrir, að þeir gætu veitt atvinnuvegunum eðlilega þjónustu. Lánsfjárhöftin, sem ríkisstj. hefur fylgt, hafa átt sinn stóra þátt í því, að hér hefur stefnt í allt aðra og öfuga átt við það, sem hefur átt sér stað í öðrum löndum, hvað framleiðniaukningu í atvinnuvegunum snertir. Þetta er höfuðástæðan til þess, hvernig nú er komið í íslenzkum atvinnumálum, að við höfum ekki fylgzt með öðrum þjóðum í þessum efnum, heldur verið að dragast aftur úr.

Við sjáum það líka, ef við berum saman kaupgjald hér og í öðrum löndum, að það eru ekki kauptaxtarnir, sem eiga sök á því, hvernig komið er í íslenzkum efnahagsmálum. Ég hef hér í dönsku fjármálatíðindunum tölur um það, hvert var tímakaup ófaglærðra iðnaðarmanna í Danmörku á síðasta ársfjórðungi ársins 1966. Þess má geta, að síðan hefur átt sér stað nokkur grunnkaupshækkun í Danmörku, a. m. k. á lægstu laununum, og auk þess hafa dýrtíðaruppbætur þar aukizt, svo að tímakaupið í iðnaðinum danska er nokkru hærra nú en það var á þriðja ársfjórðungi í fyrra. En þá var meðaltal tímakaupsins hjá dönskum iðnaðarmönnum samkv. þessari heimild 10.50 kr. danskar, sem láta mun nærri, að hafi numið 66 ísl. kr. miðað við fyrrv. gengi, en rúmum 80 kr. miðað við núv. gengi.

En hvert er svo kaup iðnverkamanna á Íslandi, sem er ekki ósanngjarnt eða óeðlilegt að bera saman við þetta? Í dag er dagvinnukaupið hjá Iðjuverkamönnum 46 kr. á fyrsta ári, en eftir það er það 49 kr. Sem sagt, í dag er sá munur hér og í Danmörku, að danskur iðnverkamaður hefur 80—90 ísl. kr. í tímakaup, en íslenzkur iðnverkamaður hefur innan við 50 kr. Og þessi munur var um 20 kr., áður en gengið var fellt, eins og ég skýrði frá áðan, þar sem tímakaup iðnverkamanns í Danmörku hefur þá verið 66 kr., en 46 kr. hér. Ég held, að það sé ekki með neinum rétti hægt að halda því fram, þegar litið er á þennan samanburð, og hliðstæðan samanburð mætti gera við önnur lönd, að það séu kauptaxtarnir, sem valdi því, hvernig komið er í íslenzkum atvinnumálum. Þar er um allt aðra ástæðu að ræða.

Það hefur komið greinilega fram í þessum umr., að það hefur verið stefna verkalýðssamtakanna allt síðan 1939, að Alþfl. fékk það lögfest, að greiddar væru dýrtíðaruppbætur á kaup. Það er áreiðanlega eindregnari stefna verkalýðssamtakanna í dag en nokkru sinni fyrr, þegar sú dýrtíðarholskefla er fram undan, sem menn eygja í dag. Ríkisstj. má þess vegna eiga það víst, að ef þetta frv. hennar verður að lögum, mun það til einskis annars frekar leiða en nýrra átaka á vinnumarkaði. Verkalýðssamtökin sýndu það fyrir fáum dögum, að þau ætla ekki að láta bjóða sér það, að teknar séu af þeim þær vísitöluuppbætur, sem þau áttu að fá um næstu mánaðamót, og þau munu einnig sýna það eftirleiðis, að þau munu ekki láta bjóða sér upp á slíkt. Með því að nema úr lögum dýrtíðaruppbót á kaup er ríkisstj. að bjóða vinnuófriði heim, það má hún gera sér fullkomlega ljóst. Og ef rétt nafn væri á þessu frv., ætti það í raun og veru að heita frv. til laga um að rjúfa vinnufrið, því að með þessu gerir ríkisstj. ekkert annað en að rjúfa vinnufrið. Það hlýtur henni að vera fullkomlega ljóst, eins og hefur komið svo greinilega fram í þeim átökum og viðræðum, sem hafa farið fram milli hennar og fulltrúa verkalýðssamtakanna á undanförnum vikum og dögum. Ég held þess vegna, að hæstv. ríkisstj. eigi ekki að hraða sér of mikið í þessu máli, heldur hugsa sig vel um og hæstv. forsrh. mundi áreiðanlega gera bezt, ef hann snerist nú einu sinni enn í þessu máli og léti þau lög óbreytt standa, sem hann samdi um við verkalýðshreyfinguna í júní 1964.

Það skiptir miklu máli á erfiðum tímum, eins og eru vissulega nú, að þeir menn, sem hafa valizt til forustu hjá þjóðinni, leitist við að gera sitt bezta og séu sem beztum hæfileikum og mannkostum búnir. Af þeim hæfileikum, sem kannske ríður mest á undir slíkum kringumstæðum, er það, að forustumennirnir sýni góðvilja og drengskap. Það er ekki að sýna góðvilja að leggja til, þegar stórfelld dýrtíðarholskefla er fram undan, að þeir, sem búa við langsamlega verstu kjörin eins og verkamennirnir, skuli engar bætur fá vegna þeirrar kjaraskerðingar, sem af þessu hlýtur að leiða. Það er ekki drengskapur að koma þannig fram við þessar stéttir. Þess vegna vil ég treysta því, þótt það geti jafnvel orðið til þess að auka eitthvað langlífi þessarar ríkisstj., — ég met hag þjóðarinnar meira — að hæstv. forsrh. íhugi þetta mál einu sinni enn, íhugi það mjög vandlega áður en það er afgreitt frá þinginu og sjái það við nánari athugun, að hið eina rétta, sem hann getur gert, er að snúast einu sinni enn og láta júní-samkomulagið frá 1964 halda sínu fulla gildi, hvað þetta snertir.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í þessum umr., er það megininnihald þess frv., sem hér er nú til umr., að afnema skuli úr l., að kaupgjald og aðrar launagreiðslur skuli fylgja vísitöluútreikningi og að uppbætur skuli greiðast á laun miðað við verðlag á hverjum tíma. Þetta eru meginatriðin, sem er að finna í þessu frv. Þau atriðin, sem fram koma í 1. gr. og fjalla um annað en þetta, eru um það að gera verðlagsuppbætur á laun fram til 1. des. n.k. nokkru minni en lög og samningar segja til um. En þó er þar sem sagt gert ráð fyrir því að greiða áfram nokkrar verðlagsuppbætur á laun 1. des. og taka þar nokkurt tillit til þeirra verðlagsbreytinga, sem orðið hafa á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóv. s.l. En meginkjarni frv. er sem sagt um það að taka nú aftur upp það fyrra fyrirkomulag að hafa ekki ákvæði í l. um vísitöluuppbætur á laun eða kaupgreiðslur. Við vitum, að núv. hæstv. ríkisstj. bannaði með lögum vísitöluuppbætur á laun í efnahagslöggjöf sinni, sem samþykkt var á Alþ. í febr. 1960. Og þá hélt ríkisstj. því fram, að þetta væri nauðsynlegt, vegna þess að reglurnar um vísitöluuppbætur á laun verkuðu sjálfkrafa til verðbólgumyndunar í landinu. Hins vegar var sú löggjöf þannig, að samkv. henni gátu launþegasamtökin eða verkalýðsfélögin í landinu breytt grunnkaupi með samningagerð við vinnuveitendur, og á þann hátt var auðvitað opið að breyta kaupgjaldinu frá því, sem það var, þegar þessi löggjöf ríkisstj. var sett.

Auðvitað fór það ekki á milli mála, að það, sem vakti fyrir ríkisstj. á sínum tíma eða í febrúarmánuði 1960, þegar löggjöfin var sett um efnahagsráðstafanirnar, var það, að ríkisstj. taldi, að launþegar í landinu ættu ekki að fá bætur í launum fyrir þá verðhækkun, sem fyrirsjáanlegt var, að mundi sigla í kjölfar þeirrar gengisbreytingar, sem þá var verið að samþykkja. Það var sem sagt fyrirætlun ríkisstj. á þessum tíma að lækka launakjörin, skerða kjörin frá því, sem þau höfðu verið. Það er býsna fróðlegt, þegar ríkisstj. kemur nú á nýjan leik með löggjöf, sem fer í sömu átt og þessi fyrri, að rifja upp nokkur helztu atriðin, sem gerzt hafa í þessum málum á undanförnum árum.

Hver varð afleiðing þess, að slitið var sambandið á milli launa og verðlags með efnahagsmálalöggjöfinni 1960? Afleiðingin varð sú, að allmiklar verðhækkanir gengu yfir, og svo var komið á miðju ári 1961 eða eftir rétt u.þ.b. 1½ ár, að verðlag á vörum og þjónustu hafði hækkað skv. útreikningum Hagstofunnar um 17%. Vitanlega hafði kaupgjald verkafólks í landinu rýrnað að kaupmætti til sem þessu nam á þessu tímabili. Ríkisstj. hafði því náð þeim tilgangi sínum í þetta skipti að koma fram allverulegri kjaraskerðingu á þessum árum. En á miðju ári 1961 neitaði verkalýðshreyfingin að una þessari þróun, og þá var kjarasamningum sagt upp og verkföll skullu á um allt land svo að segja. Þá voru gerðir nýir samningar og kaup var hækkað talsvert, en ríkisstj. vildi ekki una við hina nýju samninga, sem þá voru gerðir, og þótt atvinnurekendur í landinu hefðu gert skuldbindandi samninga við verkalýðssamtökin, svaraði ríkisstj. með því að skella á nýrri gengislækkun í ágústbyrjun 1961. Og enn hélt ríkisstj. sér við sína fyrri stefnu að banna vísitöluuppbætur á kaup. Og hvernig varð svo þróunin áfram? Hún varð þannig, að hvert verkfallið rak annað, bæði á árinu 1961, einkum þó á árinu 1962 og árinu 1963. Slíkur verkfallafjöldi eins og dundi yfir á þessu tímabili hefur ekki dunið yfir nokkurn tíma fyrr eða síðar á jafnlöngum tíma.

Og hver varð svo þróunin í verðlagsmálum í landinu, á meðan þetta gekk allt yfir? Þannig var komið á miðju ári 1964, að vísitala Hagstofunnar, sem sýndi breytingar á vörum og þjónustu, hafði hækkað upp í 187 stig eða um hvorki meira né minna en 87% á þessu tímabili. Og síðasta árið, sem þetta stóð, eða frá því í júní 1963 þar til í júní 1964, hækkaði þessi vísitala á vörum og þjónustu úr 149 stigum í 187 eða um 38 stig, en það samsvarar 25.5%. Þegar þetta hafði allt gengið yfir, sá núv. hæstv. ríkisstj. það, að með öllu var óhugsandi að halda svona áfram. Stefna hennar um það að banna vísitöluuppbætur á laun og að ætla að koma fram kjaraskerðingu á þann hátt, sem hún hafði reynt, gat ekki gengið og þá breytti hæstv. ríkisstj. um stefnu, og enginn undirstrikaði það betur en hæstv. forsrh. sjálfur í þeim yfirlýsingum, sem hann gaf. Hann viðurkenndi það fullkomlega, að fyrri aðferðin hefði ekki heppnazt, það hefði ekki fengizt vinnufriður og það hefði ekki fengizt sú þróun í kaupgjalds- og verðlagsmálum, sem ríkisstj. hefði ætlazt til. Og þá voru gerðir nýir samningar í júní 1964 og það viðurkennt, að kaupgjald verkamanna og launagreiðslur yfirleitt í landinu skyldu tengdar við kaupgjaldsvísitölu og hreyfast skv. verðlagi í landinu á hverjum tíma. Og hver var svo reynslan af því, að þessi nýja stefna var tekin upp? Jú, reynslan varð sú, að eftir að þetta skipulag var tekið upp, hreyfðist kaupgjald og verðlag í landinu minna en það hafði gert áður. Þetta hefur hæstv. forsrh. margsinnis undirstrikað í skrifum sínum um þessi mál, að júnísamkomulagið hafi einmitt breytt þeirri óhagstæðu þróun í þessum efnum, sem áður var. Og hann hefur einnig bent á það, og það hafa margir fleiri gert, að um leið og þessi stefnubreyting varð, sýndi það sig einnig, að kaupmáttur launa hjá verkalýðsfélögunum í landinu jókst líka meira á seinna tímabilinu en á hinu fyrra, þrátt fyrir öll stóru stökkin. Og sem sagt, verðhækkanirnar urðu miklu minni. En þrátt fyrir þessa reynslu, sem fyrir liggur í þessum efnum, kemur hæstv. ríkisstj. nú enn einu sinni með till. um það að taka upp gamla lagið, sem hafði reynzt svona ömurlega, byrja aftur á sama leiknum og hér var tekinn upp í febr. 1960.

Hér fyrr á þessu þingi lagði ríkisstj. fram frv. um það, að hætt skyldi að miða kaupgjald í landinu við verðlag, og hún vildi, vegna sérstakra efnahagsráðstafana, sem hún var þá með á prjónunum, gera kröfu um það, að launþegar í landinu féllu frá kaupuppbót á laun sín, sem næmi 4½% miðað við hina nýju vísitölu, en hefði numið í kringum 7½% miðað við eldri vísitöluna, sem mælt hefur verið eftir. En nú er ríkisstj. aftur búin að breyta till. sínum nokkuð, nú þykist hún sjá fram á það, að hún þurfi að fara

fram á enn þá meiri kjaraskerðingu en hún fór fram á fyrir nokkrum vikum síðan. Nú vill hún greinilega, að launþegar í landinu taki á sig bótalaust allar verðhækkanirnar, sem hljótast af framkvæmd hinnar nýju gengislækkunar. En það er augljóst, að þær verðhækkanir muni verða a. m. k. 7—8%, eftir því sem sérfræðingar ríkisstj. telja, en ég fyrir mitt leyti tel miklu líklegra, að þær nemi einum 10%, en hvað sem því líður er sem sagt enginn vafi á því, að hér er um verðhækkanir að ræða, sem munu nema a. m. k. 7—8%. Það er því augljóst, að ríkisstj. stefnir að því, að launþegar í landinu taki á sig þessar verðhækkanir án bóta í kaupi. En auk þess ætlar hún svo launþegum að taka á sig einnig nokkra kjaraskerðingu vegna fyrri efnahagstill., sem ríkisstj. hefur lagt fram, eins og hér hefur verið bent á fyrr í þessum umr. Og til þess að koma þessu fram hugsar ríkisstj. sér þá leið að nema úr lögum þau ákvæði, sem tryggja launþegum í landinu uppbætur á laun sín í fullu samræmi við verðlagið í landinu á hverjum tíma. Í þessu sambandi vil ég minna á það, að í umr. um þessi mál áður, á meðan ríkisstj. sérstaklega var að streitast við sína fyrri leið í málinu, þá leið, sem hún barðist við að halda hér uppi frá febr. 1960 og þar til í júní 1964, þá hafði ég margsinnis bent á það, að það skipti ekki höfuðmáli í þessum efnum, þótt ríkisstj. sliti á pappírnum í sundur ákvæðin um fast hlutfall milli launa og verðlags. Ef það yrði gert, mundi hitt ráða úrslitum, að ef verðlagið í landinu hækkaði, mundi kaupið koma á eftir, og það gæti aðeins verið um stuttan tíma að ræða. Kauphækkanirnar mundu segja til sín, ef verðhækkanirnar gengju yfir og það væri alveg vafasamt, að það yrði heppilegra fyrir þróun kaupgjalds- og verðlagsmála að halda uppi þessu fyrirkomulagi, sem ríkisstj. streittist við að halda hér uppi á árunum 1960—1964, þótt ekki væri í gildi nein formleg kaupgjaldsvísitala.

Þessar aðvaranir mínar á þessu tímabili gilda alveg eins nú. Ríkisstj. mun sanna það, að þó að ekki sé í gildi skráð kaupgjaldsvísitala, sem breytir kaupinu sjálfkrafa til samræmis við verðlag, mun hitt koma í staðinn, að verkalýðshreyfingin mun með vissu millibili knýja fram sínar kauphækkanir til samræmis við hækkað verðlag á hverjum tíma, og ég dreg það í efa enn, eins og ég gerði áður, að þróunin í kaupgjalds- og verðlagsmálum verði hagstæðari fyrir efnahagslíf þjóðarinnar með þessu lagi en hinu. Það er blekking, sem ríkisstj. telur sér trú um, að hún geti komið fram slíkri kjaraskerðingu hjá launþegum, sem hún nú stefnir að. Hún hefur ekki getu til þess, það getur ekki staðið nema stuttan tíma, að slík kjaraskerðing verði í gildi.

Ég veit, að hæstv. ríkisstj. telur, að vegna þess að nú hefur verið gripið til gengislækkunar og fyrirsjáanlegt er, að verðlag hér innanlands muni hækka allverulega í kjölfar hennar, sé ekki hægt að hafa vísitölu í gangi, þannig að kaupgjald fái að hreyfast skv. henni til samræmis við það hækkandi verðlag, sem menn vita, að er í vændum. Hér er að mínum dómi um alranga skoðun hjá ríkisstj. að ræða. Það er fyllilega hægt að hafa kaupgjaldsvísitölu í gangi, þó að um gengislækkunaráhrif sé að ræða. En það er einmitt eitt höfuðatriðið í sambandi við framkvæmd á gengislækkuninni að hafa náið auga á því, hvernig tekst til með þróun verðlagsmálanna í landinu. Það á ekki að loka augunum fyrir því, sem er að gerast í þessum efnum, heldur á ríkisstj. þvert á móti að leggja sig alla fram um það að koma í veg fyrir of mikla hækkun á verðlagi í landinu, þegar slíkar ráðstafanir eru gerðar eins og lækkun á verðgildi krónunnar. Þar koma auðvitað mörg ráð til. Og ég efast ekkert um, að hefðu ákvæðin um kaupgjaldsvísitölu verið í l., hefði ríkisstj. séð sig knúna til að fylgjast náið með þessum verðlagsbreytingum og þá hefði hún talið sér hagstæðast að reyna að koma í veg fyrir það, að verðlag hækkaði í nokkurri grein umfram það, sem allra nauðsynlegast var. En þegar ríkisstj. hefur einmitt slitið í sundur sambandið á milli kaupgjalds og verðlags, kemur strax upp hirðuleysi. Þá fást menn ekki um það, þó að látið sé undan þessum eða hinum með hans kröfur, sem leiða síðan til verðhækkana í landinu. En einmitt það undanlát mun síðan leiða af sér kauphækkun innan skamms og þá auðvitað nýjan vanda fyrir okkar útflutningsatvinnuvegi, sem verða að keppa á erlendum vettvangi.

Mig langar í þessum efnum að koma hér að nokkrum atriðum, sem ég tel mjög mikilvæg í sambandi við framkvæmd á gengislækkun miðað við þá aðstöðu, sem við búum við nú í dag, og sem einmitt snerta þetta atriði, sem ég er að tala um. En því miður hefur ríkisstj. ekki lagt sín spil enn þá á borðið, ekki gefið hér eðlilegar upplýsingar um það, hvernig á að standa að framkvæmd gengislækkunarinnar varðandi þessi mikilvægu mál, og maður verður því í ýmsum efnum að fara að geta sér til eða ráða í líkurnar af því, sem fram hefur komið. Ég kem þá að því fyrsta atriði, sem nokkurn veginn er kunnugt um, en þar var um það að ræða, hvort heimila ætti verzluninni í landinu að hækka í verði í skjóli gengisbreytingarinnar þær vörubirgðir, sem verzlunin hefur í sínum höndum, þegar gengislækkunin fer fram. Hér var auðvitað um mjög mikilvægt atriði að ræða. En mér sýnist, að ríkisstj. byrji á framkvæmd þessa atriðis þannig, að sú framkvæmd muni leiða til þess, að svo að segja allar vörubirgðir í landinu verði strax hækkaðar til samræmis við hið nýja verðlag, sem er að koma. Það atriði að heimila þeim innflytjendum, sem skulda erlendis, en eiga hér enn þá vörubirgðir, að hækka þær vörubirgðir, vegna þess að þeir skulda erlendis, það gefur vitanlega öðrum aðilum kost á því að hækka sínar vörur í skjóli þessara verðhækkana. Það getur ekki öðruvísi farið. Lítum svo á þá ákvörðun að heimila skipafélögum að hækka fragtir sínar á vörum, sem fluttar hafa verið til landsins, jafnvel fyrir mörgum mánuðum síðan, í samræmi við hið nýja gengi, ef þær liggja aðeins í geymslum skipafélaganna og skipafélögin geta sýnt, að þau skulda erlendis vegna þeirrar þjónustu sinnar að flytja vörur til landsins. Þetta þýðir það í framkvæmd, að ég hygg, að svo að segja öll skipafélögin, sem hafa auðvitað meira og minna af vörum liggjandi í sínum vöruskemmum, sem þau hafa ekki afhent enn þá, og skulda ábyggilega öll eitthvað talsvert mikið erlendis vegna

skiparekstrar síns, þau fá öll aðstöðu til þess að hækka flutningsgjaldið á öllum þeim kössum og öllum þeim pokum, sem enn þá liggja í vörugeymslum þeirra, þó að þetta hafi verið flutt til landsins fyrir löngu síðan.

Framkvæmd eins og þessi er vitanlega ekki í þá átt að reyna að standa gegn hækkandi verðlagi, heldur þvert á móti. Hér er um meiri eftirgjöf að ræða varðandi þessi verðlagsákvæði en hefur verið áður í sambandi við framkvæmd á gengislækkuninni.

Hvað er svo að segja um þann mikilvæga þátt, sem snertir einnig þróun verðlagsins í landinu, tolltekjur ríkisins? Ja, eins og þau frv. liggja fyrir, *sem hér hafa komið fyrir Alþ., er gert ráð* fyrir því, að allir tollstigar ríkisins verði óbreyttir, a. m. k. fyrst um sinn. Það er að vísu talað um, að við gengisbreytinguna megi nú lækka eitthvað hæstu tolla á einstaka vörutegundum. Ekkert liggur fyrir um það, að hve miklu leyti þetta yrði gert, en það er alveg augljóst mál, að ef tollstigar ríkisins eiga að vera óbreyttir, hækkar ríkisstj. sínar tekjur í sambandi við gengisbreytinguna um gífurlega háa fjárhæð. Heildarinnflutningurinn á vörum til landsins árið 1966 var í kringum 6800 millj. kr. Ef maður gerir ráð fyrir því, að innflutningur á vörum til landsins á næsta ári yrði í kringum 6000 millj. kr., sem sagt allmiklu minni en hann var orðinn árið 1966, þá hygg ég, að það sé mjög nærri lagi að reikna með því, að innflutningsverð á þessum vörum, sem áður var talið um 6000 millj. kr. á fyrra gengi, mundi hækka að meðaltali um ca. 25%. Það hækkaði um 32.6% frá öllum þeim löndum, sem miða gengi sitt við dollar, en minna nokkuð frá hinu svæðinu. Mér þykir því mjög sennilegt, að hér gæti verið um meðaltalshækkun að ræða, sem næmi yfir 25%. Hvað þýðir það? Það þýðir þá, að innflutningsverðmæti á vörum, sem tollar eru greiddir af, mundu hækka um 1500 millj. kr., og ef tollstigar ríkisins yrðu óbreyttir, mundi ríkið taka inn í auknum tolltekjum eftir þessari leið í kringum 500 millj. kr., sama hlutfall og reiknað hefur verið á þessu ári. Og þegar svo einnig kemur til, að söluskattur hækkar eðlilega líka, þá yrði þar miðað við svipað hlutfall og verið hefur, varla um minni upphæð en 250 millj. kr. Ég hygg því, að tekjur ríkissjóðs að öllu óbreyttu mundu vaxa um ekki minna en 750 millj. kr. vegna gengisbreytingarinnar, ef tollstigarnir og söluskattsstiginn verða óbreyttir. Nú þýðir auðvitað þessi innheimta ríkissjóðs það, að verðlagið í landinu hækkar, ef þessir tollstigar og söluskattsstiginn eru ekki lækkaðir. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði hér fyrr í ræðu minni nokkuð vikið að því, hvað það skipti miklu máli í sambandi við framkvæmd á gengisbreytingu, að reynt yrði af hálfu ríkisvaldsins að hafa hemil á þróun verðlagsins í landinu. Og ég hafði bent á, að mér sýndist, að allmikilvægar ráðstafanir, sem ríkisstj. þegar hefði gert, færu ekki í þá átt, að þær miðuðu að því að koma í veg fyrir óþarfar verðhækkanir. Og þá hafði ég nokkuð minnzt á það, að mjög miklu máli skipti í þessu efni, hvernig farið yrði með tekjur ríkissjóðs af tollum og söluskatti, en auðvitað skapast möguleikar til þess við gengisfellingu að lækka til muna tollstiga, og einnig mundi skapast möguleiki til þess að lækka verulega söluskattinn. En eins og málin horfa nú við, er ekki annað að sjá en ætlunin sé sú, að ríkissjóður taki til sín mjög auknar tekjur sem tolltekjur og einnig sem auknar söluskattstekjur, og afleiðingin yrði að sjálfsögðu, eins og ég hafði bent á, hækkað verðlag í landinu.

Nú er einnig þess að gæta, að í þessu tilfelli væri einnig mögulegt fyrir ríkið að lækka ýmsar sínar álögur, sem hafa áhrif á verðlag í landinu, ýmsar álögur, sem ákveðnar hafa verið á undanförnum árum í því skyni að styðja útflutningsatvinnuvegina. Þannig hafði ríkissjóður t. d. *fengið tekjustofna, sem námu um 300 millj. kr.* og varið var síðan gagngert til stuðnings útflutningsatvinnuvegum. Nú eiga útflutningsatvinnuvegirnir ekki lengur að fá þennan fjárhagslega stuðning, sem byggðist á þessum sérstöku tekjustofnum, heldur er ætlað, að útflutningsatvinnuvegirnir fái bætta rekstrarstöðu í gegnum gengisfellingu. En þá væri líka möguleiki til þess, að ríkissjóður lækkaði eitthvað af sínum tekjukröfum á öðrum sviðum, og það væri hægt að nota þessa hreyfingu til þess að hafa áhrif á verðlagsþróunina. Verði þetta ekki gert, eins og helzt er að sjá á öllu, fær auðvitað ríkissjóður eftir þessari leið stórauknar tekjur eða sem nemur 300 millj. kr. í þessu tilfelli.

Þá er einnig þess að gæta, að ríkisstj. hafði gert sérstakar ráðstafanir, áður en til gengislækkunarinnar kom, til þess að auka við tekjustofna ríkisins. Hún hafði ákveðið vissar hækkanir á vöruverði í landinu, minnkað niðurgreiðslur, sem talið var að mundi nema á einu ári kringum 410 millj. kr., og þetta þýddi að þessu leyti til auknar tekjur fyrir ríkissjóð, og ríkisstj. hafði einnig gert ráðstafanir til þess að hækka ýmsar aðrar álögur, svo sem verð á tóbaki og áfengi o. fl., en allt miðaði þetta vitanlega að auknum tekjum ríkissjóðs. Mér sýnist, að ef ríkisstj. heldur fast við allar þessar till., en hún hefur ekki gefið upplýsingar um neitt annað, verði afleiðingarnar þær, að tekjur ríkissjóðs muni hækka stórkostlega, talsvert mikið á 2. milljarð. Það getur ekki farið öðruvísi. Ef hins vegar ríkisstj. liti þannig á, að það skipti verulega miklu máli að hamla gegn verðhækkunum, væri hægt að haga þessari tekjuöflun þannig, að hún drægi úr verðhækkunum frá því, sem annars yrði. Þetta skiptir auðvitað alveg höfuðmáli í sambandi við framkvæmd á gengislækkuninni. Og ég er anzi hræddur um, að ef svona verður staðið að framkvæmd gengislækkunarinnar, fari það svo, að útflutningsatvinnuvegirnir fái tiltölulega lítið út úr krafsinu og gengislækkunin verði þá meira gerð til þess að auka við tekjur ríkissjóðs með þeim afleiðingum að sjálfsögðu, að verðlag í landinu hækkar meira en það hefði þurft að hækka, en afleiðingar af því verða svo aftur innan skamms, að kaupgjald í landinu hækkar til samræmis við hækkandi verðlag, hvort sem vísitöluákvæðin verða bundin í l. eða ekki.

Þá er auðvitað gefið mál einnig, að það mun hafa mjög mikil áhrif varðandi framkvæmd gengislækkunarinnar, hvernig staðið verður að verðlagseftirliti í landinu. Ef ríkisstj. ætlar að halda sér við óbreytta stefnu í verðlagsmálum

frá því, sem verið hefur, þ. e. a. s. hún ætlast til þess, að verðlagið í landinu eigi að miðast við það, hvað framboð og eftirspurn ákveður á hverjum tíma, ef álagning á að vera frjáls á mjög mörgum vörutegundum og miklu af þjónustu, eins og ríkisstj. hafði beitt sér fyrir áður, og eins ef álagningarprósenta á að vera sú sama eftir gengisbreytinguna eins og hún var fyrir, er auðvitað gefið mál, að þá gengur verðhækkunin miklu hraðar yfir og hefur þá auðvitað hinar sömu afleiðingar, að kaupgjaldið mun leita þar samræmis fljótlega á eftir. Um þessi atriði hefur hæstv. ríkisstj. ekki viljað upplýsa neitt, og það er í rauninni ekki hægt að ganga þar út frá öðru en því, sem fyrir liggur um hennar fyrri yfirlýsingar og stefnu í þessum málum. Ég hafði vikið að því hér, þegar fylgifrv. ríkisstj. með gengislækkuninni varðandi tollaafgreiðslu o. fl. var hér til umr. nú fyrir helgina, að veruleg hætta væri á því, ef þannig yrði staðið að framkvæmd gengislækkunarinnar, eins og mér sýndist, að ýmsar greinar útflutningsframleiðslunnar fengju heldur litlar bætur út úr gengislækkuninni. Og ég nefndi þá hér nokkrar lauslegar tölur, t. d. viðvíkjandi fiskiðnaði landsmanna. Ég hef haft tækifæri til þess að athuga það nokkru nánar síðar og sé, að allar líkur eru til þess, að útkoman verði mun verri en ég hafði gert hér ráð fyrir í ræðu minni fyrir helgina. En ég vil nú ræða þetta nokkru nánar aðeins til þess að benda hv. þm. á það, hvaða hættur hér eru á ferðinni í sambandi við framkvæmd gengislækkunarinnar, af því að því er mjög haldið að mönnum, að það sé verið að gera þessa miklu gengislækkun einvörðungu fyrir útflutningsatvinnuvegina. Og segja má, að ef allt væri alveg með felldu, hefði slíkt átt að geta komið út úr gengislækkun.

Ég hygg, að það sé heldur ríflegt að áætla, að heildarverðmæti útfluttra frystra fiskafurða á yfirstandandi ári verði kringum 1200 millj. kr. Mér er sagt af mjög kunnugum mönnum í þessum málum, að það muni frekar vera of í lagt en á hinn veginn. En við skulum hugsa okkur það, að verðmæti útfluttra frystra fiskafurða sé í kringum 1200 millj. kr. Við vitum, að sá hluti af þessum afurðum, sem fer inn á dollarasvæðið, mundi hækka í verði um 32.6%, ef verðlagsbreyting verður engin sérstök. En sá hlutinn, sem færi inn á pundssvæðið, mundi aftur hækka í verði um 14%, einnig gengið út frá því, að þar yrði ekki um neinar verðbreytingar að öðru leyti að ræða. Ég hygg því, að það muni láta mjög nærri og þó vera fremur ofreiknað en vanreiknað, að meðaltalshækkunin á útfluttum frystum fiskafurðum gæti verið í kringum 25%, sem fengist brúttó inn fyrir þennan útflutning. En það mundi þá nema í kringum 300 millj. kr. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því, að þær sérstöku bætur, sem greiddar hafa verið þessum iðnaði með millifærslu, falli niður. Og hverjar hafa þessar bætur verið? Þær hafa verið sérstakar greiðslur í gegnum verðjöfnunarsjóð eða verðtryggingasjóð frystra fiskafurða, og það er gert ráð fyrir því, að þær verði miðað við þetta ár í kringum 110 millj. Þessi fjárhæð á að falla niður. Þá hefur verið um aðra fjárhæð að ræða til stuðnings frystiiðnaðinum, en það eru 50 millj. kr., svonefnt hagræðingarfé, sem greitt hefur verið til frystihúsanna. Þetta á líka að falla niður. Þarna eru komnar 160 millj. kr. Þá hefur nú um tíma verið í gildi sérstök uppbót á fiskverð, sem talið var, að næmi í kringum 8% verðhækkun á fiskafla. Og þessi upphæð hefur numið í kringum 100 millj. kr. á ári. Og það mun ekki vera fráleitt að reikna með því, að þessi fiskverðshækkun, sem nú á að falla niður, hvíli á frystiiðnaðinum að svona hálfu leyti til eða kannske aðeins innan við 50%. Þarna er því um að ræða fjárhæð, sem verður tekin af frystiiðnaðinum og nemur 50 millj. kr., og væru þá þarna komnar 210 millj. kr. Nokkrar fleiri upphæðir koma hér til, en þær skipta ekki neinu höfuðmáli og ég sleppi þeim því. Miðað við þennan útreikning gæti því hér verið um það að ræða, að frystiiðnaður landsmanna fengi út úr þessari gengisbreytingu í kringum 90 millj. kr. brúttó, 90 millj. kr. meira en hann hefur fengið. En þessi iðnaður verður svo aftur að taka á sig allar afleiðingar gengisbreytingarinnar í hækkuðu verðlagi.

Í fyrsta lagi munu auðvitað umbúðir og annað þess háttar utan um útflutningsvöruna hækka í verði. Fragtir á erlenda markaði stórhækka auðvitað í verði, og olían mun hækka mikið í verði og þar af leiðandi rafmagn líka og fjöldamargar aðrar kostnaðarvörur, sem tilheyra þessum rekstri. Maður verður auðvitað líka að áætla það, að fiskverð hljóti að hækka eitthvað almennt séð frá því, sem verið hefur. Ég hygg, að það þurfi ekki að fara öllu lengra í þessum samanburði til þess að sýna hv. þm. það, að vel getur svo farið, að þessi þýðingarmikla grein útflutningsframleiðslunnar búi hreint ekki við betri kjör eftir gengisfellinguna en hún bjó við áður. Og ástæðan liggur einfaldlega í því, að ýmsir aðrir aðilar og þá í þessu tilfelli fyrst og fremst ríkissjóður tók til sín hagnaðinn af gengisbreytingunni. Eða þá einnig það, að ýmsir aðrir milliliðir, sem verzla hér með vörur og þjónustu, taka til sín hinn stóra hluta í þessum efnum. Og það er að þessu, sem ég hef viljað beina athygli manna, vegna þess að það er ekki aðeins í þetta skipti, sem þetta er að gerast. Þetta hefur gerzt æ ofan í æ að undanförnu, þegar framkvæmd hefur verið gengislækkun undir því fororði, að hér væri um sérstaka fjármálalega ráðstöfun að ræða til stuðnings útflutningsatvinnuvegunum. En af því að áður en kom til gengislækkunarinnar var búið að leggja út í allmikla tilfærslu í gegnum ríkissjóð, leggja á nýjar álögur, afla nýrra tekna, en ríkissjóður hirðir svo þessa tekjustofna við gengisbreytinguna, þá verður útkoman sú, að hagnaðurinn af gengisbreytingunni verður fyrst og fremst fyrir ríkissjóð. Auðvitað hefði hæstv. ríkisstj. átt að gefa hér upplýsingar um það, hvernig á að standa að gengisbreytingunni í framkvæmd núna að þessu sinni varðandi þessi atriði, því að hér er vitanlega alveg um grundvallaratriði að ræða. Ég óttast það, að afleiðingarnar í þessum efnum verði þær, eins og stundum áður, að útflutningsatvinnuvegirnir standi ekki mikið betur að vígi eftir breytinguna, og sá mikli vinningur, sem ríkisstj. hafði hugsað sér að fá út úr breytingunni, þ. e. að koma fram raunverulegri kauplækkun í landinu

m. a. með því að slíta vísitöluna úr sambandi, verði léttvægur, hún tapi þeim leik eins og hún hefur tapað áður og kaupið komi til með að hækka bara eftir öðrum leiðum. Það gerist ekki jafnfriðsamlega eins og það gerðist með vísitölu í sambandi. Verkalýðsfélögin nota sér sinn rétt, og þau heimta nýja kjarasamninga, hækka sitt kaup í fullu hlutfalli við hækkandi verðlag í landinu. Ég held, að verkalýðssamtökin á Íslandi *hafi alveg afl og getu til þess og þau muni gera* það. Ég held, að ríkisstj. komist ekki upp með það, eins og háttað er hér hjá okkur, að koma fram þessari kjaraskerðingu. Og hverjir eru það svo, sem eiga að borga hið hækkaða kaup, þegar um það verður samið, vegna þess að verðlagið hefur hækkað? Útflutningsatvinnuvegirnir, atvinnuvegir landsmanna verða að borga það.

Hér er auðvitað um miklu fleiri, mjög mikilvæg atriði að ræða varðandi framkvæmdina á þessari fyrirhuguðu gengislækkun eða þessari nú ákveðnu gengislækkun. Ég vil t. d. benda á, að það liggur fyrir, að útvegsmenn, sem hafa verið að kaupa sér nýja báta til landsins að undanförnu, hafa blátt áfram orðið að sæta þeim kjörum samkv. fyrirskipun íslenzkra stjórnarvalda að taka að láni u. þ. b. 70% af andvirði hinna nýju báta til sjö ára í byggingarlandi bátanna, aðallega í Noregi, nokkuð í öðrum löndum. En nú hafa margir bátar verið keyptir til landsins með þessum kjörum, og skuldirnar eru gífurlega miklar. Skuldirnar út á nýju bátana aðeins í Noregi eru yfir 500 millj. kr. og þær eru allar í norskum kr. Það þýðir, að þessi skuldaupphæð hækkar í íslenzkum kr. um a. m. k. 170 millj. kr. Hér verður um gífurlega hækkun að ræða á þessum bátum, og þeir þurfa því eðlilega að fá meira fyrir þann afla, sem þeir skila á land. Það verður ekki hægt að komast hjá því, að síldaraflinn eða fiskaflinn yfirleitt verður að hækka í verði, annars geta þessir aðilar ekki staðið undir stóraukn um rekstrarkostnaði. Veiðarfærin, sem keypt eru t. d. til síldveiðiflotans, eru mestmegnis nú orðið keypt frá Japan. Þau koma til með að hækka um 32.6% í verði. Við sjáum, að olían, sem fiskiflotinn notar, hækkar alveg fullkomlega til samræmis við hækkun erlendrar myntar eða um 32.6%. Ekkert liggur fyrir um það í sambandi við framkvæmdina á þessari gengislækkun, hvernig fer um fiskverðið, hvernig á að sjá þessum aðilum útflutningsins fyrir auknum tekjum. Það eina, sem hefur frétzt, er það, að sérfræðingar ríkisstj., sem reiknað hafa út gengisbreytinguna, hafa reiknað hana út á þeim grundvelli, að aflahlutur sjómanna megi ekki hækka í krónum, að kaup þeirra skuli standa óbreytt, og formaður Sjómannasambandsins, Jón Sigurðsson, hefur fundið sig knúinn til þess að gefa opinberlega yfirlýsingu um, að þessu mótmæli hann, og þetta skuli aldrei ná fram að ganga. En ætlunin hefur sem sagt verið sú, að reyna að halda kaupi sjómanna óbreyttu, þrátt fyrir þessa miklu verðsveiflu. En lítur ríkisstj. virkilega þannig á, að hún komist upp með slíkt, að fiskverð verði ekki að hækka allmikið við þessa miklu gjaldeyrisbreytingu? Og hvernig er þá ætlað að standa að framkvæmd þessara mála?

Ég held fyrir mitt leyti, að það sé enginn vafi á því, að ef ríkissjóður ætlar að taka til sín slíkan gróða, sem mér sýnist, að stefnt sé að með framkvæmd þessara mála, með því að halda í öllum aðalatriðum óbreyttum tollstigum og óbreyttri söluskattsprósentu og stinga í sinn vasa þeim 300 millj. kr., sem áður var ráðgert að rynni til útflutningsatvinnuveganna, og halda öllum þeim nýju tekjustofnum, sem ríkisstj. var með fyrri efnahagstill. sínum búin að gera ráð *fyrir, ef á að framkvæma gengislækkun á* þessum grundvelli, þá fer hún til fjandans á örstuttum tíma, og þá fær ríkisstj. uppreisn, einnig hjá útflytjendum í landinu, því að þeir þola þetta ekki, þegar þeir eru búnir að átta sig á því, að reiknimeistarar ríkisstj. hafi lagt grundvöllinn að framkvæmdinni á þennan hátt. Þetta mun ekki standast. Og þá er ég hræddur um, að þetta fari hvort tveggja um koll. Það verði ekki aðeins, að samtök launamanna komi til með að halda uppi sínum rétti og tryggja sig í framkvæmdinni, því að það efast ég ekkert um, að þau samtök muni gera, heldur fari það einnig svo, að hinn þátturinn, sem í þessu tilfelli snýr einkum að framkvæmdinni gagnvart ríkissjóði og svo atvinnuvegunum sjálfum, fái heldur ekki staðizt.

Ég veit, að það er þessi sterka tilhneiging, sem alltaf gerir vart við sig hjá öllum ríkisstjórnum, ég tala nú ekki um hjá öllum fjármálaráðherrum, og nú í seinni tíð einnig hjá seðlabankastjórum, að þessir aðilar vilja alltaf í sambandi við gengisbreytingu drýgja dálítið tekjur ríkissjóðs. Þeir segja: Nú er tækifærið að ná í dálítið auknar tekjur. Og þeir vilja því stinga á sig í leiðinni allmyndarlegum upphæðum og segja: Við skulum nú ekki lækka tollana nema lítils háttar og græða heldur á breytingunni, og við skulum heldur ekki lækka söluskattsprósentuna og græða heldur á breytingunni, og taka gömlu tekjustofnana, sem höfðu verið myndaðir til stuðnings útveginum, og renna þeim í ríkiskassann. Það er kannske mannlegt, að fjmrh. vilji þetta og ekki með öllu ómannlegt, þótt ríkisstj. fallist á þetta líka, því að henni þykir vænt um það að hafa svolitið rúmt um sig með fjárhag hjá ríkissjóði, og seðlabankastjórinn hugsar sér gott til glóðarinnar, eins og maður hefur svo sem oft orðið var við í málflutningi þeim megin frá. Hann segir: Það er gott að fá afgang hjá ríkinu, þá leggur ríkissjóður peninga inn í Seðlabankann, og Seðlabankinn fær allt önnur tök á fjármálalífinu á eftir. En ég segi það, að reynslan hefur alltaf orðið sú, að jafnvel þótt menn komist upp með þetta í fyrsta umgangi örstuttan tíma, fer það þannig, að ríkisstjórnirnar og Alþingi ráðstafa þeim fjármunum, sem koma inn í ríkissjóð, fljótlega, og það fer svo meira að segja, að seðlabankastjórinn heldur ekki þessum summum lengi, það verður stuttur tími. En hins vegar hefur þessi ranga pólitík í sambandi við framkvæmd á gengislækkun það í för með sér, að sú fjármálalega ráðstöfun, sem þar hafði verið fyrirhuguð, fer öll út í sandinn. Hún verður stuttur gálgafrestur, en hún leysir engan vanda. Það, sem vitanlega þurfti að gera, eins og ég hef bent hér á áður í umr. um þetta mál, eru þrjú atriði alveg fyrst og fremst, sem þarf að huga

að í sambandi við framkvæmd á gengislækkun og sem skipta öllu máli um það, hvernig til tekst. Það er í fyrsta lagi, að það verður að framkvæma gengislækkun í fullu samráði og samstarfi við launþegasamtökin í landinu. Sé þar ekki um neitt samkomulag að ræða og menn fari þá leið, eins og nú er ætlazt til, að segja: Þið þarna á vinnumarkaðinum, þeir, sem stjórna verkalýðsfélögum og hinir, sem ráða fyrir atvinnufyrirtækjum í landinu, þið getið bara farið í deilu út af öllu saman og flogizt á um þetta, þá er það ófær leið, það er engin lausn. Fyrsta grundvallaratriðið er vitanlega það, að það takist fullt samráð og fullt samstarf um framkvæmdina við launþegasamtökin í landinu. En þetta hefur ekki verið uppfyllt í þessu tilfelli.

Annað meginatriðið er það, að stjórnarvöldin séu ákveðin í því að reyna að hamla gegn öllum verðhækkunum í landinu, sem hægt er að hamla gegn. Og þetta kallar auðvitað á það, að á ákveðnu tímabili eftir gengislækkun sé haldið uppi mjög öflugu verðlagseftirliti og þess sé vandlega gætt, að milliliðirnir taki ekki meira til sín en nauðsynlegt er.

Og í þriðja lagi þarf svo að sjá um það, einmitt vegna þess hvernig aðstæður eru hérna hjá okkur á Íslandi með tekjustofna ríkisins, að framkvæmdin verði sú, að ríkissjóður notfæri sér ekki ástandið rétt eins og venjulegur milliliður og hrifsi til sín þann hagnað, sem út af fyrir sig gat komið út úr gengisbreytingunni. Það verður að sjá um það, að ríkið sætti sig við svipaðar tekjur eins og áður, nema þá rétt að því leyti til sem útgjöld ríkisins vaxa við gengisbreytinguna. En mér sýnist fyrir mitt leyti, eins og ég hef rakið hér, að öll þessi þrjú meginatriði séu þverbrotin hér, þverbrotin. Og svo langt er gengið í þessum efnum, að það er jafnvel farið inn á alveg óvenjulegar brautir gagnvart útflutningnum, alveg nýjar og óvenjulegar brautir á neikvæðan hátt, því að nú er það ákveðið í fyrsta skipti í sambandi við gengisbreytingu, að útflutninginn, sem sagt var að þyrfti á gengislækkuninni að halda sér til stuðnings, því að hann væri svo illa kominn, á nú að beita þeim órétti, að það á að gera upptækan allan þann hagnað, sem kemur út úr þeim útflutningsbirgðum í landinu, sem fyrir liggja. Það hefur verið gert að vísu tvívegis áður, en ekki alltaf, þegar gengisbreyting hefur átt sér stað. Fyrst og fremst var það gert með gengisbreytingunni 1961 og að nokkru leyti 1960, en þá gilti nokkuð sérstakt um þessi mál, vegna þess að áður hafði verið í gangi útflutningssjóður, en nú er gert ráð fyrir því, að allur hagnaður, sem kemur til með að falla til af þeim birgðum, sem eru í landinu, skuli gerður upptækur og það er ekki hægt að sjá annað en það eigi að ráðstafa þessari upphæð í einhverjar almennar þarfir, sem kallaðar eru fyrir útveginn, en ekki sérstaklega fyrir hinn gangandi rekstur, sem um er að ræða. Ef ætlunin er t. d. að ráðstafa þessari fjárhæð í það, eins og mér hefur verið sagt, að komið hafi til mála, að greiða vanskilaskuldir vátryggingarkerfisins, sem nú munu vera orðnar 80—100 millj. kr., þá breytir það engu um afkomumöguleika og rekstur sjávarútvegsins á næstu árum. Þá er í rauninni alveg eins hægt að nota orðalag þess ráðh., sem hér var við völd árið 1961, og segja: Við tökum upphæðina og setjum hana í ríkiskassann. Því að raunverulega er það svo, að ríkið hefur átt að standa undir rekstri þessa sjóðs, a. m. k. að því leyti til, sem fram yfir var þá gjaldstofna, sem þar hafa hvílt á útveginum hingað til, og þar er ekki um neinn stuðning við rekstur útvegsins að ræða. En nú er ætlazt til meira. Nú er beinlínis gert ráð fyrir því að gera einnig upptækan þann hagnað, sem yrði af gengisbreytingu vegna framleiðslu, sem fellur til eftir gengisbreytingardag. Öll sú framleiðsla, sem verður til í des., á m. ö. o. að reiknast áfram í útflutningsverði á gamla genginu. Og það er auðvitað ekkert um það að villast, að hér er verið að búa til kerfi, sem þannig kemur út í reynd, að framleiðendur munu fá minna fyrir framleiðslu sína nettó í des. en þeir hafa fengið fyrir hana á undanförnum mánuðum, því að ýmiss konar framleiðslukostnaður mun verða allt annar í des. en hann hefur verið á undanförnum mánuðum. Olían hefur þegar hækkað í verði. Við vitum það, að margvísleg gjöld koma til með að hækka í verði. Það er alveg gefið mál, að sú vara, sem framleidd verður í des., verður flutt út úr landinu á miklu hærri flutningsgjöldum en gilt hafa hingað til. Nettógreiðslan fyrir afurðirnar verður minni en áður. Hvernig stendur á því, að þessi háttur er í fyrsta skipti tekinn upp nú? Það getur vitanlega ekki skýrzt með öðrum hætti en þeim, að þeir, sem hafa reiknað út gengisbreytinguna, hafa talið, að hún væri svo rífleg fyrir útflutningsatvinnuvegina, að það mætti taka nokkuð af henni og ráðstafa nokkrum hluta af þeim hagnaði, sem gengislækkunin gefur, í annað.

Þessi atriði, sem ég hef gert hér að umtalsefni, varða öll í rauninni framkvæmdina á gengislækkuninni, og ég hygg, að ef framkvæmdin varðandi þessi atriði verður sú, sem ég hef hér reiknað með og þá skv. þeim upplýsingum, sem helzt liggja fyrir, þá sýnist mér, að það sé raunverulega stefnt að því að gera þessa gengislækkun fyrir ríkissjóð eftir stífustu kröfum Seðlabankans, en hagnaðurinn fyrir útflutninginn muni verða lítill. Og hér er auðvitað augljóslega einnig um þá framkvæmd að ræða, sem er mjög óhagstæð vinnandi fólki í landinu og mundi ábyggilega leiða af sér harðnandi átök á vinnumarkaði, og það kæmi mér ekkert á óvart, þótt ríkisstj. sannfærðist um það tiltölulega fljótlega, að þessi leið er í rauninni ófær. Það er ekki hægt að komast hjá því að gera ráð fyrir því, að laun séu verðtryggð, eins og nú hefur verið um skeið.

Rétt er svo einnig að minna á, að það er um meira að ræða varðandi verðtryggingu á launum en kaupið í þrengstu merkingu. L. um verðtryggingu launa frá 1964 gerðu einnig ráð fyrir því að verðtryggja ýmsar aðrar bætur eins og t. d. bætur skv. almannatryggingalögunum, ellilaun, örorkubætur og annan lífeyri. En nú er sem sagt ætlunin að hafa þetta ótryggt. Þau gerðu einnig ráð fyrir því að tryggja ýmsar lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum. Nú er ætlunin að afnema það. Þessir aðilar geta vitanlega ekki fengið fram rétt sinn með því að fara í verkföll og knýja fram

kröfur sínar eftir þeim leiðum. Og í þessum lögum, sem nú er gert ráð fyrir að afnema, voru ákvæði um það að verðtryggja bætur úr atvinnuleysistryggingasjóði, slysabætur og annað þess háttar.

Ég tel því, að með þessu frv. sé farið inn á ranga braut og mun beita mér fyrir því að flytja brtt. við frv. hér við 2. umr., sem fara í þá átt, að meginatriði úr l. frá 1964 um verðtryggingu launa verði tekin inn í þetta frv.

Ég skal svo láta máli mínu lokið hér við þessa 1. umr.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Fyrir helgi vakti ég athygli á því, að hæstv. ríkisstj. hefði sýnt Alþ. heldur litla virðingu í sambandi við meðferð gengislækkunarmálsins, áður en það kom hér fyrir. Hér höfðu ekki verið gefnar neinar skýrslur um málið, og sú framsöguræða, sem hæstv. forsrh. flutti hér fyrir 1. fylgifrv., var ákaflega efnisrýr. Þessi vinnubrögð hafa haldið áfram af hálfu hæstv. ríkisstj. hér í umr. Hún hefur ekki tekið neinn þátt í umr. við hv. þm. og ekki látið svo lítið að svara fsp., sem fram hafa verið bornar aftur og aftur um ýmis mikilvæg efnisatriði þeirra frv., sem hér hafa legið fyrir. Þessum fsp. hefur alls ekki verið svarað.

Menn kasta því á milli sín hér, að ástæðan kunni að vera sú, að hæstv. ráðh. þekki ekki svörin við þessum spurningum. Til þess að við gætum fengið svör við þeim, þyrftum við að kalla hingað þá menn, sem raunverulega vita um hlutina og ákveða þá, þar á ég við hina háu efnahagssérfræðinga, Jónas Haralz og dr. Jóhannes Nordal. En ég hef samt eina spurningu, sem mig langar til að bera upp við tvo af hæstv. ráðh., hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh., en sú spurning er þess eðlis, að þeir hljóta að geta svarað henni og þeir verða raunar að svara henni. Við eigum heimtingu á því að fá að vita um þau atriði, sem þar er fjallað um.

Það hefur verið minnzt á það hér í þessum umr., að hæstv. ráðh. hafi margsinnis að undanförnu og allt fram undir seinustu daga lýst því yfir, að það væri stefna þeirra, að gengið skyldi ekki verða fellt. Sú afsökun hefur komið fram á prenti fyrir því, að þeir hafi gjörbreytt um stefnu, að brezka stjórnin hafi sett þá í þann vanda, að þeir hafi orðið að taka gengi ísl. kr. upp til nýrrar yfirvegunar. En í öðru aðalmálgagni ríkisstj. í gær er birt allt önnur skýring. Og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa svolítinn kafla úr forustugrein Alþýðublaðsins í gær. Þar segir svo:

„Stjórnarandstaðan hefur í umræðunum um gengisbreytinguna notað eitt árásarefni á ríkisstj., sem ekki er margtuggið áður. Það er sú óneitanlega staðreynd, að ráðh. hafa undanfarna mánuði afneitað gengislækkun og hvað eftir annað sagt opinberlega, að til hennar væri ekki ætlunin að grípa. Af hverju gáfu Bjarni Benediktsson og Gylfi Þ. Gíslason slíkar yfirlýsingar, þótt þeir hafi án efa skilið betur en flestir aðrir, að gengi krónunnar kynni að falla innan fárra mánaða? Svarið er augljóst. Þeim bar sem ráðh. skylda til þess. Ráðh. verða að halda uppi trausti á gjaldmiðlinum, enda þótt það kosti yfirlýsingar, sem þeir vita sjálfir, að kunna að reynast rangar eftir skamma stund. Hvað mundi gerast, ef forsrh. eða viðskmrh. væru í ræðum sínum með vangaveltur um, að gengi krónunnar kynni að falla? Það mundi þegar tekið sem yfirlýsing um gengisfall, allt traust á gjaldmiðlinum mundi hverfa og gjaldeyrisbrask hefjast í stórum stíl. Slíkt má ekki koma fyrir. Þess vegna verða ráðh. að andmæla gengislækkun fram á síðustu stund. Stjórnarandstaðan ræðst persónulega á Bjarna og Gylfa í þessu máli, en henni mun ekki takast að varpa skugga á heiðarleik þeirra eða trúmennsku í starfi. Þeim bar skylda að tala eins og þeir gerðu, hvað sem á gekk. Ef þeir hefðu gert annað, hefðu þeir valdið þjóðinni stórfelldu tjóni og brugðizt skyldu sinni."

Hér er því haldið fram, að þessir hæstv. ráðh. hafi gert sér grein fyrir því þegar fyrir nokkrum mánuðum, að gengið mundi falla og það hafi verið vísvitandi ósannindi, þegar þeir staðhæfðu annað. Því er haldið fram hér, að það hafi verið vísvitandi ósannindi, þegar hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, lýsti því yfir, bæði fyrir kosningar og hér í upphafi þings í stefnuyfirlýsingu sinni, að gengið yrði ekki fellt, og þegar lagt var fyrir hér frv. um efnahagsaðgerðir og hann sagði, að það væri gert til þess að komast hjá gengisfellingu, hann hefði þar farið með vísvitandi ósannindi. Því er einnig haldið fram, að hæstv. viðskmrh. hafi, þegar hann kom fram í sjónvarpi í haust í ágústmánuði og lýsti þar yfir því, að ekki yrði gripið til gengislækkunar, farið með vísvitandi ósannindi – að vísu af hinum göfugustu hvötum, eins og tekið er fram í forustugreininni, en engu að síður, þetta hafi verið skýringin. Nú væri það ákaflega fróðlegt að vita, hvort þetta er svona, því að hvað hefur þá verið að gerast hér á Alþingi?

Þegar hæstv. forsrh. kom hér og lagði fyrir frv. um efnahagsaðgerðir, sagði hann, að það frv. væri borið fram, vegna þess að ríkisstj. vildi koma í veg fyrir gengislækkun. Það hafi orðið að leggja á þjóðina byrðar, sem áttu að hafa þau áhrif, að hægt væri að komast hjá gengislækkun. Vissi hæstv. ráðh. þá, að gengislækkun mundi koma nokkrum vikum seinna?

En nú standa sakir þannig, að við fáum fyrst yfir okkur ráðstafanirnar, sem áttu að koma í veg fyrir gengislækkun, og síðan gengislækkunina sjálfa. Við fáum hvort tveggja, og það er ekki að sjá, að hæstv. ríkisstj. ætli að aflétta hinum fyrri ráðstöfunum, enda þótt hún hafi orðið að lækka gengið mjög stórlega.

1. gr. þessa frv., sem við erum að fjalla hér um í dag, mælir svo fyrir, að launafólk skuli 1. des. fá kauphækkun, 3.39%, sem stafar af verðhækkunum, sem ríkisstj. ákvað í októbermánuði til þess að koma í veg fyrir, að gengið væri lækkað, eins og hún sagði þá. Þessar verðhækkanir hafa ekki verið teknar til baka. Væri það ekki eðlileg ráðstöfun, hafi ríkisstj. verið alvara, þegar hún lagði fram hið fyrra frv. sitt? Hafi henni verið alvara með það þá að lækka ekki gengið, væri það þá ekki eðlileg og óhjákvæmileg ráðstöfun, að hún hagnýti m. a. gengislækkunina til þess að taka upp aftur niðurgreiðslur á þessum vörutegundum, á mjólk og kjöti og kartöflum, sem einmitt eru þær vörutegundir, sem viðkvæmastar eru fyrir það fólk, sem hefur erfiðust kjör í

þjóðfélaginu? Hæstv. forsrh. sagði hér í dag, að atvinnuvegirnir gætu borið þessi 3.39%, sem ákveðið er, að launafólk fái greidd 1. des. Ef ríkisstj. tæki aftur upp niðurgreiðslur á þessum vörum, sem hún hækkaði sjálf, liggur sú staðreynd fyrir samkv. yfirlýsingu hæstv. forsrh., að atvinnuvegirnir geta risið undir nærri 3½% kauphækkun. Sérfræðingar ríkisstj. segja, að gengislækkunin muni leiða yfir okkur 6—7% hækkun á almennu verðlagi. Margir trúa þeim spádómi að vísu varlega, en við skulum láta ríkisstj. vera með sínar eigin tölur. Þá liggur það fyrir samkv. mati hæstv. forsrh., að atvinnuvegirnir geta á þessari stundu greitt í hækkuðu kaupi helming þessarar upphæðar. Ef ríkisstj. er í raun og veru alvara með það að leggja eitthvað fram til þess að stuðla að vinnufriði í landinu, eins og hæstv. forsrh. sagði hér í þessum stól áðan, væri þetta aðgerð, sem lítandi væri á. Þá væri ekki eftir nema hluti af þeim stórfellda vanda, sem verkalýðshreyfingin hlýtur að leysa og mun leysa. En að sjálfsögðu er það þýðingarmikið fyrir þjóðfélagið, að sá vandi sé sem minnstur, sem verkalýðsfélögin verða að leysa með því að beita afli samtaka sinna.

En í sambandi við þessa 1. gr. og þá kauphækkun, sem á að koma til framkvæmda 1. des., væri raunar einnig fróðlegt að fá vitneskju um annað, og það er, hvaða ráðstafanir verða gerðar til þess, að þar verði um raunverulegar kauphækkanir að ræða. Við þekkjum ósköp vel þróunina, hvernig hún tíðkast hér á Íslandi. Það er samið um kauphækkun. Allir þeir atvinnurekendur, sem kost hafa á, velta henni af sér út í verðlagið, allir þeir, sem framleiða fyrir innlendan markað, eða þeir, sem gegna þjónustustörfum hér innanlands. Mér er spurn: Á þetta að gerast eftir 1. des.? Eiga þessar litlu bætur, sem launafólk á að fá, að hverfa aftur þegar næstu daga á eftir með því móti að það sem fólkið þarf að kaupa, sú þjónusta, sem það þarf að nota, verði allt saman þeim mun dýrara?

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Ég kom hingað aðeins til þess að biðja hæstv. ráðh. að svara þeirri spurningu, sem ég bar fram í tilefni af forustugrein Alþýðublaðsins. En ég vildi beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál núna, að mér finnst það gersamlega fráleit vinnubrögð að ætlast til þess, að Alþ. samþykki nýjan vísitölugrundvöll, eins og felst í þessu frv., án þess að sá grundvöllur hafi verið fyrir okkur lagður. Hér var lagður fram fyrir nokkru sem svar við fsp. frá mér útdráttur úr þessum grundvelli, en að sjálfsögðu er það algerlega óhjákvæmilegt, að þessi grundvöllur, eins og hann er, verði prentaður og honum dreift hér í þingsalnum. Þetta eru engin vinnubrögð að ætlast til þess, að þm. samþykki vísitölugrundvöll, án þess að hafa fengið hann í hendur.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hann las kafla úr forustugrein Alþýðublaðsins í gær, las auðvitað rétt eins og hans var von og vísa, en túlkaði það, sem hann las, rangt. Hann las þessa setningu, með leyfi hæstv. forseta:

„Af hverju gáfu Bjarni Benediktsson og Gylfi Þ. Gíslason slíkar yfirlýsingar, þótt þeir hafi án efa skilið betur en flestir aðrir, að gengi krónunnar kynni að falla innan fárra mánaða.“

Ræðan var um það, bollaleggingar um það, hvort við forsrh. hefðum sagt ósatt í því, sem við sögðum um gengismál í sumar og haust, hvernig það mætti vera, að við gætum gefið yfirlýsingar um það, að gengið mundi ekki falla, ef við hefðum vitað, að það mundi falla, sagði hv. þm. Hann átti að segja, ef við hefðum vitað, að það kynni að falla, sem er auðvitað annað. (MK: Þarna er vitnað í erlenda ráðh., sem ...) Ég er að tala um, hvað hér hefur átt sér stað. Ég vildi aðeins benda á og vekja athygli á því, undirstrika sérstaklega, að ég hef aldrei sagt í nokkurri ræðu eða nokkurri grein og mér vitanlega ekki hæstv. forsrh. heldur, að gengi krónunnar mundi ekki falla. Þau orð hafa aldrei verið prentuð eftir mér, enda aldrei sagt slík orð. Það, sem ég hef sagt hvað eftir annað og mælt af hreinskilni og af beztu vitund, var það, að ég teldi, að það væri stefna míns flokks og ríkisstj. að vinna gegn því, að krónan félli, enda var það svo. Ríkisstj. hefur miðað stefnu sína um langt skeið undanfarið við það, að komizt yrði hjá gengisfalli. Við höfum gert okkur algerlega ljóst, að það væri erfið braut, meira að segja mjög erfið braut, og við undirbúning till. undir upphaf þingsins var stefna okkar enn sú að reyna að komast hjá því, gera allt, sem í okkar valdi stæði, til að komast hjá því, að gengi krónunnar þyrfti að falla. Það var ekki af því, að við héldum, að þær ráðstafanir, sem við gerðum till. um í upphafi þings, væru nægilegar til þess að leysa allan efnahagsvanda þjóðarinnar, meira að segja ekki á þessu ári. Við vissum vel, að vandi útflutningsatvinnuveganna var óleystur, við höfum aldrei dregið minnstu dul á það. En við töldum í þingbyrjun, að við hefðum ekki skilyrði til þess að sjá út yfir þann vanda. Við höfðum þá ekki skilyrði til þess að gera okkur grein fyrir því, hversu stór hann væri. Og þess vegna vildum við láta tillögugerð um það efni bíða til seinni starfsmánaða þingsins, til áramótanna. Það er um það leyti, sem vandamál útflutningsatvinnuveganna venjulega hafa verið rædd og eru leyst og við töldum eðlilegt, að eins skyldi farið að nú í þetta skipti. Það er auðvitað hægt að tilfæra um það mörg dæmi, að við gerðum okkur þetta ljóst og drógum á það enga dul. En þegar svo hins vegar það gerist, sem kom okkur á óvart, þegar það gerðist, að Bretar felldu sterlingspundið, fannst okkur algerlega nýtt viðhorf blasa við. Og þá tókum við okkar fyrri stefnu upp til endurskoðunar. Það vona ég, að þurfi engum að vera til minnkunar, þótt hann, við algerlega breyttar aðstæður, taki sína stefnu upp til endurskoðunar. Það lá lengi vel ekki ljóst fyrir, ég segi fyrir mitt leyti og tala þar ekki fyrir hönd neins annars, það tók mig nokkurn tíma og mikla umhugsun að gera mér grein fyrir því, hvort halda ætti fast við fyrri stefnu og leysa vandamál útflutningsatvinnuveganna um áramótin eftir sviptuðum leiðum og þau hafa verið leyst nokkur undanfarin ár eða hvort gerbreyta ætti um stefnu í lausninni, sem var til umr. varðandi útflutningsatvinnuvegina, og breyta genginu.

Auðvitað hefur, held ég, öllum mönnum verið

það ljóst í marga mánuði, jafnvel 1—2 ár, að gengi brezka sterlingspundsins kynni að falla. Þarna eiga við þau orð, sem leiðarahöfundur Alþýðublaðsins notar. Það hefur öllum mönnum verið ljóst, að svo kynni að fara, einkum síðustu mánuði, að gengi sterlingspundsins kynni að falla, en það var hins vegar ástæðulaust fyrir okkur að vera með nokkra spádóma eða getgátur um það og enn þá óskynsamlegra að miða okkar aðgerðir við það hér heima, að brezka pundið kynni að falla. Það gerðum við heldur ekki. Þótt okkur grunaði, a. m. k. marga, eins og menn, sem fylgjast með í efnahagsmálum og fjármálum um allan heim, að svo kynni að fara, var ég og er enn þeirrar skoðunar, að það hefði verið rangt að miða stefnu okkar í efnahagsmálum t. d. við upphaf síðasta Alþ. við það, að brezka pundið kynni að falla, enda gerðum við það ekki. Stefna okkar var einmitt miðuð við það, að brezku stjórninni tækist að vernda pundið, tækist að varðveita gengi pundsins. En það jafngildir svo hins vegar ekki því, að það er algerlega nýtt viðhorf fyrir okkur eins og aðrar miklar viðskiptaþjóðir Breta, þegar gengi sterlingspundsins síðan var fellt. Eins og ég sagði áðan, komst ég að þeirri niðurstöðu fyrir mitt leyti, það gerði minn flokkur, það gerði ríkisstj. í heild og hennar stuðningsflokkar, að það væri rétt stefna, sem tekin var, að við ættum að endurskoða okkar fyrri afstöðu og breyta stefnunni. Það gerðum við, — ég segi ekki: „Það játa ég hiklaust," heldur vek ég athygli á því. Það þýðir ekki, að það, sem við höfðum lagt til í þingbyrjun, hafi verið rangt. Ég tel enn, að það hafi verið rétt miðað við þær aðstæður, sem þá voru, og bak við það var jafnmikill sannfæringarkraftur og bak við hitt, að gengisbreytingin var rétt miðað við þær aðstæður, sem sköpuðust eftir fall sterlingspundsins.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af yfirlýsingum hæstv. viðskmrh. vildi ég nú segja það, að það fer að verða erfitt að skilja yfirlýsingar hæstv. ráðh. og sennilega læra þm. að fara að taka þær með mikilli varúð. Við hvað átti hæstv. viðskmrh. í sjónvarpsviðtalinu, sem Alþýðublaðið sagði frá 26. ágúst, þegar hann sagði: „Hins vegar gæti hann fullyrt, að gengislækkun væri ekki rétta ráðið."

Hafði hæstv. viðskmrh. ekkert gert sér grein fyrir, hvaða afleiðingar gengislækkun gæti haft á atvinnulíf Íslendinga? Nú er því hins vegar haldið fram, að það leysi allan vandann, og eigum við hv. alþm. að trúa því, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki gert sér grein fyrir eða leitað eftir að kanna aðrar leiðir heldur en þá, sem fólst í frv. því, sem hún lagði fyrir í upphafi þings? Ég hef aldrei látið mér detta það í hug, að það illa hafi verið að málum unnið, að ekki hafi verið kannaðar fleiri leiðir heldur en sú ein, sem öllum er nú ljóst, að engan vanda leysti. Og við hvað átti hæstv. forsrh. 16. okt., þegar hann segir: „Hér er um allt annars eðlis vandamál að ræða heldur en gengisbreyting getur leyst?"

Svo koma hæstv. ráðh. og segja, að það eigi ekki að taka alvarlega sínar frásagnir. Annars má það um ritstjóra Alþýðublaðsins segja, hv. 5. þm. Vesturl., að hann hefur marga góða kosti, sem ég hef oft kynnzt, og m. a. þá kosti, að hann skýrir oft rétt frá, hvað hefur gerzt í hans flokki. Ég minnist þess, þegar landhelgismálið var á döfinni og afgreiðsla málsins, þá sagði hv. 5. þm. Vesturl. sem ritstjóri Alþýðublaðsins frá því, að það hefði verið samið um málið í veizlu, sem hann og þáv. utanrrh. Íslands og Bretlands sátu saman úti í London í des. Ég minnist þess líka, að hér á hv. Alþ. í febr. gaf hæstv. þáv. utanrrh. yfirlýsingu um það, að ekkert nýtt hefði gerzt í því máli frá því, að hann hafði gefið skýrslu í okt. eða nóv. Þannig er svo framhaldið af þessu, að í gær skýrir hv. 5. þm. Vesturl. sem ritstjóri Alþýðublaðsins frá því, að ríkisstj. hafi fyrir löngu gert sér grein fyrir því, að gengið þyrfti að falla, og þegar hv. 5. þm. Vesturl. fór á tólf fundi í Vesturlandskjördæmi s. l. vor, þá gerði hann sér auðvitað líka grein fyrir því, að gengi krónunnar yrði fellt með haustinu, vegna þess að ríkisstj., sem hann hældi þá á hvert reipi, var búin að koma efnahagsmálum þjóðarinnar í það óstand, að fram hjá því varð ekki komizt. Nú segir hann frómt frá þessu, að þetta hafi verið ljóst, en vegna þess að ábyrgðartilfinningin sé nú alltaf uppi á stjórnarheimilinu, hafi ekki mátt skýra frá þessu. Og þá hafi verið gefnar út yfirlýsingar í gagnstæða átt. Þess vegna ættu nú hv. þm. og þjóðin öll að átta sig á því, að þegar ríkisstj. hæstv. segir já, meinar hún nei og svo öfugt.

Það var fleira gagnlegt og skemmtilegt í Alþýðublaðinu í gær. Það var mælzt til þess við hv. þm. úr stjórnarandstöðunni, þegar ríkisstj. lagði fyrsta númerið af gengisbreytingunum fram hér á föstudaginn, að dregið yrði úr umr. til þess að málið næði fram að ganga, svo að afgreiðsla gjaldeyrisbankanna gæti hafizt í morgun. Og auðvitað var öllum hv. þm. það ljóst, að það var satt að segja nóg að hafa heila viku til umráða til innkaupa í sambandi við gengisbreytingu, eins og gert var núna. Og sá tími var að sjálfsögðu orðinn allt of langur. En þá sagði hv. 5. þm. Vesturl.: Það var dauft yfir þessum umr. Það var munur, þegar minkurinn var á ferðinni. Það var miklu hvassari umr. En þá tók hv. 5. þm. Vesturl. einn þátt í umræðu auk 1. flm. Þannig fór það, þegar stjórnarandstaðan fór að draga við sig, þá líkaði það ekki frekar vel en þegar hún heldur ræður hér á hv. Alþ.

En í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., vil ég nú undirstrika það, sem fram hefur komið í þessum umr., að hér er verið að kveðja veigamesta þáttinn úr júní-samkomulaginu. Og ég hygg, að það hafi sjaldan verið gerðir samningar á Íslandi milli vinnuveitenda og launþega, sem hefur verið gert jafnmikið stáss með eins og júní-samkomulagið. Ég minnist þess, að í hátíðarræðum 17. júní var það talinn einn af merkilegustu viðburðum, sem þá hefðu lengi skeð í stjórnmálum þjóðarinnar og mundi lengi í minnum hafður. En aðalatriðið í júní-samkomulaginu var fyrirheit um, að vísitalan skyldi tekin í lög aftur, og því var haldið fram, að hún mundi koma í veg fyrir tíð verkföll, sem þá höfðu átt sér stað lengi, og skapa meiri festu í kaupgjaldsmálum og vera einnig aðhald fyrir ríkisvaldið og aðra þá, sem vildu ganga of langt í því að hækka verðlagið. Nú er þetta hins vegar talið

jafnnauðsynlegt og jafngott, þegar þetta atriði er kvatt. Og ég vil vekja athygli á því, að þegar vísitalan á kaup er tekin út úr l., eins og hér er gert ráð fyrir og stefnt er að, er í raun og veru eftir eitt atriði úr júní-samkomulaginu, sem máli skiptir, og það er vísitalan á lánum þeirra, sem hafa fengið lán hjá Húsnæðismálastofnuninni. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Er ekki gert ráð fyrir því nú, þegar vísitalan á laun er tekin út úr lögum, að þessu atriði skuli einnig breytt? Eiga launþegarnir í landinu að sitja eftir með þetta atriði eitt nú, eftir að þetta frv. verður samþ.? Það eru kaldar kveðjur til almennings í landinu, ef svo á að fara að, og ég á bágt með að skilja það, ef þeir menn, sem notið hafa trúnaðar þessa fólks, sætta sig við slíkt.

Ég vil endurtaka það, sem ég drap á hér áðan, að einmitt það, að vísitala var í lög tekin 1964, hefur haft þau áhrif á kaupgjaldssamninga hér í landinu síðan, að verkföll hafa ekki verið, svo að teljandi sé a. m. k. Og ég held, að það sé öllum ljóst, að það hefur verið verulegt aðhald í verðlagsmálunum einnig. Að vísu má á það benda, að með álögum sínum og ráðstöfunum í árslok 1965 og í byrjun árs 1966, átti hæstv. ríkisstj. verulegan þátt í því að kynda undir verðbólgunni. Með rafmagnsskattinum og fleiri sköttum, sem þá voru á lagðir, og með því að draga úr niðurgreiðslum á vöruverði framan af ári 1966 átti hún verulegan þátt í því að auka dýrtíðina, en hún sá sig um hönd, þegar leið á árið 1966, og var það ástæðan fyrir því, að hún kom á verðstöðvuninni, að vísitalan eða verðlagið í landinu var þá að ganga úr hófi fram. Ég held, að það sé mikill misskilningur, ef hæstv. ríkisstj. heldur, að hún sé með þessu frv. að vinna atvinnuvegunum gagn. Ég held, að það muni sýna sig, að atvinnuvegunum í landinu væri það fyrir bestu, að vísitalan yrði áfram mælistika á verðlagið í landinu. Ég er sannfærður um, að það mundi verða öllum fyrir bestu, að vísitalan væri enn þá í gildi og þetta frv., ef það nær fram að ganga óbreytt, eins og það liggur hér fyrir, mun eiga verulegan þátt í því að eyða þeim áhrifum til góðs fyrir atvinnulífið, sem gengislækkunin kynni að hafa gert.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er svo með mig eins og suma aðra, að mig langar til að fá svör hjá hæstv. ráðh., þótt ekki væri nema fátt eitt, sem snertir þetta frv. Mér skilst, að það sé eiginlega útilokað að fá ráðh. til þess að svara, nema maður hafi með sér Alþýðublaðið og lesi eitthvað upp úr því. Nú hafði ég það ekki við hendina, svo að það getur farið svo, að ég fái engin svör. Samt hefur hæstv. viðskmrh. oft verið lipur í því að svara, þegar við höfum spurt hann. En núna er það ófrávíkjanlegt, að þeir vilja ekki svara. Ég held, að það væri þá einfaldara fyrir þá að hengja upp skilti á hurðina og segja: „Við svörum ykkur ekki," svo að menn séu ekki að ómaka sig til að spyrja.

Það er orðinn dálítið sérkennilegur aðdragandi að hinni nýju vísitölu, sem á að taka gildi núna 1. des. Fyrst er framkvæmd neyzlurannsókn, sem stóð yfir í tvö ár, 1964 og 1965, miklu kostað til og mikil vinna lögð af mörkum. Síðan er hún loksins tilbúin og í haust vill hæstv. ríkisstj. fara að taka hana í gildi. Hún hefur orð á því við forustumenn launþegasamtakanna, að þetta sé mjög góð vísitala, vandlega reiknuð og miklu réttari en sú eldri. Forustumenn launþegasamtakanna taka vel í það, að þessi vísitala muni hafa kosti fram yfir hina, og eru ekki á móti því, að það geti komið til greina að lögfesta hana, þó að sá mikli ágalli sé við hana, ef hún eigi að taka gildi, áður en verðhækkanirnar í okt. komi til, að launafólk fái ekki nema svona helming af þeim verðlagsuppbótum, sem þeim annars bæri samkv. l. En þeir vilja samt vinna þetta til, til þess að fá réttari vísitölu í gang, og þetta frv. mælir svo fyrir, að nú skuli hin margumtalaða nýja vísitala taka gildi næsta laugardag, svo að þar með er fullnægt öllu réttlæti. En svo segir frv., að hún skuli líka falla úr gildi sama daginn, og það er vel að verið, kalla ég, eftir allt, sem á undan er gengið. Annars er það orðinn broslegur leikur, sem hæstv. ríkisstj. hefur leikið með vísitöluna gömlu alla tíð síðan ríkisstj. kom til valda. Hún byrjaði á því að taka inn fjölskyldubætur, sem aldrei hefur verið gert áður, og voru þó fjölskyldubætur greiddar, áður en þessi ríkisstj. kom til. Það var nefnilega hægt að lækka svolítið, eða réttara sagt, halda meira í skefjum framfærsluvísitölunni á pappírnum með því. En þegar kom fram á árið 1960, sá ríkisstj., að þetta dugði ekki. Vísitalan fór að hækka þó nokkuð. Þá fann ríkisstj. annað ráð. Það var að taka skattana inn í reikninginn, sem aldrei hafði verið gert áður. Hvorugt hafði verið í nokkurri neyzlurannsókn, og þetta verkaði þó nokkuð, því að sömu mánuðina og neyzluvöruvísitalan hækkaði um mörg stig, lækkaði framfærsluvísitalan með þessari „kúnst". Svona hefur það gengið til um vísitöluna, enda hefur tekizt á ferli núv. hæstv. ríkisstj. að halda henni svo niðri á pappírnum, þessari framfærsluvísitölu, að hún er ekki nema 195 stig núna, þegar neyzluvísitalan er komin upp undir 230 stig. Áður fylgdust þær alltaf að. Ég held, að ef launafólk hefði fengið verðlagsuppbót samkv. hinni raunverulegu neyzluvísitölu, hefði hún orðið riflegri en raun varð á.

En þá kem ég að því, sem mig langaði til að spyrja um, þó að það sé kannske til einskis. Þó trúi ég því ekki, að hæstv. viðskmrh. svari ekki, því að hann hefur alltaf reynzt mér vel í þeim efnum. Ég heyrði því haldið fram hér í ræðu áðan, ég held hjá hv. 4. þm. Austf., að sérfræðingar ríkisstj. hafi fundið það út, að verðlag mundi ekki hækka nema um 7%, þegar áhrif gengislækkunarinnar verða komin í algleyming. Ég á ákaflega erfitt með að koma því inn í mitt höfuð, að þetta geti átt sér stað, ef litið er á þá raunverulegu hækkun, sem er á erlendum gjaldeyri. Nú er búið að birta hið nýja gengi, og það er þannig, að enskt pund er nú selt á 138,09 kr. í staðinn fyrir 119,85 kr., sem var. Hækkunin á því er þá 15.2%. 100 danskar kr. eru seldar á 763,72 kr., en voru 621,30. Hækkunin á dönsku krónunni er þá 22.9%. Og Bandaríkjadollar er nú seldur á 57,07 kr., en var seldur á 43,06 kr. Þar er hækkunin 32.6%. Mér finnst, að þessi hækkun á erlendum gjaldeyri hljóti að koma fram í verðlaginu á innfluttum vörum og nokkurn veginn í sömu hlutföllum, að innflutt vara eigi að hækka að cif-verði, þ. e. a. s. komin hingað í höfn, eins

og hækkunin er á erlenda gjaldeyrinum, þ. e. a. s. ef flutningsgjöld eru látin fylgja gjaldeyrinum. Nú hef ég fengið nýlega upplýsingar um það, að Eimskip hefur innheimt flutningsgjöld skv. hinu nýja gengi, og verði það reglan, gildir þetta líka um flutningsgjöld yfirleitt. Ekki þarf að spyrja um vátryggingargjöldin á vörunni á leið til landsins, þau fara eftir verðinu. Mér sýnist því allt benda til þess, meðan ekki er annað upplýst um flutningsgjöldin, að cif-verð varanna hækki í sama hlutfalli og erlendur gjaldeyrir. Það, sem ekki hækkar í sama hlutfalli, er kostnaður hér innanlands, svo sem uppskipun, vörugjöld, heimflutningur og svo álagning á vörurnar. Þó að þetta hækki ekki neitt, — og er ég reyndar í vafa um, að ekkert af því hækki, — hljóta þessar miklu hækkanir á erlendum gjaldeyri að valda að mínum dómi 25—30% hækkun á cif-verði vörunnar eða mjög nálægt því. Það er auðvitað erfitt að reikna þetta út nema fá alla kostnaðarliðina. Ef cif-verðið hækkar raunverulega í sama hlutfalli og erlendi gjaldeyririnn, verður það ekki langt frá þessu. En þetta er misjafnt eftir því, frá hvaða landi varan er. Hækkunin verður náttúrlega mest frá þeim löndum, sem ekki hafa breytt sínu gengi. Nú held ég, að það séu nokkur lönd, mig minnir í Evrópu ein 3—4, sem hafa breytt genginu auk Bretlands, t. d. Írland og Spánn, en önnur hafa ekki breytt sínu gengi. Danmörk hefur breytt því hér um bil að hálfu við Breta.

Til þess að geta gert sér grein fyrir því, hvað þessi hækkun gæti orðið á öllum innflutningnum, verður að finna út, hve mikill hluti innflutningsins er frá þeim löndum, þar sem gjaldeyririnn hækkar um 32.6%, hve mikill hann hefur verið frá þeim löndum, þar sem gjaldeyririnn hækkar um 22.9% og hve mikill frá þeim, þar sem hann hækkar ekki nema um 15.2%. Ég leit á þetta að gamni í verzlunarskýrslum síðasta árs, og ég sé, að á því ári hafa u. þ. b. 14% af innflutningnum verið frá þeim löndum, sem hafa lækkað sitt gengi, að Danmörk undanskilinni. 8% af innflutningnum hefur verið frá Danmörku, en 78% af innflutningnum frá þeim löndum, sem hafa ekki lækkað gengið. M. ö. o., ef hlutföllin yrðu þau sömu á næsta ári, mundu 78% af innflutningi Íslendinga hækka sem svarar gengislækkuninni utan Bretlands og þeirra landa, eða einhvers staðar á milli 25—30% miðað við cif-verð eftir því, sem ég get komizt næst. Ég held, að það hljóti því að vera einhver ónákvæmni vægast sagt í þeim útreikningi, að hækkanir verði ekki nema 7%, jafnvel þótt miðað sé við framfærslukostnað. Nú verður auðvitað að taka það með í reikninginn, hve mikið er í framfærslukostnaðinum af innlendum vörum, sem munu væntanlega ekki hækka vegna gengisbreytingar. Ég held, að ég muni það rétt, að landbúnaðarvörurnar eiga samkv. nýju vísitölunni, sem nú á að taka gildi og falla úr gildi, ekki að verka nema 29%. En það er ekki upptalinn innlendur kostnaður í framfærslukostnaðinum, þó að teknar séu landbúnaðarvörurnar. Það er erfitt að gera sér grein fyrir því, hve mikill hluti af framfærslukostnaðinum samkv. nýja vísitölugrundvellinum er innlent og hve mikið erlent, því að þetta blandast saman í ýmsum efnum. En eftir því, sem ég get séð bezt miðað við plaggið, sem við fengum hér útbýtt á Alþ. um nýju vísitöluna, held ég, að það hljóti að vera eitthvað nálægt 60% af framfærslukostnaðinum, sem er háð erlendu verðlagi eða erlendum innflutningi, mjög nálægt 60%. Og þá er ég hræddur um, að komi meira en 7% út, ef það reynist svo, að erlendu vörurnar hækka kannske um 25—30%.

Nú langar mig til að spyrja að því, hvaða árangur sem það kann nú að bera, hvort hæstv. viðskmrh. hafi ekki í sínum fórum einhverjar upplýsingar um það: Í fyrsta lagi, hvað er búizt við, að erlendu vörurnar hækki mikið, þegar gengislækkunin er komin til skjalanna? Í öðru lagi, hve mikill hluti af framfærslukostnaðinum er háður þessum erlendu vörum? Og í þriðja lagi, hvernig þá eru fengin út þessi 7%, sem núna er verið að tala um? Ég skal játa það, að ég hef ekki gögn í höndunum til þess að geta gert mér nægilega grein fyrir því, hvað þessar hækkanir geta orðið miklar. Ég fékk út einkennilega tölu, en það má líta á hana sem áætlunartölu, ég skal játa það. Ég fékk út töluna 14.3%, nákvæmlega sama og Bretar felldu gengið. Ég skal endurtaka það, ég hafði ekki nógu góð gögn í höndunum til að finna þetta út, en ég fékk þetta út. Þá miða ég við sömu skiptingu á innflutningnum milli landa og var í fyrra og mjög nálægt því, að 60% af framfærslukostnaðinum væri háð innfluttum vörum. Ég tek það ekkert nærri mér, þó að þetta verði hrakið, mér þykir vænt um að fá betri upplýsingar um þetta. En þegar ekki er hægt að fá þessar upplýsingar, er þm. vorkunn, þótt þeir verði að reyna að áætla það sjálfir. Það er ekki önnur leið til út úr því en sú.

Ég vil þó aðeins víkja að einu atriði í hinum nýja vísitölugrundvelli, sem þykir nú svo góður, og ég skal ekki vefengja að hafi ýmsa kosti fram yfir þann gamla. En það er mjög stór útgjaldaliður í framfærslukostnaði allra manna, það er húsnæðiskostnaðurinn. Menn hafa kannske tekið eftir því, hvernig hann er í þessum nýja vísitölugrundvelli. Það stendur nefnilega í skjalinu, sem við fengum, að hann hefði verið hækkaður upp á „slump“. Það er ekki samkvæmt neinni neyzlurannsókn, sem þar er sett, að húsnæðiskostnaðurinn sé 16% af útgjöldum fjölskyldunnar. Nei, það er ekki þannig. Það er ekki samkv. neyzlurannsókn. Hann er bara látinn hækka svona upp á „slump“ svipað og hann hækkaði undanfarin 2—3 ár. Nú halda menn kannske, að þarna sé húsnæðisliðurinn orðinn réttur í hinni nýju vísitölu. En hann er ekki réttari en það, að fyrir nokkrum árum var hann 15.4%, þó að hann sé núna kominn niður í 10—11. Það er því ósköp hægur vandi, ef nokkur vísitala ætti að vera til lengur, sem á þó ekki að vera til, að hagræða þessum húsnæðislið í vísitölunni áfram, alveg eins og hefur verið gert á undanförnum árum, segja, að menn geti búið fyrir 1000 kr. á mánuði eða 1200 kr. á mánuði. Það er hægt eftir sem áður. Ég held, að það væri þess vert, ef verkalýðssamtökin fara að semja við vinnuveitendur um nýja vísitölu, eins og þeim er vísað á að gera núna, að þeir leiðrétti svona hluti, svo að vísitalan gæti orðið nokkurn veginn réttur mælikvarði á það, sem hún á að mæla.

Ég skal ekki orðlengja þetta meira, en endurtek nú tilmæli mín til hæstv. viðskmrh., af því að ég treysti honum einna bezt af þeim öllum til þess að svara, — þau tilmæli mín að láta okkur í té einhverjar upplýsingar um það, hvernig ríkisstj. og trúnaðarmenn hennar hafa fengið það út, að framfærslukostnaður hækki ekki nema um 7% við allar þær afleiðingar, sem af þessari gengislækkun hljótast.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skal nú reyna að líkjast Perikles sáluga með það að vera stuttorður í þetta sinn. Það mál, sem hér er verið að ræða, er um vísitölubindinguna eiginlega. Þess vegna er óþarfi að dreifa umr. allt of mikið.

Skoðun mín er sú, að ríkisstj. vinni atvinnuvegunum ekkert hagræði með því að binda ekki vísitöluna áfram eða ákveða hana ekki áfram. Ég held, að það verði ekki hagkvæmara fyrir atvinnurekendur eftir áramótin að þurfa að taka upp samninga í hinum einstöku félögum. E. t. v. semja viss félög þannig, að þau hækka grunnkaup, önnur taka vísitöluna og þetta verður ringulreið á samningunum, þannig að ég er sannfærður um, að það verður ekkert hagræði fyrir atvinnurekendur. Mér dettur ekki í hug að ímynda mér, að það verði hægt að fá t. d. launalækkun hjá hásetum á fiskiskipum, því að sannleikurinn er sá, að hlutur þeirra er ekki of góður. Þeir einu, sem gætu lækkað laun sín og lifað þó nokkurn veginn sæmilegu lífi eftir sem áður, væru náttúrlega yfirmennirnir á skipunum, en það hefur alltaf gengið fullilla að fá nokkra lækkun þar og í flestum samningum hefur þeim heldur verið ýtt upp á við en hitt. Ég hygg, að það verði eins með fólkið, sem vinnur í frystihúsunum, og það mun auðvitað ganga alls staðar. Það mun vera ákaflega erfitt að taka ekki þátt í þeim hækkunum, sem verða á því, sem fólkið þarf að kaupa, og það efast ég um, að verði gert með sanngjarnara móti en með vísitölunni. Og ég held, að það sé nokkurn veginn samkomulag um, að þessi nýja vísitala eigi að geta sýnt öllu gleggri mynd af hinum raunverulega kostnaði en sú eldri, og það er vel, ef launþegum og vinnuveitendum kemur saman um það, og ég hef ekki trú á, að ríkisstj. vinni atvinnuvegunum neitt hagræði með þessu. En þó að maður hafi þessa skoðun, er náttúrlega hvað snertir samninga aldrei hægt að fullyrða neitt. En þetta er mitt álit. Ég held, að það eigi við að fara aðra leið, og það er fyrst og fremst á valdi ríkisstj. og flokka, sem hana styðja, að fara hana. Og það er að lækka útgjöldin á fólkinu.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka það, sem ég sagði hér um daginn, en ég held, að það sé fyrst og fremst leiðin, sem á að fara. Við vitum það, að gengislækkanir hafa yfirleitt allar unnið sig upp. Ég ætla ekki að ráðast á ríkisstj. fyrir það, að hún auglýsti ekki, að hún ætlaði að fella gengið. Í fyrsta lagi hef ég persónulega þá skoðun, að hæstv. ríkisstj. hafi aldrei ætlað að gera það fyrr en eftir áramótin, þegar Wilson kom henni til hjálpar núna. Í öðru lagi er það nú sannleikur málsins, að það er gersamlega ómögulegt fyrir ríkisstj. að vera að hampa því framan í fólkið fleiri mánuðum áður en gengi er breytt, að það eigi að fella gengið. Hitt vissu allir menn, sem kunnugir voru útflutningsatvinnuvegunum, að gengið hlaut að falla, áður en langt um leið. Og persónulega leit ég þannig á, að það mundi ekki verða fellt fyrr en eftir áramót, en þá mundi það verða fellt eða lækkað til þess að koma frystihúsunum af stað, m. ö. o. til að fá hjólið til að snúast, því að það var við það að stöðvast, bæði fyrir iðnaðinn o. fl. En það er rétt, sem hv. 4. þm. Austf. hélt fram, að gengislækkun étur sig yfirleitt upp. Og þó að ég álíti, að hann fari nú ekki alveg rétt í smáatriðum með vissa hluti, eins og með að ríkið borgaði einhvern hlut af tryggingum af bátum og fleira var það nú eitthvað, þá var útreikningur hans í stórum dráttum réttur varðandi frystihúsin.

En það er ótalmargt, sem við gætum lækkað, ótalmörg útgjöld, sem snerta atvinnuvegina beint. Ég er ekki sammála hv. 3. þm. Vesturl. um það, að það eina, sem eftir sé af þessum júnísamningum, sé vísitalan á þessi húsnæðismálalán. Það er einkennilegt, hve margir virðast alltaf gleyma nema annarri hlið málsins, þ. e. þeirri, sem að launþegum snýr, og er ekkert nema gott um það að segja að líta sanngjarnlega á þeirra mál. En þeir eru fleiri en hinir. En það var bæði hækkað orlof og launaskattur, sem var laumað á atvinnurekendurna þá, og satt að segja var ég aldrei hrifinn af þessum samningi og álít vísitöluliðinn vera það sanngjarnasta í honum. En ég held, að úr því að á að afnema hann, væri nú þrifnaðarráð að afnema þetta allt saman, sem gert var þá, og taka þá alveg upp nýja samninga.

Það er fleira, sem snýr að okkur, einmitt að þinginu, sem er kannske hvað ranglátast í öllum þessum kaupgjaldsmálum. Og yfirleitt hefur það verið mín skoðun, að þegar ríkisvaldið fer að skipta sér af launamálunum, sé það yfirleitt frekar til ills en góðs. T. d. er engin sanngirni í þessu að borga orlof á hlut hálaunaðra manna eða umframvinnu. Fyrst var þetta bara miðað við dagvinnu og það er það eina eðlilega, að menn hafi á venjuleg laun orlof. Það má deila um, hvort það eigi að vera 6 eða 7%, en hitt er bara ranglátt, að menn hafi orlof á margföld laun og ástæðulítið. Þetta er t. d. einn liður.

Við getum tekið vökulögin. Það hefur aldrei neinn þorað að minnast á þetta. Það er alveg furðulegt, að það skuli aldrei hafa verið talað um að endurskoða þessi lög, af því að aðstaðan er gerbreytt. Það er sjálfsagt að láta fólkið hafa hvíldartíma og svefntíma, en vinnutilhögunin er orðin allt önnur en hún var, og m. a. aflinn miklu minni. Hvers vegna mega launþegar og atvinnurekendur ekki endurskoða þetta og vita, hvort þeir geti fengið hagkvæmari leið? Nú er verið að selja einn togara fyrir 1½ millj. í góðu lagi til Noregs, og mér var sagt, að það ætti að gera hann út með 16 mönnum. Hvaða vit er nú í því að láta þetta standa svona? Enginn þorir að tala um þetta. Vitanlega á ríkisstj. að hafa frumkvæði um að láta endurskoða svona lagað, að koma vinnunni fyrir á hagkvæmari hátt og gera reksturinn ódýrari. En svona er bara ótalmargt. Svo er ríkisvaldið að grípa inn í með löggjöf, sem verður svo úrelt kannske á fáum árum, og þetta er ekki endurskoðað — ekki lagað það, sem hægt er að laga. Það væri hægt að borga mönnunum, ef það væri hægt að koma vinnunni fyrir

haganlega á þessum skipum, reka þau með betri afkomu og láta hásetana hafa hærri laun, alveg eins og gert er í fiskiðnaðinum með ákvæðishlunnindi. Svona er þetta ótalmargt.

Ég taldi upp eitthvað 26 skatta einu sinni á útveginum. Svona helming af þeim sköttum væri hægt að afnema, og ég segi ykkur alveg satt, að þó að genginu sé breytt, þurfið þið ekki að ímynda ykkur, að kaupið lækki, það fylgir ekki. Það er ekkert gagn að því að afnema vísitöluna. Og þá er það þannig, að það er það mikið, sem atvinnuvegirnir verða að borga, að þetta fer allt í sama farið aftur eftir 1—2 ár. Hjólið fer í gang núna, það veit ég vel, en ef ríkisvaldið gerir ekkert til þess að létta sköttunum af fólkinu, e. t. v. má gera það að einhverju leyti með því að innheimta þá réttlátlegar en gert hefur verið, þá fer allt í sama farið eftir 1—2 ár aftur. Þá skeður aftur þetta sama, þessar sömu verkanir, sem alltaf fylgja gengislækkunum. Það örvar viðskiptin í bili. Hjólið heldur áfram að snúast, en það er tekinn af sparifjáreigendunum viss hluti af eignum þeirra, og það er stórfelldasti þjófnaður, sem á sér stað í einu þjóðfélagi. Það væri náttúrlega ekkert aukaatriði, ef Seðlabankinn vildi nú t. d. lækka vexti af stofnlánum ofan í það, sem þeir voru, áður en ráðstafanirnar voru gerðar 1960, ofan í t. d. 4%. Það væri ekki neitt lítill léttir.

Það er annað atriði, sem gæti vel komið til íhugunar fyrir okkur Íslendinga, og það er hreinlega að láta ríkið eiga fiskiskipin og útgerðarmennina borga vissa leigu, sem yrði tekin í gegnum afurðirnar sem nokkurs konar útflutningsgjöld. Nú er staðreynd í ár, að eigendur fiskiskipa geta ekki borgað afborganir og sennilega fæstir vexti heldur. Þannig er nú ástandið. Og væri það þá ekki eðlilegra, að annaðhvort yrðu vextirnir mjög lágir af þessum stofnlánum, þar sem það er algert skilyrði til þess að þjóðin geti lifað, að fiskiskipin séu rekin og síldarskipin, eða þá að almenningur ætti skipin. Hann á þau á vissan hátt, þótt útgerðin hafi náttúrlega verið skattlögð um framlag í Fiskveiðasjóð, sem veitir lánin, sem skipin eru borguð með. Ef þessi háttur yrði upp tekinn, yrðu skipin leigð þeim, sem reka þau, við mjög sanngjörnu verði. En á einhvern hátt verður að stuðla að því, að rekstrarkostnaður útvegsins verði minni en hann hefur verið, annars fer allt í sama farið aftur, og það þarf aftur að fella gengi og enn þá að ræna sparifjáreigendur. Og það er fyrst og fremst í valdi ríkisstj. og þeirra flokka sem hana styðja að laga það, sem áfátt er í þeim efnum.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það er nú ekki nóg með það, að þau frv., sem boðuð hafa verið sem fylgifé með gengislækkuninni, tínist hér fram eitt og eitt og Alþ. eigi þess engan kost að gera sér grein fyrir málinu í heild með skoðun á frv. öllum í senn, heldur bætist það ofan á, að það virðist vera alveg útilokað að fá svarað einni einustu spurningu um einstök efnisatriði málsins frá hæstv. ráðh. Ég vil þó freista þess að spyrja hérna um eitt eða tvö atriði.

Ég á sæti í fjhn. þessarar hv. d. og vissulega er það til nytja fyrir nefndarstörfin að fá sitthvað upplýst, sem máli skiptir. Í fyrsta lagi: Hvað er fyrirhugað að gera í sambandi við ákvæðin, sem tekin voru inn í húsnæðismálalánin eftir júní-samkomulagið, ákvæðin um vísitölutryggingu lánanna? Hvað er fyrirhugað að gera í þessu efni? Er það meiningin að láta þau standa áfram, þó að vísitölugreiðslur á laun séu afnumdar eða á að gera þarna á einhverja breytingu? Þetta var hið fyrra.

En hið síðara er varðandi verðlag á landbúnaðarframleiðslunni. Það hafa verið viss tengsl á milli þess og kaupgjaldsins í landinu eins og öllum hv. þm. er kunnugt. Og það væri fróðlegt nú þegar við meðferð þessa máls að fá að vita svona í stórum dráttum, hvað fyrirhugað er í þeim efnum, hvort einhver slík tengsl verða áfram eða hvort meiningin er að afnema þau. Og ef þau verða áfram, á hvern hátt þeim yrði þá fyrir komið. Hér er um tvíþætt atriði að ræða, annars vegar hvað snertir vinnulið í verðlagsgrundvelli, þ. e. a. s. kaupgjald bóndans þá fyrst og fremst, en það er mjög stór liður í grundvellinum og vinnuliðurinn allur er töluvert mikið meira en helmingur af kostnaði við búreksturinn. En þessi liður hefur í grundvelli verið látinn hækka ársfjórðungslega. Hins vegar er það þetta, hvernig verðhækkanir á rekstrarvörum landbúnaðarins eiga að koma inn í verðlagið. Það eru þessi tvö atriði, sem mig fýsir mjög að fá einhverjar upplýsingar um, ef kostur væri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:15 atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 83, n. 90 og 91, 92).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Fjhn. hefur haft frv. til athugunar, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hl. n. til, að það verði samþ. óbreytt, en minni hl. hefur skilað sérstöku áliti. Jónas Haralz hagfræðingur, forstjóri Efnahagsstofnunarinnar, mætti á fundi hjá n. og svaraði fsp. einstakra nm. og veitti þær upplýsingar, sem óskað var eftir varðandi málið og innan hans verkahrings eru. M. a. var óskað upplýsinga um útreikning fyrirhugaðra verðlagsuppbóta 1. des. n. k., og taldi hann þær vera, eins og fram kemur í grg. með frv., til að mæta auknum útgjöldum launþega til kaupa á vörum og þjónustu á því tímabili, sem þar um ræðir, eða þækkun samkv. nýja vísitölugrundvellinum vegna kaupa á vörum og þjónustu, en óbreytt að því er varðar fjölskyldubætur, nefskatta og húsnæðiskostnað.

Þá kom og fram fsp. varðandi vísitölu hinna svokölluðu húsnæðismálastjórnarlána veðdeildar Landsbankans. Forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar taldi sig ekki réttan aðila að svara því, en lét það í ljós, að sér sýndist, að sú kaupgjaldsvísitala, sem í gildi væri, t. d. 1. des., mundi einnig eiga við þar.

Samkv. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að laun og aðrar vísitölubundnar greiðslur að meðtalinni

verðlagsuppbót hækki frá 1. des. n.k. í hlutfalli við þá hækkun, sem verður á útgjöldum launþega til kaupa á vörum og þjónustu, eins og fyrr er sagt, á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. nóv. s.l. og mun það nema um 3½%, og er þá miðað við hinn nýja grundvöll kaupgreiðsluvísitölunnar. Að öðru leyti er efni frv. um nýjan vísitölugrundvöll framfærslukostnaðar, sem taki gildi í byrjun næsta árs, og að núgildandi lög um verðtryggingu launa verði numin úr gildi og sömuleiðis þau lagaákvæði, sem í gildi eru um útreikning núgildandi vísitölu framfærslukostnaðar. Með þeirri gengisbreytingu, sem þegar hefur komið til framkvæmda, hafa óneitanlega skapazt ný viðhorf. Gerir frv. þetta ráð fyrir, að verulega sé gengið til móts við það sjónarmið launþegasamtakanna, að verðlagsuppbót skuli greiðast 1. des. vegna þeirra verðhækkana, sem átt hafa sér stað á undanförnum mánuðum, og gerir frv. ráð fyrir, að verðlagsuppbót þessi gildi þar til annað kann að verða ákveðið með samningum stéttarfélaga og samtaka vinnuveitenda.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessa framsögu lengri, en eins og ég sagði í upphafi mælir meiri hl. fjhn. með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur hér fram komið, varð fjhn. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Við erum þrír, sem skipum minni hl. fjhn., ég og tveir fulltrúar Framsfl. í fjhn., þeir hv. 5. þm. Austf. Vilhjálmur Hjálmarsson og 1. þm. Norðurl. v. Jón Kjartansson.

Við erum andvígir frv. og viljum fella það, ef ekki fást gerðar á því mjög verulegar breytingar.

Það hefur ekki unnizt tími til að prenta nál. okkar eða útbýta því hér, en það hefur verið vélritað og ég vil því leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þetta nál., sem er á þessa leið:

„Með frv. þessu gerir ríkisstj. tvær aðaltill. til breyt. á gildandi l. um verðtryggingu launa. Í fyrsta lagi leggur hún til, að verðlagsuppbótum á laun og aðrar vísitölubundnar greiðslur verði breytt þannig 1. des. n.k., að þær miðist við nýja vísitölugrundvöllinn, þó með nokkrum breytingum. Skv. því munu verðlagsuppbætur á laun hækka um 3.39% 1. des. n.k. Hefði eldri vísitölugrundvöllurinn verið áfram í gildi, hefði verðlagsuppbótin orðið rúmlega 6%.

Í öðru lagi leggur ríkisstj. til skv. þessu frv., að eftir 1. des. verði hætt að reikna út kaupgjaldsvísitölu og fellt verði úr l. ákvæði um vísitölubætur umfram það, sem ákveðið verður 1. des. Frv. gerir þó ráð fyrir, að stéttarfélög og vinnuveitendur geti gert samninga um breytingar á kaupi og einnig um vísitöluuppbætur á kaupgreiðslur.

Frv. miðar því í þá átt, að tekin verði upp sömu vinnubrögð af hálfu ríkisstj. varðandi kaupgjaldsmál og hún tók upp í upphafi viðreisnarinnar árið 1960, þegar hún beitti sér fyrir, að bannað var með l., að launagreiðslur væru bundnar við verðlagsvísitölu.

Afleiðingar þeirrar stefnu urðu fyrst þær, að kaupmáttur launa fór síminnkandi, en síðar upphófust miklar vinnudeilur og framleiðslustöðvanir.

Á miðju ári 1964 var svo komið, að verðlag í landinu hafði hækkað um 87% frá febr. 1960 og viðurkenndi ríkisstj. þá loksins, að kauplækkunarstefna hennar og bannið við vísutöluuppbótum á laun fengi ekki staðizt.

Það má því furðulegt teljast, að ríkisstj. skuli enn á ný reyna að taka upp sömu stefnu í kaupgjaldsmálum og í upphafi viðreisnar, svo hörmulega sem sú stefna reyndist í framkvæmd.

Minni hl. fjhn. er algerlega andvígur þessu frv. og vill fella það, fáist ekki á því mjög verulegar breytingar.

Minni hl. flytur nokkrar brtt. við frv. á sérstöku þskj. Meginefni þeirra er það, að upp verði tekin í frv. ákvæðin um vísitölubætur á laun og lífeyrisgreiðslur úr l. um verðtryggingu launa frá 1964."

Brtt. þær, sem við flytjum síðan við frv. á sérstöku þskj., eru þessar, sem ég nú skal gera grein fyrir; en það hefur auðvitað ekki unnizt tími til að prenta þessar brtt. og útbýta þeim, og verður því að nægja, að þær séu hér lesnar upp.

Við leggjum til, að tvær breyt. verði gerðar á 1. gr. frv.

Í fyrsta lagi, að síðasti málsl. 1. gr. falli niður, en þar stendur nú: „Gildir þetta, þar til annað hefur verið ákveðið með samningum stéttarfélaga og samtaka vinnuveitenda."

Í öðru lagi leggjum við til, að ný mgr. bætist við þessa 1. gr., svo hljóðandi: „Frá 1. des. 1967 skulu lögboðnar bætur lífeyristrygginga skv. l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og síðari breytingum á þeim l. hækka um 7% umfram bætur skv. 1. mgr. Hækkun fjölskyldubóta skal þó bundin við bætur vegna barna umfram eitt í hverri fjölskyldu."

Ég vil gera nokkra grein fyrir þessari till. nú um leið. Eins og hv. alþm. hafa áttað sig á, er gert ráð fyrir í 1. gr. frv., að launamenn fái verðlagsuppbætur á laun sín 1. des. n.k., sem talið er að muni nema 3.39%. En það er greinilegt, að hér er um minni bætur að ræða en sem svarar þeim verðhækkunum, sem munu ganga yfir nú á næstunni eða fram til 1. marz, því að talsvert miklar hækkanir hafa þegar verið boðaðar auk þeirra hækkana, sem munu síðan leiða af gengislækkuninni sjálfri.

Þegar hið fyrra frv. ríkisstj. um sérstakar ráðstafanir í efnahagsmálum var hér til umr. og var komið til 3. umr., hafði meiri hl. fjhn., sem styður ríkisstj., fallizt á að gera þá breyt. við það frv. að ætla lífeyrisþegum, ellilaunafólki og öryrkjum nokkuð meiri bætur en almennum launþegum var ætlað skv. því frv., en þá var þar talað um 5% uppbætur til þessa fólks. Okkur þykir því réttmætt að ákveða það hér, að um leið og almennir launþegar eiga að fá skv. þessari gr. launauppbót, sem nemur 3.39%, þá sé jafnframt ákveðið, að ellilaunafólk og öryrkjar og aðrir þeir, sem svipað er ástatt um, skuli fá aukauppbætur, sem nemur 7%. En um það fjallar sem sagt þessi till. okkar.

Þá gerum við í öðru lagi till. um, að á eftir 2. gr. komi þrjár nýjar gr.

Í fyrsta lagi komi ný gr., svo hljóðandi:

„Greiða skal verðlagsuppbót á laun og aðrar greiðslur fyrir unnin störf skv. nánari fyrirmælum þessara laga. Sama gildir um bætur greiddar í peningum skv. l. nr. 40/1963, um almannatrygg-

ingar, með áorðnum breytingum þótaupphæða, svo og um bætur skv. l. nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar. Enn fremur skal greiða verðlagsuppbót á greiðslur til einstaklinga á 18. gr. fjárlaga og á lífeyri úr lífeyrissjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða ríkisfyrirtæki greiða iðgjöld til. Skal hlutaðeigandi lífeyrissjóður greiða verðlagsuppbótina gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþegi tók laun sín hjá. Verðlagsuppbót greiðist ekki á lífeyrisgreiðslur, er sjálfkrafa fylgja breytingum launa, sem verðtryggð eru skv. fyrirmælum þessara laga.

Fyrirmæli þessara l. taka til kauptrygginga bátasjómanna og til vinnulauna, sem greidd eru skv. uppmælingar- og öðrum ákvæðisvinnutöxtum, enda séu þeir ákveðnir í kjarasamningum stéttarfélags, sem í hlut á, eða miðaðir við kjarasamninga sömu starfsgreina annars staðar.

Fyrirmæli þessara laga taka ekki til launa, sem greidd eru í öðru en peningum, og ekki heldur til fjárhæða, sem launþegar fá greiddar vegna útgjalda, sem fylgja starfi þeirra. Sama gildir um laun, sem ákveðin eru sem hundraðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti."

Það skal tekið fram um þessa till. okkar, að hún er orðrétt ákvæðin úr l. um verðlagsbætur á laun frá 1964. Við viljum sem sagt, að tekið sé hér upp í þetta frv. meginatriðið úr þeirri löggjöf, sem slær því föstu, að greiða skuli verðlagsuppbætur á laun og launakjör og á lífeyrisgreiðslur og bætur úr tilteknum tryggingasjóðum, eins og atvinnuleysistryggingasjóði og öðrum slíkum.

Þá leggjum við til, að enn verði bætt við nýrri gr., sem þá yrði 4. gr. frv., svo hljóðandi:

„Kauplagsnefnd skal reikna kaupgreiðsluvísitölu eftir vísitölu framfærslukostnaðar skv. 2. gr., þó á þann hátt, að miðað sé við útgjöld launþega til kaupa á vörum og þjónustu, sbr. 1. gr.

Kaupgreiðsluvísitala sú, sem um ræðir í fyrri mgr. þessarar gr., reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar 1. nóv., 1. febr., 1. maí og 1. ágúst og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun næstu 3 mánuði, frá byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, í fyrsta sinn frá 1. marz 1968."

Skv. þessari gr. viljum við slá því föstu, að útreikningur á kaupgjaldsvísitölu skuli vera með þeim hætti, að hún skuli miðuð við hinn nýja vísitölugrundvöll framfærslukostnaðar, þó með því fráviki, sem miðað er við í 1. gr. frv., eins og það liggur hér fyrir. Og síðan leggjum við til, að kaupgjaldsvísitalan, þannig útreiknuð, komi fyrst til framkvæmda 1. marz 1968. Við göngum sem sagt út frá því, að verðlagsuppbót yrði nú 1. des. eins og gert er ráð fyrir í frv. á almenn laun, en síðan tæki við kaupgjaldsvísitala 1. marz á næsta ári miðuð við nýja vísitölugrundvöllinn með sama fráviki og gert er ráð fyrir í 1. gr. frv.

Þá leggjum við til, að enn bætist við ný grein, sem verður þá 5. gr. frv., og sú grein sé þannig:

„Vinnuliðir verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara skulu hækka eða lækka skv. breytingum vísitölu eftir sömu reglum og um ræðir í 2. og 4. gr. og afurðaverð til bænda breytast um leið til samræmis. Þó skal slík breyting á vinnuliðum verðlagsgrundvallar ekki eiga sér stað, nema skv. ósk fulltrúa framleiðenda eða fulltrúa neytenda í Sexmannanefnd."

Þessi gr. er svo til eins og hliðstæð gr. er í gildandi l.

Þetta eru þær brtt., sem við leggjum til, að samþykktar verði við frv.

Ég vænti nú, að hv. alþm. hafi áttað sig á þessum breytingum, þó að þær hafi ekki verið prentaðar og þeim ekki útbýtt, en meginatriðin eru: Við viljum ganga inn á, að verðlagsuppbót á laun verði reiknuð á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv. Við viljum þó ekki slá því föstu, eins og er í 1. gr., að það ástand skuli standa áfram, þar til kaupgjaldssamningar hafa breytt því ákvæði. Við teljum, að það atriði eigi aðeins að standa þetta verðlagstímabil, sem er frá 1. des. til 1. marz. Við teljum réttmætt að ákveða nokkru hærri bætur en gert er ráð fyrir í 1. gr. til lífeyrisþega, sem búa við lág laun, og síðan viljum við á eftir því, sem ákveðið er í frv., að hinn nýi framfærsluvísitölugrundvöllur verði lögfestur, slá því föstu, að skv. honum eigi eftirleiðis að reikna út kaupgjaldsvísitöluna með sama fráviki og er frá honum ákveðinn í 1. gr. frv. Og við viljum slá því föstu í frv., að það sé skylda að greiða verðlagsuppbætur á kaup og launagreiðslur alveg á svipaðan hátt og því var slegið föstu í l. frá 1964 um þetta efni. Og við viljum, að sömu ákvæði verði í gildi í sambandi við hreyfingu á launalið bóndans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins, eins og hefur verið í l., að hann sem sagt breytist skv. vísitölu eins og önnur laun.

Þetta eru nú meginatriðin í þessum till. okkar. Ég vil svo leggja fram þessar brtt., sem verða að leggjast fram skriflegar, þegar svona stendur á, og afhenda þær hæstv. forseta. Og þá einnig um leið nál. það, sem við höfum lagt fram.

Örfá fleiri orð vildi ég segja hér.

Jónas Haralz mætti á fundi fjhn. til þess að gefa nokkrar upplýsingar um þessi mál og reyndar um meira en það, sem felst beint í þessu frv., nokkur atriði varðandi gengislækkunarmálið sem heild. Þótt þær upplýsingar, sem hann gat gefið okkur, væru mjög takmarkaðar, komu þar fram nokkur atriði, sem rétt er, að hér komi fram.

Jónas Haralz var að því spurður, hvað hann byggist við, að miklar verðlagshækkanir leiddi af gengislækkunarákvæðunum. Taldi hann, að búast mætti við því, að verðlagshækkanir yrðu, eins og hann orðaði það, a. m. k. 8%. Kemur því hér í ljós það, sem ég og fleiri höfðum sagt hér fyrr í umr. um þetta mál, að það mundi heldur vægilega til orða tekið eða útreiknað, að verðhækkanirnar yrðu aðeins 6—7%. Nú telur Jónas sem sagt, að afleiðingarnar yrðu ekki minna en a. m. k. 8%, en játaði þó, að hér væri auðvitað um vandasama útreikninga að ræða og mjög erfitt að segja með nokkru öryggi fyrir um það, hverjar afleiðingarnar yrðu í verðlaginu.

Ég hygg því, að allt bendi til þess, að hér verði a. m. k., eins og Jónas Haralz sagði, um 8% almenna verðhækkun að ræða, en sennilega þó mun meiri. Það kom líka fram, að ráðgert er, að halda verði áfram við allar fyrri till. ríkisstj. um efnahagsráðstafanir, nema aðeins farmiðaskattinn. Reiknað er með því, að öll önnur atriði verði lögfest, einnig fasteignaskatturinn, og er

þá alveg sýnilegt, að það er gert ráð fyrir því skv. þessu, að tekjur ríkissjóðs muni aukast á næsta ári vegna þeirra till. um það bil um 700 millj. kr. Og þar sem einnig er gert ráð fyrir því, að ríkið taki nú til sín um 300 millj. kr., sem áttu skv. fyrri till. að renna til sjávarútvegsins, er augljóst mál, að tekjur ríkissjóðs munu aukast skv. þessu um ekki minna en 1000 milljónir króna eða 1 milljarð. Og þá koma enn þar til viðbótar þær tekjur, sem ríkissjóði munu leggjast til vegna gengislækkunaráhrifanna, þ. e. a. s. vegna þess að tolltekjurnar munu verða meiri, söluskattstekjurnar meiri, en um þetta atriði er ekki gott að segja, því að Jónas Haralz upplýsti, að enn væri alveg óvíst um það, að hve miklu leyti tollstigum skv. tollskrá yrði breytt, en unnið hefði verið að athugun á þeim málum. Einnig sagði hann, að alveg væri óvíst, hvað gert yrði með söluskattinn, hvort honum yrði haldið óbreyttum að hundraðshluta til eða hvort þar gæti verið um einhverja breytingu að ræða. Hins vegar taldi Jónas, að rýmri fjárhagur ríkissjóðs mundi veita aðstöðu til þess að lina eitthvað áhrif verðlagshækkunar af völdum gengislækkunarinnar. Það er sem sagt alveg óráðið mál, hvað í því verður gert, um það hafa ekki fengizt neinar upplýsingar. En þó hefur það verið sagt hér áður við alþm., að talið sé svo til útilokað að greiða niður vöruverð eftir hinum nýja vísitölugrundvelli. Talið er, að niðurgreiðsla á hverju vísitölustigi muni kosta 127 millj. kr., en þó má vera, að til slíks verði gripið, en fleiri ráð geta hér auðvitað komið til greina.

Þá skal ég einnig upplýsa það, að það kom fram í viðtali í n. við Jónas Haralz, að hann taldi fyrir sitt leyti, að það væri mjög eðlilegt, að ráðstafanir yrðu gerðar til þess, að kjör framleiðenda þeirra, sem framleiða vörur eftir gengisbreytingardag, yrðu ekki verri en kjör þeirra, sem framleitt hafa vörur fyrir gengisbreytingardaginn. Og hann taldi, að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir með l. til þess að draga úr þeim aukakostnaði, sem þeir yrðu fyrir með hækkuðum flutningsgjöldum og með auknum rekstrarkostnaði. Það yrði sem sagt að taka tillit til þess arna, enda er alveg augljóst mál, að ef ekki verða gerðar ráðstafanir í þá átt, munu framleiðendur draga að sér höndina, ef þeir eiga að búa þar við miklu lakari kjör en áður hefur verið, eins og mundi koma út í sumum tilfellum með þá framleiðslu, sem um er að ræða nú í desembermánuði. Þar sem t. d. umbúðir og annar tilkostnaður er stór liður í framleiðslunni og þær verða að greiðast á hinu nýja gengi, gæti beinlínis verið um hreinan og stórfelldan taprekstur að ræða, ef það ætti að halda sér við það orðalag á þessu, sem enn er fest í lögum.

Ég skal svo, held ég, ekki orðlengja frekar um þetta. Ég tel, að allgreinilega komi fram hér sá skoðanamunur, sem er á milli meiri og minni hl. um afgreiðslu málsins, og hér hafa þegar farið fram allmiklar umræður um málið, og ég sé því ekki ástæðu til að orðlengja um málið frekar.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Af því að frsm. minni hl. fór að vitna í þær viðræður, sem áttu sér stað við forstjóra Efnahagsstofnunarinnar á fundi fjhn., hygg ég, að ekki hafi verið um slíkar fullyrðingar frá hans hendi að ræða, að hann hafi ætlazt til, að það yrði gert hér að staðhæfingum af hans munni, því að hann hafði á því ýmsan fyrirvara. M. a. benti hann á það í sambandi við verðhækkunina, að þetta færi vissulega eftir því, hvort breyting yrði á því, hvaðan vörur yrðu keyptar til landsins. Ef meira magn yrði eftirleiðis flutt inn frá þeim löndum, sem fylgt hafa sterlingspundinu einvörðungu, kæmi það að vísu til álita líka og hefði sín áhrif. En ég skildi þetta þannig, að þarna væri ekki um neinar fullyrðingar eða yfirlýsingar frá hans hendi að ræða, heldur væru þetta aðeins almennar umr., sem ýmislegt gat haft áhrif á, eftir því sem orð féllu þarna, bæði þetta og annað fleira. Ég gat þess einnig, að ég hefði átt viðræður við fjmrh. varðandi efnahagsfrv. og framkvæmd þess og gat þess, að hann hefði tjáð mér, að það mál væri allt í athugun og ekkert hægt um það að segja á þessu stigi. Þetta kom einnig fram á fundi nefndarinnar.

ATKVGR.
Brtt. 92,1. a felld með 18:15 atkv.
— 92,1. b felld með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BP, EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS, IG, VG, LJós, MK, SE, JK, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ.
nei: BF, BK, BBen, BGuðm, BrS, EmJ, ÁP, GuðlG, GunnG, GÞG, JóhH, JP, AJ, PJ, PS, SI, SvJ, BGr.
6 þm. (HV, IngJ, JónasÁ, MB, SP, SB) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 18:15 atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JP, MB, AJ, PJ, PS, SI, SvJ, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, BrS, EmJ, ÁP, GuðlG, GunnG, GÞG, JóhH.
VG, LJós, MK, SE, JK, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS, IG greiddu ekki atkv.
5 þm. (JónasÁ, SP, SB, HV, IngJ) fjarstaddir.
Brtt. 92,2 felld með 19:15 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 18:15 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:10 atkv.

Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:15 atkv. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., 28. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur hlotið greiðan framgang í hv. Nd., þó að um það sé eðli málsins samkv. mikill efnislegur ágreiningur og vona ég, að þó að slíkur ágreiningur sé vafalaust einnig fyrir hendi í

þessari hv. d., þá greiði hún fyrir því, að málið fái skjóta afgreiðslu.

Undanfarnar vikur hefur verið um það mikill ágreiningur, hvort greiða ætti verðlagsuppbót vegna þeirra verðhækkana, sem urðu í októbermánuði, þegar ríkisstj. taldi sér óhjákvæmilegt að hætta við niðurgreiðslur á nokkrum landbúnaðarafurðum og gerði aðrar ráðstafanir til að tryggja hag ríkissjóðs og standa á móti óeðlilegum verðsveiflum í landinu. Nú hefur orðið samkomulag, ef svo má segja, um það, að þessi ágreiningur leysist nú, hinn 1. des., með þeim hætti, sem í fyrri hl. 1. gr. þessa frv. segir, að þessar verðhækkanir verði bættar upp hinn 1. des., en samkv. þeim reglum, sem liggja til grundvallar nýrri vísitölu, sem unnið hefur verið að að undanförnu og verkalýðshreyfingin hefur að athuguðu máli talið sér til frambúðar hagkvæmari en þá vísitölu, sem hingað til hefur gilt. Af hálfu ríkisstj. er því að vísu yfir lýst, að hún óttast að nokkru afleiðingar þeirra kauphækkana, sem með þessu móti verða, að þær muni skapa aukna hættu á verðþenslu og gera atvinnuvegunum erfitt fyrir. Hins vegar, eftir að vitað var, að gengisfelling var óumflýjanleg vegna þeirrar atburðarásar úti í heimi, sem við ekki réðum með nokkru móti við, þá má segja, að atvinnuvegunum hafi skapazt svigrúm til þess, a. m. k. um sinn, að geta greitt þessa kauphækkun, enda er á það að líta, að verðlag hefur staðið óbreytt frá því í ágúst 1966, og nú má segja, að tímamót séu, og er þá mikils um það vert, að hið nýja tímabil geti hafizt án þess að því séu samfara, a. m. k. þegar í upphafi, stórkostlegar deilur, sem mjög mundu draga úr líkum fyrir því, að þessi tilraun takist.

Með þeirri kauphækkun, sem hér er gerð till. um, skapast aftur á móti eins konar hlé, sem gerir mögulegt, að kannað sé til hlítar, hvort fram hjá stórátökum verði komizt. Að öllu athuguðu er ekki vafi á, að það er ekki einungis verjanlegt, heldur hyggilegt að gera þær ráðstafanir, sem í fyrri hl. 1. gr. segir. Eins hygg ég, að það sé enginn ágreiningur um 2. gr. frv., sem ætlast til þess, að áfram haldi útreikningur framfærsluvísitölunnar. Hvað sem verður um sjálfkrafa hækkun kaupgjalds, þá er það eðlileg hagfræðileg upplýsing, að gögn séu fyrir hendi um, hvílíkar verðlagsbreytingar séu í landinu og er þá ætlazt til, að fylgt sé þeim sömu meginreglum, sem ég gat áður um og segja má, að aðilar hafi nú komið sér saman um, að gefi réttari mynd en þær gömlu reglur, sem fylgt var.

Af því leiðir einnig ákvæði 3. gr., að hætt er við útreikninginn skv. þeim gömlu reglum.

Hins vegar er ágreiningur í sambandi við þetta frv. um síðustu málsgr. 1. gr. og það ákvæði 4. gr., að verðtryggingarlögin frá 1964 falli úr gildi. Það hefur verið hafður ýmislegur háttur á reglum um verðlagsuppbætur á undanförnum árum. Stundum hafa þær verið lögboðnar, í öðrum tilfellum hafa þær verið beinlínis lögbannaðar. En þegar þannig stendur á, að samningar um sjálft grunnkaupið eru frjálsir, þá virðast þessar sérreglur um verðlagsuppbæturnar sannast að segja vera þýðingarlitlar, vegna þess að þá geta aðilar komið sér saman um að draga mjög úr áhrifum þeirra, a. m. k. er það ljóst varðandi það, að þær eigi algjörlega að banna. Reynslan hefur sýnt, að ef slíkt bann er lögboðið, þá hafa aðilar því oftar samið um grunnkaupshækkanir og með þessu móti ýtt undir óstöðugleika í verðlagi, sem menn vildu koma í veg fyrir með þessu banni á sjálfkrafa hækkunum vegna vísitölu. Þess tjáir ekki að dyljast, að vegna gengislækkunarinnar fer í hönd mikill verðbreytingatími. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt, að allt verði gert, sem hægt er, bæði til þess að halda niðri almennu verðlagi á þessu tímabili og eins að gera ráðstafanir, sem leiði til þess, að verðhækkanir komi eins lítillega niður á þeim, sem lakast eru staddir í þjóðfélaginu, og unnt er. Þvílíkar ráðstafanir vona ég, að samkomulag geti orðið um, en hins vegar hefur ríkisstj. talið, að á þessum tíma, meðan þessi verðbreytingaalda stendur yfir, væri það hættulegt að hafa ákvæði um sjálfkrafa kauphækkanir vegna vísitöluhækkunar, en eins væri þýðingarlítið að banna þetta, vegna þess að ef aðilar vilja ekki lúta slíku banni, þá geta þeir farið í kringum það. Þess vegna ber að leggja á það höfuðkapp, að aðilar geti komið sér saman um þetta mál, fundið með samningum einhverja þá lausn, sem báðum aðilum sé fullnægjandi. Vafalaust tekst það ekki örðugleikalaust, en sökum þeirrar nauðsynjar, sem fyrir hendi er, þá má engan veginn fyrir fram telja vonlaust, að slíkt geti tekizt.

Því hefur stundum verið haldið fram, að ef nú væru felld niður ákvæðin um verðtryggingu kaups, sem sett voru 1964, þá væri þar með verið að brjóta hið svokallaða júní-samkomulag. Þetta fær ekki með nokkru móti staðizt, bæði er það í ósamræmi við orðalag samkomulagsins sjálfs, sem undirritað var hinn 5. júní 1964, og eins brýtur það mjög í bága við þær yfirlýsingar, sem ég gaf, þegar ég mælti með verðtryggingarfrv. á Alþ. í okt. 1964. Hitt verður svo að játa, að það er auðvitað harðhent ákvörðun, sem menn taka ekki nema til knúnir, að fella slík ákvæði úr gildi varðandi liðinn tíma, eins og menn töldu sig að nokkru leyti til knúna með frv. um efnahagsaðgerðir, sem miklar deilur hafa staðið um að undanförnu. Ég tel það mikinn kost, að með þeim till., sem hér liggja fyrir, komast menn fram hjá þeim deilum, sem þá höfðu upp risið. Nú er ekki hægt að segja, að komið sé nokkrum að óvörum, heldur hafa aðilar það algjörlega í eigin hendi að gera þær ráðstafanir, sem þeir telja nauðsynlegar sjálfum sér til öryggis. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um frv. Ég legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Þetta frv. er borið fram við þær aðstæður, að Alþ. og þjóðin öll í raun og veru standa frammi fyrir þeim orðna og óbreytanlega hlut, að gengi gjaldmiðilsins hefur verið fellt um tæp 25% með ákvörðun ríkisstj. og bankastjórnar Seðlabankans. Ein af mörgum afleiðingum þessarar miklu gengisfellingar og sú, sem raunar var auðsæjust fyrir, er sú, að allt verðlag í landinu mun hækka gífurlega mikið, fyrst verðlag allra innfluttra vara og erlendrar þjónustu, sem keypt er, en brátt mun svo sú hækkun þrengja sér inn í allt verðmyndunarkerfið, svo mjög sem það er háð verðlagi innflutningsins, og valda þar, áður en lýkur,

jafnmikilli hækkun eða jafnvel meiri, ef að reynslu og líkum lætur.

Að mati hæstv. ríkisstj. og sérfræðinga hennar mun gengisfellingin ein leiða til allt að 8% almennrar verðhækkunar á tiltölulega skömmum tíma eftir mælikvarða þeirrar nýju vísitölu, sem nú á að taka upp. Þessari hækkun til viðbótar eru nú þegar komnar fram verðhækkanir vegna þeirrar ákvörðunar ríkisstj. í s. l. mánuði að fella niður 410 millj. kr. niðurgreiðslur á landbúnaðarvörur o. fl. og mælir sú hækkun nú 3.39%, en þá eru ekki enn fram komnar hækkanir, sem áætlaðar hafa verið um 1% samkv. vísitölu og leiða mun af ráðstöfunum, sem ákveðnar voru í sama mund og niðurfelling niðurgreiðslnanna. Nýorðnar verðlagshækkanir að viðbættri hækkun vegna gengisfellingarinnar yrðu þá samanlagt ca. 12½% samkv. mati nýju vísitölunnar og áætlunum ríkisstj. Þessar hækkanir mundu allar eða svo að segja allar ganga yfir á u. þ. b. hálfu ári og munu sjaldan eða aldrei aðrar eins verðlagshækkanir hafa átt sér stað á jafnskömmum tíma, og má þó telja víst, að allar áætlanir að þessu lútandi séu ákaflega varlega gerðar.

Í fyrsta lagi mun gengið út frá þeim hækkunum einum, sem beint reikningslega leiða af þessum ráðstöfunum öllum, en löng reynsla er fyrir því, að innflytjendur, smásalar og hvers konar milliliðir, notfæra sér slíkar kollsteypur með margvíslegum hætti til þess að auka sinn hlut og ná til sín í leiðinni auknum ágóða. Svo mikið er víst, að ekki mun þá skorta til þess viljann.

Í annan stað mun svo reiknað með því, að laun haldist óbreytt, svo sennilegt sem það er, ef slíkri flóðbylgju dýrtíðar er skellt yfir launastéttirnar í einu vetfangi. Það má þess vegna með mikilli vissu fullyrða, að verðlagshækkanir verði miklum mun meiri en þessar áætlanir sýna, jafnvel þótt gengið væri út frá því, að kaupgjald stæði í stað. Þykir mér harla ótrúlegt, að hér verði, þótt sú forsenda sé gefin, um minna en 15—16% hækkun almenns verðlags að ræða, a. m. k. ef ekki verður gripið til alveg sérstakra nýrra ráðstafana til þess að hafa taumhald á verðmyndunarkerfinu. En í dag verður litlu eða engu um það spáð, hvernig þar tekst til. Í því sambandi dylst þó sjálfsagt fáum sú reynsla, sem fengizt hefur á undanförnum árum, um undanlátssemi núv. hæstv. ríkisstj. við verzlunar- og milliliðastéttina, sem ég tel óhikað, að sé ein höfuðorsök þess, hvernig nú er komið í okkar efnahagsmálum, þ. e. þess ástands, sem ríkisstj. metur nú svo, að óhjákvæmilegt sé að fella gjaldmiðilinn í þriðja skiptið á 7 ára valdatíma hennar. Þetta fylgifrv. gengisfellingarinnar verður að skoðast í ljósi þessara staðreynda um þær miklu verðlagshækkanir, sem nú munu næstu dagana og næstu mánuðina dynja yfir þjóðina. Meginefni þess má skipta í tvennt. Annars vegar er það ákvæði, sem tryggja á verðbætur á laun nú 1. des. n. k. fyrir þær hækkanir, sem orðið hafa frá 1. ágúst s. l. samkv. mati nýju vísitölunnar. Hins vegar sú fyrirætlan að fella úr gildi lög um verðbætur launa og taka upp þá meðferð þeirra mála, að um þær verði samið milli hagsmunasamtaka launþega og vinnuveitenda.

Um fyrra atriðið er það að segja, að það fullnægir að þessu sinni og í bili þeim kröfum, sem verkalýðssamtökin settu fram í sambandi við hið fyrra efnahagsfrv. ríkisstj., þ. e. a. s. þeirri kröfu, að fullar bætur kæmu fyrir þær verðhækkanir, sem leiddu af brottfalli niðurgreiðslna, en eins og alkunnugt er, var það fyrsta hugmynd ríkisstj. að engar bætur kæmu þar í móti, en síðari fyrirætlanir eða tilboð, að hluti þeirra kæmi á 1½ ári, í þrjú skipti. Eftir að Alþýðusambandið hafði lýst yfir ákvörðun sinni um að hvetja verkalýðsfélögin til að undirbúa allsherjarverkfall 1. des. n. k., og gengisfall pundsins kom svo sem happ fyrir ríkisstj. af himni sent, féll hún frá þessari ætlun sinni og bauð nú samhliða gengisfellingunni fullar vísitöluuppbætur 1. des. fyrir þá orðnar hækkanir.

Þegar verkalýðsfélögin boðuðu aðgerðir sínar 1. des., var afstaða þeirra fyrst og fremst mótuð af þeirri ákvörðun ríkisstj. að fella niður verðbætur þann dag, og voru kröfur þeirra í því sambandi ekki aðrar að sinni en þær, að laun yrðu þá hækkuð til jafns við þá fyrirhuguðu skerðingu vísitölunnar. Var þá heldur ekki ljóst, að til gengisfellingar drægi og enn síður, hver kjaraskerðing henni yrði samfara.

Með tilliti til þessa var það samhljóða álit miðstjórnar Alþýðusambandsins á fundi hennar s. l. föstudag, að aflýsa bæri boðuðum vinnustöðvunum 1. des., þar sem fyrir lá ákvörðun ríkisstj. um að tryggja fullar bætur að því sinni fyrir þær verðlagshækkanir, sem orðið hefðu. Hér var ekki, eins og sums staðar hefur verið haldið fram og raunar örlaði á í ræðu hæstv. forsrh., um neins konar samninga eða samkomulag að ræða, heldur stóð stjórn Alþýðusambandsins aðeins frammi fyrir þessum orðna hlut og tók sínar ákvarðanir í samræmi við það til bráðabirgða. En ég legg áherzlu á það, að hér var ekki um neins konar samning í venjulegum skilningi þess orðs að ræða.

Þessa ákvörðun um aflýsingu vinnustöðvana ber heldur auðvitað alls ekki að skoða sem neins konar undanhald frá þeirri meginkröfu samtakanna, að kaupgjald hverju sinni þurfi og eigi að miðast að einhverjum samningsbundnum eða lögfestum hætti við verðlag eða verðlagsbreytingar. Ætti það raunar að vera auðskilið hverjum manni, að samningar um kaup og kjör hafa því í raun og veru harla lítið gildi fyrir þá, sem laun taka, ef ekki er um slíka verðviðmiðun að ræða og þá auðsæilega allrasízt á tímum stórfelldra verðbreytinga þeirra vara og þjónustu, sem enginn fær umflúið að gjalda fyrir með launum sínum. Festing slíkra samninga án ákvæða um einhvers konar verðviðmiðun til lengri tíma og jafnvel til skamms tíma er vitanlega hin mesta fásinna. Tilgangur allra kaupsamninga launamanna er vitanlega sá og sá einn, að tryggja a. m. k. eitthvert lágmarksraungildi og helzt fullt raungildi þeirra launa, sem um er verið að semja. Stoðar því í raun ekkert að semja um ákveðna fjárupphæð launa, ef allt leikur á lausu um það, hvaða gæði verða fyrir slíka upphæð keypt, hvort heldur er til matfanga, klæða, húsnæðis eða annarra nauðþurfta. Afnám verðviðmiðunar kaupgjalds jafngildir því í raun réttri að útiloka gerð kaupgjaldssamninga nema þá í hæsta lagi til örstutts tíma í senn, og á þetta þó alveg sérstaklega við, þegar um miklar verð-

breytingar er að ræða eins og þær, sem nú eru fram undan.

Ef slíkt ástand skapast, býður það heim margháttuðum vandkvæðum og þó tveimur helztum. Í fyrsta lagi fullkominni óvissu á vinnumarkaðinum, jafnt fyrir vinnuseljendur sem vinnukaupendur, þar sem enginn veit stundinni lengur, hvert kaupgjaldið verður. Er fullljóst að mínu viti, að öllu afkomuöryggi launafólks er með slíku stefnt í algera tvísýnu og atvinnurekendur geta heldur ekki haft uppi neinar fyrirætlanir um rekstur eða framkvæmdir, sem á neinum öruggum grundvelli verða reistar. Afleiðingin verður óhjákvæmilega glundroði og upplausn, tíðar *kjaradeilur, vinnustöðvanir, skæruhernaður*, tilviljunarkennd yfirboð til einstakra hópa launþega, rekstrartruflanir. Í þessum efnum ætti reynslan frá 1960—1964 að vera slíkt víti til varnaðar, að engum, sem ber öryggi á vinnumarkaðinum fyrir brjósti, ætti að koma til hugar að skapa slíkt ástand aftur, ástand, sem aðeins á einu ári, 1963, leiddi til þriggja erfiðra vinnudeilna og lyktaði með allsherjarverkfalli í árslokin, en verðlag fór allt úr skorðum í enn ríkara mæli en nokkra nauðsyn bar til.

Þegar júní-samkomulagið var svo gert 1964, var það líka orðin skoðun a. m. k. sérfræðinga hæstv. ríkisstj. og trúlega hennar sjálfrar einnig, að lögbann við greiðslu verðlagsuppbóta væri sýnu verra úrræði en það að hafa í gildi fasta og lögskipaða verðviðmiðun, og var farið að í samræmi við þá skoðun, sem þá hafði skapazt út frá reynslunni og með þeim árangri, að mjög dró úr verðþenslu næstu árin og ró færðist yfir á vinnumarkaðinum. Ég minnist þess vel enn þann dag í dag, að einn af helztu ráðunautum ríkisstj. í efnahagsmálum sagði í sambandi við þetta, þegar þessir samningar stóðu yfir, að það væri alls staðar reynslan, að á því væri í raun og veru enginn munur, þegar til lengri tíma væri litið, hvort vísitöluuppbætur væru lögfestar eða samningsbundnar eða ekki. Það væri raunverulega eini munurinn, að kaupsveiflurnar yrðu stærri og erfiðari viðfangs, ef slík viðmiðun ætti sér ekki stað.

Í annan stað leiðir svo afnám verðviðmiðunar til þess, að aðhald atvinnurekenda og ekki síður stjórnvalda til þess að hindra verðlagshækkanir, eftir því sem í þeirra valdi stendur, stórminnkar eða jafnvel hverfur. Reynslan frá 1960—1964 er einnig í þessum efnum ólygin, þegar álagningarfrelsi verzlunar og millilíða var aukið — ég vil segja — á blygðunarlausan hátt með þeim afleiðingum, að dýrtíð magnaðist með hverju ári, svo að ekki verður jafnað nema til óðaverðbólgu. Verzlunarstéttin fékk strax eftir gengisfellinguna 1960 leyfi til þess að leggja á verulegan hluta, að mig minnir ⅓ hlutann af gengisfellingunni, og síðan voru verðlagsákvæði rýmkuð í sífellu og stórir flokkar nauðsynjavarnings með öllu leystir undan verðlagsákvæðum með þeim árangri, að í mjög þýðingarmiklum vöruflokkum hefur álagning í heildsölu tvöfaldazt og jafnvel meira á því tímabili, sem síðan er liðið. Það hefur sannazt greinilega af þeirri reynslu, að verzlunarstéttinni var ekki trúandi fyrir auknu frelsi frá því, sem áður var. Og það má segja, að með þeirri frammistöðu allri, sem þá var viðhöfð í verðlagsmálunum, hefur verið safnað ötullega í þá gengisfellingu, sem við stöndum nú frammi fyrir sem orðnum hlut.

Það er þess vegna sannfæring mín, að einmitt nú væri það hið mesta óráð og til þess eins fallið að rjúfa öll grið á vinnumarkaðinum og leiða til óviðráðanlegrar dýrtíðarþróunar umfram þá, sem gengisfellingin óhjákvæmilega leiðir af sér, að hverfa nú frá öllum verðbótum á laun og kippa þar með raunverulega úr gildi þeim samningsgrundvelli, sem hefur gilt í þessum efnum frá 1964 og hefur að mínu viti að ýmsu leyti gefizt mjög vel til þess að skapa nokkurt öryggi og festu í samskiptum hagsmunaaðilanna á vinnumarkaðinum.

Ég ætla ekki í þessu sambandi að hafa uppi nein stór orð eða brigzl um svik. Mér er það alveg ljóst, að það, sem einu sinni er fest í l., er hægt að taka út aftur með einu pennastriki, eins og sýnir sig nú. En hitt dylst þó engum, sem hafa fengizt við kjarasamninga á þessu tímabili, að þó að ekki hafi verið mikið um þennan grundvöll, sem þarna var lagður, verðviðmiðunina, rætt í þeim samningum, hafa allir gengið út frá því sem sjálfsögðum hlut, að hann mundi haldast að meira eða minna leyti óbreyttur.

Með þessu frv., sem hér er á ferðinni, eru numin úr gildi lagaákvæðin frá 1964 um verðtryggingu launa, en hins vegar gefið frjálst gagnstætt því, sem var gert 1960, að samtök verkafólks og atvinnurekenda megi semja um verðtryggingu kaupgjalds. Ég vil segja það, að ég tel fyrir mitt leyti, að þessi skipan, sem hér er gert ráð fyrir, sé almennt séð engan veginn fráleit sem framtíðarskipun, þar sem reynslan hefur að mínu viti sannað, að tíð afskipti stjórnarvalda um þessi efni eru engan veginn ein fullkomin trygging fyrir verkalýðsstéttina. Lögum er hægt að breyta, eins og ég sagði áðan, með einu pennastriki og jafnvel, þegar verst gegnir, og reynslan sannar, að þess er ekki svifizt, þegar svo ber undir. Lögbinding ákvæða um verðlagsbætur á laun er því engin fullkomin trygging fyrir raungildi launa og tæpast á nokkurn hátt hagkvæmari til frambúðar en samningar. En við þau skilyrði, sem nú hafa skapazt, ber þó ýmislegs að gæta, þegar þetta nýmæli er metið. Í fyrsta lagi það, að það er ríkisstj. sjálf, en ekki atvinnurekendur í landinu, sem stendur fyrir þeirri stórfelldu verðlagshækkun, sem nú er að skella yfir, og henni bar því og ber fyrstri skyldan til að hamla gegn áhrifum hennar á hagsmuni láglaunastéttanna í þjóðfélaginu. Þeirri skyldu bregzt hún í einum mikilvægasta þættinum með því að afnema vísitöluna eftir 1. des. og kasta ábyrgðinni á aðra. Hefði hún haft það eitt í huga að framkvæma þá formbreytingu, sem ég tel út af fyrir sig engan veginn fráleita, eins og ég sagði, og jafnvel æskilega undir hagstæðari kringumstæðum fyrir verkalýðsstéttina, að hagsmunasamtökin semji um þetta mikilvæga atriði kjaramálanna, en löggjafarvaldið komi þar ekki nærri, sýnist mér auðsætt, að kveða hefði átt svo að í þessu frv., að áframhaldandi verðlagsbætur, verðtrygging eftir 1. des. í samræmi við þá vísitölu, sem nú á að taka upp, yrði í gildi þar til samningar tækjust um annað milli hagsmunasamtakanna. Með því hefði ákvæðum þessa frv. í

raun og veru verið alveg snúið við, og það hefði þá verið undir neitunarvaldi verkalýðshreyfingarinnar komið, hvort slíkir samningar gengju í gildi eða ekki. Ef þannig hefði verið staðið að, hefðu samtök atvinnurekenda orðið að sækja málið, ef þeir teldu sér það hagstætt eða nauðsynlegt, á hendur verkalýðssamtökunum og afstaða þeirra hefði því orðið mjög erfið til að koma fram launalækkunum eftir þeirri leið. En hér er þessu snúið algerlega við. Rétturinn til verðviðmiðunar launa er afnuminn úr lögum eftir 1. des. og raunverulega sagt við verkalýðshreyfinguna: Þið skulið sækja þennan rétt í hendur atvinnurekenda, ef þið getið og hafið afl til.

Þessi háttur er auðvitað skiljanlegur frá því sjónarmiði og frá þeirri yfirlýstu skoðun og stefnu ríkisstj., sem raunar kom fram í framsöguræðu hæstv. forsrh., að það sé nú mál málanna fyrir eðlilega, efnahagslega þróun í þjóðfélaginu, að stórfelld kjaraskerðing eigi sér stað hjá sjómönnum, hjá verkafólki og öðrum launþegum, og virðist þá ekki þurfa í neinar grafgötur um það að fara, hvorum megin ríkisstj. muni standa í þeim átökum, sem hljóta að verða um verðbætur undir hinni nýju skipan, a. m. k. í fyrstu. Þar verði að etja við sameiginlega fylkingu ríkisstj. og samtaka atvinnurekenda. Það sýnist því harla líklegt, að þessi höfuðbreyting, sem hér er ráðgerð, leiði af sér a. m. k. tímabundin átök og það fyrr en síðar á vinnumarkaðinum. A. m. k. er alveg óhætt að slá því föstu, að full alvara fylgir þeirri margítrekuðu yfirlýsingu Alþýðusambandsins, sem ríkisstj. fékk síðast yfirlýsta í bréfi núna s.l. föstudag, þegar Alþýðusambandið samþykkti að mæla með aflýsingu verkfalla 1. des., að ekki væri hvikað frá kröfunni um verðbætur á laun með vaxandi dýrtíð.

Ég held, að það sé ekki ofmælt, að verkalýðshreyfingin sé algerlega einhuga um þá skoðun, að engin efnahagsleg rök finnist fyrir því, að 15—16% almennar verðlagshækkanir nú og á næstu mánuðum eigi að lenda með a. m. k. sáralitlum bótum á herðum láglaunafólks í landinu. Allir draumar og fyrirætlanir um slíkt eru dæmdir til að verða sér til skammar og mistakast með öllu. Spurningin í því sambandi er sú ein, hve fljótt ríkisstj. og samtök atvinnurekenda átta sig á því, hve vonlaus barátta þeirra gegn verkalýðshreyfingunni er í þessu tilliti, þegar um grundvallarhagsmuni hennar er að ræða, grundvallarhagsmuni, sem hún er algerlega einhuga um að verja til hins ýtrasta. Á það verður seint lögð of mikil og of oft áherzla, að sjómenn og verkafólk almennt hafa þegar tekið á sínar herðar hlutfallslega miklu meiri kjaraskerðingu vegna verðfalls á afurðum okkar og minnkandi sjávarafla í bili en nokkrir aðrir aðilar í þjóðfélaginu. Og hversu fráleitt það er því að ætla að reyna að margfalda þær byrðar með afnámi verðlagsbóta í kjölfar stórfelldrar gengisfellingar. Og hvað sjómennina snertir, sem hafa tekið langsamlega mestan skellinn á sínar herðar af bæði verðfalli og veiðibresti, kannske allt að því að hálfu leyti eða sem svarar þeirra samningsbundna hlut í afla, en það mun vera eitt helzta ráð efnahagssérfræðinga ríkisstj., að það verði gert og jafnvel talið, að öll gengisfellingin sé unnin fyrir gýg, ef þær breytingar nást ekki fram. Og þetta bergmálar síðan í samtökum atvinnurekenda, eins og ég sá t. d. í þeim ummælum framkvæmdastj. LÍÚ núna í Morgunblaðinu, að eina vonin til þess að útvegsmenn fengju eitthvað út úr þessari gengisfellingu væri sú, að hlutaskiptunum væri breytt og þeir gætu sótt bættan hlut í hendur sjómannastéttarinnar.

Ég held, að það sé ástæða til að endurtaka það, að fyrirætlanir um slíka hluti eru óframkvæmanlegar, og eins og ég sagði, spurningin í því sambandi ekki önnur en sú, til hve mikils ófriðar er efnt áður en menn vitkast eitthvað í þessum efnum. Og það mun fara svo um þær, eins og aðrar óréttlátar, að ég segi ekki ósvífnar árásir og þjóðfélaginu í heild hættulegar, að þær munu stranda á þeim vegg, sem einhuga verkalýðssamtök geta byggt upp engu síður eftir 1. des. eins og þau voru tilbúin að gera þá.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., fjallar um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar. Þar eru settar fram aðallega tvær till. hæstv. ríkisstj. um breyt. á gildandi l. um verðtryggingu launa.

Það er í fyrsta lagi lagt til, að verðlagsuppbótum á laun og öðrum vísitölubundnum greiðslum verði breytt á þann hátt, að 1. des. n. k. miðist þær við nýjan vísitölugrundvöll að mestu leyti. Samkv. þessum till. á verðlagsuppbótin að hækka um 3.39%. Ef hins vegar eldri vísitalan hefði verið notuð, þá skilst mér, að hækkunin hefði orðið rúmlega 6%.

Hin aðalbreytingin í þessu frv. er sú, að eftir þessa tímasetningu, eftir 1. des., verði hætt að reikna út kaupgjaldsvísitölu og fellt úr lögum ákvæði um vísitölubætur umfram það, sem nú er tekið inn. En í staðinn fyrir lögákvörðun þess er gert ráð fyrir því, að stéttarfélögin og atvinnurekendafélögin geti gert samninga, bæði um breytingar á grunnkaupi, eins og verið hefur, og einnig á vísitöluuppbótum. Hér er sem sagt, eins og bent hefur verið á, lagt til að fara inn á nýjar brautir í þessum málum og hverfa frá þeirri skipan, sem lengst af hefur verið við lýði frá því 1939, að ég held, að fyrst var sett á tenging milli kaupgjaldsins og verðlagsins. Allan tímann frá 1939 og til 1960 hygg ég, að þetta fyrirkomulag hafi gilt, að kaup hækkaði eftir því sem framfærslukostnaður hækkaði eftir þar til gerðri vísitölu. En með gengisbreytingunni eða efnahagsráðstöfunum 1960 var, eins og kunnugt er, horfið frá þessu ráði í samræmi við þá yfirlýstu stefnu hæstv. ríkisstj., að hún mundi ekki hafa afskipti af kaupgjaldsmálum, að launamál ættu að vera samningsatriði milli vinnuveitenda og launþega. Þar ætti enginn annar nálægt að koma, hvorki með lagasetningu né á annan hátt. Því hefur verið lýst hér, m. a. af hv. síðasta ræðumanni, og raunar viðurkennt af hæstv. forsrh. í framsöguræðu hans hér áðan, að aldrei hefðu verið örari breytingar á vinnumarkaðinum, aldrei meiri ófriður og aldrei meiri hækkanir. Og ég tók svo eftir, að hv. 4. þm. Norðurl. e. lýsti því þannig áðan, að á árinu 1963 eða um það bil sem þetta fyrirkomulag var að ganga sér til húðar, voru þrenn erfið verkföll, eins og hann orðaði það, og endaði með allsherjarverkfalli í lok þess árs.

Þetta er sú reynsla, sem við höfum fyrir framan okkur af því fyrirkomulagi, sem nú er lagt til að taka upp.

Með margrómuðu júní-samkomulagi var breytt hér til, þá var á nýjan leik tekið upp sambandið milli kaupgjaldsins og verðlagsins. Þeir, sem að þessu samkomulagi stóðu, hafa fram undir þetta a. m. k. mjög keppzt um að róma ágæti þess og þá ekki sízt hæstv. ríkisstj. Hún telur það eitt af sínum allrabeztu verkum. Má vera, að það sé, það er nú kannske ekki svo erfið samkeppnin í því tilliti. Og forustumenn verkalýðshreyfingarinnar hafa einnig lýst því yfir, nú síðast í þessum umr., að síðan horfið var frá skipulaginu, sem gilti samkvæmt l. síðan 1960 og tekið upp sambandið milli kaupgjalds og verðlags, hafi orðið meiri friður á vinnumarkaðinum en áður var, og ekki einungis það, heldur líka að kaupmáttur launanna hafi þá farið nokkuð að jafna sig, en hann hafði hríðlækkað á viðreisnartímabilinu allar götur þangað til.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson lýsti þessu greinilega í hv. Nd. í gær. Hann sagði, — ef ég hef tekið rétt eftir, — að kaupmáttur tímakaups hafi oftast nær verið lægri á viðreisnartímabilinu en hann var 1959, en nú væri hann orðinn svipaður, og hann vildi þakka það júní-samkomulaginu. Menn hafa viljað gera mikinn greinarmun á því, og hæstv. forsrh. gerði greinarmun á því hér áðan, hvort í lögum væri bann við því að semja um verðlagsálag á laun eða hvort það væri leyft. Í mínum huga er ekki verulegur munur á þessu. Eftir þessa breytingu, verða verkalýðsfélögin að semja við atvinnurekendurna, bæði um grunnkaupshækkanir, sem má hugsa sér, að leitt gætu af auknum þjóðartekjum, skulum við segja, eða aukinni framleiðni, sem mikið er nú talað um, eða einhverju slíku, í einhverri tiltekinni atvinnugrein, og auk þess þær afleiðingar, sem fram hafa komið vegna almennrar verðhækkunar í landinu.

Fyrir launþega er enginn munur á því, hvað af kaupi hans er kallað grunnlaun og hvað er kallað verðlagsuppbót. Það, sem hann hlýtur að keppa að í sínum samningum, er ekkert annað en það að hafa nægilegt til sinnar framfærslu. Og ég held, að það hljóti að leiða af hlutarins eðli, að því meira sem á milli ber, því meira sem launþeginn þarf að sækja undir vinnuveitandann í samningum, þeim mun erfiðari verði þeir samningar. Enda er það samhljóma álit þeirra forustumanna verkalýðsfélaganna, sem hér hafa sagt álit sitt um þetta frv., að það muni síður en svo verða til þess að treysta vinnufrið. Ég tók svo eftir, að hæstv. forsrh. talaði um samkomulag við verkalýðsfélögin eða Alþýðusambandið um þetta frv., að einhverju leyti a. m. k., en því var nú mótmælt af hv. síðasta ræðumanni, og ég hygg, að það sé mála sannast, að hér sé því miður alls ekki neinu samkomulagi til að dreifa. Krafa sú, sem ASÍ og BSRB settu fram í viðræðum sínum við hæstv. ríkisstj. um efnahagsmálafrv. eða efnahagsaðgerðafrv. hæstv. ríkisstj., sem nú hefur verið lagt til hliðar, í bili a. m. k., var, að tengslin milli kaupgjalds og verðlags héldust óbreytt. Það var grundvallarkrafa og augljóst er, að þetta frv., sem hér um ræðir, uppfyllir ekki þá kröfu, heldur þvert á móti fellir niður þessi tengsl, gerir ráð fyrir því að afnema þau að öllu með lögum. Hins vegar er það auðvitað rétt, að ASÍ hefur í bili frestað eða fallið frá þeim verkfallsboðunum, sem búið var að ákveða, miðað við 1. des. Og hv. síðasti ræðumaður orðaði það svo, að þetta frv. fullnægði í bili þeim kröfum, sem ASÍ setti fram.

Ég verð nú að segja það, að ég tel, að stjórn ASÍ hafi sýnt ákaflega mikinn samningsvilja, þegar hún getur lýst því yfir, að þetta frv. fullnægi kröfum hennar, og ég tel þá, að þeir séu búnir að slá verulega af sínum kröfum vegna þess, eins og ég sagði áðan, að þær bætur, sem ákveðið er að reikna á launin, eru aðeins 3.4% í stað þeirra 6%, sem eldri vísitölureikningur sýnir, að launþegar eiga kröfu til. Auk þess upplýsti hv. 4. þm. Norðurl. e., að eftir væri að koma u. þ. b. 1% verðhækkun sem afleiðing af verðhækkun undanfarinna vikna eða mánaða, og ekki verður hún bætt. Það er sjáanlegt.

Það er auðvitað mikilsvert, að vinnufriðurinn er tryggður í bili, sízt ætla ég að gera lítið úr því, en ég hef oft sagt, að lögfesting þessa frv. tryggi það ekki til frambúðar, heldur öðru nær. Og ég hygg, að það sé mjög rétt, sem hér var sagt áðan, að einhvers konar samband milli framfærslukostnaðarins og kaupgjaldsins sé óhjákvæmilegt í kaupsamningum, ekki einungis fyrir launþegann eða fyrir vinnusalann, heldur einnig fyrir atvinnurekandann, fyrir vinnukaupandann. Það eru ákaflega fljótar að tapast fjárhæðir, sem jafngilda einhverjum lágum prósentuálögum á laun, ef til vinnustöðvunar kemur. Það hygg ég, að reynslan hafi þráfaldlega sýnt og að vinnustöðvanir eru sjálfsagt, þegar til lengdar lætur, hvorugum til góðs, hvorki þeim, sem telur sig fara með sigur úr þeim hildarleik, þaðan af síður hinum, sem bíður lægra hlut. Þjóðhagslega eru þau óæskileg, og afnám sambandsins milli kaupgjalds og verðlags eykur líkurnar, að ekki sé meira sagt, á því, að til þessara óhappaverka kunni að koma.

Þessi 3.4%, sem frv. fjallar um, eiga að bæta þær verðhækkanir, sem orðið hafa frá 1. ágúst til 1. nóv. Það er afnámið af niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum og ýmsar aðrar hækkanir, sem í þess kjölfar hafa fylgt. Eftir sem áður eru því allar afleiðingar gengislækkunarinnar óbættar. Nú segja sumir, að hækkun á verðlagi vegna gengisbreytingarinnar verði rúmlega 6%, 7% segja aðrir. En ég veit ekki um neinn, sem hefur séð þá útreikninga, sem liggja til grundvallar því, að þessum tölum er slegið föstum. A. m. k. hef ég ekki séð þá. Vafalaust eru þeir til. Vafalaust hefur hæstv. forsrh. þá undir höndum. En mér leikur nokkur forvitni á því að vita, hvernig þessi verðhækkun er reiknuð. Eins og kunnugt er, hafa löngum fylgt í kjölfar gengisbreytingar margs konar svokallaðar hliðarráðstafanir, sem hafa átt að jafna byrðarnar, draga úr óþægindunum, þar sem þau voru sárust, og færa gjöldin yfir á aðrar herðar, sem í bili a. m. k. voru betur til þess fallnar að bera þær. Þessar hliðarráðstafanir hafa enn þá ekki að nokkru marki séð dagsins ljós, og ég skil ekki, hvernig hægt er að reikna út verðhækkun af gengislækkun, nema að vita þessar hliðarráðstafanir. Ef sérfræðingar hæstv. ríkisstj. hafa talið sig geta reiknað út þessa

hækkun, þá hlýtur það að liggja í því, að þeir viti um þessar hliðarráðstafanir, þó að þær séu enn ekki látnar uppi. Hvað verður t. d. um tollana? Hvernig verður verðtollsákvörðunin, sem í kjölfar þessarar gengisfellingar fylgir? Það hlýtur að vera grundvallandi atriði um útreikning á verðhækkun vegna breytingarinnar. Ætlar ríkissjóður að ætla sér allar þær auknu tekjur eða verða þær notaðar til þess að draga úr sárustu áhrifum gengisbreytingarinnar? Manni sýnist nú, ef sú tilhögun á að gilda, þá sé nú hlutur ríkissjóðs sæmilega tryggður, en í tilefni af því, sem var rætt hér áðan um verðstöðvun og ýmislegt í því sambandi, þá minnist ég þess nú, að fyrir nokkrum dögum var t. d. afsagnarkostnaður af víxlum hækkaður talsvert. Það bendir ekki til þess, að ríkissjóði eða hæstv. ríkisstj. finnist hlutur ríkissjóðs enn þá vera nægilega góður. Ég á alls ekki von á því, að afsagnarkostnaður hækki vegna erlendra áhrifa, ég get ómögulega fundið sambandið þar á milli. Þess vegna hlýtur það að vera af öðrum ástæðum, og spurningin, sem vaknar t. d. í þessu sambandi, er þá, hvort ráðgert er að hækka aðrar aukatekjur ríkissjóðs eða ekki. Einnig þetta, þó að í smáum stíl sé, hefur áhrif á það, hver verðhækkunarafleiðingin af gengisbreytingunni verður, og svo margir, fjöldamargir aðrir liðir.

Hér er sagt, að verkamönnum, sjómönnum og iðnaðarmönnum og öðrum, sem taka kaup samkvæmt sérstökum samningum við atvinnuveitendur, sé svo sem enginn vandi á herðum, enginn sérstakur vandi. Þeir hafi alltaf samningsréttinn. Þeim er vísað á atvinnurekandann til þess að ná fram nauðsynlegum kaupbótum.

En það eru ýmsir fleiri, sem gengislækkunin og verðhækkanirnar af hennar sökum snerta illa, þ. á m. sumir, sem alls ekki hafa þó þennan verkfallsrétt, þennan samningsrétt og verkfallsrétt. Hver á t. d. að verða hlutur opinberra starfsmanna, starfsmanna ríkisins, starfsmanna bæjanna og sveitarfélaganna? Þeir hafa engan samningsrétt um sín kjör. Þeir hafa engan verkfallsrétt. Og þeir eiga ekki einu sinni að fá fulltrúa í nýrri verðlagsnefnd til þess að gæta hagsmuna sinna. Jafnvel svo lítilli bón ætlar hæstv. ríkisstj. að neita. Og mig furðar mjög á því, að hæstv. viðskmrh. skyldi vera svo óbilgjarn hér áðan að neita þeim hógværu tilmælum, sem fram hafa komið frá þessum stóra og þýðingarmikla starfsmannahópi, 8000 manns, að neita honum um alla aðstöðu til þess að hafa áhrif á verðlagið og á þann hátt að bægja frá sér helztu agnúum gengislækkunarinnar, þegar það liggur fyrir, að þessir menn hafa enga möguleika til þess að koma sínum málum sómasamlega fyrir. Að vísu er hér kjaradómur eða hvað hann er kallaður. En reynslan af honum er, eins og allir vita, sú, að launabætur þessara manna koma langt á eftir og eru yfirleitt heldur smátt skammtaðar. Það kemur ekki þessu máli við, má segja, það frv. sem hér var til umr. áðan um nýja skipun á verðlagsnefndinni. Ég get tekið undir það, sem hér var sagt, að það er auðvitað engin frágangssök að breyta skipan verðlagsnefndarinnar á þann hátt, sem þarna er ráðgerður. En þó er þar að vísu ein tilhneigingin enn til þess að taka valdið af Alþ., og ég vil nú segja það fyrir mitt leyti, að mér finnst vera allt of langt gengið í því nú á síðustu tímum að minnka vald Alþ. Það er meira að segja svo langt gengið, að n., sem kosin er af Alþ. fyrir viku síðan, er á einum sólarhring gerð óvirk, hún fær frí, henni er lagt við stjóra eins og í eitt ár til að byrja með og þessum málum skipað með öðrum hætti. Og svo kemur það þar að auki, að sanngjarnri kröfu frá mjög stórum hópi launþega BSRB, er vísað frá. Mér finnst þetta ekki skemmtileg vinnubrögð, og mér finnst það ekki sýna góðan hug hjá hæstv. ríkisstj. til þessara undirmanna sinna að ætla þeim ekki betri hlut en hér er um að ræða.

En það eru fleiri, sem gengislækkunin snertir en félagar í ASÍ og BSRB. Það eru allir þeir, sem taka bætur samkv. almannatryggingalögum. Þeirra bætur, þeirra kaup er einnig miðað við verðlagið og verður að vera það af ástæðum, sem allir hljóta að sjá. Hér mun vera um að ræða í mörgum tilfellum þá, sem allraminnst hafa fyrir sig í þjóðfélaginu að leggja. Þeirra kjör hafa verið látin fylgja vísitölunni, að vísu með sérstökum hætti, en sú trygging, sem þeir hafa fyrir því að verða ekki undir í lífsbaráttunni að þessu leyti, fellur niður. Ég get ekki trúað því, að hæstv. ríkisstj. ætli sér að láta þau mál þannig skipast. Hér hlýtur að vera um að ræða eina af þessum hliðarráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. ætlar sér að gera. Það er eitt af góðu áformunum, sem gengur svona hægt að koma í framkvæmd. En það er alveg ljóst, að við svo búið geta bótaþegar ekki unað, og hér hljóta að verða til að koma miklar lagfæringar.

Það er náttúrlega margt, sem gæti verið ástæða til að ræða í sambandi við þetta mál, því að vísitalan hefur áhrif svo ákaflega víða, og uppbæturnar hafa verið trygging svo margra fyrir því að kaffærast ekki í verðbólguflóðinu. En með því að tíminn er, eins og löngum, þegar leita þarf til Alþ., næsta takmarkaður, þá skal ég reyna að takmarka mál mitt við mjög fá atriði og nánast einungis þau, sem þegar hafa verið nefnd.

Þó er það eitt atriði, sem mig langar til þess að geta um, áður en ég lýk máli mínu að þessu sinni og beina þá þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hæstv. forsrh. eða annarra þeirra ráðh., sem því kunna að vilja svara, hvað fyrirhugað mun vera með húsnæðismálalánin. Er áformað að halda áfram að láta afborganir og vexti miðast við einhverja framfærslukostnaðarvísitölu, eða verður breyting þar á gerð? Það má segja, að hægt sé að réttlæta það, að afborganir og vextir af þessum lánum hækki með hækkandi verðlagi, meðan launin hækka sjálfkrafa um jafnháa upphæð eða jafnháa prósentu. En eftir að sambandið milli kaupgjaldsins og verðlagsins er skorið í sundur, þá er augljóst, að hér er um stórkostlegt ranglæti að ræða, ekki sízt þar sem ekki hefur enn þá tekizt, þrátt fyrir lög frá Alþ. þar að lútandi, að koma á verðtryggingu annarra fjárskuldbindinga. Þeir, sem byggja nú og taka lán úr almenna veðlánakerfinu, eru eins og sakir standa hinir einu og hafa verið það síðan 1964, sem hafa orðið að borga vísitöluálag á vexti og afborganir af lánum sínum, og ég hygg, að það sé nú augljóst mál, að margir þeirra a. m. k. flestir, mundi ég vilja segja, eru mjög illa undir það búnir að

mæta því, jafnvel þó að verðlagsuppbót væri greidd á laun, hvað þá heldur þegar á að taka hana af, og skella á 24.6% gengislækkun, hækka erlendan gjaldeyri um 33% í verði með þeirri stórkostlegu verðhækkun, sem af því hlýtur að leiða. Sérfræðingar ríkisstj. segja 7%, en allir aðrir draga þá tölu í efa og telja víst, að hækkunin verði miklu hærri.

Af þeim fáu orðum, sem ég hef hér sagt, er það auðvitað ljóst, að ég er algjörlega andvígur þessu frv. og mun greiða atkv. á móti því. Í frv. eru þó viss atriði, sem eru til bóta, þ. e. a. s. frá þeim fyrirætlunum, sem uppi hafa verið um ráðstafanir þessara mála, og fengið er samþykki ASÍ a. m. k. fyrir því að sætta sig við þessa verðlagsuppbót 1. des., sem þarna er ráðgerð. Þó að hún sé nú að mínum dómi engan veginn fullnægjandi, þá mun ég freista þess að flytja við frv. nokkrar brtt. til þess að reyna að koma því í það horf, að það sé viðhlítandi vegur að fylgja því. Þær brtt., hygg ég, að muni vera eitthvað svipaðar og minni hl. fjhn. hv. Nd. flutti, en það mun nú koma í ljós að skammri stundu liðinni.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. kemur hér til umr., þá hafa málefni skipazt svo, að búið er að ákveða stórfellda gengislækkun. Gengislækkun hefur hverju sinni mjög víðtæk áhrif á efnahagskerfi þjóðfélagsins, þó að nokkuð megi draga úr þeim á ýmsan hátt með hliðarráðstöfunum, sem oft eru gerðar í því sambandi, en nú að þessu sinni virðist lítið bóla á. Ein augljósasta afleiðing gengislækkunar er sú, að verðlag hækkar að miklum mun og er það alveg fyrirsjáanlegt. Af því leiðir, að tekjur launþega og raunar meiri hluta manna í þjóðfélaginu endast verr en áður til þess að greiða þær lífsnauðsynjar, sem menn óhjákvæmilega þurfa að komast yfir. Og það er, eins og fram kom hér hjá einum ræðumanni í dag, höfuðatriði hjá launþeganum að hafa viðhlítandi rauntekjur, þ. e. a. s. að tekjurnar hrökkvi til þess að afla sér þeirra gæða, sem nauðsyn ber til, að hver maður og hvert heimili geti komizt yfir. Og þegar kaupið er komið í hendur launþegans, þá er vitanlega ekki neinn munur á því, hvort það er greitt sem grunnkaup eða sem verðlagsuppbót. En í eðli sínu er þó samt sem áður munur á þessu.

Grunnkaupshækkun er hægt að knýja fram, án þess að það standi í beinu sambandi við nýorðnar verðlagshækkanir. Það getur verið, að launþegum og samtökum þeirra þyki það eðlilegt, þyki það hlýða að leitast við að auka tekjur sínar á þann hátt frá því, sem áður hefur verið. En verðlagsuppbótin er ávallt greidd eftir á. Hún er afleiðing af því, sem orðið er, og felur einungis í sér viðurkenningu á því, að verðlagshækkanir hafi orðið.

Nú hefur ríkisvaldið mikil afskipti af verðlagsmálum, og það má segja, að það beri því öðrum fremur ábyrgð á því, hvernig skipast um verðlag nauðsynjavara í þjóðfélaginu. Og í beinu sambandi við það má með miklum rökum segja, að ríkisvaldinu beri fremur skylda til að taka afleiðingum af því, sem orðið er, með því að viðurkenna í reynd, að launþegum beri kaupuppbót í sambandi við verðvísitölu, heldur en að því leyti, sem að grunnkaupinu sjálfu snýr. Verðlagsuppbót skv. vísitölu snertir mjög marga þegna þjóðfélagsins, sennilega mikinn meiri hluta þjóðarinnar, þar sem kaup allra launþega er við það bundið, bæði opinberra starfsmanna og hinna, sem vinna skv. samningum. Þetta snertir enn fremur bændastéttina, því að svo er um hnúta búið í l., sem um verðlag landbúnaðarafurða gilda, að verðlagsuppbót er tekin þar til greina í kaupi bóndans með hliðsjón af því, sem öðrum stéttum er greitt. Gengislækkanir á hverjum tíma hafa víðtæk áhrif í efnahagskerfi þjóðarinnar. Og við, sem höfum fengizt nokkuð lengi við almenn mál og erum komnir um eða yfir miðjan aldur, munum eftir a. m. k. 4 gengislækkunum og getum af eigin raun nokkuð metið þau áhrif, sem af þeim hafa orðið. Árið 1939 var gengi ísl. kr. fellt gagnvart sterlingspundi að verulegum mun. Þá var það viðurkennt, að það væri eðlilegt að bæta að verulegu leyti upp þær verðhækkanir, sem af gengisfallinu leiddi, með verðlagsuppbót og í gengisfellingarl. frá 1939 voru ákvæði, þar sem gengið var verulega til móts við launþega að þessu leyti. Og ég hygg, að til þeirrar löggjafar megi raunar rekja það fyrirkomulag, sem síðar hefur lengst af verið í gildi, að greiða verðlagsuppbót á laun.

Árið 1950 var aftur horfið að því ráði að fella gengið og þá að verulegum mun. Ég verð að telja, að sú gengislækkun hafi verið miklum mun betur undirbúin en sú gengislækkun, sem nú nýlega hefur verið ákveðin. Þá höfðu vissulega farið fram hagfræðilegar athuganir, margvíslegar athuganir á aðstöðu þjóðfélagsins og efnahagskerfinu og niðurstöður þeirra athugana voru skilmerkilega lagðar í hendur þm., áður en ákvörðunin var tekin um gengislækkunarl. sjálf. En í gengislækkunarl. 1950 var enn fremur, eins og 1939, viðurkennt af löggjafans hálfu það sjónarmið, að eðlilegt væri að bæta launþegunum að verulegu leyti þær verðhækkanir, sem gengislækkunin hefði í för með sér, og þar var gengið til móts við þetta sjónarmið með sérstökum ákvæðum um verðlagsuppbætur í l. sjálfum.

Árið 1960 er svo enn horfið að því ráði að fella gengi ísl. krónu að miklum mun. Þá var brugðið á það ráð af þeim, sem að því máli stóðu og knúðu það fram hér á hv. Alþ., að hætta að greiða verðlagsuppbót skv. vísitölu. Þá var vísitalan tekin úr sambandi, eins og það er oft orðað, í sambandi við kaupgreiðslur. Þetta var skýrt á þann veg, að með þessu mundi hagur atvinnuveganna verða betur tryggður og það yrði séð fyrir hagsmunum þeirra, sem stæðu höllum fæti í þjóðfélaginu, m. a. með auknum tryggingum og á annan hátt en þann að greiða verðlagsuppbót skv. vísitölu. En ég held, að það sé rétt og sjálfsagt fyrir okkur alla að rifja það upp, hvaða reynsla fékkst af þessum ákvæðum.

Því hefur nú verið lýst hér af mönnum, sem betur fylgjast með kaupgjaldssamningum en ég hef haft aðstöðu til, að einmitt á þessu tímabili, sem málum var skipað á þann veg að greiða kaupgjald ekki í samræmi við vísitölu, hafi orðið meiri ókyrrð og tíðari verkföll en jafnan áður eða síðan 1964, að júní-samkomulagið var gert. Og það þarf ekki um það að deila, að þótt ætlunin væri sú, að kaupgjald hækkaði a. m. k. minna en ella væri með þessari ráðstöfun 1960, þá skýra

Hagtíðindin frá því, að á þessu tímabili, sem kaup var ekki greitt skv. vísitölu, hækkaði samt sem áður tímakaupið allverulega. En sú hækkun var bara fengin á annan hátt. Skv. Hagtíðindunum var tímakaup í almennri verkamannavinnu í Reykjavík í árslok 1959 kr. 21.91, en í árslok 1963 er tímakaupið í almennri verkamannavinnu í Reykjavík orðið 34.45. Og í árslok 1964, en á síðari hluta þess árs kom vísitölukerfið aftur í samband, ef svo má segja, þá var tímakaupið kr. 36.52. Þó að kaupgjaldið hækkaði á þessu tímabili, svo sem Hagtíðindin skýra frá, þá nægði það launþegum vitanlega ekki til þess að vega á móti þeim verðlagshækkunum, sem efnahagsráðstafanirnar frá 1960 og gengisfellingin 1961 höfðu í för með sér, þannig að ég hygg, að kaupmáttur tímakaupsins hafi fremur lækkað á þessu tímabili en hækkað. En þetta sýnir eigi að síður það, að sú fyrirætlun, sem fyrir valdhöfunum, er stóðu að efnahagsmálalöggjöfinni 1960, vakti, misheppnaðist að verulegu leyti, þannig að ekki varð hjá því komizt, að tímakaupið hækkaði verulega, þó að sú hækkun væri aðeins knúin fram á annan hátt en að hún væri fengin með verðlagsuppbót skv. vísitölu. Og mig minnir, að þegar hið margnefnda júní-samkomulag var gert, þá væri því fagnað af beggja hálfu eða réttara sagt af hálfu allra þeirra aðila, sem að því stóðu, og þar á ég við vinnuveitendur, launþegasamtök og hæstv ríkisstj. Og ég minnist þess, að hæstv. forsrh. stóð hér í ræðustól á hv. Alþ. haustið 1964 og talaði um það, að því er virtist, af skilningi, að sú ósk og krafa launþegasamtakanna að miða kaupgjald við vísitölu væri ekki óeðlileg. Ég held því, að það hljóti að vera nokkuð þung spor fyrir þennan sama hæstv. ráðh. að ganga nú í ræðustól Alþ. og leitast við að færa rök fyrir því, að frá því, sem var eðlilegt og sanngjarnt og jafnvel réttlátt 1964, sé ástæða til að hverfa nú. En skv. ákvæðum þessa frv. er það svo, að meðan sú skipan gildir, sem hér er ráðgerð, þá eiga launþegar að sækja allan rétt sinn með samningum gagnvart vinnuveitendum – allan rétt sinn um kauphækkanir. Ég get ekki komizt hjá að benda á það, að mér sýnist, að með þessu sé stefnt að því að skapa mikið og ég vil segja óhæfilegt ósamræmi milli hinna ýmsu hagsmunahópa í þjóðfélaginu. Segjum, að það takist með samningum, að vissir launþegahópar tryggi sér verðlagsuppbót á kaupið skv. vísitölu. Þá er það augljóst, að aðrir launþegahópar og þeir mjög fjölmennir hafa ekki aðstöðu til þess að tryggja sinn hlut á þann hátt. Í þessu sambandi nefni ég, eins og fleiri ræðumenn hafa gert, opinbera starfsmenn, sem ekki hafa nema takmarkaðan samningsrétt — og ekki verkfallsrétt. Ég nefni bótaþega almannatrygginganna, því að ég fæ ekki betur skilið en að með þessu frv. sé að því stefnt að afnema einnig greiðslu verðlagsuppbótar á bætur almannatrygginganna. Það mun þó varla vera ætlazt til þess, að gamalmenni og öryrkjar tryggi sinn hlut að þessu leyti með samningum.

Og í þessu sambandi kemur einnig upp sú spurning, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 11. þm. Reykv., lagði mikla áherzlu á, og ég skal af þeim ástæðum ekki fjölyrða um, hvað verður um húsnæðislánin? Er fyrirhugað að halda áfram þeirri skipan að láta afborganir þeirra lána hækka skv. byggingarvísitölu, þótt verðlagsuppbætur á kaup verði niður felldar? Þetta er svo veigamikill þáttur, að það er ekki hægt að ganga fram hjá því og vænti ég þess, að skýr svör fáist við þessu, áður en frá þessu máli verður endanlega gengið hér í hv. þd.

Ég vil því segja það að lokum, að í ljósi fenginnar reynslu í sambandi við verðhækkanir, sem af gengisfellingum leiða og í sambandi við það samræmi, sem ríkisvaldið á fyrir sitt leyti að beita sér fyrir og leitast við að tryggja milli launþegahópanna í þjóðfélaginu, þá er það að mínum dómi í senn óhyggilegt og ógætilegt að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir, nema á því verði gerðar miklar breytingar frá því, sem nú er fyrirhugað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 83, n. 98 og 101, 99).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Ég hygg, að höfuðröksemdirnar í þessu máli hafi þegar komið fram við 1. umr. og mun þess vegna ekki vera langorður að þessu sinni, þótt ýmsu mætti svara. N. hefur klofnað um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og hv. Nd. gekk frá því, og því verði felldar þær brtt., sem útbýtt hefur verið hér á þskj. 99 frá hv. minni hl., en hinar sömu brtt. hafa þegar legið fyrir Nd. og verið felldar þar.

Ég á mikla von á því, að aðalatriði þessa máls eigi fyrir sér að verða rædd ítarlega í alþjóðar áheyrn í þeim bardaga, sem nú á að hefjast í kvöld, og ætla ég að gera mitt til að tefja hv. þdm. ekki frá að njóta góðrar máltíðar og ofurlítillar hvíldar áður en sú orrahríð byrjar; ég legg þess vegna til, að frv. verði samþ. óbreytt og vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Fjhn. tók til meðferðar frv. til l. um verðlagsuppbót á laun, en varð ekki sammála. Minni hl. hefur skilað séráliti.

Í frv. er lagt til, að eftir 1. des. n.k. verði hætt að reikna út kaupgjaldsvísitölu og ákveði um vísitölubætur umfram það, sem ákveðið verður 1. des., úr lögum fellt. Það er skoðun minni hl., að þessi breyt. leiði í fyrsta lagi til ófriðar á vinnumarkaði, sem sé báðum aðilum skaðlegur og þjóðinni hættulegur, og í öðru lagi, að aðhald stjórnarvalda og atvinnurekenda verði stórum minna en verið hefur.

Minni hl. flytur á sérstöku þskj. tvær brtt. Nái þær ekki samþykki, mun minni hl. greiða atkv. gegn þessu frv.

Ég hafði nú ætlað mér í framhaldi af þessu að segja hér nokkur orð, en þar sem orðið er nokkuð áliðið, skal ég mjög stytta mál mitt til þess að tefja ekki fundinn.

Það hefur mjög oft verið deilt um vísitölu-

kerfið á undanförnum árum, kosti þess og galla, en óumdeilanlegt ætti það að vera, að þrátt fyrir ýmsa galla ætti þetta kerfi að veita ríkisvaldinu aðhald í verðlags- og dýrtíðarmálum. Ef ekki væri höfð stjórn á efnahagsmálunum, ef verðlagi væri sleppt lausu, hefði kaupgjald hækkað innan mjög skamms tíma, og þannig hefur það í reyndinni alltaf orðið. En kauphækkunin var ekki orsök, heldur afleiðing. Hún var afleiðing þess stjórnleysis, sem leiddi af sér stöðugar verðhækkanir, svo að kaupgjaldið dróst aftur úr. Þetta tímabil, þegar bann var við, að vísitala væri greidd á laun, var öllum aðilum mjög erfitt. Launastéttunum var það mjög erfitt í tekjuöflun stöðugt vaxandi dýrtíðar og verðbólgu og öllu atvinnulífi landsmanna var það enn þá erfiðara. Atvinnurekendur áttu yfir höfði sér stöðuga óvissu um allan tilkostnað við atvinnurekstur inn. Aldrei var vitað, hver útgjöldin yrðu, ekki var vitað, hvaða launagreiðslur þeir þyrftu að miða við og yfirleitt hver tilkostnaðurinn yrði. Slík óvissa var óþolandi. Atvinnureksturinn þoldi ekki þessa óvissu á vinnumarkaðinum 1964, og hann þolir það enn verr í dag að fá yfir sig þetta ástand.

Þær aðgerðir, sem nú er verið að framkvæma, bjóða upp á átök á vinnumarkaðinum með skerðingu vísitölunnar, nema því aðeins að gerðar séu róttækar ráðstafanir til að draga úr þvi dýrtíðarflóði, sem alltaf fylgir gengislækkun. Það bjargar ekki undirstöðuatvinnuvegunum að skerða kjör launastéttanna, hvorki til lands né sjávar. Sjómenn hafa ekki, eins og formaður þeirra, Jón Sigurðsson, orðaði það, sagt upp samningum til þess að skerða kjör sín, heldur til hins gagnstæða. Og erfiðleikar atvinnuveganna stafa ekki af launagreiðslum til verkamanna eða sjómanna, það þarf annars staðar að leita að orsökunum fyrir erfiðleikunum. Það eru aðrar orsakir, sem valda því, að útgerðarmenn, sérstaklega útgerðarmenn minni bátanna og frystihúsaeigendur víðs vegar um landið, eru komnir í þrot og svo mikil vanskil, að þeir sjá enga leið út úr þeim. Þrautreyndir útgerðarmenn víðs vegar um landið sjá nú í lok viðreisnar ekkert fram undan nema botnlausa erfiðleika og eru vanskilamenn við allar lánastofnanir, sem veita sjávarútvegi fyrirgreiðslu.

Það hefur mikið verið rætt um gengisfellingu á undanförnum dögum. Ég skal ekki orðlengja eða bæta miklu við þær umr. og sleppa þeim kafla mínum hér, en fagurmæli um ástand efnahagsmála þjóðarinnar fyrir kosningarnar í vor koma heldur illa heim við þær staðreyndir, sem við okkur blasa í dag, þegar þær leiðir eru nú fyrst farnar til bjargar efnahagsmálunum út úr þessu öngþveiti, að gripið er til þess að skerða kjör launþega með afnámi vísitölu á kaupgreiðslur. Vísitala á laun er launþegum vörn gegn verðhækkunum, og vísitölugreiðslan dregur úr vinnudeilum. En fyrirkomulag þetta krefst þess, að stjórn sé á efnahagsmálunum. Orðrétt sagði eitt dagblaðanna í gær: „Hún krefst hins vegar sérstaklega nákvæmrar efnahagsstjórnar, svo að ekki fari allt úr skorðum með óstjórnlegri verðbólguþróun.“ Þetta var í forustugrein dagblaðsins Vísis í gær. Það er eins og það hvarfli að einhverjum, að það hafi ekki verið alveg nákvæmlega stjórnað eftir réttum leiðum á undanförnum árum.

Herra forseti. Ég sagði áðan, að ég skyldi stytta mjög mál mitt. Ég hafði reiknað með því að tala hér a. m. k. í ½ klst., og mun ég þá spara hv. dm. að hlusta á það. Ég tel, að sú stefna, sem fylgt hefur verið á undanförnum árum í efnahagsmálunum, hafi verið röng, og verði nú haldið áfram á þeirri braut eftir gengislækkunina, hlýtur það að leiða til óhjákvæmilegrar kjaraskerðingar alls almennings, miklu stórkostlegri, eins og hæstv. viðskmrh. tók fram hér í dag, en verið hefur og menn vilja vera láta. Ég mun því greiða atkv. gegn þessu frv., eins og það liggur hér fyrir.

ATKVGR.

Brtt. 99,1 felld með 11:9 atkv.
1. gr. samþ. með 11:8 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 99,2 felld með 11:8 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 11:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:8 atkv.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 104).

---

4. Verðlagsmál.

Á 27. fundi í Nd., 27. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960 [66. mál] (stjfrv., A. 89).

Á 28. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svo sem oftsinnis hefur verið tekið fram hér á hinu háa Alþ. af hálfu ríkisstj., er það stefna hennar að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna í því skyni, að gengislækkunin, sem nýlega var ákveðin á íslenzku krónunni, rýri hlut launþega ekki meira en brýnasta nauðsyn er á eða algerlega óhjákvæmilegt reynist. Fyrir nokkrum dögum var af hálfu Alþýðusambands Íslands borin fram sú ósk við ríkisstj., að fulltrúar ASÍ fengju aðild að verðlagsákvörðunum, þ. e. a. s. fulltrúar ASÍ fengju sæti í verðlagsnefnd, þeirri opinberu n., sem um verðlagsmál fjallar og tekur ákvarðanir um verðlagsmál, en samkv. gildandi l. verður hún kosin af Alþ. hlutfallskosningu auk þess, sem í henni á sæti sem formaður ráðu-

neytisstjóri í viðskmrn. Ríkisstj. hefur að vandlega athuguðu máli og að höfðu samráði við ASÍ ákveðið að verða við þessum óskum. En jafnframt þykir þó eðlilegt, að Vinnuveitendasambandið, Verzlunarráð Íslands og Samband ísl. samvinnufélaga fái hliðstæða aðild að verðlagsnefndinni og að embættismaðurinn, sá, sem verið hefur formaður, gegni áfram formennsku í n. Það hefur þótt rétt að hafa þessa skipun tímabundna, þ. e. a. s. láta hana gilda til ársloka 1968, þar eð tilgangurinn með þessu er fyrst og fremst sá að veita fulltrúum ASÍ aðild að verðlagsnefndinni, meðan áhrifa gengislækkunarinnar er að gæta. En gera má ráð fyrir því, að full áhrif gengisbreytingarinnar verði komin fram í verðlagi innanlands fyrir lok næsta árs. Ef meiningin væri að gera endanlega breytingu á skipun verðlagsnefndarinnar í þá átt, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. ef meiningin væri sú, að Alþ. kysi framvegis ekki verðlagsnefnd með sama hætti og gert hefur verið undanfarið, heldur skyldu samtök eða aðilar, sem verðlagsmál skipta miklu, eiga fulltrúa í n., væri eðlilegt að athuga það mál vandlegar, vegna þess að fleiri aðilar gætu þá verið taldir með réttu eiga að koma til greina. Þess vegna er þessi breyting ekki gerð til frambúðar, heldur til árs eingöngu. Þeir aðilar, sem hér er fengin aðstaða til þess að hafa áhrif á verðlagsákvarðanirnar fyrir hönd launþega eða neytenda í landinu, eru í fyrsta lagi stærstu launþegasamtök landsins, Alþýðusamband Íslands. *Hinir aðilarnir, sem valdir eru, eru annars* vegar Vinnuveitendasambandið, sem er höfuðsamningsaðili ASÍ um kaup og kjör, og hins vegar þeir aðilar, sem telja má, að geti skoðazt fulltrúar verzlunarstéttarinnar, þ. e. a. s. Verzlunarráðið og Samband ísl. samvinnufélaga.

Þar eð n., sem kosin var fyrir nokkrum dögum á Alþ., hefur þegar tekið til starfa til þess að fjalla um ákvarðanir, sem nauðsynlegt er að taka vegna gengisbreytingarinnar, tel ég mjög æskilegt, að þetta frv. geti átt sem greiðastan gang gegnum Alþ. Fyrst á annað borð hefur verið tekin ákvörðun um það, að fulltrúar þessara samtaka, sem hér er um að ræða, skuli fara með verðlagsákvörðunarvaldið, þá tel ég nauðsynlegt, að þeir fjalli um öll veigamikil atriði, sem upp kunna að koma í framhaldi af gengisbreytingunni. Fram til þessarar stundar hafa engar stórar ákvarðanir verið teknar í þessum efnum. Um þær ákvarðanir, sem hafa verið teknar fram að þessu, mætti segja, að þær séu frekar tæknilegs eðlis og mér vitanlega hefur ekki orðið neinn teljandi ágreiningur um neina ákvörðun, sem enn hefur verið tekin. En ég mundi segja í síðasta lagi á miðvikudag þarf að taka þýðingarmiklar ákvarðanir, sem ég þá óska mjög eindregið eftir, að sú n., sem hér er gert ráð fyrir, að skipuð verði, fjalli um, ef Alþ. fellst á þessa breyttu skipun n., sem ég vona fastlega, að það geri. Þess vegna eru það mjög eindregin tilmæli mín, herra forseti, að málinu verði hraðað gegnum þessa d. nú í kvöld og það geti orðið samferða hinu frv., sem á dagskrá er, til Ed. að loknum umr. hér í þessari hv. d.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, að *málinu* verði *vísað* til 2. umr. og hv. fjhn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að tefja fyrir þessu máli, en það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi koma hér á framfæri. Ég sé það í þessu frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 89, að það er ekki gert ráð fyrir því, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fái aðild að verðlagsnefndinni. Nú er það svo, að BSRB hefur tekið þátt í umr. við hæstv. ríkisstj. með ASÍ og hér er um landssamtök að ræða. Mér hefði því fundizt eðlilegt, að það ætti einn fulltrúa í verðlagsnefndinni og hefði óskað eftir því, að það gæti orðið samkomulag um það, að sú breyting yrði á, að ASÍ hefði 3 fulltrúa, en BSRB 1 og að öðru leyti mun ég ekki óska eftir breytingu á þessu frv. Og ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. viðskmrh., að hann athugi það í sambandi við þá n., sem fær þetta mál til meðferðar, að þessi breyting verði gerð.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þessi breyting á skipun verðlagsnefndarinnar er gerð samkv. ósk Alþýðusambands Íslands um það, að það fái fulltrúa í n., og við þeirri ósk hefur verið orðið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 89, n. 93 og 94, 95).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. um verðlagsmál á þskj. 89. N. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Leggur meiri hl. til, að það verði samþ. óbreytt. Minni hl. mun hins vegar skila séráliti. Það, sem nm. greindi á um, var skipun fulltrúa í verðlagsnefnd. Ágreiningur var um þá 4 menn, sem ASÍ á að tilnefna samkv. frv. og var sótt á um það, að einn fulltrúi af þessum fjórum yrði tilnefndur af BSRB. Um þetta varð ekki samkomulag og leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Eins og fram kom hjá hæstv. viðskmrh. lá ekki fyrir um það frá stjórnendum þessa landssambands ósk um það, að þeir tilnefndu mann í n. Fyrir fjhn. lá heldur engin slík ósk fyrir frá forsvarsmönnum þessa félagsskapar.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Fjhn. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls, og sýndist þó ekki vera mjög stórt atriði, sem skildi á milli meiri hl. og minni hl. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að hin nýja skipan verðlagsnefndar verði þannig, að í n. verði 9 menn. Fjórir skulu skipaðir samkv. ábendingu Alþýðusambands Íslands, tveir samkv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn samkv. tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og einn samkv. tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Og 9. nm. er ráðuneytisstjórinn í viðskmrn. Þess er getið í grg. frv., að tilgangurinn með þessari breytingu sé sá að verða við óskum forystumanna

verkalýðssamtakanna og gefa þar með ASÍ aukin áhrif á störf þessarar n. En nú liggur það fyrir, að forystumenn ASÍ óska eftir, að það fyrirkomulag verði haft á, að ASÍ tilnefni aðeins 3 en ekki 4, en hins vegar verði ákveðið, að hitt stóra launþegasambandið í landinu, þ. e. a. s. BSRB, fái að tilnefna af sinni hálfu þennan eina mann, sem þá félli niður af þessum fjórum, sem ASÍ var ætlað að hafa. En þá kemur í ljós, að þeir nm. fjhn., sem styðja ríkisstj., geta ekki fallizt á þetta, að fulltrúar ASÍ í n. verði þrír og BSRB fái einn, en vilja knýja það fram, að ASÍ megi tilnefna alla 4 fulltrúa. Mér er vel kunnugt um það, að þeir forystumenn ASÍ, sem höfðu rætt þessi mál við ríkisstj., höfðu orðið ásáttir um það við samstarfsmenn sína í BSRB, en á milli þessara tveggja launþegasamtaka hefur verið náið samstarf, að BSRB fengi einn af þessum fulltrúum. Nú sýnist það auðvitað mjög sanngjarnt, að jafnfjölmennt og mikið samband sem BSRB er, eigi þarna einn fulltrúa og þegar sá aðili, sem ætlað hafði verið að hafa þarna fjóra fulltrúa, vill gjarnan sætta sig við að hafa þar þrjá, ef BSRB fær þann fjórða, sýnist nú ekki ástæða til þess að knýja hitt fram, að ASÍ skuli tilnefna fjóra. En það er engu líkara en þeir, sem virðast ráða þessum málum, hafi eitthvert ofnæmi í þessu tilfelli gegn BSRB. Þeir megi helzt ekki heyra það nefnt í þessu tilfelli. En nú hafa auðvitað fulltrúar BSRB nákvæmlega sömu áhugamálin varðandi þetta eins og fulltrúarnir frá ASÍ. Ég verð því að lýsa undrun minni yfir því, að þetta skyldi þurfa að verða til þess, að n. klofnaði og ég á satt að segja erfitt með að trúa því, að hæstv. viðskmrh. haldi fast við þetta atriði að halda þessu svona óbreyttu. Á það hefur verið minnzt, að ef hér yrði farið að nefna BSRB, gætu komið hér enn fleiri samtök til, sem óskuðu eftir að fá menn í n. Vissulega geta þau komið hér til, þó að ekki sé minnzt á BSRB. Þau gætu gefið sig fram og hafa oft óskað eftir því að fá fulltrúa í verðlagsnefnd. En ef samkomulag hefði orðið hér á Alþ. á milli allra flokkanna á þinginu um það að hafa þennan hátt á, var hættan ekki mjög mikil, að hinir hefðu brotizt í gegn með þessar óskir sínar, til þess að glundra einhverju í þessari n. Ég álít því, að málið liggi þannig fyrir, að alveg augljóst sé, að ef ekki fæst fram þessi breyting á tillgr. eins og hún liggur fyrir, er hér um einhverja alveg óskiljanlega andstöðu við BSRB að ræða.

Sú leið, sem líka er minnzt á, að ASÍ geti tilnefnt einhvern úr röðum BSRB í sæti eins af þeim fjórum, sem það á að tilnefna, er vitanlega óeðlileg og óaðgengileg. Það er vitanlega eðlilegt, að það sé bandalagið sjálft, sem tilnefnir sinn fulltrúa, velur sinn fulltrúa til þess að sitja í slíkri n. sem þessari, en það sé ekki Alþýðusambandsstjórn, sem velur þeirra fulltrúa. Við í minni hl. fjhn. leggjum því til, að sú breyting verði gerð á frv., að í stað þess, sem stendur í tillgr., að 4 nm. skuli skipaðir samkv. tilnefningu ASÍ, skuli þrír nm. skipaðir samkv. tilnefningu ASÍ, en einn samkv. tilnefningu BSRB o. s. frv., eins og segir í 1. gr. frv.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þessi skipun á verðlagsnefnd verði aðeins í gildi út árið 1968 eða á meðan áhrif gengislækkunarinnar eru að koma fram í verðlaginu. Ég hefði nú álitið fyrir mitt leyti, að það hefði verið eðlilegt að taka upp þessa skipun á n. og hafa þar engin sérstök tímamörk á. Ef Alþ. sýnist ástæða til þess að breyta fyrirkomulaginu með skipun n., verða sett lög um það, en ég kann heldur illa við, að þetta sé bundið aðeins við árið 1968. Við höfum nú samt ekki séð ástæðu til þess að flytja brtt. um það, heldur aðeins þetta eina ágreiningsefni, sem er þess eðlis, að ég vil varla trúa því, að hér þurfi að verða langar eða miklar umr. um þetta efni eða miklar þrætur um það, hvaða fyrirkomulag skuli haft á þessu og ég undirstrika það, að mér er vel kunnugt um það af viðtali við forseta ASÍ og við formann verkamannafélagsins Dagsbrúnar, sem hér er staddur á þingfundinum, og þá aðra aðila frá hálfu ASÍ, sem við í fjhn. höfðum rætt um þessi mál við, að það er vilji þessara aðila, að fulltrúar ASÍ verði þrír og BSRB fái að tilnefna fjórða manninn. Og ég get bara ekki skilið, að það sé neinn vinningur fyrir ríkisstj. að vera að þvinga hér fram aðra skipun á þessum málum en þessir aðilar vilja. Ég veit ekki nema það verði hreint klúður úr þessu og að Alþ. sé ekki alveg öruggt um það að geta sagt ASÍ að skipa fleiri menn þarna en þeir vilja út af fyrir sig hafa sjálfir. Og ég vil því vænta þess, að hæstv. viðskmrh. fallist á þau rök, sem ég hef flutt hér fyrir því, að þessi breyting verði gerð á frv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Mér finnst þetta líta frekar illa út, að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja sé sýnd þessi — ég vil segja óvirðing, sem hér kemur fram, að það megi ekki eiga kost á að eiga einn mann af níu í þessari verðlagsnefnd. Þarna mun vera um samband að ræða, sem samanstendur af 8 þús. manns í landinu. Auk þess eru þetta þau stéttasamtök, sem engan verkfallsrétt hafa og í raun og veru þar af leiðandi engan samningsrétt um vísitölu á laun móts við verkalýðsfélög í landinu. BSRB komi ekki þarna að. Hv. frsm. meiri hl. afsakaði sig með því, að það hefði ekki komið nein beiðni fram frá BSRB í þessu efni. Kom nokkur beiðni fram um fjóra menn frá ASÍ? Ég held, að það hafi bara verið nefndir þrír áður. Og hvernig var hægt að búast við einhverri beiðni frá BSRB? Var ekki verið að útbýta þessu frv. nú í kvöld? Veit BSRB nokkuð um frv., að það sé til? Átti BSRB að senda beiðni hingað inn á Alþ. um mál, sem enginn hafði séð, því síður, að það gæti haft hugmynd um, að það væri verið að afgreiða frv. hér á næturfundi. Það er ekki hægt að afsaka slíkt með því, að það hafi ekki legið fyrir nein beiðni. Menn geta ekki beðið um neina hluti, þegar þeir eru ekki farnir að sjá málið. Ég vænti þess, að hv. þm. taki til athugunar þá brtt., sem hér er borin fram, og hún verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 95 felld með 19:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IG, LJós, MK, SE, JK, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS.

nei: IngJ, JóhH, JP, MB, AJ, PJ, PS, SI, SvJ, BF, BK, BBen, BGuðm, BrS, EmJ, GuðlG, GunnG, GÞG, BGr.

6 þm. (VG, JÁ, SP, SB, ÁP, HV) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvJ, BF, BK, BBen, BGuðm, BrS, EmJ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, AJ, PJ, PS, SI, BGr.
VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS, IG, LJós, MK, SE, JK, SV greiddu ekki atkv.
6 þm. (SB, ÁP, HV, VG, JÁ, SP) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Við umr. þessa máls hefur komið fram alveg einstök meinbægni við önnur stærstu launþegasamtökin hér í þessu landi, BSRB, og eins vegna þess að hér er nýbúið að afgreiða mjög þýðingarmikið mál, þ. e. afnám verðtryggingar á laun, sé ég ekki ástæðu til þess að greiða atkv. með þessu frv. og sit hjá.

Frv. afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., 28. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv., sem komið er frá hv. Nd., var samþ. þar við þrjár umr. í gærkvöldi. Efni þess er einfalt. Eins og komið hefur fram hér á hinu háa Alþ. er það stefna ríkisstj. að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna í því skyni, að sú gengislækkun á krónunni, sem nýlega hefur verið ákveðin, þurfi ekki að rýra hlut launþega meir en óhjákvæmilegt reynist. Fyrir skömmu var af hálfu Alþýðusambands Íslands borin fram sú ósk við ríkisstj., að fulltrúar frá ASÍ hlytu sæti í verðlagsnefnd, þeirri n., sem fer með opinberar verðákvarðanir, í því skyni að geta fylgzt með því og átt hlut að því, að álagningarreglur íþyngdu ekki launþegum, hefðu ekki meiri áhrif til hækkunar á verðlagi en óhjákvæmilegt væri. Að vandlega athuguðu máli taldi ríkisstj. rétt að verða við þessum óskum. En jafnframt þótti þá eðlilegt, að Vinnuveitendasamband Íslands, Verzlunarráð Íslands og Samband íslenzkra samvinnufélaga fengju hliðstæða aðild að verðlagsnefndinni. Þess vegna er í þessu frv. gert ráð fyrir því, að til ársloka 1968 skuli 9 manna n. fara með opinberar verðlagsákvarðanir. Fjórir í nefndinni skulu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, tveir af Vinnuveitendasambandinu, einn af Verzlunarráði Íslands og einn af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga. En ráðuneytisstjórinn í viðskmrn. skal vera níundi maður í n. og formaður hennar eins og hann er nú form. verðlagsnefndar.

Það var talið rétt að hafa þessa skipan tímabundna, fyrst og fremst vegna þess, að ástæðan til þess að breytingin er gerð, er ósk, sem fram hefur komið af hálfu ASÍ um það, að það fái sérstaka aðstöðu til þess að hafa áhrif á það, hver áhrif gengisfellingarinnar verða á verðlag í landinu. Út af fyrir sig kæmi vel til greina að hafa skipun opinberrar verðlagsnefndar til frambúðar þannig, að annars vegar ættu þar fulltrúar neytenda sæti og hins vegar atvinnurekenda og þeirra, sem verzlun og viðskipti annast. En ef skipa ætti þessum málum til frambúðar, þá þyrfti að hugleiða, hvort ekki geti verið um að ræða önnur samtök, sem með eðlilegum hætti gætu talizt eiga aðild að verðlagsnefndinni. Í þetta skipti var óskin fram borin af ASÍ og þess vegna var talið rétt, að fulltrúar neytenda, ef svo mætti segja, væru eingöngu valdir af því.

Í hv. Nd. kom sú brtt. fram af hálfu minni hl. fjhn., að fulltrúar ASÍ skyldu ekki vera nema þrír, en BSRB skyldi fá einn fulltrúa í staðinn. Þetta var fellt með atkv. stjórnarflokkanna, fyrst og fremst vegna þess, að óskir höfðu verið uppi frá ýmsum öðrum launþegasamtökum og neytendasamtökum um það að fá fulltrúa í nefndina, og treystu menn sér ekki til að gera upp á milli óska aðila um þetta efni og halda því fast við upphaflegu hugmyndina, að það væri Alþýðusambandið eitt, sem tilnefndi þarna fulltrúa neytenda, ef ég mætti svo til orða taka. Hins vegar gefur það auga leið, að ef ASÍ óskar eftir því að taka tillit til óska opinberra starfsmanna, óska neytendasamtaka eða annarra launþegasamtaka, sem nefnd hafa verið í þessu sambandi, þá er ASÍ það að sjálfsögðu frjálst. Það ræður alveg vali sinna fjögurra fulltrúa og getur í vali sínu tekið þar tillit til annarra launþegasamtaka eða neytendasamtaka, sem það telur ástæðu til.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn., en ég vildi leggja á það áherzlu, að frv. hljóti sem greiðastan gang gegnum þingið, vegna þess að fyrir dyrum stendur að taka mikilvægar ákvarðanir í verðlagsmálum, og fyrst ákvörðun hefur á annað borð verið tekin um það, að fulltrúar ASÍ annars vegar og samtakanna, sem nefnd hafa verið, hins vegar skuli fá sæti í verðlagsnefndinni, þá tel ég rétt, að þessir aðilar taki allar ákvarðanir, sem máli skipta í tengslum við gengisbreytinguna og í framhaldi af henni. Fram til þessa hefur núv. verðlagsnefnd engar „princip"-ákvarðanir tekið, sem neinu máli skipta, heldur aðeins afgreitt það, sem óhjákvæmilegt var að afgreiða, en frá og með morgundeginum má búast við því, að taka þurfi aðrar og stærri ákvarðanir en teknar hafa verið undanfarna daga, og þá tel ég rétt, að hin nýja n. taki þær ákvarðanir, en ekki hin, sem nú starfar.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er nú eitt út af fyrir sig ekki margra orða virði. Hins vegar snertir það önnur mál, mál, sem eru sérstaklega brennandi á þessum síðustu og verstu tímum, verðlagsmál, verðlagningarmál og verðlagseftirlit. Þess vegna þykir mér rétt að láta þetta frv. ekki algjörlega

þegjandi fara fram hjá hér í d. Ég vil ekki gera neitt til þess að tefja framgang þess, þó að óskir frá hæstv. ríkisstj. um það, að mál séu keyrð hér í gegn athugunarlaust, fari nú að gerast fulltíðar. Og í sambandi við þetta mál hefði ég gjarnan viljað afla mér nokkurrar fræðslu hjá hæstv. viðskmrh. Nú sé ég, að hann hefur að vísu orðið að skreppa frá í bili, og gæti ég náttúrlega beðið með að bera fram þær fsp., því að mér liggur ekkert á. En hæstv. viðskmrh. var að óska eftir, að málinu væri hraðað. Þess vegna hafði ég nú ekki hugsað mér að vera með neinar málalengingar hér, en ætlaði að bera upp við hann mjög einfalda spurningu, sem vefst fyrir sumum að svara um þessar mundir, en ég efast ekki um, að viðskmrh. muni fljótlega geta greitt úr, og þessi spurning, sem mig langaði nú fyrst til að leita svars við hjá viðskmrh., er, hvort hér sé verðstöðvun nú eða ekki. Mönnum ber nefnilega ekki alveg saman um það. Fyrir rúmu ári síðan voru samþ. hér á Alþ. l. um verðstöðvun. Þau voru tímabundin, þau eru gengin úr gildi. En í fyrra voru þessi l. talin mjög nauðsynleg og óhjákvæmileg, til þess að hægt væri að koma á þeirri verðstöðvun, sem þá var talin sjálfsögð og nauðsynleg. Því máli var vel tekið af hálfu stjórnarandstæðinga, en ef ég man rétt, þá vorum það við framsóknarmenn einir, t. d. í Nd., sem mæltum með samþykkt þess frv. óbreytts, eins og það kom frá hendi stjórnarinnar í öndverðu. En við bentum þá á, að þessi l. væru óþörf, vegna þess að í l. um verðlagseftirlit, sem þetta frv. er flutt til að breyta, væru allar heimildir til verðstöðvunar, nema um bann við hækkun opinberra gjalda. Þessu vildu stjórnarmenn þá ekki trúa og töldu það alveg nauðsynlegt og óhjákvæmilegt, að þetta verðstöðvunarfrv. væri samþ. Og þeir fengu það samþ. Við skulum segja, að verðstöðvun hafi verið komið á. Þetta frv. féll svo úr gildi 1. nóv. og nú er spurningin, hvort verðstöðvun sé í gildi eftir það eða ekki. Mér skilst, að verðlagsnefnd hafi uppgötvað það, rétt um síðustu mánaðamót, að allar heimildir, sem nauðsynlegar voru til verðstöðvunar, væru í gömlu l. um verðlagseftirlit nr. 54 frá 1960 og að hún hafi samkv. heimild í þeim l. gefið út almennt bann við hækkun á allri álagningu og öllum vörum. Hafi hún getað gert þetta, og ekki dettur mér í hug að hún hafi verið að brjóta l., þá verð ég nú að telja sannað, að við höfum haft rétt mál að flytja í fyrravetur, þegar við sögðum, að stjórnin hefði allar heimildir til verðstöðvunar í lögum, og að hún hefði haft þær síðastliðin 6 ár, en ekki notað þær heimildir. Það má kannske segja, að það skipti ekki miklu máli að fá það staðfest, hver hefur haft á réttu að standa um svona atriði, en ég verð þó að telja það viðkunnanlegra að fá skýringu ráðh. á því, og umfram allt verð ég að telja það nauðsynlegt, að hann lýsi því yfir, hvort verðstöðvun sé hér í gildi eða ekki, vegna þess að almenningi er það ekki ljóst.

Þrátt fyrir það að sagt sé, að verðstöðvun hafi átt að vera hér, þá hefur mátt heyra það núna á allra síðustu dögum, að verð hefur verið hækkað á vissum vörutegundum. Ég er almennt ekki mikill fylgjandi verðlagseftirlits, af því að ég hef á því takmarkaða trú og byggi þar að nokkru leyti á reynslu, en ég held samt, að á vissum tímum og undir vissum kringumstæðum sé verðlagseftirlit nauðsynlegt. Ekki verðlagseftirlit í orði, heldur verðlagseftirlit á borði, verðlagseftirlit í raun og veru. Og ég álít, að þær kringumstæður séu alveg sérstaklega fyrir hendi í sambandi við gengisfellingu, því að það er gefið mál, að afleiðingar gengisfellingar verða þær, að innfluttar vörur hljóta að hækka í verði og það getur þá líka verið tilhneiging til þess að hækka álagningu í raun og veru, þ. e. a. s. að halda sömu álagningarprósentum, þó að grundvöllurinn, sem á er lagt, hafi hækkað. Og þó að lagt sé bann við því að hækka vörubirgðir, þá er það svo, að það bann nær ekki til vörubirgða, sem ekki hafa þegar verið greiddar, sem ég reyndar tel ekki óeðlilegt, en mér er tjáð, að það séu allmiklar vörubirgðir, sem þannig er ástatt um. Hef ég heyrt nefndar í því sambandi tölur upp á 700 millj., sem eru stutt vörukaupalán. Ég held þess vegna, að það geti orðið talsvert erfitt í framkvæmd að greina á milli þess, hvort um er að ræða greiddar vörubirgðir hér og þar eða ógreiddar, og hvort þær vörubirgðir megi hækka eða ekki. Allar þessar kringumstæður gera það að mínum dómi sérlega nauðsynlegt nú á þessum tímamótum að halda uppi skörpu, hörðu verðlagseftirliti, ekki verðlagseftirliti, sem er upp á punt, heldur raunverulegu verðlagseftirliti, og þess vegna hafði ég satt að segja vænzt þess, að ákvörðun um gengisfellingu hefði fylgt efst á blaði sú hliðarráðstöfun að koma hér upp öflugu verðlagseftirliti. Það má vissulega segja, að í þessum l., sem áður er á drepið, séu margar og góðar heimildir til þess og að mikið sé undir framkvæmdinni komið, en við sem af reynslunni þekkjum það, að framkvæmdin í þessum efnum hefur, þrátt fyrir allar lagaheimildirnar, verið heldur slöpp á undanförnum árum, mundum kjósa, að mál þessi yrðu betur mörkuð í settum l. Og ég hefði haldið, að ástæða væri til þess að fylgja gengislækkuninni eftir með ítarlegu frv. um verðlagsmál, í stað þess að kasta inn þessu litla frv. hér, sem ég ætla ekki að lasta. En þar er að því er virðist um þá einu breytingu að ræða, sem á að verða í verðlagningarmálunum. Ég verð að lýsa sérstökum vonbrigðum mínum yfir því, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa séð ástæðu til þess að láta fara fram grandgæfilega endurskoðun á þessum l. og leggja slíkt frv. fyrir þetta Alþ. og láta það vera fylgifisk gengislækkunarinnar. Áreiðanlega fær allur almenningur í þessu landi að finna fyrir afleiðingum gengisfellingarinnar, og það er lágmarkskrafa frá hans hendi, að reynt sé að skipta þeim byrðum, sem gengislækkun óhjákvæmilega fylgja, sem réttlátast niður. Og ein leiðin til þess er að framfylgja traustu og heiðarlegu verðlagseftirliti.

Ég er ekki kunnugur framkvæmd verðlagsmálanna að undanförnu. Ég veit, að það sitja góðir og gegnir menn í verðlagsnefnd, og ég efast ekki um, að það séu góðir og færir menn, sem starfa á skrifstofu verðlagsstjóra. En ég verð að segja það eins og er, að ég hef ákaflega litið orðið var við þetta verðlagseftirlit að undanförnu. Og ég verð að segja það, að annað var á árum áður. Þegar við hæstv. viðskmrh. komum nærri þeim málum, þekktist það hreint ekki svo sjaldan, að

menn væru sóttir til saka fyrir brot á verðlagslögum, og þá gengu starfsmenn verðlagsstjóra í búðir, ekki aðeins hér í Reykjavík, heldur um land allt og fylgdust með verðlagningu. Það má vera, að þetta hafi verið gert nú upp á síðkastið, en um það vildi ég spyrja hæstv. viðskmrh., hvernig framkvæmd málanna að þessu leyti hafi verið hagað. Og eitt lítið dæmi. Ég sé það t. d. í þessum l. um verðlagseftirlit, að verðlagsstjóri getur fyrirskipað að verðmerkja vörur, festa upp verðskrár í verzlunum og verkstæðum og annað slíkt, sem hann telur auðvelda viðskipti og eftirlit með verðlagi. Slíkir miðar eru sjálfsagt uppi á ýmsum stöðum, en ég held nú samt, að verðmerkingu vara í búðum sé talsvert ábótavant, þ. e. a. s. að þær séu ekki verðmerktar á þann hátt, sem mér skilst að þessi l. geri ráð fyrir, að viðskiptavinurinn geti séð þá verðmerkingu. Ég vildi líka spyrja hann um það, hvernig háttað hefði verið þessu atriði.

Ég held einmitt í sambandi við spurninguna um það, hvort vörubirgðir eiga að hækka vegna ógreiddra skulda, þá sé það ákaflega þýðingarmikið að greiða fyrir því að almenningur geti fylgzt með því sem allrabezt, hverjar verðbreytingar verða í hinum ýmsu búðum. Og ég held, að ef hafa á raunverulegt eftirlit með því, að vörubirgðir séu ekki hækkaðar, jafnvel þó að hafi nú verið búið að greiða eitthvað í þeim, þá þurfi að vera ákaflega gott eftirlit. Þá þurfi verðlagsstjóri og verðlagsskrifstofa að hafa á að skipa ákaflega góðu og fjölmennu starfsliði til að fylgjast með því öllu. Ég vildi spyrja viðskmrh. að því, hvort það sé meiningin að hlúa betur að þessum starfsmönnum, sem hafa verðlagseftirlitið á hendi, en gert hefur verið að undanförnu, ekki aðeins hér í Reykjavík, heldur og út um allt land. Hvað hefur verið hugsað fyrir því? Hefur ekkert verið hugsað um þetta mál nema aðeins að því er varðar breytingu á þessari nefndarskipun. Mér finnst það mjög nauðsynlegt, að ráðh. gefi sem gleggsta skýrslu um þetta efni, hvernig háttað hefur verið framkvæmdum í þessum efnum og hvort nokkuð hefur verið hugsað fyrir því að styrkja framkvæmdir í þessum efnum. Hæstv. viðskmrh. sagði, að nú lægi á að fá þessa nefnd skipaða, vegna þess að engar ákvarðanir ætti að taka um verðlagsmál, sem máli skiptu, fyrr en hún væri komin. En ég veit ekki betur en farið sé þegar að taka ákvarðanir um verðlagshækkanir, sem æðimiklu máli skipta. Það er kannske ekki „princip"-afstaða, sem liggur í því, hvort olía og benzín eru hækkuð. En hitt veit ég, að almenningur finnur fyrir þeirri hækkun, sem ekki lét á sér standa eftir gengisfellinguna á þeim vörum, og ég veit ekki betur en í morgun hafi verið auglýst hækkun á vöru eins og t. d. smjörlíki, hreint ekki lítil, þannig að ekki virðist nú hafa verið skotið á frest ákvörðun um verðlagshækkanir til þess að bíða eftir þessari væntanlegu verðlagsnefnd, enda þótt hún eigi þó samkvæmt yfirlýsingum ráðh. að taka til starfa, ja, að manni skilst, á morgun, ef þetta frv. á að afgreiða í dag. Ég skal svo ekki fara mikið fleiri orðum um þetta almennt, en vona að ég fái greið svör hjá hæstv. viðskmrh. um þau efni, sem ég hef hér drepið á.

Svo ætla ég að víkja örfáum orðum að þessu frv., sem hér liggur fyrir. Það er um breytta skipan verðlagsnefndar. Það er að vísu fyrir fáum dögum búið að kjósa hér á Alþ. verðlagsnefnd til fjögurra ára, en umboð hennar á nú að fella niður með þessu frv. Það má segja, að það sé nú ekki mikið atriði, þó að skemmtilegri bragur hefði verið á því að fresta þeirri kosningu, þangað til þetta mál var útkljáð. En það er horfið að nýrri tilhögun um skipun þessarar n. Hún á að vera skipuð fulltrúum frá þeim aðilum, sem eru taldir eiga sérstakra hagsmuna að gæta, fjórum frá Alþýðusambandi Íslands, tveim samkv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einum samkv. tilnefningu Verzlunarráðs Íslands, einum samkv. tilnefningu Sambands íslenzkra samvinnufélaga og ráðuneytisstjórinn í viðskmrn. á svo að vera form. í þessari n. eins og áður fyrr. Í leiðinni er fjölgað allmikið í þessari n., úr sex og upp í níu. Það má vissulega sitthvað um þá stefnu segja, sem í þessu felst og getur verið góðra gjalda verð, að láta þá aðila, sem hér hafa mikið um að segja og málið snertir, hafa sína fulltrúa til þess að fylgjast með. Raunar má nú segja, að verðlagning varði okkur nú flest í þessu þjóðfélagi. En þetta er önnur stefna heldur en ríkti, þegar við hæstv. ráðh. sátum í viðskiptaráði í sinni tíð. Þá var það svo, að tveir menn af þeim, sem sátu í viðskiptaráði, áttu samkv. ákvæði í skipunarbréfi að víkja sæti, þegar fjallað var um verðlagsmál. Það var ég og dr. Oddur Guðjónsson. Það sjónarmið byggðist á því, að við mundum vera of tengdir stofnunum, sem þarna kæmu nærri og hefðu hagsmuna að gæta. En í stað okkar áttu þá að koma aldeilis sérstaklega hlutlægir aðilar, sem með engu móti gætu talizt fulltrúar fyrir nokkra stétt í þjóðfélaginu, þ. e. a. s. fyrst hæstv. viðskmrh., sem þá var nú ekki orðinn viðskmrh., og svo hagstofustjóri núverandi og síðan dr. Ólafur Björnsson. Sem sagt: hagfræðingar. Og það verð ég að segja og gefa þeim ágætu mönnum þann vitnisburð, að þeir slógu ekki slöku við þau efni á þeirri tíð, þannig að ég vil nú álíta, að ef alla tíð hefði verið unnið að verðlagsmálum og verðlagseftirliti með sama hætti, þá væri raunin betri en hún er í dag. Þá man ég það, að þessir ágætu menn sátu dögum saman á skrifstofu verðlagsstjóra með honum og rannsökuðu þessi mál ofan í kjölinn. Og ég man vissulega oft eftir eldlegum áhuga hæstv. viðskmrh. í því sambandi. Þetta er sem sagt stefnubreyting frá því, sem áður var í þessum efnum, að láta fulltrúa aðilanna sjálfra sitja í þessari n., sem á að taka ákaflega þýðingarmiklar ákvarðanir, en ekki, skulum við segja, óvilhalla og óhlutdræga aðila að öllu leyti. Þetta er að vísu í samræmi við þá stefnu, sem almennt gildir og fylgt er um úrskurðaraðila. En hvað um það, ég er ekki að hafa á móti því, að þessi stefna sé nú upp tekin og athugað sé, hvort hún gefi betri raun en sú hin fyrri. En á það vil ég benda, að samkvæmt þessum l., sem fyrir eru og nú eru í gildi, er það skylda verðlagsstjóra að fylgjast með verðlagi í landinu, og síðan segir: Skal verðlagsstjóri leita samvinnu við verkalýðsfélög og önnur hagsmunasamtök neytenda viðs vegar um landið til að tryggja sem raunhæfast verðlagseftirlit. Það hefur verið skylda að láta verkalýðsfélög og önnur samtök neytenda fylgjast með í

þessu efni. Hvernig hefur því verið fram fylgt? *En þegar á að hverfa að þessu ráði, sem ég vil* ekkert misjafnt um segja, að leyfa aðilum þannig að nefna menn til, þá hlýtur vitaskuld að vakna sú spurning, hvort ekki eigi fleiri að nefna til menn í þessa n. Og ég verð að segja það, að þó að ég meti ASÍ mikils og það sé alls góðs maklegt, þá kemur það mér nokkuð kynlega fyrir sjónir, að því skuli vera ætlað að nefna fjóra menn í þessa n., en BSRB synjað um að fá að nefna einn af þessum fjórum. Á bak við BSRB eru þó, að ég ætla, um 8 þús. félagsmenn. Og það vill svo vel til, að í þessum l., sem hér er fjallað um og hér er verið að breyta, hefur BSRB þegar verið viðurkenndur aðili og alveg sérstaklega við *hliðina á ASÍ og Stéttarsambandi bænda. En það* kemur einmitt fram, að þegar um er að ræða skipun í verðlagsdóm, sem á að vera skipaður reglulegum héraðsdómara á hverjum stað og auk þess einum meðdómanda, leikmanni, að þessi meðdómandi skuli skipaður af dómsmrh. að fengnum till. þriggja manna, tilnefndra af stjórnum ASÍ, Stéttarsambandi bænda og BSRB. Ég get ekki séð nein rök fyrir því að hverfa frá þeirri stefnu, sem þarna er mörkuð í þessum lögum sjálfum, og ætla nú að synja BSRB um aðild. Hæstv. viðskmrh. sagði, að ósk um þetta hefði komið frá ASÍ og að mér skildist ekki frá öðrum. Nú er að vísu, skilst mér, ósk fram komin frá BSRB, en henni á þá að vísa frá víst á þeim grundvelli, að hún sé of seint fram komin. Einhvern tíma hefur öðru eins verið breytt í meðförum máls, eins og þessu atriði. En auk þess veit ég nú ekki betur en að í samningum þeim og samtölum, sem ríkisstj. hefur átt við fulltrúa stéttasamtaka, hafi verið sameiginleg nefnd frá ASÍ og BSRB og að það hafi verið rætt við þá sameiginlega, enda sæmir það sízt að setja BSRB hjá í sambandi við gengisfellingu, því að ég býst við því, að þegar allt kemur til alls, þá komi nú gengisfelling einna harðast niður á opinberum starfsmönnum. Og það kemur fram í sambandi við annað mál, sem hér verður rætt á eftir, um niðurfellingu vísitölunnar, vegna þess að þau stéttarfélög, sem samningsrétt hafa, geta barizt og náð rétti sínum, kannske með mikilli fyrirhöfn, og fengið sitt kaup hækkað og fengið umsamda vísitölu, en í því efni er opinberum starfsmönnum lokuð leið, vegna þess að þeir hafa ekki slíkan rétt. Og ef þeir fá einhverja uppbót, þá er áreiðanlegt, að þeir verða alltaf eftirbátar. Hún kemur ekki fyrr en á eftir, hún kemur ekki fyrr en seint og síðar meir, þegar aðrir hafa fengið uppbót og sem afleiðing af því, ef hún kemur þá.

Þess vegna finnst mér það í mesta máta ómaklegt að ætla að setja BSRB til hliðar í þessu sambandi. Það má kannske segja, að það skipti ekki miklu máli, en það er vottur samt og tákn, sem hefur sína sögu að segja, og það tákn, sem taka verður eftir, tákn, sem vekja verður athygli á. Mér skildist, að ein ástæðan til þess, að stjórnarsinnar í hv. Nd. hefðu ekki viljað fallast á fram komna brtt., væri sú, að 4 mennirnir væru samkv. ósk ASÍ. Nú væri sjálfsagt möguleiki á því, þegar nefnd fjallar um þetta mál hér á eftir, að leita eftir því við stjórn ASÍ, hvort hún legði fyrir sitt leyti áherzlu á það, að hún hefði þarna alla þessa fjóra menn eða hvort hún vildi unna BSRB 1 fulltrúa. Og ef svo reyndist vera, þá skilst mér, að ekkert *standi í veginum af hálfu hæstv. ríkis*stj. að samþykkja þessa sjálfsögðu breytingu og vænti ég, að ráðh. gefi yfirlýsingu um það hér á eftir, svo að n., sem fær málið til meðferðar, fái það veganesti, að hún megi leita eftir þessu og þá sé allt í lagi, ef það samþykki fæst.

Ég sagði í upphafi, að ég skyldi ekkert sérstaklega vera að tefja tímann og ég ætla þá að standa við það. En annars er ákaflega margt í þessum lögum, sem hér eru fyrir, sem þyrfti athugunar við og endurskoðunar, og ákaflega margt, sem hægt væri að tala um, m. a. skipun verðlagsdóms, sem er náttúrlega fáránleg og ég hygg einstæð, þar sem það er hinn raunverulegi *héraðsdómari og svo einn leikmaður með, og ef* þá greinir á, þá á náttúrlega dómur fastadómarans að gilda. Það er ákaflega hætt við því, að í reyndinni verði þessi meðdómari mest upp á punt. Það liggur í augum uppi líka, að það væri þörf á því að ræða það, hvernig þessum málum er fyrir komið og verður fyrir komið víða úti um landið. Þar eru skipaðir allmargir eftirlitsmenn, verðlagsstjórar, sjálfsagt ágætir menn margir hverjir, en það væri náttúrlega full ástæða til þess að setja einhver ákvæði í l. um það, hvaða skilyrðum þeir þyrftu að fullnægja o. fl. í því sambandi, en ég skal ekki fara um það fleiri orðum.

Það er náttúrlega alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það koma býsna margir til greina, þegar á að láta aðila fara að nefna fulltrúa í verðlagsnefnd. Og ég verð nú að segja það, að ég sakna í svona verðlagsnefnd þess, að sjá þar ekki fulltrúa Neytendasamtakanna, sem ég held, að sé félagsskapur, sem hefur látið heldur gott af sér leiða og gæti gert mikið gagn, miklu meira gagn en hann hefur þó gert, ef hann mætti fullum skilningi og væri styrktur til dáða í þessu efni. En náttúrlega verður það aldrei brýnt nógsamlega fyrir fólki, að hvað sem góðu verðlagseftirliti líður, skiptir það auðvitað meginmáli, að almenningur sé vel á verði og vakandi í þessum efnum og Neytendasamtökin hafa einmitt átt góðan þátt í að vekja almenning til umhugsunar í þessu efni. Og því skyldu þessi samtök ekki fá fulltrúa? Hverju skiptir það, þegar nefndin er komin upp í 9, þó að hún sé sett upp í 11? Talan skiptir ekki öllu máli. Þegar farið er að fjölga á annað borð, þá finnst mér engin ástæða til þess að vera að binda sig endilega við töluna 9.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. þm. ræddi í upphafi máls síns um verðstöðvunarlöggjöfina og hitaði í því sambandi upp gamla lummu og bar hana á borð fyrir okkur öll, sem hér erum í salnum. Og þetta gefur mér kærkomið tilefni til þess að ræða þetta mál örfáum orðum, ég þarf ekki að nota til þess langan tíma. Það hefur eins og kunnugt er verið ein uppáhaldskenning framsóknarmanna nú um margra mánaða skeið, að verðstöðvunarlögin í fyrra hafi verið algerlega óþörf, vegna þess að allar heimildir, sem þau veittu, hafi einnig verið fyrir hendi í verðlagslöggjöfinni. Þetta hefur verið endurtekið miklu oftar en maður hefur talið ástæðu til þess að svara og þykir mér vænt um

að fá tækifæri til þess að leiðrétta þennan grundvallarmisskilning. Til þess þarf ekki mörg orð.

Ég veit ekki, hvort það er misskilningur algengur meðal þingmanna, en ég veit, að hann er algengur meðal almennings, að verðlagslöggjöfin taki til alls verðlags, þ. e. verðlagsnefndin, sem starfar eftir verðlagslöggjöfinni, sem þm. vitnaði til, ráði öllu verðlagi í landinu. Það er algjör misskilningur. Þetta ættu þm. a. m. k. að vita, þó að almenningur þurfi kannske ekki að vita staðreynd eins og þessa. Allt verðlag á landbúnaðarvörum er háð öðrum lögum og öðru verðlagsyfirvaldi og verðlag á margs konar opinberri þjónustu er hvorki háð þeirri almennu verðlagsnefnd né heldur þeim aðilum, sem fara með verðlagsmál landbúnaðarafurða, heldur er komið undir ákvörðun ýmissa rn. og m. a. s. margra rn. Það er enn fremur alkunna, að skattar og útsvör eru ekki háð neinu almennu verðlagseftirliti. Um álagningu þeirra fer eftir almennum lögum og ákvörðun um þau taka ýmist löggjafinn sjálfur eða sveitarfélögin, að því er snertir útsvörin, en í verðstöðvunarfrumvarpinu var gert ráð fyrir stöðvun á öllu innlendu verðlagi, því sem heyrir undir verðlagsnefnd, þ. e. almenna verðlagsnefnd, því sem heyrir undir verðlagsyfirvöld landbúnaðarafurða, einnig á öllum opinberum töxtum, sem rn. ákveða, og m. a. s. opinberum gjöldum. Útsvör voru fryst og stöðvuð með verðlagslögunum. Það er því furðuleg firra að staðhæfa það og endurtaka jafn oft og hefur verið endurtekið, að í verðlagslögunum hafi verið heimildir til allra þeirra verðstöðvana, sem verðstöðvunarlögin í heild gerðu ráð fyrir. Auk þessa var í verðstöðvunarlögunum mörkuð almenn stefna í verðlagsmálum innanlands að því er snerti innlendan kostnað, af því þetta er innlent verðlag. Hún tók því til miklu fleiri atriða heldur en almenna verðlagslöggjöfin veitir heimild til afskipta af og ætti þessi einfalda skýring að duga til þess að sýna fram á, að öll þau orð, sem um þetta hafa verið sögð af hálfu framsóknarmanna, eru markleysa, algjör markleysa.

Hv. þm. spurði, hvort verðstöðvun væri enn í gildi. Hér er nú nánast orðið um orðaleik einn að ræða. Verðstöðvunarlöggjöfin í fyrra gerði ráð fyrir stöðvun innlends verðlags. Það var skýrt tekið fram í löggjöfinni, að að sjálfsögðu gæti hún ekki kveðið á um fast verðlag á vöru, ef um erlenda vöru og erlenda þjónustu væri að ræða og þessi vara hækkaði erlendis, enda urðu á verðstöðvunartímabilinu margvíslegar hækkanir á verðlagi. En þær áttu rót sína að rekja til útlanda, og engum datt í sjálfu sér í hug að andmæla því, að almenn verðstöðvun væri í gildi, þó t. d. kaffi þyrfti að hækka, ef erlendis varð hækkun á kaffiverði.

Grundvallaratriði verðstöðvunarlaganna var það, að ekki skyldu verða hækkanir af innlendum rótum runnar, og það tókst í öllum grundvallaratriðum að fylgja þessari stefnu. Þeirri stefnu er enn tilætlunin að fylgja. Það er enn meginstefna ríkisstj. að vinna gegn því, að nokkrar hækkanir verði á verðlagi af innlendum rótum runnar. Auðvitað má segja, að eftir 1. des. verði erfiðara að ná þessu marki, vegna þess að allt kaupgjald í landinu hækkar 1. des., en á verðstöðvunartímabilinu öllu varð engin breyting á almennu grunnkaupi og það tókst að halda verðlagsvísitölunni niðri með síauknum niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Það verður erfiðara fyrir ríkisstj. að fylgja þessari grundvallarstefnu sinni að láta ekki verða verðlagshækkanir af innlendum rótum vegna kauphækkana 1. des., en það verður reynt. Það verður öll áherzla lögð á að reyna það og vonandi tekst það. Hitt er svo annað mál, að gengisbreytingin hefur í för með sér stórkostlegar breytingar á verðlagi á vöru erlendis frá og erlendri þjónustu, sem mun hafa í för með sér svo miklar hækkanir, að ég tel ekki eðlilegt eða skynsamlegt að tala áfram um verðstöðvunarstefnu, beinlínis vegna þess að það er í ósamræmi við heilbrigða málvenju að telja vera verðstöðvunarstefnu framfylgt samtímis því sem almenn hækkun verður á verðlagi, þó hún sé af erlendum rótum runnin. Eðlismunur er enginn á því, sem skeður á næstu árum, og því, sem skeði undanfarið ár. Það gátu orðið hækkanir á verðlagi hér, þrátt fyrir verðstöðvunarstefnuna, ef hækkunin kom utan frá, en þær voru tiltölulega litlar. Nú verða þessar hækkanir miklar, og þess vegna tel ég, að viðhorfið allt verði gerbreytt og við eigum ekki lengur að tala með sama hætti og við höfðum leyfi til að tala á liðnu ári. En það vildi ég endurtaka að síðustu um þetta mál, að grundvallarafstaða ríkisstj. er óbreytt, sú stefna, sem mörkuð var, þegar verðstöðvunarlögin voru sett: að gera allt, sem í valdi ríkisstj. stendur, til þess að hindra verðhækkanir af innlendum rótum runnar. Einmitt vegna þess að efnahagsstefnan er þessi, er ég alveg sammála hv. þm. um, að nú er sérstök nauðsyn á verðlagseftirliti, ekki aðeins verðlagseftirliti í orði, heldur verðlagseftirliti á borði. Um það er ég honum algjörlega sammála. Ég er honum líka sammála um það, að ég hef ekki lengur mikla almenna trú á verðlagseftirliti, tel mörg önnur tæki, mörg önnur ráð miklu líklegri til þess að þjóna neytandanum og tryggja honum hagstætt vöruverð en það að halda uppi verðlagseftirliti í því formi, sem hefur verið beitt hér nú undanfarna áratugi. En undir núv. kringumstæðum tel ég verðlagseftirlit vera alveg sjálfsagt og sjálfsagt að beita af fullri festu því tæki, sem verðlagseftirlit leggur hinu opinbera í hendur. Um þetta er ríkisstj. sammála. Einmitt þetta frv. er staðfesting á því, að ríkisstj. vill taka verðlagsmálin alvarlega og vill gefa þeim aðilum í þjóðfélaginu, sem eðlilegan og réttmætan áhuga hafa á því, að það sé strangt, því sé beitt af fullri festu, kost á að kynnast málunum ofan í kjölinn og eiga aðild að ákvörðunum um þau.

Að síðustu vildi ég svo aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan varðandi hugsanlega aðild BSRB að hinni nýju verðlagsnefnd. Það felst ekkert vanmat á gildi eða þýðingu BSRB í því, þótt ríkisstj. hafi ekki talið rétt, að þessi samtök fái beina aðild að nefndinni, ekki frekar en það telst vanmat á Neytendasamtökunum eins og þm. nefndi alveg réttilega, að þeim er ekki ætluð aðild að þessu eða Farmanna- og fiskimannasambandinu t. d., sem lítið hefur verið nefnt og eðlilegt væri að ætti aðild að þessu. Það sem við teljum einfaldlega vera rétt er það, að sá aðili, sem bar hugmyndina fram um þessa skipun verðlagsnefndarinnar, ráði þeim neytendafulltrúum, ef

ég mætti svo að orði komast, ráði þeim neytendafulltrúum, sem sæti í verðlagsnefndinni eiga. Honum er fullkomlega frjálst að taka í því sambandi tillit til óska BSRB, Neytendasamtakanna, Farmanna- og fiskimannasambandsins, ef Alþýðusambandið telur það rétt. Og ég hef fulla trú á stjórn ASÍ í þessu sambandi, að hún velji þá aðila, sem hún telur líklegasta til þess að hafa góð og skynsamleg áhrif í þessu efni.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil nú þakka hæstv. viðskmrh. fyrir svörin, svo langt sem þau náðu. Hann lýsti því sem sinni skoðun, að það væri nánast orðaleikur úr því sem komið væri, hvort talað væri um, að verðstöðvun væri í gildi eða ekki. Það verður þá hans svar við því, hvort verðstöðvun sé í gildi eða ekki. Hins vegar bætti hann þó um að því leyti til, að hann lýsti því sem sinni persónulegu skoðun, að það væri ekki lengur skynsamlegt að tala um verðstöðvunarstefnu. Það mundu — og í því var hann raunsær alveg og mælti réttilega — í kjölfar gengisfellingarinnar fylgja svo miklar hækkanir, að það væri ekki lengur skynsamlegt eða eðlilegt að tala um verðstöðvunarstefnu. Ég er honum sammála um þetta. Nú, náttúrlega gleður það mig að heyra, að ríkisstj. skuli lýsa því yfir, að hún muni taka verðlagseftirlitið alvarlega. Ég vona, að efndir fylgi orðum þar.

En ýmislegt fleira spurði ég um, þ. á m. um framkvæmd verðlagseftirlitsins, sem hæstv. ráðh. fór nú ekki út í. Vegna þess að tíminn er naumur, þá fyrirgef ég honum það og geng þá ekki frekar eftir svörum í því efni nú, en ég tel að það sé málefni, sem ástæða er til að ræða og hæstv. ráðh. ætti við tækifæri að gefa sér tóm til að ræða hér og gefa þinginu skýrslu um. Hins vegar get ég nú ekki alveg fallizt á skýringar hans viðvíkjandi verðstöðvunarlögunum og sambandi þeirra við þessi lög nú. Hann vildi halda því fram enn, að verðstöðvunarlögin hefðu verið nauðsynleg, þessi l. um verðlagsmál hefðu ekki geymt allar nauðsynlegar heimildir til verðstöðvunar og taldi upp í því sambandi verðlag á innlendum vörum og opinber gjöld. Nú tók ég það skýrt fram og hef alltaf tekið það fram, að gömlu verðlagslögin geymdu ekki þann við hækkun opinberra gjalda. Það var nýtt í verðstöðvunarlögunum, en það var líka það eina, sem var nýtt, því að um verðlagningu á landbúnaðarafurðum breyttu t. d. verðstöðvunarl. engu. Verðlagning á þeim var eftir verðstöðvunarl. alveg eins og fyrir þau í höndum alveg sérstakrar n. Og verðlagning sjávarafurða var eftir sem áður í höndum alveg sérstakrar n., verðlagsráðs sjávarútvegsins. Um þetta atriði breyttu verðstöðvunarlögin engu til né frá. Eftir sem áður voru öll þessi mál í höndum hálf- eða al-opinberra nefnda. Það eina, sem skal játað að var nýtt í verðstöðvunarl., var það, að samþykki ríkisstj. þyrfti til tiltekinna hækkana. Það var nýtt. En það er þá fallið niður með niðurfalli verðstöðvunarl. Ég vil nú ekki þreyta hv. þm. á því að fara að lesa hér upp l. um verðlagsmál, en ef það væri gert, þá mundi það koma á daginn, að þar hefur verðlagsn. heimild til hvers konar ákvörðunar um verðlagsmál. Hún ákveður hámarksverð á vöru og verðmæti, þ. á m. hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu. Verðlagsn. getur úrskurðað hverja þá kostnaðarliði, sem máli skipta um verðlagningu í landinu. Verðlagsákvarðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, sem hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Þá getur verðlagsn. og ákveðið gjöld fyrir flutninga á landi, sjó og í lofti og þar með talin farmgjöld, afgreiðslugjöld og enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu, veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur getur verðlagsn. ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun, aðgöngumiðum, almennum skemmtunum og öðru slíku. Þannig mætti halda áfram. En sem sagt, ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin. Þau voru í styttra lagi, en það sagði líka sína sögu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 89, n. 100).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Fjhn. hefur komið saman og rætt frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 frá 14. júní 1960. Fjhn. varð sammála um að leggja til brtt. við frv. eins og nál. á þskj. 100 ber með sér. Þessi breyting felur í sér, að ASÍ fær nú að tilnefna 3 fulltrúa í verðlagsnefnd og BSRB 1. Áður gerði frv. ráð fyrir, að ASÍ fengi að tilnefna 4 fulltrúa, en það er von fjhn., að þessi breyting fulltrúa í verðlagsnefnd leiði ekki af sér kröfu frá öðrum launþegasamtökum um að fjölga sífellt í nefndinni, og leggjum við til, að frv. verði þannig samþykkt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ummælum hæstv. viðskmrh. hér í dag.

Hæstv. viðskmrh. sagði við 1. umr. þessa máls, að verðstöðvunarl. frá 1966 næðu yfir fleira en lög um verðlagsmál og þ. á m. næðu þau yfir útsvarsálagningu.

Það væri fróðlegt að vita og það býst ég við, að hæstv. félmrh. geti upplýst, hversu mörg sveitarfélög þurftu á s. l. sumri að sækja um hækkun varðandi útsvarsálagningu, þ. e. a. s. að sækja um að fá hækkaðan útsvarsstigann frá árinu áður, en eins og kunnugt er, þá var það ekki leyfilegt nema með leyfi hæstv. ríkisstj. En hver er svo ástæðan fyrir því, að sveitarfélögin þurftu að fá hækkanir? Er hún innlends eða erlends eðlis? Er það erlent verðlag, sem þar hefur komið til greina, eða er það innlent? Ég vil minna á það í þessu sambandi, að á s. l. vetri eða síðasta þingi var framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfél. skert um ca. 20 millj. kr. samhliða því, sem lækkuð voru framlög til opinberra framkvæmda um 10%. Þessar ráðstafanir m. a. voru orsök þeirra útsvarshækkana, sem orðið hafa, og ég vil segja að séu af

innlendum rótum runnar, enda þótt hæstv. viðskmrh. héldi því hins vegar fram, að engar hækkanir hefðu átt sér stað af innlendum orsökum. Verðstöðvunin, það er vitað mál, að hún var kosningabrella hæstv. ríkisstj. og þetta er þegar sannað mál með frv. til l. um efnahagsráðstafanir. Það frv. felur í sér um 750—800 millj. kr. álögur á þjóðina. Þetta er víxillinn, sem tekinn var fyrir ári síðan vegna verðstöðvunarinnar. En þetta er sá þátturinn, sem snýr að ríkisstj. Þar fyrir utan eru hækkuð útsvör, hækkanir á tryggingagjöldum til almannatrygginga og sjúkrasamlaga m. fl. Það er líka vitað mál, að þjóðin fær nú að borga brúsann ríflega, enda þótt reynt sé að telja henni trú um, að verðstöðvun hafi ríkt, sem er búið að afhjúpa með frv. því, sem ég nefndi áðan. Auk þessa alls hefur ísl. kr. verið felld gagnvart erl. gengi um 24.6%. Það talar því sínu máli um, hvernig ástandið er og hvaða ástand hefur skapazt í landinu á s. l. ári og hvers eðlis verðstöðvunin var. Verðhækkanir áttu sér stað eigi að síður, enda þótt reynt væri að blekkja þjóðina með því, að engar hækkanir hefðu átt sér stað. Því að á næsta ári og næstu árum verður þjóðin að borga þær verðhækkanir, sem áttu sér stað í tíð verðstöðvunarinnar, en þjóðin var leynd þeim hækkunum, sem voru raunverulegar og áorðnar fyrir kosningar á síðasta vori.

Ég vildi, að þetta kæmi hér fram, af því að ég tel, að þessar verðhækkanir séu innlends eðlis, enda þótt mér sé ljóst, að hæstv. ríkisstj. sé völd að þessum hækkunum, og ég tel ríkisstj. innlenda, enda þótt ýmsum finnist, að á henni sé erlendur blær.

Ég vænti því, að hæstv. félmrh. geti upplýst það, hvort sveitarfélögin almennt hafi getað látið sér nægja að nota sömu útsvarsstiga og árið áður og þannig upplýst það, hvort verðstöðvunin hefur haft sitt gildi, eins og þjóðinni var talin trú um.

ATKVGR.
Brtt. 100 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 102).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 31. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í hv. Ed. varð um það samkomulag milli allra þingflokka að gera þá breyt. á þessu frv., að verðlagsnefndin skyldi skipuð þannig, að 3 nm. skuli skipa samkv. tilnefningu ASÍ, 1 samkv. tilnefningu BSRB, 2 samkv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, 1 samkv. tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og 1 samkv. tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga, en 9. nm. sé ráðuneytisstjórinn í viðskmrn. Þetta frv. er upphaflega flutt af ríkisstj. til þess að verða við ósk frá ASÍ. Ríkisstj. taldi sig með fyllstum hætti verða við þeirri ósk ASÍ, sem fram við það var borin, með því að gera ráð fyrir því, að ASÍ sjálft tilnefndi alla þá fulltrúa, sem gert var ráð fyrir, að af neytenda hálfu, ef ég mætti komast svo að orði, væru í n. Ríkisstj. varð að vísu fljótlega kunnugt um, að BSRB mundi óska þess að eiga aðild að þessu samkomulagi, en leit hins vegar þannig á, að ef ASÍ vildi, að BSRB ætti sæti í n., gæti ASÍ tilnefnt fulltrúa í samráði við BSRB eða haft hliðsjón af óskum BSRB í því sambandi. Á þessu var byggð sú afstaða ríkisstj., þegar málið var til umr. hér í gærkvöldi, að fella till., sem flutt var af hálfu stjórnarandstöðunnar um breytingu á frv. í þessa átt.

Nú hefur síðar hins vegar komið í ljós, að ASÍ óskar þess mjög eindregið að þurfa ekki að hafa þann hátt á að hafa samráð eða þurfa að ræða við BSRB um tilnefningu fulltrúa af sinni hálfu í n. og óskar þess mjög eindregið, að þessi breyting sé gerð á frv. Þess vegna hefur ríkisstj. og hennar stuðningsflokkar fyrir sitt leyti fallizt á, að sú breyting yrði gerð og mælir með því, að frv. verði afgreitt hér í hv. d. með þeim hætti, sem það kemur frá hv. Ed.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 105).

---

5. Lögræði.

Á 8. fundi í Nd., 24. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um lögræði, nr. 95 5. júní 1947 [19. mál] (stjfrv., A. 19).

Á 10. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta og þau frv. tvö, sem eru næst á dagskrá, eru öll flutt sem afleiðing af þeirri breytingu á stjórnarskránni, sem samþ. var á hv. Alþ. á s. l. vori og nú hefur verið lögð aftur fyrir þingið og er til meðferðar í Ed. Ég geri ráð fyrir því, að hér séu ekki öll kurl komin til grafar enn, að það séu fleiri breytingar, sem gera þurfi, og væri eðlilegt, að nefnd, væntanlega hv. allshn., sem fengi þetta frv. til athugunar, hefði nánara samráð fyrst og fremst við dómsmrn. um þær aðrar breytingar, sem hér koma til álita. En lækkun aldursmarks í þeim ákvæðum, sem í þessum þremur frv. koma til greina, er sjálfsögð, eins og þær aðrar breytingar á kosningal., sem þarna eru ráðgerðar, og bein afleiðing af stjórnarskrárbreytingunni.

En sem sagt, ég sé í fljótu bragði, að hér er ekki allt talið, sem til álita kemur. Það má vera, að hin einstöku rn. séu að skoða þetta betur, eins og þau hafa verið beðin um, en eðlilegt er, eins og ég segi, að hv. n. hafi samráð við dómsmrn. fyrst og fremst um meðferð málanna að öðru leyti.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta og ekki ástæðu til að mæla fyrir hinum tveimur frv., þetta er allt afleiðing af sama atriði, og legg til, að þessu frv. sé vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 41).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Á síðasta Alþingi var lagt fyrir frv. til stjórnskipunarlaga um breyt. á 33. gr. stjórnarskrárinnar, og var það samþ. Hefur það nú verið lagt aftur fyrir það þing, sem nú situr, til staðfestingar. Þegar þetta frv. kom fyrir, var því lýst yfir, að eðlilegt væri, að önnur aldursmörk, sem byggðu á líkum sjónarmiðum til að taka ákvarðanir í eigin málum, verði lækkuð með samsvarandi hætti.

Þetta frv. um breyt. á l. um lögræði gerir ráð fyrir því að lækka aldurinn úr 21 ári í 20 ár, og hefur allshn. haft þetta frv. til athugunar og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 15. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á l. um lögræði, sem búið er að fara í gegnum Nd., er í tengslum við þær ráðagerðir, sem eru uppi um það að lækka kosningaraldurinn, breyt. á stjórnarskránni, sem einnig liggur fyrir þingi.

Það var strax á síðasta þingi, er það frv. kom fram, talað um, að eðlilegt væri að lækka önnur aldursmörk, sem nokkuð líkt stæði á um, og það er í samræmi við það, sem lagt er til, að lögræðisaldurinn sé lækkaður úr 21 ári í 20 ár.

Ég held, að ekki þurfi að hafa frekari grg. fyrir þessu, en vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 96).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta mál til athugunar og mælir n. með því, að frv. sé samþ. óbreytt, eins og fram kemur í nál. á þskj. 96. Þetta frv. er í rauninni fylgifrv. með frv. um breytingu á stjórnarskránni, þar sem ætlunin er að færa kosningaraldurinn úr 21 ári niður í 20 ár, og n. sú, sem hafði það mál til athugunar á sínum tíma, athugaði einnig, hvort ekki væri rétt að breyta öðrum aldursmörkum, sem réttindi unga fólksins hafa miðazt við, og hefur sú stefna, eins og kunnugt er, verið upp tekin að færa öll slík aldursmörk, sem voru miðuð við 21 ár, niður í 20, og verður það að teljast eðlilegt. En í þessu frv. er fjallað um lögræðisaldurinn eða að menn verði fjárráða tvítugir í staðinn fyrir 21 árs og aðrar breytingar felast ekki í þessu frv., sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 116).

---

6. Stofnun og slit hjúskapar.

Á 8. fundi í Nd., 24. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921 [21. mál] (stjfrv., A. 21).

Á 10. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 42).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta frv. til athugunar á sömu forsendu og það frv., sem var verið að ljúka afgreiðslu á til 3. umr., og mælir allshn. með samþ. frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 15. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. er hliðstætt því, sem ég var áðan að gera grein fyrir.
Það er lagt til hér, að hjúskaparaldur karla verði færður niður í 20 ár, og er að því leyti talið sambærilegt við niðurfærslu kosningaraldurs og lögræðisaldurs. Það stefnir að þessu sama marki hjá Norðurlöndunum, að lækka aldurinn niður í 20 ár, og sennilegt er, að innan tíðar gildi þessi sömu aldursákvæði á öllum Norðurlöndunum, nema hjá Finnum, sem eru að vísu með enn þá lægri aldur, 17 ára giftingaraldur kvenna og 18 ára karla.
Ég vildi leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 97).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv. og mælir með samþykkt þess, svo sem nál. á þskj. 97 ber með sér. Þetta frv. tekur til breytinga á l. um stofnun og slit hjúskapar frá árinu 1921, en í 7. gr. þeirra l. segir, að bannað sé að vígja yngri karlmann en 21 árs og í 8. gr. l. segir, að „nú er annað hjónaefna yngra en 21 árs og má þá eigi vígja það án samþykkis foreldra".
Frv. felur það í sér, að aldursmörk þessara beggja gr. eru færð niður úr 21 ári í 20 ár og er það í samræmi við breytingar á kosningarréttaraldrinum og önnur frv., sem hafa komið hér fram og hafa verið flutt að undirlagi n. þeirrar, sem ég vitnaði til áðan. Þetta er aðeins eitt af þeim frv., sem þarf að færa til samræmis við þá stefnu, að aldursmörk og réttindi miðist við 20 ára aldur í staðinn fyrir 21 árs.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 117).

---

7. Ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

Á 19. fundi í Sþ., 9. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu [72. mál] (stjfrv., A. 123).

Á 36. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það þótti eðlilegt að taka þetta frv. fyrir í dag, þótt á laugardegi sé, og freista þess að koma því til n. og 2. umr. Eins og sjá má í 1. gr. frv., er gert ráð fyrir því, að málið hafi verið í athugun og afgreiðslu hjá Sexmannanefnd og yfirnefnd, ef Sexmannanefnd kemur sér ekki saman, og því verði lokið fyrir 20. þ. m., en á þeim tíma er talið, að málinu þurfi að ljúka, til þess að framleiðsluráð hafi nægilegan tíma til undirbúnings og framkvæmd l. geti byrjað 1. jan., eins og gert er ráð fyrir, þ. e. að sú hækkun, sem eðlileg er á búvörum vegna gengisbreytingar, komi þá til framkvæmda.
Úrskurður yfirnefndar féll 1. des. s. l., og í þeim úrskurði er ekki gert ráð fyrir þeim eðlilegu hækkunum, sem koma eiga í verðlagið vegna gengisbreytingar. Það er t. d. hækkun á fóðurbæti, olíum o. fl. Í framleiðsluráðsl., 1. mgr. 9. gr., er gert ráð fyrir, að kaup bóndans komi inn í verðlagið, eins og þar er ákveðið, og þarf engin sérstök lög til þess að það megi verða. Það er einnig gert ráð fyrir því í sömu gr., að breyting á vinnslu- og dreifingarkostnaði vörunnar verði tekin til greina til hækkunar á vöruverði samkv. framleiðsluráðsl. En um afleiðingar gengisbreytingarinnar, svo sem hækkun á fóðurbæti, olíum og ýmsu fleira, þurfa að koma sérstök lög, til þess að það komist inn í verðlagið. Og eins og

sjá má, er gert ráð fyrir því samkv. 1. gr. þessa frv., að Sexmannanefnd taki málið til meðferðar að fengnum skýrslum og gögnum frá Hagstofu Íslands, og náist ekki samkomulag í Sexmannanefnd, verði málinu vísað til yfirnefndar og yfirnefnd hafi þá lokið störfum 20. des. í síðasta lagi.

Það er óþarft að fara öllu fleiri orðum um þessa gr. Hún skýrir sig alveg sjálf, og er ljóst, hvað í henni felst. 2. gr. frv. er um það, hvernig fer um gengishagnaðinn, sem kann að verða vegna útfluttra landbúnaðarvara, og færður verður á sérstakan reikning samkv. 4. gr. l. nr. 69/1967. En þar er gert ráð fyrir, að það, sem fært er á þennan reikning vegna útflutnings landbúnaðarafurða, komi landbúnaðinum að gagni, og er gert ráð fyrir, að því verði ráðstafað samkv. ákvörðun landbrh. Það er vitað mál, að mikill hluti af því, sem kemur á þennan reikning, mun fara til þess að bæta upp ull og gærur vegna þess, hversu verð á ull og gærum hefur lækkað mikið á erlendum markaði. Þykir hentugt að nota – ég segi – mikinn hluta af þessu til þess. En mín von er sú, að þar verði talsverður afgangur. Það er vitanlega ekki nema um áætlunartölur að ræða enn. Ég segi, ég vona, að það verði talsverður afgangur, en ekkert er hægt að fullyrða um það í dag.

Ég ætla, að það verði samkomulag um þetta frv. og þau ákvæði, sem í því eru, og að þess vegna megi það hafa góðan gang gegnum þingið. Það er augljóst mál, að ef l. eiga að koma til framkvæmda 1. jan., eins og nauðsyn ber til, þarf málið að hafa greiðan gang gegnum þingið. Og þar sem ég ætla, að samkomulag sé um þetta og þau ákvæði, sem í frv. eru, þyki eðlileg og sanngjörn, vil ég vænta þess, að það megi verða.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um málið að svo stöddu, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þar sem þetta frv. var lagt fram hér á Alþ. nú í upphafi þessa fundar, hef ég ekki haft aðstöðu til þess að athuga það neitt nákvæmlega og mun því ekki ræða það að neinu ráði fyrr en þá við 2. umr. Hins vegar er mér ekki ljóst, hvernig það verður fundið út, hvað landbúnaðarvörur eigi að hækka mikið. Áhrif gengisfellingarinnar verða ekki komin fram 20. þ. m., og verði farið aðeins eftir fram komnum hækkunum, þá er sýnilegt, að aðeins hluti þeirra hækkana á rekstrarvörum landbúnaðarins, sem af gengisfellingunni leiðir, verður tekinn inn í verðið með því móti. Það má hins vegar vera, að hægt sé að finna út, hvað þessar hækkanir kunna að verða, a. m. k. svona hér um bil.

Nú vildi ég spyrja hæstv. landbrh., hvernig þetta sé hugsað, því að ef farið verður aðeins eftir þeim hækkunum, sem verða komnar fram fyrir 20. þ. m., er þetta frv. bara til þess að sýnast, en kemur ekki landbúnaðinum nema að mjög litlu gagni. Þetta vil ég að komi fram. Það er gert ráð fyrir því í frv., að þessi breyting komi aðeins fram 1. jan. og þá væntanlega ekki aftur fyrr en verðlagsgrundvöllurinn verður samþykktur næsta haust. Þær hækkanir, sem verða á því tímabili, koma þá ekki fram. Nú sagði hæstv. landbrh., að yfirdómur hefði lokið störfum 1. des. Ég vil því mælast til þess, að hann verði birtur, til þess að við getum athugað, hverjar niðurstöður hans eru, um leið og landbn. d. tekur þetta frv. til athugunar. Ég verð að vænta þess, að það verði gert. Það er t. d. ekki ljóst, hvort það kjarnfóðurmagn, sem bændur raunverulega eyddu á síðasta verðlagsári, hefur verið samþ. nú af yfirdómi. Sé það ekki og farið sé aðeins eftir því magni, sem var á síðasta grundvelli, er það ekki nema lítill hluti af því, sem bændur hafa eytt, og þess vegna verður þessi hækkun ekki nema að litlum hluta, miðað við það, sem gengisfellingin í raun og veru kemur niður á bændastéttinni.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En ég endurtek það, að ég vil óska eindregið eftir því, að yfirdómurinn verði birtur, áður en við förum að ræða þetta frv. í n., og ég vil líka fá svar við því, eftir hverju eigi að fara, þegar þetta verð verður ákveðið nú.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í tilefni af fsp. hv. þm. verð ég að taka það fram, að ég hef ekki hugsað mér að segja Sexmannanefnd fyrir verkum, hvernig hún ætlar að vinna. En til leiðbeiningar fyrir hv. þm. og fyrir aðra hv. þm. má geta þess, að í 1. gr. frv. er sagt:

Sexmannanefnd sú, sem um getur í 5. gr. l. nr. 101/1966, skal framkvæma þessa endurskoðun, þ. e. endurskoðun á verðlagi, að fengnum skýrslum og gögnum frá Hagstofu Íslands.

Og mér er kunnugt um það, að Hagstofa Íslands hefur núna undanfarna daga verið að vinna að sér gögnum og upplýsingum um þær verðhækkanir, sem orðið hafa, t. d. á fóðurbæti. Það er alveg ljóst, hver verðhækkun verður á fóðurbæti vegna gengisbreytingarinnar. Verðhækkun á olíum og benzíni er fram komin vegna gengisbreytingar, og fleiri liðir, sem þarna koma til greina, ætla ég, að séu fram komnir. Ég hygg þess vegna, að hv. þm. geti í aðalatriðum verið ánægður með það, að Hagstofan safnar gögnum um verðhækkanir, sem eiga að koma inn í verðlagið, og það er ekki annar aðili líklegri til þess að gefa svör við því.

En hitt er líka jafnljóst, að það er ómögulegt að taka inn í verðlagið núna verðhækkanir, sem kynnu að verða einhvern tíma á næsta ári. Það er ekki hægt að taka inn í verðlagið núna aðrar hækkanir en þær, sem eru komnar eða fyrirsjáanlegar af þeim aðilum, sem bezt mega til þekkja, fyrirsjáanlegar eða komnar. Og ég hef ekki hugsað, að það gæti verið framkvæmt öðruvísi. (**Gripið fram í:** Fyrirsjáanlegar.) Fyrirsjáanlegar, fyrirsjáanlegar og komnar.

Þá er það 2. fsp. Það var fyrst ósk um, að yfirdómurinn yrði birtur. Ég hef nú ekki gert mér grein fyrir því, hvort ég ætti að ganga fram í því, að hann yrði birtur. En ég hef ekki ímyndað mér það, að yfirdómurinn sé neitt leyniplagg, og ég tel alveg sjálfsagt, að hv. landbn. fái að sjá hann eða allar upplýsingar um hann, og ég veit, að hv. 5. þm. Austf., sem á sæti í Sexmannanefnd, hefur alveg fulla einurð til þess að ná í þessi gögn og gefa upplýsingar um þau, enda hygg ég, að hann hafi þegar séð yfirdóminn. Ég hef ekki séð hann enn þá.

Þá var hv. þm. að tala um kjarnfóðurmagnið, að e. t. v. væri það miklu minna en það, sem bændur hefðu notað, miklu minna, sem tekið væri til greina í yfirdómnum. Þetta má vel vera, ég hef ekki séð yfirdóminn. En ég hef nú ekki hugsað það, að hv. landbn. legði til að breyta yfirdómnum, en ég ætla sem sagt ekkert um það að segja, en ég er ósköp hræddur um, að það verði að miða við það magn, sem í yfirdómnum er, hvert sem það er, sem ég man ekki. En ég ætla þó ekki að segja neitt um það, ef hv. Alþ. kemur sér saman um eitthvað annað, vitanlega gildir það. — Ég ætla svo, að ég hafi svarað fsp. hv. þm.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja neitt að ráði þessa 1. umr. um þetta mál. Ég vil aðeins láta það koma fram hér, af því að minnzt var á birtingu úrskurðar yfirnefndar um verðlag landbúnaðarins, sem nýlega er fallinn, að það er óvenjulegt, að þessi úrskurður er ekki birtur strax. Ég hygg, að ég fari rétt með það, að það hafi verið venja yfirnefnda áður að láta úrskurðinn til birtingar strax, þegar hann er fallinn. Að þessu sinni var það ekki gert, heldur var úrskurðurinn ásamt grg. sendur til Sexmannanefndar. Sexmannanefnd hefur ekki komið saman á fund enn þá út af úrskurðinum, og valda því ýmis atvik, sem of langt yrði að rekja hér, en fundur hefur verið boðaður í n. núna seinna í dag. Þetta vildi ég láta koma fram.

Hæstv. landbrh. hefur lagt til að vísa þessu frv. til landbn., og þar sem ég á sæti í þeirri n., gefst mér kostur á að fjalla um málið þar og mun þess vegna ekki fara út í einstök atriði núna. Þó vil ég gjarnan láta koma fram við 1. umr., að ég ber töluverðan ugg í brjósti um það, að erfiðlega kunni að ganga að framkvæma 1. gr. frv. Það er hér lagt í hendur Sexmannanefndar og síðar yfirdóms að úrskurða, hverjar hækkanir skuli takast inn í grundvöllinn, hverjar hækkanir á rekstrarvörum. Ég verð að viðurkenna, að þetta er eðlilegt, eins og löggjöf um þetta er háttað. Þetta er eðlilegur aðili til þess að fjalla um málið. En vegna þeirrar reynslu, sem orðið hefur í haust um drátt á verðlagningunni, og einnig vegna þess, hversu, að okkar dómi bænda, hefur gengið erfiðlega að ná rétti í gegnum störf Sexmannanefndar, er ég mjög uggandi um framkvæmd þessa máls.

Í fyrsta lagi er það, að efnislega geti hún orðið okkur óhagstæð. Hv. þm. gera sér vafalaust grein fyrir því, að þarna eru mörg matsatriði, og e. t. v. er okkur það ljósara eftir ræðu hæstv. ráðh. en áður, hversu mörg þau geta orðið, þar sem hann sagði, að taka yrði inn hækkanir þær, sem orðnar væru og fyrirsjáanlegar. Og það gefur auga leið, að þarna getur komið til ágreinings.

Í öðru lagi álít ég að gengi kraftaverki næst, ef tækist að ljúka þessari athugun og frágangi þessara mála í Sexmannanefnd og yfirdómi fyrir 20. des., enda þótt það standi í l. og enda þótt það sé brýn nauðsyn, hvernig sem á það er litið.

Það er víst 9. des. í dag. 1. sept. átti nýr verðlagsgrundvöllur að taka gildi. Yfirnefnd hefur fellt sinn úrskurð, en enn þá er eftir að fjalla um kostnað og álagningu í Sexmannanefnd, og það veit raunar enginn enn í dag, hvenær endanlegt haustverð kemur.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., þó að fullkomin ástæða væri til að ræða um þau vinnubrögð, sem hæstv. ríkisstj. hefur í sambandi við þau mál, sem hún leggur fyrir á hv. Alþ. Aðalefnið í framsöguræðum hæstv. ráðh. er farið að verða það, að þingið megi ekki hafa neinn tíma til þess að fjalla um málin.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var ekki sú að ræða þetta sérstaklega, þó að ég telji, að það verði að fara að taka sér tíma til þeirrar umr., heldur hitt, að ég sé í 2. gr. frv., að landbrh. á að ráðstafa því fé, sem kemur samkv. l. um gengisbreytingar og af þeim landbúnaðarvörum, sem út eru fluttar. Í tilefni af þessu vil ég leyfa mér að spyrja: Verður hliðstætt ákvæði í frv. um sjávarútveg? Er ætlazt til þess, að sjútvmrh. fái þar einn að ráða, hvernig með það verði farið? Mér finnst í raun og veru furðulegt að láta einn ráðh. fá svo mikið vald, að hann eigi að ráðstafa þessu, en vil, áður en ég ræði það nokkuð, fá upplýsingar um, hvort hliðstætt ákvæði verður sett t. d. í sambandi við sjávarútveginn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða fremur en aðrir, sem talað hafa, margorður um þetta frv. nú við 1. umr. En meginefni frv. virðist vera það, sem stendur í 1. málsl. 1. gr., að endurskoða skuli kostnaðar- og tekjuhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða fyrir yfirstandandi framleiðsluár, 1967—1968, með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem gengisbreytingin hefur haft í för með sér. Mér er ekki kunnugt um og hæstv. ráðh. gat þess ekki, hverjir hefðu samið þetta frv., hvort það væri samið í rn. eða hvort aðrir hefðu um það fjallað. En það, sem ég ætlaði að ræða um í framhaldi af því, sem aðrir hafa gert og sérstaklega hv. 5. þm. Norðurl. e., eru þær upplýsingar, sem fram komu frá hæstv. ráðh. nú í umr., að úrskurður yfirnefndar í verðlagsmálum landbúnaðarins hafi fallið 1. des. s. l.

Eins og kunnugt er, hefur það dregizt mjög lengi að þessu sinni að ákveða verð landbúnaðarvaranna. Ég ætla, að það standi í l. um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl., að þetta verð eigi að ákveða snemma hausts eða í byrjun septembermánaðar. En nú hefur sem sé, eftir því sem hæstv. ráðh. segir, úrskurður yfirnefndarinnar fallið 1. des. Segja má, nú sem oftar, að betra er seint en aldrei. Fróðlegt er að heyra það, að þessi úrskurður skuli þó að lokum hafa fallið. Mér er nær að halda, að yfirnefndin hafi um síðustu mánaðamót verið búin að starfa á annan mánuð, ef ég man rétt. Og hæstv. ráðh. upplýsti ekkert um það, enda var þess varla að vænta, hvernig þessi úrskurður væri.

En nú hefur komið fram frá hv. þm. í landbn. ósk um það, að n. verði gert kunnugt um efni þessa úrskurðar, og virtist mér hæstv. ráðh. taka liðlega í, að það gæti orðið. Hann tók það fram að vísu, að hann segði ekki Sexmannanefnd fyrir verkum og þá líklega ekki yfirnefndinni heldur. En annað mál er það, að þessi löggjöf um fram-

leiðsluráð landbúnaðarins frá 1966 heyrir undir rn. hæstv. ráðh., og þess vegna er það náttúrlega eðlilegt, að þm. snúi sér til hans um upplýsingar um framkvæmd þeirra.

En í framhaldi af þessu, sem hv. nm. í landbn. fara fram á, að n. verði kunnugt um efni úrskurðarins, vildi ég mælast til þess, að öðrum þm. verði einnig gert kunnugt efni úrskurðarins. Og að sjálfsögðu er í raun og veru annað ófært en að úrskurðurinn verði birtur, þegar hann er loksins fallinn. En út af fyrir sig er ég aðeins að fara fram á, að þm. verði gert kunnugt um efni hans. Og það er m. a. vegna þess, að þótt úrskurðurinn hafi ekki verið birtur, hefur ýmislegt verið rætt um vinnubrögð Sexmannanefndar og yfirdóms eða yfirnefndar, og það hefur komið fram í umr. hér í hv. d., að sumir hv. þm. hafa borið nokkurn ugg í brjósti um það, að vera mætti, að ekki væri farið fyllilega að lögum í sambandi við þennan úrskurð, og má þá a. m. k. ætla, að það kunni að vera eitthvað í þessum aðferðum, sem beitt hefur verið, sem tvímælis orki, eins og stundum er með lög.

Það er með sérstöku tilliti til þessa, sem ég er að óska þess, að þm. verði birtur úrskurðurinn, vegna þess að ef eitthvað það kemur fram í þessum úrskurði, sem mönnum þykir sýnt, að ekki sé í samræmi við gildandi lög eða þann skilning, sem þeir hafa haft á þeim lögum, er náttúrlega tækifæri til þess að gera l. skýrari í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, ef mönnum sýnist svo, og gæti ég ímyndað mér, að mönnum þætti e. t. v. einsætt að nota það tækifæri til þess. En um það vil ég ekkert frekar segja fyrir mitt leyti á þessu stigi málsins og tel ekki, að hægt sé að ræða frekar um það, fyrr en þessi úrskurður er kunnur hér á hinu háa Alþ. og forsendur hans. Út af þessu vil ég endurtaka þessi tilmæli til hæstv. ráðh., að úrskurðurinn verði ekki aðeins birtur landbn.-mönnum heldur þm. öllum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Eins og ég sagði áðan, er úrskurðurinn vitanlega ekkert leyniplagg og alveg sjálfsagt, að hv. alþm. fái að sjá hann. En eins og hv. 5. þm. Austf. sagði hér áðan, var dómurinn ekki birtur, heldur sendur Sexmannanefnd. Hann var ekki sendur í rn. Yfirdómurinn mun hafa sent úrskurðinn beint til Sexmannanefndar. En ef með þarf, er sjálfsagt að hafa áhrif á það, að allir hv. þm. fái að sjá þennan merkilega dóm. Ég hef nú ekki heyrt menn ræða um það í alvöru, að þessi dómur sé e. t. v. ólöglegur, þar hafi eitthvað verið haft í frammi, sem ekki styðjist við lög. Ég hef engan heyrt tala um það í alvöru, og ég er hér um bil viss um, að jafn grandvar maður og hv. 1. þm. Norðurl. e. lætur sér tæplega detta í hug, að þessi dómur hafi ekki verið felldur samkv. l. Eða ég skildi hv. þm. þannig, að ýmsir hafi jafnvel ætlað, að þessi dómur eða eitthvað í honum væri ekki lögum samkvæmt. En eins og ég sagði áðan, hef ég ekki séð dóminn og ekki forsendurnar fyrir honum. En fyrir fram vil ég ætla það, að löglega hafi verið farið að öllu. Það er alveg rétt, að úrskurðurinn fellur seint. Verðlagið kemur seint að þessu sinni. En hverjum er það að kenna? Hvern á að ásaka? Það er sagt í l. um framleiðsluráð, að verðlagningunni skuli vera lokið fyrir 1. sept. ár hvert, nema samkomulag verði um annað. Meðan Sexmannanefnd fjallaði um málið, hafði verið samkomulag um, að það drægist a. m. k. þann tíma, langt fram í sept. Á meðan Sexmannanefnd kom sér saman um að vísa málinu til sáttasemjara og málið var þar, efast enginn um, að löglega hafi verið að farið. Og þegar ekki tókust sættir hjá sáttasemjara, var málinu vísað til yfirdóms, yfirdóms, sem var valinn af framleiðendum og neytendum í sameiningu, og það dróst að fella úrskurðinn. Til þess geta verið margar ástæður, sem ég kann ekki að nefna.

En ég er alveg sammála hv. 5. þm. Austf. Mér finnst það ekki æskilegt, ef til frambúðar þarf að verða slíkur dráttur. Það er vitanlega eðlilegt, að verðið komi á haustin, og við getum verið sammála um það, eins og við erum sammála um það að vera nú ekki alveg vissir um, hvern á sérstaklega að ásaka í þetta sinn fyrir það, að þessi dráttur hefur orðið. Til þess eru áreiðanlega margar ástæður.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er í sjálfu sér erfitt að fara að ræða þetta frv., þegar það kemur fyrst í ljós á þessum fundi. Samt verð ég að segja, að mér sýnast ákvæði 2. gr. frv. brjóta í bága við lög, sem er nýbúið að afgreiða frá Alþ., ef ég misskil ekki þetta frv., og vildi þá óska upplýsinga um það frá hæstv. landbrh., hvort svo er ekki.

Í l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu segir í 4. gr.:

„Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar fyrir árslok 1967, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti fyrir 19. nóv. 1967. Ríkisstj. kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi samkv. 1. mgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal með sérstökum l. ráðstafað í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði."

Nær ekki þetta til allra vara, hvort sem eru landbúnaðarvörur eða aðrar? Ég fæ ekki betur séð, svo að ef þessu hefur ekki verið breytt í meðförum þingsins, sem ég man ekki eftir, að hafi verið gert, þá gildir þetta um allar landbúnaðarvörur líka, og þá verður að ráðstafa þessum mismun með lögum frá Alþ., jafnt landbúnaðarvörum sem öðrum, en í 2. gr. þessa frv. er sagt: „Skal nota til þarfa landbúnaðarins samkv. ákvörðun landbrh." (**Gripið fram í:** Þetta er frv. að lögum.) Er þá meiningin, að þetta frv. breyti hinum l. síðan um daginn? (**Dómsmrh.:** Honum er ráðstafað með þessu frv., ef það verður að lögum.) Nú, hæstv. dómsmrh. segir, að það eigi að ráðstafa honum þannig. M. ö. o., því, sem sagt var í l. um daginn, að ráðstafa skuli með sérstökum l., á landbrh. nú að ráðstafa. Nú er ég ekki farinn að skilja hlutina, ég verð að segja það alveg eins og er.

Þetta eru þá lögin, sem eiga að koma um land-

búnaðarvörurnar. Þá leiðir af sjálfu sér, að það kemur annað frv. bráðum um sjávarútveginn, þar sem segir, að viðkomandi ráðh. ráðstafi fénu líka. Ég held bara, að engum hv. þm. hafi dottið það í hug, að þeir fengju svona frv. á eftir. Það hafa allir reiknað með því, að það yrði staðið við l., þau sérstöku lög, sem Alþ. setti um það, hvernig ætti að ráðstafa gengismismuninum, en ekki búizt við því, að það ætti að fela einhverjum ráðherra að gera það. En nú er það að koma í ljós. Og ég held, að þetta sé allt annað en þm. hafi búizt við.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, til þess að hressa hv. 1. þm. Vestf., af því að hann heldur, að það eigi að fara að brjóta lög. Það er nú alveg ljóst, að þetta frv. er alveg í samræmi við l. nr. 69 frá þessu ári, sem kveða svo á, að gengishagnaður landbúnaðarins skuli notast til þarfa landbúnaðarins, og ég hafði ekki búizt við, að hv. 1. þm. Vestf. reiknaði með því, þótt ég hefði þetta vald, að ég færi að nota þennan gengishagnað í þágu annarra atvinnuvega en landbúnaðarins. Og ég held, að þeir hv. fulltrúar bænda, sem ég hef rætt við á meðan þetta frv. var á döfinni, efist ekkert um það, þótt 2. gr. frv. sé orðuð eins og hún er, að landbúnaðurinn fái allan gengishagnaðinn. Og þegar hv. 1. þm. Vestf. veit þetta, held ég, að hann láti sér það nægja.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að fara vissum viðurkenningarorðum um hæstv. landbrh., því að sá háttur hefur verið á, þegar frv. í sambandi við gengisbreytinguna hafa verið rædd hér á Alþ., að þeir hæstv. ráðh., sem fyrir þeim hafa mælt, hafa ekki sýnt þinginu þann sóma að svara þeim fsp. eða aths., sem við þau hafa verið gerð, heldur þagað þunnu hljóði. Ég álít, að þetta séu ákaflega óeðlileg — og ég vil segja óverjandi vinnubrögð, og því finnst mér rétt að fara um hæstv. landbrh. viðurkenningarorðum fyrir það, að hann hagar sér öðruvísi og þinglegar en aðrir ráðh. hvað þetta snertir.

En ég get hins vegar ekki hælt ráðh. á sama hátt fyrir það frv., sem hér liggur fyrir, eða það atriði frv., sem snertir hann sérstaklega. Því að samkv. l., sem nýlega hafa verið afgr. hér á Alþ., er gert ráð fyrir því, að Alþ. ráðstafi þeim gengishagnaði, sem þar er um að ræða, í þágu viðkomandi atvinnuvegar. Í þessu frv. er hins vegar lagt til, að þetta vald verði tekið af Alþ. og falið landbrh. einum. Þetta tel ég vera breytingu í öfuga átt, sem að vísu er í samræmi við það, að alltaf er verið að reyna að leitast við að draga meira og meira úr valdi Alþingis og færa það yfir til ráðh. eða einstakra stjórnarstofnana. Ég vildi nú vænta þess, vegna þess hvernig ráðh. hefur komið hér fram, eins og ég áðan minntist á, að hann taki þetta atriði til endurskoðunar og sjái til þess, áliti hann það rétt, að þetta vald hans verði þó a. m. k. bundið við það, að samtök bænda fái um það að fjalla, hvernig þessum gengishagnaði verði ráðstafað, áður en endanlega verði frá þeirri ráðstöfun gengið. Langeðlilegast teldi ég, að núverandi ákvæði um þetta væri látið standa, að þessum gengishagnaði verði ráðstafað samkv. sérstökum lögum eftir ákvörðun Alþ. En ef það fengist ekki fram, væri þó a. m. k. sett það ákvæði, að ráðh. ráðstafaði þessu fé ekki nema að fengnum till. samtaka bænda og stofnana þeirra, eins og t. d. Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Ég vildi þess vegna skjóta því til þeirrar n., sem fær þetta mál til athugunar. Í fyrsta lagi teldi ég eðlilegast, að núverandi ákvæði væru látin standa um þetta, þ. e. að Alþingi ráðstafi þessum gengishagnaði í þágu landbúnaðarins. En ef það fæst ekki fram, verði a. m. k. það ákvæði sett, að landbrh. geti ekki ráðstafað þessu fé nema að fengnum till. þeirrar stéttar, sem féð á, annaðhvort Stéttarsambands bænda eða Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Það tel ég vera alveg lágmarkskröfu af hálfu þeirrar stéttar, sem þetta mál snertir, að hún fái eitthvað að segja, áður en endanleg ákvörðun verður um það tekin, hvernig þessu fé er ráðstafað.

Af því að hæstv. ráðh. segir nú oft um okkur, og einn þm. áðan, að hann væri sanngjarn maður o. s. frv., trúi ég því líka á hæstv. ráðh., að hann sýni nú a. m. k. þá sanngirni, að bændurnir fái eitthvað um þetta að fjalla, áður en hann tekur endanlega ákvörðun um málið, ef fylgt verður ákvæði þessa frv., sem hér liggur fyrir.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hæstv. landbrh. sagði. Hann benti mér á, að ég þyrfti ekkert að vera tortrygginn, hann mundi nota þetta fé í þágu landbúnaðarins. Ég er alveg sammála honum um það. Ég vefengi þetta ekki neitt og treysti honum alveg til þess að nota hvern einasta eyri í þágu landbúnaðarins. Það er ekki það, sem ég er að finna að. En til hvers voru þá l. um dagsinn orðuð eins og þau voru, að það ætti að ráðstafa þessu með sérstökum l.? Hví var þá ekki látið standa í þeim l., að fé á þessum reikningi skuli ráðstafað af ráðh.? Þarna var verið að gefa þm. fyllilega í skyn, að Alþ. ætti að fjalla um það, hvernig fénu yrði ráðstafað. Og það mun enginn þm. hafa skilið þau lög öðruvísi en að þingið ætti að ákveða, hvernig fénu yrði ráðstafað. En nú kemur bara frv. um það, að ráðh. á að ráðstafa þessu, ekki hvernig á að ráðstafa því til hinna einstöku greina innan landbúnaðarins, heldur að ráðh. geri það. Þá var alveg eins hægt að hafa það þannig í hinum l., að ráðh. skuli ráðstafa fénu, og það kemur sjálfsagt í næsta frv. En þetta er allt annað en okkur var tjáð áður.

Hitt er misskilningur hreinn hjá hæstv. ráðh., að ég hafi vænt hann um það, að hann mundi misnota þetta, að það gangi ekki til landbúnaðarins. Það efast ég ekkert um. Svo vel þekki ég hann, að hann passar upp á það. En það er sitt hvað, hverjir eiga að ráðstafa eða hvernig á að ráðstafa. Hér er komið fram frv. aðeins um það, hver á að ráðstafa, ekkert um það, hvernig, og þá verður það væntanlega um aðra atvinnuvegi eins, að ráðh. verða látnir ráðstafa fénu.

Þá veit Alþ. þetta. Því er ekki ætlað að fjalla um þetta mál meira. Ráðh. eiga að hafa valdið til að ráðstafa fénu, ekki aðeins landbúnaðarfénu, heldur vafalaust hinu líka, því að annars væri ekki samræmi í þessu.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég þarf aðeins að segja örfá orð til þess að leiðrétta misskilning, sem mér er ekki alveg grunlaust um, að kunni að hafa átt sér stað hjá hæstv. landbrh. varðandi ummæli mín áðan um úrskurð yfirnefndarinnar, sem sagt er, að felldur hafi verið 1. des. s. l. Ég sagði í ræðu minni áðan ekkert um það, að ég teldi hættu á því, að yfirnefndin hefði ekki dæmt eftir l. En ég vísaði til umr., sem átt hefðu sér stað hér í hv. Alþ. og einmitt í þessari hv. d. um það efni, hvort ske kynni, að ekki yrði dæmt eftir l. í þessu tilfelli. En þegar um er að ræða slíkt, hvort dæmt sé eftir lögum eða ekki, eiga menn auðvitað við sinn skilning á l. Við hér erum ekki dómarar, sem útskýri eða felli úrskurð um þýðingu laga. En það kom greinilega fram og ég held alveg sérstaklega af tilefni frá hæstv. ráðh., að vafi léki á því t. d., hvort yfirnefndin mundi fara eftir 8. gr. framleiðsluráðsl., þegar hún felldi úrskurð, og að því lutu ummæli mín m. a. Ef ég man rétt, virtist hæstv. landbrh. draga í efa, að þessi gr. væri framkvæmanleg, þegar hann talaði um þetta mál. Það lá að sjálfsögðu í þessum orðum hans, að ekki yrði eftir henni dæmt.

Hæstv. ráðh. velti nokkuð vöngum yfir því, hvern ætti að ásaka fyrir þann drátt, sem orðið hefði á því, að verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara yrði ákveðinn. Að svo stöddu vil ég ekkert leggja til þeirra mála, hvern eigi að ásaka, en dráttur þessi er að sjálfsögðu mjög óheppilegur. Lögin segja, að verðlagstímabilið skuli hefjast 1. sept., nema annað sé ákveðið með samkomulagi. En það hefur að sjálfsögðu ekki verið tilgangur löggjafans, að það gæti dregizt mánuðum saman, að þessi verðlagsgrundvöllur yrði ákveðinn. Hvort um það hafi verið samkomulag að fresta málinu um lengri eða skemmri tíma, um það upplýsist væntanlega seinna, hvort svo hafi verið. Og vera má, að það komi í ljós, ef einhvern á að ásaka fyrir þennan drátt, þá séum það e. t. v. við, sem hér sitjum í þessum sal, hæstv. ráðh. og við aðrir þm. hér, sem ekki höfum gengið nógu vel frá þessu ákvæði um það, hvenær verðlagningunni skuli vera lokið. Þetta styður það, sem ég minntist á áðan, að í sambandi við þetta frv., sem hæstv. ríkisstj. nú hefur lagt fram, getur verið ástæða til þess að athuga, hvort ekki þurfi að breyta einhverju öðru í framleiðsluráðsl., ef þetta frv. er afgreitt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 123, n. 136 og 138, 137).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er efnislega aðeins tvær gr. Fyrri gr. fjallar um, að endurskoða skuli verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða með hækkun fyrir augum vegna rekstrarvöruhækkunar við landbúnaðinn, sem stafar af gengisbreytingunni, sem nýlega er afstaðin.

Það fer ekki á milli mála, að rekstrarvörur hækka mjög verulega vegna gengisbreytingarinnar, og sumar þær vörur hækka nú þegar í verði. Er þar efst á blaði fóðurbætir, því að eigi munu verið hafa teljandi birgðir í landinu af fóðurbæti, þegar gengisbreytingin varð. Og auk þess kemur þetta sérstaklega þungt niður á bændum nú, vegna þess að fóðurbætiskaup á þessum vetri munu vera með allra mesta móti, sökum þess að heyskapur var mjög rýr s. l. sumar um allt land, og þó sérstaklega verður þetta áberandi erfitt fyrir þá bændur, sem bjuggu við þá sérstöku aðstöðu, að hjá þeim var stórkostlegt kal næstliðið vor og þar að auki 3—4 undanfarin ár í æðimiklum mæli. Ég geri ekki ráð fyrir, að þetta frv. geti leyst vanda þessara bænda, en hann er áreiðanlega mikill, því að fóðurkaup hjá þeim í haust voru gerð hreint og beint með það fyrir augum að setja búpening á erlendan fóðurbæti að æðimiklu leyti. Er þetta að mínu áliti langstærsti liðurinn, sem kemur til álita nú, þegar hækkun verður athuguð á tilkostnaði við búin, samkv. útreikningi Sexmannanefndar. Þar að auki er olía og benzín, sem koma með nokkrum þunga þegar í stað. Hins vegar er það um aðrar rekstrarvörur, sem hækka vegna gengisbreytingar, að sú hækkun kemur inn smátt og smátt og sumt af því ekki fyrr en seint á ári, og er þar stærsti liðurinn áburðarkaupin.

Ég sé í brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 138 frá minni hl. landbn., að þar eru talin upp þau atriði, sem hafa áhrif á rekstrarkostnaðinn, og þar á meðal er áburðurinn talinn og talið sjálfsagt, að hann verði reiknaður inn í verðið, að því er mér skilst þegar í stað, eftir að þessi endurskoðun hefur farið fram. Ég held, að það sé á misskilningi byggt að gera ráð fyrir því, að áburðurinn verði reiknaður inn í verðið að þessu sinni, vegna þess að útgjöld vegna hans koma ekki fram fyrr en seint á árinu, en olíur og fóðurbætir koma af nokkurn veginn fullum þunga strax og ýmislegar fleiri rekstrarvörur, að því er ég hygg, t. d. viðhald á vélum og rekstur þeirra.

2. gr. þessa frv. fjallar hins vegar um ráðstöfun á þeim fjármunum eða gengishagnaði, ef svo mætti að orði kveða, sem verður af sölu á þeim landbúnaðarvörum, sem framleiddar voru áður en gengisbreytingin varð, en seldar eftir að hún er orðin. Á sá peningur að leggjast í sérstakan sjóð, sem ráðstafað verði síðan í þarfir landbúnaðarins, eftir því sem landbrh. leggi til.

Það hefur einnig komið fram brtt. við þessa gr. frv. frá minni hl. landbn. á því þskj., sem ég nefndi áðan, sem gerir ráð fyrir því, að önnur aðferð verði viðhöfð við úthlutun á þessu fé. Ég hlustaði á þær umræður, sem fóru hér fram við 1. umr. þessa máls, og þóttist taka eftir því, að einmitt það ákvæði eða það orðalag gr., sem er í frv., hefði verið samkomulagsatriði milli hæstv. landbrh. eða hæstv. ríkisstj. og framámanna í stéttarsamtökum bænda. Að þessi skilningur minn hefur verið réttur efast ég raunar ekki um, því að ekkert hefur heyrzt frá stéttarsamtökum bændanna, svo sem stéttarsambandinu sjálfu eða Búnaðarfélaginu, um að framámenn bænda væru óánægðir með þetta ákvæði í frv. Og það verður þá leiðrétt, ef svo er. Ég lít því svo á, að frágangur gr. sé gerður með fullu samþykki stéttarsamtakanna, og sé því ekki ástæðu til, að Alþ.

fari að gera breytingu á því. Það er kunnugt, að það hefur verið fremur góð samvinna með Stéttarsambandi bænda og hæstv. landbrh. að undanförnu, og hafa ýmis mál verið flutt hér á þingi sem bein afleiðing af samkomulagi milli þessara aðila. Það má nefna þar t. d. framleiðnisjóð landbúnaðarins, jarðakaupasjóð, búreikningaskrifstofu landbúnaðarins, sérstök framlög til illa stæðra bænda á smájörðum og aukaframlag til súgþurrkunar, svo að eitthvað sé nefnt. Öll þessi mál og fleiri munu hafa komið fram og náð fram að ganga, að undangengnum viðræðum og samkomulagi hæstv. landbrh. við stéttarsamtökin, og ég lít svo á, að þetta atriði að ráðstafa þeim peningum, sem koma inn í þennan sjóð, eins og frv. gerir ráð fyrir, sé því með vitund og án óánægju af hálfu þessara stéttarsamtaka fram komin.

Vildi ég leggja til, að frv. það, sem hér um ræðir, verði samþ. eins og það liggur fyrir og mæli þar fyrir munn þeirra nm. í landbn., sem undir álitið hafa skrifað. Þess ber þó að geta að lokum, að landbn. varð sammála um það að flytja eina brtt., sem prentuð er hér á sérstöku þskj., 137, þess efnis, að í staðinn fyrir 20. des. komi í gr. 23. des. Þetta stafar af því, að það muni ekki vera of langur tími til að ganga frá þeim málum, sem frv. gerir ráð fyrir, þó að frestur inn sé til 23. des., ekki síst þar sem öllu meiri dráttur hefur orðið á afgreiðslu málsins hér í þessari hv. d. en búizt var við. Landbn. lagði áherzlu á það að afgreiða málið frá sér það snemma, að frv. væri tekið til umr. í gær, en það gat ekki orðið og hver dagurinn, sem líður, verður til þess að gera þeim mönnum, sem með málið eiga að fara, þ. e. Sexmannanefnd, örðugra um vik að skila útreikningum sínum í tæka tíð.

Ég tel svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en legg til, að frv. verði samþ. með þessari breytingu.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil út af ummælum frsm. meiri hl. n., þegar hann minntist á fóðurbætismálin, leyfa mér að taka undir það, að þrátt fyrir samþykkt þessa frv. er þar stórt mál óleyst. Hvort tveggja er, að árferði hefur verið eins og það hefur verið og heyskapur lítill, og af þeim orsökum verður nú mjög mikil fóðurbætisnotkun í sumum landshlutum og hefur beinlínis verið hvatt til þess og heitið aðstoð til þess að fóðra á slíkan hátt, og annað hitt, að enda þótt þetta frv. verði að lögum, eru þær hækkanir á rekstrarvörum landbúnaðarins, sem þar um ræðir, eingöngu bundnar við þann hluta þeirra, sem tekinn er inn í verðlagsgrundvöllinn, en þar vantar því miður mjög mikið á, að eðlilega sé talið að okkar dómi.

Við höfum ekki getað orðið sammála í landbn. um þetta mál. Að vísu eru allir nm. sammála um þau meginatriði frv., að verðhækkanir á rekstrarvörum landbúnaðarins vegna gengislækkunarinnar skuli koma inn í verðlag landbúnaðarvara 1. jan., og eins hitt, að gengishagnað af framleiðslu landbúnaðarins á þessu ári skuli nota til þarfa landbúnaðarins. Um þetta erum við alveg sammála í nefndinni. En eins og hv. þdm. sjá, leggur minni hl. til að umorða báðar meginmálsgr. frv., og kemur það hér fram á þskj. 138. Mun ég nú skýra með nokkrum orðum ástæðurnar fyrir því, að við leggjum þetta til.

Það stendur enn yfir verðlagning landbúnaðarvara, og átti henni þó að vera lokið 1. sept. Þessi mikli dráttur er auðvitað með öllu óhafandi og er útilokað, að við það verði unað framvegis, að þannig gangi til. Af þessum sökum, bæði hversu dregizt hefur og eins hinu, hversu til hefur tekizt um niðurstöðu í yfirn., en hún hefur nú fyrir nokkru fellt sinn dóm um verðlagsgrundvöll, þó ekki sé búið að reikna út dreifingarkostnað og álagningu, þá teljum við það ófýsilegt og raunar óhyggilegt að fela sömu aðilum meðferð þessa máls, og við sjáum ekki, að það sé heldur nein nauðsyn í sjálfu sér.

Ég verð að víkja nokkrum orðum að verðlagningarmálunum og verðlagningunni nú í haust, til þess að leiða nokkru nánari rök að þessum niðurstöðum okkar í minni hl. landbn.

Framleiðsluráðslögunum var breytt fyrir skömmu og þá m. a. tekið upp í 4. gr. l. ákvæði um það, að þegar fundin eru laun bónda í verðlagsgrundvelli, skuli tilfæra ársvinnutíma og meta hann til verðs, meta vinnuna til verðs á sama hátt eða með hliðsjón af kaupgjaldi annarra vinnandi stétta. Við verðlagninguna 1966, sem fram fór aðeins nokkrum mánuðum eftir að þessi l. voru sett, lágu mjög takmarkaðar upplýsingar fyrir um vinnutímann. Þeirri verðlagningu var lokið með samningum og í þeim samningum var ákveðin 10.8% hækkun á verðlagsgrundvelli landbúnaðarins, og þar til viðbótar fengust gerðar ýmsar ráðstafanir til hagsbóta fyrir landbúnaðinn. En varðandi vinnutíma bóndans og vinnuliðinn, þá varð að samkomulagi í samninganefndinni að reikna vinnuliðinn ekki að þessu sinni eftir hinum nýju ákvæðum, þar sem nálega engar upplýsingar lægju fyrir um málið af þeim ástæðum, að aðeins voru, eins og ég sagði áðan, liðnir örfáir mánuðir síðan lagabreyt. var gerð. Það var fallizt á þetta og um þetta varð samkomulag í samninganefndinni. Þegar samið var, verðlagt var þá, sem var að vísu ekki á réttum degi, en þó nokkuð nærri því, lá ekki fyrir tekjuúrtak það, sem áður hafði verið notað til að finna kaupgjaldsliðinn. Það lá ekki fyrir, það var komið nokkuð langt með að vinna það, en fullbúið var það ekki.

Hins vegar lágu fyrir upplýsingar um taxtabreytingar á undangengnum mánuðum. Og samkv. upplýsingum frá þeim stofnunum, sem um þessi mál fjölluðu, leit út fyrir, að þetta færi nokkuð saman, taxtahækkanir og hækkanir á tekjum viðmiðunarstéttanna, og með hliðsjón af þessum upplýsingum var um þetta atriði samið 1966. Nú er ekki samið í haust og málin fara til yfirnefndar. Þá gerist það í yfirn., að hin nýju ákvæði framleiðsluráðslaganna um að tilfæra ársvinnutíma á búinu eru alveg lögð til hliðar, þó gegn eindregnum mótmælum fulltrúa framleiðenda í verðlagningunni. Nú horfði þó málið allt öðruvísi við en var fyrir einu ári, því að á þeim tíma hafði verið unnið ötullega að vinnumælingum og hafin búreikningagerð með nýju sniði og gagnasöfnun í gegnum þá um þessi atriði. En þetta var allt lagt til hliðar og ákveðið, gegn

mótmælum fulltrúa framleiðenda, að hafa þessi lagaákvæði, nýju ákvæðin í 4. gr., að engu.

En hvernig var þá þessi liður í verðlagsgrundvellinum fundinn í ár, og hver var niðurstaðan? Niðurstaðan varð sú, að hann skyldi standa óbreyttur. Þessi meðferð á launaliðnum, sem er langstærsti liðurinn í kostnaði búrekstrarins, og sá, sem þar af leiðandi hefur langmest áhrif á verðlagið, gefur tilefni til margvíslegra spurninga. Hvers vegna er engin tilraun gerð til þess að meta fengnar upplýsingar, engin tilraun gerð til þess? Lögin leyfa þó ekkert frávik. Og í þetta sinn horfir allt öðruvísi við en árið áður að því leyti, að þá verður samkomulag, þá er samið um málið, en nú er vikið frá ákvæðum l. gegn eindregnum mótmælum. Það var gerð breyt. á framleiðsluráðsl. fyrir nokkrum dögum, eins og allir hv. þdm. muna. Það var gerð breyting á l., meðan verið var að vinna að þessum málum. Hvers vegna var þá ekki sett bráðabirgðaákvæði inn í l. varðandi launaliðinn, til þess að hægt væri að fara með hann lögum samkvæmt, fyrst l. var breytt á annað borð.

Nei, það er ómögulegt að komast fram hjá því, að þessi málsmeðferð er ákaflega einkennileg. Það er óskað eftir þeirri breyt. á l., að verðlagning gildi til eins árs, og málið er lagt hér fyrir á hv. Alþ. í báðum d. af viðkomandi ráðh., eins og venja er, og það fylgir grg. frv. En hvorki í ræðu hæstv. ráðh. né í grg. kemur nokkuð fram, sem bendir til þess, að það eigi ekki að nota, ekki að styðjast við ákvæði 2. mgr. 4. gr. l. Ekki eitt orð. Þess er getið, að vinnumælingar séu skemmra á veg komnar en æskilegt sé og þess er getið, að aðrar upplýsingar um þetta séu af skornum skammti. Þess vegna sé ekki rétt að binda verðlagið til tveggja ára. En um hitt, að alls ekki eigi að hlíta lagaákvæðinu, kemur ekkert fram. Stjórn stéttarsambandsins skrifaði bréf út af þessu máli, þegar óskað var eftir þessari breyt. á l., að verðlagningin gilti til eins árs, og felst hún á það fyrir sitt leyti og rökstyður breyt. á þann hátt, að mikil óvissa sé í efnahagsmálum. Í því bréfi, sem ég að vísu hef ekki við höndina, mun ekkert hafa verið fjallað um gögnin og gagnasöfnunina.

Ég, sem hef starfað að þessum verðlagsmálum sem einn af þremur fulltrúum framleiðenda í Sexmannanefnd, sagði hér nokkur orð við meðferð þessa máls um daginn, og ég sagði þá m. a. orðrétt: „En ég vil hins vegar taka það skýrt fram, sem raunar er kannske óþarfi, það liggur alveg í hlutarins eðli, að við álítum, að það efni, sem fyrir hendi er varðandi þennan lið, þær upplýsingar séu það veigamiklar, að ekki komi annað til mála en að byggja verðlagninguna núna, sem væntanlega verður til eins árs, á þeim upplýsingum, svo langt sem þær ná.“

Ég segi það enn, mér virðist þessi málsmeðferð mjög óeðlileg. Fyrst breyta átti framleiðsluráðslögunum af meintri nauðsyn um að víkja frá þeim ákvæðum l., að þau verði gerð til tveggja ára, samkv. 7. gr. þeirra, var það að mínum dómi alveg sjálfsagt að breyta þeim einnig varðandi það frávik um ársvinnutíma bóndans, sem meiri hluti yfirdómsins, yfirn., taldi nauðsynlegt að gera. En þetta var sem sagt ekki gert, og þá verður manni enn að spyrja: Hvers vegna þá ekki að nota gamla lagið við ákvörðun á kaupgjaldsliðnum, þann hátt, sem hafði verið notaður árum saman og var að nokkru leyti stuðzt við 1966, þó að ekki væru þá, eins og ég gat um áðan, komnar fram endanlegar tölur um tekjur viðmiðunarstéttanna? Hvers vegna ekki að nota þennan hátt? Því að enda þótt 2. mgr. 4. gr. framleiðsluráðsl. væri breytt og tekin upp ákvæði um vinnutíma, stendur eftir sem áður í 1. mgr. 4. gr.: „Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, sem landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.“

Í annan stað segir í 8. gr. sömu l., 1. mgr.: „Hagstofa Íslands skal fyrir 15. ágúst ár hvert afla fullnægjandi gagna handa Sexmannanefnd um framleiðslukostnað landbúnaðarvara og um afurðamagn, svo og um tekjur vinnandi stétta á undangengnu ári, sbr. ákv. 4. gr.“ (sem ég las áðan).

Það er svo augljóst sem verða má samhengið milli þessara tveggja lagagreina, að það virðist ekkert vera eðlilegra og sjálfsagðara, eftir að meiri hl. yfirn. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að óframkvæmanleg séu ákvæði 2. mgr. 4. gr., en að taka upp þessa viðmiðun, sem þarna er vikið að í 1. mgr. þessara tveggja lagagr., sem ég hef hér lesið. En þetta er ekki gert, heldur er það ákveðið, að launaliðurinn í verðlagsgrundvellinum, það kaupgjald sem bóndanum er ætlað, standi óbreyttur. (**Forseti**: Ég bið hv. þm. afsökunar. Ég vil spyrja, hvort hann treysti sér til þess að ljúka máli sínu á tiltölulega stuttum tíma eða hvort hann vilji fresta ræðu sinni. Áformað er að fresta fundi til kl. 5. Hv. þm. gerir hlé á ræðu sinni.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar fundi var frestað áðan, hafði ég vikið nokkuð að þeim niðurstöðum yfirdóms, að launaliður bóndans skuli standa óbreyttur, og á hvern hátt þær niðurstöður voru fundnar. Nú vil ég spyrja: Hvernig rímar þetta við 1. mgr. 4. gr. l. um, að bændur skuli hafa sömu tekjur og aðrar vinnandi stéttir? Um tekjur viðmiðunarstéttanna árið 1966 liggja nú fyrir upplýsingar, fundnar á hinn venjulega hátt. Og ef úrtakið er tekið í heild, er það 243700 kr., en ef sleppt er sjómönnum og uppmælingarmönnum, verða tekjur þessara stétta samt, eftir að þær hafa verið framreiknaðar til ársins í haust, eins og gert var áður á meðan þetta úrtak var notað til að finna og ákvarða launaliðinn, þannig framreiknaðar eru þær að slepptum sjómönnum og uppmælingarmönnum 243500 kr., en í verðgrundvellinum eru laun bóndans hin sömu og þau voru ákveðin í fyrra 198358 kr. Hér er alla vega, hvernig sem á þetta mál er litið, mjög mikið ósamræmi. Og það er skoðun okkar, fulltrúa framleiðenda, sem að þessum málum höfum unnið, að með þessu sé beinlínis brotin 4. gr. framleiðsluráðslaganna.

Ég vil einnig í þessu sambandi vekja athygli á öðru atriði í niðurstöðum yfirnefndarinnar. Til þess að bóndinn raunverulega fái það kaup, sem honum er ætlað í grundvelli og nú er, eins og ég áðan nefndi, rúmlega 198 þús. kr., þurfa auðvitað aðrir kostnaðarliðir grundvallarins að vera rétt og eðlilega metnir. En hvernig skyldi því vera háttað nú að þessu sinni? Meðferðin á þeim lið-

um var einnig sú, að þeir eru nálega allir ákveðnir óbreyttir frá því, sem var í fyrra. Um þá liði liggja þó fyrir upplýsingar, í fyrsta lagi á sama hátt og áður hefur verið aflað til margra ára og reynt að vega og meta í samningum eða í yfirdómi, og til viðbótar raunar enn frekari upplýsingar en áður lágu fyrir. Og þær upplýsingar allar hníga að því, að í þessum liðum sé stórlega vantalið. Í úrtaki hagstofunnar um þessi efni segir t. d., að kjarnfóðurkaupin á grundvallarbúinu 1966 hafi numið 46 þús. kr., en inn í grundvöllinn eru teknar 27600 kr., og svona er þetta um aðra liði fleiri, og ekki sízt þá stærstu, eins og áburðarliðinn, sem er 38 þús. kr. í þessu úrtaki hagstofunnar, en 27 þús. rúmar í grundvelli. Og aðrar upplýsingar, sem aflað hefur verið af búreikningaskrifstofunni og af Stéttarsambandi bænda, benda allar til mjög líkrar niðurstöðu. En þessi atriði eru meðhöndluð þannig, og það er beinlínis tekið fram í grg. fyrir yfirdómi, að það sé alveg látið vera að gera tilraun til að meta þessa liði upp að nýju, að undanskildum einum, vaxtakostnaði, og þá aðeins einum hluta hans.

Einnig þetta teljum við vitanlega óhæfileg vinnubrögð. Við hefðum sjálfsagt ekki verið ánægðir með niðurstöður í mati yfirnefndar, þó að í það hefði verið farið, en þá kastar þó fyrst tólfunum, þegar gögn eru hreinlega lögð til hliðar og ekki gerð tilraun til að meta þau. Og þetta þýðir, að það er líka óhugsandi, að þau laun, sem bændum eru ákveðin í grundvelli og eru þó miklu lægri en viðmiðunarstéttirnar virðast hafa haft, náist þegar á það er litið, hversu þessir liðir eru vantaldir. Og af þessum sökum, sem ég hef hér rakið, finnst okkur það ekkert fýsilegt að beina meðferð þeirra útreikninga, sem fram eiga að fara samkv. 1. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, í þennan sama farveg, og af þessum ástæðum viljum við freista þess að fá nánari ákvæði inn í 1. gr., nánari ákvæði um það, hvernig með þessi mál skuli farið, og einnig ákvæði, sem leiða til þess, að meðferð málsins fari í annan farveg en áður.

Með umorðun á 1. gr. er sem sagt lagt til, að hagstofunni sé falið að reikna út hækkanir á rekstrarvörunum alveg hliðstætt því, sem henni hefur um langt árabil verið falið að reikna út breyt. á verðlagi, þegar ekki er sagt upp, og síðan sé framleiðsluráði falið að færa þessar hækkanir inn í grundvöllinn, inn í verðlagið. Hér er sem sagt sleppt aðild Sexmannanefndar og þá gert ráð fyrir því, að eftir að hagstofan er búin að reikna og meta hækkanirnar, sé ekki annað en hreint reikningsdæmi að færa þær inn í verðlagið.

Nú vill svo til, að þessi meðferð mála, ef samþ. yrði, væri ekkert einsdæmi, því að fyrir þessu er þvert á móti glöggt fordæmi. Þetta er sem allra líkast því að vera sama meðferð og höfð var á þessum málum undir líkum kringumstæðum, áður en framleiðsluráðslögunum var breytt 1960, en hins vegar er þetta, og það auðvitað viðurkennum við í minni hl., frávik frá því skipulagi, sem verið hefur, að allur verðlagsútreikningur gangi í gegnum Sexmannanefnd, og það geta að sjálfsögðu verið skiptar skoðanir um það, hvort rétt sé að gera þetta frávik, hvort sú ástæða, sem ég hef greint, sé næg til að gera það. En sennilega er þetta a. m. k. eina leiðin til þess, að verkið verði unnið á tilsettum tíma, því að þó sett séu inn í lögin ákvæði um það, að öllu skuli lokið fyrir tiltekinn dag, hvort sem það verður 20. des. eða 23., skilst mér, að ekki sé hægt að vænta þess, að það verði neitt haldbetra ákvæði en það, sem nú er í framleiðsluráðslögunum um, að verðleggja skuli fyrir 1. sept.

Þá má minna á það aðeins, til frekari rökstuðnings fyrir því, að það sé ekkert óeðlilegt að gera frávik á þennan hátt, það er oft gert og var núna seinast gert í sambandi við önnur verðlagsmál, að það er sett upp ný verðlagsnefnd, sem á að starfa ákveðinn, afmarkaðan tíma, eitt ár, og hér er sem sagt lagt til, að þetta einstaka atriði verði meðhöndlað afbrigðilega.

Þá vil ég aðeins víkja að 2. gr. frv. Það kom fram hjá frsm. meiri hl., að samkomulag hefði verið um þá gr. á milli ríkisstj. og forustumanna bænda. Það er rétt, að ráðh. hefur sýnt okkur, sem höfum verið í verðlagsmálunum, þetta mál áður en það var lagt hér fram, og hann hefur fengið gerðar lagfæringar á einstökum atriðum þess fyrir okkar beiðni. Ég vil ekki draga neina fjöður yfir það, og það er eðlilegt, að það komi hér fram. En hins vegar hef ég algerlega óbundnar hendur í þessu máli og ég mun hafa skýrt honum frá því, að svo kynni að fara, að ég óskaði frekari breytinga, og ég vona, að það sé allt á hreinu okkar á milli um það. Og við nánari athugun á 2. gr. virðist mér og okkur, sem minni hl. skipa, það mjög eðlilegt og raunar sjálfsagt að kveða nokkru nánar á um það í l., hversu fara skuli með gengishagnað landbúnaðarins væntanlegan, heldur en gert er í gr., eins og hún er í frv. Það væri einnig, að mér skilst, alveg í samræmi við 4. gr. l. um gengismálið, en þar segir svo: „Fé, sem á reikninginn kemur (þar ræðir um gengishagnaðinn), skal með sérstökum lögum ráðstafað í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði.“ Og þá virðist ekkert óeðlilegt við það, að tekið sé fram í l. í stórum dráttum, til hvers eigi að verja fénu. Það gefur einnig undir fótinn með það að taka þetta beinlínis fram í l., að frá því greinir í niðurlagi á grg. yfirnefndarinnar, að yfirnefndinni voru flutt þau skilaboð frá ríkisstj., að ákveðið hefði verið, að allur gengishagnaður af landbúnaðarvöru rynni til landbúnaðarins, fyrst og fremst til verðuppbótar á ull og gærum af framleiðslu verðlagsársins 1967/68. Verð á nefndum framleiðsluvörum var ákveðið með tilliti til þessa atriðis. Það er þess vegna síður en svo neitt óeðlilegt við það, þó staðfest sé í þessum væntanlegu lögum það, sem í raun og veru nú þegar er fyrirhugað, að nota gengishagnaðinn til verðuppbóta á landbúnaðarvörurnar.

Ég hef í sambandi við þetta mál hér vikið nokkuð að yfirdómnum og að þeirri grg., sem honum fylgir. Þessi yfirdómur hefur að vísu ekki verið birtur enn í blöðum, að ég hygg. Hins vegar hefur, síðan Sexmannanefnd vann út tekjulið verðlagsgrundvallarins, grundvöllurinn sjálfur verið sendur út til sláturleyfishafa og annarra, sem beint þurfa um málið að fjalla í framhaldi af verðlagningunni, og vissulega er hér ekki heldur um neitt leyniplagg að ræða, eins og hæstv. ráðh. tók fram á dögunum. Og með tilliti til þess, sem

hann þá sagði einnig, að eðlilegt væri, að landbn. fengi aðgang að þessu plaggi, þá finnst mér ekki óeðlilegt, þótt til þess sé vitnað í sambandi við umræður um þetta mál hér, sem beint snertir verðlagningu búvara. Ég hef rætt einmitt um verðlagninguna í haust og meðferð málsins, vegna þess að mér finnst það skipta máli fyrir framkvæmd þá, sem nú á að fara að gera, hversu tekizt hefur til um alla málsmeðferð á þessu hausti, og það, sem gerzt hefur nú, sá dráttur, sem orðið hefur, og sú niðurstaða, sem fengizt hefur, er í raun og veru undirstaða þess og rökstuðningur að því, að við viljum freista að fá þetta mál hér í annan farveg.

Ég vil enn árétta það, að ég tel það alveg óviðunandi ástand, að verðlagning landbúnaðarvara geti dregizt úr hömlu á þann hátt, sem nú hefur orðið. Þetta getur haft í för með sér verulegan skaða og jafnvel mikinn skaða fyrir bændastéttina. Þetta er mjög óhagkvæmt fyrir þau fyrirtæki bændanna, sem verzla með þessar vörur, og á þeim tímum, þegar verðlag fer hækkandi, getur þessi dráttur leitt til þess, að bændur beinlínis tapi, í krónum talið, á því að vera búnir að selja framleiðslu á gömlu verði svo og svo mörgum vikum og jafnvel mánuðum áður en verðlagt er. Venjulega hefur verið gert ráð fyrir þessum drætti og verð þess, sem óselt er, hefur verið hækkað nokkuð af þeim sökum, en það má gjarnan koma fram hér, að þessu atriði, skaðanum, sem verður af drætti á verðlagningu, hefur verið hreyft núna í Sexmannanefnd og hefur verið tekið þvert fyrir það að viðurkenna hann.

Ég held, að þeir verði margir meðal bænda, sem verða sammála um það nú, að ákvæði framleiðsluráðslaganna um það, að bændur skuli hafa sömu tekjur og aðrar vinnandi stéttir, hafi reynzt okkur næsta haldlaust að þessu sinni og bændasamtökin hljóti því að mótmæla þeim málalokum, sem orðið hafa. Og ég held, satt að segja, að samtök bænda hljóti að beita sér fyrir því á næstunni, að verðlagsmálin í heild verði tekin til gaumgæfilegrar endurskoðunar og athugunar um leið og raunar ýmis fleiri atriði varðandi skipulag framleiðslunnar og marga aðra þætti landbúnaðarmálanna verða endurskoðuð.

Ég orðlengi þetta svo ekki frekar. Minni hl. landbn. þessarar hv. d. leggur það til, að frv. verði samþ. með þeim umorðunum á meginmálsgreinum þess, sem minni hl. hefur sett fram á þingskjali.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., var lagt fram hér á hv. Alþ. s. l. laugardag og þá þegar tekið til 1. umr., en til þess þurfti samkv. þingsköpum að leita afbrigða. Síðan var fundur boðaður í landbn. hv. d. kl. 11 á mánudagsmorgun, og var ætlun meiri hl. n. að afgreiða málið þá fyrir hádegi. Við, sem skipum minni hl., fengum þó fundi frestað til seinni hluta dagsins, en okkur var tjáð, að n. yrði að ljúka störfum og skila áliti þann dag, þar sem málið ætti að takast fyrir á næsta fundi d., þ. e. a. s. í gær. Þannig virðist það vera orðin regla hjá hæstv. ríkisstj. að keyra mál í gegnum þingið með þeim hraða, að engin leið sé að gera þeim viðhlítandi skil. Af þessum ástæðum varð landbn. hv. d. að fjalla um þetta frv. á sama tíma sem þingfundur stóð yfir í Sþ., þar sem fjárlög fyrir árið 1968 voru til umr. Þessi vinnubrögð hljóta að vera fáheyrð og ekki hægt að komast hjá því að átelja þau mjög harðlega. Hæstv. ríkisstj. ætti ekki að vera minna ætlandi en að mál fái sæmilega þinglega afgreiðslu og nefndir þingsins, sem um þau eiga að fjalla hverju sinni, fái hæfilegan tíma til að setja fram afstöðu sína á viðhlítandi hátt og þurfi ekki að vanrækja önnur störf þingsins þess vegna, að þeir þurfi að sinna nefndarstörfum á sama tíma og þingfundir standa yfir. Það væri áreiðanlega hægt að skipuleggja störf þingsins betur, ef vilji væri fyrir hendi, svo að til svona vinnubragða þyrfti ekki að koma.

Ég fór þess á leit við hæstv. landbrh., að hann hlutaðist til um, að yfirdómurinn yrði birtur, svo að hv. alþm. gæfist kostur á að lesa það furðulega plagg og ræða það jafnhliða þessu frv. En við þeirri ósk hefur hæstv. landbrh. ekki orðið, þrátt fyrir endurteknar óskir um þetta í landbn. og þá yfirlýsingu hæstv. ráðh., að yfirdómurinn sé ekkert leyniplagg. Hins vegar hef ég fengið þennan dóm í hendur, en að sjálfsögðu er það ófullnægjandi fyrir aðra þm.

Það er engu líkara en að valdhafarnir og oddamaður yfirnefndar séu eitthvað feimnir við að birta almenningi þennan dóm og rökstuðninginn fyrir honum, og ég verð nú að segja það, að eftir að hafa lesið dóminn og grg. meiri og minni hl. fyrir honum undrar mig ekki, þótt þeir, sem bera ábyrgð á niðurstöðum dómsins, séu nokkuð uggandi, hver verði viðbrögð bændastéttarinnar við þvílíkum rangindum, sem bændastéttinni eru sýnd með þessum dómi, þar sem niðurstöður dómsins sýna, að sá tilgangur laganna er gersamlega sniðgenginn, að verðlagningin sé við það miðuð, að þeir, sem landbúnað stunda, fái sviparðar tekjur og viðmiðunarstéttirnar hafa á hverjum tíma. Og það er viðurkennt í grg. oddamanns, að gengið hafi verið fram hjá þessu ákvæði. Það er líka viðurkennt í grg. oddamanns, að ekki sé farið eftir 4. gr. framleiðsluráðslaganna um að tilfæra ársvinnutíma bóndans og skylduliðs hans, og því borið við, að gögn hafi skort til þess, að hægt væri að fara eftir þessu ákvæði. Nú er það sem sé komið fram, sem mig grunaði og ég deildi um við hæstv. landbrh., þegar breytingin á framleiðsluráðslögunum var hér til umræðu á dögunum, að sniðganga ætti lögin um vinnulið verðlagsgrundvallarins, en hins vegar datt mér ekki í hug, að svo langt yrði gengið, að ekkert tillit yrði tekið til þess aukna rekstrarkostnaðar, sem orðið hefur, og minni afurða af sauðfé. Að verðlagsgrundvöllurinn yrði úrskurðaður óbreyttur, án nokkurs tillits til þessara staðreynda, datt víst engum í hug, enda vilja menn ógjarnan fyrirfram ætla mönnum það, að þeir framkvæmi verk sín, sem þeim hefur verið sýndur trúnaður til að gera, á þennan hátt. Það er engu líkara en að einhver hafi hvíslað því í eyru þessara manna: Haldið þið ykkur við núllið, hvað sem öðru líður.

En furðulegast af öllu í sambandi við niðurstöðu yfirdóms er svo það, að oddamaður segir í sinni grg., að hann hafi farið fram á breytinguna, sem gerð var á framleiðsluráðslögunum, að verðleggja til eins árs í stað tveggja. Og hann segir einnig, að hann hafi ekki farið eftir 4. gr. l.

um að virða ársvinnutíma bóndans og skylduliðs hans. En fyrst hann treysti sér ekki til að fara eftir þessu fyrirmæli, því það hann ekki einnig um breytingu á þessu? Og þá hefði verið eðlilegast, að hann hefði lagt til að breyta l. um vinnuliðinn á þann veg, sem var í l. fyrir breytinguna, þ. e. a. s. eftir úrtaki viðmiðunarstéttanna. Finnst ekki hæstv. landbrh. það hljóma undarlega, þar sem oddamaður yfirdóms segir það berum orðum í sinni grg., að rétt hafi þótt, eins og ástatt var, að verðleggja til eins árs í stað tveggja og biður um breyt. á l. þar að lútandi og bíður með að ljúka störfum yfirdóms, eftir því að þessi umbeðna breyting yrði lögfest, en biður ekki um breyt. á 4. gr. um vinnuliðinn, þó að þar stæði eins á að því leyti, að oddamaður telur, að hann hafi ekki getað farið að l.?

En við nánari athugun rekur maður sig fljótlega á ástæðuna fyrir því, að yfirborgardómarinn má ekki — getur ekki farið þá leið með vinnuliðinn að óska eftir lagfæringu á honum. Við skulum ekki missa sjónar á því, að útkoman átti að vera núll. Það skiptir engu máli, þótt á borðinu lægi, að afurðir af grundvallarbúinu hefðu minnkað, rekstrarvörurnar hefðu stóraukizt og búið væri að vinnumæla á viðhlítandi hátt ¾ hluta vinnuliðarins. En nú vil ég spyrja: Hvernig var hægt að verðleggja eftir anda laganna, án þess að taka tillit til þessa alls? En hefði nú l. verið breytt þannig, að vinnuliðurinn hefði verið ákveðinn samkv. því, sem var fyrir lagabreytinguna síðustu, hvernig hefði útkoman þá verið? Samkv. úrtaki viðmiðunarstéttanna hefði liðurinn átt að hækka a. m. k. um 22—26%. Er ekki þarna komin skýringin á því, að ekki var óskað eftir breytingu á þessari umræddu grein? Það hefði óneitanlega verið erfitt að halda sér við núllið með grundvöllinn. Hefði vinnuliðurinn verið úrskurðaður samkv. úrtaki og hefði breytingar verið óskað, var ekki þægilegt að komast fram hjá því, að eðlilegast væri í þetta sinn að verðleggja samkvæmt þeirri reglu, sem áður gilti hvað þetta snerti. Og það er ekkert vafamál, að það hefur ekki verið vandalaust að finna frambærileg rök fyrir þessari niðurstöðu, enda tók það meiri hluta yfirdómsins rúmar 6 vikur að klúðra saman grg. fyrir óbreyttum grundvelli, grg., sem þó allir vilja hliðra sér hjá að birta. Þannig er nú réttlætinu fullnægt hvað þetta snertir.

Meginrök meiri hluta yfirdómsins fyrir þessum úrskurði eru þau, að samið var um verðbreytinguna í fyrra, og af því draga þeir þá ályktun, að Sexmannanefnd hafi verið sammála um verðlagninguna í það sinn. Þótt fulltrúar bænda í Sexmannanefnd hafi samið heldur en að skjóta verðlagningunni til yfirdóms, þýðir það engan veginn, að n. hafi verið sammála um verðlagninguna, heldur hitt, að af tvennu illu hafi fulltrúar bænda í n. talið það þó skárri kostinn að semja. Því má ekki heldur gleyma í þessu sambandi, að samhliða verðlagningunni sömdu fulltrúar bænda um ýmsar hliðarráðstafanir við ríkisstj., sem voru tímabundnar að mestu leyti og höfðu úrslitaþýðingu um, að samið var. Má telja víst, að ekki hefði verið samið á þann hátt, sem gert var, án þessara hliðarráðstafana, og það er engin launung, að stjórn Stéttarsambands bænda var af mörgum bændum í landinu átalin fyrir að semja í fyrrahaust, þrátt fyrir hliðarsamningana. Af þessu leiðir, að um leið og yfirnefndin fellir sinn dóm, sem er byggður á því, að um það sama hafi verið samið í fyrra, hljóta hliðstæðar fjárveitingar að felast í þessum úrskurði, sem bændur eiga að fá úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar eftir einhverjum öðrum leiðum en í gegnum verðlagninguna sjálfa. Ef svo væri ekki, er rökstuðningur meiri hl. yfirnefndar haldlaus með öllu. Eru þessar hliðarráðstafanir, sem um var samið í fyrra, ekki hluti af tekjum bændastéttarinnar fyrir s. l. ár? Án þeirra hefði verðlagið verið ákveðið hærra. Því vil ég spyrja hæstv. landbrh., hvort hann hafi gert ráðstafanir til, að bændur haldi hlut sínum að þessu leyti. Sé það ekki og fáist engin viðhlítandi svör við því, skora ég á stjórn Stéttarsambands bænda að gera tilraun til að ógilda úrskurð meiri hl. yfirdóms með dómi, þar sem hvorki niðurstaða né rökstuðningur geti staðizt samkv. þeim l., sem verðleggja á eftir. Kemur þá í ljós, hvort l. um framleiðsluráð o. fl., sem hæstv. ríkisstj. stóð að að lögfesta, tryggir bændum sambærilegar tekjur við viðmiðunarstéttirnar eða hvort þau eru haldlaust pappírsplagg eins og ætla mætti eftir úrskurði meiri hl. yfirdóms.

En það er ekki nóg með þessa furðulegu niðurstöðu yfirdómsins. Hann felur þó enn verra í sér, sem kemur ekki beint fram, en er við nánari athugun nokkurs konar kóróna á þessu verki. Að hefðbundinni reglu hefur verð á ull og gærum verið ákveðið sem næst því, sem heimsmarkaðsverð hefur verið á þessum vörum á hverjum tíma. Hefði verðlagningin verið gerð eins og lög mæla fyrir um í septembermánuði og alltaf hefur verið gert fram að þessu, hefði átt að miða við það heimsmarkaðsverð, sem þá var á gærum, um 20 kr., og á ull 8.33 kr. Hefði verið farið eftir þessari reglu, hefði kindakjötið átt að hækka sem þessu nam. Þessi tilfærsla hefði numið í heild ekki minni upphæð en 40 millj. Nú segir í niðurstöðu grg. meiri hl. yfirdómsins, að verð á ull og gærum hafi verið ákveðið eftir að gengisfellingin var gerð og með fullu tilliti til áhrifa, sem af gengisfellingunni leiði. Og takið þið nú eftir. Nú ætla ég að lesa hér orðrétt upp úr grg. yfirdómsins, með leyfi forseta:

„Loks er að geta þess, að ákvörðun um verðlag á ull og gærum var einnig af hálfu Sexmannanefndar skotið til yfirnefndar. Um þessi atriði fékk yfirnefndin gögn um söluhorfur, og eftir að gengisbreytingin var komin, kannaði hún einnig fáanleg gögn til þess að geta gert sér grein fyrir því, hver gengishagnaður yrði af ull og gærum og hvert yrði sennilegt útborgunarverð þeirra. Voru yfirnefndinni og flutt þau skilaboð frá ríkisstj., að ákveðið hefði verið, að allur gengishagnaður af landbúnaðarafurðum rynni til landbúnaðarins, fyrst og fremst til verðuppbótar á ull og gærum af framleiðslu verðlagsársins 1967—1968. Verð á nefndum framleiðsluvörum var ákveðið með tilliti til þessara atriða."

Það þykir sem sé vissara að undirstrika það sérstaklega, að ekki hafi verið um að ræða beint samband á milli hæstv. ríkisstj. og meiri hl. yfirdómsins. Hinu er aftur á móti ekki haldið á lofti, hver hljóp með skilaboðin þarna á milli. Þarna

kemur fram, svo að ekki verður um deilt, að hæstv. ríkisstj. er búin, samkv. áður greindum skilaboðum, að ráðstafa öllum gengishagnaði landbúnaðarvara, ekki í þágu bænda, eins og hæstv. landbrh. var búinn að lýsa yfir að gert yrði og l. um gengisráðstafanirnar mæla fyrir um, heldur til að borga kjötið niður til neytenda. Gengishagnaðurinn er áætlaður um 40 millj., og get ég því ekki betur séð en þetta dæmi gangi upp. Það virðist því vera þarna hver silkihúfan upp af annarri, og meginreglan stendur enn, þegar öllu er ráðstafað, að bændur skulu ekkert hafa. Við stöndum enn á núlli.

Frsm. minni hl. landbn., hv. 5. þm. Austf., er búinn að lýsa brtt. okkar, og hef ég litlu við það að bæta. Ég vil þó undirstrika það sérstaklega eftir þau furðulegu vinnubrögð, sem hafa verið viðhöfð á þessu hausti og vetri af neytendahluta Sexmannanefndar og meiri hl. yfirdóms, að ég er búinn að fá meira en nóg af þeirra vinnubrögðum og hef því ekki áhuga á að standa að því að láta þessa aðila fá ný verkefni til úrlausnar fyrir bændastéttina. Ég tel, að niðurstaða dómsins sé ekki í samræmi við gildandi lög þar að lútandi og nota því þetta tækifæri til að mótmæla honum mjög harðlega.

Um till. okkar um 2. gr. frv. er það að segja, að samkv. grg. meiri hl., eins og áður segir, hefur hæstv. ríkisstj. nú þegar ráðstafað öllum gengishagnaði af útfluttum landbúnaðarvörum til niðurgreiðslu á kindakjöti til neytenda, og leggjum við því til samkv. því, að fénu verði ráðstafað til hlutaðeigandi aðila, sem er Framleiðsluráð landbúnaðarins. En síðar munum við að sjálfsögðu krefjast þess, að við það verði staðið, að sú upphæð, sem gengishagnaðurinn sýnir, að verða muni, verði greiddur af tekjuafgangi ríkisins á næsta ári. Það er a. m. k. ofar mínum skilningi, að hægt sé að ráðstafa sömu krónunni tvisvar. Það er e. t. v. ein hagræðingin hjá hæstv. ríkisstj. Annars virtist landbrh. í ræðu í dag ekki skilja það sjálfur, og er ég ekkert hissa á því.

Því er haldið fram af sjálfstæðismönnum, að viðreisnarstjórnin hafi reynzt bændum mjög vel og hagur þeirra hafi aldrei staðið með meiri blóma en nú eftir öll viðreisnarárin. Því var haldið fram, þegar efnahagsmálafrv. var til umr., að hagvextinum hafi verið deilt út til þjóðarinnar jafnóðum og því þurfi að taka hluta af honum aftur, þegar heildartekjur þjóðarinnar minnkuðu. Því var einnig haldið fram, að aðalverðbólguvaldurinn væri of hátt taxtakaup launþega og of hátt afurðaverð á búvörum bænda. Eigum við ekki að staldra við þessi atriði um stund og athuga ögn þessar fullyrðingar. Ef fyrsta atriðið er athugað niður í kjölinn, kemur í ljós, að efnahagur bænda hefur stórversnað á þessum árum. Um 1960 voru t. d. föstu lánin um eða yfir 60% af heildarskuldum bænda, en síðan hefur þetta alveg snúizt við. Nú eru lausaskuldirnar komnar yfir 60%, þrátt fyrir það, að miklum hluta af lausaskuldum bænda 1960 var breytt í föst lán með sérstakri löggjöf 1962, að mig minnir. Og þegar ég tala um, að lausaskuldirnar séu yfir 60%, tel ég ekki með í þeirri tölu þær 90—100 millj., sem bændur eiga nú eftir að borga af sínum föstu lánum, og sýnt er, að mikill hluti þessara afborgana og vaxtagreiðslna verður óborgaður um næstu áramót. Vitna þessar tölur um aukna hagsæld í landbúnaði á viðreisnarárunum? Og hvað segir hæstv. landbrh. nú um stofnlánadeildina, sem í reynd hefur ekki reynzt þess umkomin að fullnægja lánsþörf bændastéttarinnar hlutfallslega nema að hálfu leyti miðað við það, sem áður var fyrir viðreisn? Og svona er ástandið þrátt fyrir það, að vextir hafa stórhækkað af stofnlánunum og þrátt fyrir stofnlánasjóðsgjaldið, sem er á 4. þús. kr. á grundvallarbúið. Sé verðlagsgrundvöllurinn tekinn sem heimild að þessu leyti og vextir og stofnlánagjald lagt saman, er útkoman ömurleg mynd af því ástandi, sem ríkir í þessum málum. Þá kemur út úr dæminu, að til stofnlánadeildarinnar borga bændur nú að meðaltali 9056 kr. eða rúmlega 11.3% vexti af föstum lánum sínum. Það eru engin undur, þó að þessir herrar séu hreyknir yfir því, hve vel þeir hafa stjórnað þessum málum!

Árið 1959 var vinnuliður verðlagsgrundvallarins 61% af niðurstöðutölum, en fyrir síðasta verðlagsár 59% eða 2% lægri en fyrir viðreisn. Af þessu sést einnig, hvað bændur hafa fengið í sinn hlut af hagvextinum þessi síðustu ár. Þess vegna er tómt mál að tala um það, að bændur skili aftur einhverju af hagvextinum, sem í þeirra hlut hafi komið á liðnum árum. Það er ekki hægt að krefjast endurgreiðslu af þeim, sem ekkert hafa fengið af auknum þjóðartekjum liðinna ára. Hverjum er svo að kenna verðbólguvöxtur liðinna ára? Ég tel mig hafa sýnt fram á það með nægilegum rökum, að bændur hafi verið hlunnfarnir á viðreisnarárunum, hvernig sem á málið er litið, og það sé því algerlega út í hött að krefjast neins af þeim í þessu sambandi. En við skulum aðeins staldra við og athuga það, hver sé ástæðan fyrir hinum raunverulega verðbólguvexti í þjóðfélaginu.

Það er alveg hægt að sýna fram á það með ýmsum dæmum, að það er alls ekki of hár taxti hjá launafólki, ekki síður en ég er búinn að færa rök fyrir því, að það er ekki af of háu verði á búvörum landbúnaðarins. Það hefur verið vegna þeirrar þenslu, sem hefur verið hér á Faxaflóasvæðinu. Þeir, sem hér hafa haft ýmsar framkvæmdir, hafa boðið í vinnuaflið, og það er fyrst og fremst ástæðan fyrir verðbólguvexti undanfarinna ára. Það er vegna stjórnleysisins fyrst og fremst í fjárfestingarmálum þjóðarinnar.

Þar sem till. okkar, sem skipum minni hl. landbn. hv. d., ásamt grg. fyrir þeim byggist fyrst og fremst á dómi og grg. yfirnefndar, sem þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir hefur ekki fengizt birt, sé ég mig tilneyddan að lesa grg. hér upp, svo að hv. alþm. gefist kostur á að mynda sér skoðanir á þeim till., sem við höfum hér lagt fram fyrir hv. d. Ég leyfi mér þá að lesa hér grg., með leyfi forseta:

„Grg. oddamanns yfirnefndar samkv. l. nr. 101 1966. Með l. nr. 55 frá 13. maí 1966 var gerð breyting á l. nr. 59/1960 um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. Var breyting þessi því næst felld inn í áðurnefnd lög frá 1960, og þau voru gefin út sem lög nr. 101/1966. Samkv. 1. mgr. 4. gr. nefndra laga skal söluverð landbúnaðarafurða á innlendum markaði miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi

stétta. Hefur þessi viðmiðunarregla verið í lögum allt frá 1947 án frekari ákvæða um það, hvernig þessu marki skyldi náð. Með 2. mgr. 4. gr. sömu laga var gerð sú breyting frá eldri ákvæðum laga, að nú skal í verðlagsgrundvelli tilfæra ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð, sem við er miðað hverju sinni. Í 8. gr. l. eru svo reglur um það, að Hagstofa Íslands skuli afla fullnægjandi gagna um framleiðslukostnað landbúnaðarvara og afurðamagn. Skal Búreikningaskrifstofa ríkisins, nú Búreikningastofa landbúnaðarins, sbr. lög nr. 20 1967, afla árlega rekstrarreikninga frá bændum, er sýni raunverulegan framleiðslukostnað landbúnaðarvara. Þá eru og í nefndri gr. fleiri fyrirmæli, er að öflun gagna um nefnd atriði lúta. Ákvæði áðurnefndrar 4. gr. um tilfærðan ársvinnutíma bóndans er, svo sem sagt var, nýmæli í l. og miða ákvæði 3. gr. að því, að hægt sé að afla fullnægjandi upplýsinga um hann með skýrslusöfnun þeirri og rannsóknum, sem nefnd gr. mælir fyrir um. Rannsókn með sérstöku tilliti til þessa hófst með vinnumælingum sumarið 1966, en skýrslusöfnun eftir hinum nýju lagaákvæðum um s. l. áramót, og gat verðlagsgrundvöllur sá, sem gerður var haustið 1966, því að sjálfsögðu ekki byggzt á niðurstöðum slíkrar rannsóknar eða athugunar samkv. hinum sérstöku fyrirmælum 8. gr. Var ársvinnutími bóndans því eigi tilgreindur í verðlagsgrundvelli og önnur viðmiðun höfð, þegar laun bónda voru ákveðin. Er ekki fram komið, að um þetta hafi verið ágreiningur í Sexmannanefnd, er í það sinn varð sammála um verðlagsgrundvöllinn, en niðurstöðutölur hans hækkuðu þá um 10.8% frá því, sem áður var haustið 1965.

Samkv. 7. gr. l. nr. 101/1966 skal verðlagsgrundvöllur gilda um tveggja ára tímabil og átti það ákvæði að koma til framkvæmda frá 1. sept. þessa árs. Þegar til þess kom á s. l. sumri að ákveða verðlagsgrundvöll fyrir tímabilið 1. sept. 1967 til 31. ágúst 1969, náðist eigi samkomulag í Sexmannanefnd, og skaut hún þá málinu til yfirnefndar samkv. 6. gr. l. með bréfi dags. 14. okt. s. l. Yfirnefndin er svo skipuð samkv. 6. gr. ofannefndra l. nr. 101/1966, að fulltrúar framleiðenda tilnefndu Inga Tryggvason bónda, Kálfhóli, en fulltrúar neytenda Árna Vilhjálmsson prófessor. Oddamaður var Hákon Guðmundsson yfirborgardómari, er Sexmannanefnd varð sammála um að nefna til þessa starfa. Samkv. áður nefndu bréfi Sexmannanefndar var til yfirnefndar skotið að úrskurða:

1. Alla gjaldaliði verðlagsgrundvallar.
2. Bússtærð og afurðamagn.
3. Frádráttarliðinn „heimanotuð mjólk".
4. Upphæð tekna af aukabúgreinum og öðru en búskap.

Þann 17. okt. var einnig skotið til yfirnefndar að úrskurða verð á ull og gærum. Þegar yfirnefnd tók framangreind atriði til athugunar, en hún hóf störf sín 15. okt. s. l., þótti meiri hl., HG og ÁV, sýnt, að eigi væru þá enn fyrir hendi eftir nokkurra mánaða skýrslusöfnun samkv. reglum áðurnefndrar 8. gr. l. nr. 101/1966 fullnægjandi gögn til þess, að hægt væri að byggja á þeim tilfærslu á verðlagsgrundvelli á ársvinnutíma bóndans og skylduliðs hans samkv. ákvæðum 4. gr., og væri því eigi unnt að framfylgja þessu ákvæði, enda þótt nokkrar upplýsingar um þessi atriði mætti fá úr eldri búreikningum, en gildi þeirra hins vegar vefengt og umdeilanlegt, hvað mikið mætti upp úr þeim leggja. Taldi meiri hl. yfirnefndar, HG og ÁV, rétt eins og á stóð að ákveða laun bóndans í verðlagsgrundvellinum án tilfærslu af ársvinnutímanum, eins og Sexmannanefnd hafði gert haustið 1966. Aftur á móti var yfirnefndin sammála um það, að eigi væri sanngjarnt, að verðlagsgrundvöllur, sem byggði ákvörðun um laun bóndans á óhjákvæmilegu fráviki frá ákvæði 4. gr. l., gilti lengur en eitt ár, eða til 31. ágúst 1968. En þá mætti gera annars ráð fyrir því, að eigi minna en hálfs árs sérstakar rannsóknir gætu gefið viðhlítandi upplýsingar um hinn raunverulega ársvinnutíma bóndans og skylduliðs hans. Var því hlutazt til um það, að gerð yrði sú breyting á 7. gr. l. nr. 101/1966, sem nú hefur verið samþ. á Alþ., að verðlagsgrundvöllur sá, er nú væri gerður, skyldi eigi gilda nema í eitt ár. Hefur þessi lagabreyting átt þátt í því, að störf yfirnefndar hafa tekið lengri tíma en ella, þar sem rétt þótti, að hún væri lögtekin áður en endanlega væri gengið frá verðlagsgrundvellinum. Með skírskotun til nefndra atriða og með hliðsjón af því, að hér verður um eins konar bráðabirgðaverðlagsgrundvöll að ræða, þar sem svo stendur á, eins og áður er fram tekið, að eigi er unnt, að áliti meiri hl., vegna skorts á gögnum að tilfæra ársvinnutíma bóndans, taldi meiri hl. yfirnefndar, HG og ÁV, rétt að hagga eigi í neinum meginatriðum við þeim grundvelli, sem Sexmannanefnd var sammála um haustið 1966 að byggja verðlag landbúnaðarafurða á, en um mörg þeirra atriða, er áður hefur verið samið um að leggja til grundvallar, deila fulltrúar framleiðenda og neytenda, enda er það mála sannast, að mörg þeirra hvíla eigi á traustum grunni, þó draga megi ýmsar líkur af þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru. Hins vegar verður að gera ráð fyrir því, að þegar nægileg gögn eru fengin til ákvörðunar á ársvinnutíma bóndans og skylduliðs hans, er rannsókn samkv. 8. gr. l. nr. 101/1966 hefur farið fram, til upphafs næsta verðlagstímabils, komi einnig skýrar í ljós ýmis önnur undirstöðuatriði, sem varða verðlag landbúnaðarafurða, er gefi þá fullt tilefni til þess, að rækileg heildarendurskoðun verðlagsgrundvallarins fari fram.

Í þessu sambandi virðist réttmætt að vekja athygli á því, hvort eigi sé þá einnig ástæða til að taka í lög heimild til þess, að setja megi einhverjar skorður við of snöggum sveiflum milli framleiðslu sauðfjárafurða annars vegar og mjólkurafurða hins vegar. Væri þá og jafnframt tækifæri til að íhuga, hvort það sé þjóðhagslega hagkvæmt, að afurðaverðið eitt sé talið einhlít leið til þess að bændur fái þær tekjur af búum sínum, sem að virðist stefnt með ákvæðum l. nr. 101/1966. Þegar framangreind atriði voru virt, ákvað meiri hl. yfirnefndar, eins og áður hefur verið vikið að, að byggja í meginatriðum á síðasta verðlagsgrundvelli. Hefur bússtærð samkv. því verið haldið óbreyttri. Með vísun til þessarar afstöðu hefur meiri hl. yfirnefndar, HG og ÁV, talið rétt að gera eigi aðrar breytingar á gjaldalið verðlagsgrundvallarins en þær, að fjárhæð nokkurra liða hefur vegna verðbreytinga verið færð

til samræmis við framreikning Hagstofu Íslands, er gerður var í ágústmánuði s. l. af þeim sömu gjaldaliðum. 2. meiri hl., HG og IT, samþykkti að hækka vexti af stofnlánasjóðslánum úr 5.5% í 6.6%, en það telur Búnaðarbanki Íslands vera meðalvexti af þessum lánum miðað við árið 1966. Meiri hl. yfirnefndar, HG og ÁV, taldi rétt, að liðurinn laun bónda stæði áfram óbreyttur. Hafði Sexmannanefnd haustið 1966 gengið þannig frá honum, að við þann lið í grundvellinum haustið 1965, sem þá var ákveðinn með brbl., var bætt kauphækkunum, er orðið höfðu frá haustinu 1965 til haustsins 1966, miðað við 1. Dagsbrúnartaxta. Leiðir sama viðmiðun á tímabilinu 1. sept. 1966 til jafnlengdar 1967 eigi til hækkunar á þessum liðum. En framvegis, þegar ársvinnutíminn verður tilfærður samkv. 2. mgr. 4. gr. l. nr. 101/1966, skal virða vinnutíma til samræmis við kaupgjald eins og það er í upphafi hvers verðlagstímabils.

Við ákvörðun tekjuliðar framleiðslugrundvallarins var samstaða um það, að við sama stæði um magn mjólkurafurða, en meiri hl., HG og ÁV, réð úrslitum um það, að sama skyldi gilda um afurðir af sauðfé. 2. meiri hl., HG og IT, samþykkti, að liðurinn heimanotuð mjólk stæði óbreyttur og samþykkti einnig nokkra lækkun á áætluðum tekjum af aukabúgreinum og launatekjum utan bús.

Vegna breytingar þeirrar, er varð á gengi íslenzkrar krónu nú í nóv., þegar hartnær þrír mánuðir voru liðnir frá upphafi verðlagstímabilsins, þykir rétt að geta þess, að framangreindir liðir verðlagsgrundvallarins eru að sjálfsögðu miðaðir við þær aðstæður og það verðlag, sem þá var búið við. Hins vegar er það eins og á stendur löggjafaratriði, hvernig mætt verði þeim nýju viðhorfum, sem gengisbreytingin veldur á þeim hluta verðlagstímabilsins, sem ekki er enn liðinn.

Loks er að geta þess, að ákvörðun um verðlag á ull og gærum var einnig af hálfu Sexmannanefndar skotið til yfirnefndar. Um þessi atriði fékk yfirnefndin gögn um söluhorfur og eftir að gengisbreytingin var komin á, kannaði hún einnig fáanleg gögn til þess að geta gert sér grein fyrir því, hver gengishagnaður yrði af ull og gærum og hvert yrði sennilegt útborgunarverð þeirra. Voru yfirnefndinni og flutt þau skilaboð frá ríkisstj., að ákveðið hefði verið, að allur gengishagnaður af landbúnaðarafurðum rynni til landbúnaðarins, fyrst og fremst til verðuppbótar á ull og gærum af framleiðslu verðlagsársins 1967 og 1968. Verð á nefndum framleiðsluvörum var ákveðið með tilliti til þessa.

Reykjavík, 1. desember 1967,
Hákon Guðmundsson.
Samþykkur: Árni Vilhjálmsson.“

„Til viðbótar þeim upplýsingum, sem fram koma í framanskráðri grg. oddamanns yfirnefndar, vil ég undirritaður taka fram, að ég tel niðurstöðu úrskurðarins í heild brot á því ákvæði framleiðsluráðslaganna, að verðlagning landbúnaðarvara skuli við það miðast, að heildartekjur þeirra, sem landbúnað stunda, verði í sem nánasta samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Veigamestu ástæður þess, að bændur geta ekki náð því tekjujafnrétti við aðrar stéttir, sem lög gera ráð fyrir, tel ég þessar:

1. Vinnuliðurinn er ekki metinn samkv. upplýsingum búreikninga og vinnumælinga. Sé miðað við meðaltekjur viðmiðunarstéttanna 1966, ætti launaliðurinn að vera ca. 22% hærri.

2. Magn kjarnfóðurs er stórlega vanreiknað í grundvellinum. Sama er að segja um áburðarmagn. Og rökstuddum óskum bænda um leiðréttingu á vélakostnaðarliðum er ekki sinnt.

3. Flutningskostnaðarliðurinn er ekki í samræmi við afurðamagn búsins og rekstrarvöruþörf.

4. Vextir eru vanreiknaðir.

5. Afurðir af sauðfé eru ofreiknaðar og enn fremur garðávextir.

Ýmsar fleiri veilur tel ég, að finnist í verðlagsgrundvelli þeim, sem yfirnefnd skilar nú, þótt ég geri það ekki að þessu sinni að nánara umræðuefni.

Ingi Tryggvason.“

Þannig hljóða nú þessar greinargerðir.

Ég tel mig hér að framan hafa rökstutt það, að full ástæða sé fyrir því að komast fram hjá Sexmannanefnd og yfirdómi landbúnaðarvara með það verkefni, sem þetta frv. felur í sér, að framkvæma skuli. Ég sýndi einnig fram á, að þar sem hæstv. ríkisstj. er þegar búin að ráðstafa gengishagnaði af útfluttum landbúnaðarvörum til að borga niður kindakjöt á innlendum markaði, beri að skila gengishagnaðinum til Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Það hefur einnig komið fram hér að framan, að rökstuðningur oddamanns yfirdóms fæli það í sér, að fjármagn eftir öðrum leiðum, sem ekki kemur fram gegnum búvöruverðið á sama hátt og samið var um í fyrra, hlyti nú einnig að koma til, þar sem það hafi verið hluti af búvöruverðinu síðasta verðlagsár.

ATKVGR.
Brtt. 138,1 felld með 19:14 atkv.
— 137 samþ. með 26 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 138,2 felld með 18:12 atkv.
2. gr. samþ. með 24:7 atkv.
3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 147).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., 14. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 147 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið samþ. í hv. Nd., en frv. er, eins og sjá má, flutt til þess að opna möguleika fyrir því, að ráðstafanir séu gerðar til þess að fá inn í verðlagið það, sem álitið er rétt að þangað komi vegna gengisbreytingarinnar, verðlag landbúnaðarvara. Yfirdómur felldi úrskurð 1. des. s. l. um verðlagningu á búvöruverði, miðað við það, sem hafði gilt til þess tíma, en eftir 1. des. fara áhrif gengisbreytingarinnar að koma fram, hækkað kaupgjald, hækkaður fóðurbætir, hækkun á olíu og benzíni og fleiri rekstrarvörum. Kaup bóndans kemur sjálfkrafa inn í grundvöllinn, þótt ekkert frv. hefði verið flutt í líkingu við þetta. Það sama má einnig segja um dreifingarkostnaðinn. Hann á að geta komið af sjálfu sér inn í verðlagið. En það er fleira, sem kemur til. Það eru fóðurbætiskaup og fleiri rekstrarliðir, sem ekki hafði verið reiknað með og ekki væri unnt að taka inn í verðlagið fyrr en næsta haust, nema með því að gera sérstakar ráðstafanir til þess. Og samkv. 1. gr. frv. er þessi möguleiki opnaður, sem sjálfsagt er til þess að bændur beri ekki skarðan hlut frá borði.

1. gr. frv. var breytt nokkuð eftir till. eins fulltrúa bænda í Sexmannanefnd, þannig að hagstofan var tekin þar inn og talað um, að þessi breyting skuli gerð eftir að Sexmannanefnd hafi fengið skýrslur og gögn frá hagstofunni. Þessar skýrslur og gögn hefði Sexmannanefnd vitanlega fengið, þótt það væri ekki tekið fram í l., enda er það vitað, að hagstofan hefur nú þegar aflað þeirra gagna, sem nauðsynleg eru um hækkað verð vegna gengisbreytingarinnar. En þetta þarf að liggja fyrir, þegar Sexmannanefnd fer að fjalla um verðlagninguna að þessu leyti. Þá er og gert ráð fyrir því, að ef Sexmannanefnd kemur sér ekki saman, verði málinu vísað til yfirnefndar til endanlegrar lausnar.

Samkv. 2. gr. er kveðið á um það, hvernig nota skuli þann hagnað, sem verður vegna útfluttra landbúnaðarafurða vegna gengisbreytingarinnar, og þar er sagt, að það fé skuli nota í þágu landbúnaðarins eftir ákvörðun landbrh. Það var að þessu fundið í hv. Nd. af nokkrum hv. þm., að gefa landbrh. þetta vald. En þess ber að geta, að þetta frv. er samið og því hefur verið breytt í mörgum atriðum í samráði við fulltrúa bænda, Stéttarsambandsins og fulltrúa bænda í Sexmannanefnd. Þegar frv. var flutt, stóð ég í þeirri meiningu, að það væri í samræmi við vilja og óskir bænda, og ég held, að óhætt sé nú að segja, að það sé það. Enda þótt það sé í þessu formi og enda þótt ýmsir hv. þm. í Nd. hafi séð ástæðu til að gera brtt. við það og finna að því að nokkru leyti, þá held ég, að þeir, sem eru kunnugastir þessum málum og þekkja þau bezt, séu eftir atvikum ánægðir með frv. eins og það er. Og það er löngu vitað, a. m. k. vita þeir það, sem hafa mest með þessi mál að gera, að mikill hluti af gengishagnaðinum fer til þess að borga með ull og gærum, sem vitað er nú að hafa selzt á of lágu verði. Það þykir eðlilegt að hækka það verð og nota það fé að nokkru leyti, sem gengishagnaðinum nemur. Nú er það augljóst, að bæði ull og gærur seljast betur eftir gengisbreytinguna og gærur hafa selzt betra verði en út leit fyrir í haust, þannig að ekki er víst, að það þurfi nú að nota eins mikið og annars leit út fyrir á tímabili, af því að þessar afurðir geta hækkað nokkuð á erlendum markaði umfram það, sem gengisbreytingunni nemur.

Hvað gengishagnaðurinn verður mikill, er ekki hægt að fullyrða um, en 40—50 millj. kr. hefur verið talað um, lágmark 40 millj. Ég geri mér vonir um, að hann verði allmiklu meiri, sérstaklega vegna þess, að kjötið mun seljast á betra verði en áætlað var. Það er talsvert hærra kjötverð í Bretlandi nú en út leit fyrir í haust, bæði á nautgripakjöti og dilkakjöti. Og þess vegna er það, að líklegt er, að gengishagnaðurinn verði allmiklu meiri en áætlað hefur verið, en það var vitanlega sjálfsagt að áætla hann varlega, þannig að öruggt væri, að hann næði því, sem áætlað var, því að hitt skaðar árejðanlega ekki, þótt hann verði allmiklu meiri. Ég mundi segja, að það væri æskilegt, að hann yrði miklu meiri, aðeins vegna þess, að sala á afurðunum gengi betur en áætlað væri, og það er vitanlega landbúnaðinum í hag.

Hv. framsóknarmenn fluttu í Nd. brtt. við þetta frv., eins og hv. Ed.-menn hafa sjálfsagt fylgzt með, en frv. var samþ. í Nd. óbreytt að öðru leyti en því, að það er talað um, að Sexmannanefnd og/eða yfirnefnd ljúki störfum ekki síðar en 23. þ. m. í staðinn fyrir 20. þ. m., eins og stóð upphaflega í frv. Mun ýmsum sýnast þetta mjög skammur tími og að erfitt verði að ljúka nefndarstörfum á ekki fleiri dögum en eftir eru til 23. þ. m. En þá ber þess að geta, að hagstofan er tilbúin með sína útreikninga, þau gögn og skýrslur, sem hún þarf að láta af hendi, að Sexmannanefnd hefur setið á rökstólum undanfarið og þetta liggur allt ljóst fyrir nm. og miklu ljósara en þegar svona n. kemur saman fyrst á haustin. Sexmannanefnd hefur áfrýjað dreifingarkostnaðinum til yfirnefndar, þeim dreifingarkostnaði, sem átti að koma inn í verðlagið fyrir 1. des., en fram að þeim tíma hefur hann verið óbreyttur frá því í fyrra, sem kannske kemur ekki að mikilli sök, þar sem kaupgjald hafði ekki hækkað á árinu til þess tíma og ekki heldur rekstrarliðir að neinu ráði. Og yfirnefndin er því starfandi nú til þess að úrskurða þetta. Ég held, að þótt ekki sé langur tími til 23. þ. m., sé engin ástæða til að ætla annað en nefndin eða nefndirnar geti lokið störfum fyrir þann tíma, vegna þess að gögnin eru nú öll fyrir hendi, sem nota þarf. Og það er vitanlega höfuðatriði, að það geti tekizt að ljúka þessu það fljótt, að nýja verðið geti tekið gildi hinn 1. jan., eins og gert er ráð fyrir í frv.

Það er vitanlega allt annað, sem kveðið er á um samkv. 1. gr. þessa frv., heldur en í framleiðsluráðsl. Þar er talað um, að verðlagningu skuli lokið fyrir 1. sept. ár hvert, nema samkomulag verði um annað. Hér er hins vegar talað um það, að störfum skuli lokið fyrir 23. des. án nokkurs fyrirvara. Þess vegna verður að gera ráð fyrir því, að þetta muni takast, og ég veit, að hv. Ed.-menn skilja það ekkert síður en hv. Nd.-menn, að það er nauðsynlegt að hraða þessu máli eftir því sem unnt er, og vil ég mælast til þess, að það verði gert, til þess að frv. verði að l. sem allra fyrst, enda þótt Sexmannanefnd sé farin að undirbúa sín störf með tilliti til þess, að þetta

frv. er á ferðinni og verður væntanlega að l. fljótlega.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv. að sinni, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það er föst formúla við þau mál, sem hæstv. ríkisstj. flytur þessa dagana, að það sé óskað eftir, að þeim verði hraðað. Hitt mundi þykja tíðindum sæta, ef þessa væri ekki getið í upphafi, þegar mál eru flutt af hæstv. ríkisstj. á Alþingi, svo tíður hefur málflutningur á þennan veg verið að undanförnu hjá hæstv. ríkisstj. Ég ætla ekki að tefja þetta mál með langri ræðu, en ég vil þó minna á nokkur atriði þegar við 1. umr. þess.

Ég býst við, að um meginkjarna þessa máls séum við allir sammála, en hann er sá, að reikna skuli verðhækkanir á rekstrarvörum landbúnaðarins vegna gengislækkunarinnar inn í verðgrundvöll landbúnaðarafurðanna. Um þetta geri ég ráð fyrir, að við séum sammála, að þessi útreikningur sé framkvæmdur og að þetta komi strax inn í verðlag landbúnaðarafurða. Hitt er svo annað mál, að það er ekki sama, hver framkvæmir þessa útreikninga og hvernig þeir eru gerðir. Það er ekki sama. Ég er sammála því, sem komið hefur fram hér á hv. Alþ., að fela Hagstofu Íslands útreikninga á verðhækkunum og að meta þær hækkanir, sem ekki liggja ljóst fyrir við útreikninga. Ég er líka sammála því, að Framleiðsluráð landbúnaðarins skuli verðskrá landbúnaðarafurðir samkv. útreikningi hagstofunnar.

Varðandi 2. gr. þessa frv., sem fjallar um það að fela landbrh. að ákveða, á hvern hátt því fé er varið, sem kemur inn vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum samkv. 4. gr. l. nr. 69/1967, þ. e. *varðandi gengishagnaðinn*, þá er ég þessu ekki sammála, og liggja margar ástæður til þess, að ég treysti hvorki hæstv. núv. landbrh. né sálufélögum hans í ríkisstj. til þess að hafa þessi mál með höndum. Ég vil í fyrsta lagi minna á nýfallinn úrskurð yfirnefndar um verðlag til bænda. Samkv. þeim úrskurði er ekki farið að lögum. Bændur fá ekki inn í verðgrundvöllinn sannanlega útgjaldaliði í rekstri né heldur raunverulegt afurðamagn. Þetta veldur því, að bændur fá á yfirstandandi verðlagsári samkv. þessum úrskurði 22% minna fyrir vinnu sína en þeim ber, sem þýðir það, að meðalbóndinn fær um 40 þús. kr. minna í árslaun en þær viðmiðunarstéttir, sem grundvöllur verðlagsins er byggður á. Þetta nemur í heild fyrir bændastéttina í landinu nokkuð á 3. hundrað millj. kr. eða sennilega um það bil tvöfaldri þeirri upphæð, sem kemur til með að verða lánuð úr stofnlánadeild landbúnaðarins á þessu ári.

Ég vil líka minna á það, að í sambandi við samninga um verð landbúnaðarafurða haustið 1966 var í leiðinni samið um ýmis önnur mál, sem áttu að verða til þess að bæta upp það verð, sem ekki náðist í samningunum sjálfum. Vil ég minna á það, að stjórn Stéttarsambands bænda barðist fyrir því, að komið væri á jarðakaupasjóði ríkisins, framleiðnilánasjóði landbúnaðarins og að varið skyldi 20 millj. kr. til veðdeildar Búnaðarbankans og fé til hagræðingar, svo að eitthvað sé nefnt af þessum atriðum. Þegar verðlagsúrskurðurinn var felldur, var í engu tekið tillit til þessara atriða, sem voru viss þáttur í verðlagningunni fyrir ári síðan. Það, sem miðað er við, er verðlagsgrundvöllurinn 1966—1967, eins og hann er á pappírnum, án þess að tekið sé tillit til nokkurra annarra atriða þar. Það gefur því auga leið, að þessi verðlagning nú spáir ekki góðu um framtíðina, því að ekki er fortíðin svo fögur heldur. Ég vil minna á þá staðreynd, sem kom fram á aðalfundi Stéttarsambands bænda á s. l. sumri, að lausaskuldir bænda hafa hraðvaxið hin síðari ár. Lán í stofnlánadeild og veðdeild eru einungis 40% af heildarskuldum bænda, lausaskuldir um 60%. Og meðalskuld á bónda var 266 þús. kr. við síðustu áramót, og öllum má ljóst vera, að þetta dæmi hefur ekki snúizt til hagræðis bændastéttinni á yfirstandandi ári, eins og árferði hefur verið örðugt og heyfengur manna um langt árabil ekki verið jafnlítill og í sumar.

En ég vil líka í leiðinni geta þess, að fyrir 10 árum voru föstu lánin, sem bændur höfðu fengið, 60% af heildarskuldum, eða eins og lausaskuldirnar eru núna af heildarlánunum, en lausaskuldir alls 40%. Þróun þessara mála hefur verið hröð, eftir að stofnlánadeild landbúnaðarins tók til starfa. Það er auðsær tilgangur lagasmiðanna. Hann var sá og er sá hinn sami og annars staðar að þrengja hag bændastéttarinnar. Bændur verða líka samkv. þessum l. að greiða til stofnlánadeildarinnar 2 kr. af hverjum 3, sem stofnlánadeildin fær til umráða umfram þær lántökur, sem eru inntar af hendi fyrir stofnlánadeildina. Það segir líka allt til sín í efnahag bænda, styttri lánstími og háir vextir, að ógleymdum stofnlánadeildarskattinum. Þetta segir allt sína sögu og hefur á þeim árum, sem liðin eru, orðið á allan hátt til óhagræðis bændastéttinni. Ég játa það, að ég hef *aldrei búizt við góðu landbúnaðinum* til handa af núv. stjórnarflokkum, því að þar ráða ekki þau öfl, sem neins mega sín, þótt þau fyrirfinnist að sjálfsögðu innan þessara flokka. Ég vil í lokin minna á það, að réttur bænda hefur ekki alltaf verið hátt skrifaður hjá núv. stjórnarflokkum, *eins og t. d. haustið 1959, þegar tekinn var* samningsréttur af bændum og verðlag búvara ákveðið með sérstöku lagaboði. Að þeirri stjórn stóð Alþfl. með góðum stuðningi Sjálfstfl.

Þá vil ég líka minna á það, að búnaðarráð, sem skipað var af nýsköpunarstjórninni 1944, lækkaði afurðaverð til bænda um 9.4%. Og eldri menn, ef farið er lengra aftur í tímann, muna sjálfsagt eftir harðri baráttu Sjálfstfl. móti afurðasölumálum landbúnaðarins 1934. Þetta segir allt sína sögu og það er sami rauði þráðurinn í gegnum öll þessi mál á öllu þessu tímabili, þegar þessir hv. flokkar hafa farið með völd.

Forsaga þessara flokka, sem nú fara með völdin, er á einn og sama veg varðandi landbúnaðinn. Það heyrist nú aldrei orð um það á þingi, ekki einu sinni frá hæstv. landbrh., að eitthvað þurfi að gera fyrir unga fólkið í sveitinni, enda eru flestir bændur nokkuð við aldur og bændabýlum fækkar og jafnvel heilar sveitir hafa farið í eyði.

Herra forseti. Ég tel mig hafa gert grein fyrir ástæðum þeim, sem liggja að baki því, að mér finnst ekki hægt að fela yfirdómsmeirihluta í verðlagsmálum framkvæmd laga þessara, né heldur hæstv. landbrh. og hans fylgdarliði í ríkisstj.

að fara með framkvæmd mála um að skipta niður gengishagnaðinum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég tók það nú fram áðan, að ég legði áherzlu á, að þetta mál gengi fljótt í gegnum þingið, og þess vegna ætti ég nú ekki að tefja það með löngu máli og mun ekki gera. En út af því, sem hv. 1. þm. Vesturl. (ÁB) sagði hér áðan, að það væru fá mál, sem ekki fylgdi sá formáli frá hendi ríkisstj., að það þyrfti að flýta því gegnum þingið, — ætli það væri nú ekki einkennileg ríkisstj., sem ekki hefði áhuga á því að flýta afgreiðslu mála í þingi? Það hefur enn ekki verið stefnt að því að láta þingið sitja mestan hluta ársins. Við höfum flestir fram að þessu verið ánægðir með, að það sæti aðeins 6 mánuði, og það er nú þannig með ýmis mál, að þau þurfa að fá afgreiðslu fyrir ákveðinn tíma. Núv. ríkisstj. hefur t. d. alltaf síðan hún tók við afgreitt fjárlög fyrir áramót, eins og vera ber, og horfið frá því sleifarlagi, sem var áður, eins og hv. 1. þm. Vesturl. kannast við. Og ég undrast það nú, ef hv. 1. þm. Vesturl. skilur það ekki, að hvort sem við erum sammála um öll atriði málsins eða ekki, ber brýna nauðsyn til, að þetta mál fái fljóta afgreiðslu, og ég veit, að hv. þm. skilur það. En hv. þm. fann ástæðu til þess að segja hér ýmislegt nú, sem hann hefur sagt áður, t. d. um það, hvað núv. ríkisstj. væri slæm við landbúnaðinn, hvernig búið væri að bændum, hversu hagur þeirra væri miklu verri nú en hann var t. d. fyrir 10 árum o. s. frv. Allt þetta hefur svo oft verið sagt, annaðhvort af þessum hv. þm. eða flokksbræðrum hans, að það er ekkert nýtt fyrir mér eða öðrum þm., og vegna þess að þetta er ómarkshjal, sem bændur sjálfir taka ekki mark á, er því minni ástæða fyrir mig nú að vera að mótmæla því. Bændur vita sjálfir, hvað að þeim snýr í dag og hvað að þeim hefur snúið áður. Og ég sætti mig við þeirra dóm og get þess vegna látið mér í léttu rúmi liggja, hvað hv. 1. þm. Vesturl. segir hér, sérstaklega þegar ég veit, að hann mælir oft gegn sannfæringu sinni og huga sínum í þessum málum til þess að reyna að gera skyldu sína. En það er alveg misskilin skylda, ef hann heldur, að það sé nauðsynlegt og sjálfsagt, af því að hann er í stjórnarandstöðu, að tala þvert um huga sínn í landbúnaðarmálum. Látum það vera, þó að hann vilji ekki fara viðurkenningarorðum um núv. landbrh. eða ríkisstj. Látum það alveg vera. En að vera með markleysistal og segja, að landbúnaðurinn hafi verið í afturför síðan núv. ríkisstj. tók við, verður hvorki til þess að auka veg hv. þm. né flokksbræðra hans, því að það eru staðreyndirnar, sem tala. Það hafa aldrei verið eins miklar framfarir í landbúnaðinum og síðan núv. ríkisstj. komst til valda. Bændur hafa aukið framleiðslu sína. Þeir hafa aukið framleiðsluna á þessu tímabili yfir 40% í mjólkurafurðum og yfir 20% í kjötafurðum, þótt bændum hafi fækkað, eins og hv. þm. var að tala um hér áðan. Víst hefur bændum fækkað á síðustu 10 árum. En bændum hefur fækkað á síðustu 60 árum og mest fækkaði þeim á áratugnum 1940—1950, og meira fækkaði bændunum á áratugnum 1950—1960 en síðustu 8 árin. Þetta veit hv. þm. Og þegar hv. þm. var að tala um það hér áðan, að heil byggðarlög hafi farið í eyði á valdatímabili þessarar stjórnar, mælir hann þvert um huga sinn. Það hefur ekki gerzt. En það gerðist áður en núv. stjórn kom til valda. Sléttuhreppur og Grunnavíkurhreppur fóru í eyði áður. En ég hef viðurkennt, að það gæti verið alveg eðlilegt, að bændum fækkaði að vissu marki. Það getur verið eðlilegt að sameina 2—3 kotjarðir handa einum bónda, og við vitum það, að aðstaðan til búrekstrar á sumum jörðum er þannig, að þar getur ekki verið lífvænlegt, það er of lítið land, sem bóndinn hefur. Það er of lítið af ræktanlegu landi og það er sama, hvað þessi maður er duglegur, hann getur ekki fengið lífvænleg kjör á þessu býli. Þess vegna getur verið eðlilegt og rétt að sameina jarðir, og til þess að hefja landbúnaðinn til vegs ber að stefna að því að vissu marki, en aðeins að vissu marki. Og við vitum það, að um leið og þjóðinni fjölgar er því nauðsynlegra, að við eigum þróttmikinn landbúnað, sem tileinkar sér tækni og aukna framleiðni, en að horfið verði frá kotbúskap, sem ekki getur gefið viðunandi lífibrauð. Og þetta veit ég, að ég og hv. 1. þm. Vesturl. erum algerlega sammála um. Ég er alveg viss um, að hv. þm. hefur það mikla víðsýni og þekkingu á landbúnaðinum, að hann er mér algerlega sammála um þetta. En hvers vegna þá að vera að bera allt annað á borð en það, sem sæmilegt er og eðlilegt?

Hv. þm. talaði hér um stofnlánadeildina, að það væri afturför í lánveitingum frá Búnaðarbankanum til bænda, eftir að stofnlánadeildin var starfrækt. Þetta eru alger öfugmæli. Hv. þm. talar um, að fyrir 10 árum hafi föstu lánin numið 60% af skuldum bænda. Nú sé þessu snúið við. Þá hafi verið lítið um lausaskuldir. En hvers vegna var stofnað til þess 1962 að breyta lausaskuldum bænda í föst lán? Það var gert til þess að bæta þeirra hag. Það höfðu safnazt miklar lausaskuldir áður og þá var lausaskuldum bænda breytt í föst lán, 20 ára lán. Þær voru eitthvað milli 70 og 80 millj. kr., sem þá var gefið út í nýjum flokki veðdeildarbréfa í Búnaðarbankanum. En þetta hefði getað orðið miklu meira, ef bændur hefðu notfært sér það. En úr sumum byggðarlögum kom lítið af umsóknum, vegna þess að þetta var eitthvað misskilið. Þetta væri nú ekki hagstætt, en sleppum því. Það hefði getað orðið meira. Umsóknunum var fullnægt þá. Þörfin var þá fyrir hendi, en skuldir bænda voru minni þá að krónutölu einfaldlega vegna þess, að framkvæmdirnar voru þá svo miklu minni en nú, miklu minni. Og þetta veit hv. þm. Hv. þm. veit það, að þeir bændur, sem nú eru með lausaskuldir, eru það margir hverjir vegna þess, að þeir hafa staðið í stórframkvæmdum og stofnlánadeildarlánin nægja ekki nú eins og áður fyrir öllum framkvæmdakostnaðinum. En hundraðshlutinn, sem nú er lánaður, er ekki, þrátt fyrir margföldun á upphæðinni, lægri en þá. Þetta veit þm. líka. Og hann veit líka, hv. þm., að lánstíminn hefur ekki verið styttur. Það er lánað til 20 ára til útihúsa, nú eins og áður, og 42 ára til íbúðarbygginga eins og áður. Af hverju er hv. þm. þá að tala um styttingu lánstímans?

Hv. þm. talaði um það hér áðan, að bændur vantaði 22% á verðið, til þess að hlutur þeirra væri ekki fyrir borð borinn. Hvað hefur skeð á

einu ári? Ég skal játa það, að ég er ekki tilbúinn til þess að fella dóm um það, hvort bændur vantar mikið til þess að fá eðlilegt verð. Ég vil engan dóm leggja á það. En ég vil bara segja það, að ég kem ekki auga á, að nokkuð það hafi gerzt á einu ári, sem réttlæti það, að bændur ættu að fá 22% hækkun miðað við árið 1966—1967, og mér kemur ekki til hugar, að bændur hefðu samið haustið 1966 um verðið, ef verðlagið hefði verið svona skakkt og óhagstætt fyrir bændur þrátt fyrir þær hliðarráðstafanir, sem gerðar voru. Ef hv. þm. hefði lesið árbók landbúnaðarins 1966, bls. 125 og 126, en þar er samanburður á tímakaupi og kaupmætti verkamanna og iðnaðarmanna og verðhækkun á búvöru og kaupmætti launa bóndans á árunum 1955—1965, — ég efast ekkert um, að hv. þm. samþykki það, að sú skýrsla, sem þarna er birt í árbókinni, sé rétt — þá hefði hv. þm. losnað við að segja það, sem hann sagði hér áðan, því að þessi skýrsla mótmælir öllu því, sem hann sagði. Og þetta geta aðrir hv. þm. líka sannfært sig um með því að lesa skýrsluna, og í þessari skýrslu má finna ágætan dóm um það, hvernig farið hefur verið með bændastéttina síðustu árin.

Þá má einnig minna á, að það kom fram sumarið 1966 á fundum, sem bændur stofnuðu til og formaður Stéttarsambands bænda mætti á, að á meðan kaupgjald verkamanna hafði hækkað um 89%, hafði kaupgjaldsliður bóndans hækkað um 142%. Ég veit, að hv. 1. þm. Vesturl. er samþykkur því, að þetta hafi svona verið, vegna þess að þetta má einnig finna í árbók landbúnaðarins. En hvers vegna þurfti að hækka kaupgjald bóndans svona mikið umfram kaup verkamanna og iðnaðarmanna? Var það gert til þess að gera hlut bóndans betri en hlut launþeganna? Nei. Það var gert til þess að nálgast það, að bændur fengju sambærileg kjör og viðmiðunarstéttirnar. Og til þess að nálgast það, þurfti kaupgjaldsliður bóndans að hækka svo langt umfram það, sem kaup annarra stétta hafði hækkað. En þetta hafði gerzt frá árinu 1960, af því að það hafði gleymzt — það hafði nefnilega alveg gleymzt á næsta áratug á undan að halda þannig á málum landbúnaðarins, að bændur drægjust ekki aftur úr.

Að ég rifja þetta hérna upp, geri ég aðeins til þess að hv. 1. þm. Vesturl. og þeir, sem hafa trú á hans málflutningi, taki sér það fyrir hendur að lesa opinberar skýrslur og hafa það, sem sannara reynist. Og ég efast ekkert um það, að þegar hv. 1. þm. Vesturl. talaði hér áðan, hefur hann, enda þótt hann hljóti að hafa lesið þessar skýrslur, verið búinn að gleyma, hvað í þeim stendur, enda þótt tilhneigingin hjá honum sé rík í þá átt að reyna að koma með eitthvað, sem er til stuðnings því, að núv. ríkisstj. hafi verið vond við bændur.

Hitt er svo annað mál, að árferðið nú síðustu tvö árin hefur a. m. k. í ýmsum landshlutum verið erfitt og hagur bænda á ýmsan hátt lakari þess vegna og búin í sumum sýslum það lítil, að afkoman getur ekki orðið góð við þau skilyrði. Og það er vitað mál, að í einni sýslu landsins voru meðaltekjur giftra bænda árið 1965 140 þús. kr., þegar þær voru 229 þús. í þeirri sýslu, sem hæst var. Þetta er allt of mikill munur, sem stafar eingöngu af því, að aðstöðumunurinn er mjög mikill, og þessi aðstöðumunur og það, þegar vont árferði kemur, kal og gjaffelldir vetur og vor, það verður ekki bætt með því að hækka verðlagið upp úr öllum skölum. Og hv. þm. þarf ekkert að undrast það, þótt nú hafi ekki a. m. k. enn verið gerðar hliðarráðstafanir í sambandi við yfirdóminn. Í fyrra voru gerðar hliðarráðstafanir, vegna þess að um það var samið, og þó að sagt væri, að það væri í sambandi við verðlagninguna, var það ekki nema að litlu leyti, því að sumt af þessum málum, sem hv. þm. talaði um, var búið að undirbúa löngu fyrir haustið og nefnd manna starfaði í því í júlí- og ágústmánuði, áður en Sexmannanefnd kom saman. En yfirdómur er alveg óskyldur þessu. Það var ekki samkomulag. Það var ekkert samið við ríkisstj. að þessu sinni um verðlagið. Hins vegar hefur stjórn Stéttarsambands bænda oft talað við mig um þessi mál, og það eru ýmis mál, sem stjórn Stéttarsambandsins er með á óskalista nú eins og áður, sem ég er tilbúinn til þess að hlusta á og kanna, hvort hægt er að koma í framkvæmd, eftir því sem möguleikar leyfa. Þetta vita þeir, sem eru í forustu fyrir bændur, og nú hefur hv. 1. þm. Vesturl. verið kosinn í stjórn Búnaðarfélags Íslands og verður þá að teljast einn af þeim forustumönnum, sem eru kosnir til þess að vera í stjórn hagsmunasamtaka bænda, og það er þess vegna, sem gera verður hærri kröfur til hans nú en áður og að hann vandi málflutning sinn eftirleiðis betur en hann gerði hér áðan.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég skal fyllilega taka þá áminningu hæstv. landbrh. til greina að vanda málflutning minn. En þá finnst mér einnig, að ég megi gera þá kröfu til hæstv. landbrh., að hann vandi sinn málflutning. En á það hefur oft og einatt skort. Og ég held, að í þeirri ræðu, er hæstv. ráðh. flutti hér áðan, hafi hann ekki haft þetta í huga.

Það var alveg rétt hjá hæstv. ráðh., er hann sagði, „að bændur vita, hvað að þeim snýr“. Þetta er alveg hárrétt. Bændur vita náttúrlega manna bezt, hvað að þeim snýr, og ég held, að ég hafi rakið hugsunarhátt bænda og hvað að þeim snýr rétt í minni ræðu. Og þó að hæstv. landbrh. væri hér að tala um skýrslu á bls. 125 og 126 í árbók landbúnaðarins fyrir árið 1966, haggar það engu varðandi minn málflutning. Og ef hæstv. ráðh. hefur hugsað sér, að á tímabilinu frá 1950—1960 höfum við framsóknarmenn verið alls ráðandi, bæði varðandi landbúnaðinn og annað, þá vil ég minna hæstv. ráðh. á það, að hann sat í hæstv. ríkisstj. í nokkur ár á því tímabili. Að vísu fór hann ekki með landbúnaðarmálin. Mig minnir, að hann væri viðskmrh., og ég held, að enda þótt Framsfl. hafi átt aðild að ríkisstj. á öllu því tímabili, hafi Sjálfstfl. haft sitt að segja um málefni þjóðarinnar á því tímabili engu síður en hinu síðara. Ég vil minna á það, að á því tímabili, sem framsóknarmenn voru í ríkisstj. og sjálfstæðismenn ekki, þegar vinstri stjórnin sat að völdum, var undirbúin sú löggjöf, sem ég ætla, að hafi orðið bjargvættur bændastéttarinnar síðan núv. ríkisstj. kom til valda, þ. e. viðbótarjarðræktarframlagið, sem fjöldi bænda nýtur nú og var lögfest á stjórnartíma vinstri stjórnarinnar. Það er framlagið, sem Landnám ríkisins

greiðir, og ég efast mjög um, að slíkt hefði nokkurn tíma komið til mála hjá þeim forráðamönnum, sem nú þykjast vera miklir málsvarar bændastéttarinnar.

En til þess að undirstrika betur það, sem ég sagði áðan um afkomu bænda, sem er grundvallaratriði í dag fyrir bændastéttina, vil ég minna á skýrslu, sem er birt í búnaðarblaðinu Frey, 19. tbl. þ. á., og ég vænti, að hæstv. landbrh. hafi lesið það og kynnt sér, því að hann er æðsti forsvarsmaður bændanna, og ég geri ráð fyrir, að hann reyni að kynna sér málin og finna það bezta út úr þeim. Og þar stendur í þeirri skýrslu, með leyfi hæstv. forseta, frá aðalfundi Stéttarsambands bænda í sumar:

Á framhaldsfundinum í vetur var stjórn stéttarsambandsins falið að afla upplýsinga um skuldir bænda. Stjórnin leitaði eftir samvinnu við Hagstofu Íslands um öflun þessara gagna og leyfði hagstofustjóri notkun á landbúnaðarúrtaki hagstofunnar til þess. Skuldir voru skrifaðar upp hjá bændum sem hér segir:

Úr Suðurlandskjördæmi, þar sem áhrifa hæstv. landbrh. gætir mest, var tekið úrtak hjá 117 bændum, og meðaltalsskuldir hjá þeim eru 339 þús. kr. eða þó nokkuð yfir meðalskuldir hvers bónda í landinu. Í Vesturlandskjördæmi var úrtakið 82 bændur með 251 þús. kr. skuld, í Vestfjarðakjördæmi 39 bændur með 178 þús. kr. skuld, á Norðurlandi v. 99 bændur með 255 þús. kr. meðalskuld, Norðurlandi e. 72 bændur með 243 þús. kr. meðalskuld og á Austurlandi 58 bændur með 247 þús. kr. meðalskuld. Alls eru það 467 bændur, sem úrtakið sýnir, og meðaltalsskuldin hjá þessum bændum er 266 þús. kr., en þar er metið í kjördæmi hæstv. landbrh., eins og á fleiri sviðum.

Flokkun á skuldum er þannig, að samkv. þessu úrtaki skulda 85% bænda undir 500 þús. kr., 13% á bilinu 500 þús. og upp í 1 millj. og 2% yfir 1 millj. En það, sem vekur mesta eftirtekt í þessari skýrslu, er það, að tæp 39% af lánum eru í stofnlánadeild landbúnaðarins. Við skulum segja, að þegar veðdeildin kemur þar við, sé þetta kannske um eða yfir 40%. En þetta haggar ekki þeirri staðreynd, að lausaskuldir bænda eru um 60%. Lausaskuldirnar eru álíka háar nú prósentvís og föstu lánin voru fyrir 10 árum af heildarskuldum. Þetta gefur auga leið, hvernig hefur farið í afkomu bændastéttarinnar og lánamálum landbúnaðarins. Það skal viðurkennt, að það var mjög þarft verk og kom sér vel fyrir marga bændur, þegar lausaskuldum bænda var breytt í föst lán á sínum tíma og stofnlánadeild landbúnaðarins stofnsett um svipað leyti, en þá hélt hæstv. landbrh. því fram og sömuleiðis hæstv. fjmrh., sem var nú aðallagasmiðurinn þarna, að ég held, a. m. k. að því er varðar búvörugjaldið, þá héldu þeir *því hiklaust fram, að um ófyrirsjáanlega* framtíð mundu ekki myndast lausaskuldir í landbúnaðinum. Svo vel væri nú búið að lánakjörum landbúnaðarins, að lausaskuldir mundu ekki vaxa frá því sem orðið var, og verða miklu minni með hverju árinu, sem liði. Ég vil minna á, að staðreyndin er hér allt önnur en haldið var fram. Það þýðir ekki að vefengja þessi gögn, því að þetta er staðreyndin, og ég veit, að bændur vita vel, hvað að þeim snýr í þessum efnum.

Ég ætla svo ekki að tefja þetta mál meir. Ég held nú líka, að ég hafi ekki tafið það eins mikið og hæstv. frummælandi, hæstv. landbrh.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, enda ekki mikið tilefni, því að hv. þm. var svo miklu hógværari nú en áður, las upp úr Frey, og ég efast ekkert um, að það hefur verið alveg rétt, sem hann las þar. Og til þess að staðfesta það, sem hann hafði fullyrt áður um lausaskuldir bænda, las hann upp úr Frey, hvað heildarskuldir bænda væru nú í ýmsum sýslum og komst að þeirri niðurstöðu, að þær væru nú jafnvel hæstar í kjördæmi landbrh. og það væri fróðlegt fyrir landbrh. að vita þetta, sem hann reyndar gerði nú ráð fyrir, að ég hefði vitað áður, með því að ég les Frey. Þá átti þetta að líta þannig út, að þetta væri ákaflega slæmt fyrir Sunnlendinga að skulda kannske 100 þús. kr. meira en ýmsir aðrir. En það var nú eitt árið, sem Sunnlendingar ræktuðu sem svaraði ⅓ af öllu því, sem ræktað var á landinu. Og framleiðslan á Suðurlandi, hvað ætli það sé stór hluti af heildarframleiðslu landsins? Og ég segi, að sem betur fer hafa sunnlenzkir bændur á undanförnum árum framkvæmt það mikið í ræktun, byggingum og bústofnsaukningu, að nettótekjur þeirra, bænda í Árnes- og Rangárvallasýslu, eru nú með þeim hæstu. Það er aðeins ein sýsla, sem er aðeins hærri og líka hefur verið drjúg í framkvæmdum. Og að meta efnahag bænda eða einstaklinga eða fyrirtækja eftir því, hvað skuldirnar eru miklar, getur verið algerlega rangt. Það verður að meta aðstöðuna, möguleikana til þess að greiða þessar skuldir. Og þar standa sunnlenzkir bændur ábyggilega vel að vígi.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram, því að þótt hv. þm. segði það ekki beinlínis, gaf hann í skyn, að afkoma sunnlenzkra bænda væri nú jafnvel lakari en annarra, af því að þeir skulda 100 þús. kr. meira en þau héruð, sem eru lægst með tekjur.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. Ég hélt nú satt að segja, að hæstv. landbrh. væri ekki svo viðkvæmur fyrir því, þó að ég hefði sérstaklega nefnt Suðurlandskjördæmi og hann ætti þar heima og væri landbrh. Það er síður en svo, að ég sé að færa einum eða neinum til hnjóðs, þótt hann skuldi. Það má vera, að aðrir geri það, en ég geri það ekki. En ég vil minna á það, að þannig er búið að lánamálum landbúnaðarins og verðlagsmálum, að lausaskuldir í landbúnaði hafa stórum vaxið hin síðari ár, sem þær ættu ekki að gera, ef vel hefði verið búið að verðlags- og lánamálum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 147, n. 152, 153 og 154).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. það til l. um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyt. á gengi ísl. krónu, sem hér er til 2. umr. í hv. Ed., hefur landbn. rætt á fundi. N. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og nál. á þskj. 152 ber með sér. Minni hl. skilar séráliti á þskj. 153 og 154.

Í ræðu hæstv. landbrh. við 1. umr. um frv. kom það ljóslega fram, hver er höfuðtilgangur þess. Í fyrsta lagi gerir frv. kleift að endurskoða kostnaðar- og tekjuliði verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða fyrir framleiðsluárið 1967/1968, með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem gengisbreytingin leiðir af sér. Að sjálfsögðu fylgir þar með sú ákvörðun, að verðbreytingar af þessum sökum komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1968, og er það í samræmi við fyrri ákvarðanir Alþ. Þá er lagt til í frv., að endurskoðunin verði gerð af þeim aðilum, sem gildandi l. um framleiðsluráð o. fl. segja til um, að skuli ákveða verðlagsgrundvöll framleiðsluvaranna hverju sinni, og virðist meiri hl. n. það vera sjálfsögð og eðlileg ákvörðun.

Í öðru lagi er ákvæði um það í 2. gr. frv., að gengishagnaði þeim, sem verður vegna útfluttra landbúnaðarvara, skuli ráðstafað til þarfa landbúnaðarins eftir ákvörðun landbrh. Við 1. umr. þessa frv. hér í hv. Ed. var þetta ákvæði gagnrýnt mjög af talsmanni Framsfl., hv. 1. þm. Vesturl. Meiri hl. landbn. er honum ekki sammála, og sama máli virðist vera að gegna um fulltrúa Alþb., hv. 6. þm. Sunnl., eins og sjá má á nál. á þskj. 153. Hins vegar mætti segja, að æskilegt hefði verið að setja fram í þessu frv. nánari ákvæði um það, til hvaða þarfa landbúnaðarins þetta umrædda fjármagn skyldi ganga. En þess ber að gæta, að á þessu stigi liggur það engan veginn ljóst fyrir, hvar þörfin fyrir það verður brýnust, og mun það vart koma í ljós fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Áhrif gengisbreytingarinnar á landbúnaðinn verða ekki séð til hlítar nú þegar. Alþ. getur því ekki nú gengið frá ákvæðum till. um þetta efni, og verður þá eðlilegast, að það feli hæstv. landbrh. ákvörðunarréttinn, og það leggur meiri hl. landbn. óhikað til að gert verði og telur það þjóna vel hagsmunum framleiðenda, þar sem reynsla undangenginna ára sýnir, að skilningur hæstv. ráðh. á þörfum landbúnaðarins og samstarf hans og samtaka bænda hefur verið með þeim hætti, að til hagsbóta hefur orðið fyrir landbúnaðinn og þjóðina í heild.

Herra forseti. Meiri hl. landbn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt og því síðan vísað til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Það var heldur fámennt á þeim fundi landbn., þar sem þetta mál var tekið fyrir, enda var hann haldinn af nokkurri skyndingu, og gáfust heldur minni tækifæri til, að menn bæru þar saman bækur sínar en vert hefði verið. Engu að síður var afgreiðslu í n. komið á þetta frv. í gærkvöld, og var ég þar einn stjórnarandstæðinga á fundi.

Ég geri, eins og fram kemur á þskj. 153, þá brtt. við frv., að í stað þess að Sexmannanefnd er ætlað þar verulegt hlutverk í sambandi við útreikninga á því, hvað hér er um að ræða í fjárupphæðum, hef ég lagt til, að þetta verði falið Hagstofu Íslands, og er það í samræmi við það, að Sexmannanefnd er í mínum huga ekki lengur sá aðili, sem hún var upphaflega hugsuð, og þar af leiðandi væri eðlilegt, að þetta væri framkvæmt af trúverðugu embætti eða trúverðugri stofnun eins og Hagstofu Íslands.

Þá hefur það komið fram í Nd. og hér liggja enn fyrir till. um það, að Framleiðsluráði landbúnaðarins verði falin að verulegu leyti ráðstöfun á því fé, sem hér er um að ræða, gengishagnaði af landbúnaðarvörum. Ég fyrir mitt leyti vil gjarnan taka það fram, að ég tel, að eðlilegt væri, að það kæmi til úrskurðar Alþ., í hverja liði landbúnaðarins á að verja þessu. Þeim tilgangi sé ég ekki, að náð verði með því sérstaklega að fela það framleiðsluráðinu. Landbrn. mundi gera það ella, og tel ég, að nær sé þó, að það sé gert af aðila, sem ber ábyrgð fyrir Alþ., heldur en að Alþ. vísi því til stofnunar eins og Framleiðsluráðs landbúnaðarins, og hef ég því ekki lagt upp úr því að taka mjög undir þær till., sem komið hafa fram um að fela þetta Framleiðsluráði landbúnaðarins. Um þetta eru þær brtt., sem ég hef gert á þskj. 153. Koma þær væntanlega til atkv. hér í d., og tel ég mig hafa gefið á þeim þær skýringar, sem vert er.

Frsm. 2. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Út af því, sem fram kom hjá frsm. 1. minni hl. landbn. í þessu máli, að nefndarfundurinn hefði ekki verið fullskipaður, þegar mál þetta var afgr. í n., vil ég til skýringar taka þetta fram:

Fundur var boðaður í landbn. síðdegis í gær kl. 17.30, en þegar að þeim tíma kom, var alls ekki lokið fundi hér í hv. þd. Nú stóð þannig á, að ég hafði með nokkrum fyrirvara ráðstafað tíma mínum kl. 18.00 í gær, og tilkynnti ég formanni landbn. þetta og fékk leyfi hæstv. forseta d. til þess að víkja af þingfundi, áður en að þessu kom. En hv. 1. þm. Vesturl., sem á sæti í landbn. af hálfu Framsfl. ásamt mér, var á þessum tíma staddur við skyldustörf á fundi í bankaráði í bankastofnun hér í bænum. Við höfðum því báðir gild forföll á þessum tíma, en eigi að síður mun nefndarfundurinn hafa verið lögmætur, þar sem meiri hl. n. var mættur og málið þá efnislega afgreitt, þrátt fyrir fjarveru okkar fulltrúa Framsfl.

Frv. þetta fjallar um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu. Frv. er því í nánu sambandi við þá gengisbreytingu, sem gerð hefur verið, og afleiðing af henni. Í frv. er það tekið fram, að endurskoða skuli verð í kostnaðar- og tekjuhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða fyrir framleiðsluárið 1967/1968 með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem breytt gengi íslenzku krónunnar frá 24. nóv. 1967 hefur í för með sér. Þetta teljum við, sem í 2. minni hl. landbn. erum, eðlilegt og sjálfsagt og erum því samþykkir þessu meginákvæði frv. En þegar fjallað er um þetta mál, verður naumast hjá því komizt að minnast

þess, hvað gerzt hefur um verðlagningu landbúnaðarafurða nú á þessu ári og hvernig þau málefni hafa farið úr hendi.

Þess er þá fyrst að geta, sem öllum hv. dm. er kunnugt, að framleiðsluráðsl. mæla svo fyrir, að verðlagsgrundvöllur skuli ákveðinn fyrir 1. sept. ár hvert. Þetta tókst ekki á s. l. sumri, með því að Sexmannanefnd varð ekki sammála og sáttaumleitanir sáttasemjara um ágreiningsatriði leiddu ekki til niðurstöðu. Þá er málinu samkv. framleiðsluráðsl. vísað til yfirnefndar og það hefur komið fram í gögnum, sem nú hafa verið birt af yfirnefndinni, að hún hóf störf sín 15. okt. s. l., en mun hafa lokið störfum eða fellt úrskurð um mánaðamótin nóv.—des. Og ég hygg, að naumast sé fyllilega gengið frá verðlagningunni enn þann dag í dag, þó að nú sé kominn miður desember. Þetta er að dómi okkar í 2. minni hl. landbn. óhæfilegur dráttur á ákvörðun verðlags á landbúnaðarvörum og fordæmi, sem ekki er séð fyrir, hvaða afleiðingar kann að hafa um meðferð þessara mála framvegis. Þetta verður því að átelja út af fyrir sig, og það er einnig mjög athyglisvert í þessu efni, að framkvæmdin er alls ekki í samræmi við bein fyrirmæli l. um það tímamark, sem þau setja í þessu efni.

Hitt er þó ekki veigaminna atriði, hvernig verðlagningin sjálf hefur farið úr hendi. Nú liggur fyrir úrskurður yfirnefndar um þetta efni. Úrskurður yfirnefndar er dómur, og það má segja, að dómar séu ekki til þess fallnir eða til þess ætlaðir að gera þá að umræðuefni eða hafa um þá mikla gagnrýni. En eitt er þó grundvallaratriði í þessu máli, þegar um dómsniðurstöðu er að tefla, sem enginn ágreiningur á að geta orðið um, að dómar eiga að vera grundvallaðir á lögum. Og mig minnir, að í stjórnarskránni sjálfri standi þessi fyrirmæli: Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum.

Nú kemur ýmislegt í ljós í forsendum yfirnefndarinnar fyrir þeim úrskurði, sem hún hefur fellt um verðlagningu landbúnaðarafurða. Það kemur m. a. í ljós í forsendum dómsins, að yfirnefndin eða meiri hl. hennar taldi, að það væri eigi unnt að framfylgja ákvæði 4. gr. framleiðsluráðslaganna að þessu sinni. Og í forsendunum er beinlínis sagt á öðrum stað, orðrétt:

„Aftur á móti var yfirnefndin sammála um það, að eigi væri sanngjarnt, að verðlagsgrundvöllur, sem byggði ákvörðun um laun bóndans á óhjákvæmilegu fráviki frá ákvæði 4. gr. l., gilti lengur en eitt ár, eða til 31. ágúst 1968.“

Það er því beinlínis fram tekið í forsendum yfirnefndarinnar, að úrskurðurinn er byggður á fráviki frá l., m. ö. o., það er ekki dæmt eftir l. sjálfum eins og þau liggja fyrir. Hitt gæti verið álitamál eða ágreiningsatriði, að yfirnefndin segir, að þetta frávik hafi verið óhjákvæmilegt, en aðrir munu álíta, að það hafi ekki verið óhjákvæmilegt. Það er þetta, sem aðeins getur verið álitamál, en ekki hitt, að frávik hefur verið gert frá l. að þessu sinni. Nú kemur það fram, að minni hl. yfirnefndar lítur ekki þannig á, að það hafi verið óhjákvæmilegt að þessu sinni að gera þetta frávik, og hann dregur það fram, í stuttu máli þó, hvað hann telur á skorta, að verðlagsgrundvöllur sé að þessu sinni svo gerður, að hagsmuna bænda sé nægilega gætt. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa orðrétt það, sem minni hl. yfirnefndarinnar hefur að segja um þetta.

„Til viðbótar þeim upplýsingum, sem fram koma í framanskráðri grg. oddamanns yfirnefndar, vil ég undirritaður taka fram, að ég tel niðurstöðu úrskurðarins í heild brot á því ákvæði framleiðsluráðsl., að verðlagning landbúnaðarvara skuli við það miðast, að heildartekjur þeirra, sem landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Veigamestu ástæður þess, að bændur geta ekki náð því tekjujafnrétti við aðrar stéttir, sem lög gera ráð fyrir, tel ég þessar:

1. Vinnuliðurinn er ekki metinn samkv. upplýsingum búreikninga og vinnumælinga. Sé miðað við meðaltekjur viðmiðunarstéttanna 1966, ætti launaliðurinn að vera ca. 22% hærri.

2. Magn kjarnfóðurs er stórlega vanreiknað í grundvellinum. Sama er að segja um áburðarmagn. Og rökstuddum óskum bænda um leiðréttingu á vélakostnaðarliðum er ekki sinnt.

3. Flutningskostnaðarliðurinn er ekki í samræmi við afurðamagn búsins og rekstrarvöruþörf.

4. Vextir eru vanreiknaðir.

5. Afurðir af sauðfé eru ofreiknaðar og enn fremur garðávextir.

Ýmsar fleiri veilur tel ég, að finnist í verðlagsgrundvelli þeim, sem yfirnefnd skilar nú, þótt ég geri það ekki að þessu sinni að nánara umræðuefni.

Reykjavík, 1. des. 1967.

Ingi Tryggvason.“

Þetta, sem ég las, er orðrétt frá minni hl. yfirnefndarinnar, og skýrir það sig sjálft. Þessi atriði, sem ég hef nú drepið á, tel ég eðlilegt og nauðsynlegt að hafa í huga, þegar frv. þetta er afgr., sem hér liggur fyrir.

Það má með nokkrum rétti segja, að hæstv. landbrh. beri ekki beina ábyrgð á þeirri málsmeðferð og þeim drætti, sem orðið hefur á verðlagningunni að þessu sinni, þar sem um þetta hafa vitanlega fjallað aðilar, sem til þess eru kvaddir samkv. l. En ég vil nú ætla, að hæstv. ráðh. hafi ekki beitt áhrifum sínum nægilega mikið í þá stefnu að hafa áhrif á, að þessi mál yrðu afgreidd fyrr en raun hefur á orðið. Ég hygg, að ef maður, sem hefur á hendi framkvæmdavald í landbúnaðarmálum og vissulega hefur áhuga á þeim efnum, hefði beitt áhrifum sínum til hins ýtrasta í þessu efni, hefði það haft mikið að segja. Og ég vil segja, að það er annað, sem vakti nokkra eftirtekt mína við 1. umr. um þetta mál hér í hv. d., og það var það, hve hæstv. ráðh. virðist vera ánægður fyrir bændanna hönd. Hæstv. ráðh. sagði, ef ég man rétt, að 1966 hefði orðið samkomulag um afurðaverðið, og spurði síðan: „Hvað hefur gerzt á einu ári, ef það er rétt, að hlutur bænda sé núna svo fyrir borð borinn sem ýmsir vilja halda fram?“ — Ja, ég skal nú ekki fara langt út í þetta, en ég get bent á örfá atriði um það, hvað hefur gerzt. Það hefur m. a. gerzt, að í maí 1666 gengu í gildi lög um breytingar á framleiðsluráðsl. Sú breyting var svo ný af nálinni í sept. 1966, að það var náttúrlega ómögulegt að ætlast til þess, að hún gæti orðið grundvöllur undir verðákvörðun að því sinni. En

á þeim tíma, sem liðinn er síðan í maí 1966 og fram á haustið 1967, hefur gefizt tóm til þess að glöggva sig á því, til hvaða niðurstöðu þessi lagabreyting leiðir. Og niðurstaðan er sú, að því er bezt verður séð, að hún leiði til þess, að bændur eigi rétt á hærra verðlagi, þegar það er reiknað á grundvelli þessara nýju l., en annars hefði orðið. Þetta er eitt af því, sem hefur gerzt. Og þessa ætti hæstv. ráðh. að vera minnugur vegna þess m. a., að það var hann sjálfur, hæstv. landbrh., sem bar fram þetta frv. og beitti sér fyrir framgangi þess hér á hv. Alþ. og fékk um það samkomulag.

Annað, sem hefur gerzt, er það, að útreikningar sýna, að afurðamagn, eins og það var ákveðið í verðlagsgrundvellinum 1966, hefur að dómi bændafulltrúanna og samkv. grg. minni hl. í yfirnefnd verið ofreiknað hærra en það raunverulega er. Og þetta vildu bændafulltrúarnir nú að þessu sinni vitanlega láta taka til greina og fá leiðréttingu, sem þessu nemur.

Og í þriðja lagi má benda á, að ýmsir liðir í rekstrarkostnaðinum — því miður fyrir alla, vil ég segja — hafa hækkað meira en fært var til reiknings í verðlagsgrundvöllinn 1966. Það er m. a. þetta, sem hefur gerzt.

En það liggur og skýrt fyrir, að á verðlagninguni að þessu sinni hafa orðið miklar tafir, sem valda miklu óhagræði, bæði fyrir bændastéttina og verzlanir ýmsar. Nú er gert ráð fyrir því í þessu frv., að með þær breytingar, er reiknaðar verða út og eru afleiðingar af gengisfellinguni, verði farið á sama hátt og með verðlagninguna sjálfa. Þetta reikningsdæmi verður fellt alveg í sama farveginn og öll hin atriðin. Fyrst sé það Sexmannanefnd, og verði ekki samkomulag, þá yfirnefnd. Og þetta á samt sem áður allt að vera um garð gengið 23. des., en í dag er 15. des.

Satt að segja höfum við, sem skipum 2. minni hl. landbn., ekki trú á því, að þetta verk verði unnið á þennan hátt á þeim tíma, sem tilskilið er í lagagreininni. Við drögum þá ályktun af því, sem á undan er gengið í þessu efni. Okkur sýnist enn fremur, að um þetta sérstaka atriði, sem hér liggur fyrir, sé málið svo tiltölulega einfalt, að það sé fyrst og fremst reikningsdæmi, sem Hagstofu Íslands sé bezt trúandi til að reikna út, enda gert ráð fyrir því í frvgr., eins og hún liggur fyrir frá hendi ríkisstj., að fengnar séu skýrslur og gögn frá Hagstofu Íslands við að styðjast í þessu starfi. Við berum því fram þá brtt. við 1. gr. frv., að framkvæmdin verði sú, að Hagstofu Íslands sé falið að reikna út verðbreytingarnar, sem hér um ræðir, og Framleiðsluráð landbúnaðarins verðskrái síðan vörurnar í einstökum atriðum á grundvelli þeirra útreikninga, sem Hagstofa Íslands gerir.

Í 2. gr. frv. er kveðið svo á, að fé það, sem kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. l. nr. 67/1967, skuli nota til þarfa landbúnaðarins samkv. ákvörðun landbrh. Við flytjum brtt. við 2. gr. á þá lund, að nánar verði kveðið á um það í l., hvernig verja skuli þessu fé, sem hér um ræðir. Við leggjum til, að þetta fé verði notað til verðuppbótar á útfluttar landbúnaðarafurðir, eftir till. Framleiðsluráðs landbúnaðarins, til viðbótar því fé, sem greitt er samkv. 12. gr. l. nr. 101/1966. Ef litið er á þetta frá almennu sjónarmiði, hvort fylgja á þeirri reglu að tiltaka sem nánast í l. um úthlutun fjár, eða hvort á að leggja það einhliða í vald ríkisstj. eða einstakra ráðh., þá er það að segja, að eins og fram hefur komið og rætt hefur verið í sambandi við önnur mál hér í hv. þd., þá teljum við, sem stöndum að þessu nál., það sjálfsagða meginreglu af hálfu Alþ. að tiltaka sem nánast í l., hvernig verja á þeim fjármunum, sem til ráðstöfunar eru. Það er alveg án tillits til þess, hvaða einstakir ráðh. eiga í hlut eða gegna starfi hverju sinni. Þetta vil ég taka fram sem almenna, eðlilega og sjálfsagða lagareglu.

Þessi brtt. okkar styðst því að sjálfsögðu við þetta sjónarmið, en nú stendur svo á, að gengishagnaður kemur fram á landbúnaðarvörunum vegna breyttrar skráningar gengis krónunnar, og á sama tíma kemur fram sem afleiðing af gengislækkuninni hækkun á ýmsum vörum, sem til landbúnaðarframleiðslunnar þarf. Það má því með miklum rétti segja, að með því að verja þessum gengishagnaði til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir sé það betur tryggt en ella eða fært nær því marki en ella, að bændur fái raunverulega grundvallarverð, eins og það kemur fram eftir að þessar verðbreytingar hafa verið felldar inn í verðlagið, fyrir afurðir sínar. Þegar á þetta er litið, virðist það í sjálfu sér mjög eðlileg ráðstöfun, sem við leggjum til, að það sé bundið í l., að þessi gengishagnaður fari til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir til viðbótar því fé, sem greitt er samkv. 12. gr. l. nr. 101/1966.

Nú mætti í þessu sambandi segja, að þar sem lögákveðið er, að ríkissjóður greiði útflutningsuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir að því marki, að útflutningsuppbæturnar í heild nemi allt að 10% af framleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða eða landbúnaðarins á verðlagsárinu, þá væri með því ákvæði nægilega séð fyrir útflutningsuppbótum. En það mun nú vera svo, að þeir, sem hafa reynt að gera sér grein fyrir stöðu landbúnaðarins að þessu leyti nú á þessu hausti, hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að það séu miklar líkur til þess, að allverulegar fjárhæðir vanti á, til þess að þessi tiltekna, samkvæmt l. afmarkaða fjárhæð útflutningsuppbóta nægi að þessu sinni til að greiða bændum fullt grundvallarverð fyrir alla framleiðsluna. Og þess vegna er það eðlilegt, sem við leggjum til, að gengishagnaður komi hér til viðbótar. Ég vil enn fremur taka fram, að mér þykir ótrúlegt, að um þetta geti í sjálfu sér verið ágreiningur, því að það kemur fram í forsendum yfirnefndar fyrir þeim dómsúrskurði, sem birtur er nú í dag, að svo virðist sem hæstv. ríkisstj. hafi hugsað sér framkvæmdina á þann veg, sem við leggjum til, því að hér segir í forsendum yfirnefndarinnar, með leyfi hæstv. forseta, þar sem talað er um gengishagnað, að gengishagnaður yrði m. a. af ull og gærum, og í því sambandi, hvert yrði sennilegt útborgunarverð þeirra. Síðan segir orðrétt:

„Voru yfirnefndinni og flutt þau skilaboð frá ríkisstj., að ákveðið hefði verið, að allur gengishagnaður af landbúnaðarafurðum rynni til landbúnaðarins, fyrst og fremst til verðuppbóta á ull og gærum af framleiðslu verðlagsársins 1967/1968.“

Ég fæ ekki betur séð en þessi till. okkar sé í

samræmi við það, sem hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér og sent yfirnefnd skilaboð um, eins og það er orðað, og ætti það að stuðla að því, að þessi till. okkar nái samþykki hér í hv. d.

Ég hef þá gert nokkra grein fyrir brtt., sem við flytjum á þskj. 154, og leggjum við til, að þetta frv. verði samþ. með þeim breyt., sem þar greinir.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Mér þykir rétt vegna ummæla, sem komu fram hér í ræðum frsm. fyrir minnihlutaálitunum, að gefa nokkra skýringu á því, hvernig fór um fund í landbn. þessarar hv. d. í gær. Það er rétt, að það upplýstist að fundi loknum, að 1. þm. Vesturl. (ÁB) var upptekinn við skyldustörf og því ekki mættur á fundinum. Ég hafði tal af honum strax eftir að fundi lauk og bauð honum að sjálfsögðu að boða til nýs fundar um þetta efni, ef hann teldi þess þörf. Hann taldi, að það mundi ekki hafa neina þýðingu, og því var ekki boðað til fundar aftur. Ég óskaði aðeins eftir því að fá tækifæri til þess að skýra þetta fyrir hv. þd., til þess að það lægi ljóst fyrir, að það væri í fullu samkomulagi á milli allra nm., að ekki var boðað til nýs fundar um þetta efni.

ATKVGR.
Brtt. 154,1 felld með 10:6 atkv.
— 153,1 felld með 10:3 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 154,2 felld með 9:6 atkv.
— 153,2 felld með 10:4 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 159).

---

8. Framfærslulög.

Á 10. fundi í Ed., 31. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947 [35. mál] (stjfrv., A. 35).

Á 12. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 35, n. 73).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Eins og fram kemur í aths. við þetta frv., er það flutt að ósk borgaryfirvalda Reykjavíkur, og er sú ósk fram komin í beinu framhaldi af endurskipulagningu félagsmálastarfsemi á vegum borgarinnar. Í aths. er fskj. prentað, sem skýrir í rauninni, hvað fyrir mönnum vakir með flutningi þessa frv., en með þeirri samþykkt, sem þar greinir frá, voru ýmsir þættir félagsmálastarfsemi borgarinnar sameinaðir undir eina stjórn og slík sameining kallar á breytingar nokkurra ákvæða í núgildandi lögum varðandi þær stofnanir, sem hér er um að ræða, og þ. á m. þá breytingu á framfærslulögunum, sem nú er hér til umr.

Frá skipan félagsmálaráðs, sem samkv. frv. mundi þá taka við störfum framfærslunefndar, er greint í samþykkt þeirri, sem frv. fylgir sem fskj., eins og ég áður sagði, og sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um það atriði. Á það má benda, að meginmarkmið þeirrar breytingar eða endurskipulagningar, sem hér hefur átt sér stað, er það, að einn og sami starfsmaður eða starfshópur, sem á vegum borgarinnar starfar, fjalli um öll þau málefni félagslegs eðlis, sem varða hvern einstakling eða hverja fjölskyldu, en eins og hefur háttað, hafa málefni eins og sama aðila oft verið til meðferðar í fleiri stofnunum eða hjá fleiri aðilum og hefur það að sjálfsögðu oft torveldað heppilegustu lausn þeirra vandamála, sem þarna er verið að fást við.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv., en eins og nál. á þskj. 73 ber með sér, hefur heilbr.- og félmn. lagt til, að frv. verði samþ., en einn nm., Björn Jónsson, var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í n.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 34. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er flutt, er komið frá hv. Ed. og hlaut þar einróma samþykki og mjög skjótan framgang. Efni frv. er, eins og í grg. þess segir, það eitt að heimila borgarstjórn Reykjavíkur að breyta skipan sinnar félagsmálastarfsemi og koma á sérstöku félagsmálaráði, eins og glögglega er frá skýrt í fskj., sem frv. fylgir.

Þar eru svo ýtarlega raktir allir málavextir, að ég tel ekki þörf á, nema sérstakt tilefni gefist til, að ræða málið öllu frekar, en óska þess, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 157).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir, og orðið sammála um að mæla með, að það verði samþ. óbreytt. Frv. er að efni til mjög einfalt og er um það eitt, að aftan við 26. gr. framfærslul. komi ný mgr., þar sem gert er ráð fyrir, að í Reykjavík fari félagsmálaráð með þau störf, sem framfærslunefndum annars staðar er samkv. framfærslul. ætlað að hafa með höndum.
Ég sé ekki ástæðu til þess að gera frekari grein fyrir frv., það er það einfalt í sniðum, en heilbr.- og félmn. hefur einróma lagt til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 183).

---

9. Sveitarstjórnarlög (stjfrv.).

Á 15. fundi í Ed., 13. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1965 [52. mál] (stjfrv., A. 54).

Á 16. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt í beinu framhaldi af þeim tveimur frv., sem áður hafa verið lögð fyrir Alþingi af hæstv. forsrh., varðandi þær breyt., sem fyrirhugaðar eru á kosningaraldri, og felur þetta frv. í sér hliðstæða eða sams konar breyt. á sveitarstjórnarlögunum, um að sami aldur gildi til kosninga þar eins og í kosningum til Alþingis.
Ég tel óþarft að fjölyrða frekar um þetta frv. Vona ég, að öllum hv. þdm. sé ljós nauðsyn þess, að það sé flutt, með hliðsjón af þeim frv., sem áður hafa verið flutt um sama efni, þótt í öðrum greinum sé.
Ég óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 54, n. 84).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til samræmis við þau önnur frv., sem áður hafa verið lögð fram hér á hv. Alþ. varðandi lækkun kosningaraldurs úr 21 árí í 20 ár og fjallar um, að sama ákvæði gildi varðandi kosningar til sveitarstjórna. Að öðru leyti tel ég ekki þörf á að viðhafa frekari skýringar með frv., en óska þess, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 54, n. 158).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um breytingar á sveitarstjórnarl. nr. 58 frá 29. marz 1961, en ekki 1965, eins og mun standa á þskj. Það er að efni til flutt til samræmingar við frv. til stjórnskipunarl. um breytingu á stjórnarskránni um það að færa kosningarréttaraldurinn úr 21 árí niður í 20 ár. Hv. Ed. hefur fjallað um frv. og samþykkt það einróma. Þá hefur heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. einnig fjallað um frv. og leggur hún einróma til, að það verði samþ. óbreytt.
Tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það, þar sem allir virðast hér vera á einu máli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 184).

---

10. Ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum.

Á 32. fundi í Ed., 13. des., var útbýtt:
Frv. til l. um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl. [77. mál] (stjfrv., A. 144).

Á 33. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Á árunum 1960—1966, fram á mitt það ár, var velgengni íslenzku þjóðarinnar mikil og hraðvaxandi. Heildarafli landsmanna jókst á þessu tímabili úr 593 þús. tonnum í 1240 þús. tonn og verðmæti útflutningsframleiðslunnar úr 2262 millj. kr. í 5643 millj. Þessi þróun leiddi til verulegrar hækkunar kaupgjalds og hækkunar á raunverulegum kaupmætti að því er talið er um 30—40%. Stærri og fullkomnari skip, nýjar fiskvinnslustöðvar og aukin tækni á sjó og landi stuðlaði að þessari þróun. En auk þess kom það til, sem ekki var áhrifaminnst, að verðlag sjávarafurða fór stöðugt hækkandi á erlendum mörkuðum fram á síðari hluta ársins 1966. Frá miðju s. l. ári og fram á þennan dag hefur hins vegar skapazt mjög uggvænlegt ástand í sjávarútveginum í heild. Ekki þarf ég að vera fjölorður um hið stórfellda verðfall bræðslusíldarafurða og hraðfrystra fiskafurða, hina almennu söluerfiðleika, ekki sízt á skreið, aflabrest á sumarvertíð, á bolfiskveiðum, á vetrarvertíð og á humarveiðum í sumar, fjarlægð síldarinnar frá landinu og stóraukinn veiðikostnað, óhagstæða veðráttu og mun meira veiðarfæratjón en áður hefur þekkzt. Þessar staðreyndir blöstu við öllum, er gengi íslenzkrar krónu var fellt 24. nóv. s.l. Það er vonandi, að þær nauðsynlegu ráðstafanir skapi í framtíðinni frekari grundvöll fyrir rekstri sjávarútvegsins, og er þess að vænta, að þjóðin taki slíkum ráðstöfunum með skilningi, þótt þær sýnilega kosti allverulegar fórnir í bili.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um það, hvernig ráðstafa skuli gengishagnaði þeim, sem myndast af sölu birgða, sem voru í landinu við gengislækkunina, og sölu þeirra afurða, sem framleiddar verða til ársloka 1967, en í 4. gr. l. nr. 69 frá 1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um gengi íslenzkrar krónu, var svo kveðið á, að mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi skyldi færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Jafnframt var svo kveðið á, að því fé, sem á reikninginn kæmi, skyldi ráðstafa í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði.

Er nýtt gengi ísl. krónu var ákveðið, voru fyrirliggjandi í landinu óvenjumiklar birgðir, sem stafaði m. a. af nær algerri sölustöðvun á skreið af þessa árs framleiðslu. Með því að einnig kemur til ógreiddur útflutningur á framleiðslu til áramóta, verður hér um töluverðan gengishagnað að ræða. Segja má, að tilgangur frv. sé að meginstefnu til fjórþættur.

Í fyrsta lagi er með frv. verið að efna gefin loforð og bæta upp þætti, er úrskeiðis hafa orðið. Er þar átt við bætur til skreiðarframleiðslu og einnig til bræðslusíldarinnar, bætur vegna verðfalls á frystri rækju, svo og framlag til vátryggingarsjóðs.

Í öðru lagi skal greiða af gengishagnaðinum ýmis gjöld og kostnað, sem stafar af þeirri framleiðslu ársins 1967, sem gengishagnaðar nýtur. Er hér átt við hækkaðan reksturskostnað og flutningskostnað vegna gengisbreytingarinnar, útflutningsgjöld og framlög ríkissjóðs, sem greidd hafa verið eða greidd verða vegna þessarar framleiðslu.

Í þriðja lagi er rétt að nefna það framlag, sem varið skal til lánveitinga vegna gengistaps af lánum til fiskiskipa, sem bundið er gengi erlends gjaldeyris.

Í fjórða lagi eru svo ráðstafanir, sem miða að því að byggja upp grundvöll fyrir rekstri sjávarútvegsins í landinu. Kemur hér til framlag til Fiskveiðasjóðs Íslands og ríkisábyrgðasjóðs til að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar og framlag til verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Skal nú reynt að gera grein fyrir hugsanlegum tekjum í gengishagnaðarsjóð og greiðslu samkv. 1. gr. frv.

Það er ávallt nokkrum vandkvæðum bundið að áætla með nokkurri nákvæmni eða vissu, hvers virði birgðir útflutningsafurða eru á hverjum tíma. Þetta er þó jafnvel enn erfiðara nú en oftast áður vegna þeirrar óvissu, sem ríkir um verðlagsþróun á mörkuðunum á næstu mánuðum vegna gengisbreytingar sterlingspundsins. Um þetta hefur þó verið reynt að gera áætlun, sem byggð er á því, sem vitað er um verðlag og sölur, og enn fremur byggt á upplýsingum um þær afurðir, sem þegar höfðu verið fluttar úr landi fyrir gengislækkunina, en ekki voru þá greiddar. Mun ekki fjarri lagi eftir þeirri áætlun að meta andvirði birgðanna ásamt því, sem ógreitt var, um 1700 millj. kr. og er þá tekið tillit til þeirrar framleiðslu, sem áætluð er frá því að gengisbreytingin var gerð og til áramóta, en með gengishagnaðinn af þeirri framleiðslu skal farið á sama hátt og með gengishagnaðinn af birgðunum. En það er ekki nóg að áætla verðmæti birgðanna og þess, sem flutt hefur verið út, en

óbreytt var við gengisbreytinguna, því að ef á að áætla, hverjar tekjur geta runnið í gengishagnaðarsjóð, verður að taka tillit til þess, í hvaða gjaldeyri birgðirnar verða greiddar. Um þetta ríkir enn nokkur óvissa, en reynt hefur þó verið að áætla það einnig, og sýnir sú áætlun, að ekki mun óvarlega reiknað með, að heildarupphæðin, sem kemur sem gengishagnaður af þessum birgðum, gæti numið allt að 400 millj. kr.

Skv. 1. gr. frv., liðunum a—f, er gert ráð fyrir því, að áður en til þess kemur að ráðstafa hinum eiginlega gengishagnaði, verði greidd ýmis gjöld og kostnaður vegna framleiðslu ársins 1967. Í a-lið gr. er gert ráð fyrir, að greiddar verði hækkanir á rekstrarkostnaði vegna gengisbreytingarinnar við framleiðslu sjávarafurða, eftir að hið nýja gengi kom til framkvæmda og til ársloka þessa árs, svo og hækkanir á flutningsgjaldi á afurðum, sem greiddar hafa verið fyrir árslok 1967, en fluttar eru út eftir gengisbreytinguna. Ýmsar rekstrarvörur við framleiðslu sjávarafurða hafa að sjálfsögðu hækkað á þessu tímabili frá því að gengisbreytingin var gerð, og leiðir það til hækkunar á rekstrarkostnaði. Hefur verið áætlað, að sú upphæð gæti numið 35 millj. kr.

Skv. b-lið er gert ráð fyrir bótum til skreiðarframleiðenda vegna markaðserfiðleika. Mikil óvissa ríkir enn um það, hvernig verður háttað útflutningi á skreið til Nígeríu vegna styrjaldarástandsins þar, og því erfitt, eins og um hinar tölurnar, að áætla, hvað eðlilegt væri að greiða skreiðarframleiðendum í bætur vegna þessa erfiðleikaástands, en til bráðabirgða hefur verið reiknað með eða áætlað til þessarar greiðslu allt að 12 millj. kr. Nokkuð sama gildir um áætlun bótagreiðslu til bræðslusíldariðnaðarins vegna vinnslu á Norður- og Austurlandssíld árið 1967. Kemur þar til, að áætla þarf söluverð afurðanna og rekstursafkomu verksmiðjanna í heild, en þó hefur hér verið gert ráð fyrir, að til þessa reksturs væri ekki óeðlilegt að ætla greiðslu, er næmi allt að 10 millj. kr. Skv. d-lið er gert ráð fyrir greiðslu vegna verðfalls á frystri rækju, sem framleidd er á árinu 1967. Verðlag á rækju lækkaði mjög mikið á þessu ári borið saman við það, sem verið hafði árið 1966, og ef gert er ráð fyrir, að sama magn af rækju seljist á þessu ári og árinu 1966 og tekið tillit til verðlagsins í ár samanborið við verðið fyrra ár, gæti þessi greiðsla numið allt að 7 millj. kr.

Í e-lið er svo gert ráð fyrir, að af gengismuninum verði greidd útflutningsgjöld, þ. e. a. s. þau gjöld, sem tekin eru fyrir útflutning afurðanna, svo sem hið eiginlega útflutningsgjald, aflatryggingasjóðsgjald o. s. frv., og mun rétt að gera ráð fyrir, að sú upphæð verði vart undir 16 millj. kr.

Þá er loks f-liður, þar sem gert er ráð fyrir, að endurgreidd verði framlög ríkissjóðs skv. 1., 3., 8. og 9. gr. laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, en það eru greiðslur, sem ákveðnar voru á sínum tíma til fiskuppbótar og annarra beinna styrkja til útgerðar og fiskvinnslu. Með því að hafa hliðsjón af þeim birgðum, sem gengishagnaðurinn reiknast af, og þeirri framleiðslu, sem verið hefur á árinu af þeim afurðum, sem njóta þessara framlaga úr ríkissjóði, hefur verið áætlað, að þessi endurgreiðsla gæti numið allt að ⅓ af þeim upphæðum, sem áætlaðar voru til greiðslu skv. fyrrgreindum l., eða um 60 millj. kr.

Þannig mundi mega áætla, að heildargreiðslur skv. a—f liðum 1. gr. gætu samtals numið 141 millj. kr. Hinn eiginlegi gengishagnaður, þegar fyrrgreind gjöld og kostnaður hafa verið greidd, mundi því nema skv. þeirri áætlun, sem áður var gerð, um 259 millj. kr.

Skv. 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því að skipta þeirri upphæð í fjóra hluta þannig, að ef um yrði að ræða fjóra jafna hluta, mundu á hvern lið koma 65 millj. kr. Skv. a-lið þessarar gr. er gert ráð fyrir, að allt að ¼ upphæðarinnar renni til greiðslu á vátryggingargjöldum fiskiskipa, og mundi sú upphæð, sem áður getur, að vísu ekki hrökkva til að jafna þann halla, sem er á þeim sjóði og að skal vikið síðar, en hins vegar verða til þess að hjálpa verulega til að grynnka á hallanum, en vonir standa til þess, að tekjur sjóðsins muni aukast verulega á næsta ári, m. a. vegna hækkandi verðlags á útflutningsafurðum frá því, sem það hefur verið á yfirstandandi ári.

Skv. b-lið gr. skal verja einum hluta til Fiskveiðasjóðs Íslands og ríkisábyrgðasjóðs til að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar og mundi sú upphæð, sem hér er áætluð og áður var nefnd, verulega geta greitt fyrir því, að þessir sjóðir gætu sinnt þessu sérstaka verkefni meir en þeir hafa gert.

Í c-lið gr. er svo ráðgert að stofna sérstakan gengisjöfnunarsjóð við fiskveiðasjóð í því skyni að veita lán eða með öðrum hætti að styrkja skipaeigendur vegna gengistaps á lánum til fiskiskipa, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris. Ekki hefur verið unnt að kanna enn til hlítar, hversu mikið gengistap hér er um að ræða, en ekki mun fjarri að áætla, að það geti numið hátt á annað hundrað millj. kr. Mundi með slíkum lánveitingum af þessu fé vera unnt að veita verulega fyrirgreiðslu þeim aðilum, sem þessi skip eiga.

Loks er skv. d-liðnum gert ráð fyrir því, að afgangurinn af gengishagnaðarsjóði renni til verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem stofnframlag.

Skal nú vikið nokkuð nánar að einstökum þáttum frv. og helztu ástæðunum, er til þeirra ákvæða liggja.

Eins og fyrr er sagt, hefur sala á skreið til Austur-Nígeríu, en það hefur verið helzta markaðssvæði okkar fyrir skreið, lagzt niður með öllu á þessu ári vegna styrjaldarástandsins þar. Algjör óvissa virðist enn ríkjandi um það, hvenær þetta markaðssvæði opnast aftur, og því miður ekki stórar líkur á, að nýir markaðir komi þar í staðinn. Meginhluti skreiðarframleiðslunnar frá þessu ári er því enn óseldur. Er talið, að nú liggi í landinu óseldar 6000 lestir af skreið. Eru það þungar búsifjar fyrir skreiðarframleiðendur, ekki sízt vegna þess, að með öllu er óvíst, eins og ég áðan sagði, hversu lengi þeir þurfa að geyma framleiðslu sína. Í b-lið 1. gr. frv. er gert ráð fyrir bótum til skreiðarframleiðenda vegna markaðserfiðleikanna. Má segja, að hér sé um hreina neyðarráðstöfun að ræða, til þess að létta nokkuð af þeim miklu erfiðleikum, sem steðja að þessari framleiðslu. Eins og áður segir, er gert ráð fyrir, að bætur þessar til skreiðarframleiðenda muni nema allt að 12 millj. króna.

Ekki þarf heldur að fjölyrða um það, að hið gífurlega verðfall á lýsi og mjöli er eitthvert mesta áfall, sem sjávarútvegurinn hefur nokkurn tíma orðið fyrir á svo skömmum tíma. Við verðlagningu síldar til bræðslu við upphaf sumarsíldarvertíðar var horfið að því ráði að láta verðlagninguna aðeins gilda fyrir hálft verðlagstímabilið, þ. e. til júlíloka. Það var þó þegar ljóst, að verksmiðjurnar tóku á sig umtalsverðan hluta þeirrar verðlækkunar, sem þá var orðin. Ástandið á mörkuðunum fór enn versnandi, þegar á sumarið leið, og þegar síldarverðið var ákveðið óbreytt fyrir tímabilið ágúst—sept., versnaði hlutur verksmiðjanna enn til muna. Nýtt verðlagstímabil hófst svo 1. okt. og þrátt fyrir það, að verðlag á lýsi og mjöli færi enn töluvert lækkandi, var hráefnisverðið ákveðið óbreytt til ársloka.

Við þessa verðákvörðun var verksmiðjunum heitið, að reynt yrði að veita þeim nokkra aðstoð, ef reksturshallinn yrði meiri en fjárhagsgeta þeirra þyldi. Til að efna það loforð, sem hér um ræðir, er í c-lið 1. gr. frv. gert ráð fyrir bótum til bræðslusíldariðnaðar vegna vinnslu á Norður- og Austurlandssíld haustið 1967.

Á þessu ári hefur orðið stórfellt verðfall á frystri rækju. Við verðlagningu rækjunnar á s. l. hausti var framleiðendum frystrar rækju heitið því, að þeim skyldi bætt verðfallið að einhverju leyti og er ekki óeðlilegt, að vinnsla frystrar rækju njóti svipaðrar eða sömu fyrirgreiðslu ríkisvaldsins í þessu efni eins og frystiiðnaðurinn nyti. Í liðunum a, e og f í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir greiðslum, er standa í beinu sambandi við gengisbreytinguna. Í a-liðnum er gert ráð fyrir greiðslum á hækkandi rekstrarkostnaði vegna gengisbreytingarinnar við framleiðslu afurðanna, eftir að hið nýja gengi kom til framkvæmda og til ársloka 1967. Sama gildir um hækkanir á flutningsgjaldi af afurðum, sem framleiddar hafa verið fyrir árslok 1967, en fluttar eru út eftir gengisbreytinguna. Með því að gengishagnaðurinn er tekinn inn í gengishagnaðarsjóðinn, en ekki ráðstafað til útflytjendanna eða eigenda afurðanna, sem gengishagnaðarins afla, er ekki rétt, að þeir beri þann aukakostnað, sem verður á rekstrinum vegna sjálfrar gengisbreytingarinnar. Svipað er að segja um útflutningsgjöld samkv. e-lið gr. Með því að útflutningsgjöld eru að sjálfsögðu innheimt af öllu andvirði hinna útfluttu sjávarafurða, er rétt, að útflutningsgjöld séu einnig greidd af þeim hlutanum, sem fer til gengishagnaðarsjóðsins, en útflytjendur sjálfir greiði aðeins útflutningsgjöld miðað við hið gamla gengi. Svipuð sjónarmið liggja að baki fliðar 1. gr. Samkv. þeim lið er gert ráð fyrir, að framlög ríkissjóðs samkv. 1., 3., 8. og 9. gr. l. nr. 4 frá 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, til þeirrar framleiðslu, sem nýtur gengishagnaðar, endurgreiðist af þeim hagnaði, svo að ekki sé greitt tvisvar með sömu framleiðslunni.

Þegar greiddur hefur verið ýmiss konar kostnaður og gjöld samkv. 1. gr. frv. vegna þeirrar framleiðslu, sem gengishagnaðar nýtur, skal afgangurinn, sem er hinn eiginlegi gengishagnaður, ganga til sjóðs, sem ráðstafa skal til sameiginlegra þarfa sjávarútvegsins í heild. Kemur þar fyrst til, að verja skal allt að ¼ hluta gengishagnaðarsjóðs til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa. Vátryggingarsjóður fær tekjur sínar af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum samkv. 1. nr. 4 frá 1966, nú 72.82% af útflutningsgjaldinu. Sjóðurinn greiðir vátryggingargjöld fiskiskipa eftir reglum, sem sjútvmrn. setur.

Innheimta gjalda fyrir sjóðinn hófst 1. ágúst 1961. En sjóðurinn greiddi vátryggingargjöld skipanna frá ársbyrjun 1961, og þannig var í upphafi 7 mánaða tímamunur milli tekna sjóðsins og gjalda. Hefur sá munur haldizt lítið breyttur fram á þetta ár. Á þessu ári er hins vegar útlit fyrir mikinn halla á sjóðnum. Vegna minnkandi útflutningsverðmætis hafa tekjur sjóðsins stórlækkað undanfarið, en hins vegar hafa útgjöld sjóðsins farið hækkandi undanfarin ár með tilkomu hins mikla fjölda nýrra og dýrra skipa.

Í lok ársins 1966 skorti 83 millj. kr. á, að sjóðurinn gæti greitt að fullu iðgjöld til fiskiskipaflotans, en á þessu ári, sem nú er að líða, hefur ástandið versnað svo til muna, að nú í árslok mun skorta 186 millj. upp á, að unnt sé að greiða öll iðgjöldin, sem útistandandi eru. Með því fé, sem hér hefur verið gert ráð fyrir að renni til sjóðsins, ætti verulega að grynnka á þessari skuld sjóðsins, sem að stórum hluta hefur byggt á starfsemi tryggingafélaganna í landinu. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að undanfarið hafa verið kannaðar leiðir, sem helzt kæmu til greina til að rétta við fjárhag sjóðsins og forða því, að sá dráttur, sem er á greiðslu til tryggingafélaganna, lengist frá því, sem verið hefur. Ber nauðsyn til innan tíðar að taka endanlega ákvörðun um, hvað gert skuli í þessum efnum.

Samkv. c-lið 2. gr. er ætlað, að allt af ¼ gengishagnaðar sjóðsins renni til fiskveiðasjóðs, þar sem myndaður verði sérstakur gengisjöfnunarsjóður, er varið verði til lánveitinga vegna gengistaps á þeim lánum til fiskiskipa, sem bundin eru erlendum gjaldeyri. Skal stjórn fiskveiðasjóðs setja nánari reglur um sjóð þennan að fengnu samþykki sjútvmrh. Vegna gengisfallsins hafa auknir fjárhagslegir örðugleikar lagzt á þá útvegsmenn, sem á síðustu árum hafa keypt skip erlendis. Stórfelld efling síldveiðiflotans á undanförnum árum hefur að verulegu leyti gerzt fyrir erlent lánsfé, þar sem innlent fjármagn hefur ekki verið nægjanlegt fyrir hendi. Fiskveiðasjóður hefur um árabil einnig veitt lán, sem bundin eru að hluta við gengi erlends gjaldeyris, þar sem sjóðurinn hefur tekið erlent lán til þessarar starfsemi sinnar.

Vegna þess fjölda báta, sem byggðir hafa verið erlendis á undanförnum árum, eru enn ógreiddar stórar fjárhæðir, sem gjaldfalla munu á næstu árum. Ekki er óeðlilegt, að notaður sé hluti af hinum sameiginlega sjóði í því skyni að gera fiskveiðasjóði kleift með lánveitingum eða á annan hátt að létta nokkuð byrði þeirra, sem eru með lán á skipum sínum, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris.

Í b-lið 2. gr. er gert ráð fyrir, að fiskveiðasjóður og ríkisábyrgðasjóður fái allt af ¼ gengishagnaðarins í því skyni sérstaklega að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar. Þegar lög nr. 4 frá 31. marz 1967 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins voru sett, var ekki látið nægja að ákveða greiðslur til

hinna ýmsu greina sjávarútvegsins á þessu ári, heldur var einnig gert ráð fyrir því, að fram færi gagngerð athugun á rekstraraðstæðum og fjárhagslegri uppbyggingu frystiiðnaðarins með það fyrir augum að bæta rekstrargrundvöll iðnaðarins í heild. Þessari athugun, sem er mjög margþætt svo sem fram kemur í ákvæðum l., var síðan hleypt af stokkunum á s. l. vori með samstarfi helztu lánastofnana sjávarútvegsins og fulltrúa frystiiðnaðarins. Nauðsynlegt reyndist að safna ýtarlegum gögnum um frystiiðnaðinn, svo að fá mætti sem bezta heildarmynd af allri aðstöðu hans. Þessari gagnasöfnun er nú að mestu lokið og úrvinnsla komin vel á veg, þannig að vænta má, að áður en langur tími líður muni unnt að mynda sér um það skoðun, hverra aðgerða sé hér þörf og gera um það endanlegar till. Í þessu sambandi er rétt að gera sér það ljóst, að enda þótt gengislækkunin bæti stöðu frystiiðnaðarins, þegar á heildina er litið, leysir hún ekki þau vandamál, sem tengd eru ýmsum sérstökum aðstæðum í þessum iðnaði og til hafa orðið í gegnum þróun á mun lengra tímabili í uppbyggingu hans. Það eru m. a. slík vandamál, sem þessi athugun frystiiðnaðarins miðar að því að finna lausn á.

Með því að þeir tveir sjóðir, er mest mundu koma hér við sögu, eru fiskveiðasjóður og ríkisábyrgðasjóður, er eðlilegt, að hluti af fé gengishagnaðarsjóðs renni til þeirra. Hins vegar er eðlilegt að gera ráð fyrir því, að aðrar greinar fiskiðnaðarins njóti hér einnig fyrirgreiðslu, þegar um er að ræða aðgerðir, sem leitt geta til hagkvæmari rekstrar og framleiðniaukningar.

Þótt ég hafi hér haft mörg orð um endurskipulagningu frystiiðnaðarins, skal þó sérstaklega tekið fram og lögð áherzla á, að fáar atvinnugreinar hér á landi hafa lagt eins mikla áherzlu á aukna framleiðni og sjávarútvegurinn og frystiiðnaðurinn, og fáar atvinnugreinar hér á landi standa nær því að standast erlenda samkeppni en þær gera. E. t. v. væri vel þess vert að athuga, hvort ýmsar aðrar greinar atvinnulífsins þyrftu ekki sams konar athugunar við með endurskipulagningu fyrir augum.

Í d-lið 2. gr. er loks ákveðið, að afgangurinn af gengishagnaðarsjóði skuli renna í verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. En grundvallarákvæðin um stofnun slíks sjóðs eru í 3. gr. frv. Sú gr. kveður á um stofnfé og tekjur verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en nánari ákvæði um sjóðinn skulu sett með sérstökum lögum síðar.

Samkv. 6. gr. l. nr. 4 frá 31. marz 1967 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins var stofnaður sjóður, er hefur það hlutverk að greiða verðbætur vegna verðfalls á frystum fiskafurðum, sem framleiddar eru á árinu 1967, öðrum en síldar- og loðnuafurðum. Er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði til þessa sjóðs 140 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966. Verði innistæða í sjóðnum eftir reikningslok, skal því fé ráðstafað sem stofnfjárframlagi til verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, enda hafi þá verið sett lög um slíkan sjóð. Nánari reglur um greiðslu þessara verðbóta eru í 7. gr. nefndra l. Stofnfé hins nýja verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins verður í samræmi við þessi lagaákvæði það fé, sem kemur frá þeim afgangi verðbótasjóðs, sem ráð er fyrir gert í áðurnefndum lögum, og í öðru lagi kemur til afgangur af gengishagnaðarsjóði samkv. d-lið 2. gr. þessa frv.

Tekjur verðjöfnunarsjóðs eru áætlaðar tvenns konar. Í fyrsta lagi hluti af verðhækkunum sjávarafurða, sem verður á framleiðslu hvers árs, og er þá gert ráð fyrir, að miðað sé við meðalverðlag undanfarinna þriggja ára. Hér liggur sú hugsun til grundvallar, að á móti verðlækkunum, sem leiði til greiðslu úr sjóðnum, komi hluti af verðhækkunum, sem verða umfram meðaltal tiltekins tímabils, eða eins og hér er gert ráð fyrir, meðaltal þriggja ára. Um þessa meginreglu sjóðsins verður að setja nánari ákvæði, eins og ég áðan sagði, í sérstökum l. Aðrar tekjur sjóðsins eru áætlaðar af útflutningsgjaldi og verður þar um að ræða tekjur, sem eru stöðugri og ekki eins háðar verðlagsþróun og þær, sem ætlaðar eru samkv. a-lið. Verður hér um að ræða hluta af útflutningsgjaldi, sem ákveða verður með endurskoðuðum l. um útflutningsgjald sjávarafurða.

Eins og áður segir hefur hugmyndinni um verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins áður brugðið fyrir, þar sem eru lög frá s. l. vori um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, en í haust við ákvörðun bræðslusíldarverðs á Norður- og Austurlandi frá 1. okt. til áramóta, gáfu fulltrúar síldarseljenda í yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins þá yfirlýsingu, að þar sem áætlað andvirði bræðslusíldarafurða nægði ekki að óbreyttu bræðslusíldarverði fyrir breytilegum kostnaði við vinnslu síldarinnar, svo að svari kostnaði við að halda verksmiðjunum opnum næstu mánuðina, teldu þeir óhjákvæmilega nauðsyn bera til að hefja undirbúning að stofnun verðjöfnunarsjóðs, er gæti bætt að nokkru svo stórfellt verðfall, sem átt hefði sér þá stað. Skuldbundu fulltrúar seljenda sig til þess að vinna á vettvangi hlutaðeigandi samtaka að stofnun verðjöfnunarsjóðs. Óþarft er að rekja það frekar hér, en ýmis samtök hafa lýst stuðningi sínum við framkomna hugmynd um umræddan verðjöfnunarsjóð fyrir fiskiðnaðinn.

Það er ljóst, að hinar miklu verðsveiflur, sem átt hafa sér stað á fiskafurðum á s. l. árum, sýna svo að ekki verður um deilt, að stórfelldar og skyndilegar verðhækkanir eða -lækkanir á erlendum mörkuðum geta haft mjög alvarleg og truflandi áhrif á þróun innlendra efnahagsmála. Stofnun verðjöfnunarsjóðs, er hefði það hlutverk að jafna á milli ára verulegum hluta slíkra verðbreytinga, væri því æskileg. Slíkur sjóður mundi skapa mun öruggari grundvöll fyrir rekstri fiskiðnaðarins og forða samdrætti og rekstrarerfiðleikum á verðlækkunartímum og koma í veg fyrir ótímabæra fjárfestingu jafnframt því, sem safnað væri til mögru áranna á verðhækkunartímum.

Eins og í upphafi var sagt, hefur efnahagsleg velgengni íslenzku þjóðarinnar aldrei verið eins mikil og hraðvaxandi og s. l. ár, og er þess að vænta, að þær ráðstafanir, sem nú verða gerðar, m. a. með þessu frv., verði til að skapa öruggari grundvöll fyrir rekstri sjávarútvegsins og blása nýjum krafti í atvinnulíf þjóðarinnar til stórbætts hags fyrir okkur alla.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta frv. öllu fleiri orð. Þar sem nú er skammt til þinghlés vegna jólahátíðar, væru það eindregin til-

mæli mín til þeirrar hv. n., er málið fær til meðferðar, að hún hafi við athugun málsins samstarf við hlutaðeigandi n. í hv. Nd., en brýna nauðsyn ber til þess, að frv. fái endanlega afgreiðslu fyrir þinghlé. Um það, sem þessi framsöguorð ekki upplýsa varðandi frv. sjálft og tilgang þess, mun hv. þn. að sjálfsögðu fá allar þær upplýsingar, sem eftir verður óskað undir meðferð málsins í n.

Herra forseti. Ég geri það að till. minni, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Mér hefur nú ekki gefizt mikið tóm til þess að athuga þetta veigamikla, athyglisverða og mjög svo athugaverða frv. eins og skyldi. Og ég heyrði það á ræðu hæstv. ráðh., að það muni ekki ætlunin, að þm. fái mjög mikið tóm til þess að fjalla um þetta býsna stóra og fjölþætta mál, því að það er hart á eftir rekið. Það er meira að segja búið nú þegar að boða fund í þeirri n., sem væntanlega fær málið til meðferðar. Hún á að taka til starfa núna kl. 5, að mér er tjáð, svo að mönnum er ekki ætlað afskaplega mikið tóm til þess að vinna að athugun á þessu máli. Ég verð nú við þessa 1. umr. að segja það, að strax og ég leit yfir þetta frv. í gærdag, þótti mér ýmislegt við það nokkuð undarlegt, og strax vöknuðu ýmsar spurningar. Og það vil ég segja, að sum ákvæði frv. eru því undarlegri, sem maður veltir þeim lengur fyrir sér og rýnir nánar í þau.

Áður en ég vík að einstökum atriðum, sem ég vildi ýmist gera stuttorðar aths. við eða bera fram fsp. um, vil ég stuttlega víkja að þeirri ákvörðun, sem að vísu er áður tekin af hæstv. ríkisstj. í frv., sem þegar er orðið að l., þ. e. a. s. að taka gengishagnaðinn allan af óseldum vörum sjávarútvegsins og þeim vörum, sem sjávarútvegurinn kemur til með að framleiða allt til næstu áramóta. Ég verð að segja, að sú ákvörðun að taka allan gengishagnað af þessum vörum sjávarútvegsins allt til áramóta er óneitanlega býsna hæpin, þegar maður hugsar til þess, að réttlæting gengisfellingarinnar er fyrst og fremst sú að aðstoða útflutningsatvinnuvegina og þá alveg sérstaklega sjávarútveginn. Hæstv. ráðh. segja að vísu, að allur gengishagnaður af þessum sjávarafurðum, bæði þeim, sem þegar hafa verið framleiddar, en eru óseldar í landinu og þeim, sem framleiddar verða til áramóta, allur gengishagnaður af þeim eigi að renna til sjávarútvegsins. Ef svo væri í raun og veru, mætti e. t. v. segja, að það væri ekki margt athugavert við það að hafa hönd í bagga um, hvernig þessum gengishagnaði væri ráðstafað, sérstaklega ef Alþ. væri nú gefinn möguleiki og tóm til að setja um það nokkuð ákveðnar og fastar reglur, en það ætti ekki að vera meira og minna hangandi í lausu lofti og á valdi ráðh. að svo og svo miklu leyti að ráðstafa þessum fjármunum. En ég fæ ekki betur séð en einmitt með þessu frv. sé verið að slá því föstu, að það er verið að svipta sjávarútveginn, það er verið að svipta útgerðina ekki svo litlum hluta af þessum gengishagnaði. Það er verið þarna að seilast til allverulegs hluta af þessum gengishagnaði ríkissjóði til góða. Ríkissjóður er hér eins og víðar að næla sér í mjög verulegan gengishagnað og mun ég koma lítið eitt betur að þessu síðar.

Sú spurning, sem eðlilega vaknar fyrst, þegar maður fréttir af þessu frv., er, um hversu mikla heildarupphæð er hér að ræða. Það er að vísu rétt, sem í grg. segir, að þar getur varla verið á þessu stigi um annað að ræða en áætlunarupphæðir, meira eða minna nákvæmar, þar sem ekki er öruggt um ýmsar þær tölur, sem byggja verður niðurstöðurnar á. En í raun og veru er varla hægt að ræða þetta mál af viti fyrr en menn hafa einhverja verulega hugmynd um það, hversu mikla fjármuni hér er um að ræða, hvað ráð má gera fyrir, að heildarupphæðin sé há. Um þetta segir ekkert í grg. frv., en hæstv. ráðh. bætti nú að vísu hér nokkuð úr í framsöguræðu sinni, þar sem hann skýrði frá því, að eftir því sem næst yrði komizt, mætti áætla heildarupphæðina, sem hér gæti verið um að ræða, allt að 400 millj. kr.

Nú man ég ekki betur en það hafi heyrzt, þegar verið var að ákveða að taka þennan gengishagnað og ráðstafa honum á sérstakan hátt, þá hafi verið sagt, að í rauninni væri hér ekki um svo ýkja stóra upphæð að ræða, að það skipti mjög miklu máli, hvort útgerðarmenn nytu þessa gengishagnaðar beint eða hvort honum væri ráðstafað til ýmissa þarflegra hluta sjávarútveginum til stuðnings, eins og það var orðað þá, og mér skildist á umr. hæstv. ráðh. hér um daginn, að þarna væri að líkindum um allt aðra og minni upphæð að ræða en þó þá, sem hæstv. sjútvmrh. reiknar með nú og mér þykir líklegt, að sé engan veginn of há, heldur væntanlega fremur komi til með að reynast of lág en of há. En þegar þetta liggur fyrir, að hér muni vera um að ræða 400 millj. kr. eða þar um bil til ráðstöfunar, tel ég alveg fráleitt, að einum ráðh. skuli vera falið, í þessu tilfelli hæstv. sjútvmrh., jafnmikið vald eins og í raun og veru virðist gert með þessu frv. um ráðstöfun þessa fjár. Það eru svo margir þættir í þessu máli, sem eru aðeins ákvarðaðir með tiltölulega óákveðnu orðalagi í frv., að það virðist vera geysilega mikið vald, sem ráðh. er hér ætlað í sambandi við framkvæmd alls þessa máls, svo margþætt sem það er og svo margt, sem þar virðist vera tiltölulega óákveðið og fljótandi.

Ýmsar spurningar vakna, þegar maður fer að athuga nánar einstaka liði þessa frv. Til að mynda vildi ég spyrja í sambandi við a-lið 1. gr., þar sem talað er um að bæta útgerðinni hækkanir á rekstrarkostnaði vegna gengisbreytingarinnar við framleiðslu sjávarafurða, eftir að hið nýja gengi kom til framkvæmda, eins og það er orðað, eftir að hið nýja gengi kom til framkvæmda og til ársloka 1967. Hvernig á í rauninni að framkvæma þetta? Hvernig hefur hæstv. sjútvmrh. hugsað sér, að þetta verði í framkvæmd? Ég vil benda á, að hér er ekki um mjög einfalda hluti að ræða. Í mörgum tilfellum erum við með vöru, þar sem eru ýmsar tegundir af fiski, sem er kannske vikur og mánuði í framleiðslu, og þegar gengisfellingin er framkvæmd, er þessi vara á mjög svo mismunandi stigi. Segjum til að mynda, hvernig á að framkvæma þetta að því er varðar saltfisk? Hann er í sumum tilfellum, þegar gengið er fellt, kannske á fyrsta stigi framleiðslu, ef svo mætti segja. En það er eftir að framleiða hann sem fullunna vöru og margvíslegir kostnaðarliðir eiga eftir að koma á

fiskinn, þó að framleiðsla hans sé hafin, hann sé kominn á land og framleiðsla hans sem söluvöru sé hafin, þegar gengisfellingin verður. Hvernig á að fara að í slíkum tilfellum sem þessum? Ég tek hér aðeins eitt dæmi. Á algerlega að miða við það, sem hér virðist nú eftir orðanna hljóðan vera, að bæta skuli hækkanir eftir að hið nýja gengi kom til framkvæmda og til ársloka 1967? En hvernig ber að skilja þetta í sambandi við slíka vöru, þar sem vinnsla hennar tekur kannske mjög langan tíma frá því, að byrjað er að framleiða hana, ef svo má segja, og þangað til hún er komin í söluhæft ástand. Á að borga í þessu tilviki eftir reikningi eða hvernig á að haga þessu?

Þá vil ég í sambandi við b-, c- og d-liði segja það, að mér þótti nú, þegar ég var að athuga frv., heldur lítið af upplýsingum um þessa b-, c- og d-liði 1. gr., heldur lítið um upplýsingar um það, hversu miklar bætur væru ráðgerðar, bæði til skreiðarframleiðenda og sömuleiðis til bræðslusíldariðnaðar og annars og vegna verðfalls á frystri rækju. En ég heyrði, að í ræðu sinni gaf hæstv. ráðh. upp einhverjar áætlunartölur um þetta, og það er vitanlega til bóta. Hins vegar sýnir það, hvað frv. virðist að mörgu leyti snöggsoðið, að í grg. með því vantar jafneinfaldar og sjálfsagðar upplýsingar eins og þetta um einstaka útgjaldaliði þarna, hverjar áætlanir eru um kostnað við hvern lið fyrir sig.

Þegar kemur að f-lið 1. gr., þar sem segir, að „framlög ríkissjóðs samkv. 1., 3., 8. og 9. gr. l. nr. 4 1967 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. s. frv.“, virðist mér, að í ljós komi, að hverju stefnt er, a. m. k. öðrum þræði með þessu frv. Ég fæ ekki betur séð, enda þótt ég hafi þann fyrirvara á, að ég hef haft mjög nauman tíma til að kynna mér frv., heldur en hér sé um að ræða ýmsar þær fiskverðsuppbætur, sem voru ákveðnar með sérstökum l. snemma á þessu ári, sem hæstv. ríkisstj. tók að sér að greiða, en þessar uppbætur eigi nú að greiðast af þeim gengishagnaði sjávarútvegsins, sem um verður að ræða, eftir að gengið hefur verið fellt. Hæstv. ráðh. leiðréttir mig, ef þetta er ekki rétt skilið. En ég fæ ekki betur séð í fljótu bragði en nú eigi að taka af þessum gengishagnaði það, sem ríkissjóður var í rauninni með sérstakri löggjöf í byrjun þessa árs búinn að skuldbinda sig til að greiða.

Hér er sem sagt verið að endurtaka sögu, sem oft hefur endurtekið sig áður, að hæstv. ríkisstj. kemur og leggur fyrir Alþ. frv. um nauðsynlegar, nýjar tekjur, nýjar álögur til þess að standa straum af til að mynda verðuppbótum, í þessu tilfelli fyrir útgerðina. Síðan verður sú breyting, að annað tveggja þarf ekki á greiðslum til þessara sérstöku verkefna að halda lengur ellegar nýr tekjustofn er tekinn til þess að standa undir þeim, en þá er gamli tekjustofninn sem til þessara sérstöku verkefna átti að renna, látinn haldast, þó að gjaldaliðurinn sé greiddur af öðrum og ríkissjóður látinn hirða það, sem þó var lagt á menn í alveg sérstöku skyni til þess að standa undir alveg sérstökum tilkostnaði. Ég get ekki betur séð en hér sé verið að gera þetta, hér sé verið að taka hluta af þessum gengishagnaði sjávarútvegsins til þess að borga fiskuppbætur, sem ríkissjóður var búinn að taka á sig að greiða og búið var að leggja sérstaka skatta á til þess að standa straum af.

Þegar maður lítur hér á frv. áfram, sést, að í 2. gr. er til þess ætlazt, að verulegur hluti af þessum gengishagnaði gangi til þess að greiða hinar miklu skuldir vegna vátryggingariðgjalda fiskiskipa. Um það er í rauninni ekki mikið að segja. Þetta gengur þó til sjávarútvegsins, en raunar er það við þetta mál allt að athuga, sem hæstv. ráðh. drap nú rétt á í ræðu sinni, að allt þetta vátryggingakerfi okkar að því er varðar fiskiskipin er svo athugavert, að ég ekki segi vitlaust, að það þarf vissulega að takast algerlega til endurskoðunar og það heldur fyrr en seinna. En ég vildi þó segja, burtséð frá því, að þetta þurfi að gerast, er þó verjandi að ráðstafa hluta af gengishagnaðinum til þess að standa straum af vátryggingu fiskiskipa. En þegar aftur kemur að b-lið 2. gr., get ég ekki betur séð en hér sé enn verið að taka hlut af þessum gengishagnaði sjávarútvegsins til þess að létta á ríkissjóði eða í þessu tilfelli ríkisábyrgðasjóði, sem er nú raunar eitt og hið sama.

Eins og hæstv. ráðh. gat um, er verið að ræða um og undirbúa, að því er manni er tjáð, ýmsar skipulagsbreytingar að því er varðar hraðfrystihúsin og fiskiðnaðinn yfirleitt, skipulagsbreytingar, sem eiga að leiða til aukinnar rekstrarhagkvæmni og m. a. hefur verið um það rætt, að í sumum tilfellum þurfi að sameina hraðfrystihús eða fiskverkunarstöðvar, og það verður í ýmsum tilfellum varla eða alls ekki gert nema þá að afskrifa svo og svo mikið af skuldum og létta þannig undir með því, að þessari fyrirhuguðu hagræðingu verði komið á. Hér á sem sagt að taka til þessara brýsna nauðsynlegu verkefna hluta af þessum gengishagnaði og létta þar með til að mynda af ríkissjóði eða ríkisábyrgðasjóði byrðum sem hann hefði ella vafalaust orðið að bera í sambandi við þetta verkefni og ég vissi ekki betur en ætlunin væri, að hann bæri a. m. k. að einhverju leyti.

Ég skal ekki fara út í ýmis smáatriði, sem ég mundi nú vilja gera aths. við og fá upplýsingar um í n. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. gefi n. þær upplýsingar, sem um verður spurt, og skal þess vegna stytta þessar aths. mínar mjög og ekki fara út í hin smærri atriði, sem ég hef þó merkt hér við og gert aths. við.

Að lokum vil ég aðeins segja það um 3. gr., að hún er e. t. v. eitt gleggsta dæmið um það, hversu hraðsaumað þetta frv. er allt saman, að ég ekki segi hrákasmíði, en þar er boðuð stofnun nýs sjóðs, verðjöfnunarsjóðs. Hér er óneitanlega um að ræða stórmál, og í prinsípi vildi ég lýsa því yfir, að ég tel, að það sé mjög æskilegt, að slíkum sjóði yrði komið upp eða hefði jafnvel átt að vera búið að því fyrir löngu. Þetta er sem sagt stórmál, sem að mörgu leyti er æskilegt að komist til framkvæmda, en enn sem komið er vantar algerlega löggjöf um þennan sjóð, nema þessar fáu og ég vil segja fátæklegu setningar, sem standa í þessu frv., og þar er í rauninni bara sagt, hverjir tekjustofnar slíks sjóðs eigi að vera og að setja eigi löggjöf um slíkan sjóð. Það er boðað, að sett skuli löggjöf um slíkan sjóð, en jafnframt eru þessum sjóði ákveðnir hér með þessum

l. tekjustofnar. Og í sambandi við þá vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. sjútvmrh., þar sem talað er um í sambandi við verðjöfnunarsjóð hluta af útflutningsgjaldi sjávarafurða og gert er ráð fyrir að endurskoða l., sem þar um gilda. Er ætlunin að stórhækka útflutningsgjald af sjávarafurðum til þess að afla þessum sjóði tekna? Ef útflutningsgjaldið á að standa undir því, sem það hefur gert til þessa, þá fæ ég ekki séð, hvernig nýr sjóður fengi miklar tekjur af útflutningsgjaldi, nema það hækkaði stórlega. Og ég vil leyfa mér að spyrja: Er ætlunin að hækka útflutningsgjaldið og þá hversu mikið, eða er allt í óvissu um það eins og svo margt annað varðandi þessi mál?

Eins og ég hef vikið nokkuð að virðist mér, að þetta frv. þyrfti rækilegrar athugunar við, það sé athugavert um ýmsa hluti, og væri ekki vanþörf á, að bæði n. og síðan þinginu gæfist sæmilegt tóm til þess að fjalla um málið og sníða af frv. ýmsa agnúa, sem ég held tvímælalaust, að á því séu. En það virðist nú ekki vera ætlun hæstv. ríkisstj. að gefa Alþ. mikið tóm til þessa. En ef á að keyra þetta mál í gegn hér á örfáum dögum, vil ég segja það, að það er enn eitt dæmi þess, hversu virðingarleysi hæstv. ríkisstj. gagnvart Alþ. fer vaxandi með hverju ári, sem líður. Hér er um tiltölulega flókið og stórt mál að ræða. Það er lagt til, að hæstv. ráðh. og raunar tveir hæstv. ráðh., fjmrh. kannske ekki síður en sjútvmrh., fái að ráðskast með stórfé og gera það eftir ákaflega losaralegri löggjöf eins og hér er lagt til í þessu frv. En því nefni ég fjmrh. ekki síður en sjútvmrh., að mér sýnist, eins og ég hef bent á, að ýmis ákvæði frv. gangi inn á það að ná í svo og svo mikið af þessum gengishagnaði, sem á að renna til útgerðarinnar, í ríkissjóð. Og ég óttast það í rauninni í sambandi við þetta mál og framkvæmd þess alla, að hæstv. fjmrh. verði nokkuð harður á stalli og jafnvel fari svo, að hann aféti samráðh. sinn, hæstv. sjútvmrh., og þá menn, sem hann á að bera fyrir brjósti. Og ég spyr nú að lokum: Hvað verður eftir handa ráðh. sjávarútvegsmálanna, þegar hæstv. fjmrh. er búinn að taka þann toll af þessum gengishagnaði, sem hann er auðsjáanlega að sælast í? — [Fundarhlé.]

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er á margan hátt að því er virðist, a. m. k. við fljóta yfirsýn, ákaflega snöggsoðið, en það ber svo brátt að, að viðhafður er sami texti eins og við höfum kynnzt nú undanfarið, að þess er óskað, að umr. sé hraðað mjög, án þess að mönnum gefist nægur tími í rauninni til þess að íhuga þetta frv. og efni þess. Svo mjög er því hraðað, að það er jafnvel búið að boða nefndarfund, áður en umr. er lokið hér í hv. d. Þetta gerist nú æ tíðara hér á hv. Alþ., og virðist manni það vera heldur óheillavænleg þróun.

Frv. það, sem hér liggur fyrir um ráðstöfun á gengishagnaði vegna útfluttra sjávarafurða, er í framhaldi af því, sem verið hefur að gerast hér á Alþ. undanfarið, þ. e. breytingu á gengisskráningu hinnar íslenzku krónu. Samkv. l., sem samþ. voru 25. nóv. eftir gengisbreytinguna, skyldi gengishagnaðinum ráðstafað með sérstökum l. í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði. En samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, virðist ætlunin að sniðganga fjárveitingarvald Alþ. frekar en nokkru sinni fyrr. Þýðingarmiklum og mjög yfirgripsmiklum frv. er kastað inn í Alþ., og eins og ég sagði áðan virðast þau vera mjög snöggsoðin og lítill tími til umr. og athugana. Það virðist eiga að keyra þetta gegnum deildir þingsins og er það heldur óheillavænleg þróun. Við þetta bætist svo, að hér er verið að ráðstafa milljónahundruðum, enginn veit í raun og veru, hve há upphæðin er, og það er falið ráðh., og þar með er Alþ. sniðgengið og engin samráð höfð við samtök útvegs eða frystiiðnaðarins, sem þó virðist eiga fullan rétt á að fjalla um þetta. Margt í þessu frv. virðist vera a. m. k. við fyrstu yfirsýn ákaflega óljóst, m. a. er það eftirtektarvert, að þar er engin upphæð nefnd í raun og veru. Hins vegar bætti ráðh. nokkuð úr. Hann gaf hér upp áætlaðar upphæðir í sambandi við gengishagnaðinn. En það er ekkert talað um það í frv., hvernig eigi að skipta þessu að krónutölu.

Áður en gengishagnaðarsjóðurinn er stofnaður, á að greiða allverulegar upphæðir, sem ráðh. skal ákvarða um, af gengishagnaðinum. Hér er, eins og áður var á minnzt, sá háttur hafður á, að sífellt færist í vöxt að taka ákvörðunarvaldið af Alþ. Í a-lið 1. gr. hefst upptalning á því, sem greiða skal, að vísu nokkuð óljós og ekki nákvæm. Þar er æði mörgu sleppt og óljóst um annað. Það kom hér áðan fram fsp. frá hv. 5. þm. Reykn. um saltfiskinn, hvernig meta bæri framleiðslukostnað hans. Hvernig verður það með mann, sem saltar fisk 18. nóv., og hinn, sem saltar fiskinn 20. nóv., og nákvæmlega jafnmikill kostnaður á eftir að hlaðast á hjá báðum aðilunum til ársloka? Annar á að fá allt greitt, en hinn ekkert. Sama væri hægt að nefna um saltsíldina og ýmislegt annað. Það væri dálítið fróðlegt að fá nánari skilgreiningu á, hvernig ætti að framkvæma þessi atriði.

Það, sem vekur athygli, þegar maður lítur á a-lið 1. gr., er það, að ein grein sjávarútvegsins er þar ekki nefnd og koma þó ýmsar stofnanir, ef ég mætti orða það þannig, við sögu hér í þessu frv. Það, sem ég á við, er það, að þeirri atvinnugrein, sem stendur undir allri hráefnisöfluninni, bátaútveginum, skal ekki bæta neitt þann kostnaðarauka, sem verður af gengisfellingunni. Útgerðarmenn skulu, óbætt, þurfa að greiða hærri olíu, dýrari veiðarfæri, dýrari varahluti og hærri vinnulaun og þó er bátaútvegurinn sú grein sjávarútvegsins, sem lakast hefur verið búið að fram að þessu og er þó undirstaða frystiiðnaðarins að langmestu leyti. Útgerðarmenn bátanna eru þannig settir, að þeir geta hvorki greitt vexti né afborganir og raunar heldur ekki samið um gjaldfallnar skuldir, sem þeir hafa átt kost á, af þeirri einföldu ástæðu, að þeir hafa engar auknar tryggingar að bjóða. En þessi þýðingarmikla grein sjávarútvegsins virðist eiga að vera í algeru svelti áfram, eins og hún hefur verið hingað til. Nú blasir það við, að samningar eru lausir við sjómannasamtökin um áramótin. Ekkert samkomulag er um verð á fiski. Í fáum orðum sagt, það er enginn rekstrargrundvöllur fyrir bátana. Mér finnst það skjóta dálítið skökku við, þegar verið er að tala um rekstrargrundvöll frystihús-

anna, áður en nokkuð er vitað um það, hvort unnt er að gera út nokkurn bát. Frystihúsin verða þó tæplega rekin, án þess að bátarnir leggi upp hráefnið.

Í b-lið 1. gr. er rætt um skreiðina, og d-liðurinn er um rækjuna. Um báða þessa liði er það sama að segja, að það er óljóst, um hvaða upphæð er að ræða. Það væri t. d. fróðlegt að vita það í sambandi við rækjuna, þó að það sé ekki ýkja há upphæð, við hvað bætur eiga að miðast. Þegar verð var ákveðið á rækju á s. l. hausti, var rækjuframleiðendum gefið fyrirheit um, að þeim skyldi bætt verðfall á rækjunni, sem varð á árinu 1966—1967. En þá var, ef ég man rétt, og verð ég þá væntanlega leiðréttur, ef ég fer þar með rangt mál, miðað við 10. nóv. En 10. nóv. voru í landinu töluverðar birgðir af óseldri rækju, og nú væri fróðlegt að vita, hvort miðað væri við það, að bæta ætti alla þá rækju, þ. e. þær birgðir, sem framleiddar voru fyrir 10. nóv., áður en haustvertíðin hófst, eða hvort þetta er bara miðað við rækjuaflann, eftir að veiðar hófust nú í haust. Það virðist með þetta eins og margt annað vera nokkuð óljóst í frv., hvernig ráðh. getur ráðstafað þessu að eigin vild.

Svipuðu máli gegnir um bætur til bræðslusíldariðnaðarins. Það kemur fram í grg. hér, að þegar nýtt verðlagstímabil hófst 1. okt., hafi verksmiðjunum á Norður- og Austurlandi verið heitið einhverri fyrirgreiðslu til þess að þær greiddu áfram sama verð og var á fyrra verðlagstímabili. Nú er ekkert nánar tiltekið um það, hvað þetta getur orðið mikið. Ráðh. gat þess hér áðan, að þetta gæti orðið ca. 10 millj. Ég er ekki svo kunnugur málinu, að ég geti neitt um það sagt, hvort þessi upphæð er rétt, en ef við lítum á heildarupphæðina, 400 millj., sem gengishagnaðurinn á að vera, hef ég tilhneigingu til að trúa því, að þessi upphæð sé of lág, eins og ég tel, að 400 millj. séu of lágar.

Í f-lið þessa frv. er talað um framlag ríkissjóðs samkv. 1., 3., 8. og 9. gr. l. nr. 4 1967, þ. e. l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Þá voru samþ. lög, þar sem ríkisstj. var heimilað að standa straum af ýmsum greiðslum til sjávarútvegsins, eins og segir í þessum l. Það var m. a. verðhækkun til bátanna, 5% mánuðina marz og apríl, en 11% aðra mánuði ársins. Þá var heimilt að verja 20 millj. til að verðbæta línu- og handfærafisk. Enn fremur var heimilt að leggja fram 50 millj., sem verja á til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Allt þetta var gert með sérstökum l. og ákveðin fjárveiting fyrir hendi. En nú skal krefja inn þetta fé aftur og það er ríkissjóður, sem á að fá þessa endurgreiðslu. Mér er ekki kunnugt um, a. m. k. ekki enn þá, að reiknað sé með þessari upphæð, 60 millj. Áætlaði hæstv. sjútvmrh. þetta? Mér er ekki kunnugt um, að hann reikni með þessu sem tekjum á fjárl. ríkisins. Eftir því ætti þetta aðeins að verða eyðslueyrir hjá hæstv. fjmrh. og koma ríkissjóði til góða. Þarna er opnuð ein af þeim mörgu smugum, sem eru í þessu frv. um það, að ríkissjóður geti heimt fé af þessum gengishagnaði. Þarna í þessu eina tilfelli er um að ræða einar 60 millj., og virðist það ekki ná neinni átt, að slíkt geti átt sér stað.

Í sambandi við þennan f-lið segir í grg.: „Verður því að gera ráð fyrir, að framlög til þeirrar framleiðslu, sem nýtur gengishagnaðar, endurgreiðist af þeim hagnaði, svo að ekki sé greitt tvisvar með sömu framleiðslunni.“ Ég verð nú að játa það, að ég fæ ekki almennilegan botn í þessar setningar. Ég held, að það sé engin framleiðsla eða mér er ekki kunnugt um það enn þá, að það sé nokkur framleiðsla, sem nýtur gengishagnaðar. Ég held, að það sé tekið fram í l., að allar afurðir skuli afreiknaðar á gamla genginu, sem gilti fyrir 19. nóv., og það á að gera af framleiðslunni, sem verður eftir gengisfellinguna fram að áramótum og áfram, meðan verið er að flytja úr allar framleiðsluvörur ársins 1967. En eins og ég segi, fæ ég ekki almennilegan botn í þessa skilgreiningu og vildi gjarnan, að við fengjum a. m. k. skýringu á þessu í þeirri n., sem kemur til með að fjalla um þetta mál. En ég tel, að í f-liðnum sé verið að innheimta fé, sem ríkissjóður er búinn að gera ráð fyrir annars staðar, að verði greitt samkv. l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Í sambandi við það, sem ég minntist á áðan, framkvæmd þessara l., segir þarna síðast í 1. gr., að framkvæmd á ákvæðum a—d-liða þessarar gr. fari eftir ákvörðun sjútvmrh. Eins og ég sagði áðan, finnst mér þess vera farið að gæta fullmikið hér á hv. Alþ., að verið sé að taka raunveruleg völd af Alþ. Mér þætti miklu eðlilegra, að þessu væri þannig varið, að þetta færi eftir nánari ákvörðun Alþ. og sjútvmrh. legði svo fyrir Alþ. till. sínar um, hvernig þessu yrði ráðstafað. Mér fyndist það miklu eðlilegri gangur, ekki sízt í svona stóru máli, þar sem verið er að ráðstafa hundruðum millj. kr.

Í sambandi við 2. gr. frv. kemur að gengishagnaðarsjóðnum, þegar búið er að inna af höndum þær greiðslur, sem segir í 1. gr., og þá er heimilt að ráðstafa gengishagnaðarsjóðnum, eins og hér segir í frv.: „Allt að ¼ til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa.“ Hæstv. sjútvmrh. gerði grein fyrir því áðan, og ef ég man rétt, áætlaði hann það ca. 65 millj. kr. Ég held, að ég fari þar með rétt mál, að þegar útflutningssjóðnum var komið á fót og því kerfi, sem vátryggingariðgjöldin eru greidd eftir, hafi verið reiknað með, að fundin væri einhver leið, sem ekki þyrfti að breyta, það væri búið að setja þetta upp í kerfi, sem ekki ætti að þurfa að vera að breyta ár frá ári, jafnvel þótt um verðsveiflur á afurðum yrði að ræða, því að ef kynni að vanta upp á þessa greiðslu, mundi ríkissjóður koma til skjalanna, en útflutningsatvinnuvegirnir ættu ekki að þurfa að standa straum af hærri upphæðum en tilskilið var í upphafi. Svo að þarna virðist nú koma dálítið önnur aðferð fram.

Samkv. b-liðnum á allt að ¼ að ganga til Fiskveiðasjóðs Íslands og ríkisábyrgðasjóðs til að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar. Þarna er ríkisábyrgðasjóði skotið inn. Mér er ekki ljóst, hvernig það er hugsað, hvort það er hugsað þannig, að fiskveiðasjóður og ríkisábyrgðasjóður eigi að gefa eftir eitthvað af skuldum eða ekki. Í sambandi við þennan lið er dálítið fróðlegt að athuga það, að í vor — það var rétt í kringum kosningarnar, það var í júnímánuði, — var óskað eftir skýrslum frá frystihúsunum og þær voru heimtaðar

með miklu hraði, því að nú átti að setja kraft á þetta og afgreiða málin mjög fljótt. Það voru heimtaðir efnahagsreikningar af ýmsum fyrirtækjum og þeim fyrirskipað að senda það fyrir tiltekinn mánaðardag, því að nú skyldi hafa hraðan á. Síðan þá hefur a. m. k. opinberlega ekki verið haft mjög hátt um þetta atriði.

Því miður hefur það verið þannig að undanförnu, að það hefur verið safnað skýrslum og gögnum, sem í sjálfu sér er auðvitað bæði nauðsynlegt og gott, en það hefur tekið svo langan tíma að vinna úr þessu, að þegar loksins hefur komið að tillögugerð í sambandi við þetta, hafa í rauninni þau drög, sem búið var að safna, verið orðin úrelt. Þegar safnað er skýrslum fyrir einu ári og till. til úrbóta miðaðar við það ástand, sem þá var, eru till. orðnar úreltar í dag. Það er staðreynd, sem við okkur blasir. Í sambandi við þessa skýrslusöfnun held ég, að ég fari þar með rétt mál, að það sé búið að meta verulegan hluta af fyrirtækjunum, en ég held, að sú n., sem átti í lokin að fjalla um þetta og leggja blessun sína yfir og gera till., sé ekki farin að fjalla um eina einustu umsókn. Hraðinn hefur nú ekki verið meiri en það. Ég held, að þetta sé rétt hjá mér, að það sé ekki ein einasta umsókn komin á það stig, að sú n., sem endanlega átti um þetta að fjalla, og í voru tveir aðilar frá fiskvinnslusamtökunum og þrír aðilar frá bönkum, sú n. hafi ekki enn fengið þessi gögn í hendur. Þetta eru að vísu nokkuð hægfara vinnubrögð og því miður allt of hægfara gagnvart fiskvinnslufyrirtækjunum í því ástandi, sem þau eru í dag.

Ríkisábyrgðasjóðurinn kann kannske við uppbyggingu og endurskipulagningu þessa frystiiðnaðar að þurfa að gefa eftir eitthvað af skuldum. En meðan það mál er ekki komið lengra, finnst mér harla ósanngjarnt að fara að hirða gengishagnaðinn af útflutningsatvinnuvegunum til þess að ráðstafa í sjóð, sem ekkert er vitað enn um, hvað þarf á miklu fjármagni að halda. Mér fyndist vera miklu nær og um það mun verða flutt brtt., að í staðinn fyrir að verja þessu til ríkisábyrgðasjóðs yrði þessu t. d. varið til handa bátaflotanum, þannig að hluti af þessu gengi til bátaflotans og sá hluti yrði notaður til þess að greiða vexti og/eða afborganir af lánum hjá fiskveiðasjóði, því að fiskveiðasjóður er að sjálfsögðu í mikilli þröng. En þá fær hann þó lausa peninga, ef þetta yrði notað til þess að greiða þetta, og bátaútvegurinn er miklu betur að því kominn en ríkisábyrgðasjóður að fá einhvern hluta af þessum gengishagnaði.

Þá er gert ráð fyrir því í c-lið 2. gr., að allt að ¼ gangi til sérstaks gengisjöfnunarsjóðs við Fiskveiðasjóð Íslands. Við undanfarandi gengisfellingar mun sá háttur hafa verið á hafður, að fiskveiðasjóður hefur lánað til viðbótar ⅔ af gengislækkuninni eða ⅔ af hækkuninni, sem varð á erlendu lánunum. Hér er ekki gert ráð fyrir sama hætti, en ég teldi það sanngjarnt og eðlilegt, að bátarnir fengju lán sem svaraði þessu, að sá háttur yrði á hafður áfram, sem verið hefur undanfarið í svipuðum tilfellum, þannig að bátaeigendurnir bæru sjálfir strax ⅓ af þessu, en fengju lánaða ⅔ hluta hækkunarinnar. Það verður sjálfsagt ákaflega erfitt, jafnvel þó að erlendu bátarnir hafi verið eitthvað ódýrari en þeir íslenzku, þá verður það sjálfsagt erfitt fyrir fjöldamarga bátaeigendur að standa undir þeirri hækkun, sem orðið hefur á bátunum vegna gengisfellingarinnar. Sá bátafloti, sem komið hefur til landsins nú á undanförnum 2—3 árum, á eftir að borga verulegan hluta af sínum erlendu lánum, því að þau eru öll til 7 ára og fyrsta árið er ekki borgað af neinu skipi, þannig að þetta skiptir sjálfsagt hundruðum millj. eða 1—2 hundruðum millj., sem þarna er um að ræða. Og það væri ekki óeðlilegt, að gengið yrði til móts við þá á þennan hátt.

En það er annað í sambandi við gengisfellinguna líka. Það er fleira en bátarnir, sem koma þar til. Fjöldinn allur af útgerðarmönnum hefur keypt síldarnætur, látið lengja skip sín, keypt nýjar vélar og annað. Það er ekki gert ráð fyrir því, a. m. k. verður það ekki séð, að neitt sé komið til móts við þessa aðila og er þó um verulegt áfall að ræða, a. m. k. fyrir þá aðila, sem hafa keypt síldarnæturnar nú undanfarið og notað þær og eiga eftir að greiða verulegan hluta af andvirði þeirra, því að yfirleitt hafa þessar síldarnætur verið keyptar með greiðslufresti.

Það er, eins og ég sagði áðan, ýmislegt í þessu frv., sem er nokkuð óljóst. Væntanlega skýrist það í meðförunum í n., — og ég fæ væntanlega þær upplýsingar, sem ég hef innt ráðh. eftir í sambandi við nefndarstörfin, svo að ég get farið að stytta mál mitt verulega í sambandi við þetta. Ég vil bara að lokum segja það, að þetta frv. virðist vera með nokkuð flaustursleg um hætti samið á ýmsan hátt, og eru þó í því veigamikil atriði, sem þyrftu nákvæmrar og glöggrar athugunar við, t. d. í sambandi við verðjöfnunarsjóðinn, sem er gott og þarft mál. Mér sýnist hreinlega kastað til þess höndunum og ekki neitt komi fram, sem hönd er á festandi, því að það er minnzt á þetta með örfáum orðum, en þetta er sannarlega mál, sem þyrfti virkilega að ganga þannig frá, að ekki svifi allt í lausu lofti.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það væri e. t. v. ástæða til að fara rækilegar út í einstök atriði, sem ég taldi þó, að ég hefði minnzt á í minni framsöguræðu, en virðast hafa farið fram hjá mönnum að einhverju leyti í þessum umr., en ég skal þó ekki fara út í smæstu atriði, þar sem ég veit, að form. þeirrar hv. n., sem málið fær til meðferðar, hefur þegar gert ráðstafanir til að allar þær upplýsingar, sem nm. kunna að óska, verði til reiðu í n. frá þeim, sem að þessari frv.-smið hafa staðið, og geymi mér það þá til síðari umr. málsins.

Varðandi þessi almennu atriði, sem hv. þm. hafa komið inn á, vil ég nú aðeins minna á, að það var ekki íslenzka ríkisstj., sem ákvað tímasetningu á falli enska sterlingspundsins. Gengislækkunin íslenzka átti sér stað 24. sept. s. l., og ég hygg, að þeir menn, sem að nauðsynlegum frv.-smíðum hafa staðið síðan ásamt ráðh., verði ekki með réttu sakaðir um að hafa legið á liði sínu við að koma þeim frv. saman og fyrir þing svo skjótt sem mögulegt hefur verið og nauðsynlegt er, ekki bara vegna gengislækkunarinnar einnar og ekki vegna jólaleyfis þm., heldur fyrst og fremst vegna þeirra kaflaskipta, sem eru í íslenzku atvinnulífi um áramótin og snerta þessi

mál mjög mikið. Það er vegna þeirra, sem svo brýna nauðsyn ber til að ganga svo snögglega frá þeim frv., sem þessum atvinnuveg, ísl. sjávarútvegi, eru tengd, og ef að líkum lætur og vonandi verður, ætti að hefja vertíð fljótlega eftir áramótin. Þetta er meginástæðan til þess, að frv. hefur borið svo skjótt að, og er að því leyti sannleikur, að þau geta að ýmsu leyti talizt snöggsoðin. En mér er sem ég sjái hv. stjórnarandstæðinga, ef ríkisstj. hefði dregið þessa frv.-smíð fram yfir áramótin og látið allt leika í þeirri endalausu óvissu, sem hefði óhjákvæmilega gengið út yfir hinn mikilvæga atvinnuveg, sjávarútveginn, sem svo mjög er þessu máli tengdur. Frekar kýs hún þess vegna að liggja undir ásökunum um það að reka á eftir málum hér á hv. Alþ. en að láta það dragast úr hömlu að sýna þessi frv. En ég veit alveg, hverjar ádeilurnar hefðu orðið, ef frv. hefði ekki komið fram.

Annað almennt atriði vil ég einnig minnast á, sem kom fram í ræðum beggja hv. stjórnarandstæðinga, en það er, að með þessu frv. sé verið að seilast í hugsanlegar tekjur sjávarútvegsins öðrum aðilum til handa og þá sér í lagi ríkissjóði, eins og hér hefur verið minnzt á. Meginstefna þessa frv. er sú, að ekki ein einasta króna fari út úr sjávarútveginum sjálfum. Hitt er rétt, að ýmsir þeir styrkir, sem í gangi hafa verið á s. l. árum, eru felldir niður. Og vill nokkur hv. þdm. leggja það til, að hvoru tveggja sé haldið uppi, þeim gengishagnaði, sem hér er gert ráð fyrir að renni til sjávarútvegsins, og þeim föstu styrkjum, sem veittir hafa verið á því tímabili, sem þeir hafa gilt undanfarin ár? Ég efast um, að svo sé. Að þessu sögðu ætla ég að neita mér um að fara út í einstök atriði í þessu sambandi í trausti þess, eins og ég áðan sagði, að hv. þm. fái allar þær upplýsingar, sem þeir óska eftir, frá n., en mun þá koma inn á þessi atriði á síðari stigum málsins, ef nauðsyn krefur.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil, áður en þessari umr. er lokið, leyfa mér að taka undir þau mótmæli, er hér hafa komið fram gegn þeirri málsmeðferð, sem hér er fyrirhuguð. En þetta frv. er lagt fram á þingi í gær, því útbýtt þá, og höfð framsaga um það í dag, sem ekkert er við að athuga. En jafnframt fylgja því tilmæli frá hæstv. sjútvmrh. um, að afgreiðslu þess verði hraðað svo sem kostur er. Og þessum tilmælum hæstv. sjútvmrh. er svo rækilega fylgt, að formaður sjútvn. boðar til fundar á ákveðnum tíma, kl. 5, á meðan umr. stendur enn yfir í d. og áður en þessu máli hefur verið vísað til nokkurrar þn. Þetta eru fráleit vinnubrögð, og ber að víta þau, og ég vil ekki láta málið fara hér fram hjá, án þess að það sé vakin athygli á þessu og það sé reynt að sporna við þessum vinnubrögðum.

Hæstv. sjútvmrh. hefur gert tilraun til þess að réttlæta þessi tilmæli sín. Hann hefur sagt, að eins og þingheimi sé kunnugt, hafi gengi íslenzku krónunnar eða fyrst enska pundsins verið fellt 24. nóv. og það sé nú nokkuð skammur tími liðinn síðan, og því sé ekki hægt að saka ríkisstj. um það, að hún hafi brugðið við svo skjótt sem kostur var og látið semja eða samið þau frv., sem nauðsynleg eru vegna þessarar gengisfellingar. Það er bara því til að svara, að þetta gildir ekki aðeins um sjávarútvegsmál og ekki aðeins um afgreiðslu þeirra mála, sem nauðsynleg eru vegna einhverra kaflaskipta í sjávarútvegi. Það eru æ ofan í æ nú allra síðustu daga borin fram frv. hér á Alþ. af stjórnarinnar hálfu, sem þessi sama formúla er látin fylgja, að það er óskað eftir því, að þeim sé hraðað sem mest, og n. gefst naumast tími til þess að athuga þau á þann hátt, sem ætlazt er til og venja hefur verið áður um athugun í n. Það er enginn tími til að kanna þessi mál til hlítar, enginn tími til að senda þau til umsagnar, en það á að afgreiða þau af skyndingu.

Ég verð að segja, að þetta gildir ekki, eins og ég sagði, aðeins um sjávarútvegsmál, heldur og um það frv., sem hér var til meðferðar áður í dag varðandi landbúnaðarmál. Það gildir um ýmis skattamál og það gildir um fleiri mál. Mér þykir skjóta hér nokkuð skökku við varðandi vinnubrögð Alþ. að öðru leyti. Ég veit ekki betur en að svo að segja hvert stjfrv. á fætur öðru sé afgr. með hraði og hafi verið afgr. með hraði hér á Alþ. að undanförnu. En hvað um þmfrv.? Eiga þau ekki eins skjótan og greiðan aðgang í gegnum þingið? Nei, ekki aldeilis. Mig minnir, að hér í þessari hv. d. hafi ekki verið skilað nál. enn þá um eitt einasta þmfrv. Ég verð leiðréttur, ef mig misminnir þetta. Þetta eru dálítið einkennileg og athyglisverð vinnubrögð. Það er með þessum þingvinnubrögðum verið að gera Alþ. að afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj. Alþ. var það ekki áður, og það er ömurlegt að hugsa til þess, ef það á að liggja fyrir Alþ. í framtíðinni að verða aðeins afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj. á hverjum tíma.

Þessi málsmeðferð, sem hér er við höfð, er þeim mun vítaverðari, að þegar gengið var fellt á sínum tíma, var haft samráð um vissa hluti við stjórnarandstöðuna og henni sýnt það frv., sem þá stóð til að leggja fyrir Alþ. um gengisráðstafanir, og sem yfir var lýst af hæstv. forsrh., að hefði aðeins inni að halda tæknilegar ráðstafanir, sem nauðsynlegar væru vegna gengisfellingarinnar. Í því frv. var að vísu sagt, að gengishagnaður, sem yrði af útfluttum vörum á tímabilinu frá því að gengisfellingin átti sér stað og til áramóta, skyldi lagður á sérstakan reikning, en það var skýrt tekið fram í þeim tölum, og það var skýrt undirstrikað af forsrh., að þessum gengishagnaði yrði síðar ráðstafað með l. Nú, hvað er um að tala, spyrja menn? Er ekki verið að ráðstafa þessu með l. núna? Er ekki verið að ráðstafa þessum gengishagnaði með þessu lagafrv., sem hér liggur fyrir? Ég held nú, að efni þessa frv. hefði mjög auðveldlega mátt koma fyrir í frv. um gengisráðstöfun á sínum tíma. Og ég held, að það væri mjög auðvelt að koma efni þessa frv. fyrir í styttra máli en hér er gert, og ég held, að það hefði ekki þurft neinar 3 vikur til þess að semja það frv. Það frv. mætti orða á þessa leið: „Fé á gengisreikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum skal lagt í gengishagnaðarsjóð. Þeim gengishagnaðarsjóði skal varið í þágu sjávarútvegsins. Sjútvmrh. fer með úthlutun úr gengishagnaðarsjóði.“ Þetta væri styttra og að ég álít betra lagamál og kjarnyrtara að koma þessu fyrir á þennan veg. Og það mundi vera miklu betra fyrir hæstv. ráðh. að skýra það en það frv., sem hér liggur fyrir og nokkuð hefur staðið í

honum að skýra. (Gripið fram í.) Ég mundi segja til um það, þegar ég sæi það. En maður gefur ekki fyrirfram yfirlýsingar um það, fyrr en málið kemur fram. En sannleikurinn er sá, að þegar þetta frv. er skoðað niður í kjölinn, er þar margt, sem þörf væri að ræða, en ég skal ekki fara langt út í efni þess, af því að það hefur verið gert af þeim, sem hér hafa talað á undan, en ég vildi aðeins með þessum orðum minum undirstrika það, að þessi vinnubrögð, sem hér eru viðhöfð, eru ekki viðhöfð af neinni nauðsyn. Þetta frv. hefði mátt semja á einni dagstund og leggja það síðan fram, það þarf enga vinnu að leggja í þetta frv., enda hefur engin vinna verið lögð í það. Frv. ber það með sér og hæstv. sjútvmrh. hefur í raun og veru með þögninni viðurkennt það, vegna þess að hann hefur ekki getað svarað þeim spurningum, sem til hans hefur verið beint, og ég er ekkert að álasa honum fyrir það, því að menn hafa alls ekki gert sér málið ljóst. Málið er ekkert ljósara eftir samþ. þessa frv. en það var áður. Það er þannig lagað, þetta frv.

En eins og ég sagði, ætla ég ekki að eyða löngum tíma í að fara út í efni þessa frv. En ég vildi undirstrika mótmælin, sem hafa komið fram gegn þessari málsmeðferð, og ég vil biðja hv. þdm. að staldra við og íhuga, hvernig er farið að fara með Alþ., og það er ekki víst, að Alþ. hafi efni á því um þessar mundir að tileinka sér þvílíka starfsháttu. Vegur Alþ. er því miður ekki of mikill hjá þjóðinni nú. Það er illa farið, því að Alþ. ætti að vera að réttu lagi, bæði vegna sögu sinnar og fyrir annarra hluta sakir, virðingarmesta stofnun íslenzku þjóðarinnar. En ég held t. d., að hv. stjórnarmenn hefðu gott af að kynna sér vikulega yfirlit, sem þingfréttaritari aðalstjórnarblaðsins ritar í sitt blað. Ég sé ekki betur en í hverjum einasta pistli séu minni eða stærri títuprjónsstungur til Alþ. og að því látið liggja, hversu vegur þess nú sé smár og minnkandi. Það má segja, að bragð sé að, þá barnið finnur. Það er vissulega. Ég álít, að Alþ. hafi ekki ráð á því nú að láta leika sig svona. En með svona vinnubrögðum er verið að smækka Alþ., lækka virðingu þess. Það getur verið, að það sé meiningin með svona vinnubrögðum og svona óbilgirni, sem þau bera vott um, að sýna stjórnarandstöðunni einhverja lítilsvirðingu. En það er ekki það, sem máli skiptir, og það er ekki það, sem verið er að gera með þessu. Það er verið að sýna Alþ. og alþm. öllum lítilsvirðingu, ekkert síður stjórnarsinnum, sem á að ala upp í því að vera ekkert annað en strámenn, sem rétta upp hendurnar í hvert skipti, sem stjórnin togar í spottann. Vegur Alþ. verður ekki mikill, ef hér verða aldir upp menn, sem aldrei geta látið örla á hjá sér sjálfstæðri skoðun.

Það er að sjálfsögðu svo, að það eru auðvitað allir með því, að þessum gengishagnaði, sem hér er um að ræða, sé varið í þágu sjávarútvegsins. Það er ekki nema sjálfsagður hlutur. Sjávarútvegurinn á þetta fé. Það er af honum tekið. Það er skattur, sem á hann er lagður. Það er verðjöfnunargjald, getum við sagt, en ég lærði það á sínum tíma af hæstv. forsrh., þegar hann var að kenna mér stjórnlagafræði, að verðjöfnunargjald mundi því aðeins fá staðizt, að það væri lagt á eftir svipuðum reglum og um það giltu svipaðar grundvallarreglur eins og skatta. Og þetta hef ég auðvitað tuggið upp eftir honum síðan og kennt, og ég ætla að vona, að það standist. Það verða að gilda um verðjöfnunargjald svipaðar grundvallarreglur eins og um skatta. Það liggur í augum uppi. Það er ekki hægt að fara í kringum ákvæði stjórnarskrár með því að fara að kalla skattheimtu verðjöfnunargjald, og þarna hefur verið tekinn skattur af útgerðinni. Ég vil þá segja meira en skattur. Ég vil segja, það er í rauninni gert upptækt fé. Það væri hægt að segja, ef sjávarútvegurinn ætti ekki aftur að fá þetta fé, að fé hans væri gert upptækt, því að auðvitað er það eðlilega og venjulega, að þegar um gengisfellingu er að ræða, nýtur strax sá, sem afurðir á og út flytur og selur eftir það tímamark, þess verðauka, sem gengisfellingin hefur í för með sér. Frá því hefur hér verið vikið og tekin upphæð af honum um ákveðið tímabil í því skyni að greiða honum féð aftur. En hann á að fá það aftur eftir vissum verðjöfnunarreglum. Ég vil alls ekki segja, að þetta sé fráleit hugmynd, alls ekki. Ég álít, að það gæti út af fyrir sig vel staðizt og gæti verið eðlilegt að taka þannig nokkuð og verðjafna. En þá er það auðvitað, að það á að setja lög um það efni, hvernig þessu fé skuli úthlutað og varið í þágu sjávarútvegsins. Þetta er engin lagasetning að leggja það allt á vald sjútvmrh. En í raun og veru er þetta frv. alveg botnlaust. Það er, ef skoðað er niður í kjölinn, allt lagt á vald sjútvmrh. eða nær allt, vegna þess að þær takmarkanir eða þær orðanir, sem gerðar eru í l., eru nánast ekkert annað í flestum tilfellum en stefnuyfirlýsingar, frómar stefnuyfirlýsingar Alþ., en sjútvmrh. er ekki bundinn við þær. Hann getur ráðstafað þessu eins og hann kýs. Hann á að meta það t. d., eins og hér hefur verið rækilega sýnt fram á, hverjar hækkanir á reksturskostnaði á að bæta. Hann hefur alveg frjálsar hendur um það. Hann á að greiða skreiðarframleiðendum bætur vegna markaðsörðugleika. Ekki eitt orð um það, hve mikilli upphæð á að verja til þess arna eða hvernig nánar á að afmarka það, allt lagt í vald hans. (Gripið fram í.) Jú, jú, ég kem að því seinna. Ja, ég heyrði hana nú því miður ekki alla, en ég fékk svona hugmynd um hana. (**Gripið fram í:** Mér heyrðist það.) Já, eftir öðrum leiðum. Ég skal athuga það seinna. En það er alveg rétt, að hæstv. ráðh. var með áætlun um það, að það mundu fara 35 millj. í hækkanir á rekstrarkostnaði, 12 millj. í bætur til skreiðarframleiðenda, 10 í bætur til bræðslusíldariðnaðar o. s. frv. En heldur hæstv. sjútvmrh., að það séu einhver lög, þó að hann gefi hv. Alþ. upp svona tölur? Hann er ekkert bundinn af því, enda mun hann hafa sagt, að þarna væri um áætlanir að ræða. (**Sjútvmrh.:** Áætlunartölur.) Áætlunartölur. En alveg sama, þó að það hefðu engar áætlunartölur verið, þá hefði það ekkert lagalegt gildi þannig, hvað ráðh. segir um þetta. Hann hefur eftir l. frjálsar hendur um þetta, og það eru l., sem gilda. Ef menn vilja taka þetta vald af honum og ráðh. vill hafa það svo og standa við þessi orð, þá er að setja inn þessar tölur. Það er einfalt mál.

Og þannig mætti náttúrlega halda áfram í þessum dúr, því að þetta er allt, eins og ég sagði, þetta er allt botnlaust, þannig að það er allt lagt

á vald ráðh. að fráskildum kannske þessum e- og f-liðum í 1. gr., sem má segja, að séu meira ákveðnir. Það sama má vitaskuld segja bæði um 2. og 3. gr. Það er verið að segja það í 2. gr., að gengishagnaðarsjóði megi ráðstafa til ákveðinna hluta, sem eru náttúrlega þó mjög teygjanlegir, eins og að greiða til Fiskveiðasjóðs Íslands og ríkisábyrgðasjóðs til að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins og framleiðniaukningar, sem er náttúrlega heldur teygjanlegt. En það segir bara, að það megi verja allt að ¼ til þessara hluta. En þá er ekkert vitað, hvaða upphæð verður afgangs, eftir að úthlutað hefur verið eftir 1. gr. Og þannig er haldið áfram. Og svo er rúsínan í pylsuendanum þarna, að það á svo með afganginum að stofna verðjöfnunarsjóð. En það veit enginn, hver afgangur verður. Það getur verið ágæt hugmynd að stofna verðjöfnunarsjóð. En ég held, að um hann gildi einmitt þetta, sem ég hef verið að reyna að segja, að það er vitaskuld alveg ófært, að til hans sé stofnað, nema lagðar séu línur nokkuð nákvæmar um það, hvernig hann skuli úr garði gerður, því að hér er um ákaflega viðkvæm mál að tefla, eins og auðvitað er. Það er tekið af A og aftur úthlutað til B og ég held, að það sé ekki hægt að gera svona hluti bara eftir geðþótta. Það verður að vera ákveðið kerfi í því og ákveðinn skyldleiki, að ég held, milli þeirra greina, sem á að jafna á milli. Ég held, að það sé naumast stætt á öðru, og ég held, að það sé ekki hægt að stofna þvílíkan sjóð, nema áður hafi verið gerð nokkur grein fyrir því, hvernig þessar línur skuli lagðar. Þetta er nú ljóst. Þetta er nú þeim mönnum, sem að þessu frv. standa, nokkurn veginn ljóst, vegna þess að þeir gera ráð fyrir því, að það þurfi svo, eftir að þessi lög hafa verið samþ. og afgreidd, að setja sérstök lög um þennan verðjöfnunarsjóð. Ég fellst á það, það verður nauðsyn að gera það. En það er þá bara vonandi, að ekki fari eins með þá lagasetningu eins og lagasetninguna, sem boðuð var með l. um gengisráðstafanir. Það átti svo sem að setja lög um gengisreikninginn og gengissjóðinn, og efndirnar á því loforði eru þessar, sem hér liggja fyrir.

Það liggur af minni hálfu ekki út af fyrir sig nokkurt vantraust í því á hendur hæstv. sjútvmrh., að ég vil ekki fela honum þetta vald. Ég hef enga ástæðu til annars en ætla, að hann mundi samvizkusamlega vinna að þessum málum. En þarna er um það að ræða að verja 400 millj. kr. Ég vil ekki veita neinum ráðh. vald til þess að ráðskast með þvílíka upphæð, og það er alveg í ósamræmi við þær grundvallarreglur, sem settar eru um fjárstjórn okkar ríkis, nefnilega þær, að það er Alþ., sem á að leggja meginlínurnar um fjárstjórn ríkisins. Það á ekki aðeins að veita skattaheimildirnar, heldur líka að leggja höfuðlínurnar um það, hvernig fénu skuli ráðstafað. En ef á að taka þann hátt upp að heimila einstökum ráðh. úthlutun úr sjóðum, sem eru upp á 400 millj, sé ég ekki, hvar slíkt getur endað. Það gæti verið byrjunin, en það er ekki víst, að það væri endirinn. Með þvílíku spori gæti verið skapað fordæmi, sem ætti eftir að verða heldur óheppilegt.

Í sömu átt, en í miklu minna mæli gengur það frv., sem hér var einnig til umr. í dag varðandi landbúnaðinn. Þar er það lagt á vald landbrh. að úthluta þeim millj., sem þar er um að ræða. Allt er þetta í stíl, og það þarf enginn að ætla það, að ef þetta verður samþ., verði það síðasta skrefið á þessari braut, en ég held, að Alþ. verði hollast að standa fast á rétti sínum til þess að hafa með höndum fjárveitingarvaldið. En þó að engin upphæð sé nefnd í þessu frv., upplýsti sjútvmrh., að gera mætti ráð fyrir því, að hér væri um 400 millj. að tefla, skildist mér, og það er bara engin smáupphæð. Það er talsvert brot af fjárl., þó að þau séu nú orðin nokkuð há.

Ég kemst ekki heldur hjá því að benda á annað, sem mér þykir athugavert orðið um vinnubrögð hér á þingi, og sem því miður kom fram hjá hæstv. sjútvmrh. áðan, þeim ágæta manni. Til hans var beint ákveðnum og afmörkuðum spurningum af hálfu þeirra, sem fyrr ræddu frv. Hv. 5. þm. Reykn. beindi t. d. ákveðinni spurningu til hæstv. sjútvmrh. Hann beindi þeirri spurningu til hans, hvernig sjútvmrh., sem á að fara með þetta vald, sem honum er fengið hér í þessu frv., hefði hugsað sér að framkvæma a-lið 1. gr., þ. e. a. s., hvernig ráðh. hefði hugsað sér að framkvæma það ákvæði, að bæta skuli hækkanir á rekstrarkostnaði. Þessari spurningu svaraði ráðh. ekki. Enn fremur beindi sami hv. þm. alveg ákveðinni spurningu til sjútvmrh. Hann spurði hann að því, hvort ætlunin væri að stórhækka útflutningsgjald af sjávarafurðum. Ég varð þess ekki var, að hæstv. sjútvmrh. svaraði þessari spurningu einu orði. Ég vil ekki vera að deila sérstaklega á hæstv. sjútvmrh. fyrir þetta. Hann er samvizkusamur maður, sem ég gæti margt gott sagt um, ef ég vildi það við hafa. En ég nefni þetta, vegna þess að þetta er orðið áberandi einkenni á vinnubrögðum hér á Alþ., að stjórnarandstæðingar halda sínar ræður og gera sínar fsp. til ráðh. og deila á frv., sem lögð eru fram, kannske með misjöfnum hætti, við skulum játa það, þær ádeilur eru kannske misjafnlega málefnalegar, eins og gengur, en áreiðanlega oft fullkomlega málefnalegar, en það er eiginlega segin saga, að ráðh. eru bara hættir að svara þessu. Ég tala nú ekki um óbreytta liðsmenn stjórnarinnar, það heyrist nú ekki tíst í þeim. Þetta eru vinnubrögð, sem ég vil átelja. Ráðh. eru á þingi til þess að taka þátt í umr. og svara fsp. frá þm. og upplýsa það mál, sem til meðferðar er, og verja þau mál, sem þeir berjast fyrir og óska eftir, að samþ. séu. Þeir eru ekki staddir hér á þingi til þess eins að svara fsp., sem þm. bera fram og þm. hafa 5 mín. til þess að ræða, með klukkutíma fyrirlestrum. Þeir eru hér á þingi staddir til þess að taka þátt í venjulegum umr. um mál og svara ádeilum og fsp., sem stjórnarandstæðingar bera fram, en á þessu er orðinn mikill misbrestur, ekki frekar hjá hæstv. sjútvmrh., nema síður sé, en hjá öðrum ráðh.

Það gefur auga leið, að það er geysilegt hagsmunamál fyrir sjávarútveginn, hvernig þessum 400 millj., sem af honum hafa verið teknar, er varið. Það er að mínu viti alveg fráleitt að ætla að setja um það reglur, án þess að hafa með einhverjum hætti samráð við þá aðila, sem þetta mál varðar mest, fyrirsvarsmenn ýmissa greina sjávarútvegsins. En það kemur ekki fram í þessu frv., að ég ætla, að samráð hafi verið haft við

þá við samningu þessa frv. Það má vera, að svo hafi verið gert, en það getur hæstv. ráðh. þá upplýst. En ég held að það komi ekki fram í þessari grg., sem fylgir hér með frv., að haft hafi verið samráð við neina fyrirsvarsaðila sjávarútvegsins. Það liggur því í augum uppi, að þetta frv. verður að sjálfsögðu að senda til umsagnar þeirra aðila, annað væri óhæfa. Það er verið að senda smáfrv., sem litlu varða, til umsagnar þvílíkra aðila. Það væri því furðulegt, ef afgreiða ætti frv. sem þetta, án þess að umsögn þvílíkra aðila væri fengin.

Ég held, að þessu frv. þurfi að gjörbreyta. Ég held, að það þurfi að setja það í lagasnið, þannig að í því séu einhverjar bindandi réttarreglur, en ekki þannig úr garði gert, eins og þetta frv. er, að það má nánast skoða sem þál., fróma stefnuyfirlýsingu frá Alþ. um það, hvernig þessum 400 millj. skuli varið, en annars lagt í hendur hæstv. sjútvmrh. að fjalla um það og fara með ákvörðunarvald í því efni.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Á samvinnutíma okkar hér á hv. Alþ., mín og hv. 3. þm. Norðurl. v., hef ég oft orðið þess var, að hann ber virðingu Alþingis mjög fyrir brjósti, og ég efast ekkert um heilindi hans í því efni. En þess vegna ætlaði ég nú að neita mér um að minna á, að hér hafa stundum áður verið aðrir flokkar í ríkisstj., aðrir flokkar, sem þurft hafa á því að halda að afgreiða mál einmitt *á þessum árstíma, síðustu dögunum fyrir jól.* Og ég minnist þess, að í samvinnu við flokksbræður hans — ekki hann sjálfan, ég held, að hann hafi ekki átt sæti hér 1957 — fór frv. um geysilega víðtækar efnahagsráðstafanir á 2½ sólarhring í gegnum báðar d., og ég heyrði ekki, að fram kæmi nein sérstök mótmælaályktun, nema síður væri, frá hans ágæta flokki, Framsfl., því að fjmrh., sem þá var úr Framsfl., hv. 1. þm. Austf., sá eins og aðrir nauðsyn þess að afgreiða þetta mál á tilteknum tíma. Þessar ráðstafanir hlutu þá *í blöðum andstæðinganna nafnið „jólagjöfin“,* og ég heyrði ekki, að eitt einasta bofs kæmi úr röðum þeirra ágætu framsóknarmanna um, að virðingu Alþingis væri á nokkurn hátt misboðið.

Ég tók þátt í þessum leik þá af alveg nákvæmlega sömu sannfæringu og ég geri í dag og tel, að rétt sé að farið, þótt ég viðurkenni sjálfur, að slíkum hraða á ekki að beita, nema brýn nauðsyn krefji. En því minni ég á þetta, að slík nauðsyn hefur áður verið fyrir hendi og þá að áliti ríkisstj., sem á allt annan hátt var saman sett. *Og hið sama gildir um páskagjöfina, sem kom árið eftir.* En ég segi þetta ekki neinum flokki til ávirðingar. Ég segi þetta einmitt til að minna á það, að svona aðstæður eru oft fyrir hendi í málum okkar Íslendinga og er alls ekki nein ný bóla, og virðing Alþ. þarf af þeim sökum ekkert að þverra nú frekar en hún hefur gert áður.

Ég sá, að hv. þm. var ekki við, meðan ég flutti mína framsöguræðu og vil ekki óvirða hv. þd. með því að fara að lesa hér sömu kaflana nokkrum hálftímum seinna, en ég taldi, að ég hefði rakið hvern einasta lið frv. í minni framsöguræðu, ekki bara frá annarri hliðinni, heldur báðum og greint frá þeim ástæðum, sem til þess lágu, að þessir liðir eru orðaðir eins og frv. gerir ráð fyrir. Upplýsingar um alla þessa liði og afstöðu mína og ríkisstj. til þeirra getur hv. þm. fengið í þessari ræðu minni. Og úr því að ég minnist á þetta, vil ég enn fremur minna á, að það kemur ósjaldan fyrir, að þm. stöðva sína ræðu í miðjum klíðum og krefjast þess, að ráðh. sitji hér og hlusti á þeirra mál. Þetta er út af fyrir sig þingmannsréttur, en þessum rétti hafa ráðh. ekki afsalað sér. Við hljótum að eiga gagnkvæman rétt á hendur þeim mönnum, sem um málið vilja fjalla, að þeir hlusti á frumflutning málsins í einstökum liðum. Mér finnst það bara sanngjarn gagnkvæmisréttur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 144, n. 162, 163).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Ég þarf nú ekki að hafa langt mál sem frsm. n. að þessu sinni. Mér er ánægja í að skýra hv. d. frá því, að full samstaða er í n. um afgreiðslu málsins. Við flytjum fáeinar brtt. Þær eru 9 talsins að vísu, en varða þó fæstar efni málsins. Ég þarf ekki að skýra nauðsyn þessa máls, það gerði hæstv. ráðh. við 1. umr., og mun ég því þegar í stað snúa mér að brtt.

1. brtt. er við a-lið 1. gr. og er eingöngu orðalagsbreyting til að gera það skýrara, að þarna sé átt ekki aðeins við fiskvinnsluna, heldur einnig við fiskveiðarnar og þess vegna er sagt „við öflun og vinnslu“ í stað framleiðslu.

Sama máli gegnir um brtt. nr. 2 við 1. gr., a-lið. Þar er nefnt flutningsgjald, en n. var bent á það í þeim viðtölum, sem hún átti við fulltrúa fiskiðnaðar og sjávarútvegs, þ. e. a. s. *sumpart fulltrúa frá LÍÚ og sumpart fulltrúa fiskiðnaðarins,* að þarna gætu komið til fleiri útgjaldaliðir, svo sem vátryggingariðgjöld og gjöld til umboðsmanna erlendis, kannske eitthvað fleira, og þess vegna hefur þess verið óskað, að bætt verði við vátryggingariðgjaldi og öðrum sambærilegum kostnaði. Við c-lið höfum við kosið að verða við tilmælum frá Félagi síldarverksmiðja á Suður- og Vesturlandi, sem vegna jafnvægis í byggð landsins óskuðu ekki, að Austur- og Norðurlandi væri ívilnað og vildu, að þessi stafl. gæti einnig átt við verksmiðjurnar á Suður- *og Vesturlandi.* Þær hafa að vísu verið mjög lítið reknar á því tímabili, sem þarna kemur til greina, en nefndin leggur til, að þær sitji við sama borð og aðrir eftir þeim nánari ákvörðunum, sem rn. tekur um úthlutun þessa styrks, og sama getur átt við í vissum tilfellum um fiskimjölsverksmiðjur.

Við e-lið er einnig gerð brtt., sem eingöngu stafar af því, að við töldum þennan lið vera á hálfgerðu dulmáli í frv. og höfum reynt að gera hann þannig, að óbreyttum borgurum og þar með okkur þm. þessarar d. væri hann skiljanlegur, og ég held, að ég þurfi ekki að lesa hann upp til þess að skýra það.

F-liður óskum við að falli niður. Hann er meira álitamál. Því var haldið fram af vissum aðilum, að með þeirri löggjöf, sem nú er verið að koma í gegn, fengi sjávarútvegurinn að vissu leyti tvisvar sinnum sama styrkinn. Það má þræta um þetta endalaust, en það var búið að veita vissa aðstoð með annarri skattlagningu, og í öðru lagi var búið að heita því, að allur gengishagnaðurinn af útfluttum sjávarafurðum skyldi renna beint til útvegsins. Um þetta hefur n. (eða fulltrúi hennar, sá sem hér stendur) rætt við ríkisstj. og hefur náðst fullt samkomulag um það, að eðlilegast sé að túlka ákvæði gengisbreytingarl. vítt og vera ekki að þræta við sjávarútveginn um það, að hann njóti í fyllsta máta þeirra fjármuna, sem þarna verða til ráðstöfunar, og mér er ánægja að staðfesta, að þetta atriði hefur mætt skilningi hjá hæstv. ríkisstj. og því hefur getað orðið fyllsta samstaða um það.

Með 6. brtt. hugðist n. flytja till. um aðferðina við úthlutun á uppbótum samkv. a-liðnum. Ég tek aftur þessa till. til 3. umr., vegna þess að hæstv. ráðh. hefur talið hentara, að hér yrði um fimm manna n. að ræða en þriggja manna n. Ég á ekki von á neinni úlfúð innan sjútvn. um þetta, og vænti þess, að við munum koma okkur saman um smábreytingar á till. í því hléi, sem verður milli umr., svo og að við fáum afbrigði frá þingsköpum til að flytja skrifl. brtt. í stað þessarar till. við 3. umr.

Síðan kemur 7. brtt. Þá erum við komnir í 2. gr. frv. Þar stendur: Gengishagnaðarsjóði er ríkisstj. heimilt að ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir: Allt að ¼ samkv. a, ¼ samkv. b og ¼ samkv. c.

Þetta orðalag: „heimilt að ráðstafa“ er notað vegna þess, að það er ekki víst, að það verði nákvæmlega fjórðungur í hvern stað. Það verður greinilegra með því að segja „skal ríkisstj. ráðstafa“. Um þetta er enginn ágreiningur í n. né við ríkisstj. og við álítum, að hér séum við aðeins að lagfæra orðalag til að gera það skýrara.

Síðan kemur stafl. b, þar sem nú stendur í frv.: „Allt að ¼ til Fiskveiðasjóðs Íslands og Ríkisábyrgðasjóðs til að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar.“

Það er enginn vafi á því, að hér er um það að ræða, að þessum fjármunum skuli varið til lána og kannske í sumum tilfellum til eftirgjafar skulda í samræmi við tilgang 10. gr. l. nr. 4 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Og þar eru bæði fiskveiðasjóður og ríkisábyrgðasjóður aðilar. Hins vegar er ómögulegt að hafa tvær stjórnir yfir sama sjóði, og því leggjum við til, að þessir peningar renni til fiskveiðasjóðs og verði ráðstafað þar sem sérstakri deild, þannig að það er hægt að fara eftir öðrum og mildari reglum en almennt er í þeim sjóði um ráðstöfun á þessum fjármunum. Og við óskum þess að sjálfsögðu, að þar sé höfð hin fyllsta samvinna við ríkisábyrgðasjóð, ef um það getur verið að ræða, að liðka þurfi fyrir um eftirgjafir á einhverjum skuldum til þess að koma rekstri fyrirtækja á skynsamlegan grundvöll. Bæði um þennan lið og um c-lið 2. gr. voru frammi óskir bæði frá LÍÚ og fiskiðnaðinum um, að frekar væru veittir styrkir en lán. N. getur ekki fallizt á það sjónarmið, en óskar að taka það fram í sambandi við c-liðinn, að hún væntir þess, að þar verði sýndur skilningur á þörfum útvegsins og að þær lánveitingar, sem þar verður um að ræða, verði ekki nein bráðabirgðalán, heldur löng lán, sem virkilega verði til varanlegrar stoðar fyrir þá aðila, sem hlut eiga að máli.

Ég vil einnig geta þess í sambandi við 2. gr. c, að n. bárust tilmæli frá íslenzkum skipasmíðastöðvum, um að tekið væri tillit til eigenda þeirra skipa, sem byggð eru innanlands í íslenzkum skipasmíðastöðvum, ef þeir skulduðu erlendis vegna skipabyggingarinnar. Ég hygg ekki, að það þurfi neina breytingu á gr. vegna þessara aðila, því að þar er talað um aðstoð vegna gengistaps af lánum til fiskiskipa, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris, og þetta á því jafnt við, eins og gr. er orðuð, hvort sem skipin eru byggð erlendis eða innanlands. Ef skuldirnar eru bundnar gengi erlends gjaldeyris, getur fiskveiðasjóður greitt fyrir þessum aðilum á nákvæmlega hliðstæðan hátt.

Við 3. gr. flytjum við enn fremur brtt. um nýtt orðalag. Það kom fram við 1. umr., að hún væri kannske eins mikið þáltill. um, hvað við ætluðum að gera, eins og löggjöf, og við höfum út frá því sjónarmiði orðað hana nokkuð öðruvísi og ekki tekið fram alla hluti, sem þar eru teknir fram núna, því að það kemur til kasta sömu manna eftir nokkrar vikur, eða mjög skamman tíma, að ákveða allt, sem nánar þarf að segja um verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Hér er sem sagt ákveðið í 2. gr. d, að hann skuli stofnaður, og síðan viljum við segja í 3. gr., að stofnfé verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skuli varðveitt í Seðlabankanum, þar til sett hafa verið lög um sjóðinn. Við teljum og rétt, að það sé þegar í stað tekið fram, að gert sé ráð fyrir, að honum verði skipt í deildir eftir tegundum afurða og að þessar deildir hafi aðskilinn fjárhag. Í samræmi við það sé stofnfénu þegar í stað skipt á milli þessara deilda. Sá afgangur, sem verða kann af verðjöfnunarsjóði frystra fiskafurða 1967 samkv. 6. gr. l. nr. 4 1967, skal að sjálfsögðu einnig renna í þennan sjóð og hann mundi náttúrlega renna í þá deild, sem annast frystar afurðir í sjóðnum.

Aðrar brtt. erum við ekki með. Að sjálfsögðu er okkur ljóst, að því fer fjarri, að öll vandamál, sem útgerðarmönnum skapast af gengisbreytingunni, séu leyst með ákvæðunum í c-lið 2. gr. T. d. má nefna greiðslur erlendra víxla með gjaldfresti vegna kaupa á veiðarfærum, sérstaklega síldarnótum, og kaupa á ýmsum tækjum. Viðskiptabankarnir hljóta að verða fyrir töluverðum ágangi af þessum sökum næstu vikur og mánuði, en ég held, að það sé óhætt að treysta því, að þessi mál megi takast að leysa með góðri samvinnu innan bankakerfisins. Þegar ég segi það, hef ég og n. öll í huga, að í sambandi við afgreiðslu þessa máls skapast töluverðar sjóðmyndanir, og einkum á vegum verðjöfnunarsjóðs hljóta að verða geymdar töluverðar fjárhæðir í bönkunum og náttúrlega þá fyrst og fremst Seðlabankanum. Það vona ég að geti orðið til að auðvelda sanngjarna afgreiðslu á þessum aðkallandi vandamálum, sem vitanlega má ekki gleyma, þegar þessi mál koma til afgreiðslu.

Að svo mæltu, herra forseti, leyfi ég mér að fara þess á leit, að frv. verði samþ. með þeim

breyt., sem n. hefur borið fram, og því verði síðan vísað til 3. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. sjútvn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu þessa máls og þá jafnframt fyrir það að verða við þeirri ósk minni að hafa við athugun málsins samráð og samstarf við hv. sjútvn. Nd., sem ætti að auðvelda afgreiðslu málsins hér á hv. Alþ. Ég gat þess við framsögu málsins, að hinn almenni meginþáttur frv. og megintilgangur væri sá að tryggja, að þeim gengishagnaði, sem til félli vegna gengisbreytingarinnar í íslenzkum sjávarútvegi, yrði varið honum sjálfum til uppbyggingar og til að treysta rekstrargrundvöll hans. Um þær brtt., sem n. hefur nú lagt til að gerðar verði á frv., hefur hún haft samráð við ríkisstj. og hún á þær fallizt í trausti þess, að hið upphaflega höfuðmarkmið frv. haldist um skiptingu gengishagnaðarins. Þetta taldi ég rétt að kæmi fram á þessu stigi málsins.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. hefur gert grein fyrir, hefur orðið samkomulag um það hjá sjútvn. að flytja allmargar og að mínum dómi veigamiklar brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir. Þær tel ég allar til stórmikilla bóta á frv. Verði þær samþ., mælum við framsóknarmenn í n., eins og fram kemur í nál., með samþykkt þessa frv.

Þar með er ekki sagt, að við hefðum ekki kosið ýmsar frekari breyt. á þessu frv. Við hefðum t. d. haft tilhneigingu til þess að taka undir þá ósk, sem efst var á óskalista fyrirsvarsmanna LÍÚ um það að verja nokkru af þessum gengishagnaði til þess að greiða vexti af stofnlánum síðasta árs og þá fyrst og fremst í fiskveiðasjóðinn, en um það gat ekki orðið samkomulag, enda skal ég viðurkenna, að það mál er vandasamt og þarf skoðunar við. Þá teljum við nú þann afgang, sem til hliðar er lagður samkv. d-lið 2. gr., þ. e. a. s. það, sem leggja skal í verðjöfnunarsjóðinn, allríflegt. Ekki fyrir þá sök, að við séum andvígir verðjöfnunarsjóðnum, heldur þvert á móti. Ég held, að það sé mjög athyglisverð og góð hugmynd, en sú hugmynd hlýtur vitaskuld að byggjast á því, að það sé lagt til hliðar á góðu árunum og geymt til hinna lakari. Við teljum hæpið, að sjávarútvegurinn, og er þá átt við hann í heild, hafi ráð á því á þessu ári, sem óneitanlega hefur verið óhagstætt fyrir sjávarútveginn að mörgu leyti, að leggja til hliðar þessa mjög svo verulegu upphæð, sem þarna er um að ræða.

Það er vitað mál, að ýmis frystihús eiga í alveg sérstökum vandræðum, svo að allt útlit er á því, að þau komist jafnvel ekki af stað á tilsettum tíma. Það er augljóst mál, að á þeim stöðum sem þannig stendur á, skapast hreint vandræðaástand í atvinnumálum þeirra staða. Það hefði verið æskilegt, af eitthvað hefði verið hægt að taka tillit til þess við afgreiðslu þessa máls, og ég býst við, að hjá því verði ekki komizt, að innan skamms hljóti málefni þessara frystihúsa að koma til sérstakrar athugunar hér á Alþ. Ég geri ekki ráð fyrir, að hægt verði að láta þeirra vandræði bíða eftir þeirri allsherjarendurskoðun, sem sagt er, að fram fari um þessi málefni.

Ég held líka, að málefni togaranna þurfi alveg sérstakrar skoðunar við, og ég hef ekki nokkra trú á því, að þeir komist af án þess að fá alveg sérstaka fyrirgreiðslu. Ég skal hins vegar játa það, að þessi mál þurfa líka skoðunar við. Þar er um mikið vandamál að tefla, og ég tel hæpið að fara að kasta fram brtt. varðandi þau, án þess að hafa meira ráðrúm til að skoða þau mál öll. Við metum mjög mikils þann samstarfsvilja, sem komið hefur fram í sjútvn. og hjá sjútvmrh. um að breyta þessu frv. í betra horf, og ég vil segja viðunandi horf, miðað við þann tíma, sem til umráða var til að fjalla um það. Þess vegna munum við ekki, eins og ég þegar hef sagt, flytja sérstakar brtt. við þetta frv., heldur fylgja því eins og það liggur fyrir að samþykktum þeim brtt., sem hér hafa komið fram. Og ég vil taka fram, að þó að þarna sé ein brtt. tekin aftur til 3. umr., þá skilst mér, að þar sé aðeins spursmál um fjölda nm. og það held ég geti ekki orðið neitt ágreiningsatriði.

ATKVGR.
Brtt. 163,1—5 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 163,6 tekin aftur.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 163,7—8 samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 163,9 samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 166).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. 6. brtt. á þskj. 163 var tekin aftur við 2. umr. vegna þess að hæstv. sjútvmrh. taldi hentara að hafa 5 menn í n. þeirri, sem þar um ræðir, en 3, eins og gert var ráð fyrir í brtt. N. hefur komið saman og endursamið brtt. út frá þessu sjónarmiði og leyfir sér að flytja hana nú skrifl., ef leyfi hv. d. fæst til þess, að atkvgr. megi fara fram um hana. Og till. verður þá þannig; þetta verður síðasti málsl. 1. gr.:

„Sjútvmrh. getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd ákvæðanna í stafl. a—d í þessari gr. Til að sjá um úthlutun bóta samkv. a-lið skal skipa nefnd 5 manna. Formaður n. skal tilnefndur af ráðh., en hinir skipaðir samkv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Landssambands ísl. útvegsmanna; Síldarverksmiðja ríkisins og annarra síldarverksmiðja sameiginlega; Sölusambands ísl. fiskframleiðenda; Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands ísl. samvinnufélaga sameiginlega. Komi aðilar sér ekki saman um fulltrúa, skipar ráðh. í hans stað mann með þekkingu á þeirri atvinnugrein, sem um er að ræða.“

Síðan kemur 2. mgr. í lok þessarar gr.: „Bætur samkv. staflíðunum b, c og d skulu ekki fara fram úr 45 millj. kr.“

Hæstv. sjútvmrh. kom með áætlun um þessa

þrjá liði við 1. umr. og taldi þá mundu nema tæpum 30 millj. kr. Deildin hefur gert nokkrar breytingar á þessum liðum og rýmkað þá smávegis, og svo kann að fara, að við endurskoðun þurfi nokkru meira fé en bráðabirgðaáætlanir höfðu gert ráð fyrir. Þess vegna þótti n. rétt að orða till. svolítið ríflegar en gert hafði verið ráð fyrir við framsögu. En á hinn bóginn þótti okkur rétt að nefna þarna fjárhæðir, því að annars gat litið svo út sem ráðh. eða ríkisstj. hefði gersamlega óbundnar hendur um að ráðstafa öllu fénu, sem til ráðstöfunar var í þessu skyni, þannig að ekkert hefði orðið afgangs í sjóði þá, sem nefndir eru í 2. gr. Ég hygg, að enginn ágreiningur sé um þetta atriði frá nokkurs manns hálfu og leyfi mér því að fara fram á við hv. þd., að það verði samþ., eins og n. leggur til.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 167) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 167 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 44. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 168).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., hefur hlotið einróma afgreiðslu hv. Ed. nú fyrir skömmu. Hv. d. gerði á frv. nokkrar breytingar, sem fram koma á þskj. 163 og einnig á þskj. 167, skrifl. brtt., sem kom fram við 3. umr. málsins þar. Eins og ég sagði varð alger samstaða um afgreiðslu málsins, eftir að þær breytingar höfðu verið samþykktar, sem n. lagði einróma til. Ég get þess vegna hér miðað við þær umr., sem fram hafa farið um málið áður, verið mjög stuttorður og sleppt því að fara hér út í einstaka tölul. frv., nema sérstaklega verði eftir því óskað. En eins og ég tók fram í hv. Ed., voru þær tölur allar algerar áætlunartölur, enda mjög erfitt að áætla hér nokkrar bindandi tölur.

Það er ávallt nokkrum vandkvæðum bundið að áætla með nokkurri nákvæmni, hvers virði birgðir útflutningsafurða eru á hverjum tíma, og þetta er þó jafnvel enn erfiðara nú en oftast áður vegna þeirrar óvissu, sem ríkir um verðlagsþróun á mörkuðum á næstu mánuðum vegna gengisbreytingar sterlingspundsins. Um þetta hefur þó verið reynt að gera áætlun, sem byggð er á því, sem vitað er um verðlag og sölu, og enn fremur byggt á upplýsingum um þær afurðir, sem þegar hafa verið fluttar út úr landinu fyrir gengislækkunina, en ekki voru greiddar þá. Mun ekki fjarri lagi eftir þeirri áætlun að meta andvirði birgðanna ásamt því, sem ógreitt var, um 1700 millj. kr., og er þá tekið tillit til þeirrar framleiðslu, sem áætluð er frá því, að gengisbreytingin var gerð og til áramóta. En með gengishagnaðinn af þeirri framleiðslu skal farið á sama hátt og með gengishagnaðinn af birgðunum. En það er ekki nóg að áætla verðmæti birgðanna og þess, sem flutt hefur verið út, en ógreitt var við gengisbreytinguna, því að ef á að áætla, hverjar tekjur geta runnið í gengishagnaðarsjóð, verður að taka tillit til þess, í hvaða gjaldeyri birgðirnar verða greiddar. Um þetta ríkir enn nokkur óvissa, en reynt hefur verið að gera um það áætlun, sem ég áðan minntist á, og sýnir hún, að ekki muni óvarlegt að reikna með, að heildarupphæðin, sem kemur sem gengishagnaður af þessum birgðum, gæti numið um 400 millj. kr.

Eins og ég sagði áðan, skal ég stytta mál mitt svo sem kostur er og ekki fara nánar út í einstaka liði frv., en læt í ljós þá sömu ósk og ég gerði í hv. Ed., að frv. fái afgreiðslu, áður en Alþ. fer í jólahlé.

Herra forseti. Ég geri það svo að till. minni, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 33 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 168, n. 177, 178 og 179, 176).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum, hefur verið til meðferðar í hv. Ed., áður en það er hingað komið. Sjútvn. beggja deilda héldu einn sameiginlegan fund um málið til þess að kynna sér efni frv., og á þeim sameiginlega fundi voru gerðar við það ýmsar aths. Ed.-n. hélt síðan áfram athugun sinni á málinu og átti viðræður um það við ýmsa aðila, sem hagsmuna eiga að gæta í sambandi við málið, og í framhaldi af þessu varð niðurstaðan sú, að í meðförum Ed. var frv. verulega mikið breytt frá því, sem það upphaflega var.

Þær breytingar, sem gerðar voru þannig á frv., voru að sjálfsögðu gerðar í samráði við þingflokka Alþfl. og Sjálfstfl. og þ. á m. auðvitað fulltrúa þessara flokka í sjútvn. þessarar hv. d., og var þessi háttur á afgreiðslu málsins um samstarf sjútvn. beggja d. á hafður að tilmælum hæstv. sjútvmrh. til þess að flýta afgreiðslu málsins í þinginu. Enda fór það svo, að eftir að frv. hafði verið breytt í verulegum atriðum, eins og ég sagði áðan, í hv. Ed., var það afgreitt þaðan með shlj. atkv. til þessarar d.

Þegar svo málið var komið til d. og sjútvn. fjallaði um það, varð hún aftur á móti ekki sammála um afgreiðslu málsins, eins og fram kemur á þskj. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. n., Lúðvík Jósefsson, Björn Pálsson og Jón Skaftason, hafa flutt við það brtt. og skila séráliti.

Við 2. umr. um málið í Ed. rakti frsm. sjútvn. þeirrar d., hv. 4. þm. Reykn., þær breytingar, sem gerðar voru á frv., og skal ég nú leyfa mér að rekja þær breytingar mönnum til glöggvunar í þessari hv. d. og styðst þá í aðalatriðum við ræðu hv. 4. þm. Reykn., sem hann flutti við 2. umr. í Ed.

Fyrsta breytingin, sem gerð var, er við a-lið 1. gr. og er eingöngu orðalagsbreyting til þess að gera skýrara það, sem þar stendur, að ekki sé aðeins átt við fiskvinnsluna, heldur einnig fiskveiðarnar, og þess vegna er sagt „við öflun og vinnslu“ í stað framleiðslu, eins og stóð í upphaflega frv.

Það sama gildir um aðra breytinguna, sem gerð var á frv. við 1. gr., a-lið. Þar er talað um flutningsgjald, en bent var á í þeim viðtölum, sem sjútvn. Ed. átti við þá aðila, sem hún ræddi við, að þarna gætu komið til fleiri útgjaldaliðir, svo sem vátryggingariðgjöld, gjöld til umboðsmanna erlendis og e. t. v. eitthvað fleira, og þess vegna var þess óskað, að þarna yrði bætt við vátryggingariðgjaldi og öðrum sambærilegum kostnaði.

Þá var c-lið einnig breytt til þess að koma til móts við tilmæli frá Félagi síldarverksmiðja á Suður- og Vesturlandi, sem óskaði þess, að Austur- og Norðurlandi væri ekki ívilnað og vildu, að þessi stafl. gæti einnig átt við verksmiðjur á Suður- og Vesturlandi. Þær verksmiðjur, sem þetta nær þannig til eftir breytinguna, hafa að vísu lítið verið reknar á því tímabili, sem þarna ræðir um, en þær sitja við sama borð og aðrar verksmiðjur eftir breytinguna, sem gerð hefur verið.

Við e-liðinn var einnig gerð breyting, sem eingöngu stafar af því, að hann var ekki talinn vera nægilega skýrt orðaður, og hygg ég, að enginn ágreiningur hafi verið um, að þörf væri á að breyta liðnum, þannig að hann væri betur skiljanlegur.

Þá er það f-liðurinn, sem skiptir þarna mestu máli. Samkomulag varð um að fella hann alveg niður, og er það ein veigamesta breytingin, sem gerð var á frv. í meðferð Ed.

Í sambandi við greiðslu á rekstrarkostnaði til útvegsins samkv. 1. gr. frv. varð samkomulag um að skipa nefnd til aðstoðar sjútvmrh. við að leysa þau vandamál, sem upp kunna að koma, þegar til þess kemur að ákveða þær. Var upphaflega gert ráð fyrir í till. Ed.-n., að þarna yrði um þriggja manna n. að ræða, en því var svo á síðara stigi málsins breytt í það horf, að n. verður, eins og frv. liggur nú fyrir, skipuð fimm mönnum.

Þá er það 2. gr. frv. Þar stóð upphaflega, að gengishagnaðarsjóði skuli ríkisstj. heimilt að ráðstafa í þágu sjávarútvegsins þannig: Allt að ¼ samkv. a-lið og ¼ samkv. b-lið og ¼ samkv. c-lið. Orðalagið: „heimilt að ráðstafa“, þótti fullaust í reipunum og varð samkomulag um að breyta því í það horf að segja: „Ríkisstj. skal ráðstafa“, eins og nú stendur í gr., og er þetta þannig ótvíræðara heldur en áður var, en þýðir þá um leið, að hlutföllin, ¼ á hvern lið, eru ekki hagganleg.

Þá er það stafl. b í 2. gr. Þar stóð áður í frv., að varið skyldi allt að ¼ til Fiskveiðasjóðs Íslands og ríkisábyrgðasjóðs til að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar. Um þetta fórust frsm. sjútvn. Ed. orð á þessa leið:

„Það er enginn vafi á því, að hér er um það að ræða, að þessum fjármunum skuli varið til lána og kannske í sumum tilfellum til eftirgjafar skulda í samræmi við tilgang 10. gr. l. nr. 4 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Og þar eru bæði fiskveiðasjóður og ríkisábyrgðasjóður aðilar. Hins vegar er ómögulegt að hafa tvær stjórnir yfir sama sjóði, og því leggjum við til, að þessir peningar renni til fiskveiðasjóðs og verði ráðstafað þar sem sérstakri deild, þannig að það er hægt að fara eftir öðrum og mildari reglum en almennt er í þeim sjóði um ráðstöfun á þessum fjármunum. Og við óskum þess að sjálfsögðu, að þar sé höfð hin fyllsta samvinna við ríkisábyrgðasjóð, ef um það getur verið að ræða, að liðka þurfi fyrir um eftirgjafir á einhverjum skuldum til þess að koma rekstri fyrirtækja á skynsamlegan grundvöll. Bæði um þennan lið og um c-lið 2. gr. voru frammi óskir frá bæði LÍÚ og fiskiðnaðinum um, að frekar væru veittir styrkir en lán. N. getur ekki fallizt á það sjónarmið, en óskar að taka það fram í sambandi við c-liðinn, að hún væntir þess, að þar verði sýndur skilningur á þörfum útvegsins og að þær lánveitingar, sem þar verður um að ræða, verði ekki nein bráðabirgðalán, heldur löng lán, sem virkilega verði til varanlegrar stoðar fyrir þá aðila, sem hlut eiga að máli.“

Þannig fórust frsm. hv. sjútvn. Ed. orð um þetta atriði. Hann gerði einnig grein fyrir tilmælum, sem bárust frá íslenzkum skipasmíðastöðvum um, að tekið yrði tillit til eigenda þeirra skipa, sem byggð eru innanlands í íslenzkum skipasmíðastöðvum, ef þau skulda erlendis vegna skipabyggingarinnar. Taldi frsm., að í þessu efni þyrfti ekki breytingu á viðkomandi gr., því að þar væri talað um gengistap af lánum til fiskiskipa, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris, og þetta gæti því eins átt við, hvort sem skipin væru byggð erlendis eða innanlands.

Þá hefur 3. gr. frv. verið breytt allverulega, eins og menn sjá, og var tekið upp alveg nýtt orðalag á henni. Sagt var um þessa gr. við 1. umr. í Ed., að hún væri e. t. v. fremur þáltill. en lagagr., og út frá því sjónarmiði hefur gr. verið breytt allverulega. Eins og hún er nú orðuð, er aðeins ákveðið, að sjóðurinn, sem skuli stofnaður til verðjöfnunar, skuli geymdur í Seðlabankanum, þar til sett hafa verið lög um sjóðinn. Og það er talið rétt, að þegar í stað sé tekið fram, að gert sé ráð fyrir, eins og reyndar var í upphaflegu frvgr., að sjóðnum skuli skipt í deildir eftir tegundum afurða, og þessar deildir hafi aðskilinn fjárhag. Fyrir þessu gerði frsm. sjútvn. Ed. ljósa grein í sinni ræðu, og sé ég ekki ástæðu til að rekja það frekar. En eins og ég tók fram áðan, varð samkomulag um málið í Ed., eftir að þessar breytingar, sem ég hef lauslega farið yfir, höfðu verið gerðar á frv.

Ég vil taka það fram, að í meðförum sjútvn. þessarar hv. d. á frv. báðu nm. mig að ræða við sjútvmrh. um bætur þær, sem ráðgert er, að skreiðarframleiðslan fái samkv. frv., og kom fram það álit, að sú aðstoð, sem skreiðarframleiðslunni væri þar ætluð, væri ekki nægilega mikil. Ég ræddi þetta við hæstv. ráðh., og hann lýsti því yfir við mig og leyfði mér að flytja þau skilaboð til n., að á þetta sérstaka vandamál, sem alls ekki er tengt gengisbreytingunni sem slíkt, yrði litið alveg sérstaklega, ef það sýndi sig, að sá vandi, sem þar er á ferðum, héldi áfram að vaxa. Enn sem komið er hafa skreiðarbirgðirnar ekki

legið mikið lengur óseldar en venjulegt er. Ef svo kynni að fara, að skreiðin yrði ekki seljanleg innan nokkurra mánaða, er augljóst mál, að þeir, sem eiga skreiðina nú, verða fyrir miklu tjóni og miklum erfiðleikum. Sem betur fer hygg ég þó, að það sé þannig, að skreiðin geymist allvel, a. m. k. við góðar aðstæður, og að gefizt geti allgott svigrúm til þess að kanna betur allar aðstæður og hvers með kunni að þurfa, þegar frá líður.

Í heildinni vil ég segja um þetta frv., að með því er öllum gengishagnaði af vörubirgðum í landinu, þegar gengisbreytingin var, og af því, sem kann að hafa verið ógreitt af útfluttum afurðum, ráðstafað í þágu sjávarútvegsins alls. Það hygg ég, að sé viðurkennt af öllum, að þannig sé þessu farið. Hitt má svo aftur deila um, hvernig eigi að skipta þessu fé. Áætlað hefur verið, að þarna muni vera nálægt 400 millj. kr., sem eigi að skipta milli einstakra greina sjávarútvegsins, og þegar ég segi sjávarútvegsins á ég að sjálfsögðu bæði við útgerðina sem slíka og fiskvinnslustöðvarnar. Um þetta má náttúrlega deila í það óendanlega, og því miður tókst okkur ekki í sjútvn. d. að verða sammála um þessa skiptingu, og ég sé, að minni hl. n. hefur útbýtt hér í d. allróttækum brtt. á sérstöku þskj. Ég skal ekki fara út í að ræða þær till., enda fjölluðum við ekki um þær í einstökum atriðum í sjútvn., en ég leyfi mér að vona, að þar sem hér er á ferðinni mjög mikið og brýnt hagsmunamál fyrir sjávarútveginn, verði þessu frv. greidd leið gegnum þingið, þrátt fyrir þann skoðanamun, sem fyrir liggur um skiptingu gengishagnaðarins.

Sé ég svo ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um málið, en leyfi mér að mæla með því fyrir hönd meiri hl. sjútvn., að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 176, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Varðandi b-lið 1. gr. þess frv., sem hér er til umr., um bætur til skreiðarframleiðenda vegna markaðserfiðleika, vil ég taka fram, að ríkisstj. er ljóst, að hér er ekki um þær bætur að ræða, að talizt geti greiðsla upp í hráefnisverð, heldur er með þessu fé, sem ætlað er til þessara hluta ásamt öðrum nauðsynlegum ráðstöfunum, verið að aðstoða skreiðarframleiðendur til að komast yfir það óvissa tímabil, sem enn þá ríkir um sölu þessara afurða. Ef það reynist hins vegar svo, að þessi framleiðsla verði að seljast við mun lægra verði en nú er á skreið til annarra landa eða varan reynist alls ekki seljanleg, er komið upp algerlega nýtt vandamál, sem taka verður þá til sérstakrar úrlausnar. Enn þá ríkir sú óvissa um endanlega afsetningu skreiðar, að ekki verður á þessari stundu sagt til með nokkurri vissu, hver úrslit mála þar verði.

Í sambandi við c-lið 2. gr. frv. um, hvernig varið skuli ¼ hluta gengisjöfnunarsjóðs vil ég taka fram, að ríkisstj. er einnig ljóst þetta atriði, að þau lán, sem þar er gert ráð fyrir, verða að vera með hagkvæmum kjörum, ef þau eiga að gegna því hlutverki, sem þeim er ætlað. Kæmi þá m. a. til greina, að þau verði afborgunarlaus hluta lánstímans, meðan þunginn er mestur af greiðslu hinna erlendu lána.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef einstaka sinnum varað ríkisstj. við að gera vissa hluti, og ég vil vara hana við að knýja þetta frv. fram án allra breytinga. Þar er hún að fremja meiri yfirsjón en hún gerir sjálfri sér grein fyrir.

Í þessu landi hafa ríkt tvö sjónarmið. Ég vil kalla þau bankasjónarmið og sjónarmið fólksins. Það hefur verið bankasjónarmiðið, sem hefur ráðið fjárhagnum s. l. 8 ár og hvernig lítur þá árangurinn út? Bankarnir eru gersamlega félausir. Það er alveg sama, þó að komið sé inn í banka. Það er enginn eyrir til. Það er ekki hægt að lána mönnum 5 þús. kr. víxil, hvað þá heldur meira, engin fyrirgreiðsla, hvorki fyrir einstaklinga eða atvinnufyrirtæki. Það er enginn gjaldeyrissjóður til, þó að alls staðar væri verið að kría saman í hann. Morgunblaðið er alveg hætt að minnast á hann, því að það vita allir, að það eru meiri lausaskuldir erlendis eða jafnmiklar a. m. k. eins og til er í gjaldeyrissjóði, þannig að raunveruleg gjaldeyriseign er engin til. Og ef svo gengur, sem horfir, verður ekki langt að bíða þess, að farið verði að neita mönnum um yfirfærslur fyrir nauðsynlegum hlutum, nema Ameríkumenn hlaupi undir baggann og láni, enda er víst byrjað að fá einhver lán þannig. Vextirnir voru hækkaðir. Atvinnuvegirnir hafa stunið undir okurvöxtum allan þennan tíma. Árangurinn er sá, að hjá aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveginum, og raunar má segja iðnaðinum líka, er um fullkomin greiðsluvandræði að ræða. Sköttum hefur verið hlaðið á atvinnuvegina, einkum sjávarútveginn, sem hefur gert það ógerlegt að reka sjávarútveginn hallalausan, jafnvel í hagstæðum árum, eins og verður raunar að telja árið 1966. Það er því ljóst, að ef eitthvað á að laga, verður að snúa við.

Á þessu frv. voru gerðar ýmsar breytingar í Ed. Mest voru það orðalagsbreytingar. F-liðurinn var reyndar felldur niður, sem varð þess valdandi, að það á ekki að létta gjöldum af ríkissjóði, rúmum 60 millj. Raunar hefði ég verið mjög hlynntur því, að þetta hefði verið gert, ef þessu hefði verið varið á réttan hátt, þessum 60 millj., sem það veldur ríkissjóði auknum útgjöldum, að sá liður er felldur niður. En það var ekki gert, það á bara að leggja það í banka. Við vitum það ósköp vel, að þessi gengishagnaður, sem tekinn er af sjávarútveginum og gert er ráð fyrir, að verði 400 millj., en verður sjálfsagt mikið á 5. hundrað millj., hann er ekkert annað en ávöxtur af vinnu fólksins, sem unnið hefur við þetta og þeim tækjum, sem til þess eru notuð. Og hann er þess vegna eign þessa fólks. Það er ráðgert að til að fullnægja ákvæðum 1. gr. frv. fari allt að 93 millj., þar með talin útflutningsgjöld, svo að það er ekki nema um 70—80 millj., sem ganga til útvegsins sjálfs samkv. 1. gr. Út á það skal ég ekki setja, en þó vil ég benda á það, að 1. liðinn álít ég vera mjög erfitt að framkvæma. Að borga öllum aðilum í landinu aukinn rekstrarkostnað vegna gengisbreytingarinnar, svo að það sé réttlátt, er óvinnandi verk og væri mikið rétt-

ara að fella þann lið niður og verja fénu á annan hagkvæmari og auðveldari hátt til þessara aðila, t. d. með því að aðstoða fiskvinnslustöðvar og skipin við að greiða vexti af skuldum sínum í ár. Það eru því þarna á 4. hundrað millj., sem teknar eru af þessum atvinnuvegi. Það þýðir 8%, sem tekið er af fólkinu, sem vinnur við þennan atvinnuveg og þeim aðilum, sem leggja til tæki og eignir í fiskvinnslustöðvar. Þetta er staðreynd. Þetta jafngildir 8% af tekjum atvinnuvegarins, ef við reiknum útflutningsverðmæti sjávarafurða.

Nú vil ég bara spyrja, vilja ekki iðnaðarmennirnir ganga að því, að það séu tekin 8% af launum þeirra og atvinnurekendur í þeirra stétt, að það séu tekin 8% af tekjum þeirra og lagt í einhvern banka, segjum, að það færi allt í Iðnaðarbankann, og sagt, að þetta kæmi þeim til góða, væri alveg sama fyrir þá. Viljið þið ekki taka 8% af landbúnaðarvörunum og leggja í Búnaðarbankann, alveg hliðstætt. Ríkið á Búnaðarbankann alveg eins og fiskveiðasjóðinn. Ríkið á fiskveiðasjóðinn, en ekki við. Viljið þið ekki taka 8% af tekjum bændanna og leggja það í Búnaðarbankann og segja svo við bændurna: Ykkur má vera alveg sama um þetta. Bankinn á þetta, og þið eigið sama sem bankann, því að þið fáið lán í honum. En það er bara meinið, þeir borga ekki með því, sem bankinn á, og hann lánar ekki vaxtalaust og lánar raunar ekki neitt. Annars er það nú skoplegast við þetta bankakerfi okkar, að þó að það sé ekki eyrir til að lána, eru byggðar hallir úti um allt land, sem kosta sennilega tugi milljóna og hér í Reykjavík líka, þannig að það er hægt að leigja húsnæði í stórum stíl. En ef á að fá lán, eru engir peningar til. Þannig er nú bankastefnan í framkvæmd. Viljið þið ekki bjóða þessum stéttum upp á það að taka 8% af tekjunum þeirra og leggja í einhvern banka, sem ríkið á, og segja: Þessu er varið í þágu ykkar, allt í lagi. Það er raunar það, sem hefur verið iðkað öll þessi 8 ár, að skattleggja atvinnuvegina til þess að geta lánað þeim eitthvað. Við höfum aldrei talið eftir framlag til fiskveiðasjóðs. Við vitum, að það er nauðsynlegt. Ég hef aldrei gert hávaða út af framlaginu til Búnaðarbankans. Ég veit, að það er nauðsynlegt. En hitt er svo annað mál, að þetta þarf allt að vera í hófi. Nú er ástæða útvegsins þannig, ég hef aldrei verið að mála púka á vegginn og ætla ekki að gera það í þetta sinn heldur, en ég get sagt ykkur, hvernig ástæðurnar eru. Það eru 80—90 millj., sem skipaflotinn þarf að borga í vexti í fiskveiðasjóð. Það er búið að borga 13 millj., og litlar líkur eru til, að það komi miklar viðbótargreiðslur. Af ámóta háum afborgunum er búið að borga 7 millj. Það er búið að borga ca. 10%.

Það er nú þannig með veiðarfærin, það sagði mér einn aðili, sem verzlar með veiðarfæri hér í bænum, að 10 millj. liggja í gjaldföllnum víxlum, sem veiðarfæri hafa verið keypt fyrir, það líður að því, að stórar upphæðir fari að gjaldfalla, þannig að þessir menn eru að verða óreiðumenn við erlend firmu og þar með má búast við, að við sætum verri kjörum í veiðarfærakaupum, ef viðkomandi aðilar missa ekki hreinlega umboðið. Og þetta gera menn ekki að gamni sínu. Þeir eru stimplaðir vanskilamenn í bönkunum, ef þeir geta ekki staðið í skilum með yfirfærslum á erlendum víxlum, því að það hefur verið þannig með veiðarfærin, sérstaklega næturnar, að þær eru lánaðar til 1½ árs, og víxlana hefur átt að borga, þegar þeir féllu. Nú geta menn það ekki. Þetta er ástandið. Það eru nær allir vextir ógreiddir, svo að segja allar afborganir og veiðarfæravíxlarnir eru að falla og ekki hægt að borga þá og þegar fallnir, svo að tugum millj. skiptir sennilega í heildina. Og svo í ofanálag á að taka allar þessar tekjur, sem sjávarútvegurinn í raun og veru á, af sjávarútveginum og sagt er bara: Þetta er allt gert í ykkar þágu. Við viðurkennum, að fiskveiðasjóður þarf að fá fé. Ef útgerðarmenn geta ekki borgað vexti og afborganir, þá þarf hann að fá sem því nemur, sem mun láta nærri, að sé í heild 200 millj. kr. Við viðurkennum það. Við vitum líka, að það er ekki hægt að selja skipaflotann, því að það á enginn maður peninga. Það er hægt að selja einhverjum skipin, en þeir borga bara ekki neitt. Og það eru litlar líkur til, þó að það yrði farið að ganga að skipunum í tugatali, að þau kæmust í hendur manna, sem væru mikið betri. Það getur verið réttlætanlegt og eðlilegt, bæði í bændastétt og raunar í öllum atvinnugreinum og þannig þarf það að vera, að þeim, sem reka sína atvinnuvegi illa, sé ekki haldið við. En það má ekki vera í stórum stíl. En nú eru sem nær allir í greiðsluþroti.

Gengið var fellt, en það hefur ekki rýmkazt um fjárhaginn við það. Allar tekjur, sem sjávarútvegurinn gat átt von á vegna gengislækkunarinnar í bili, á að taka af honum og leggja í banka, sem ríkið á. Ágreiningurinn stendur fyrst og fremst um þetta. Á fiskveiðasjóður að taka þetta fé af útveginum fyrir ekki neitt eða eigum við að fá einhvern hluta af því til þess að greiða upp í þær skuldir, sem við þurfum að greiða? Og þá eiga sjómenn rétt á því að fá sinn hluta. Ástand sjómannanna er nú þannig í dag, að þeir hafa haft um það bil helmingi minni tekjur en í fyrra. Það er gengið að þeim með opinber gjöld, sem voru mjög há í fyrra, og það er búið að taka mikið af þeim gjöldum af kaupinu þeirra mánaðarlega. Sumir hafa alls ekki getað misst þessa fjármuni, því að það er ekki hægt, — ég get það a. m. k. ekki, — að neita fjölskyldum sjómanna um nauðsynlega peninga til að lifa á. Það lætur enginn sjómann fiska upp á það að svelta hann og hans fjölskyldu eða þótt það sé ekki nema fjölskyldan. Hann verður ekki lengi á skipinu með því móti, þannig að fyrir menn, sem ekki hafa haft nema tryggginguna, hefur verið ógerlegt að borga útgjöldin, og það má alveg búast við, að það verði málssóknir út af því, ef gengið verður að útgerðarmönnunum fyrir það, að þeir hafa ekki getað greitt útgjöld þeirra. Jafnvel af mönnum, sem hafa haft mjög háar tekjur í fyrra, hefur verið tekið það mikið upp í útgjöldin nú, að þeir hafa ekki nóg til að sjá heimilum sínum farborða og eru að reyna að fá smávíxla og hér um bil ómögulegt að fá þá. Þetta er nú sannleikur málsins. Þess vegna höldum við því fram, að það megi ekki minna vera en við fáum útgerðarmönnum og sjómönnum og fiskvinnslustöðvum a. m. k. einhvern hluta af því, sem þeim ber með réttu og er í raun og veru þeirra réttmæta eign, að það sé ekki hrifsað allt af bankavaldinu.

Svo er annað. Það er til gjaldeyrissjóður upp á eitthvað 800—900 millj. ytra og ágóðann ætlar Seðlabankinn að hirða. En svo skulda menn fyrir skipin sennilega ámóta stóra upphæð, og það eiga einstaklingarnir allt að borga. Er þetta réttlæti? Það er bankavaldið, sem ræður.

Það er ákaflega hæpin afgreiðsla á svona máli, að brtt., sem skipta mjög miklu máli, ef samþ. verða, séu lagðar fram, þegar fundir eru að byrja. Menn hafa ekki einu sinni tíma til að lesa grg., sem flm. koma með, því síður að ráðgast um það í flokkunum, hvort taka eigi eitthvað af þeim til greina. Auðvitað vitum við, að stjórnarliðið getur fellt þessar till., sem við komum með, en ég öfunda þá ekki af því. Hvað skeður nú, ef útgerðarmönnum er ekki hjálpað til að borga vextina? Hvernig verður það, þegar þeir byrja næsta ár? Óborgaðir allir vextir frá 1967. Og þessi ágæta stjórn hækkaði þá um meira en þriðjung, þegar hún tók við völdum, við fiskveiðasjóðinn. Sjómennirnir algerlega félausir að lausafé a. m. k. Ímyndið þið ykkur, að það verði auðvelt að koma bátaflotanum af stað? En hvað skeður, ef ríkissjóður byrjar að leggja fram fé til þess að hækka fiskverðið og það eru engar líkur til, að það *hækki neitt að ráði, fiskverðið til bátanna*, fiskvinnslustöðvarnar þurfa að hirða hækkunina, því að þær voru reknar með stórhalla s. l. ár, a. m. k. frystihúsin. Hvað þýðir það? Það þýðir rangt gengi um leið, og það sagði greindur sjálfstæðismaður við mig í dag, sem var kunnugur útvegsmálunum. Ef þetta frv. er samþ. og útvegsmenn fá enga aðstoð til þess að létta af vaxtagreiðslum við fiskveiðasjóðinn eða afborgunum eða hjálp á einhvern hátt, er gengið orðið rangt skráð um leið og búið er að samþykkja þetta frv. Þá situr ríkisstj. alveg í sama farinu með rangt gengi, með enn meiri rekstrarfjárskort en var, því að það þarf 30% fleiri kr. til þess að reka fyrirtækin eftir gengisbreytinguna en áður, a. m. k. þegar hún er búin að hafa sínar verkanir. Hvernig verður sú lausn þá? Aftur að fella gengið? Nei, ef ríkisstj. vill nú gera eitthvað af viti, — ég ætla að ráða henni alveg heilt, þó að ég hafi enga von um, að hún fari eftir því, — ef hún vill gera eitthvað af viti, hjálpar hún útvegsmönnum nú, þannig að þeir geti staðið sæmilega í skilum.

Ég er búinn að ræða þetta mál við þann mann, sem annast þetta mest í fiskveiðasjóði, og ég veit, að hann gerir sér það alveg ljóst, að það hættulegasta fyrir lánsstofnun er það, ef sú skoðun kemst inn hjá viðskiptamönnum eða skuldunautunum, að það sé algerlega þýðingarlaust að reyna að borga. Það má aldrei gera þeim mönnum, sem reka fyrirtækin, það erfitt fyrir, að þeir verði vonlausir með að geta staðið í skilum. Þá týna þeir hinu viðskiptalega siðgæði. Og þannig hugsa útvegsmenn í dag: Við reynum bara ekki að borga fiskveiðasjóði. Þá getur fiskveiðasjóður valið um þetta, stjórnin og þm.: Viljið þið hafa það þannig að taka þetta af útvegsmönnum og sjómönnum, sem þeir að réttu lagi eiga og fiskvinnslustöðvum, taka það af þeim og gefa fiskveiðasjóði og láta alla hætta að borga. Útvegsmenn vita ósköp vel, að það er ekki hægt að selja flotann, því að það kaupir hann enginn og því síður, að hægt sé að reka hann.

Þetta getur ríkisstj. gert upp við sig. Við, sem í minni hl. erum, getum ekki betur gert en sagt henni sannleikann. *Og ef hún vill gera eitthvað af viti í útvegsmálunum*, þá á hún nú að hjálpa verulega til, hún á að láta sjómennina hafa vissan skerf. Við biðjum ekki um eins mikið og þeir eiga. Við biðjum um 40 millj. handa þeim. Og það eru svona tæpar 20 þús. á sjómann. Við ætlumst til þess, að því sé jafnt skipt, þannig að hásetar fái jafnt og yfirmennirnir og það gangi fyrst og fremst upp í það að létta undir með þeim að greiða opinber gjöld, sem hvíla mjög þungt á þeim, tilfinnanlega, en ef þeir eru búnir að borga þau, þá fá þeir þetta greitt.

Og við álítum afar auðvelt að sjá um dreifingu á þessu fyrir aflatryggingasjóð, vegna þess að miðað sé við skráða menn á skipi. Þá ætti það að vera auðvelt. Þetta er ekki eins mikið og þeir raunverulega eiga.

Við biðjum um 80 millj. til þess að létta undir með útvegsmönnum að standa í skilum með vaxtagreiðslur til fiskveiðasjóðs og fiskimálasjóðs, og það er ekki nema ⅔ hlutar af vöxtunum. Ef búið væri að hjálpa mönnum að borga þennan hluta, færu þeir að reyna að borga þá alla, ef þeir mögulega gætu, það er ég sannfærður um.

Við leggjum til, að varið verði 80 millj. til þess að létta undir með fiskveiðasjóði við greiðslu á þeirri hækkun, sem orðið hefur á erlendum skuldum vegna skipa, af þeim lánum, sem hann skuldar erlendis, *en við leggjum jafnhliða til*, að helmingur af því verði óafturkræfur hjá þeim, sem greitt er fyrir. Við álítum, að það hefði verið öllu hagkvæmara að smíða skip erlendis en innanlands og sé þess vegna ekki með öllu ósanngjarnt, að viðkomandi aðilar borgi einhvern hluta af þessu, en ósanngjarnt að láta þá taka það allt á sig. Þetta er í aðalatriðum okkar till., sem ég vona, að þið lítið nú yfir, áður en þið greiðið atkv.

Ef ríkisstj. vill gera einhverja tilraun til þess að vernda gengið, þá verður hún að gera þetta alveg upp við sig. Það verður að létta svo sköttum af sjávarútveginum, að hægt sé að reka hann aðstoðarlaust og það er ekki hægt nema að létta öllum þeim sköttum af honum, sem hægt er. Ég á ekki þar við tryggingagjöldin, ég hef aldrei verið að finna að því, þó að þau væru borguð gegnum útflutningsgjöldin, en ég vil benda á það, að í 8 ár hafa menn verið látnir greiða söluskatt af tryggingagjöldunum, 7½% nú, og þeim mun meira tjóni sem við verðum fyrir, þeim mun hærri verða tryggingagjöldin og þeim mun hærri söluskatturinn, sem verið er að greiða, þannig að maður verður að greiða söluskatt af töpunum.

Ég hef nú, ásamt Jóni Skaftasyni, lagt fram frv., sem felur það í sér, að þetta sé afnumið, og ég hef heimildir fyrir því, að þetta þekkist hvergi hér í nágrannalöndum okkar, svona skattlagning. Þetta hleður utan á sig eins og snjókúla, svo að þegar iðgjöldin hækka, — það er þannig a. m. k. gegnum stærri tryggingafélögin, ég skal ekki segja um samábyrgðina, — þá verðum við að borga hærri tryggingagjöld, þannig að þeir bátar, sem orðið hafa fyrir miklu tjóni, þurfa að borga allt að því tvöfaldar tryggingar, og ofan á það þurfa þeir að borga 7½% söluskatt, þannig að út-

gerðarmennirnir, sem þurfa að greiða þetta, stórskulda í tryggingunum og tryggingarnar eru svo gersamlega fjárvana, að það er útilokað að fá neinar tjónabætur greiddar.

Við leggjum því til og erum sammála um það, að það verði að hjálpa þeim um 80 millj. og er sennilega of lítið, en það er þó dálítil úrbót í bili, og við erum þar sammála meiri hl. n. En það er ekki eins og við fáum þetta. Það er búið að plokka þetta í fáránlegum sköttum. Ríkið er búið að hirða þessar 80 millj. í söluskatt af tryggingafélögunum á undanförnum árum og meira til. Þetta er bara til að bæta úr fáránlegri löggjöf, en það er ekki verið að borga þetta til útvegsmanna, löggjöf, sem er ekki brú af viti í og á engar hliðstæður.

Ef ríkisstj. vill reyna að reka sjávarútveginn án þess að gefa með honum eða án þess að skapa nýja gengisfellingu réttara sagt, verður hún að lækka alla þá skatta, sem hún getur á sjávarútveginum, eins og launaskatt og ótal fleiri skatta. Ég taldi hér upp 25 skatta í fyrra, sem hvíla á útveginum, sjálfsagt mætti afnema helminginn af þeim. Svo er óhjákvæmilegt að lækka vexti. Vextirnir af stofnlánunum verða að lækka með einhverju móti. Ég get vel gengið inn á það, að þá yrði að taka að einhverju leyti í gegnum útflutninginn, en það er ekki hægt að hafa þá svona háa, jafnvel þó sú leið væri farin að taka þá þannig. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, að til þess að sjávarútvegurinn geti borið sig, og það er hagur allrar þjóðarinnar, að hann geri það, verður miskunnarlaust að ganga að því að hlífa honum við þeim útgjöldum, sem hægt er að komast hjá að leggja á hann, og hafa skaplega vexti af stofnlánunum. Auk þess verður að leggja kapp á skynsamlega fjárfestingu.

Það er lagt til í þessu frv. hjá ríkisstj. að láta ¼ af þessu fé ganga til svokallaðrar hagræðingar. Haldið þið, að útgerðarmenn eða fiskimenn vinni mikið við það? Hver verður þessi hagræðing? Þetta fé fer að mestu leyti til að borga fyrir gjaldþrota fyrirtæki, sem ríkisábyrgðasjóður mundi annars verða að greiða fyrir að meira eða minna leyti. Það mun ekki fara í það að auka vinnutækni í frystihúsunum nema að mjög takmörkuðu leyti, það þarf enginn að segja mér það.

Svo er gert ráð fyrir því í 2. gr. að leggja í verðjöfnunarsjóð allt að ¼. Finnst ykkur sanngjarnt að taka í verðjöfnunarsjóð af útfluttum sjávarafurðum í svo slæmu ári, að það þarf tugi ára að fara aftur í tímann til að finna hliðstæðu? Í verðjöfnunarsjóð á vitanlega ekki að taka, nema verðið sé yfir meðallagi, en ekki að taka það í ári eins og nú. Við leggjum því til í minni hl., að þeim lið sé sleppt, og það er eini liðurinn, sem við leggjum til, að sleppt sé af því, sem er í frv., en við leggjum til, og við leggjum höfuðáherzlu á það, að útvegsmönnum og fiskvinnslustöðvum sé hjálpað til þess að greiða sem svarar allt að ⅔ af vöxtunum í ár. Við leggjum til, að sjómönnum séu bættar dálítið upp þær litlu tekjur, sem þeir hafa í ár, af því að við vitum, að fjöldi þeirra er í algjöru greiðsluþroti og þetta er í raun og veru fé, sem þeir eiga, og það er ekki sæmandi fyrir þá þjóð, sem lifir nær eingöngu á sjávarútvegi, að láta þessa menn vera hálfgerða bónbjargarmenn fjárhagslega. Þeir eiga það ekki skilið.

Í þriðja lagi leggjum við til, að létt sé undir með þeim, sem skulda erlendis fyrir skip. Þetta eru aðalatriðin.

En í framtíðinni er höfuðatriðið þetta: Útgerðin mun ekki bera sig, nema létt sé af henni sköttum eins og hægt er og vextir af stofnlánunum séu lækkaðir. Ég hygg, að ríkisstj. ætti að vera búin að fá nægilega reynslu af því, að hér hafa ekki ráðið bót á neinu þeir háu vextir, sem hér hafa verið ráðandi síðan hún tók við völdum, eftirlitsleysi með fjárfestingu og geysilegur skortur á lánsfé, sem á eftir að aukast verulega.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef skilað sérstöku nál., en það er ekki komið úr prentun enn þá og hefur því ekki verið útbýtt, en í því geri ég nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Eins og þdm. muna, urðu hér mjög litlar umr. um þetta mál við 1. umr. vegna samkomulags, sem um það var gert vegna hins knappa tíma, sem d. réði þá yfir. Skýringar hafa því verið heldur litlar gefnar hér af hv. þdm. á því mikilvæga máli, sem hér liggur nú fyrir.

Ég tel því óhjákvæmilegt að rekja hér nokkuð nánar efni frv. og þau atriði þessa máls, sem ég tel, að skipti mestu máli.

Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli á því, að með þessu frv. og reyndar öðru, sem þegar hefur verið samþykkt sem lög varðandi gengislækkunina, er gengið út frá mjög óvenjulegri framkvæmd á gengislækkun. Út frá því er gengið, að allar þær verðhækkanir, sem til falla vegna sjávarvöruframleiðslu ársins 1967 af vörum, sem ekki var búið að greiða, þegar gengislækkunin var ákveðin, jafnvel þótt þær vörur væru þegar fluttar úr landi, að öll sú verðhækkun skyldi tekin og lögð í sérstakan reikning í Seðlabankanum. Þá var einnig gert ráð fyrir því, að allar verðhækkanir, sem yrðu á fyrirliggjandi birgðum útflutningsvara, sem í landinu voru, þegar gengislækkunin var ákveðin, yrðu einnig teknar og lagðar í þennan gengishagnaðarsjóð í Seðlabankanum og einnig var svo ákveðið, að allar verðhækkanir, sem til féllu á þeim framleiðsluvörum sjávarútvegsins, sem framleiddar yrðu frá gengislækkunardegi, 24. nóv., og til ársloka, skyldu einnig teknar og lagðar í þennan gengislækkunarreikning í Seðlabankanum. Nú eru þær upplýsingar gefnar, að talið sé, að verðmæti þessarar framleiðslu, sem undir þessi ákvæði frv. eigi að koma, sé áætlað 1700 millj. kr., og þá er talið líklegt, að verðhækkun vegna hins breytta gengis á þessum útflutningsvörum muni nema í kringum 400 millj. kr. og það er þessi fjárhæð, sem ætlunin er að taka og ráðstafa skv. því frv., sem hér liggur fyrir.

Yfirlýsingar höfðu verið gefnar um það af hæstv. ríkisstj. við afgreiðslu gengislækkunarfrv., sem hér var til umr. á sínum tíma, að þessari upphæð, þessum gengishagnaði, sem nefndur hefur verið, skyldi öllum ráðstafað síðar með löggjöf í þágu sjávarútvegsins eða í þágu þeirra framleiðslugreina, sem þessi hagnaður kemur frá.

Það frv., sem ríkisstj. lagði svo fram í hv. Ed.

sem 77. mál þingsins og hér er nú til umr., átti svo að vera til fullnægingar á þessari yfirlýsingu hæstv. ríkisstj., en ég tel, að á því leiki enginn vafi, að hér hefur orðið mikill misbrestur á hjá hæstv. ríkisstj. að standa við þetta fyrirheit sitt skv. þessum till., sem hún gerir í frv.

Í fyrsta lagi er það svo, að skv. ákvæðum frv., eins og þau voru, þegar það var lagt fram, gerði ríkisstj. ráð fyrir því að taka þegar í ríkissjóð af þessum svonefnda gengishagnaði um 60 millj. kr. skv. f-lið 1. gr. frv. Sá liður var því auðvitað alveg tvímælalaust brot á þeirri yfirlýsingu, sem ríkisstj. hafði áður gefið varðandi ráðstöfun á þessum gengishagnaði. En Ed. hefur nú gert breytingu á frv. varðandi þennan lið og lagt til að fella hann niður.

En þá er aftur að athuga aðrar till. þessa frv. Eru þær þess eðlis, að lagt sé til að ráðstafa þessum gengishagnaði í þágu sjávarútvegsins? Ja, það er eflaust hægt að teygja og toga merkingu þessa orðs mikið, hvað sé í þágu sjávarútvegsins, það er jafnvel hægt að tala um, að það sé í þágu sjávarútvegsins að hafa afkomuna hjá ríkissjóði mjög góða og það sé í þágu sjávarútvegsins, að myndaðir séu ýmsir sjóðir, sem komi til með að eiga einhver viðskipti við sjávarútveginn á komandi árum. En ég hafði nú skilið þessa yfirlýsingu þannig, að ætlunin væri að ráðstafa þessu fé á þann hátt að það kæmi til hagnaðar rekstri sjávarútvegsins, en talið var einmitt, þegar rætt var um nauðsyn á gengislækkun, að það þyrfti að lækka gengi krónunnar til þess að gera rekstrarafkomu sjávarútvegsins betri en hún áður var. Það mun láta nærri, að eins og till. voru, þegar þær komu fram hér fyrst í frv., þá megi telja, að ríkisstj. hafi lagt til, að af þessum 400 millj. kr. yrði varið á þann hátt, sem telja má beint til stuðnings sjávarútveginum, upphæð, sem nemur í kringum 145 millj. kr. Langsamlega stærsti hlutinn af þessari fjárhæð átti að renna til vátryggingakerfisins. En um 255 millj. kr. áttu hins vegar að renna í ýmsa sjóði, sem tengdir eru sjávarútveginum. Þannig voru till. í upphafi. Ég tel, að eins og frv. er nú orðið eftir breytingu Ed. á því, láti mjög nærri, að ráðstafað sé beint til sjávarútvegsins upphæð, sem nemur í kringum 170 millj. kr., en hins vegar sé gert ráð fyrir því að ráðstafa í ýmsa sjóði, sem tengdir eru sjávarútveginum, upphæð sem nemur 230 millj. kr.

Ég hef sagt hér, að ég dragi nokkuð í efa réttmæti þess að tala um beinan gengishagnað, sem nemur þessari upphæð, sem hér er nú til skipta. Og það segi ég vegna þess, að auðvitað er ekki hægt að tala um neinn gengishagnað, þó að ákveðinn hluti af þeirri verðhækkun á útflutningsvörum sjávarútvegsins, sem verður eftir gengislækkunardag, sé tekinn inn í þessa upphæð. Auðvitað leggst aukinn framleiðslukostnaður á þá framleiðslu, sem á sér stað eftir gengislækkunardag, og það er því auðvitað alrangt að tala um beinan gengishagnað í sambandi við það. Ég vil líka vekja athygli á því, að það hefur aldrei komið fyrir áður í sambandi við ákvörðun um gengislækkun, að hún hafi verið framkvæmd með þeim hætti, sem nú er ráðgert, að gera á upp við aðila á hinu gamla gengi framleiðslu, sem á sér stað eftir gengisbreytingardag. En nú er það ákveðið, að það á einnig að taka nokkurn hluta af því verðlagi, sem verður á útflutningsvörunum eftir gengislækkunardag og leggja í þennan gengishagnaðarsjóð.

Ég skal nú víkja hér nokkru nánar til útskýringar á þessu máli að því, hvað felst raunverulega í þeim till., sem hér eru gerðar. Samkv. því, sem lagt er til í 1. gr. frv., er gert ráð fyrir því í a-lið 1. gr., að greiða skuli úr þessum gengishagnarsjóði allar verðhækkanir, sem verða, eða allar hækkanir, sem verða á framleiðslukostnaði þeirra vara, sem undir þessi lög koma til með að falla, að því leyti til, sem framleiðslukostnaðarhækkunin stafar af gengisbreytingunni. Þetta þýðir það, að framleiðsla, sem á sér stað eftir gengisbreytingardag, eftir 24. nóv., öll sú framleiðsla kemur til með að eiga kröfu á endurgreiðslu úr þessum sjóði vegna margvíslegrar hækkunar á framleiðslukostnaði, sem á sér stað eftir þessi tímamörk. Við skulum t. d. taka þá framleiðendur, sem hafa staðið í því að salta síld að undanförnu. Þeir hafa verið að salta síld fram á síðustu daga. Þessir aðilar koma allir til með að senda reikninga á þennan sjóð og heimta endurgreiðslur úr honum fyrir aukinn rekstrarkostnað, sem á þá hefur fallið í sambandi við þessa framleiðslu, ekki aðeins þann kostnað, sem til fellur fram að næstu áramótum, heldur einnig á þann kostnað, sem til fellur alveg þangað til varan er farin úr landi og hefur verið greidd að fullu.

Hið sama er að segja um rekstur fiskiskipa t. d. Auðvitað hefur rekstrarkostnaður fiskiskipa hækkað eftir gengislækkunardag. Olían hækkaði strax í verði. Veiðarfæri, sem keypt eru eftir gengislækkunardag, hafa vitanlega hækkað í verði í mörgum tilfellum. Laun hafa hækkað nokkuð og þar af leiðandi svo að segja allur kostnaður við framleiðslustörf. Þessir aðilar eiga rétt á því að senda inn kröfu til þessa sjóðs og heimta endurgreiðslu á þeim kostnaðarauka, sem þarna fellur til. Ég tel fyrir mitt leyti, að þetta sé alveg óhjákvæmilegt, fyrst svona var ákveðið að standa að gengisbreytingunni. Hitt tek ég undir með þeim, sem hér hafa að þessu vikið, að það er ekkert smáræðisdæmi að eiga að reikna þetta út. Það verður heldur skemmtilegt að tína saman alla þá margvíslegu reikninga hjá öllum mögulegum fyrirtækjum, sem geta tilgreint kostnaðarauka við sína framleiðslu, við framleiðslu, sem talið er, að muni nema í kringum 1700 millj. kr. í útflutningsverði, að tína saman alla þá reikninga og úrskurða, hvaða hækkanir hafi átt sér stað af völdum gengisbreytingarinnar við þessa framleiðslu. En auðvitað nær ekki nokkurri lifandi átt að neita þessum aðilum, sem hér eiga hlut að máli, um þessa endurgreiðslu, fyrst svona óvenjulega er staðið að framkvæmdinni á gengislækkuninni, að hún er látin ná fram fyrir sig og mönnum er gert það t. d. í desembermánuði að búa við allt annað útflutningsgengi en innflutningsgengi. Þetta er auðvitað herfileg mismunun, og það er auðvitað furðulegt, að menn skuli standa að jafnvitlausri löggjöf eins og þessari. En ég vek athygli á því, að á þennan hátt hefur aldrei fyrr verið staðið að gengislækkun á Íslandi, aldrei. Þetta er einasta dæmið um það.

Þá er samkv. þessari 1. gr., b-lið, gert ráð fyrir

að greiða skreiðarframleiðendum nokkrar bætur úr þessum sjóði vegna þeirra áfalla, sem skreiðarframleiðendur hafa orðið fyrir. Og það hefur verið gefið upp, að áætlað hafi verið að greiða skreiðarframleiðendum á þennan hátt í kringum 12 millj. kr. Auðvitað er þessi fjárhæð, sem hér er um að ræða, allt of lítil, og það stappar nærri því að tala megi um, að þetta sé háðungargreiðsla, a. m. k. þegar tillit er tekið til þess, að í gildi hefur verið löggjöf um ákveðnar ráðstafanir til fjárhagsstuðnings við útflutningsframleiðsluna, áður en til gengislækkunarinnar kom. Og í þeim l. var gert ráð fyrir því að veita skreiðarframleiðendum tiltekinn fjárhagsstuðning, sem átti að nema í kringum 10 millj. kr. Að vísu var gert ráð fyrir því, að fleiri aðilar gætu þar komið til greina í sambandi við skiptingu á þeirri upphæð, en þó fyrst og fremst gert ráð fyrir því, að þessi upphæð gengi til skreiðarframleiðenda. En nú hefur tekizt svo til, að það er búið að eyða allri þessari upphæð, sem átti að renna til skreiðarframleiðenda samkv. rekstrargrundvelli, sem þeir byggðu á. Það er búið að eyða henni í annað. Og aðstæðurnar hafa auðvitað ekki beinlínis knúið á um það, að skreiðarframleiðendur fengju þessa fjárhæð, af því að þeir hefðu ekki getað flutt út skreiðina. Það hafa ekki verið aðstæður til þess að flytja hana úr landi. Og nú er gert ráð fyrir því samkv. þessu frv. að greiða skreiðarframleiðendum álíka upphæð og búið var áður að viðurkenna, að þeir ættu að fá.

Þá stendur hitt eftir, að skreiðarframleiðendur hafa orðið fyrir feiknalegu tjóni. Þeir verða að liggja með framleiðslu sína, sem nemur nokkuð á 3. hundrað millj. kr., þeir verða að liggja með hana í heilt ár. Það er ekki hægt að selja hana til markaðslandsins, sem er lokað. Vaxtagreiðslur af þessum skreiðarbirgðum munu nema í kringum 20 millj. kr. á ári. Það er beinn skellur, sem þessir framleiðendur verða fyrir. Og auðvitað taka þeir á sig gífurlega áhættu með þessa framleiðslu sína, því að erfitt er að sjá fyrir, hvernig fer með sölu og afgreiðslu hennar eftir allan þennan biðtíma. Norðmenn lentu í sams konar vanda og við. Þeir fóru aðra leið. Þeir hafa selt mikið af sinni framleiðslu til ýmissa Afríkulanda og einnig inn á þetta áhættusvæði, sem við höfum ekki þorað að skipta við, en þeir lækkuðu sitt verð verulega frá því, sem áður var, og tóku á sig skellinn. Og þeirra ríkisvald hefur aðstoðað þá í þessum efnum. En þegar talað er nú um að ráðstafa nokkrum fjárhæðum til stuðnings þeim þáttum framleiðslunnar, sem óneitanlega hafa orðið fyrir skelli, er útkoman sú, að skreiðin á vegna þessara áfalla í rauninni ekki að fá neitt, ekki eins og till. liggja fyrir. Þar er aðeins um það að ræða að bæta það upp, sem áætlað var inn í grundvöllinn áður og búið var að reikna með í rekstrargrundvellinum fyrir nærri ári síðan.

Hæstv. sjútvmrh. hefur að vísu sagt hér í þessum umr., að ríkisstj. geri sér grein fyrir þessum vanda skreiðarframleiðslunnar og að hún geti vel hugsað sér, að þegar þar að kemur, verði það mál tekið upp að nýju. Það er vitanlega hægt að hugsa sér, að það verði hlaupið undir bagga með skreiðarframleiðendum eftir einhverjum öðrum leiðum síðar, ef það verður þá gert, en ég verð að segja, að mér hefði fundizt mjög eðlilegt að ráðstafa nokkrum hluta af þeim fjármunum, sem hér er verið að ráðstafa, í þessu skyni. En það tel ég í rauninni ekki vera gert, eins og staðið er að þessu frv.

Þá kemur c-liður þessarar 1. gr., en þar er gert ráð fyrir nokkrum bótum til síldarverksmiðja, sem vitanlega hafa orðið fyrir miklu tapi á sínum rekstri á þessu ári. Og samkv. upplýsingum er rætt um það að greiða til síldarverksmiðjanna bætur, sem nema í kringum 10 millj. kr. eða það er það, sem hefur verið gefið upp, að menn hafi hugsað sér. Nú liggur það hins vegar fyrir, að Síldarverksmiðjur ríkisins einar hafa upplýst, að fram í októbermánuð var tapið hjá þeim einum orðið um 40 millj. kr. fyrir utan allar afskriftir. Enginn vafi er á því, að miðað við þann starfsgrundvöll, sem nú liggur fyrir, má reikna með því, að tapið hjá Síldarverksmiðjum ríkisins fyrir utan allar afskriftir verði á þessu ári 50—60 millj. kr., og þá koma auðvitað allar hinar verksmiðjurnar þar til viðbótar. Ég tel því greiðsluupphæð eins og þá, sem hér er rætt um, allt of litla og í rauninni alveg broslega, þegar haft er svo aftur í huga, hvað lagt er til samkv. 2. lið að greiða ýmsum öðrum aðilum, sem ekki þurfa á þeim gjöfum að halda, sem þar er lagt til.

Samkv. d-lið 1. gr. frv. er svo lagt til að greiða rækjuframleiðendum samkv. samkomulagi, sem gert hefur verið við þá, upphæð, sem nemur kringum 7 millj. kr. Það hygg ég, að muni vera nokkuð nærri lagi, ef samkomulag hefur verið gert við þá aðila um þessar bætur, en meira skal ég ekki segja um það, því að ég er ekki svo kunnugur því.

Samkv. e-lið 1. gr. er síðan gert ráð fyrir því að innheimta útflutningsgjald af verðhækkunum á þeim vörum, sem fjallað er um í þessu frv., til þess að auka enn við tekjur vátryggingakerfisins, sem nú er komið í fjárþröng, og sagt er, að hin auknu útflutningsgjöld af þessari framleiðslu mundu nema í kringum 16 millj. kr. Það má auðvitað segja, að sú fjárhæð, þessar 16 millj. kr., og einnig sú fjárhæð, sem gerð er till. um samkv. a-lið 2. gr. og áætlað hafði verið, að mundi nema kringum 65 millj. kr. og sem á að renna í þetta vátryggingakerfi, það má auðvitað segja, að þessar tvær fjárhæðir, 65 millj. kr. plús 16 millj. kr., sé sjávarútveginum eða bátaútgerðinni í landinu og togaraútgerðinni beinn fjárhagsstuðningur, því að þessir aðilar eru gerðir ábyrgir fyrir þessu vátryggingakerfi, svo vitlaust sem það er og svo óstjórnlegt sem það hefur verið um langan tíma. En allt um það má þó segja, að þær greiðslur renni út af fyrir sig til sjávarútvegsins.

En síðan koma hinar till. samkv. 2. gr. Þá er lagt til samkv. b-lið 2. gr., að verja skuli 65—70 millj. kr. í því sérstaka augnamiði að gera fiskveiðasjóði kleift að taka þátt í svonefndri endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar. Það hefur verið rætt nokkuð um það, og það hefur komið áður fram í fskj. hér til Alþingis, að efnahagssérfræðingar ríkisstj. hafa rætt um þessa endurskipulagningu og bent þá á, að hún mundi einkum verða fólgin í því, að viss frystihús kynnu að verða lögð niður eða sameinuð öðrum og fiskvinnslustöðvarnar eða einingarnar stækkaðar frá því, sem verið hefur, og í sam-

bandi við þessar breytingar gæti komið til þess, að vissir lánardrottnar yrðu beinlínis að afskrifa eitthvað af lánum sínum til þeirra fyrirtækja, sem nú eru talin orðin fallvölt. Og það hefur verið gert ráð fyrir því, að ríkisábyrgðasjóður yrði e. t. v. í vissum tilfellum að afskrifa eitthvað af þeim lánum, sem hann á orðið raunverulega hjá þessum fyrirtækjum. En nú er sem sagt horfið að því samkv. þessu frv. að taka af þessum svonefnda gengishagnaði upphæð, sem nemur í kringum 65 millj. kr., og það á að nota þá upphæð til þess að forða þeim aðilum frá því að tapa vissum lánum, sem raunverulega eru búnir að tapa þessum lánum. Ég efast fyrir mitt leyti mjög um það, hvað út úr þessum ráðagerðum um endurskipulagningu fiskiðnaðarins muni koma, en ég tel þó alveg fráleitt, að farið sé að taka af því fé, sem útvegsmenn raunverulega eiga og þurfa á að halda, taka af því til þess að leggja í sérstakan sjóð, sem á að standa undir hugsanlegum töpum, sem upp kunna að koma í sambandi við þessa endurskipulagningu.

Þá er samkv. c-lið 2. gr. gert ráð fyrir því að greiða til fiskveiðasjóðs fjárhæð, sem áætluð hafði verið 65 millj. kr., en hækkar að sjálfsögðu nokkuð eftir að f-liður 1. gr. hefur verið felldur niður. Og gert er þá ráð fyrir því, að fiskveiðasjóði verði afhent þessi upphæð sem beint framlag, sem hrein gjöf, en þó gert ráð fyrir því, að hann noti þetta fjármagn til þess að lána þeim útvegsmönnum, sem orðið hafa fyrir gengistöpum í sambandi við kaup á fiskiskipum, þar sem lánin hafa verið bundin gengisákvæðum. Það er svo enginn vafi á því, að þessar tvær till., sem eru bæði í b- og c-lið 2. gr., eru um það að afhenda fiskveiðasjóði í lægsta lagi 130 millj. kr., sennilega 150—160 millj. kr., sem beint framlag, sem hreina gjöf af þessari upphæð. Nú er spurningin þessi: Stóðu málefni sjávarútvegsins þannig, að nauðsynlegt væri að gera slíka ráðstöfun, að gefa fiskveiðasjóði með einhverjum hætti slíka fjárupphæð? Ég segi hiklaust nei. Fiskveiðasjóður er einn öflugasti sjóður, sem til er í okkar landi. Hann hefur haft miklar tekjur, og hann hefur að langsamlega mestu leyti veitt lán til sjávarútvegsins af sínu eigin fé. Fiskveiðasjóður hefði raunverulega staðið mjög vel að vígi fjárhagslega séð, ef þeir, sem lán taka úr sjóðnum, gætu staðið við sínar skuldbindingar við sjóðinn. Það, sem máli skiptir því fyrir fiskveiðasjóð í þessum efnum, er það, að sjávarútvegurinn sem heild búi við þá rekstrarafkomu, að hann geti staðið í skilum með greiðslur sínar til sjóðsins. Það var því auðvitað eðlilegt að því leyti til, sem menn viðurkenndu það, að nú stóð þannig á hjá fiskveiðasjóði, að hann þurfti á aukru fjármagni að halda, af því að margar greinar sjávarútvegsins höfðu ekki getað staðið í skilum við sjóðinn, það var eðlilegt að reyna að gera þessum greinum kleift að standa við sínar fjárhagsskuldbindingar við sjóðinn, en ekki hitt að fara að gefa fiskveiðasjóði peninga og það meira að segja frá þessum aðilum, sem ekki voru færir um að standa við sínar skuldbindingar. Slíkt er vitanlega að fara aftan að hlutunum og vinna mjög óeðlilega.

Samkv. d-lið 2. gr. frv. er síðan lagt til að verja í minnsta lagi 65 millj. kr. — sennilega 75—80 millj. kr., eftir að f-liður 1. gr. hefur verið felldur niður — í svonefndan verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og gert er svo ráð fyrir í 3. gr. frv. að ákveða nokkru nánar, hvers konar sjóður þetta á að vera. Það hafa verið uppi mjög skiptar skoðanir meðal útvegsmanna um það, hvernig ætti að standa að framkvæmd þessarar hugmyndar um uppbyggingu verðjöfnunarsjóðsins. Og ég held, að þeir séu ekki margir í hópi sjávarútvegsmanna, sem mundu aðhyllast það að standa þannig að uppbyggingu sjóðsins, sem gert var ráð fyrir í till. ríkisstj. í frv., eins og það kom fram. Ed. hefur nú gert verulegar breytingar á 3. gr. og þar með strikað yfir í bili ýmsar þessar hugmyndir, sem þar komu fram hjá ríkisstj. um uppbyggingu sjóðsins. En ég held fyrir mitt leyti, að það sé hrein fjarstæða að ætla að taka þessa fjárhæð frá sjávarútveginum, eins og nú er ástatt hjá honum, til þess að leggja í þennan sjóð, sem enn hefur ekki verið ákveðið um, hvernig skuli byggjast upp eða hvaða hlutverki skuli gegna, nánar tiltekið.

Ég vil í framhaldi af því, sem ég hef sagt, vekja sérstaka athygli á því, að það voru auðvitað meginrökin fyrir því, að lækka ætti gengi íslenzkrar krónu að þessu sinni, að hagur sjávarútvegsins væri með þeim hætti, að hann yrði að fá aukinn fjárhagslegan stuðning. Það voru aðalrökin, og ég minnist þess alveg sérstaklega, að hæstv. forsrh. margendurtók það hér í umr. um þessi mál, að sjávarútvegurinn hefði orðið fyrir feiknalegum áföllum á þessu ári, bæði vegna minnkandi sjávarafla, sem að verulegu leyti hefur stafað af ótíð, og svo vegna lækkunar á verði útfluttra afurða. Og sagt hefur verið af ýmsum talsmönnum ríkisstj., að þessi áföll, sem sjávarútvegurinn hefur orðið fyrir á þessu ári, muni nema 1500—2000 millj. kr. í útflutningsverðmætum. Og vegna alls þessa, vegna þess, hversu rekstrarafkoma sjávarútvegsins var orðin erfið og vegna hinna miklu áfalla, sem sjávarútvegurinn hefur orðið fyrir á þessu ári, þótti óhjákvæmilegt að lækka gengi íslenzkrar krónu.

En svo þegar komið er að framkvæmdunum, hvernig standa menn þá að framkvæmdinni? Fyrstu viðbrögðin eru þá þau, að sjávarútvegurinn þurfi ekki á öllu þessu fé að halda. Það megi taka það af honum, sem er óumdeilanleg eign hans, og það sé rétt að ráðstafa meginhlutanum af því fjármagni, sem losnar við gengisbreytinguna, ráðstafa því til þeirra stofnsjóða, sem annars eru mjög fjárhagslega öflugir sjóðir. Auðvitað er það hrein fjarstæða að tala um það, að fjárveiting til fiskveiðasjóðs, t. d. upp á 150 millj. kr., slík fjárveiting sé það sama og beinn stuðningur við sjávarútveginn. Það er hrein fjarstæða. Hvaða manni hefði dottið til hugar að rétta við afkomu sjávarútvegsins með því að leggja aðeins aukið fé inn í fiskveiðasjóðinn? Auðvitað vita allir, að það hefði ekki breytt neinu um afkomu hinna ýmsu greina sjávarútvegsins. Nei, hér er um það að ræða, að verið er að taka fjármuni, sem framleiðslan á, og það er verið að slá því föstu, að hún þurfi ekki á þessum fjármunum að halda og þessir fjármunir skuli færðir yfir til aðila, sem standa fjárhagslega vel að vígi. Það er það, sem um er að ræða. En aðilarnir, sem orðið hafa fyrir þessu mikla áfalli, þeir, sem

tapað hafa hundruðum millj. í minnkandi verðmæti framleiðslunnar á einu ári, eiga ekki að fá nema lítinn hluta af þessum eignum, sem þeir raunverulega áttu, að maður tali nú ekki um það, hvernig litið er á málefni sjómannanna, sem alveg óumdeilanlega eiga ákveðinn hluta af þeim peningum, sem hér er verið að ráðstafa, því að vitanlega áttu sjómennirnir að fá hækkaðan aflahlut, a. m. k. á tímabilinu frá 24. nóv., er gengislækkunin var ákveðin, og til áramóta. Á þessu tímabili átti auðvitað hráefnisverðið að hækka og sjómennirnir að fá hækkaðan aflahlut. Það er verið alveg á óréttmætan hátt að hafa af þeim þennan aflahlut, sem þeir áttu að fá.

Ég veitti því athygli, að þegar síðasti almenni fundur Landssambands ísl. útvegsmanna var haldinn nú 6.—9. des., flutti formaður þeirra samtaka, Sverrir Júlíusson, þar ræðu og gerði nokkra grein fyrir útreikningum, sem gerðir höfðu verið um áföll síldveiðiflotans nú á þessu ári vegna minnkandi afla. Og í þessari ræðu sinni skýrði hann frá því, að miðað við útreikninga, sem náðu til 25. nóv., lægi fyrir, að verðmæti síldaraflans upp úr sjó, reiknað bátunum, væri nú rétt í kringum 500 millj. kr. samanborið við 1118 millj. kr. á sama tíma árið á undan. Verðmæti síldaraflans upp úr sjó hafði lækkað samkv. þessum útreikningum landssambandsins um 618 millj. kr. á sambærilegu tímabili í ár. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir það, að aflahlutur sjómanna á síldveiðiskipunum á þessu tímabili hefur lækkað miðað við árið á undan um rúmar 300 millj. kr. Ég hygg, að það sé enginn vafi á því að aflahlutur síldveiðisjómanna muni verða ekki minna en 350 millj. kr. rýrari í ár en hann var á árinu 1966. Það er því ekkert um það að villast, að þessir menn hafa orðið fyrir gífurlegu áfalli, og við vitum, að þeir eiga nú í miklum fjárhagserfiðleikum flestir, vegna þess að tekjurnar í ár eru svona miklu minni en áður, en í ár verða þeir að standa undir opinberum gjöldum frá tiltölulega háum tekjum, sem þeir höfðu árið 1966, og í mjög mörgum tilfellum er það svo, að aflahlutur þeirra í ár dugar ekki til þess að greiða skattana frá árinu á undan. Vandamál þessara manna eru því gífurlega mikil. Þetta hafa útgerðarmennirnir sjálfir, sem hafa þessa menn í þjónustu sinni, viðurkennt, því að þeir hafa snúið sér til opinberra aðila til þess að reyna að fá einhvers konar úrbætur til handa sjómönnunum í þessum efnum.

Það er því vitanlega ekki maklegt, heldur mjög ómaklegt að standa þannig að framkvæmd gengislækkunarinnar nú, að verið sé að hafa af sjómönnum beinlínis þann aflahlut, sem þeir áttu að fá eftir gengislækkunardag til áramóta, og það er ansi hart, að það skuli koma í hlut ráðh. Alþfl. að standa að tillögugerð hér á Alþ., sem fer í þessa átt. En það er rétt, að hann og aðrir geri sér grein fyrir því, að þessu er svona farið, þeir verða á þetta minntir, þeir komast ekki undan því. Við 3 þm., sem vorum í minni hl. í fjhn., höfum því flutt brtt. við þetta frv. á sérstöku þskj., og þar gerum við ráð fyrir því, að af þeim gengishagnaði, sem hér er nú verið að ráðstafa, verði nokkrum hluta ráðstafað til þeirra síldveiðisjómanna og til þeirra sjómanna almennt, sem orðið hafa fyrir miklu áfalli í tekjum á s. l. ári. Við leggjum til, að af heildarupphæðinni verði varið 40 millj. kr. til þess að bæta upp tekjutap sjómanna. Þessar till. eru mjög sanngjarnar, því að sannleikurinn er sá, að raunverulega hefði í þessum efnum átt að áætla sjómönnunum miklu meira en við gerum í þessum till. okkar, en við höfðum þessa upphæð ekki hærri í von um það, að meiri líkur væri þá til að fá till. samþykkta.

Í till. okkar á þskj. 176 er einnig við það miðað, að öllum meginhlutanum af því fjármagni, sem hér er verið að ráðstafa, verði ráðstafað beint til sjávarútvegsins, þannig að hagur sjávarútvegsfyrirtækjanna verði betri eftir en áður. Við viljum gjarnan, að verulegur hluti af því fjármagni, sem hér er um að ræða, renni til fiskveiðasjóðs, en við viljum, að það renni til fiskveiðasjóðs í því formi, að fjárhæðin teljist greiðsla útvegsmanna og útgerðarfyrirtækja á skuldum þeirra til fiskveiðasjóðs. Við teljum eðlilegt að miða skiptingu þessa fjár við vaxtagreiðslu skuldbindinga þessara aðila á árinu 1967. Ég verð að segja, að það er alveg furðulegt sjónarmið, sem upp kemur hér af hálfu ríkisstj. að telja eðlilegt að verja þeim hagnaði, sem hér er um að ræða, þannig, að hann skuli eiga að renna til fiskveiðasjóðs sem óafturkræft framlag, sem bein gjöf til sjóðsins í stað þess að upphæðin verði látin renna til þeirra aðila, sem einmitt hafa orðið fyrir hinum miklu áföllum og sem gengislækkunin var framkvæmd fyrir.

Það hefði einhvern tíma þótt nýstárleg kenning að heyra það, að verið væri að framkvæma gengislækkun til þess að efla tiltekna sjóði í landinu, en það er einmitt það, sem er verið að gera. Það er mjög greinilegt, að það á í þessum tilfellum að ráðstafa upphæðum til þess að efla vissa sjóði. Áður hefur það svo komið fram hér í umr. um þetta mál, að tilhneiging ríkisstj. er óhemjuleg til þess að láta ríkissjóð græða á gengislækkuninni í öllum greinum. Áhuginn fyrir því virðist vera miklu meiri en að koma þeim hagnaði, sem af gengislækkuninni gæti orðið, yfir til þeirra aðila, sem var þó látið í veðri vaka, að gengislækkunin væri gerð fyrir.

Þá gerum við ráð fyrir í okkar till., að varið verði um 80 millj. kr. í sambandi við þau gengistöp, sem kaupendur fiskiskipa hafa orðið fyrir vegna lána, sem þeir eiga bundin við erlenda mynt. Við leggjum til, að helmingur af þessari fjárhæð skuli teljast bein greiðsla fiskiskipaeigenda, en að hinn helmingurinn megi þó teljast lán fiskveiðasjóðs til þessara aðila til þess að standa undir þessum auknu útgjöldum.

Ég vil benda á í sambandi við þennan lið, að það er næsta undarlegt að standa þannig að þessum málum, að sagt er við útvegsmenn: Þið eigið hér nokkrar birgðir af vörum, nokkrar eignir, sem hækka í verði vegna gengisbreytingarinnar. En nú er vitað, að þessir sömu aðilar skulda líka erlendis, og þar verða þeir fyrir gengistapi. Þá þykir sjálfsagt að standa þannig að framkvæmd málsins, að þeim megin, sem kemur fram gengishagnaður hjá þessum aðilum, á að taka hagnaðinn, en hins vegar er sagt við þá: Nei, þar sem kemur fram gengistap, það megið þið eiga, þið skulið bara búa við það á komandi árum að glíma við tapið. Þetta er auðvitað óeðlileg fram-

kvæmd í mesta máta, og það verður að teljast furðulegt, að ríkisstj. skuli halda sér fast við slíkar till. sem þessar. Mér sýnist, að tillögugerð ríkisstj. í sambandi við þetta mál beri það greinilega með sér, að hún telur raunverulega vanda sjávarútvegsins ekki eins mikinn, þegar á á að herða, eins og henni þykir henta að tala um, þegar hún vill leggja byrði á þjóðina í sambandi við gengislækkunarráðstafanirnar. Það þykir henta, þegar er verið að snúa sér að þeim aðilum í landinu, sem á að fórna, að segja við þá: Sjávarútvegurinn þarf á þessu að halda, það þarf endilega að leggja þessar kvaðir á ykkur vegna sjávarútvegsins, það er undirstaða framleiðslunnar í landinu, — en svo þegar búið er að leggja álögurnar á, þá er horfið að því ráði að taka verulegan hluta þeirra fjármuna, sem fram koma, og stinga þeim annaðhvort í ríkissjóð eða þá í ýmsa sjóði, sem ríkisstj. hefur hugsað sér að byggja upp.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta. Ég held, að till. þær, sem við flytjum á þskj. 176, sýni í rauninni mjög glögglega, hver er afstaða okkar í minni hl. í sambandi við ráðstöfun á því fjármagni, sem hér er um að ræða, og það gera till. ríkisstj. út af fyrir sig líka. Ég held því, að það verði býsna lærdómsríkt fyrir ýmsa þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, að sjá, hvernig þessum till. reiðir af, því að afgreiðsla þeirra kemur til með að segja nokkuð skýrt til um það, hvað menn hafa í huga í sambandi við framkvæmd gengislækkunarinnar.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég þarf ekki á löngum ræðutíma að halda að þessu sinni. Það eitt hefur komið fram í þessum umr. af hálfu þeirra stjórnarandstæðinga, sem við höfum heyrt við nánast hvert einasta stjfrv., sem hér hefur verið flutt. Það á, þrátt fyrir það, að þjóðin hefur misst milli þriðjungs og fjórðungs sinna tekna, að vera hægt að gera allt fyrir alla og framfylgja öllum ýtrustu óskum og kröfum, sem berast á hendur þess opinbera. Þetta var meginþátturinn í ræðu hv. 4. þm. Austf., sem var að ljúka máli sínu hér áðan, og þá höfum við heyrt um úrlausnir allra þeirra vandamála, sem uppi hafa verið og í hlut ríkisstj. hefur komið að flytja frv. til lausnar á.

Í sambandi við ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. og þá sérstaklega það atriði hennar, sem hann lagði töluvert mikið upp úr, þ. e. söluskattsgreiðslur af vátryggingu fiskiskipa, vil ég upplýsa það, að fjmrh. hefur með samþykki ríkisstj. þegar ákveðið að fella niður söluskatt af vátryggingu fiskiskipa og farmgjöldum, og með hliðsjón af þessu hefur hann lagt til við fjvn., að lækkaðar verði tekjur af söluskatti um 25 millj. kr. Um einstök atriði í ræðum hv. stjórnarandstæðinga er, eins og ég áðan sagði, ekki brýn þörf á að ræða hér frekar. Á sömu stundinni og það er sagt, að þær upphæðir, sem hér skapast við þennan gengishagnað, eigi að fara nánast meira og minna frá sjávarútveginum, er þó viðurkennt af öðrum, að þeir komi að vísu í einu eða öðru formi til sjávarútvegsins aftur, bara ekki réttu leiðina. Sannleikurinn er sá, að allt það fé, sem í þessa sjóði safnast, rennur beint til sjávarútvegsins aftur, og því verður ekki með neinum rökum í móti mælt, að uppistaðan undir velgengni íslenzka bátaflotans að undanförnu, það, að við höfum getað aflað þess mikla afla, sem raun ber vitni um, meginundirstaðan undir því hefur verið sú efling fiskveiðasjóðs, sem átt hefur sér stað á þessum tíma og gert hefur möguleg þau skipakaup, sem gerð hafa verið á s. l. árum. Verkefni allra þeirra sjóða, sem hér um ræðir, er að veita þessu fé aftur inn í sjávarútveginn og til hinna einstöku þarfa þar og verður ekki, hvað sem öllum ræðuflutningi hér líður, sagt, að þar sé ekki um að ræða fyllstu þarfir og þær brýnustu, sem sjávarútvegurinn þarf á að halda í dag.

Ég hlýt einnig að fagna þeim kafla úr ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., þar sem kveður nokkuð við annan tón en hjá öðrum hv. stjórnarandstæðingum, er hann sagði, að leita þyrfti áratugi aftur í tímann til að finna sambærilega erfiða vertíð og hér var um að ræða. Hingað til höfum við mátt hlusta á það í hverri einustu ræðu hv. stjórnarandstæðinga, að allur sá vandi, sem ísl. þjóðfélagið á við að etja í dag, sé fyrst og fremst heimatilbúinn klaufaskapur af ríkisstj. og slæm framkvæmd hennar í einstökum atriðum atvinnulífsins. Þetta er mikilsverð viðurkenning, sem ég vil gjarnan undirstrika og við höfum reynt að gera hér af hálfu ríkisstj. í flestum þessum málum, en talað þar fyrir daufum eyrum þangað til nú, að á þessu fæst viðurkenning. Sjómenn hafa orðið fyrir gífurlegu verðfalli, sagði hv. 4. þm. Austf., og eiga nú að greiða gjöld af tekjum sínum frá miklu tekjuári á því ári, er tekjur þeirra lækka um allt að því helming, eftir því sem hann sagði. Án þess að vefengja þessar tölur hv. þm., vil ég enn þá minna á, að það kemur niður á alþjóð, hið mikla þjóðartekjutap, sem átt hefur sér stað. Og eins og margsinnis hefur verið yfirlýst í umr. um efnahagserfiðleikana, eru þetta þeir erfiðleikar, sem þjóðin öll verður að bera. Ég hef aldrei heyrt á það minnzt, að sjómenn hafi beðizt undan þeim vanda að bera þær byrðar, sem eðlilegt væri, að þeir bæru miðað við sinn efnahag. Hitt er áreiðanlega rétt, hinn stórkostlegi tekjumunur hér á milli ára veldur þeim stórum búsifjum, og skal ég í engu efa það. Við höfum viljað styðja að því, að hér kæmist á staðgreiðslufyrirkomulag skatta og stafar þetta ástand af því, að það fyrirkomulag er ekki komið í framkvæmd. Á því hafa reynzt mjög miklir annmarkar, sem ég skal nú ekki fara út í hér, en flestum þm. eru kunnir, en þess er enn þá að vænta, að að því máli verði unnið, þannig að einmitt fyrst og fremst launastéttir eins og sjómenn þurfi ekki að standa í þeim erfiðleikum, sem þeir eiga nú við að etja í sambandi við sínar mjög svo sveiflukenndu tekjur.

Ég veit, að hv. þm. harmar það mjög, að það skuli koma í hlut Alþfl.-þm. að mæla með frv. eins og þessu hér, en ég leyfi mér nú samt sem áður, miðað við annan málflutning um þessi efni, að efast um, að sú hryggð sé mjög djúptæk. En við vinnum að framgangi þessa máls, Alþfl.-menn, í fullvissu þess, að við séum að gera það skásta úr hlutunum fyrir þá aðila, sem erfiðast eiga með að bera byrðar, og höfum stutt þau frv., sem í efnahagsmálum hafa verið til úrlausnar, með það fyrst og fremst í huga.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Vegna samkomulags, sem um það var gert, urðu umr. um þetta mál við 1. umr. hér í hv. d. mjög litlar. Ef ég man rétt, hafði hæstv. sjútvmrh. mjög stutta framsögu, og það varð sem sé samkomulag um það, að ég ætla, að almennum umr. um málið, þeim, sem venjulega eru við 1. umr., yrði frestað til 2. umr. Nú ætla ég ekki að fara að setja á mikil ræðuhöld um þetta mál, en ég vildi samt segja um það fáein orð, áður en umr. lýkur, sem væntanlega verður í kvöld.

Ég verð að segja það, að mér finnst sú aðferð, sem hér er viðhöfð í sambandi við þessi mál, bæði í nýsamþykktum lögum um þessi efni, nr. 69 1967, og í því frv., sem hér liggur fyrir, í hæpnasta lagi. En það, sem hér er verið að gera, er í stuttu máli sagt það í fyrsta lagi, að útflytjendum er eftir gengisbreytinguna, að því er varðar framleiðslu þessa árs, reiknaður erlendur gjaldeyrir á því verði, sem á honum var fyrir gengisbreytinguna, og mismunurinn á verði samkv. eldri gengisskráningunni og núverandi skráningu er svo látinn renna eða honum er ætlað að renna í sérstakan sjóð, gengishagnaðarsjóð, sem Alþ. svo ráðstafar með lögum, og að því er talið er, varðandi sjávarvörurnar, í þágu sjávarútvegsins. En um það greinir menn nokkuð á hér, hvort það sé í raun og veru gert og hvort það sé þá gert á þann hátt, sem eðlilegt sé.

Nú hefur verið upplýst í nál. minni hl. hér í d., hver sé sennileg upphæð þeirra fjármuna, sem hér er um að ræða. Í öðru álitinu segir, að þetta muni vera um 400 millj. kr. eða rúmlega það, en í hinu álitinu er þetta nánar tiltekið og sagt, að upphæðin muni nema um 420 millj. kr. Það er gott, að þessi áætlun hefur verið gerð og þm. látin hún í té, og sést á þessu, að hér er um mjög verulega fjárupphæð að ræða. Og við sjáum þá jafnframt á þessari tölu, sem hér er nefnd, 420 millj. kr., að það lætur mjög nærri því, að þetta nemi sem svarar 10% verðhækkun á útfluttum sjávarafurðum af framleiðslu ársins 1967, eftir því, sem líklegt má telja. Það er a. m. k. ekki mjög fjarri því, að svo sé, 10% verðhækkun á útfluttum sjávarafurðum.

Og eiginlega hefði mér nú fundizt eðlilegast, ef þetta fé var tekið í sérstakan sjóð, sem vel getur verið, að rétt hafi verið að gera út af fyrir sig, hefði því verið varið til þess að hækka sjávarafurðaframleiðslu ársins í verði. Það, sem mælir með því að gera slíkt, er náttúrlega, að það er dálítið tilviljunarkennt, hvernig afskipanir eru á sjávarvörum og þá ekki rétt að láta þá njóta þess eingöngu, sem hafa átt eftir fremur en aðrir að flytja út vörur sínar. Þessu virðist þetta sem sé nema, þessi munur, sem hér er verið að ráðstafa, í kringum 10% verðhækkun á framleiðslu ársins eða ekki mjög fjarri því.

Nú er ég ekki að ræða um þetta, af því að ég ætli að fara að leggja það til, að málinu verði gerbreytt að þessu leyti. Til þess treysti ég mér ekki, eins og á stendur. En það hefur áður verið breytt gengi hér á landi. Það var t. d. gert árið 1950, og það var gert árið 1960, og það var gert árið 1961. Árið 1950, þegar genginu var breytt, voru engin ákvæði sett í gengisbreytingarlög hliðstæð þeim, sem hér er um að ræða, engin ákvæði. Þá var ekki myndaður neinn gengisbreytingasjóður eða neinn gengishagnaðarsjóður af þessu tagi, að ég ætla. Árið 1960 var það heldur ekki gert. Það var ekki myndaður gengishagnaðarsjóður af þessu tagi, heldur voru ákvæði um það, að gengismunurinn skyldi renna í útflutningssjóðinn, sem þá var enn starfandi, en meginhlutverk útflutningssjóðs var einmitt að verðbæta útfluttar vörur og þá fyrst og fremst útfluttar sjávarvörur, sem eru meginhluti útflutningsins. Hins vegar er rétt að taka það fram, að bæði 1950 og 1960 voru gerðar vissar ráðstafanir í l. vegna þeirra áhrifa, sem gengisbreyting hafði á verð vissra þátta af útflutningsframleiðslunni. En það var annars eðlis og fjallaði ekki sérstaklega um þann gengismun, sem varð til á þann hátt.

Enn var genginu breytt sumarið 1961. Þá féll til mikið af svokölluðum gengishagnaði, og þá var tekin upp ný aðferð í þessu máli. Og þær till., sem hér liggja fyrir, og sérstaklega þær till., sem lágu fyrir í frv. eins og það var lagt fram, eru framhald af þeim aðferðum, sem þá voru notaðar. Þá var ákveðið að taka með l. af útflytjendum þann mun, sem gengisbreytingin hefði skapað þeim í hag, og Alþ. setti lög um það, hvernig þessu fé skyldi ráðstafað, því var að verulegu leyti ráðstafað, ef ég man rétt, í ríkisábyrgðasjóð og einnig til annarra hluta, ég held til vátrygginga á fiskibátum og til fleiri hluta, sem ég man nú ekki að tilgreina hér. En aðferðin var þá hin sama og nú. Ég man eftir því, að þá urðu allverulegar deilur hér í þingi um þetta, þessa aðferð, að taka þessa fjármuni þannig til ráðstöfunar með löggjöf og verja þeim með því móti, að ekki varð haldið fram, að þeir rynnu til eigenda útflutningsvaranna eða sjávarútvegsins aftur.

Það voru miklar deilur um þetta á þinginu eftir gengisbreytinguna 1961 og ég þykist muna það alveg með vissu, að því var haldið fram af löglærðum mönnum hér á hinu háa Alþ., að það væri mjög hæpið, að þetta stæðist. En meira var nú ekki að gert í því máli. Ef á annað borð er farið inn á þessa leið, leiðina frá 1961, en þó með því fororði, að þessu fé sé ráðstafað í þágu sjávarútvegsins, eins og það er orðað hér í 1. gr., skiptir það mjög miklu máli, að ráðstöfunin fari sem næst þessum tilgangi, að hún geti talizt í þágu sjávarútvegsins og sem næst því að vera til verðhækkunar á framleiðslu ársins. Og ég vil segja það, að mér virðist frv. hafa verið að færast í þá átt í hv. Ed. og það mundi enn færast verulega í þá átt að mínum dómi, ef samþ. væru brtt. hv. minni hl. sjútvn. hér í þessari hv. d. Þess vegna hef ég hugsað mér að fylgja þeim till., ef ekki koma fram aðrar betri og er nú ekki sjálfur reiðubúinn til þess að flytja aðrar till. á þessu stigi málsins. En það er samt eitt atriði í þessum till., sem ég vildi leyfa mér að minnast hér á, áður en umr. lýkur. Þar er sem sé gert ráð fyrir því, að verulegum hluta af gengishagnaðarsjóðnum verði varið til að greiða vaxtagjöld af stofnlánum vegna báta og fiskvinnslustöðva. Og það er tiltekin upphæð, sem þarna er ætluð til ráðstöfunar og ákvæðið er á þá leið, að henni skuli verja til greiðslu vaxta í hlutfalli við vaxtaupphæð ársins 1967. Um þetta eru þau nánari ákvæði, að þessu fé skuli verja til þess að greiða

vexti af stofnlánum báta og fiskvinnslustöðva hjá Fiskveiðasjóði Íslands og hjá fiskimálasjóði.

Nú vildi ég aðeins vekja athygli á því, að þó að mjög mikill hluti og kannske mestur hluti af stofnlánum þessara útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja sé í þessum stofnunum, hjá fiskveiðasjóði og fiskimálasjóði, eru þau það ekki öll. En hjá fiskveiðasjóði teljast núna til viðbótar við þau lán, sem sá sjóður hefur sjálfur veitt á undanförnum árum, hin eldri lán, sem stofnlánadeild sjávarútvegsins veitti á sínum tíma, en hún hefur verið sameinuð fiskveiðasjóði eða lögð undir fiskveiðasjóð og hann tekið við skuldbindingum hennar og eignum. En utan við þessar stofnanir, fiskveiðasjóðinn og fiskimálasjóðinn, er nokkuð af stofnlánum, og mér finnst eðlilegt, að þessi vaxtagreiðsla næði einnig til slíkra lána. Mér finnst það eðlilegt og sanngjarnt að hún næði einnig til slíkra lána, sem sennilega er nú ekki mjög mikil upphæð, svo að ekki sé þarna verið að mismuna þeim, sem greiða þurfa vexti af stofnlánum, útgerðarmönnum og fiskvinnslustöðvum.

Ég mun samt ekki við þessa umr. bera fram brtt. um þetta, en ég mundi nú vilja mega vænta þess, að ef þessi brtt. verður samþ., verði tækifæri til þess við 3. umr. að hnika þessu til, þannig að hin önnur stofnlán, sem ég nefndi, komi einnig undir þessi ákvæði og ég hygg, að flm. till., a. m. k. sumir þeirra, hafi í raun og veru hugsað sér, að það yrði, þó að þetta sé orðað þannig. En það þyrfti þá að gera orðabreytingu um þetta efni. Um þetta vildi ég aðeins gera aths., en það að breyta orðalagi till. yrði þá að gerast fyrir 3. umr., ef till. næði samþykki, sem ég teldi eðlilegt, að yrði.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það er ástæðulaust fyrir mig að lengja mjög þingfundatíma hv. d. í sambandi við afgreiðslu þessa frv., vegna þess að frsm. 1. og 2. minni hl. hv. sjútvn. hafa á undan mér talað og flutt yfirgripsmiklar ræður og skýrt þær brtt., sem ég er einn flm. að, og skal ég ekki reyna að betrumbæta það, sem þeir hafa sagt, eða koma fram með nýjar skýringar eða upplýsingar, sem ekki var að finna í þeirra ræðum. Til þess finn ég mig algerlega vanmáttugan. En það eru nokkur atriði, tvö eða þrjú, sem mig langar til þess að víkja örfáum orðum að í sambandi við afgreiðslu málsins nú.

Fyrsta atriðið, sem ég vildi víkja örfáum orðum að, er það, að við, sem stöndum að nál. 1. minni hl., lýsum því yfir í niðurlagi nál., að við leggjum til, að 3. gr. frv. um verðjöfnunarsjóð verði niður felld. Út af þessu vil ég aðeins lýsa því yfir, að ég er persónulega fylgjandi hugmyndinni um verðjöfnunarsjóð, þó að ég telji, að í því frv., sem hér er verið að afgreiða, sé óeðlilegt, að þessi ákvæði séu. Ég tel, að eðlilegra væri, að frv. um verðjöfnunarsjóð yrði undirbúið og lagt fram á hv. Alþ. með þeim skýringum, sem nauðsynlegar eru. Þá tel ég líka, að óeðlilegt sé að afla tekna til verðjöfnunarsjóðs með því að taka hluta af gengishagnaði sjávarútvegsins á yfirstandandi ári, en eins og fram hefur komið í umr. og margendurtekið hefur verið, er yfirstandandi ár eitt það versta, sem yfir þjóðina hefur komið um marga áratugi og því lítill grundvöllur til sérstakrar skattlagningar á sjávarútveginn í ár til verðjöfnunarsjóðs. Þetta vil ég, að komi fram.

Annað atriði, sem ég vildi vekja athygli hv. þdm. á með örfáum orðum, er framferði hæstv. sjútvmrh. hér í hv. Nd. í sambandi við frv.-flutning þennan. Þegar frv. var lagt fram til 1. umr. hér, fylgdi hann því úr hlaði með örfáum orðum. Hér er þó um mjög stórt mál að ræða, og oft hafa ráðh. og hv. þm. varið nokkrum mínútum og stundum lengri tíma til þess að skýra jafnmikilvægt mál og hér er um fjallað. Hæstv. ráðh. lét sig þó ekki muna um það að leggja frv. hér fram, án þess að skýra það, svo að nokkru næmi. Hann hefur kannske hugsað sem svo, að þær skýringar, sem hann gaf hv. Ed. um frv., mundu nægja okkur hér í hv. Nd. En í því sambandi vil ég aðeins benda á, að undanfarandi daga hefur verið mjög mikið annríki í hv. Nd. við afgreiðslu ýmissa annarra mála, þannig að þdm. hafa verið bundnir löngum stundum við afgreiðslu þeirra.

Í þeim ræðum, sem haldnar hafa verið hér af hálfu 1. og 2. minni hl. sjútvn. þessarar d., hafa verið leidd skýr rök að því, að það væri mjög óeðlileg og ranglát skipting, sem frv. gerir ráð fyrir á gengishagnaðinum, annars vegar til fisköflunarinnar, þ. e. a. s. til bátanna og fiskvinnslustöðvanna, hins vegar til ýmissa sjóða, og meðal þeirra er ríkissjóðurinn, eins og frv. var upphaflega útbúið. Það hefur verið sýnt hér fram á með skýrum rökum, að meiri hluti þess fjármagns, sem hér á að gera upptækt af gengishagnaði, mundi ganga til ýmissa sjóða, en ekki koma sjávarútveginum beint til góða, hvorki til þess að létta undir með rekstri bátanna né fiskvinnslustöðvanna. Hæstv. ráðh. vék ekki einu orði að þessari mjög svo þungu ádeilu um jafnveigamikið atriði og hér er um að ræða. Ég tel, að þetta sé mjög ámælisvert að hálfu hæstv. ráðh. gagnvart þd. og hún eigi raunar kröfurétt á því, að hann gefi þær upplýsingar um þetta frv., sem hér er óskað eftir að fá, og skýri ýmis atriði þess, sem eru að margra dómi ákaflega óljós, og hvernig þau eigi að framkvæma.

Þriðja atriðið, sem ég vil víkja örfáum orðum að í tilefni af þeirri ræðu, sem hæstv. ráðh. hélt hér áðan, er það, að hann minnti á, hvað fiskveiðasjóður hefur verið öflugur undanfarandi ár og taldi, að það væri forsenda þeirrar miklu velmegunar, sem hér hefði ríkt undanfarið, vegna þess að fiskveiðasjóður hefði lánað til þeirra miklu bátakaupa, sem væru undirstaða þess mikla afla, sem á land hefði verið lagður. En ef menn líta á ástandið í stórum dráttum í sjávarútveginum í dag, hlýtur það að blasa við augum allra, að þar eru meginerfiðleikarnir hjá bátaflotanum, þeir eru hjá togaraflotanum, þeir eru hjá fiskvinnslustöðvunum. Þetta hefur m.a. leitt til þess, að ýmsir af skuldunautum fiskveiðasjóðsins hafa ekki getað staðið í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánum frá sjóðnum. Þetta hefur skapað fiskveiðasjóðnum mikla erfiðleika, því er ekki að neita. En erfiðleikarnir hjá fiskveiðasjóðnum eru þó ekkert sambærilegir við það, sem þeir í dag eru hjá bátaflotanum og mörgum greinum fiskvinnslunnar. Ég held því, að það, sem brýnast er nú í sambandi við ráðstöfunina á rúmlega 400 millj. kr. gengishagnaði, sem á að

gera upptækan og ráðstafa á annan hátt, sé það að létta undir í þessari atvinnugrein, þar sem erfiðleikarnir eru mestir og láta stærri hluta af gengishagnaðinum ganga til bátaflotans til fisköflunarinnar og til fiskvinnslufyrirtækjanna. Og að því miðar sá tillöguflutningur, sem við þrír þm. í stjórnarandstöðunni stöndum að.

Ég vildi því að endingu aðeins spyrja hæstv. ráðh., af því að ég sé, að hann er hér kominn í d., hvort hann gæti ekki hugsað sér að beita sér fyrir því, að sá hluti gengishagnaðarins, sem ganga á til bátanna og fiskvinnslustöðvanna, verði verulega aukinn frá því, sem gert er ráð fyrir eins og frv. er nú úr garði gert, og ef hann ekki vill beita sér fyrir því, þá vildi ég gjarnan fá og auglýsa eftir þeim rökstuðningi, sem hann hefur fram að færa hér í hv. d. fyrir því, að sú skipting, sem frv. gerir ráð fyrir að gengishagnaðurinn skiptist eftir á milli stofnlánasjóðanna annars vegar og fisköflunarinnar og fiskvinnslunnar hins vegar, sé eðlilegur og réttlátur. Ég hygg, að ýmsir vildu gjarnan heyra rök hæstv. ráðh. fyrir því.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í tilefni af því, sem hæstv. sjútvmrh. sagði hér. Hann sagði, að meginatriðin í minni ræðu hefðu verið þau að gera kröfur um það, að allir gætu fengið allt og þetta væri í samræmi við kröfur okkar stjórnarandstæðinga hér fyrr á þingi. Ég verð að lýsa undrun minni yfir því, hvernig hæstv. ráðh. hefur skilið mín orð. Ég var hér að tala fyrir till. um það, hvernig við vildum ráðstafa tiltekinni upphæð á nokkuð annan veg en ríkisstj. hafði hugsað sér að ráðstafa sömu upphæð. Hér var ekkert um það að ræða að ætla að deila út einhverri óendanlegri upphæð, heldur aðeins mismunandi skoðanir okkar í minni hl. og hinna, sem styðja ríkisstj., á því, hvernig ætti að skipta sömu upphæð. Það hefði því auðvitað verið nokkur ástæða fyrir ráðh. til þess að koma hér fram með einhver rök fyrir því, að hans skipting væri réttari á upphæðinni heldur en halda því fram, að það hafi verið meginatriðið í minni ræðu að heimta allt handa öllum. Slíkt er vitanlega alveg út í hött.

Það er álíka mikið út í hött eins og að tala um það í sífellu, að það fé, sem rennur í fiskveiðasjóð, renni um leið til sjávarútvegsins. Það væri jafnvel nákvæmlega sama eins og að halda því fram, að það væri rétt að afla tekna, leggja t. d. skatta á þjóðina og setja þá upphæð í Landsbankann og segja: Af því að Landsbankinn fær þessa upphæð og hann er viðskiptabanki sjávarútvegsins, er þetta líka gert fyrir sjávarútveginn. Auðvitað er það, þó að Landsbankinn græði einhverja fjármuni, ekki bara gert fyrir sjávarútveginn. Slíkt er vitanlega mjög ónákvæmlega sagt frá hlutunum. Fiskveiðasjóður er í þessu tilfelli ekkert annað en peningastofnun, sem á sín skipti við sjávarútveginn, veitir lán út á ákveðnar eignir og heimtar sína vexti og sínar afborganir, og spurningin er um það, hvort sú starfsgrein, sem hann á skipti við, getur með eðlilegum hætti staðið við sínar skuldbindingar við sjóðinn.

Þá vék hæstv. ráðh. að því, að nú hefði komið hér fram í þessum umr. alveg ný viðurkenning frá stjórnarandstöðunni á vandamálum sjávarútvegsins. Ég verð að segja það, að mér finnast þessar fullyrðingar hæstv. ráðh. alveg furðulegar, og þær hljóta að stafa af því, að hann hefur lítið verið hér við þær umr., sem fram hafa farið að undanförnu um þessi mál. Ég hef ekki dregið á það neina dul í mínum ræðum, að mér er það ljóst, að sjávarútvegurinn hefur orðið fyrir miklu áfalli á þessu ári vegna verðlækkana á útflutningsvörum og það fer auðvitað heldur ekkert á milli mála, að hann hefur líka orðið fyrir miklu áfalli vegna minni afla, sem stafar af einstaklega óhagstæðu tíðarfari. Það hefur aldrei verið nein deila á milli manna um þessi atriði.

Hins vegar hefur staðið deila um það, að við í stjórnarandstöðunni höfum einnig bent á það, að stefna ríkisstj. í efnahagsmálum á undanförnum árum hafi einnig haft óheillavænleg áhrif fyrir atvinnuvegi landsins og erfiðleikar sjávarútvegsins stafi einnig af þessari óheppilegu stefnu.

Og svo kemur þessi þokuhnoðri, sem er svo erfitt að grípa í, þetta, að þegar á það er bent, að t. d. síldveiðisjómenn hafi sannanlega tapað í kaupi á árinu 300—350 millj. kr. og ekki er reynt að hrekja það, að svo sé, þá segja menn bara: Þjóðin tapar, öll þjóðin verður að bera þetta. Ja, ætlar hæstv. ráðh. að taka eitthvað á sig af þessum 350 millj., sem sjómenn hafa farið varhluta af á þessu ári? Þeir bera það einir. Ég veit ekki til þess að neinn aðili hér í þessu landi ætli að leggjast undir þennan bagga með sjómönnunum. Þeir bera þennan bagga einir. Það er það, sem menn eiga að viðurkenna og játa, en ekki að grípa til einhverra óræðra hluta og tala um, þjóðin er að tapa, þjóðin er að tapa. Það er líka rétt, að útvegsmennirnir, sem stundað hafa veiðarnar og fengið nú miklu minni afla, sem hefur verið borgaður með lægra verði, hafa líka orðið fyrir töpum. Og því er það, sem við segjum hér, að það er réttmætt að láta þessa aðila, sem hafa orðið fyrir þessum áföllum, hafa það fé, sem hér er verið að skipta upp og sem raunverulega tilheyrir þeim og engum öðrum.

Það er ekki hægt að komast fram hjá þessu atriði á þennan hátt að klifa í sífellu á þessu, að þjóðin beri þetta öll og öll þjóðin eigi að taka þetta á sig o. s. frv. Málið er afar skýrt. Ákveðnir aðilar verða að bera þennan bagga og spurningin er aðeins um það, hvort menn vilja leyfa þessum aðilum að fá nokkrar bætur upp í þessi miklu áföll af því fé, sem þeir eiga, eða hvort þeir vilja taka þetta frá þeim og ráðstafa því til tiltölulega mjög öflugra sjóða, sem eiga í rauninni ekkert tilkall til þessa fjár, ekkert.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, af því að ég veit, að þingfundartíminn er mjög naumur.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég kom inn á fund hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna um daginn og var þar dálitla stund og hlustaði á hluta af ræðu ráðh., og þá var hann að tala um, að þeim, sem hefðu átt báta fyrir innan 120 tonn, hefði verið gefinn kostur á því að semja um greiðslufrest á vöxtum og afborgunum í fyrra. En það hefðu mjög fáir gert þetta og þetta mundi valda því, að erfitt yrði að gera þeim slíkt kostaboð aftur. Ég vildi

upplýsa það, hvers vegna þessir menn gerðu ekki samninga.

Það var heldur hagstætt ár 1966 fyrir útveginn, a. m. k. bátana. Þeir áttu kost á því að fá greiðslufrest á vöxtum og afborgunum með því að bæta því ofan á vexti og afborganir næstu 5 ár, en þeir gerðu sér það alveg ljóst, að þegar þeir gátu ekki borgað þetta 1966, mundu þeir ekki geta bætt þessum upphæðum ofan á venjuleg gjöld næstu 5 árin og þeir vildu ekki vera að gera samninga og skrifa undir loforð, sem þeir voru fyrirfram vissir um, að þeir gætu ekki efnt.

Ég hef tvisvar flutt hér þáltill. um það að lækka dráttarvexti hjá fiskveiðasjóði. Þeir eru 12%, 1% á mánuði. Þeim till. hefur verið vísað til n., og þær hafa aldrei komið úr n. Hvað gerðist svo í fyrra? Sjóðsstjórnin gaf eftir þessa dráttarvexti, af því að hún sá, að það var ógerlegt að innheimta þá, gaf þá eftir að meira eða minna leyti. M. ö. o. hún játar, að þarna hafi verið óviturlega að farið að hafa dráttarvextina svona háa. Er nú ekki betra að stilla vöxtunum í hóf og fá þá greidda en hafa þá heimskulega háa og gefa þá svo eftir, venja menn á að borga ekki það, sem ákveðið er?

Hæstv. ráðh. var að tala um það, að við vildum, að allt væri gert fyrir alla. Við erum ekkert að biðja um, að það sé neitt sérstakt gert fyrir okkur. Við erum hógværlega að fara fram á það, að við séum ekki hreinlega rændir þeirri eign, sem við raunverulega eigum. Fiskveiðasjóður hefur ekki framleitt þessar sjávarafurðir, það vitið þið vel, og ekki Landsbankinn og ekki Seðlabankinn. Það eru þeir, sem hafa framleitt vöruna, sem í raun og veru eiga þessi verðmæti. Við erum ekkert að fara fram á að fá þetta allt. Við erum að fara fram á pínulítinn hluta af því.

Þá talaði hæstv. ráðh. um það, að það ætti að efla fiskveiðasjóðinn, því að hann annaðist skipakaupin fyrir okkur. Vitum við það nú vel. Það er ekkert smávegis, sem er lagt fram til fiskveiðasjóðsins og vitanlega kemur það allt á hráefnið. Það er á annað prósent, það er líklega sem svarar 3—4% á öllu því verðmæti, sem fiskimennirnir leggja á land, sem fer beint til fiskveiðasjóðs til eignar. Við vitum, að við þurfum að hafa fiskveiðasjóð og höfum ekki talið það eftir. En okkur finnst alveg ástæðulaust í svona tilfelli, þegar hagur útgerðarinnar er eins og hann er, að afhenda honum þá svo að skiptir hundruðum millj. Ég hygg, að það sé enginn sjóður í landinu ríkari en fiskveiðasjóður. E. t. v. þó svona ámóta eign hjá atvinnuleysistryggingasjóði. Ég skal ekki fullyrða um það. Það er sennilega rúmur milljarður, sem fiskveiðasjóður á í hreinni eign. Vitanlega má búast við, að það innheimtist ekki allt saman, en það kemur alveg jafnt að gagni fyrir fiskveiðasjóð og er hagkvæmara fyrir hann, að það sé notað til þess að borga skuldir og menn venjist ekki á vanskilin en það sé slett í hann einhverri upphæð fyrir ekki neitt og viðskiptamennirnir hætti að greiða, gefi upp alla von um að geta greitt. Annars skildist mér það á hæstv. ráðh., að hann vildi hafa sem minnstar deilur um þetta, því að hann færði yfirleitt afarlítil rök á móti okkar till. Hann nefndi aðeins staðgreiðslu skatta t. d. Ég skal ekki í þessu tilfelli neitt fara að halda ræðu um það, hvort það er hagkvæmt eða ekki, en það var nú ekki framkvæmt. Þess vegna verða sjómenn að borga svona há gjöld í tekjulitlu ári. Því munu líka fylgja einhverjir annmarkar, þó að staðgreiðslu skatta verði komið á og ýmsir erfiðleikar við það, en það kemur ekki til greina nú. Og þó að sjómenn fengju skattaívilnanir hér um daginn, nær það ekki til ársins í fyrra og þeirra skatta, sem þeir eiga að greiða í ár, þannig að það leysir ekki erfiðleika þeirra nú.

Viðvíkjandi skipakaupum, að það sé þörf á að efla fiskveiðasjóðinn sérstaklega, vegna þess að hann þurfi að kaupa skip, vil ég bara benda á það, að það er í raun og veru þrennt, sem þarf, til þess að okkar útgerð geti verið rekin á heilbrigðum grundvelli. Það þarf að lækka vexti af stofnlánum, það þarf að lækka þá útgjaldaliði, sem hrúgað er á hana að óþörfu og það þarf að skipuleggja fjárfestinguna betur en gert er. Ég veit ekki betur en nú sé verið að kaupa skip, sem eru 300—400 tonn, sem eru eiginlega eingöngu miðuð við síldveiðar, og þó vitum við eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að það er líklegt, að það dragi úr síldveiðunum. Ætli þessi skip kosti ekki núna svona um 30 millj.? Hvernig ímyndið þið ykkur, að þessi skip beri sig, þegar skip, sem kosta kannske 12—14 millj. og gefa þeim lítið eftir í afköstum, geta engan veginn staðið undir sínu verði? Er ekki betra að hafa eitthvert hóf á þessu?

Nú vitum við, að blessaðir bankarnir vilja öllu ráða. Þetta frv. er samið uppi í Seðlabanka. Við vitum það. Það er sem sagt bankavizkan og bankavaldið, sem stjórnar þessu landi. Það eru hagfræðingar og lögfræðingar. Það eru ekki mennirnir, sem standa í atvinnulífinu. Það eru mennirnir, sem ekki þekkja atvinnulífið niður í kjölinn, sem stjórna, og þess vegna gengur ýmislegt öfugt í þessu landi.

Ætli væri nú ekki rétt að athuga þetta. Þetta bankavald gat ekki látið fiskveiðasjóð í friði. Stjórninni var grýtt og þrír bankar eiga að fara að stjórna. Og þessi maður, sem hafði mesta reynsluna, hafði reynzt okkur bezt og hafði bezta þekkinguna á þessum hlutum, Elías Halldórsson, var gerður að undirtyllu hjá þeim, þannig að í raun og veru fær hann engu að ráða eða náðarsamlegast er farið eftir till. hans. Áður mun hann hafa ráðið þar mest og í samráði við Útvegsbankann. Nú hefði þetta allt verið í lagi, ef þessi maður hefði nú brotið eitthvað af sér, en það lá ekki fyrir. Það má ekkert vera í friði fyrir þessu blessuðu bankavaldi, ekkert. Þar eru frv. samin og þar er öllu ráðið, og þar er öllu komið í strand.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 176,a felld með 20:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EvstJ, GeirG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, LJós, MK, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP;

nei: BrS, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, PJ, PS, SI, SvJ, BGr, BF, BK, BBen, SB.

1 þm. (BGuðm) fjarstaddur.

Brtt. 176,b—e felld með 20:19 atkv.

2. gr. samþ. með 20:1 atkv.
3. gr. samþ. með 20:1 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, BF, BK, BBen, BrS, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, PJ, PS, SI, SvJ, SB.

nei: BP.

EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, LJós, MK, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ greiddu ekki atkv.

1 þm. (BGuðm) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 193).

---

11. Tekjuskattur og eignarskattur.

Á 22. fundi í Sþ., 13. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt [75. mál] (stjfrv., A. 139).

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt, sem hér liggur fyrir, felur í sér nokkur efnisatriði. Í fyrsta lagi er um að ræða heimild til þess, að öllum sjómönnum verði veittur sami sérfrádráttur, 3000 kr. á mán., sem hingað til hefur aðeins verið veittur fiskimönnum. Þetta þykir eðlilegt að gera, þar sem farmenn eru einnig undir það seldir að þurfa að vera langdvölum fjarri sínu heimili, þannig að ekki þykir ástæða til þess að gera þennan mun á og ekki heldur rök fyrir því að telja, að aðrir geti gert kröfur til þess sama eða það skapi nokkurt fordæmi, þó þessi heimild sé veitt farmönnum almennt, eða skipverjum á ísl. skipum, og er það þá bundið við, að það séu engir skyndiskipverjar, heldur menn, sem starfi þar að staðaldri og hafi starfað þar a. m. k. 6 mán. á skattárinu.

Annað atriði frv. er þess efnis, að fasteignamat til ákvörðunar eignarskatti skuli vera með þeim hætti, að núgildandi fasteignamat verði nífaldað, með þeirri undantekningu, að fasteignir í sveitum skuli aðeins margfaldaðar með helmingi þeirrar upphæðar eða 4,5. Svo sem hv. þdm. mun í fersku minni, þá var hér í haust í frv. um efnahagsráðstafanir gert ráð fyrir því að tólffalda fasteignamatið. Enda þótt breyting hafi orðið á aðstöðu allri frá því að það frv. var lagt fram, eftir að gengisbreytingin kom til, þá þykir ekki ástæða til þess að falla frá þessari ákvörðun efnislega, m. a. vegna þess að nauðsynlegt er að afla fjár til þess að standa undir ýmsum aðgerðum í sambandi við gengisbreytinguna og til að létta áhrif hennar, og það er ljóst, að einmitt við breytingu sem þessa, þar sem verðmæti eigna helzt, þegar aftur á móti verðmæti peninga rýrnar, eru fullkomin rök fyrir því, að einhver skatthækkun eigi sér stað, einmitt á eigendum fasteigna. Ástæðan til þess, að breyting er gerð frá hinni upphaflegu till., þar sem gert var ráð fyrir tólfföldun fasteignamatsins, er sú, að vegna þess kostnaðarauka á ýmsum sviðum, sem orðið hefur, þá hefur aðstaða sveitarfélaganna versnað mjög, og það þykir sanngjarnt og eðlilegt, enda í samræmi við óskir þeirra, að þau fái aðstöðu til þess að afla þess tekjuauka fremur með eignarskatti heldur en hækkun útsvara. Það er því fyrirhugað að leggja fyrir þingið nú í dag eða á morgun frv. um breytingu á tekjustofnamálum sveitarfélaga, þar sem m. a. er svo ákveðið, að þeim verði heimilt að hækka fasteignamat við ákvörðun útsvars um sömu fjárhæð og hér er gert, þ. e. a. s. nífalda matið í kaupstöðum og kauptúnum, en margfalda það með 4,5 í sveitum.

Í 3. gr. frv. er sama ákvæði og var í efnahagsfrv., um það, að hækkuð verði skattfrjáls eign um helming, þ. e. a. s. úr 100 þús. í 200 þús. kr. Og þessi breyting öll, enda þótt til komi þetta margfeldi mats, sem hér er um að ræða, mun valda því, að skattskyldum aðilum skv. þessum ávæðum mun fækka en ekki fjölga.

Í 4. gr. er um það að ræða að veita heimild til þess, að oddvitar verði skyldaðir til þess, ef ástæða þykir til, að vera umboðsmenn skattstjóra í sínum hreppum. Nú er gert ráð fyrir því, að það séu hreppstjórarnir, sem gegna þessum starfa, það er í mörgum greinum svo, en hins vegar, ef sumir þeirra hafa skorazt undan því af ýmsum ástæðum, hafa aðrir menn verið til þess skipaðir í þessum sveitarfélögum. Hins vegar þykir full ástæða til þess, þar sem sveitarfélag á mikið í húfi, að þetta gerist með eðlilegum hætti, þar sem framtölin eru einnig undirstaða ákvörðunar á útsvörum til sveitarfélags, að oddvitarnir taki þetta að sér, ef hreppstjórarnir telja sér ekki fært að gegna þessum störfum. Þetta er það efnislega ákvæði, sem í þessari gr. felst.

Önnur efnisatriði eru ekki í þessu frv. Í 5. gr. er lagt til að fella úr gildi nokkur lagaákvæði, en það eru lagaákvæði, sem nú eru í gildi um það margfeldi fasteignamats, sem hingað til hefur gilt, fyrst þreföldun og síðan sexföldun, og af eðlilegum ástæðum falla því þau ákvæði úr gildi.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og miðað við innihald frv., sem hv. þm. mun ljóst vera, þá er það brýn nauðsyn, að það geti orðið afgreitt nú fyrir jólaleyfi og þess vegna vildi ég leyfa mér að óska þess, að n. reyndi að hraða störfum sínum eins og frekast er auðið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru tvö atriði í þessu frv., sem mig langar til að segja um örfá orð, áður en málið fer til n., og vil ég mæla með öðru, en í móti hinu.

Það er fyrst út af 1. gr. Þar er gert ráð fyrir því, að sérstakur frádráttur frá skattskyldum tekjum, sem heimilaður hefur verið fiskimönnum, gildi einnig fyrir farmenn. Ég hef átt þátt í því oftar en einu sinni að setja í lög, að sérstakur frádráttur verði heimilaður fiskimönnum með því móti eða hliðstæðu móti og nú er í gildandi l. Þetta hefur verið gert skv. þeirri hugsun, að vegna þess hversu sjómenn eru mikið að heiman, verði heimilishald þeirra yfirleitt dýrara en annarra manna og örðugra og þeir geta minna unnið fyrir sjálfa sig en aðrir. En það, sem menn vinna fyrir sjálfa sig, er yfirleitt ekki talið til skatts. Hefur mér því ævinlega fundizt þetta vera sanngjarnt, að heimila sérstakan frádrátt hjá sjómönnum til að jafna þetta. Ég vil því fyrir mitt leyti mæla með því, að það sem hér er stungið upp á, verði samþykkt, að þetta gildi einnig fyrir farmenn. Mér sýnist sanngjarnt, að þetta gildi einnig fyrir sjómenn á flutningaskipum. Og ég vil segja það sem mína skoðun, að ég álít, að aðrar stéttir geti ekki með rökum fundið að því, þó þetta sé veitt sjómönnum sérstaklega eða skírskotað til þessara ákvæða til þess að rökstyðja sams konar hlunnindi handa sér. Ég tel, að sjómenn hafi að þessu leyti sérstöðu og er sammála því, sem hæstv. ráðh. sagði um það.

Hitt ákvæðið, sem ég vildi minnast á, er í 2. gr. Mér finnst, að það ætti að fella þá gr. niður úr frv. og hætta við þá fyrirætlun, sem þarna kemur fram um að hækka eignarskattinn, skattinn á fasteignum, því það er það, sem þarna er raunverulega stungið upp á, að hækka mjög skattinn á fasteignum. Þetta finnst mér, að ætti að falla niður.

Ég bendi á í því sambandi, að ríkið fær nú geysilega miklar nýjar tekjur, of fjár, sem flæða inn í ríkissjóðinn á næstunni umfram útgjöld, a. m. k. miðað við óbreytta tekjuöflunarlöggjöf, og því engin þörf á því að seilast eftir nýjum tekjustofnum eins og nú er ástatt, síður en svo.

Í öðru lagi vil ég svo sérstaklega leggja áherzlu á, að fyndist mönnum það skynsamlegt að auka gjöld af fasteignum, þá virðist mér miklu skynsamlegra og réttlátara, að sveitar- og bæjarfélögin njóti þess eingöngu. Þeim mun sannarlega ekki af því veita, ef slíkt yrði talið fært á annað borð. Þess vegna vil ég strax við þessa 1. umr. benda einnig á þetta, að þessa 2. gr. ætti að fella niður úr frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Skv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að fasteignaskattur til ríkisins verði hækkaður allverulega frá því, sem hann nú er, og einnig er það boðað, að útsvör af fasteignum eigi að hækka. Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. rökstuddi þessar till. varðandi hækkun á fasteignaskattinum með því, að afla þyrfti ríkissjóði tekna til þess að hægt væri að gera ýmsar ráðstafanir, sem talið var að gera þyrfti vegna gengislækkunarinnar. Ég hef ekki getað heyrt rök flutt fyrir því hér, þegar gengislækkunarmálið hefur verið rætt, að það sé nein brýn þörf á því, að ríkissjóður fái þennan nýja tekjuauka af fasteignum til viðbótar við þá tekjustofna, sem ríkið hefur í sambandi við gengisbreytinguna. Þvert á móti er það augljóst mál, að tekjur ríkissjóðs munu stórhækka vegna gengislækkunarinnar, og meðan ekki liggur annað fyrir en það, að þær tekjur muni stóraukast frá því, sem áður var, og reyndar er heldur ekki farið að gera grein fyrir þeim öðrum ráðstöfunum, sem eiga að fylgja með gengislækkuninni og valda munu ríkissjóði útgjöldum, þá get ég fyrir mitt leyti ekki fallizt á það, að þessi nýja skattahækkun verði látin ná fram að ganga.

Ég vil benda á það, að þessi skattur, sem hér er um að ræða, mundi að öllum líkindum koma til með að hvíla á svo að segja öllum aðilum í í landinu, sem eiga sína eigin íbúð. Þeir yrðu tiltölulega fáir íbúðaeigendurnir í landinu, sem slyppu við þennan nýja skatt. Með því að gert er ráð fyrir því að nífalda fasteignamatið, t. d. á íbúðum, þá eru þær komnar í það verð, að ég hygg, að þó að heimilaður frádráttur sé hækkaður úr 100 þús. kr. upp í 200 þús. kr. í þessum efnum, þá verði flestallir íbúðaeigendur eignaskattsskyldir skv. þessu ákvæði. Hér er því um það að ræða, hvort nú þyki tímabært að ákveða það að leggja til viðbótar við allar aðrar álögur sérstakan skatt m. a. á íbúðaeigendur í landinu. Ég fyrir mitt leyti er á móti því og er því andvígur þessu meginatriði í frv.

Varðandi það atriði, sem fram kemur í 1. gr., um það að útfæra þennan sjómannafrádrátt, sem miðaður hefur hingað til verið við fiskimenn eina, til annarra sjómanna, get ég vel fallizt á það, en þó er mér ljóst, að það er allmikill munur á aðstöðu fiskimanna og annarra sjómanna, svo ég legg það ekki að jöfnu í sambandi við þessa frádráttarliði. En ég tel þó, að aðrir sjómenn en fiskimenn eigi fullan rétt á því að fá þennan litla frádrátt, sem hér er um að ræða, og þannig sé tekið tillit til þess, að þeir afla tekna sinna með þeim hætti, að þeir eru fjarri heimilum sínum og geta ekki notið margvíslegra friðinda, sem þeir njóta, sem heima geta verið. En eigi að síður læt ég þá skoðun mína í ljós, að ég teldi fulla þörf vera á því að auka enn frá því sem er í lögum frádráttinn til fiskimanna, en þeir verða vitanlega að hafa margvíslegan aljgöran aukakostnað fram yfir aðra í sambandi við störf sín, sem rétt er að taka tillit til. Þeirra störf eru með þeim hætti. Ég vil sem sagt hér við 1. umr. um þetta mál lýsa því yfir, að ég er andvígur þeirri hækkun á fasteignaskattinum, sem lagt er til með þessu frv. að gera, og ég tel, að það hafi engin rök komið fram af hálfu ríkisstj. um það, að það sé þörf á því, að ríkissjóður fái þennan viðbótartekjustofn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil gera að umtalsefni með nokkrum orðum ákvæði 2. gr. frv. og vil taka undir það, sem hér hefur þegar komið fram, að ég tel, að það eigi að fella hana úr frv. En í sambandi við það mál virðist mér full ástæða til að spyrja hæstv. ráðh. um það, hvað líði því fasteignamati, sem unnið hefur verið að um árabil. Það voru sett lög um fasteignamat og fasteignaskráningu árið 1963, tímanlega á því ári, þau eru nr. 28. Í þeim lögum kemur fram, að þá hefur aðalmat fasteigna verið í

undirbúningi. En þrátt fyrir það og þrátt fyrir það, þótt svona langt sé um liðið, þá hefur það ekki enn séð dagsins ljós. Ég tel þetta mjög óeðlilegan drátt, sem orðið hefur á því að ljúka þessu mati. Og ég tel, að hæstv. stjórn eigi að verulegu leyti sök á því. Mér er sagt, að hún hafi skipað fyrir formann í yfirfasteignamatsnefnd rektor Háskóla Íslands. Ekkert efast ég um, að hann sé vel fær um að gegna því starfi, en hitt er annað mál, að ég lít svo á, að forstöðumaður æðstu menntastofnunar þjóðarinnar hafi þar ærið verkefni og það sé ekki heppilegt að fela honum til viðbótar umfangsmikil aukastörf. Það hefði þess vegna verið réttara að ráðstafa því starfi með öðrum hætti og fela það manni, sem hefði betri tíma til að sinna því. Ég vildi sem sagt óska upplýsinga um það, hvað þessu verki líður.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að virðing á fasteign til eignarskatts skuli miðuð við gildandi fasteignamat nífaldað. Skv. þessu er til þess ætlazt, að fasteignamatið sé hækkað jafnmikið í öllum kaupstöðum og kauptúnum landsins. Nú er það kunnugt, að hér í Reykjavík og nágrenni hennar hafa verið húsnæðisvandræði um mörg ár, vegna þess, hvað margt fólk flytur sig hingað og vill búa hér á þessu suðvesturhorni landsins. Og ein af afleiðingum þess er sú, að hér hafa fasteignir hækkað mjög í verði og íbúðarhús eru hér í hærra verði en víðast annars staðar á landinu. En þannig er hins vegar ástatt í ýmsum kaupstöðum og kauptúnum út um land, að hús eru þar illseljanleg, og þó sölur fari þar fram, er verð á þeim húsum langtum lægra í hlutfalli við fasteignamat heldur en hér í Reykjavík og nágrannakaupstöðum hennar. Þess vegna tel ég það alrangt að leggja jafnmikið ofan á fasteignamatsverð húsa á þeim stöðum eins og hér í Reykjavík. Það tel ég alrangt, og ef þetta verður framkvæmt með þessum hætti, verður mikið ranglæti framið.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. Ég þóttist nú vita, að 2. gr. frv. mundi verða mótmælt af hv. stjórnarandstæðingum. Hingað til hafa þeir sjaldnast verið stuðningsmenn þess, þegar ríkisstj. hefur flutt till. um tekjuöflun, þannig að ég sé ekki ástæðu til að rökræða um það mál. En það voru þó tvö atriði, sem ég vildi minnast á út af ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. Annað var um framkvæmd fasteignamatsins og hvernig það mál stæði. Ég hef nú því miður ekki sundurliðun á því eftir sýslum eða kaupstöðum, hvernig stendur með matið, en ég hef hins vegar nýlega kynnt mér það mál, vegna þess að ég er alveg sammála hv. þm. og vafalaust þm. öðrum um það, að þetta hefur ekki gengið sem skyldi og brýn nauðsyn að þoka því áleiðis. Ég hygg hins vegar, að matinu sé það langt komið, að í mörgum sýslufélögum sé því að verða lokið, eða jafnvel lokið, og í mörgum kaupstaðanna einnig, og ég hef lagt á það höfuðáherzlu við þá, sem fasteignamatinu stjórna, að að því verði stefnt að ljúka matinu á árinu 1968, þannig að það geti tekið gildi þá í árslok, varla verður það nú fyrr.

Varðandi annað atriði, sem hv. þm. minntist á, hinn mismunandi verðlagsgrundvöll, sem yrði undir margföldun fasteignamatsins vegna mismunandi verðmætis fasteigna hér í Reykjavík og á ýmsum öðrum stöðum á landinu, er það rétt, að auðvitað er mikill munur á verðgildi fasteigna að þessu leyti og auðvitað ekki hægt að koma við, ekki fyrr en við hið endanlega fasteignamat, nákvæmri endurskoðun þess vandamáls, en hins vegar vil ég þó upplýsa það, sem hv. þm. vafalaust er kunnugt, að nú þegar er grundvöllur fasteignamatsins, sem gildir í dag, mjög mismunandi í hinum einstöku byggðarlögum, þannig að það er langt frá því, að fasteignir séu metnar á sama verði hvar sem er á landinu, heldur er gerður þar verulegur munur á þeim fasteignum, sem eru hér í Reykjavík og annars staðar í þéttbýli, og svo þeim, sem eru í strjálbýli. Hvort það er eðlilegt hlutfall miðað við nútíma aðstæður er önnur saga, en það er nauðsynlegt hins vegar, að menn geri sér grein fyrir því, að það er ekki svo, að þarna sé aðeins tekið tillit til áætlaðs byggingarkostnaðarverðs, heldur raungildis fasteignanna að töluverðu leyti.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Eins og ég lagði áherzlu á við fjárlagaumræðu þá, sem fór fram hér fyrir tveim dögum, væri það mikil nauðsyn, að hæstv. ríkisstj. félli algerlega frá þessari skattheimtu, sem hún stefnir að í sambandi við fasteignir í landinu, til þess að rýma fyrir sveitarfélögunum, því að þau mun skorta tekjur í sambandi við sína starfsemi. Nú hefur hæstv. ríkisstj. hins vegar horfið að því ráði að áætla sér helming þeirra tekna, sem hún hugsaði sér að ná af fasteignum í sambandi við þetta frv., og boðað það, að fyrir sveitarfélögunum verði greitt með því, að þau megi fá tekju- og eignaútsvar af þessari margföldun á fasteignamati. Við þetta vil ég gera þá athugasemd, að miklu heppilegri og farsælli leið hefði verið að hætta við margföldun á fasteignamatinu, en leyfa hins vegar sveitarfélögunum að hækka fasteignaskattana. Eins og ég vék að í umræðum um fjárlögin, væri með því móti hægt að ná til þeirra stofnana, sem hvorki greiða útsvar eða aðstöðugjald, en með þeirri leið, sem hér er farin, er það ekki hægt. Hér verða þeir einir að greiða, sem eignarskatt greiða, en stofnanir þær, eins og bankar, sparisjóðir, Póstur og sími o. fl., sem eru undanþegnar fasteignagjaldi, útsvari og aðstöðugjaldi, greiða hins vegar fasteignaskatt, og til þeirra stofnana var hægt að ná með því að hækka fasteignaskattinn, en ekki með þessari margföldun.

Ég tel því, að hér sé stefnt í öfuga átt og ítreka það, að það sé skynsamleg leið og skipti litlu í tekjuöflun ríkisins, þó algerlega hefði verið fallið frá þessari tekjuöflun, en það hefði hins vegar verið hægt að greiða mjög fyrir sveitarfélögunum með því að rýmka heimildina til fasteignaskattsálagningar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 139, n. 150 og 156).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar, yfirfarið það og borið það saman. N. gat ekki orðið sammála um afgr. málsins, og eru því gefin út tvö nál.

Nál. meiri hl. n. er á þskj. 150, og mælir meiri hl. með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. n. hefur gefið út sérálit á þskj. 156.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja efni þessa frv. sérstaklega. Það var bæði gert í framsöguræðu hæstv. ráðh., og svo er það kunnugt úr umræðum hér í hv. d. í sambandi við annað frv., sem hér hafði verið á ferðinni áður. Meiri hl. n. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Við höfum ekki orðið sammála í fjhn. um afgreiðslu þessa máls, meiri hl. vill mæla með samþykkt frv., eins og það liggur fyrir, en við í minni hl., ég og hv. 4. og 5. þm. Austf., viljum gera á frv. eina breyt. og flytjum um það till. í nál. okkar á þskj. 156.

Við erum sammála meiri hl. um það, að rétt sé að setja í lög 1. gr. frv., en hún er um það að gera viðtækari þann tekjufrádrátt, sem sjómenn hafa notið við álagningu skatta. En ágreiningurinn er um 2. gr. frv., og við leggjum til, að hún verði felld niður úr frv. Í þeirri gr. er till. um það, að virðingu fasteigna til eignarskatts skuli þannig hagað, að gildandi fasteignamat skuli hækkað um 800%, þ. e. a. s. í kaupstöðum og kauptúnum, og í sveitum að því er varðar mat á jörðum um 350%. Nú er fasteignamat sexfaldað í kaupstöðum og kauptúnum, þegar eignarskattur er ákveðinn, og við teljum ósanngjarnt að leggja slíkar viðbótarálögur á almenning sem gert er ráð fyrir í þessari gr., þegar á það er litið, að fólk verður nú að taka á sig þungar klyfjar í sambandi við þá gengisbreytingu, sem nýlega hefur verið gerð.

Við teljum heldur ekki þörf á því að hækka skatta til ríkissjóðs eins og hér er gert ráð fyrir, þar sem tekjur ríkissjóðs munu mjög aukast í sambandi við gengisbreytinguna. Enn viljum við benda á það, að núverandi fasteignamat er mjög ótraustur grundvöllur til að byggja á skattlagningu. Við teljum einnig, eins og kom fram í 1. umr. um þetta frv., ranglátt að margfalda fasteignamatið með sömu tölu í öllum kaupstöðum og kauptúnum landsins, því að það er alkunnugt, að gangverð á húsum er langtum lægra víða um land í hlutfalli við fasteignamat heldur en hér í Rvík og í nágrannakaupstöðum hennar. Það er því ranglátt að okkar dómi að nota sömu margföldunartölu á fasteignamatið á þessum svæðum. Um það ákvæði gr. að hækka fasteignamat á jörðum um 350%, áður en eignarskattur er á lagður, er það að segja, að það er langt frá því, að jarðir víða um land séu seljanlegar fyrir þetta verð, fasteignamat með 350% álagi, og því er það einnig rangt að hækka þær svo mikið í mati. Við bendum einnig á, að ef fært þætti og sanngjarnt að hækka skatta á fasteignum, þá teljum við, að sveitarfélögin eigi að njóta þess.

Hér liggur fyrir þingi og þessari d. eldra stjfrv. um efnahagsaðgerðir, og það er nú enn hjá fjhn. og hefur ekki verið afgreitt, en eftir að það kom fram, barst nefndinni bréf frá Samb. ísl. sveitarfélaga um efni þess frv., dags. 8. nóv. Í því bréfi er m. a. rætt um þá till. ríkisstj. að margfalda fasteignamat við álagningu eignarskatts með tölunni 12, — að vísu hefur nú stjórnin lækkað sig dálítið, — en það breytir ekki því, að það er álit Samb. ísl. sveitarfélaga, sem fram kemur í þessu bréfi, sem ég minntist á, að sú stefna, sem þar er mörkuð, sé mjög varhugaverð og ósanngjörn gagnvart sveitarfélögunum, og undir þetta viljum við taka, sem skipum minni hl. fjhn.

Verði till. okkar samþykkt, að fella niður 2. gr., þá munum við í 3. umr. um frv. taka til athugunar að flytja brtt. við aðrar gr., t. d. þá 5., til samræmis við það, ef 2. gr. verður felld niður. En ef svo skyldi fara, að hv. þd. vildi ekki fallast á þá till. okkar að fella 2. gr. burtu úr frv., þá munum við flytja brtt. við frv. í 3. umr. Við munum leggja til, að álagið á fasteignamatið verði lækkað í fámennari kaupstöðum og kauptúnum og í sveitum og við munum einnig leggja til, að skattfrjáls eign verði hækkuð frá því, sem lagt er til í 3. gr. frv. Einnig munum við leggja til, að inn í frv. verði sett ákvæði um það, að fyrirmæli 2. gr. um margföldun fasteignamatsins skuli falla úr gildi, þegar nýtt fasteignamat tekur gildi.

Fasteignamat er nú búið að vera lengi í smíðum hér og þess er að vænta, að því verði lokið innan skamms. Við töluðum um þetta á fundi í fjhn., að sjálfsagt væri að setja þarna inn ákvæði um það, að þessi fyrirmæli um margföldun matsins ættu að falla niður jafnskjótt sem nýja fasteignamatið tæki gildi. Meiri hl. fjhn. tók sér nokkurn tíma til að athuga þetta mál og ég hygg, að form. nefndarinnar og frsm. meiri hl. hafi rætt um þetta við hæstv. fjmrh., en niðurstaðan af því var sú, að hæstv. ríkisstj. er ekki reiðubúin til þess að lögfesta nú, að ákvæði um margföldun matsins skuli falla niður, þegar nýja matið kemur í gildi, og um leið og það er vilji hæstv. ríkisstj., að þetta skuli óbreytt standa í frv., þá er það um leið vilji meiri hl. fjhn., hv. stjórnarstuðningsmanna þar.

En nú er eftir að sjá, hvað þd. gerir við þetta. Við teljum ákaflega óeðlilegt, að í lögum verði ákvæði um níföldun fasteignamatsins, þegar nýja fasteignamatið er komið í gildi, og eins og ég sagði, verður það ein af okkar brtt., að það verði tekið fram í lögunum, að þessi ákvæði um álagið á fasteignamatið skuli falla niður um leið og nýja matið kemur í gildi. Mér sýnist þetta vera svo sjálfsagt mál, að um þetta hefði ekki átt að geta orðið neinn ágreiningur, en hæstv. stjórn virðist líta öðruvísi á þetta. Hún vill hafa þetta í lögum áfram, hvað sem fasteignamati líður, maður fær ekki annað séð.

Ég held, að það sé ekki ástæða fyrir mig að hafa um þetta nál. okkar fleiri orð. Eins og ég hef lýst, þá mælum við með því, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að 2. gr. falli burt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara í orðræður við hv. þm.

út af því atriði, hvort ástæða sé til þess að samþykkja þessa margföldun fasteignamatsins eða ekki. Viðhorfin til þess máls byggjast á því sama eins og er ákaflega áberandi hjá ýmsum hv. þm., að það sé alltaf ástæðulaust að sjá ríkissjóði fyrir tekjum til eins eða neins, það sé sjálfsagt að láta hann greiða allt, sem mönnum dettur í hug að láta hann greiða, en það þurfi enga peninga til þess. Um það sé ég enga ástæðu til þess að orðlengja, en það voru aðeins tvö atriði í hans ræðu, sem ég vildi lítillega minnast á.

Annað var það, að ósanngjarnt væri að margfalda fasteignamatið eins og gert er og taka ekki tillit til þeirrar mismunandi aðstöðu, sem er á ýmsum stöðum á landinu. Ég sagði í framsöguræðu minni um þetta mál, að það væri efnislega rétt, að í þessu kynni að verða eitthvert misræmi, en benti hins vegar á, að því fer víðs fjarri, að það sé ekki tekið tillit til þess í dag, vegna þess að grundvöllurinn er mjög mismunandi eftir því, hvar fasteignirnar eru á landinu. Hins vegar held ég, að það ætti að vera öllum hv. þm. ljóst, að það er útilokað að fara nákvæmlega nú að gera endurskoðun á þessu, enda er það ekki framkvæmanlegt. Það er einmitt þetta, sem fasteignamatið er nú að kanna, og áður en þeirri könnun lýkur, er ekki hægt að endurskoða grundvöllinn, enda hefur ekki verið vakin sérstök athygli á þessu, t. d. í sambandi við till. Samb. ísl. sveitarfélaga, sem óskar eftir því að fá sams konar ákvæði lögfest varðandi útsvörin. Ég held því, að ástæða til andmæla gegn frv. af þessum ástæðum sé ekki haldgóð.

Varðandi seinna atriðið finnst mér nú nánast sagt, að hv. þm. geri sig næstum hlægilegan að vera að halda því fram, að nokkrum detti í hug að margfalda nýja fasteignamatið með 9, þó að það standi ekki í þessu frv., og að nauðsynlegt sé að setja ákvæði í frv. til að girða fyrir það, það finnst mér nánast fjarstætt. Það hefur engum manni komið til hugar að gera það, enda segir svo í lögunum um fasteignamatið sjálft, að þegar það taki gildi, skuli endurskoða öll þau gjöld, sem miðuð eru við fasteignamat, þannig að það lagaákvæði er þegar í gildi. Það er alveg rétt, að það var haft samband við mig frá hv. n., og ég taldi fyrir mitt leyti og tel enn, að það sé gersamlega ástæðulaust að setja slíkan fyrirvara inn í þetta frv., því að þetta liggi svo í augum uppi, að engum manni muni hugkvæmast að nífalda nýja fasteignamatið.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Áður en ég sný mér að því að ræða nokkuð almennt um þetta mál, vil ég lýsa brtt., sem ég flyt ásamt tveim þm. öðrum, þeim Birni Pálssyni og Sigurvin Einarssyni. Eins og kunnugt er, þá eru í 13. gr. laganna um tekju- og eignarskatt taldir upp þeir tekjuliðir, sem eiga að vera undanþegnir tekjuskatti til framtals. Við leggjum til, að við þessa gr. bætist nýr liður, „bætur almannatrygginga“, sem þýðir það, að þær bætur, sem almannatryggingar greiða, hvort heldur það eru örorkubætur, ellilífeyrir eða fjölskyldubætur, verði undanþegnar tekjuskatti.

Ég hygg, að það liggi nokkuð í augum uppi, hverjir það eru, sem verða harðast úti fyrir þeirri kjaraskerðingu, sem nú er verið að reyna að koma fram, en það er einmitt þetta fólk, sem fær bætur almannatrygginga, gamla fólkið, öryrkjarnir og stóru fjölskyldurnar. Með því að undanþiggja þessar bætur tekjuskatti, mundi nokkuð vinnast í þá átt að bæta þessu fólki kjaraskerðinguna, þó vitanlega sé það hvergi nærri fullnægjandi.

Till. um þetta hafa áður verið fluttar hér á Alþingi. Ég flutti till., sem gekk í svipaða átt, í Nd. á seinasta þingi og Alfreð Gíslason í Ed. Í sambandi við mína till. hér í Nd. urðu talsverðar umr. í fyrra. Þá var því lýst yfir af hæstv. fjmrh., að ríkisstj. mundi taka þetta mál til sérstakrar athugunar og sjá, hvað væri hægt að ganga til móts við bótaþega almannatrygginga í þeim efnum, en ég sé það ekki, a. m. k. enn sem komið er, að nein efnd hafi orðið á þessu loforði fjmrh., sem mér skildist á þeim tíma, að hefði verið knúið fram af Alþfl., vegna þess að hann væri nokkuð opinn fyrir þeim hugmyndum að gera þessar bætur a. m. k. að einhverju leyti undanþegnar skatti.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þessa till., en ég held, að efni hennar liggi svo í augum uppi, eins og aðstæður eru nú, að um hana ætti ekki að þurfa að ræða nánar. Og ég treysti því, að þó að till. okkar stjórnarandstæðinga fái nú yfirleitt ekki góðar undirtektir hjá stjórnarflokkunum, finni stjórnarflokkarnir það, að hér sé um slíkt réttlætismál að ræða, að sjálfsagt sé að samþykkja þetta. En brtt. er þannig hljóðandi:

„Á undan 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi: Á eftir E-lið 13. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi: Bætur almannatrygginga.“

Afhendi ég svo hæstv. forseta hana. Mér finnst hins vegar, að hér sé um það stórmál að ræða, að ekki sé rétt að láta það fara svo gegnum þingið, að ekki sé gerð tilraun til þess að ræða nokkuð nánar um það við hæstv. ríkisstj. Ég vil þá fyrst minna á það, að með aðalefni þessa frv., sem er hækkun fasteignagjaldanna, er í raun og veru verið að jarða eitt af hinum fögru loforðum, sem Sjálfstfl. gaf við seinustu kosningar og hefur gefið við undanfarnar kosningar. En eitt aðalloforð Sjálfstfl. hefur verið það, að hann vildi vinna að því, að sem allra flestir þegnar þjóðfélagsins ættu einhverja eign. „Einn fyrir alla“ er eitt af þeim kjörorðum, sem Sjálfstfl. hefur flaggað einna mest með. Og „íbúð fyrir alla“ o. s. frv. Með því frv., sem hér liggur fyrir um hækkun fasteignaskattsins, er beinlínis verið að vinna á móti þessum tilgangi. Með hækkun fasteignagjaldanna er verið að koma í veg fyrir það, að efnalitlir menn geti eignazt eignir og gera þeim, sem hafa náð í einhverjar eignir, eins og t. d. íbúð, erfiðara fyrir með að halda þeim. Með þessu frv. er sem sagt hvað þetta atriði snertir stefnt að því að brjóta niður þetta fagra fyrirheit, sem Sjálfstfl. hefur verið að gefa hinum efnaminni kjósendum þjóðfélagsins á undanförnum árum.

Það er líka rétt að benda á það, að hér er horfið til skattlagningar, sem er að verða meira og minna úrelt. Sú var tíðin, að fasteignaskattar voru svo að segja hinn eini tekjustofn hins opinbera. Þetta hefur verið að breytast á undanförnum árum og fasteignaskattarnir orðið minni og

minni hlutur í heildarálögunum. Þetta hefur ekki þróazt þannig eingöngu hér á landi, heldur yfirleitt alls staðar í heiminum og alveg sérstaklega þó í nágrannalöndum okkar. Og þetta er ekki óeðlilegt. Á þeim tíma, þegar fasteignagjöldin voru aðaltekjustofnar hins opinbera, skiptust þjóðirnar yfirleitt í tiltölulega fáa, ríka einstaklinga og fjölda öreiga, og á þeim tíma voru fasteignagjöldin ekki óeðlilegur tekjustofn, vegna þess að það voru þeir ríku eða efnuðu í þjóðfélaginu, sem fyrst og fremst urðu að greiða þennan skatt. Með tilkomu verkalýðsfélaganna og samvinnufélaganna og aukinna áhrifa umbótasinnaðra flokka á löggjafarþingum þjóðanna hefur sú breyting orðið, að millistéttir og verkafólk hefur haft aðstöðu til þess að komast yfir nokkra eign, eignast sína eigin íbúð. Þeir eru alltaf fleiri og fleiri, sem ná því takmarki og eftir að svo er komið, verða fasteignagjöld að sjálfsögðu allt annars eðlis en áður. Áður voru þetta gjöld, sem fyrst og fremst náðu til ríkra manna. Nú er þetta orðinn skattur, sem nær til alls almennings og bitnar tiltölulega þyngst á þeim, sem eru að komast yfir nokkra eign af veikum mætti, eins og t. d. að eignast íbúð.

Af þessum ástæðum hefur viðhorf manna til fasteignaskatta og eignarskatta mjög breytzt frá því, sem áður var vegna þess að nú er þetta ekki orðið lengur skattur á ríkum mönnum, heldur skattur á öllum almenningi. Og af þeim ástæðum hefur þróunin stefnt í þá átt, að hlutur fasteignaskattanna hefur orðið minni og minni í heildartekjum hins opinbera. Ég álít því, að hér sé stefnt í alveg öfuga átt og sú breyting, sem eigi að koma í þessum efnum einmitt til þess að tryggja þetta fagra fyrirheit Sjálfstfl., sem ég er alveg sammála, eigi að vera sú, að það eigi mjög að hækka þann eignarhluta, sem sé undanþeginn eignarskatti og fasteignagjöldum.

Ég mundi ekki álíta það óeðlilegt, þó að t. d. hæfileg íbúð eða verðmæti, sem svaraði til hæfilegrar íbúðar, væri undanþegið eignar- og fasteignasköttum. Svo mikilsvert tel ég það, að sem allra flestir komist á það stig að vera nokkrir eignamenn, að við stefnum að því að skapa þjóðfélag bjargálnamanna, en ekki örfárra auðkónga og margra öreiga, eins og áður var. Þess vegna tel ég, að það sé stefnt í ranga átt með þessu frv. En þó finnst mér annað enn verra við þetta frv. eða þessa hækkun fasteignagjaldanna og það kemur í ljós, þegar við athugum þær aðstæður, sem nú eru í þjóðfélaginu, þegar lagt er til, að þessi nýi skattur verði tekinn upp, sem þetta frv. raunverulega fjallar um.

Ef við athugum eða reynum að gera okkur grein fyrir því, hver aðstaða ríkissjóðs muni verða á næsta ári, þá er það ljóst, að hann hefur enga þörf fyrir þá skattahækkun, sem hér er um að ræða, ekki minnstu þörf. Ríkissjóður mun fá stórlega auknar tekjur af gengisfellingunni á margan hátt, og það eykur tekjur hans alveg gífurlega. Auk þess má telja sjálfsagt eða nokkurn veginn víst, að þjóðartekjurnar hljóti að verða miklum mun meiri á næsta ári heldur en á þessu ári. Verðlag á útflutningsvörum er yfirleitt hærra nú heldur en um síðustu áramót og það mun eiga sinn þátt í því, að þjóðartekjurnar ættu að verða meiri á næsta ári heldur en á þessu ári. Vetrarvertíðin síðasta var á margan hátt ein sú erfiðasta, sem hér hefur komið, og við höfum fulla ástæðu til þess að ætla það, að hún verði ekki lakari í ár, heldur skárri. Síldveiðarnar hafa líka verið með erfiðara móti, og þess vegna höfum við enga rökstudda ástæðu til þess að ætla það, að síldarafli verði minni, heldur frekar að hann verði meiri. Og ef það verður nokkur árangur af gengisfellingunni jákvæður, ætti hann þá fyrst og fremst að verða sá, að meira fjör kæmist í útgerðina og þar af leiðandi yrðu útflutningstekjurnar meiri heldur en ella. Það má líka ætla, að af gengisfellingunni leiði, ef jafnframt fylgir á eftir hagstæð tollabreyting fyrir iðnaðinn, að iðnaðarframleiðslan verði heldur meiri á næsta ári heldur en hún er í ár, svo að mér finnst, að öll rök hnígi í þá átt, að þjóðartekjurnar hljóti að verða talsvert meiri á næsta ári heldur en þær voru í ár. Og það mun að sjálfsögðu skapa auknar tekjur fyrir ríkissjóð. Eftir því sem útflutningstekjurnar verða meiri, má reikna með því, að innflutningurinn verði líka meiri og þar af leiðandi tekjurnar, sem ríkið hefur af honum. Þegar þetta allt er athugað, er augljóst, að tekjur ríkisins að óbreyttum skattstofnum, og þá tek ég með þá breytingu, sem er fyrirhuguð á tollunum, verða mjög miklar á næsta ári og talsvert miklu meiri heldur en þau útgjöld, sem eru fyrirhuguð. Þess vegna hefur ríkissjóður ekki minnstu þörf fyrir þann skatt, sem hér er um að ræða. Hann er lagður á gersamlega að óþörfu. Og undir hvaða kringumstæðum er verið að leggja á þennan nýja óþarfa skatt? Undir þeim kringumstæðum, að ríkisstj. er að fara fram á það við þegna þjóðfélagsins, að nú færi þeir nokkra fórn, nú leggi þeir nokkrar byrðar á sig og tala mjög fagurlega um það, hve þetta sé nauðsynlegt.

Ég skal ekki við þetta tækifæri fara að ræða nánar um þessi tilmæli ríkisstj. En það mundi ég telja alveg lágmarkskröfu af ríkisstj., þegar hún fer fram á þetta, að hún sé ekki að leggja byrðar á landsmenn algerlega að óþörfu. En það er einmitt það, sem ríkisstj. er hér að gera, eins og ég hef nú sýnt fram á. Það er alveg augljóst, að það er fyrirrætlun ríkisstj. eins og svo oft áður að stefna að því að hafa verulegan tekjuafgang hjá ríkissjóði á næsta ári. Ríkisstj. ætlar að haga skattaálögum þannig, að það verði verulegur tekjuafgangur hjá ríkissjóði á næsta ári, á sama tíma sem hún heimtar stórfelldar fórnir af skattþegnunum og þó alveg sérstaklega af þeim, sem lakast þola þungar byrðar.

Ég álít, að hér sé eins rangt að farið hjá ríkisstj. og hugsazt getur. Ef ríkisstj. væri það alvara að reyna að fá menn til þess að færa einhverjar fórnir, ætti hún sjálf að ganga á undan og draga úr skattaálögum svo sem hún mest megnar. Þvert á móti gerir hún hið gagnstæða, þyngir byrðarnar á landsmönnum gersamlega að óþörfu. Ég held, að það sé ekki of sterkt að orði kveðið, þó að ég segi, að það sé ákaflega erfitt fyrir menn að taka vel tilmælum ríkisstj. um það, að þeir eigi að færa fórnir, þegar ríkisstj. sjálf gengur á undan með það að gera byrðar manna miklu þyngri en þær þurfa að vera. Þess vegna lít ég á þetta frv. og önnur skattafrv. ríkisstj. eins og hreint hnefahögg í andlit almennings, þegar hún

svo jafnframt er að fara fram á það, að menn séu að færa fórnir. Og ég er sannfærður um það, að ef ríkisstj. gerir alvöru úr því að leggja þannig á nýja óþarfa skatta eins og gert er með þessu frv., fær hún ekki það svar frá almenningi við óskum sínum um að menn taki á sig einhverja kjaraskerðingu, sem hún óskar eftir. Þvert á móti hlýtur svarið að verða á annan veg.

Ég vildi þess vegna skora á ríkisstj. að íhuga ráð sitt betur áður en hún lætur þetta mál ganga fram á Alþingi. Ég vil skora á hana að falla frá þeirri stefnu, sem hún auðsjáanlega hefur nú að leiðarljósi, þ. e. að hafa verulegan tekjuafgang hjá ríkissjóði á næsta ári á sama tíma og þrengt er að öllum almenningi. Það er röng og hættuleg stefna og hún á eftir að hefna sín, ef ríkisstj. víkur ekki frá henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 160) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það er ætlan mín að segja nokkur orð um þann hluta þessa frv., sem fjallar um eignarskatt, þ. e. a. s. hækkun á eignarskatti. Það má eins orða það svo, að hér sé um að ræða hækkun skatts á fasteignum. En í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að virðing á fasteign til eignarskatts sé miðuð við gildandi fasteignamat nífaldað, en þó í sveitum við minni margföldun, þ. e. a. s. 4.5. Það er gert ráð fyrir því, að upp úr þessu fáist tekjuauki fyrir ríkissjóð, sem nemi 30 millj. kr.

Nú hefur nokkuð verið að því vikið í þessum umr., hvort þörf muni vera á því um þessar mundir að hækka skatta til ríkisins, og hjá síðasta ræðumanni kom það fram, að þess væri alls ekki þörf, þar sem ríkissjóður ætti nú von mikils tekjuauka vegna gengisbreytingarinnar. Og auðsætt er það, að svo muni vera. Nú þykist ég samt dálítið vant við látinn að gera mér grein fyrir því, hvort ríkissjóður muni hafa þörf fyrir tekjuauka sem þessu nemur, vegna þess að fjárlög fyrir árið 1968 hafa enn ekki verið afgreidd, og við þm. höfum almennt engar upplýsingar um það, hvaða stefnu ríkisstj. hugsar sér að fylgja við afgreiðslu fjárl. við 3. umr. Brtt., sem boðaðar hafa verið, eru ekki komnar fram og ekki kunnugt um efni þeirra.

Nú vil ég segja það fyrir mitt leyti, að ég vildi gjarnan eiga þess kost, áður heldur en ég tek afstöðu til þess, hvort þörf sé á nýjum sköttum í ríkissjóðinn, eiga þess kost að sjá, hverjar till. hæstv. ríkisstj. og meiri hl. hv. fjvn. fyrir hennar hönd verða við 3. umr., um afgreiðslu útgjaldahliðar fjárl. og þá alveg sérstaklega um framlög verklegra framkvæmda víðs vegar um land. Það er náttúrlega hugsanlegt, að till. þær, sem fram verða lagðar af hálfu ríkisstj. um þessi efni, þ. e. a. s. um hækkun framlaga til verklegra framkvæmda víðs vegar um land, verði svo ríflegar, að óhjákvæmilegt verði fyrir þm. að taka það til athugunar, hvort einhverju þyrfti að bæta við skattana. Hins vegar, ef ekki verður um slíkt að ræða, er það náttúrlega auðsætt, sem 4. þm. Reykv., sem hér talaði áðan, sagði, að ekki yrði þörf nýrra skatta fyrir ríkissjóðinn. En þetta liggur ekki alveg ljóst fyrir fyrr en í 3. umr. og þess vegna vil ég mælast til þess, að lokaafgreiðslu þessa frv. verði frestað þangað til eitthvað liggur fyrir um það, hvernig sú afgreiðsla fjárl. muni verða og þar með tekjuþörfin. Það er mitt viðhorf, að ef um það er að ræða, að till. ríkisstj. um fjárframlög, sérstaklega til verklegra framkvæmda víðs vegar um landið, yrðu ríflegar, að þá mundi ég frekar vera til viðtals um það, að eitthvað þyrfti að athuga um það efni, sem hér liggur fyrir, annars ekki.

Um hækkun eignarskattsins eða fasteignaskattsins, sem hér liggur fyrir, vil ég að öðru leyti segja það, að komið hafa að máli við mig ýmsir sveitarstjórnarmenn úr mínu kjördæmi og rætt um þetta efni. Hjá þeim hefur komið fram svipað álit eins og kom hér fram frá hv. frsm. meiri hl. n., en einnig var í ræðu hans að einhverju leyti rakin afstaða Samb. ísl. sveitarfélaga. En frá þessum mönnum kom fram hið sama viðhorf, að þeir teldu, að það væri óheppilegt að hækka þennan skatt, vegna þess að hér væri um að ræða skattstofn, sem sveitarfélögin þyrftu mjög á að halda, en ættu því erfiðara með að nota, sem ríkið gengi lengra inn á skattheimtu á sama sviði.

Það er alkunna, að sums staðar erlendis nota sveitarfélög mjög verulega þennan skattstofn, þ. e. a. s. til álagningar fyrir sig. Mér finnst þetta eðlilegt viðhorf hjá sveitarfélögunum, að ef á annað borð á að skattleggja verulega þær fasteignir, sem og hefur verið gert, sé eðlilegra, að sveitarfélögin geri það og að ríkið taki þá sínar tekjur á annan hátt. Það er líka svo, að ef sveitarfélögin afla sér teknanna á þessu sviði, þá er það auðveldara fyrir þau en ríkið, því að þeim er fremur innan handar að gera sér grein fyrir gjaldstofninum, þ. e. a. s. hinu raunverulega verðmæti fasteignanna, sem lagt er á. Það getur hvert sveitarfélag gert á sínu svæði. Þetta vildi ég nú láta koma fram, sem ég nú hef sagt, og svo eitt atriði í viðbót, sem fram hefur komið nú á fundinum.

Hv. frsm. minni hl. gerði það að umtalsefni, sem menn sjálfsagt hafa gert sér grein fyrir, að í frv. eru ekki ákvæði um það, að því er varðar þennan eignarskatt, að hann skuli gilda um takmarkaðan tíma. Það sýnist þó liggja í augum uppi, að hann ætti ekki að gilda eða þessi ákvæði ættu ekki að haldast lengur heldur en þangað til nýtt fasteignamat gengur í gildi. Mér hefur raunar dottið í hug, að hér sé um einhvers konar mistök að ræða, sem mundu verða leiðrétt, a. m. k. ef eftir því væri gengið, og að gildi þessara ákvæða yrði takmarkað áður en lögin yrðu afgreidd. En nú kemur það fram hjá hv. frsm. minni hl., að í n. hafi þetta borizt í tal, að þarna vantaði ákvæði í frv. um takmörkun á gildistíma ákvæðanna og að í tilefni af því hafi meiri hl. n. tekið sér frest til athugunar málsins og muni hafa rætt við ríkisstj. um það mál. Hafi þá það svar komið, að ekki væri samþykki fyrir því, að svona ákvæði um takmarkað gildi ákvæðisins yrði sett inn í frv.

Þetta þykir mér satt að segja í mesta máta athyglisverð upplýsing, og sér í lagi vegna þess, að núna alveg nýlega var ég staddur á fundi í Stúdentafélagi Háskólans, sem haldinn var fyrir nokkrum dögum, en þar höfðu verið tilnefndir

framsögumenn héðan úr þessari háttv. samkomu, hv. 1. þm. Austf. og hæstv. viðskmrh., til þess að hafa framsögu um markaðsbandalögin í Evrópu. Hæstv. viðskmrh. ræddi þar allýtarlega um þessi markaðsbandalög og hugsanlega möguleika á því, að Ísland tæki þátt í þessum markaðsbandalögum eða öðru þeirra, Fríverzlunarbandalaginu eða jafnvel Efnahagsbandalagi Evrópu. Hæstv. viðskmrh. lýsti þar bæði kostum og göllum á slíku fyrirtæki, að ganga í markaðsbandalag, og gerði það skilmerkilega. Ég minnist þess, að eitt af því, sem hann taldi, að mundi verða til baga, ef gengið væri í markaðsbandalag, væri, að tolltekjur ríkisins mundu minnka mjög við inngöngu í bandalagið, af því að þessi félagsskapur byggðist að verulegu leyti á lækkun tolla innbyrðis. Þá ræddi ráðh. jafnframt um það, hvað til ráða væri, ef úr þessu yrði og tollarnir minnkuðu mjög verulega, og ég minnist þess, að hann ræddi þá alveg sérstaklega um fasteignaskattinn. Sagði hann, að það væri einn möguleikinn til þess að bæta upp tollalækkunina í sambandi við markaðsbandalag að hækka til mikilla muna fasteignaskatta og lýsti því viðfangsefni nokkuð.

Nú vil ég leyfa mér að spyrja, ef hér er einhver, sem hægt er að spyrja. Ég verð að spyrja samt: Er það kannske einhver fyrirhyggja af þessu tagi, sem felst í þessu frv.? Og er það þess vegna, sem stjórnin synjar um það að setja inn í frv. ákvæði um takmörkun gildistíma ákvæðanna, að hún vilji hafa vaðið fyrir neðan sig og strax útvega þennan möguleika til þess að hækka fasteignaskattana mjög verulega, því að það er ekki neitt smáræði, sem hér er um að ræða? Heyrzt hefur, að í nýja fasteignamatinu, á því stigi, sem það er nú, sé, svo að ég nefni einhverja tölu, kannske um tíföldun að ræða frá því fasteignamati, sem nú gildir. Ég hef þá í huga tölur, sem ég hef heyrt nefndar í sambandi við jarðir, sem nýlega hafa verið metnar af héraðsnefndum samkv. reglum, sem um það eru settar. Ef það ætti svo að nífaldast eða þó ekki væri nema margfaldað með 4.5, er þarna um mjög mikla skattahækkun að ræða. Mér dettur nú þetta í hug og ég vil freista þess að afla upplýsinga um það, hvort þarna sé um fyrirhyggju af þessu tagi að ræða. En ef það er ekki, finnst mér, að hæstv. ríkisstj. ætti að fallast á það, sem minni hl. fjhn. hefur farið fram á, að takmarka gildistíma ákvæðanna um margföldun fasteignamatsins.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekkert sérlega fýsilegt að ræða hér við tóma ráðherrastóla, þótt skilningur stólanna sé kannske ekki neitt minni en skilningur ráðh. yfirleitt í viðræðum við okkur þm., sem ætlazt er til, að afgreiðum hér lög með forgangshraða dag eftir dag, án þess að hæstv. ráðh. láti svo lítið að vera hér að ræða við okkur. En ég ætlaði ekki að tefja þessar umr. neitt sérlega lengi. Ég hef aðeins saknað þess í þessum fróðlegu umr., að ekki hefur verið minnzt á það, hvernig 1. gr. þessa frv. er til komin, um skattfríðindi handa farmönnum. Hún stafar sem sé ekki af því, að hæstv. ríkisstj. hafði upptendrazt af einhverri snöggri réttlætiskennd, heldur er þessi gr. afleiðing af tveimur verkföllum, sem hafa verið háð hér á þessu ári, verkföllum yfirmanna á farskipum. Fyrra verkfallið, sem var hér fyrri hluta árs, var bannað með sérstakri löggjöf um tiltekinn tíma. Síðan var verkfallið hafið aftur í haust og þá var hins vegar samið. Yfirmennirnir fóru sem kunnugt er fram á allverulega kauphækkun, en samningarnir voru í því fólgnir, að hæstv. ríkisstj. tók að sér að greiða kauphækkunina fyrir skipafélögin, og þessi 1. gr. hér er þannig til komin. Og þegar við fjöllum um þessa gr. og afgreiðum hana, eigum við að sjálfsögðu að gera okkur ljóst, hvað við erum að gera. Í þessari gr. eru fólgnar allverulegar raunverulegar kauphækkanir. Þau skattfríðindi, sem farmenn fá þarna, eru 36 þús. kr. á ári. Sú upphæð á að vera skattfrjáls. En hjá yfirmönnum á farskipum, sem hafa sumir sæmilega háar tekjur, mundi þetta þýða allverulega hækkun á raunverulegu kaupi. Af 36 þús. kr. hjá slíkum mönnum mundu, ef tekjurnar væru ekki skattfrjálsar, fara um 60% í opinbera skatta, svo að það eru um 21600 kr., sem er raunveruleg kauphækkun. Ef farmennirnir hefðu átt að fá samsvarandi kjarabót með venjulegri kauphækkun, sem yrði seld undir þá sök, að teknir væru af henni skattar, hefðu þeir orðið að semja um kauphækkun, sem nam 54 þús. kr. Ef um er að ræða menn, sem komast upp í 400 þús. kr. árstekjur, sem dæmi munu vera um meðal þessa fólks, væri slík hækkun hvorki meira né minna en 14%.

Ég er sammála þessari gr., en ég tel alveg einsætt, að við verðum að vita, hvað við erum að gera, og það er auðvitað ekki nokkur hemja á því, sem hæstv. fjmrh. sagði, þegar hann mælti hér fyrir þessu frv. í upphafi, að í þessu fælist ekki fordæmi fyrir aðra. Það gefur auga leið, að í þessu er fordæmi fyrir aðra. Það er ekki nokkur vafi á því, að verkalýðsfélög almennt taka eftir því, að verið er að semja um þessa kjarabót til farmanna, og þegar þeir fá sínum réttlætiskröfum fullnægt, er erfiðara að standa gegn því, að önnur félög komi með réttlætiskröfur sínar einnig.

Að því er varðar sjálfa regluna um skattfríðindi sjómanna og að hún sé sérstaks eðlis, er vafalaust mikið til í því. En það er líka til fólk í landi, sem hefur ósköp svipaða aðstöðu. Ég vil minna á fólk, sem vinnur að fiskvinnu í landi. Það er kallað til starfa á öllum tímum sólarhrings, eftir því sem við á, og mér fyndist ákaflega eðlilegt, að þetta fólk fengi hliðstæð skattfríðindi og sjómenn fá. Fyrir því eru full rök. En sem sagt, það er aðeins þetta atriði, sem ég vildi að kæmi fram hér í þessum umr., að það sé algerlega ljóst, hvað við erum að samþykkja. Við erum að samþykkja kauphækkun til farmanna, kauphækkun, sem ég tel alveg sjálfsagða.

ATKVGR.
Brtt. 160 felld með 19:18 atkv.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 156 felld með 19:19 atkv.
2. gr. samþ. með 20:17 atkv.
3.—5. gr. samþ. með 19:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:4 atkv.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. okkar, sem í minni hl. erum, á þskj. 156, þá boðuðum við það, að við mundum við 3. umr. málsins flytja hér brtt., ef ekki fengist fram sú megintill. okkar, að 2. gr. frv. yrði felld niður.

Við flytjum því hér tvær brtt. við frv. Sú fyrri er við 2. gr. frv., og er lagt til, að hún verði umorðuð á þessa leið:

„Í kaupstöðum með yfir 3 þús. íbúa skal virðing á fasteignum til eignarskatts skv. 22. gr. Alið laganna miðuð við gildandi fasteignamat nífaldað. Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum skal miðað við fasteignamatið sexfaldað. Virðing á bújörðum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum skal þó fara eftir fasteignamatinu margfölduðu með þremur.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, þar til nýtt fasteignamat hefur tekið gildi."

Þetta var brtt., sem við flytjum við 2. gr.

Síðari brtt. okkar er við 3. gr. frv. og hún er þannig, að í stað 200 þús. kr. komi 400 þús. kr. Við teljum, eins og þegar hefur komið fram í umr. um þetta mál, að eðlilegt sé, ef á að leggja þennan skatt á, eins og gert er ráð fyrir skv. þessu frv., að gera hér nokkurn mun á útreikningi fasteignamatsins í hinum stærstu kaupstöðum landsins og minni kaupstöðunum og þorpunum. Sérstaklega teljum við, að það sé verulegur munur á því að leggja fasteignamatið til grundvallar við svona skattlagningu í þorpum landsins og aftur í stærri kaupstöðunum. Ég vil taka það fram, að áður þegar slík margföldun hefur verið viðhöfð, hefur þetta einmitt verið gert, að hafa þetta nokkuð mismunandi, einnig á milli þorpa og kaupstaða. Við teljum alveg sjálfsagt, að fram sé tekið hér í gr., að þessi skattlagning eigi ekki skv. þessum reglum að standa lengur en þar til nýtt fasteignamat tekur gildi. Ég hygg líka, að ætlunin sé að hafa það svo, en þá þykir okkur einsýnt, að það sé réttast að taka það skýrt fram í lögunum.

Um seinni brtt. okkar er það að segja, að við vildum hækka hinn skattskylda frádrátt úr 200 þús. í 400 þús. kr. til þess að hlífa þeim nokkuð við þessari skattlagningu, sem lítið eiga fram yfir allra nauðsynlegustu íbúð yfir höfuðið á sér og sínum. Við teljum rangt að leggja hér á skatt, sem að verulegu leyti er íbúðarskattur, en ef heimildin til frádráttar væri hækkuð úr 200 þús. upp í 400 þús., mundi þetta þó lagast allverulega frá því, sem ráðgert er í þessu frv.

Þessar brtt. okkar í minni hl. eru lagðar fram skriflega og of seint, og ég vil afhenda hæstv. forseta þær og óska eftir, að þær geti komið hér til afgreiðslu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að ræða þá brtt., sem hér hefur komið fram við 3. umr., heldur vildi ég nota tækifærið, áður en mál þetta fer út úr d., til þess að þakka hæstv. ríkisstj. fyrir að hafa flutt a. m. k. 1. gr. þessa frv. hér inn á Alþingi og ekki síður bæði forustumönnum stjórnarandstöðunnar og öðrum hv. þm. fyrir þær undirtektir, sem þetta mál hefur fengið.

Forustumenn farmanna, bæði yfir- og undirmenn, áttu tal við mig síðast í morgun og báðu mig flytja Alþingi Íslendinga og sérstaklega Nd. Alþ. þakkir sínar fyrir þann skilning, sem þm. hefðu sýnt á þessu sjálfsagða hagsmunamáli þeirra, og ég leyfi mér að gera það hér með.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í tilefni af því, sem seinasti ræðumaður sagði, eða í framhaldi af því finnst mér einmitt ástæða til að beina sérstöku þakklæti til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands fyrir þá baráttu, sem það hefur háð fyrir því að koma þessari 1. gr. fram. Eins og hér hefur verið rakið nýlega í sambandi við þessar umr., hefur þetta réttlætismál farmanna því aðeins náð fram að ganga, að þeir höfðu lagt í tvö verkföll á þessu ári til að koma málinu fram. Og ég sé alveg sérstaka ástæðu til þess að þakka farmönnum fyrir þessa skeleggu framkomu. Og af því að síðasti ræðumaður er nú nokkuð tengdur þeim, vildi ég biðja hann þess að koma þessu þakklæti mínu fram á réttum vettvangi.

Annars stóð ég hér aðallega upp til þess að víta framkomu hæstv. fjmrh. í sambandi við þetta mál, sem mér finnst að hafi verið óþingleg. Hæstv. ráðh. var hér staddur við nokkurn hluta 2. umr. um þetta mál, en vék síðan af fundi og lét ósvarað ýmsum fsp., sem fram voru komnar í sambandi við málið, m. a. frá hv. 1. þm. Norðurl. e. Ég lít svo á, að það sé skylda ráðh. að vera viðstaddir í þinginu, þegar umr. fer fram um þau mál, sem þá snertir. Vitanlega getur það komið fyrir, að ráðh. séu forfallaðir af eðlilegum ástæðum, en þá eiga þeir að gera grein fyrir því og þá helzt að sjá svo um, að málið sé tekið út af dagskrá, svo að þeir hafi aðstöðu til þess að vera viðstaddir umr. Til þess er ráðh. ætlað að sitja hér á Alþ., að þeir séu viðstaddir umr. um þau mál, sem þá snerta sérstaklega, bæði til að upplýsa ýmis atriði og til að svara fsp., sem þm. bera fram. Ég álít það mjög vítavert, þegar ráðh. temja sér þá framgöngu að hlaupa burt í miðjum umr. um mál, sem undir þá heyra og embætti þeirra varðar, og láta ósvarað mjög málefnalegum fsp., sem til þeirra er beint. Þess vegna sé ég ástæðu til þess að víta framkomu hæstv. fjmrh. við 2. umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 161) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég get vel skilið sérstaka ástæðu hv. 4. þm. Reykv. fyrir því að standa hér upp og þakka ákveðnum aðilum í þjóðfélaginu fyrir að gera verkföll, það er ekki annað en við er að búast frá honum. En til þess að gera það. Og eins og ég tók fram áðan, ið vil ég benda honum á það, að á undanförnum mánuðum og misserum hafa aðeins þrjú félög úr farmannastétt gert verkföll af þeim tíu, sem hafa bæði lagalegan og samningslegan rétt til þess að gera það. Og eins og ég tók fram áðan, þá veit ég það, að það eru ekki aðeins þeir, sem ekki voru í verkföllum, heldur og hinir, sem

vegna sinna samningsaðila neyddust til að fara í verkföll til þess að ná fram bættum kjörum, sem eru þakklátir og fegnir því, að þarna fékkst þó lausn, sem meiri hl. gat unað við og menn gátu verið tiltölulega ánægðir með, eins og mál standa í þjóðfélaginu í dag. Um það, hvernig kjör þessara manna svo eru, skulum við hins vegar ekki ræða hér. Það verður gert á öðrum vígstöðvum, og ég býst við því, að jafnvel þó að hv. 4. þm. Reykv. standi hér upp aftur og reyni að gefa hv. þd. frekari skýringar á því, þá séu jafnvel aðrir hér í þd., sem betra vit hafa á því heldur en hann.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, hnekkir ekki því, sem ég var búinn að segja hér áðan, að það var eingöngu að þakka því, að farmenn fóru í verkfall, að þeir fengu fram þá réttarbót, sem felst í 1. gr. þessa frv.

Ég tek alveg undir það með hv. ræðumanni, að ég held, að sjómenn séu ekki mjög gjarnir á það að fara í verkföll og geri það ekki nema tilneyddir og þess vegna eigi ekki að vera neitt að kasta steinum að þeim fyrir það, þó að þeir telji sig tilneydda til þess að gera það öðru hvoru. Þar er um að ræða hina gömlu reglu, að „þeir, sem stríði vilja verjast, verða stundum fyrst að berjast“ og það er sem sagt staðreyndin í þessu máli, að þessi réttarbót, sem felst í 1. gr. frv., hefði ekki fengizt fram, ef sjómenn hefðu ekki verið skeleggir og farið í verkfall. Og ég hygg, að þar sé um fordæmi að ræða, sem ýmsir gætu lært af, m. a. gæti það mjög komið til greina í sambandi við slíkar deilur, ef til kæmi, að launþegar fengju sinn hlut réttan með því að fá einhver skattahlunnindi, hvort sem það er í þessu formi eða öðru. Því að við vitum það nú, að stór hluti af þeim kauphækkunum, sem launastéttirnar fá, fer aftur til hins opinbera, og það gæti verið kjarabót, sem gæti dregið úr því, að menn þyrftu að knýja fram verulegar kauphækkanir, ef menn fengju leiðréttingu á sköttum sínum líkt og sjómenn hafa hér fengið. Þess vegna er hér um mjög merkilegt fordæmi að ræða, sem ég álít, að aðrar launastéttir eigi að taka til rækilegrar athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 43. fundi í Nd., 16. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 161,1 felld með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS, IG, JónasÁ, LJós, MK, SE, SkG, SV, SP, ÞÞ, ÁÞ, BP.

nei: BrS, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JSk, JP, MB, MÁM, PJ, PS, SI, SvJ, BGr, BF, BK, BBen, SB.

3 þm. (HV, VH, BGuðm) fjarstaddir.

Brtt. 161,2 felld með 19:17 atkv.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrS, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, PJ, PS, SI, SvJ, BGr, BF, BK, BBen, SB.

EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, LJós, MK, SE, SkG, SV, SP, ÞÞ, ÁÞ, BP greiddu ekki atkv.

2 þm. (VH, BGuðm) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það, sem felst í þessu frv., er í meginefnum tvö atriði. Annars vegar er það ákvæði í 1. gr. frv., að frádráttur sá, 3 þús. kr. á mánuði, sem veittur hefur hingað til verið fiskimönnum, skuli einnig vera veittur öðrum sjómönnum eða skipverjum á íslenzkum skipum, ef þeir hafa verið skráðir á skipin minnst 6 mánuði af skattárinu. Það þykir eðlilegt, miðað við eðli þeirrar atvinnu, sem hér er um að ræða, að einnig farmenn fái notið þessa frádráttar. Þeir eru stóran hluta ársins fjarri sínum heimilum og það getur ekki talizt skapa fordæmi fyrir aðra, þó að þetta ákvæði verði einnig látið ná til farmanna.

Í annan stað er svo ákvæði 2. og 3. gr. frv., sem er um margföldun á núgildandi fasteignamati, þannig að við ákvörðun eignarskatts verði fasteignamatið nú nífaldað í kaupstöðum og kauptúnum, en margfaldað með 4,5 í sveitum. Eins og menn muna, var í frv. um efnahagsmál, sem hefur legið fyrir þessu þingi, lagt til, að fasteignamatið yrði í þessu skyni tólffaldað. Það þykir rétt að falla frá því og nífalda fasteignamatið aðeins, en gert er ráð fyrir því, eins og tekið er fram í grg. þessa frv., að sveitarfélögum verði einnig heimilað að nífalda fasteignamatið til ákvörðunar eignarútsvars, og verður þá einnig gert ráð fyrir því að breyta útsvarsstigum, þannig að þeir verði þeir sömu og skattstigarnir eru, en eins og gildir í dag, eru eignarútsvarsstigar miklum mun hærri heldur en eignarskattsstigar og í fleiri þrepum.

Það er gert ráð fyrir því, eins og ég sagði, að fasteignamat jarða í sveitum verði aðeins margfaldað með helmingi þessarar upphæðar. Eins og hv. þdm. mun kunnugt, er fasteignamatsgrundvöllurinn mjög mismunandi eftir því, hvort um er að ræða fasteignir í þéttbýli eða strjálbýli. Það er mikið álitamál, hvort það er nákvæmlega rétt eins og það er í dag og er raunar vitað, að svo er ekki, enda er fasteignamatið, sem nú fer fram, við það miðað að fullreyna og sannreyna það, hvað sé eðlilegt í þessu efni. Hins vegar liggur það ljóst fyrir, að það verður ekki á þessu stigi fundinn annar grundvöllur fyrir þessu heldur en þessi einfalda margfeldisregla. Það er hins vegar gert ráð fyrir því, að fasteignamatið verði tilbúið á næsta ári, þannig að þetta ætti ekki að þurfa að gilda nema í eitt ár. Þar er í þeim l. svo fyrir mælt, að endurskoða verði öll þau gjöld, sem fasteignamat miðast við, og kemur þetta þá vitanlega samkv. því ákvæði einnig til endurskoðunar þá.

Í 3. gr. l. er lagt til, sem er eðlilegt í samræmi við þessa hækkun matsins, að skattfrjáls eign,

skattfrjáls fasteign eða verðmæti í skattfrjálsri fasteign hækki einnig í sama hlutfalli, þ. e. a. s. verði 200 þús. kr. í staðinn fyrir 100 þús. kr. nú. Það hafa heyrzt ýmsar raddir um það, að óeðlilegt væri að halda þessu máli til streitu og menn eru ekki sammála um þetta margfeldi fasteignamatsins, þar sem sumir halda því fram, eins og maður heyrir gjarnan nú á dögum, að ríkissjóður hafi nægilega peninga, þannig að ekki sé þörf á því að leggja út í nýja skatta. Þetta má kannske til sanns vegar færa, en það fer þó nokkuð eftir því, hvað menn hugsa sér þá að nota slíkt fé. En því hefur verið margoft yfirlýst, að það fé, sem ríkissjóði áskotnast nú umfram það, sem áætlað hefur verið, og umfram það, sem nauðsyn krefur í sambandi við fjárlagaafgreiðslu til ríkisrekstrarins sjálfs, verði notað til þess að mæta afleiðingum gengisbreytingarinnar, og eru þá fyrst og fremst hafðar í huga tollabreytingar í því sambandi.

Það er ljóst mál, að gengisbreyting hefur alltaf þau áhrif, að fasteignir halda sínu verði, ef ekki hækka í verði, a. m. k. gera þær það, þegar tímar líða og raunar strax og það er því ekkert óeðlilegt við það, þó að einhver skattur sé einmitt lagður á eigendur fasteigna í sambandi við slíkar aðgerðir. Og það verður að telja æskilegt miðað við allar aðstæður að halda einmitt áfram þessari skattheimtu, til þess að geta þá notað það fé aftur til þess að mæta afleiðingum gengisbreytingarinnar í sambandi við tollalækkanir eða aðrar ráðstafanir, sem þar koma til greina.

Þetta er ástæðan fyrir því í stuttu máli, að það þykir eðlilegt, að þessi ákvörðun um hækkun fasteignamatsins verði lögfest, enda þótt strangt tekið megi segja, að ríkissjóður þyrfti ekki fjárins með, ef hann ætlaði ekki að nota það með þessum hætti til þess að létta á almenningi á annan hátt.

Um sveitarfélögin er það að segja, sem nánar verður gerð grein fyrir, þegar frv. verður lagt fyrir Alþ., sem væntanlega verður nú upp úr helginni, en ekki er nauðsynlegt að afgreiða það fyrir áramót, að auðvitað er veruleg aukning á útgjöldum þeirra á næsta ári fyrirsjáanleg, og Samb. ísl. sveitarfélaga hefur einnig þótt eðlilegt að fara þessa leið til að mæta þeim vanda að einhverju leyti í stað þess að hækka almennt útsvarsálögur á laun eða tekjur og miðast þá við svipaðar röksemdir eins og ég tilgreindi, að lægju fyrir þessu máli af hálfu ríkisins.

Í 4. gr. frv. er um atriði að ræða, sem eru formlegs eðlis fyrst og fremst. Það hafa risið sums staðar vandamál í sambandi við umboðsmenn, skattstjóra. Það er gert ráð fyrir því í núgildandi lögum, að hreppstjórar séu það. Sums staðar er ekki hægt að koma þessu við og þykir því eðlilegt, að oddvitar verði það, þar sem hreppstjórar ekki geta verið það af einhverjum ástæðum. Það liggur í augum uppi, að það er mjög mikið hagsmunamál sveitarfélaganna sem slíkra, að skattaframtöl séu í góðu lagi, því að á þeim er byggð einnig útsvarsheimta sveitarfélaganna, þannig að það er ekki óeðlilegt að tengja þetta saman.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, á þessu stigi málsins að hafa um þetta fleiri orð. En það er nauðsynlegt að afgreiða þetta mál, áður en þinghlé verður fyrir jólin, og vildi ég því leyfa mér að beina því til hv. n., sem fær þetta til meðferðar, að hún leitist við að ljúka störfum það snemma, að hægt verði að ljúka afgreiðslu málsins fyrir jólahlé. Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég mun ekki halda hér langa ræðu um þetta frv. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og hefur nokkuð verið rætt þar og ég skal láta mér nægja að gera nokkrar almennar aths. við frv., en þótti þó rétt að fara um það nokkrum orðum, áður en það færi til n. Eins og hæstv. ráðh. tók fram, eru raunar ekki nema tvö megin-efnisatriði í þessu frv.

Annars vegar það ákvæði 1. gr., að sjómannafrádráttur, sem hingað til hefur aðeins gilt fyrir fiskimenn, skuli nú gilda fyrir alla skipverja á íslenzkum skipum, þá, sem hafa verið lengur skipverjar en 6 mánuði á hverju skattári. Þennan frádrátt, sem á að vera 3 þús. kr. fyrir hvern mánuð, tel ég eðlilegan. Ég fellst alveg á þau rök, sem færð hafa verið fram fyrir því, að það sé eðlilegt, að allir sjómenn njóti þessa frádráttar, enda er það svo, að þetta ákvæði mun vera lögfesting á samkomulagi, sem gert var við farmenn í vinnudeilu þeirra, sem lauk í nóvembermánuði s. l. Og eftir því, sem ég hef skilið þá samninga, var einmitt þetta atriði meginréttarbótin, sem farmenn fengu í þeim samningum. Tekjuskattsstigunum er þann veg farið hjá okkur, að menn eru mjög fljótir að komast í háa skattstiga, ef þeir hafa allsæmilegar tekjur og þess vegna er það auðvitað veruleg kjarabót að fá einhverja slíka fjárhæð dregna frá tekjuskatti. Um það, hvort hér sé leið eða brotinn ís fyrir aðrar stéttir til þess að rétta hlut sinn, skal ég ósagt látið, en tel þó alveg vafalaust, að einnig aðrar stéttir í þjóðfélaginu hljóti að taka eftir þessari afgreiðslu og það komi a. m. k. sterkt til álita, hvort kjarabaráttan geti að einhverju leyti færzt yfir á þetta svið, ekki sízt þar sem nú er búið að afnema það samband milli framfærslukostnaðar og launa, sem áður var þó nokkur trygging fyrir launþega í þessum efnum.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um 1. gr. Ég geri ráð fyrir því, að það séu allir hv. þdm. á einu máli um að mæla með samþykkt hennar.

Allt öðru máli gegnir um hitt aðalákvæði frv., það ákvæði, sem felst í 2. gr. þess og er efnislega á þann veg að hækka fasteignamat til eignarskatts úr sexföldu fasteignamati í nífalt í kaupstöðum, en margföldun með 4,5 skuli gilda í sveitum. Ég hygg, að það séu flestir á því, að ekki liggi svo mjög á fyrir ríkissjóð einmitt nú að taka upp þessa hækkun á eignarskatti. Hæstv. fjmrh. upplýsti hér áðan, að aðalfasteignamat það, sem ákveðið var með l. nr. 28 frá 1963, að fram skyldi fara, mundi sjá dagsins ljós á næsta ári, á 5. ári eftir samþykkt laganna, og má vissulega segja, að það sé ekki fyrr en skyldi. Og ég sé ekki neina ástæðu til þess, að hv. Alþ. sé nú að setja ákvæði um margföldun fasteignamatsins til eignarskatts, þegar í fyrsta lagi svo stutt er eftir til aðalfasteignamats og í öðru lagi með hliðsjón af því, sem fram kom hjá hæstv. fjmrh.

hér áðan, að ríkissjóður þarf ekki á þessum tekjum að halda nú.

Þessi margföldun fasteignamatsins er leifar af efnahagsmálafrv. hæstv. ríkisstj., sem lagt var fram hér í þingbyrjun og var talið nauðsynlegt til þess að geta afgreitt greiðsluhallalaus fjárlög. Nú hefur ýmislegt á dagana drifið síðan á fyrstu dögum nóvembermánaðar, eins og kunnugt er, m. a. það, eins og hæstv. fjmrh. vék að hér áðan, að hagur ríkissjóðs hefur gerbreytzt. Og hann, sem áður hafði áhyggjur af því að geta afgreitt greiðsluhallalaus fjárlög, tekur það nú hér fram í þessari hv. þd., að ríkissjóður þurfi ekki á þessu fé að halda. Eðlileg afleiðing af þessum breytingum hlýtur að vera sú að fella niður þessa skattheimtu. Það er alveg nóg að gert til kjaraskerðingar fólks, þó að þessum lið sé sleppt. Hér er að vísu ekki um mjög háa fjárhæð að ræða, 30 millj. kr., sem þessi skattauki á að gefa ríkissjóði, en þetta er þó umtalsverð útgjaldaaukning einmitt hjá einstaklingum, þó að ríkissjóð muni að sjálfsögðu mjög lítið um þessa fjárhæð á sínu 6000 millj. kr. fjárlagafrv., sem væntanlega verður að fjárlögum innan skamms. Hér er um það að ræða í mörgum tilfellum, að eignarskattur hækkar verulega. Ég hef nú ekki við höndina upplýsingar um það, hversu miklu þetta nemi í einstökum tilvikum. Þegar talað var um margföldun á verði eða mati til eignarskatts í sambandi við efnahagsmálafrv., sýndist mér, að slíkt gæti í mjög mörgum tilfellum haft í för með sér u. þ. b. þreföldun á eignarskatti venjulegs íbúðareiganda. Með skirskotun til þess og með hliðsjón af því, að hér er um ónauðsynlega fjáröflun til ríkissjóðs að ræða, hygg ég, að við ættum að geta orðið sammála um að fella þessa skattheimtu niður að þessu sinni.

Það er fleira, sem kemur til greina í þessu sambandi, en þetta, sem nú hefur verið nefnt, og þá fyrst og fremst það í mínum huga, að ég hef talið að gjöld af fasteignum ættu fyrst og fremst að vera tekjustofn handa sveitarfélögunum. Það er vitað, að mörg sveitarfélög eiga nú í erfiðleikum með að afgreiða fjárhagsáætlanir vegna þeirra stórfelldu hækkana sem fyrirsjáanlegar eru á útgjöldum þeirra og eru afleiðingar af nýafstaðinni gengisfellingu.

Þannig veit ég að muni vera um Reykjavíkurborg og þar eru erfiðleikar á því að koma fjárhagsáætlun saman, og það verður ekki gert nema með því að draga úr verklegum framkvæmdum, a. m. k. í reynd. Það er nýlega búið að nota til fulls ákvæði laga um ákvörðun fasteignagjalda í Reykjavík. Ég man ekki nákvæmlega, hvað mörg ár eru síðan, en það er ekki langt síðan.

Það kann að vera nokkuð til í því, sem hæstv. fjmrh. sagði hér, að gengislækkun sé ekki óhagstæðust fyrir þá, sem fasteignir eiga, ég get vel fallizt á það, og það sé þess vegna ekki kannske mjög ósanngjarnt, að ein afleiðing gengislækkunar sé nokkur hækkun á fasteignagjöldum. En með hliðsjón af fjárhagsástandi ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar tel ég það augljóst mál, að sú hækkun, sem telst sanngjörn á fasteignum sem afleiðing gengisfellingarinnar, renni til sveitarfélaganna. Þar eru opinberir aðilar, sem vissulega hafa þörf fyrir tekjuaukningu, hins vegar er ríkissjóður, sem samkv. yfirlýsingu hæstv. fjmrh. þarf ekki á þessu fjármagni að halda. Sveitarfélögin verða fyrir útgjaldahækkun, eins og segir í aths. með frv., og sem viðurkenningu á því er talað um, að sveitarfélögunum muni verða veitt leyfi til þess að hækka virðinguna til álagningar eignarútsvara til samræmis við það, sem lagt er til um eignarskattinn til ríkisins. Ég skal ekki segja, hvað mikið sú breyting kann að gefa sveitarfélögunum, en ég veit, að þau hafa fulla þörf fyrir hana og að þau hefðu fulla þörf fyrir að fá alla þá hækkun, sem teldist sanngjarnt að leggja á fasteignir, vegna þess að útsvarsbyrðin er áreiðanlega, a. m. k. í Reykjavík, nægilega þung fyrir því.

En þar að auki leyfi ég mér að benda á, að það verður fyrirsjáanleg útgjaldahækkun hjá fleirum en ríkissjóði og sveitarfélögunum vegna gengislækkunarinnar. Það er fyrirsjáanleg stórkostleg útgjaldaaukning hjá öllum almenningi, hjá borgurum landsins, og þeir geta ekkert sótt fjármagn, þeir geta ekki lagt skatt á neinn til þess að standa undir þeirri útgjaldahækkun. Þvert á móti er búið að búa svo um hnútana, að þeir skuli nú mæta henni bótalaust, og þess vegna tel ég, að undanþáguákvæði 3. gr. um þá eign, sem undanþegin skuli vera skattgjaldi, sé of lág, þar sem hér er ákveðið, að miðað sé við 200 þús. kr. Það er að vísu sama tala og var í efnahagsaðgerðafrv., þegar þó var gert ráð fyrir meiri hækkun á fasteignamati til eignarskatts heldur en þetta frv. gerir ráð fyrir, en samt tel ég, að hér sé allt of lág undanþága, vegna þess hve fasteignir eru orðnar dýrar og vegna þess þar af leiðandi, hversu lítil eign það er, 200 þús. kr., sem á að vera undanþegin eignarskatti í þessu sambandi. Og ég hefði viljað athuga það í hv. n., sem fær málið til meðferðar, hvort ekki geti náðst samkomulag um að hækka þennan frádrátt, ef ekki heppnast að fá samstöðu um það að leggja þessa óhæfu skattheimtu algerlega niður. Ég tel ekki óeðlilegt, að t. d. helmingur verðs meðalíbúðar, svona u. þ. b. sú upphæð, sem menn þurfa að leggja fram, þeir, sem hæstra lána njóta úr almenna veðlánakerfinu, að það yrði talin hæfileg viðmiðun í þessu sambandi, og þess vegna tel ég, að sú brtt., sem borin var fram í hv. Nd., um, að þessi tala yrði ákveðin 400 þús. í staðinn fyrir 200 þús., eins og hér er gert ráð fyrir, sé algert lágmark.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta. Ég tel það sem sagt ósanngjarnt að bæta þessum álögum núna á fólk, sem verður að taka bótalaust á sig þungar klyfjar. Ég bendi á það, að fyrir liggur, að ríkissjóður fær mjög auknar tekjur og þarf skv. játningu hæstv. fjmrh., sem bar sig vel hér yfir fjárhag ríkissjóðs áðan, ekki á þessum auknu tekjum að halda. Ef það telst hins vegar nauðsynlegt eða réttlátt að hækka kvaðir á fasteignaeigendur, vegna þess hagræðis, sem þeir kynnu að njóta af gengisfellingunni, tel ég hiklaust, að sú aukna skattheimta eigi að renna til sveitarfélaganna.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að lengja þessa umr. meira en orðið hefur.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki heldur lengja þessar umr., enda var

ég með ósk um það, að málinu yrði hraðað. En mér þótti ánægjulegt að hlusta á ræðu hv. 11. þm. Reykv., enda hefur hann, vegna sinnar sérþekkingar á þessum málum, tvímælalaust glögga hugmynd um það, hvað er rétt og eðlilegt í þessum efnum. Hann tók það fram sem sína skoðun, sem ég taldi vera aðalrökin fyrir þessu máli, að miðað við slíkar verðlagsbreytingar, sem nú verða, sé það rétt, að fasteignir hækki í verði og því geti verið fullkomlega eðlilegt út frá þeim sjónarmiðum, að auknar séu kvaðir á fasteignum. Við vitum það líka, að á tímum verðhækkana er það mjög eftirsótt, og hefur verið hér um langan aldur, að koma fjármunum sínum í fasteignir, vegna þess að það hefur þótt miklu arðbærara og öruggara til þess að treysta verðgildi peninganna. Og miðað við það ástand er auðvitað ekki óeðlilegt, að lagðar séu þá einhverjar auknar kvaðir einmitt á fasteignaeigendur, þegar það er ljóst, að enda þótt reynt hafi verið að bæta hag sparifjáreigenda með háum vöxtum, hefur það engu að síður ekki nægt til að rétta þeirra hlut, þannig að þeir hafa orðið fyrir verulegu tjóni á móts við það, sem fasteignaeigendur hafa orðið fyrir, þar sem þeir hafa getað haldið eignum sínum í fullu verði og ríflega það, enda fjárstraumurinn legið þangað.

Mér sýnist því, að efnislega sé enginn ágreiningur okkar á milli, hv. þm. og mín, um það, að hugsunin í þessari skattálagningu geti verið eðlileg. Það, sem okkur ber í rauninni á milli, er það, hvort ástæða sé til þess að hafa þessa skattheimtu til ríkisins eða hvort eigi að hafa hana í ríkara mæli til sveitarfélaganna en gert er ráð fyrir. Ég ætla ekki að fara að ræða hér fyrirhugað frv. um sveitarfélögin að öðru leyti, en ég skýrði frá því, af því að ég taldi rétt, að það kæmi hér fram, en mér sýnist ekki, að ágreiningur muni verða á milli okkar hv. þm. um það mál út af fyrir sig, heldur hitt, að hér sé verið að taka fé í ríkissjóðinn.

Í því sambandi vildi ég aðeins láta það koma fram, til þess að það ylli ekki misskilningi, þar sem hann ítrekað vitnar í mín ummæli um það, að ríkið hefði ekki þörf fyrir þessa peninga, að það er út af fyrir sig rétt, eins og ég sagði, að tekjuauki ríkissjóðs verður það mikill, að hann gæti verið án þessa fjár, ef litið er einhliða á málið. En ég lagði áherzlu á, að það, sem þyrfti að taka hér til greina og væri aðalröksemdin fyrir því, að lagt væri til að viðhafa þessa skattlagningu til ríkisins, væri það, að ríkið þyrfti á því að halda til þess að mæta afleiðingum gengisbreytingarinnar, ekki fyrir sig sjálft, heldur fyrir almenning í landinu, og það væri einmitt eðlilegt að taka hér nokkurt fé af þeim aðila, sem hagnast á gengisbreytingunni, og færa yfir til þeirra, sem hafa tjón af henni. Þetta er hugsunin, sem á bak við þetta liggur, þannig að þó að ríkið þurfi ekki beint á peningunum að halda vegna sinna eigin þarfa, er þessi skattheimta hugsuð til þess að notast aftur til að létta byrðar almennings vegna gengisbreytingarinnar.

Að síðustu var svo eitt atriði, sem hann gat um og sagðist mundi vilja beita sér fyrir, en það væri að hækka hina skattfrjálsu upphæð fasteigna, og taldi, að það væri a. m. k. lágmark, að miðað væri við húsnæðismálalán. Ég held, að þetta byggist á ákaflega miklum misskilningi hjá hv. þm., vegna þess að fasteignir eru í dag metnar eftir allt öðrum grundvallarreglum, þannig að hús eða íbúð, sem í dag er 1 milljón kr. virði, er ekki metin nema á tiltölulega mjög lága upphæð, þannig að þegar við tölum um skattfrjálsa upphæð 200 þús. kr., nemur það auðvitað raunverulega miklu hærri upphæð en húsnæðismálaláninu, eins og það er í dag.

Menn þurfa sem sagt, þegar þeir eru að íhuga þetta, að gera sér grein fyrir því, hvaða skalar það eru, sem eignirnar eru metnar eftir, og það eru þessir lágu skalar, sem gilda enn að verulegu leyti í dag. Og þegar kemur að eignaútsvörunum, mun það líka koma í ljós, að hér er um verulegar hagsbætur að ræða, vegna þess að eins og það dæmi lítur út í dag, er skattfrjáls upphæð við álagningu eignarútsvars miklu lægri en hér er gert ráð fyrir, en hins vegar er nú áformað, að upphæðin verði sú sama bæði við eignaskattinn og eignaútsvarið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál, enda sýnist mér ekki, að efnislega beri ákaflega mikið á milli, nema þetta atriði, að hv. þm. telur, að það sé ekki eðlilegt, að ríkið innheimti þetta, en hins vegar erum við sammála um, að það geti verið fullkomlega eðlilegt að skattleggja fasteignir á svipuðum tímum og nú eru.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði, skal ég nú ekki flytja hér langt mál, en ég vildi, áður en ég sný mér að því með örfáum orðum að svara því, sem hann beindi til mín, leiðrétta það, sem ég sagði hér áðan, að Reykjavík eða borgarstjórn Reykjavíkur hefði fullnotað heimildir til þess að leggja á fasteignaskatt. Borgarstjórinn í Reykjavík, hv. 12. þm. Reykv., upplýsti mig um það eða minnti mig á það, sem ég átti náttúrlega að muna, en var búinn að gleyma, að þegar breytt var fasteignagjöldunum síðast hér í Reykjavík, var það gert á þann hátt, að gjöldin á húseignir voru aðeins hækkuð um 100%, en heimild laganna er 200%. Hins vegar var álagið á lóðir fullnotað. Ég ætlaði ekki að fara hér með rangt mál, og af því að mér var bent á þetta í tæka tíð, vil ég hafa það, sem sannara reynist í þessu efni, og leiðrétti það, þótt það skipti í sjálfu sér litlu sem engu máli um það, sem hér er til umræðu.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri lítið, sem bæri á milli hjá okkur. Það má vera, að það sé lítið. Það eru þessar 30 millj., sem á milli ber. Ég legg til, að þær verði ekki innheimtar. Hæstv. ráðh. leggur til, að þær verði lagðar á. Annar er nú náttúrlega munurinn ekki. Það er rétt, sem hann sagði, að kannske er höfuðágreiningurinn um sjálft málefnið sá, hver eigi að hafa fasteignirnar sem skattstofn. Ég held því fram, og það er ekki ég einn, sem geri það, — þær raddir hafa verið margar hér á hv. Alþingi og víðar, — að stefna bæri að því, að talsverðu leyti a. m. k., að sveitarfélögin hefðu þær tekjur, sem sanngjarnt teldist að leggja á fasteignir. Og ég vil segja, að hafi það verið réttlætanleg eða réttlát stefna fyrr, er hún það enn fremur nú, þar sem skattheimta ríkissjóðs hefur margfaldazt á liðnum árum og ríkið teygir sig lengra og lengra og víðar og víð-

ar til fanga, þannig að það verður færra og færra, sem sveitarfélögin hafa til þess að afla tekna af, og útsvörin fara að verða þar geysihár liður.

Þar að auki sagði ég í þessum fáu orðum áðan, að ég teldi nánast fjarstæðu að vera að fikta við þetta fasteignamat æ ofan í æ, þegar upplýst er, að aðalfasteignamat skv. lögunum frá 1963 eigi nú að koma á næsta ári, og ég legg bara áherzlu á, að farið sé eftir þeim lögum, því að í þeim segir, að á 5 ára fresti milli aðalmata skuli yfirfasteignamatsnefnd kanna, hvort fasteignaverð hafi breytzt verulega á tímabilinu. Nú telur yfirfasteignamatsnefnd, að svo sé, og getur fjmrh. þá ákveðið breytingu á mati fasteigna í landinu í samræmi við það, og í sambandi við þetta verður að hafa í huga bráðabirgðaákvæðið, sem segir, að áður en nýtt aðalmat fasteigna skv. lögum þessum gengur í gildi, skuli fara fram endurskoðun á gildandi ákvæðum laga, sem fasteignamat hefur áhrif á, og miðist endurskoðunin við, að skattur á fasteignum hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins.

Ég segi bara það sem mína skoðun, að við eigum að bíða eftir þessu aðalfasteignamati, og þá verða þessi mál endurskoðuð. Þá gefst tækifæri til þess að gera það upp við sig endanlega, hver fasteignagjöldin til ríkisins eiga að vera eða eignarskattur af fasteignum, og ég sé ekki annað með hliðsjón af því, sem nú hefur gerzt og ég áðan rakti, en að mjög auðvelt sé að bíða þess tíma.

Þar að auki legg ég áherzlu á það, þótt ég viðurkenni, að fasteignir geti verið réttlátur gjaldstofn sveitarfélaganna a. m. k., að hófs sé gætt í því, hversu mikið er lagt á fasteignir, og ég undirstrika nauðsyn þess, að viss lágmarkseign sé skattfrjáls, hvernig sem það kann nú að verða reiknað. Ég skal játa það, að ég er ekki vel að mér í útreikningi á eignarskatti, en ég legg áherzlu á það, að meðalíbúð, sem á hvíla meðalskuldir, á ekki að vera tekjustofn fyrir einn eða neinn. Það á að vera talið eðlilegt hér, að menn eigi slíka eign, án þess að það sé skattlagt sérstaklega. Það er búið að skattleggja tekjurnar um leið og þær myndast, og það er ekki sanngjarnt að mínum dómi að skattleggja slíka meðaleign öðru sinni. Það er allt annað mál með stóreignir og stóreignamenn, ég er ekkert að biðja um neina vægð gagnvart þeim, en þessi almenna smáeign bjargálna manns, hún tel ég að eigi ekki að vera tekjustofn, hvorki fyrir ríkið né sveitarfélögin.

Ég skal svo ljúka máli mínu. Þessu máli liggur auðvitað á, eins og öllum öðrum málum, og sízt vil ég verða til þess að tefja þinghaldið meira en þörf er á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 139, n. 169).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Fjhn. hv. d. gat ekki orðið sammála um tillögugerð varðandi afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. leggur til, eins og fram kemur í nál. á þskj. 169, að frv. verði samþ. óbreytt. Frsm. minni hl. mun að sjálfsögðu gera grein fyrir áliti þess hluta n., en boðað var á nefndarfundi, að minni hl. mundi flytja að nokkru þær brtt., sem fluttar voru í málinu í Nd., og mun ég síðar örlítið víkja að þeim.

Í frv. þessu eru tvö efnisatriði, eins og fram hefur komið í þessum umr. Það er annars vegar í 1. gr. frv. sjómannafrádrátturinn, að hann skuli gilda jafnt fyrir farmenn sem fiskimenn. Um þetta atriði frv. eru allir nm. fjhn. sammála og þeir, er um þetta frv. hafa rætt hér á hv. Alþ., en rétt er þó að vekja athygli á því, að það álit er ekki hjá öllum byggt á sömu forsendum. Þar sem hæstv. fjmrh. hefur tekið það fram, að forsenda þessa séu hin sérstöku störf og aðstæður og starfsskilyrðin við sjómannsstörfin, sem réttlæti þessa frádráttarheimild sjómönnum til handa, þá hafa aftur á móti formælendur stjórnarandstöðunnar bent á eða haft á orði, að þetta geti verið fordæmi öðrum stéttum.

Ég vildi aðeins taka það fram sem mína skoðun, að auk þess sem skýra verður slíka reglu í skattalögum mjög þröngt, þá er það einmitt vegna þess, að starf sjómannsins er sérstaks eðlis, vegna þess að það krefst fjarveru frá heimili og fjölskyldu og er unnið oft á tíðum við hættur, að löggjafinn á að taka tillit til þessa með sérstakri heimild þeim til handa um skattafrádrátt. En um leið og þessi skoðun er viðurkennd, er líka rétt að vekja athygli á því, að viðurkenning á þessum sérstöku aðstæðum sjómanna hlýtur e. t. v. í framtíðinni að fara fram á annan hátt en þennan, þegar staðgreiðslukerfi skatta kemst á, en það gerir kröfu til þess, að sem minnstar undanþágureglur séu í l. og almennar reglur gildi um slík atriði sem skattaálagningu. En með því að ágreiningur er ekki um þennan hluta frv., skal ég ekki fjölyrða nánar um hann.

Er þá komið að 2. gr. frv., sem gerir ráð fyrir því, að virðing á fasteign til eignarskatts miðist við nífaldað fasteignamat í stað sexfaldaðs fasteignamats, eins og nú er í l. Þessi breyting er ekki svo veigamikil, að ástæða sé til þess að ræða almennt um skattamál, þótt fara mætti e. t. v. nokkrum orðum um það, í hvaða átt skattamál og skattaálagning þróast víða, þar sem verið er nú að leggja áherzlu á eða í það minnsta leitast við að hverfa að nokkru frá skattlagningu á tekjum og eignamyndun og skattleggja fremur neyzlu eða eyðslu.

Ég held, að þrátt fyrir þær umr., sem víða fara fram, getum við verið sammála um, að eignarskattur verði áfram álagður og þó ýmsar undantekningar hafi verið gerðar þar um tilteknar eignir, eins og sparisjóðsinnistæður og skuldabréfaeign, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, þá fer tæpast á milli mála, að fasteignir sem slíkar verða metnar í framtíðinni til eigna og skattar þannig á þær lagðir. En sú skoðun hefur komið fram hér í umr., sem rétt er að undirstrika, að slíkur skattur má ekki koma í veg fyrir það, að menn séu örvaðir til þess að eign-

ast þak yfir höfuðið og að allt sé gert, sem unnt er, til þess að sem flestir eigi þær íbúðir, sem þeir búa í. Það er þá spurning, hvort þessi breyting sé til þess fallin að koma í veg fyrir þá stefnu og þá þróun, og því er rétt að gera sér grein fyrir, hvaða skattauki verður á mönnum við samþykkt þessa frv.

Við skulum taka sem dæmi íbúð, þar sem fasteignamatið er 65 þús. kr. Í núgildandi fasteignamati mun hver rúmmálsmetri íbúðar vera metinn um 200 kr., þannig að það er eitthvað rúmlega 300 m³ íbúð, sem þarna er um að ræða, og ef skuldir eru annaðhvort engar eða 200 þús. kr., þá er skattaukinn 475 kr. Ef fasteignamatið er 90 þús. kr., þá mun skattaukinn, eftir því hvort um 200 þús. kr. skuld er að ræða eða ekki, vera um 850 kr. eða 1290 kr. Ef við lítum á hitt, að núgildandi reglur um skattaálagningu gera íbúðareigendum hægara um vik að því leyti til, að eigin húsaleiga er aðeins metin 11% af gildandi fasteignamati og til frádráttar frá tekjum koma einnig fyrning, sem er reiknuð 4% af fasteignamati, og fasteignagjöld, viðhald og vaxtagjöld, þá hygg ég, að með þessari breytingu sé þeim, sem þegar eiga íbúðir ekki gert erfitt um vik að halda sínum íbúðum, og heldur ekki hinum erfiðara um vik að eignast íbúðir.

Alla vega má á þessu sjá, að íbúðareigendur eru mun betur settir en hinir, sem ekki eiga íbúðir, og einkum þegar á það er litið, að nýleg breyting á gengi ísl. kr. hefur rýrt eignir manna, sem eiga lausafé, vörubirgðir eða sparifé, en hins vegar helzt raungildi íbúðaeignar eftir gengisbreytinguna sem áður. Þegar allt þetta er tekið með í reikninginn, hygg ég, að það sé ekki óeðlilegt, þótt á íbúðareigendur og fasteignaeigendur sé lagður þessi skattauki, þ. e. a. s. aukning á fasteignamati íbúðar frá sexföldu í nífalt fasteignamat.

Ég skal þó ekki neita því, að í einstaka tilvikum kann þetta að koma fram nokkuð þyngra en þau dæmi sýndu, sem ég gat um, og þá einkum þar sem um er að ræða fullorðið fólk, eða fullorðna ekkju eða fullorðinn ekkil, sem býr í tiltölulega stóru eigin húsnæði og vill gjarnan halda sínu fyrra heimili, þótt færra heimilisfólk sé e. t. v. í heimilinu og tekjumöguleikar minni heldur en þegar fólkið var á bezta starfsaldri.

Það getur einnig verið um það að ræða, að þetta komi nokkuð niður á fyrirtækjum, sem reka rekstur í eigin húsnæði og hafa ekki möguleika, t. a. m. vegna gildandi verðlagsákvæða, til að skapa sér tekjur til að standa sem skyldi undir reksturskostnaði, en ég legg áherzlu á, að í þessum tilvikum er það frv., sem við erum að ræða, aðeins ætlað til eins árs. Að einu ári liðnu, eða við önnur áramót er gert ráð fyrir því, að nýtt fasteignamat taki gildi. Ég skal ekki spá um það, hve hátt það verður, en ef dæma má af mismuni á núgildandi fasteignamati og gangverði fasteigna hér í Reykjavík, þá er hugsandi, að hið nýja fasteignamat verði allt að fimmtánfalt núverandi fasteignamat, þannig að í þessu frv. er ekki um að ræða nema ⅔ af því nýja fasteignamati, enda er þá skýrt fram tekið, að endurskoða verði alla skattstiga til lækkunar og í því sambandi hlýtur einnig að koma til athugunar endurskoðun á mati á fyrningum og öðrum þvílíkum framkvæmdaratriðum, í samræmi við hið nýja fasteignamat.

En þá er ekki óeðlilegt, að spurt sé, eins og gert var við 1. umr. málsins: Af hverju er nauðsyn að gera þessa breytingu nú? Og þá held ég, að svarið sé það fyrst og fremst, að ef menn vilja reyna að leggja fram eitthvert fjármagn til þess að létta undir með þeim, sem verða harðast úti vegna gengisbreytingarinnar, og leitast við t. a. m. að lækka tolla af vörum til að lækka vöruverð í landinu, þá sé ekki óeðlilegt að skattleggja að einhverju leyti fasteignaeigendur, sem þó hafa haldið raungildi eigna sinna, gagnstætt því, sem er um aðra þjóðfélagsþegna, sem eiga eignir sínar í öðrum fjármunum. Og það er raunar efni málsins, hvort menn vilja taka þessar 30 millj. kr. inn sem skatt á fasteignaeigendur til þess að geta lækkað t. a. m. tolla og vöruverð almennt. Með tilvísun til þess, sem ég hef hér sagt, held ég, að frá almennu sjónarmiði sé það sanngjarnt.

Ég vil ekki ljúka máli mínu án þess að víkja að því málsatriði, sem hér hefur verið rætt, að fasteignaskattar eigi að renna til sveitarsjóða, sérstaklega þar sem ég er sammála því. En þá hljótum við að gera greinarmun á fasteignasköttum, sköttum, sem lagðir eru á fasteignir sem slíkar, án tillits til þess, hver er eigandi þeirra og án tillits til efnahags eigenda, og hins vegar á eignarskatti, þar sem fasteignin kemur inn sem hver önnur eign, en eignarskatturinn er lagður á persónur, og það fer eftir efnahag persónunnar, hve mikill skatturinn verður.

Ég býst við því, að í þeim löndum, þar sem lengst er á komið, að sveitarfélög taki tekjur sínar af fasteignum, sé samt sem áður til staðar eignarskattur, sem einnig miðist við fasteignaeign viðkomandi gjaldanda. Ég skal þó ekki fullyrða neitt um þetta, en vildi gjarnan, að fasteignir kæmu hvergi til skatts nema hjá sveitarfélögum, en með tilliti til þess, að fram hefur verið lagt frv. til l. um breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga, þar sem gert er ráð fyrir níföldun fasteigna til eignarútsvars, eins og til eignarskatts, og þar sem gengið er út frá því, að eignarútsvörin skuli vera jafnhá og eignarskatturinn, en eignarskatturinn hefur verið hærri á yfirstandandi ári, þá tel ég þó nokkrum áfanga náð, til þess að sveitarfélög fái meira að þessu leyti í sinn hlut heldur en verið hefur.

Það er vissulega rétt, að endurskoða þarf tekjustofna sveitarfélaga og skiptingu tekjustofna milli sveitarsjóða og ríkissjóðs, því að nú er það svo, að hvorir tveggja eiga hlutdeild í flestum tekjustofnum. Þannig leggja báðir á eignarskatt, þ. e. a. s. sveitarfélögin eignarútsvör, báðir tekjuskatt, þ. e. a. s. sveitarfélögin tekjuútsvör, og báðir eiga aðild að söluskatti, þ. e. a. s. sveitarfélögin fá þaðan tekjur í jöfnunarsjóð sinn. Það væri e. t. v. eðlilegra, að hvor aðili um sig fengi eingöngu aðild að einhverjum þessum tekjustofnum og verkefnum væri síðan skipt niður í samræmi við þá möguleika, sem hvor aðili hefur fyrir sig um tekjuöflun.

Þær brtt., sem boðaðar hafa verið, eru aðallega tvær, hin fyrri um lægra fasteignamat í kaupstöðum og kauptúnum með undir 3000 íbúum og í sveitum, en meiri hl. fjhn. gat ekki

fallizt á þá till. Ef ég skil þessa brtt. rétt, þá mundi afleiðing hennar verða sú, að fasteignamat til eignarskatts á Seltjarnarnesi yrði t. d. allt annað en í Reykjavík og að fasteignamat í Garðahreppi yrði allt annað en í Kópavogi og Hafnarfirði, og sýnast ekki nein rök mæla með því. Hvað seinni hluta till. viðvíkur, þá mun það rétt, að úti á landi, þar sem um bújarðir er að ræða, kann fasteignamatið sums staðar að vera tiltölulega hátt miðað við söluverð. Þó hygg ég, að gildandi lög veiti möguleika til endurskoðunar á því. En menn hljóta að átta sig á því, að fasteignamatið, jafnvel það gamla, þótt gamalt sé, gerir ráð fyrir töluvert hærra mati hér í Reykjavík og á öðrum þéttbýlissvæðum heldur en úti á landi.

Hvað seinni till. viðvíkur, vildi ég aðeins taka það fram, sem ég áður sagði, að hækkun á sköttum vegna venjulegrar íbúðar er ekki svo mikil, að torvelda eigi fólki nú á næsta ári að halda íbúðaeign sinni eða öðru fólki að eignast íbúðir. Og með því að mál þetta verður allt tekið til endurskoðunar með gildistöku nýs fasteignamats og þá endurskoðaðar þær reglur, er gilda um eigin húsaleigu, fyrningar og annað því um líkt, sem áhrif hefur á heildarskattþunga vegna fasteignaeignar, þá hygg ég, að með þessu frv. út af fyrir sig sé ekki langt gengið, en sanngjarnlega byrðum skipt, og þá unnt með samþykkt frv. að veita aðrar ívilnanir gjaldendum almennt. Með tilvísun til þess, herra forseti, legg ég til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Nál. okkar í minni hl. fjhn. hefur ekki verið útbýtt vegna tímaskorts, það hefur ekki unnizt tími til að prenta það, og ég mun þess vegna gera hv. d. grein fyrir því, en að öðru leyti mun ég að mestu vísa til þess, sem ég sagði hér á laugardaginn um þetta frv.

Eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl., varð fjhn. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að samþykkja frv. óbreytt, en við í minni hl. viljum leggja til, að á því verði gerð breyting, áður en það nær samþykki.

Efnisatriðin eru tvö, eins og margoft hefur verið tekið fram. Við erum samþykkir því, að tekjufrádráttur hjá sjómönnum við skattálagningu sé gerður viðtækari en hann er nú, eins og lagt er til í 1. gr. frv. En hins vegar erum við andvígir þeim álögum, sem fjallað er um í frv. að öðru leyti, þ. e. a. s. hækkun á fasteignamati til eignarskattsálagningar. Við erum ósamþykkir því að leggja þær álögur nú á fólk, sem verður til viðbótar að taka á sig miklar byrðar vegna gengisfellingarinnar. Við erum sérstaklega ósamþykkir þessu vegna þess, að fyrir liggur, að ríkissjóður þarf ekki á þessari skattlagningu að halda, vegna þess hvað hann hefur fengið mikið auknar ríkistekjur af gengisfellingunni. Og auk þess er það skoðun okkar í minni hl., eins og ég reyndi að gera grein fyrir hér á laugardaginn, að ef og að svo miklu leyti sem það telst sanngjarnt og þarft að leggja gjöld á fasteignir, þá renni þær tekjur til sveitarfélaganna. Þess vegna leggjum við það til, að 2. gr. frv., sem fjallar um þessa margföldun á fasteignamatinu, verði felld og frv. þá samþ. svo breytt. Ef ekki verður fallizt á þá málsmeðferð, eins og hv. 12. þm. Reykv. boðaði áðan, munum við flytja við 3. umr. þær brtt., sem hann gerði að umtalsefni hér áðan, en ég mun lítillega gera grein fyrir, ef á þarf að halda, þegar þar að kemur.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera að verulegu umtalsefni framsöguræðu hv. 12. þm. Reykv. hér áðan. Í raun og veru erum við nú sammála um mjög margt af því, sem hér hefur verið til umr. í þessu sambandi. Ég tók það fram á laugardaginn og það stendur enn, að ég hef ekki haft tækifæri til þess að reikna út, hverju þessi gjaldhækkun nemur í einstökum tilvikum. Mér skilst, að það sé ekki einfalt dæmi, og ég hef ekki treyst mér til að reikna það og ekki fengið það reiknað, en ég rengi hins vegar ekki þá útreikninga, sem hv. þm. lagði hér fram, en mér er þó kunnugt um, að í undantekningartilfellum getur þessi hækkun orðið verulega meiri heldur en hann gerði hér ráð fyrir, og raunar mátti heyra það á máli hans áðan, að honum var líka kunnugt um slík tilvik.

Hvort sem þetta mál er skoðað lengur eða skemur, verður niðurstaðan sú, að hér er verið að leggja 30 millj. kr. aukaskatt á fasteignir í landinu, sem eigendur þeirra verða að sjálfsögðu að borga, á sama tíma sem ríkissjóður fær hundruð millj. í auknar ríkistekjur, 450 millj. mun vera áætlun stjórnarvaldanna um auknar tekjur, fyrst og fremst af verðtolli og söluskatti. Aðrir draga þá áætlun í efa og gera ráð fyrir enn þá meiri hækkun ríkistekna og ég hygg, að það muni vera nær sanni. Að vísu er enn ekki vitað um magn innflutnings og hér er ein ágizkun kannske ekki endilega annarri réttari. En frá mínu sjónarmiði stendur það óhaggað, sem ég sagði hér á laugardaginn, að í fyrsta lagi þarf ríkissjóður ekki á þeim tekjum að halda og í öðru lagi tel ég réttara, að sveitarsjóðirnir hafi þennan tekjustofn heldur en að ríkið sé í vaxandi mæli að sækja álögur þangað, vegna þess að hvort sem gjaldið er kallað eignarskattur eða fasteignagjald, þá er það þó eigandi fasteignarinnar, sem þarf að greiða það, og það hlýtur að vera takmarkað gjaldþol, sem þarna er fyrir hendi, eins og alls staðar annars staðar.

Ég leyfi mér því, herra forseti, að leggja hér fram skriflega brtt. við frv., á þann veg, sem ég hef nú lýst, þ. e. að 2. gr. frv. falli niður, og leyfi mér að óska þess, að afbrigða megi verða leitað til þess að hún fái að koma fyrir.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Í 1. gr. þessa frv. eru ákvæði um viss hlunnindi sjómönnum til handa í sambandi við frádrátt á skattframtölum þeirra. Með ákvæðum 1. gr. er stefnt að því að gera viðtækari þá heimild, sem að þessu leyti hefur verið í lögum alllengi, og koma þannig í veg fyrir misræmi í þessu efni á milli einstakra hópa innan sjómannastéttarinnar. Um þetta mun ekki vera ágreiningur og er vissulega ástæða til að veita sjómönnum þau hlunnindi, sem gr. kveður á um.

En í þessum frádráttarliðum eru þrjú atriði, sem þar koma til greina, þ. e. fæðisfrádráttur, frádráttur vegna hlífðarfata og í þriðja lagi sérstakur frádráttur, tiltekin upphæð, sem frvgr. kveður á um. Það er nokkuð langt síðan gengið

var til móts við óskir sjómanna í löggjöfinni í þessu efni. Þó hafa þessi hlunnindi verið veitt í áföngum. Það mun hafa verið á þingi 1953, þegar fjallað var um skattalagabreytingu, að samþykkt var að veita sjómönnum frádrátt vegna hlífðarfata og fæðisfrádrátt, og hefur það verið í skattalögunum síðan. En á þingi 1956 var aftur gengið það til móts við óskir sjómanna að ákveða hinn sérstaka frádrátt, sem einnig er rætt um í 1. gr. þessa frv. Og þau lagaákvæði voru staðfest með l. nr. 37/1957.

Þegar þessi lagaákvæði um hinn sérstaka frádrátt voru sett í fyrsta skipti, var miðað við, að þeirra hlunninda gætu notið þeir sjómenn á fiskiskipum, sem hefðu stundað sjómennsku 3 mán. eða lengur á skattárinu. Og þannig hélzt þetta í löggjöfinni í nokkur ár og var framkvæmt þann tíma á þennan hátt. Meðan þetta var framkvæmt á þennan hátt, nutu þessa frádráttar sjómenn, t. d. úr sveitunum og úr þorpum, þar sem atvinna er stopul, en menn leita sér atvinnu tiltekinn tíma, sérstaklega á vetrarvertíð við Suðurland, þar sem útgerðin er venjulega mest frá því um áramót og fram í maí.

En þegar skattalögin voru til heildarendurskoðunar á þinginu 1961 og þau skattalög voru svo staðfest sem l. nr. 70 28. apríl 1962, var þessu ákvæði um hinn tilskilda tíma, sem sjómaður hefði átt að starfa á fiskiskipi, breytt þannig, að þriggja mán. tímabilið var fært í 6 mán. Við þessa breytingu með lögunum 1962 skapaðist það misræmi, að menn, sem róa 3—4 mán. á vetrarvertíð, en gegna síðan öðrum störfum að sumrinu, voru sviptir þessum sérstaka frádrætti, sem þeir höfðu þó notið um nokkurt árabil.

Nú er það svo, að það hefur lengi tíðkazt hér á landi, að menn leituðu sér atvinnu í fjarlægum landshlutum burtu frá heimili sínu, þar sem þörf er fyrir vinnuafl. Þetta er vissulega gott fyrir þá, sem atvinnunnar leita, en það er einnig gott fyrir atvinnureksturinn, sem þarf á vinnuafli að halda, og stundum hefur þörfin í þeim efnum verið svo brýn, að það hefur þurft að sækja sjómenn á fiskiskipaflotann til annarra landa, a. m. k. til Færeyja. Og ég held, að það sé þjóðfélagslega hagkvæmt og sjálfsagt að beina því vinnuafli, sem þannig er laust úr sveitunum og þorpunum víða út um land og leitar sér atvinnu, fremur að sjávarútveginum heldur en að stóriðjuframkvæmdum eða ýmsum öðrum atvinnugreinum. Nú, þegar verið er að endurskoða þessi lög og sérstaklega með það fyrir augum að koma í veg fyrir misræmi milli einstakra hópa sjómannastéttarinnar, þá tel ég tilvalið tækifæri að koma því að, að taka þetta nú til endurskoðunar og færa þetta tímatakmark, sem gert er að skyldu, að menn hafi starfað á fiskiskipi, í það horf, sem þar var í löggjöfinni á tímabilinu 1957—1962.

Ég vil því leyfa mér að bera fram um þetta skriflega brtt. Hún er við 1. gr. og hljóðar þannig:

„Í stað „sex“ í 2. málsgr. komi: þrjá.“

Þó ég veki athygli á þessu nú við 2. umr., er mér það ekkert kappsmál, að atkvgr. um þessa till. fari fram fyrr en við 3. umr., ef fjhn. og hæstv. fjmrh. teldu ástæðu til að taka þetta til athugunar á milli umr. Ég afhendi hæstv. forseta þessa brtt. og vænti þess, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 186 og 188) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af brtt., sem hv. 2. þm. Austf. flutti hér. Þessi undanþága eða sérhlunnindi, sem veitt eru sjómönnum, sem hafa unnið 6 mán. eða lengur á fiskiskipum og nú er einnig lagt til að nái til farmanna almennt, er beinlínis við það bundin, að þetta gildi um þá, sem hafa þetta að föstu starfi, en ekki fyrir íhlaupamenn. Og af þessum sökum tel ég mjög varhugavert að gera breytingu á þessu ákvæði. Varðandi farmennina var m. a. s. í þeirra óskum um þessa breytingu gert ráð fyrir því, að sett yrði að skilyrði, að þeir hefðu unnið 9 mán. Það þótti hins vegar óeðlilegt að vera að gera mun á þessum tveim hópum manna, fiskimönnum og farmönnum, og óeðlilegt að vera að hafa tvær reglur til þess að gera málið ekki flóknara en þörf krefðist, en ég vil sem sagt aðeins láta það koma fram, að ég tel, að grundvallarsjónarmiðið bak við þessa heimild, eins og hún nú er í l., mótist af því, að ætlunin sé að stuðla að því, að menn leggi þetta starf fyrir sig sem fasta atvinnu og að verulegu leyti stundi það allan ársins hring og því teldi ég það mjög varhugavert, ef farið yrði inn á þá breytingu, sem hér er gert ráð fyrir, að þetta geti einnig náð til þeirra, sem sinna allt öðrum störfum meginhluta ársins.

ATKVGR.

Brtt. 188 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 186 felld með 11:9 atkv.
2. gr. samþ. með 11:9 atkv.
3.—5. gr. samþ. með 11:9 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. hér í þessari hv. d. í gær, höfum við nú, minni hl. fjhn. þessarar d., flutt hér tvær brtt. við dagskrármálið.

Ég sé ekki ástæðu til að eyða löngu máli til þess að kynna þessar till., með því að þær hafa áður verið ræddar nokkuð.

Önnur þeirra er við 2. gr., og þar er gert ráð fyrir því, að í kaupstöðum, þar sem íbúatalan er yfir 3000, verði virðing á fasteignum til eignarskatts eins og frv. gerir ráð fyrir, en í öðrum kaupstöðum og kauptúnum, sé aðeins miðað við fasteignamatið sexfaldað. Þá segir í till., að virðing á bújörðum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum fari fram eftir fasteignamatinu margfölduðu með þremur og að ákvæði þessarar gr. skuli aðeins gilda, þangað til nýtt fasteignamat hefur tekið gildi.

Ástæðan fyrir þessum greinarmun, sem við

viljum gera hér á virðingarverðinu, er augljós. Hún er sú, að víða er þannig ástatt, að eignir eru í svo lágu verði á frjálsum markaði, að það nær ekki einu sinni þessari fjárhæð, sem ætlazt er til að leggja til grundvallar við útreikning eignarskattsins. Það teljum við ranglátt.

Síðari mgr. lýtur að því, að lög þessi, sem nú á að setja, gildi aðeins, þangað til nýtt fasteignamat hefur farið fram. Það hefur að vísu verið talað um það hér af hendi hæstv. fjmrh., að vitanlega yrði að endurskoða skattstigann, þegar nýtt fasteignamat kæmi, en hvergi er það þó ákveðið í lögum, en það teljum við að ætti að gera.

Síðari brtt. er við 3. gr. og lýtur að því, að sú fjárhæð, sem undanþegin skuli vera eignarskatti, verði 400 þús. kr. í stað 200 þús. kr., eins og gert er ráð fyrir í frv. Þetta mál hefur áður borið hér á góma, og ég sé ekki ástæðu til að tefja tímann með framsögu um það.

Þar sem þessum till. hefur ekki enn verið útbýtt, verð ég að leggja þessar brtt. fram skriflega, og fer fram á það við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 198) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 188 felld með 10:7 atkv.

— 198,1 felld með 11:8 atkv.

— 198,2 felld með 11:8 atkv.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 203).

12. Bjargráðasjóður Íslands.

Á 12. fundi í Ed., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands [41. mál] (stjfrv., A. 43).

Á 13. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Samkv. starfsskiptingu í ríkisstj. heyrir bjargráðasjóður undir félmrn. Af þeim ástæðum fellur það í minn hlut að mæla fyrir því stjfrv., sem hér er til umr., þótt mestur hluti undirbúningsstarfs að undirbúningi frv. hafi hins vegar farið fram á vegum landbrn., eins og nánar er frá greint í aths. með frv.

Tryggingamál landbúnaðarins hafa lengi verið í deiglunni og hafa bændur af ýmsum orsökum orðið fyrir uppskerubresti og afurðatjóni. Undanfarin ár hefur Bjargráðasjóður Íslands oft hlaupið undir bagga og veitt aðstoð, en reynslan hefur sýnt, að hann er lítils megnugur í þessu efni eins og uppbyggingu hans er nú háttað. Til eru að vísu lög um búfjártryggingar, en þrátt fyrir ýmsar breytingar á þeim og rækilega endurskoðun á árinu 1965, hafa þau ekki náð viðurkenningu bænda. Tryggingar búfjár samkv. þeim eru sáralitlar nema trygging á kynbótagripum.

Á Alþingi 1963 komu fram þrjár þáltill. um tryggingamál landbúnaðarins. Var öllum till. vísað til allshn. N. sameinaði öll þau meginsjónarmið, sem í till. komu fram, og flutti þál. um tryggingar gegn uppskerubresti og afurðatjóni, er samþ. var á Alþ. 5. apríl 1964. Samkv. þessari þál. skipaði landbrh. hinn 15. júlí 1964 4 menn í n. til að endurskoða lög um búfjártryggingar og önnur lög, er málið varða, í því skyni, að komið verði á fót fyrir landbúnaðinn tryggingum gegn uppskerubresti og afurðatjóni með hliðsjón af aflatryggingum sjávarútvegsins. N. þessi samdi síðan frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands, sem að meginstofni er hér flutt. Eins og alkunna er, hafa bændur margsinnis á undanförnum árum orðið fyrir alltilfinnanlegum fóðurskorti á nokkrum stöðum á landinu vegna lélegrar grassprettu og kals. Ljóst var á s. l. vori, að mikil brögð voru að kali og tún spruttu ekki á norðanverðu landinu.

Hinn 8. ágúst skipaði landbrh. n., er gera skyldi till. til úrbóta vegna lélegrar grassprettu og kals á Norðurlandi og víðar. N. þessi skilaði áliti 23. okt. s. l. og var í álitinu lagt til, að bændum á þessu svæði, sem illa urðu úti vegna fóðurskorts, verði veitt aðstoð og komi sú aðstoð úr bjargráðasjóði. Bendir n. á nauðsyn þess, að bjargráðasjóður verði efldur, til þess að hann geti staðið undir áföllum vegna uppskerubrests sem þessa og annarrar óáranar. Segir í nál., að n. hafi rætt þessa hugmynd við forráðamenn bænda á fundum sínum í sumar og henni hafi verið vel tekið í störfum sínum. Einnig hafi n. kynnt sér afstöðu stjórnar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands til þessa máls og segir n. þær samþykkar því, að æskilegt væri, að frv. um eflingu bjargráðasjóðsins nái fram að ganga, sbr. ályktun búnaðarþings árið 1966 og ályktun aðalfundar Stéttarsambands bænda á árinu 1967. Segja nm., að þeim sé einnig kunnugt um, að bjargráðasjóðsstjórn sé hlynnt eflingu bjargráðasjóðs á þann hátt sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Leggur n. til, að frv. það, er samið var af hinni stjórnskipuðu nefnd og áður er frá greint, verði lagt fyrir Alþ. með ákveðnum viðbótarbreytingum, sem ýtarlega eru raktar í nál. og grg. frv. þess, sem hér er nú til umr. Frv. er útbúið í landbrn., svo sem fyrr er frá greint. Það er, eins og áður er rakið, að meginstofni til samhljóða frv., er samið var af hinni stjórnskipuðu nefnd samkv. þál. frá 1. apríl 1964. Á því hafa verið gerðar breytingar í samræmi við till. harðærisnefndar 1967. Samkv. till. búnaðarþings á árinu 1966 var gert ráð fyrir, að formaður Stéttarsambands bænda taki sæti í bjargráðasjóðsstjórn. Aðrar brtt., er búnaðarþing hefur gert við hið upprunalega frv., eru yfirleitt þess efnis, að telja verður eðlilegra, að ákvæði þar um verði sett með reglugerð. Enn fremur hafa verið gerðar á frv. aðrar smávægilegar breytingar. Sérstaklega skal tekið fram, að bjargráðasjóðsstjórn mælir með frv. eins og það er nú lagt fyrir Alþ. Í frv. eru fólgnar eftirfarandi meginbreytingar frá núgildandi l., sem eru nr. 8 frá 1961:

Í fyrsta lagi, að stofnuð verður ný deild við sjóðinn, afurðatjónadeild, samkv. 2. gr. frv. og verður hlutverk þessarar d. að hjálpa bændum, sem verða fyrir tilfinnanlegu uppskerutjóni

vegna grasbrests og óþurrka og afurðatjóni á nautgripum og sauðfé af völdum alvarlegra smitsjúkdóma.

Í öðru lagi, að bætt verður við sérstökum tekjustofnum fyrir afurðatjónadeild landbúnaðarins frá bændum á móti framlagi úr ríkissjóði. Í frv. er gert ráð fyrir 0.25% gjaldi af söluvörum landbúnaðarins, sem gjaldskyldar eru til búnaðarmálasjóðs, og jafnháu framlagi úr ríkissjóði.

Um innheimtu gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjaldið, en framlag ríkissjóðs greiðist ársfjórðungslega.

Í þriðja lagi er í 9. gr. frv. gerð sú breyting á tekjustofnum sameignardeildar, að hún fær auk *ríkisframlagsins á móti sveitarfélögum aðeins* 25% af framlagi sveitarfélaga í stað 50% áður, en 25% af framlagi sveitarfélaganna rennur til hinnar nýju afurðatjónadeildar, enda léttir hún á útgjöldum sameignardeildarinnar. Í afurðatjónadeildina rennur auk þess allt framlag bænda og framlag ríkissjóðs þar á móti.

Gert er ráð fyrir því í 16. gr. frv., að settar verði með reglugerð nánari reglur varðandi rekstur sjóðsins og ákvæði um lán og bætur úr honum. Þykir rétt, að bændasamtökin hafi tillögurétt um þau ákvæði reglugerðarinnar, er varða afurðatjónadeild eina.

Sérstaklega skal tekið fram, að umrætt 0.25% gjald af söluvörum landbúnaðarins, sem renna skal til afurðatjónadeildarinnar, er ekki hugsað sem nýtt gjald á búvörum, heldur er fyrirhugað að lækka núverandi gjald til bændahallarinnar sem þessu nýja gjaldi nemur.

Nái frv. þetta fram að ganga, má ætla, að árlegar viðbótargreiðslur afurðatjónadeildar landbúnaðarins, sbr. 2. gr. frv., verði um 9 millj. kr. Verði frv. að l. á Alþ. því, er nú situr, leggst gjaldið til bjargráðasjóðs samkv. c-lið 4. gr. frv. fyrst á vöru framleidda árið 1968 og innheimtist því lítið af búvörugjaldinu fyrr en árið 1969, þótt ríkisframlagið samkv. d-lið sömu gr. verði lagt fram fyrr.

Eins og áður er sagt, hafa bændur tíðum orðið illa úti vegna uppskerubrests eða annarrar óáranar. Þótt ríkissjóður hlaupi undir bagga, verður það tjón, er bændur verða að bera sjálfir, alltaf tilfinnanlegt. Það er því aðeins rökrétt, að farin sé sú leið, að safnað sé í sjóð til mögru áranna, þ. e. að bændur leggi allir af mörkum í sjóð, sem hægt sé svo að grípa til, þegar harðæri skellur á. Slíkum sjóði hefur sjávarútvegurinn þegar komið upp, þar sem aflatryggingasjóður sjávarútvegsins er.

Eins og áður segir, er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram jafnmikið fé í sjóðinn og framlagi bænda nemur. Hér er ekki um að ræða tryggingastarfsemi í venjulegri merkingu, heldur að aðstoð verði veitt, ef bændur verða illa úti í heilum héruðum vegna uppskerubrests eða búfjársjúkdóma. Rétt er að benda á, að sjóðir af því tagi, sem bjargráðasjóður hefur verið og verður áfram, eru mjög hagstæðir þjóðhagslega, því að slíkir sjóðir draga úr þenslu á þenslutímum og kreppu á krepputímum. Sú gamla góða og gilda regla „að spara til mögru áranna“ er enn þá í fullu gildi.

Herra forseti. Ég geri það að till. minni, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Ed., 13. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 43, n. 108, 134).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa ýkja mörg orð um þetta frv. til l. um bjargráðasjóð, sem hér liggur fyrir til 2. umr. Frv. var vísað til heilbr.- og félmn. og hefur hlotið þar þá afgreiðslu, sem greint er frá á þskj. 108. Heilbr.- og félmn. hefur rætt frv. á tveimur fundum og einstakir nm. kynnt sér það og borið það saman við eldri lög um Bjargráðasjóð Íslands. Einnig hefur frv. verið sent Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda til umsagnar og lágu þær umsagnir fyrir n., þegar málið kom til afgreiðslu þar að síðustu.

Eins og tekið var fram af hæstv. félmrh., þegar hann lagði þetta frv. fram hér í hv. Ed., er *höfuðbreytingin frá eldri l. í því fólgin*, að nú er sett á stofn og gerð virk sérstök deild, svokölluð afurðatjónadeild, til hjálpar bændum, sem verða fyrir tilfinnanlegu uppskerutjóni vegna grasbrests og óþurrka og afurðatjóni á nautgripum og sauðfé af völdum alvarlegra smitsjúkdóma.

Í aths. og skýringum með frv. er að vísu tilgreint, að 4. gr. geri ráð fyrir því, að tekjur bjargráðasjóðs verði tvöfaldaðar, en þetta stenzt ekki. Þetta hefur aðeins fallið niður að afmá úr skýringatextanum, þegar frv. var prentað að nýju, því að þessi tekjuöflun hefur verið framkvæmd áður, eins og sést þegar lög um bjargráðasjóð eru athuguð. En ég vil aðeins gera stuttlega *grein fyrir þeim umsögnum, sem borizt* höfðu til heilbr.- og félmn. frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda um þetta efni.

Stéttarsamband bænda mælir með samþykkt frv. og telur afurðatjóns- og uppskerutryggingu landbúnaðinum mjög nauðsynlega. Hins vegar tekur stjórn stéttarsambandsins það fram, að hún hefði talið eðlilegt, að til greina hefðu verið teknar till., sem búnaðarþing 1966 gerði um breytingar á þessu frv., en getur þess þó í niðurlagi bréfsins, að sennilega færu þau ákvæði, sem þar eru tekin fram og eru nánast sagt skýringarákvæði og með skarpari ákvæðum heldur en l. gera ráð fyrir, betur í reglugerð, eins og segir hér í niðurlagi umsagnar stéttarsambandsins:

„Búnaðarþing 1966 gerði till. til breytinga á frv. í þessa átt, þ. e. þá átt að taka frekar til um tjónabætur. Vera má, að betur henti að hafa þær reglur í reglugerð, en þær verða þó að eiga sér stuðning í l. sjálfum.“

Búnaðarfélag Íslands kemst mjög að sömu skoðun. Það bendir á þær breytingar, sem búnaðarþing 1966 lagði til, að gerðar yrðu á frv. Segir raunar, að vissar lagagr. nú í þessu frv. séu eðlilegri og til bóta frá fyrra frv., og er þar sérstaklega um að ræða 4. gr. og 8. gr., sem tek-

ur til tekjuöflunar fyrir afurðatjónadeildina. Hins vegar er stigið á það nokkuð fast í bréfi Búnaðarfélagsins, að 12. gr. mundi vera heppilegar orðuð á þann hátt, sem búnaðarþing 1966 lagði til, og sama máli er að gegna um 15. og 16. gr. Við höfum að sjálfsögðu kynnt okkur þetta og ég verð að telja það mína skoðun, að mér sýnist, að það sé miklu eðlilegra að skipa þessum málum með reglugerðarákvæðum heldur en fara að þeim breytingum, sem búnaðarþing gerir ráð fyrir með sínum till., og ég hygg, að þeir, sem þessarar afurðatjónadeildar eiga að njóta, þurfi ekki að óttast, að þeirra hagur verði fyrir borð borinn, þó að þessi háttur yrði á hafður, því að í 16. gr. frv. þess, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að „í reglugerð, er bjargráðastjórn semur og staðfest er af ráðh., skal setja nánari reglur um rekstur sjóðsins og ákvæði um lán og bætur úr honum, þ. á m. ákvæði um greiðslu dráttarvaxta, ef vanskil verða. Skal leita tillagna Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um þau atriði, er varða afurðatjónadeild landbúnaðarins."

Þetta hygg ég, að sé nægilega skýrt orðað til þess, að það sé talið sjálfsagt af löggjafanum að hafa bæði Búnaðarfélag Íslands og stéttarsambandið með í ráðum, þegar þessi reglugerð verður sett.

Ég mun því, herra forseti, leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil strax taka það fram, að hér er um þýðingarmikið mál að ræða, eins og ég veit, að ykkur hv. þm. er vel kunnugt um, þar sem verið er að efla Bjargráðasjóð Íslands til meiri starfa heldur en hann hefur verið vaxinn til þessa. Enda þótt við hv. 4. þm. Sunnl. og ég flytjum hér nokkrar brtt., er það ekki af því, að við séum á neinn hátt ósamþykkir þessu frv. eins og það liggur fyrir, heldur hitt, að við teljum, að einstakar greinar þess geti farið betur. Það kom fram í ræðu hv. 5. þm. Sunnl., sem var frsm. n., að það hefur verið leitað umsagnar Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um þetta mál og báðir þessir aðilar mæla með frv. En Búnaðarfélag Íslands hefur óskað eftir, að nokkrar brtt., sem samþykktar voru á búnaðarþingi, yrðu teknar inn í þessi lög, sem hér er verið að fjalla um. Og þessar brtt. eru á þskj. 134.

1. brtt. er við 12. gr. frv., en í 12. gr. segir, að heimilt sé að veita lán úr afurðatjónadeildinni. En aðalatriðið í okkar brtt. við 12. gr. er það, að skylt sé að veita lán eða greiða bætur úr afurðatjónadeild og á þessu er nokkur munur, hvort það er aðeins heimilt eða það er skylda. Og við byggjum till. okkar á því, að þar sem bændum er ætlað að greiða meira en helming af tekjum afurðatjónadeildar, eigi þeir tvímælalaust rétt á að fá lán hjá deildinni, þegar þeir framvísa fullnægjandi gögnum þar að lútandi. Ég vil minna á það, að í l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins — en samkv. þeim l. greiða bændur ⅔ hluta af því fjármagni, sem stofnlánadeildin eignast árlega, — er hliðstætt ákvæði orðað þannig: „Stofnlánadeildin veitir lán." Hún er m. ö. o. skyldug að veita lán. Hér finnst mér, að standi líkt á og því vona ég, að hv. þm. finnist samræmi þarna á milli og samþykki brtt. okkar um, að það sé skylda að lána, þegar bændur leggja svo mikið af mörkum til afurðatjónadeildarinnar, að það verður meira en helmingur af árstekjum deildarinnar hverju sinni.

Undirliðir 12. gr. í brtt. okkar kveða nánar á um það, hvenær skuli veita framlög eða lán úr afurðatjónadeildinni. Þarna er t. d. á það minnzt, að tjónþoli beri sjálfur 20% af þeim skaða, er hann verður fyrir í uppskerubresti, 8% af afurðatjóni búfjár og 12%, ef um dauða á búpeningi er að ræða. Það má að sjálfsögðu um það deila, hvort þetta skuli standa í l. eða hvort það skuli tekið fram í reglugerð, en ég tel þó öruggara, að það standi í l. heldur en hætta á, hvort það verður sett í reglugerð eða ekki, því að um það hefur Alþingi enga möguleika á að segja sitt álit.

2. brtt. okkar er við 15. gr. frv., þar sem rætt er um það, ef sameignardeild og afurðatjónadeild skortir fjármagn, þegar mikil vandræði steðja að. Þá er svo ráð fyrir gert, að ríkissjóður ábyrgist lán eða láni bjargráðasjóði, en þó er svo til ætlazt, að því er varðar afurðatjónadeildina, að hún taki ekki hærri lán en sem nemur árstekjum hennar, og þurfi hún meira fjármagn, beri ríkissjóði að leggja það til, sem á vantar. Þetta er í brtt. okkar og er miklu nánari skilgreining á 15. gr. heldur en í frv., eins og það liggur núna fyrir og því æskilegt, að þetta ákvæði kæmist inn í l.

Við 16. gr. leggjum við til, að það verði tekið fram í reglugerð, að bjargráðasjóðsstjórn hafi trúnaðarmenn í öllum sýslum landsins á svipaðan hátt og tryggingafélög hafa sína umboðsmenn víðs vegar um landið til þess að meta tjón, þegar þess er þörf og annast ýmis störf heima í héruðum, sem sjóðsstjórnin hefur að sjálfsögðu ekki aðstæður hverju sinni til að vega og meta nema hafa einhverja kunnuga til þeirra hluta.

Herra forseti. Ég hef hér með gert grein fyrir brtt. okkar hv. 4. þm. Sunnl., og ég vænti þess, að þær nái samþykki hv. alþm., vegna þess að ég tel, að þetta frv., enda þótt ég sé því samþykkur, eins og það liggur fyrir, sé fullkomnara og tryggi bændum betur rétt sinn, ef okkar brtt. ná fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 134,1 felld með 10:9 atkv.
12.—14. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 134,2 felld með 10:9 atkv.
15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 134,3 felld með 10:9 atkv.
16.—17. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 41. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og hlaut þar einróma samþykki. En meginefni þess er að breyta núgildandi lögum um Bjargráðasjóð Íslands eftir till., sem fram koma í grg. frv. frá svonefndri kalnefnd, sem hæstv. landbrh. skipaði hinn 8. ágúst s. l. Niðurstöður n. eru raktar mjög greinilega í grg. frv., eins og það var upphaflega flutt. En þar segir svo:

„Nefndin leyfir sér að benda á, að nauðsynlegt sé að efla Bjargráðasjóð Íslands, til þess að hann geti staðið undir áföllum vegna uppskerubrests og annarrar óáranar. Ræddi n. þá hugmynd við forráðamenn bænda á fundum sínum í sumar og var henni vel tekið. Fyrir liggur frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands, samið af stjórnskipaðri n. samkv. þál. frá 1. apríl 1964. Frv. það var lagt fyrir búnaðarþing árið 1966, að tilhlutan landbrn. Búnaðarþing mælti með samþykkt frv. með nokkrum breytingum. Var frumvarpið ásamt brtt., með bréfi dags. 24. marz 1966, sent landbrn., félmrn. og Bjargráðasjóði Íslands. N. leggur til, að frv. þetta verði lagt fyrir Alþingi til samþykktar með þeim breytingum, sem búnaðarþing gerði við það, þó með eftirgreindum viðbótarbreytingum," eins og þar greinir.

Og meginefni þessa frv. er að verða við þessum tilmælum nefndarinnar.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn., en vil leggja áherzlu á það, að vegna framkvæmda á þeim nýju ákvæðum, sem frv. gerir ráð fyrir, væri mjög æskilegt, ef því yrði við komið, að frv. hlyti endanlega afgreiðslu fyrir þinghlé Alþingis.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 43, n. 181).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er komið frá hv. Ed., hlaut þar athugun heilbr.- og félmn. þeirrar d. og skilaði n. sameiginlegu áliti, en einstaka nm. áskildu sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Einnig fór svo í heilbr.- og félmn. þessarar hv. d., að n. hefur skilað sameiginlegu áliti og hafa einstaka nm. þar einnig áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Frv. gerir ráð fyrir þeirri breytingu aðallega á gildandi lögum um bjargráðasjóð, að sett verði á stofn hjá sjóðnum ný deild, svo kölluð afurðatjónadeild, sbr. 2. gr. frv. Hlutverk þessarar deildar er að aðstoða bændur, sem verða fyrir tilfinnanlegu uppskerutjóni vegna grasbrests og óþurrka og afurðatjóni á nautgripum og sauðfé af völdum alvarlegra smitsjúkdóma. Er gert ráð fyrir, að til þessarar deildar renni 0.25% gjald af söluvörum landbúnaðarins samkv. 2. gr. l. nr. 38 frá 1945, og komi einnig jafnhátt framlag úr ríkissjóði þar á móti. Heilbr.- og félmn. hv. Ed. sendi frv. tveim aðilum til umsagnar, Stéttarsambandi bænda og Búnaðarfélagi Íslands, og bárust n. svör og umsögn frá báðum þessum aðilum og mæla þeir út af fyrir sig báðir með samþykkt frv., en benda þó á, að þeir hefðu talið betra að hafa ýmis ákvæði varðandi afurðatjónadeildina beint í l., en ekki í reglugerð eins og frv. gerir ráð fyrir. Umsögn Stéttarsambands bænda að þessu leyti hljóðar þannig:

„Stjórnin mælir með samþykkt frv. og telur afurðatjóns- og uppskerutryggingu landbúnaðarins mjög nauðsynlega."

Og niðurstaðan í bréfi Búnaðarfélags Íslands er þessi:

„Að lokum skal fram tekið, að Búnaðarfélag Íslands mælir eindregið með samþykkt frv. um bjargráðasjóð, þótt það telji æskilegt, að felldar verði inn í það þær brtt. búnaðarþings, sem getið er hér að framan og taldar eru til bóta."

Ég tel, að það komi greinilega fram, að báðir þessir aðilar telja frv. til bóta og mæla með því, þó að það komi hins vegar einnig fram í þeirra áliti, að þeir hefðu frekar óskað þess, að ýmis ákvæði varðandi afurðatjónadeildina hefðu verið beint í l., en ekki í reglugerð, en virðast þó sætta sig við það, a. m. k. Stéttarsamband bænda, því að það segir um þetta:

„Búnaðarþing 1966 gerði till. til breytinga á frv. í þessa átt. Vera má, að betur henti að hafa reglur í reglugerð, en þær verða þó að eiga sér stuðning í lögunum sjálfum."

Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta lengri framsögu, en heilbr.- og félmn. hefur í sameinuðu áliti lagt til, að frv. yrði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 204).

---

13. Almannatryggingar (stjfrv.).

Á 7. fundi í Ed., 24. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar [23. mál] (stjfrv., A. 23).

Á 8. fundi í Ed., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla, sem félmrn. hefur hingað til annazt, verði lögð niður. Þó verða fávitar, sem dveljast á hælum og dagvistarheimilum fyrir vangefna, áfram á ríkisframfærslu, sbr. l. nr. 53 frá 22. apríl 1967 um fávitastofnanir.

Frv. gerir þó að sjálfsögðu ráð fyrir því, að þeir, sem verið hafa á ríkisframfærslu, njóti framvegis ekki minni aðstoðar af hálfu hins opinbera en þeir hafa gert til þessa. Hér er nánast um hagræðingaratriði að ræða.

Með frv. þessu er enn lagt til, að hlutverk það, sem ríkisframfærslan hefur nú, verði fengið í hendur héraðssamlögum, sjúkrasamlögum og sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, og aðstoð við sjúka og örkumla, hverrar tegundar, sem sjúkdómurinn er, verði veitt á vegum eins og sama kerfis.

Með frv. þessu er sem sagt lagt til, að sjúkratryggingarnar annist alla aðstoð, sem veitt er af þjóðfélagsins hálfu í bótaformi vegna sjúkra manna. Kostnaður við sjúkrahúss- og hælisvist er nú tryggður af þrem aðilum.

1) Sé um að ræða ellikröm eða alvarlega, langvinna sjúkdóma, tryggir ríkisframfærslan kostnaðinn, þó að undanskilinni sjúkrahúsvist fyrstu 5 vikurnar, sem kostaðar eru aðallega af sjúkrasamlögum, en að litlum hluta af héraðssamlögum, þar sem þau eru, eða að jafnaði síðustu 5 dagana af þessum 5 vikum.

2) Vegna annarra sjúkdóma en þeirra, sem nú var getið, tryggja sjúkrasamlög kaupstaðanna kostnaðinn, og sjúkrasamlög, sem eru í héraðssamlögum, greiða þennan kostnað einnig, en þó aðeins í 30 daga vegna hvers samlagsmanns á hverjum 12 mánuðum.

3) Héraðssamlög tryggja kostnað vegna sjúkrahúsvistar, sem varir lengur en 30 daga fyrir hvern samlagsmann á hverjum 12 mánuðum, þó að sjálfsögðu ekki kostnað, sem ríkisframfærslan tryggir skv. því, sem áður er sagt.

Breyting sú, sem frv. gerir ráð fyrir, er því í stuttu máli sú,

að sjúkrasamlög og héraðssamlög, þar sem þau eru, tryggja samlagsmönnum sjúkrahúsvist, sem hefur varað allt að 12 mánuðum undanfarin 2 ár,

að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaganna vist á sjúkrahúsum, þegar skyldutryggingu sjúkrasamlaga og héraðssamlaga lýkur hverju sinni, svo og vist á hælum og stofnunum, öðrum en sjúkrahúsum, sem nauðsynleg er talin vegna ellikramar eða langvinns sjúkdóms.

Af þessu leiðir, að sjúkrasamlög, sem eru í héraðssamlögum, tryggja ekki sjúkrahúsvistir, heldur verða þær tryggðar hjá héraðssamlögunum og sjúkratryggingadeild samkvæmt framansögðu. Í öðru lagi verður sú breyting á sjúkratryggingadeild stofnunarinnar, að hún hefur til þessa aðeins haft umsjón og yfirstjórn sjúkratrygginganna, en tekst nú á hendur tryggingu vistar á stofnunum, sem sjúkrasamlögin taka ekki til, svo sem áður var lýst.

Með ákvæðum frv. um hluttöku ríkissjóðs, sveitarfélaganna og hinna tryggðu í byrðum vegna sjúkratrygginganna er að því stefnt, að þær haggist sem minnst frá því, sem verið hefur, svo sem nánari grein er gerð fyrir í aths. frv. við þær gr. í frv., sem um þetta efni fjalla.

Á sínum tíma var ríkisframfærslan sett á fót til þess fyrst og fremst að vinna bug á berklaveiki. Síðan var verksviðið stækkað, vegna þess að sjúkratryggingar voru annaðhvort engar eða alveg ófullnægjandi. Í 3. kafla l. nr. 26 frá 1936, um alþýðutryggingar, var gert ráð fyrir sjúkratryggingum. Þá var lögákveðið, að sjúkrasamlag skyldi vera í hverjum kaupstað. Í hreppunum átti að stofna sjúkrasamlög, ef meiri hluti þeirra, sem kosningarrétt höfðu í málefnum hreppanna, óskaði þess.

Það er fyrst með l. nr. 122 frá 28. des. 1950, að sjúkrasamlög voru lögboðin um land allt. Skv. þeim lögum skyldu allir samlagsmenn njóta réttinda frá 1. okt. 1951, enda þótt samlagsstofnun hafi eigi verið ákveðin með atkvgr., þegar lögin öðluðust gildi. Má því segja, að sett hafi þá verið á fót sjúkratryggingakerfi, sem tók til landsins alls. Við þessa breytingu varð þó engin önnur breyting á ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla en sú, að kostnaður vegna sjúkrahúsvistar fyrstu 5 vikurnar, sem sjúkrasamlögin tryggðu, var ekki greiddur af ríkisframfærslunni.

Þegar þess er gætt, að þjóðfélagsleg aðstoð var lögfest almennt til þeirra sjúklinga, sem lágu á sjúkrahúsum, annaðhvort af sjúkrasamlögum eða ríkisframfærslu, má það sýnast undarlegt að skipta sjúkrahúskostnaði á milli tveggja stofnana, annars vegar sjúkratrygginganna á vegum almannatrygginga og hins vegar ríkisframfærslu sem sérstakri deild í rn. Með hliðsjón af þróun læknisfræðinnar undanfarna áratugi, verður sú tilhögun að skipta sjúklingum á milli tveggja kerfa, eftir tegundum sjúkdóma, einnig að teljast úrelt orðin. Smæð flestra sjúkrasamlaganna í landinu hefur hindrað það, að hér kæmist á fót heilsteypt kerfi sjúkratrygginga. Með því að fela héraðssamlögunum og sjúkrasamlögum kaupstaða tryggingu sjúkrahúsvistar allt að 12 mánuðum á 2 árum, eins og lagt er til í frv., er þessari hindrun að verulegu leyti rutt úr vegi. Með þessum hætti er dreifing áhættunnar vegna sjúkrahúsvistar aukin svo, að ætla verður nægjanlegt í flestum tilvikum. Þó þykir ekki varlegt að láta hér við sitja, þar eð nokkur héraðssamlög og sum sjúkrasamlög kaupstaða eru svo fámenn, að byrðar vegna þeirrar sjúkrahúsvistar, sem frv. gerir ráð fyrir, að þau beri, geta auðveldlega reynzt þeim um megn. Í frv. er því gert ráð fyrir, að sjúkratryggingadeild veiti aðstoð þeim sjúkrasamlögum og héraðssamlögum, sem verða fyrir óeðlilega miklum sjúkrakostnaði.

Lagt er til, að frv. þetta, ef að lögum verður, öðlist gildi nú um næstu áramót eða frá 1. jan. 1968.

Það liggur í augum uppi, að breyting sú, sem frv. hefur í för með sér, krefst nokkurs undirbúnings hjá Tryggingastofnun ríkisins, og ég legg þess vegna áherzlu á, að frv. fái svo fljóta afgreiðslu hér á Alþingi, sem kostur er á.

Ég tel ekki þörf á því, herra forseti, að fjalla um einstakar greinar frv. eða skýra þær nánar en gert er í aths., sem frv. fylgja, enda eru þær flestar mjög faglegs eðlis, en legg á það áherzlu, að n., sem málið fær til meðferðar, hraði svo

störfum sínum sem kostur er, með hliðsjón af því, sem ég hef nú þegar greint.

Að lokum vildi ég, herra forseti, gera það að till. minni, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 67).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Með frv. því, sem hér er til umr., er fyrirhugað að gera breytingar á l. um almannatryggingar og fella úr gildi lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Höfuðbreytingarnar, sem í frv. felast, eru: Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla, sem verið hefur deild í félmrn., verður lögð niður, en hlutverk hennar fengið í hendur Tryggingastofnun ríkisins, héraðssamlögum og sjúkrasamlögum kaupstaðanna. Breytingin tekur þó ekki til fávitastofnana. Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, sem fram til þessa hefur einvörðungu haft með höndum umsjón og yfirstjórn sjúkratrygginga, á samkv. ákvæðum frv. að reka sjálfstæða tryggingastarfsemi, því að deildin á að tryggja greiðslu sjúkrahúskostnaðar vegna sjúklinga, sem hafa legið lengur en 12 mánuði á undangengnum tveimur árum, svo og greiðslu kostnaðar við vistun sjúklinga með ellikröm og langvinna sjúkdóma á stofnunum öðrum en sjúkrahúsum. Verksvið héraðssamlaganna er aukið og er þeim ætlað að greiða allan kostnað vegna sjúkrahúsvistar, sem eigi fer fram yfir 12 mánuði á tveimur árum. Þetta kann að vera spor í áttina að því, að héraðssamlögin taki algerlega að sér hlutverk sjúkrasamlaganna í hreppunum.

Þetta frv. felur fyrst og fremst í sér skipulagsbreytingu, sem gerir mál þessi einfaldari í sniðum og er tvímælalaust til bóta. Réttur hinna tryggðu er hinn sami og áður, útgjaldabyrðunum er skipt niður á mjög svipaðan hátt og áður milli ríkisins, sveitarfélaganna og hinna tryggðu.

Þessu frv. var vísað til heilbr.- og félmn. N. kvaddi á sinn fund Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóra, sem er formaður n. þeirrar, sem samdi þetta frv., svo og Guðjón Hansen tryggingafræðing, sem vann að undirbúningi frv. Þessir menn skýrðu málið fyrir nm. og svöruðu ýmsum fsp. frá þeim varðandi ákvæði frv. N. sendi þetta frv. Sambandi ísl. sveitarfélaga til umsagnar og fékk þaðan svofellda umsögn, sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi forseta:

„Með bréfi dags. 2. þ. m. sendi hv. þn. til umsagnar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frv. til l. um breyt. á l. nr. 40/1963 um almannatryggingar. Þar sem upplýst þykir, að meginbreytingar þær, sem frv. felur í sér, hafi ekki í för með sér nein aukin útgjöld fyrir sveitarfélögin og þær skipulagsbreytingar á sjúkratryggingunum, sem frv. gerir ráð fyrir, virðast eðlilegar og sjálfsagðar, mælir stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga með samþykkt frv. Þetta tilkynnist hv. þn. hér með."

Þetta var umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Heilbr.- og félmn. varð sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt, eins og fram kemur í nál. á þskj. 67.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 24., 27., 28., 29. og 30. fundi í Ed., 28. nóv., 30. nóv., 4., 5. og 7. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Ed., 12. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 23, 115).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. d. hefur tekið þetta frv. til athugunar á milli 2. og 3. umr. samkv. eindregnum tilmælum frá heilbrmrn. og félmrn. og árangur þeirrar athugunar eru þær brtt., sem liggja hér fyrir á þskj. 115. Þessar brtt. snerta lítið aðalefni þessa frv., eins og það var hér í upphaflegum búningi, heldur má segja, að frekar sé verið að nota tækifærið, þar sem hér liggur fyrir frv. til l. um breytingar á almannatryggingal., til að koma hér að öðrum nauðsynlegum breytingum heldur en þeim, sem þetta frv. átti upphaflega að taka til. Þessum brtt. á þskj. 115 má í rauninni skipta algerlega í tvennt. Það eru annars vegar liðir 1, 2 og 3 aftur að síðustu mgr., sem hefst á „sú leiðrétting". Þessar brtt., 1. liður, 2. liður og fyrri hluti 3. liðar heyra alveg saman, en síðasta mgr. 3. liðar er hins vegar sérstaks eðlis, og ég ætla þá fyrst að rekja hér lítillega efni þessarar fyrri brtt.

Þessi till. er samin af þriggja manna n., sem var þannig skipuð, að einn var tilnefndur af heilbrmrn., einn af Reykjavíkurborg og sá þriðji af Landssambandi sjúkrahúsa. Eins og sést á þskj. 115, er aðalefni þessarar brtt., að frá og með 1. jan. 1969 skuli daggjöld opinberra sjúkrahúsa, hæla og annarra stofnana greidd samkv. ákvörðun 5 manna n., sem sé skipuð þannig, að fjmrh. skipar einn, Tryggingastofnun ríkisins einn, Landssamband sjúkrahúsa einn, Samband ísl. sveitarfélaga einn og heilbrmrh. skipar einn, sem jafnframt er formaður n. N. þessi skal ákveða daggjöld og gjaldskrár á þann hátt, að heildartekjur stofnananna miðist við að standa straum af öllum eðlilegum rekstrarkostnaði, enda séu gjöldin í samræmi við hagkvæman rekstur og þá þjónustu, sem stofnunin veitir. Heilbrmrh. setji reglugerð, þar sem kveðið sé nánar á um starfssvið n. og framkvæmd. Fram til þessa hefur þessum málum verið þannig háttað, að Tryggingastofnun ríkisins hefur samið við sjúkrahúsin um daggjöldin og ef samningar hafa ekki tekizt, hefur heilbrmrn. úrskurðað daggjöldin. Í reynd hefur þetta orðið þannig, að daggjöldin hafa orðið of lág til þess að standa undir eðlilegum kostnaði við rekstur sjúkrahúsanna og þeir aðilar, sem sjúkrahúsin reka, bæði ríki og sveitarfélög, hafa þurft að greiða allmikinn halla árlega. Væntan-

lega mundi leiða af þessari breytingu, að daggjöldin yrðu miðuð við raunverulegan rekstrarkostnað og þá fylgdi það í kjölfar þessarar breytingar, að allur rekstrarkostnaður þessara sjúkrahúsa, ef svo má að orði komast, kæmi undir tryggingakerfið, en ekki þannig, að einhver hluti af honum sé undir því og svo sé hallinn greiddur þar að auki af ríki og sveitarfélögum.

Í 2. lið þessarar brtt. er lagt til í samræmi við þetta, að framlög ríkisins og sveitarfélaganna til sjúkratrygginganna hækki úr 170% hjá ríkinu í 250% og hjá sveitarfélögum úr 65% í 85%, en á móti þessu kæmi að sjálfsögðu, að hallarekstur inn félli væntanlega að mestu leyti niður.

Þá er hér ákvæði til bráðabirgða. Á árinu 1968 skal framlag ríkissjóðs samkv. 1. mgr. 55. gr. vera 170% greiddra sjúkrasamlagsiðgjalda samlagsmanna og framlag sveitarsjóðs samkv. 3. mgr. skal vera 65%. Þetta leiðir af því, sem er rétt að undirstrika hér, að þetta nýja kerfi á ekki að taka gildi nú um áramótin, heldur, eins og segir í upphafi brtt., á það að ganga í gildi 1. jan. 1969 eða eftir rúmt ár. Og það skal líka tekið fram, að það kann að þurfa að endurskoða fleiri ákvæði tryggingalaganna í sambandi við þessa breytingu og gefst þá þarna tími og svigrúm til þess. Hins vegar töldu þeir aðilar, sem þessa brtt. höfðu samið og sérstaklega var falið að rannsaka þetta mál, að það væri brýn nauðsyn, að þetta kæmi hér sem nokkurs konar stefnuskráratriði inn í lögin nú þegar.

Þá skal ég snúa mér að lokaákvæðinu í þessum brtt., sem er nú flutt eftir ósk félmrn., en það er síðasta mgr. í 3. lið brtt. Þar segir, að sú leiðrétting, sem ákveðin er í 4. mgr. 24. gr. l. á framlögum hinna tryggðu og atvinnurekenda skuli falla niður og halli, sem af þessu leiðir, skal tekinn úr varasjóði lífeyristrygginganna fyrir 31. des. 1967. Hér er um að ræða sams konar ákvæði og var í frv. því um efnahagsaðgerðir, sem borið var fram í Nd. í upphafi þings í haust. Það var 28. gr. þess frv., en það frv. er nú eiginlega úr sögunni vegna gengisbreytingarinnar, en hins vegar nauðsynlegt að lögfesta þetta atriði. En þessi brtt. eða þetta ákvæði efnahagsmálafrv., sem hér er nauðsynlegt að leiðrétta eða koma hér inn í þetta frv., þannig að það verði lögfest fyrir áramótin, grundvallast á því, að á yfirstandandi ári var halli á tryggingunum. Tryggingastofnun ríkisins fékk ekki að hækka iðgjöld sín hvorki frá atvinnurekendum né einstaklingum vegna verðstöðvunarinnar og þannig varð halli á tryggingunum. Eftir að verðstöðvun er nú að þessu leyti úr sögunni a. m. k., og ef lögum væri ekki breytt, mætti Tryggingastofnunin samkv. almennri heimild í tryggingal. jafna þennan halla eða bæta sér hann upp með því að hækka gjöldin fyrir næsta ár. En það er ekki meiningin, að það sé heimilað, heldur skuli hann tekinn úr varasjóði trygginganna, þessi halli, og þess vegna er þessi brtt., sem upphaflega kom fram í efnahagsfrv., tekin hér upp.

Heilbr.- og félmn. hélt fundi um þessi mál, eftir að 2. umr. var lokið. Á fundina kom m. a. ráðuneytisstjórinn í félmrn., Hjálmar Vilhjálmsson, og skýrði þetta mál fyrir nm. og urðu nm. allir sammála um að mæla með því, að þessar brtt. næðu fram að ganga og n. samþykkti að flytja þessar brtt., eins og sést á þskj. 115, en rétt er að geta þess, að á þessum fundi voru tveir nm. fjarverandi, þeir hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 4. þm. Norðurl. e.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Brtt. á þskj. 115 er í þremur töluliðum og er þar um þrjú efnisatriði að ræða, eins og frsm. hv. heilbr.- og félmn. var að gera grein fyrir. Fyrsta efnisatriði till. er það, að eftirleiðis eiga daggjöld opinberra sjúkrahúsa og hæla og annarra stofnana í heilbrigðismálum, sem 49. gr. almannatryggingalaganna tekur til, að vera ákveðin af 5 manna n. En eins og þetta er nú í l. og ákvæði frv. fjallar um, er fyrst leitað samninga um hæð daggjaldanna, en ef samningar nást ekki, eru þau ákveðin af heilbrmrn. Út af fyrir sig sé ég ekki mjög mikinn efnismun á þeirri skipan, sem verið hefur að þessu leyti, og því, sem ráðgert er í brtt., þar sem heilbrmrn. fær að skipa oddamann n. og verði atkv. jöfn í n., ræður atkv. formanns, þ. e. a. s. þess manns, sem heilbrmrn. skipar í n. En í 2. tölul. till. eru ákvæði, sem fela í sér allmikla breytingu á gjöldum til Tryggingastofnunarinnar, annars vegar frá ríkinu og hins vegar frá sveitarfélögunum í landinu. Ég ætla að leyfa mér að fara örfáum orðum um þann þáttinn, sem að sveitarfélögunum snýr.

Eins og gildandi lög eru, greiðir ríkið til sjúkrasamlaganna 110% af iðgjöldum samlagsmanna og hlutaðeigandi sveitarsjóður leggur fram 50% af samanlögðum iðgjöldum samlagsmanna. Eins og frv. var úr garði gert, var gert ráð fyrir því að breyta þessum hlutföllum þannig, að ríkið átti að greiða 170% af iðgjöldum samlagsmanna, en hlutaðeigandi sveitarfélag 65%. Á móti þessari hækkun hjá sveitarfélaginu átti það að koma samkv. frv., að sveitarfélagið losnaði við að greiða ⅕ hluta af kostnaði vegna sjúklings, sem kynni að vera úr því sveitarfélagi á ríkisframfærslunni.

Nú með þessari brtt. er þessum hlutföllum enn þá breytt í það horf, að hluti sveitarfélagsins í greiðslu til sjúkrasamlaganna á ekki að vera 50% af iðgjöldum, eins og hann hefur verið samkv. gildandi l., heldur 85% af iðgjöldum.

Í tímariti Tryggingastofnunarinnar er birt grg. um fjárhagsáætlun Tryggingastofnunarinnar fyrir árið 1967 og þ. á m. fjárhagsáætlun sjúkratrygginganna í landinu. Samkv. fjárhagsáætlun Tryggingastofnunarinnar fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir, að gjöld hinna tryggðu til sjúkrasamlaganna nemi 173.3 millj. kr. Ríkisframlagið 190.6 millj. kr., en framlag sveitarfélaganna samtals til sjúkrasamlaganna 86.6 millj. kr. Ef þetta hlutfall er nú hækkað með þessari brtt. úr 50% í 85% af iðgjöldum, skilst mér, að hér sé um að ræða í kringum 60 millj. kr. hækkun, sem þetta stuttorða ákvæði felur í sér, þannig að ætlað er, að sveitarfélögin í heild greiði um 60 millj. kr. hækkun. Á móti þessu kann að koma það, að halli, sem einstök sveitarfélög hafa orðið að bera vegna sjúkrahúsareksturs, lækki eða hverfi.

Nú má segja, að með því að breyta þessum hlutföllum þannig og leggja auknar byrðar á sveitarsjóðina, gæti af því leitt það, að iðgjöldin, sem einstaklingar greiða, gætu lækkað við aukna

hlutdeild ríkisins og sveitarsjóðanna í tekjuöflun sjúkrasamlaganna. En ég hygg, að með þessari brtt. sé ekki stefnt að því, heldur sé þessi hækkun ætluð til þess að mæta auknum kvöðum á hendur sjúkrasamlögunum og þess vegna sé ætlunin að hækka framlög ríkisins og sveitarfélaganna í þessu skyni. Ef þetta leiðir til þess, að halli, sem einstök sveitarfélög hafa orðið að bera af sjúkrahúsarekstrinum, minnkar, felst raunar í þessu það, að þeim kostnaðarliðum er dreift út á meðal sveitarfélaganna meira heldur en gert hefur verið. Það má vissulega færa ýmis rök fram fyrir því sjónarmiði, og orðið jöfnuður hefur vitanlega mjög góða merkingu í sér fólgna og ekki þarf að vera ágreiningur um það, að hjúkrun sjúkra manna í þjóðfélaginu þarf að vera svo fullkomin sem kostur er á.

En ég vil í þessu sambandi aðeins benda á örfá atriði, sem vel mættu verða þm. til íhugunar. Í fyrsta lagi, ef þeirri reglu verður fylgt að ákveða daggjöld sjúkrahúsanna þannig, að þau séu miðuð við, að sæmilega vel rekið sjúkrahús beri sig, greiðir í raun og veru hvert sveitarfélag með daggjaldinu fyrir þá þjónustu, sem það fær hjá viðkomandi sjúkrahúsi fyrir þann aðila, sem er tryggingaskyldur í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Í öðru lagi vil ég leyfa mér að benda á það, að þó að þau sveitarfélög, þar sem sjúkrahús eru rekin, verði að bera einhvern beinan halla af rekstrinum, njóta þau ýmissa hlunninda aftur á móti. Það fólk, sem starfar við stofnunina, er gjaldþegnar í því sveitarfélagi, þar sem sjúkrahúsið er rekið, og það er að vissu leyti alltaf stuðningur að fá stofnanir til að starfa innan vébanda sveitarfélaganna, það eykur umsvif þeirra og bætir aðstöðu þeirra á ýmsan hátt. Í þriðja lagi vil ég leyfa mér að benda á það, að þær sveitarstjórnir, þar sem sjúkrahúsin eru rekin, eiga að hafa aðstöðu til þess að fylgjast með rekstrinum og hlutast til um, að breytingar séu gerðar í hagkvæmnisátt, ef sýnt er, að þessa er ekki nægilega gætt. En þau sveitarfélög, þar sem sjúkrahús eru ekki, en greiða fyrir samlagsmenn á því svæði til annarra sveitarfélaga, hafa enga möguleika til þess að fylgjast með rekstri sjúkrahúsanna og engin tök á því að hafa nein afskipti af því, hvernig rekstrinum er hagað. Þau verða einungis að standa skil á þeim fjárhæðum, sem krafizt er, eða greiða þá reikninga, sem þeim eru sendir í þessu sambandi.

Í fjórða lagi vil ég láta það sjónarmið koma hér fram, að þau sveitarfélög, sem reka sjúkrahús, eru svona yfirleitt meðal þeirra sveitarfélaga, sem eru fjölmenn og hafa af þeim sökum meira fjárhagslegt bolmagn heldur en hin fámennu hreppsfélög víða úti um land. Og þegar á þetta er litið, er nokkur ástæða til þess, að ekki sé seilzt til þess að ná alveg fullum jöfnuði milli sveitarfélaganna í þessu efni.

En hvað sem um þetta er að segja, þessi atriði, sem ég hef varpað hér fram, mun það vera staðreynd, að með þessu stuttorða ákvæði í 2. tölul. brtt. er stefnt að því að hækka framlög sveitarfélaganna til sjúkrasamlaga alls í landinu um eigi minna en 60 millj. kr. Í sjálfu sér er þetta ekki svo há fjárhæð, að út af fyrir sig sé ástæða til að hafa mörg orð um það. En ég vek athygli á þessu, vegna þess að þetta er alls ekki einsdæmi. Það er oft svo, að okkur hér — löggjöfunum — tekst að hafa inni í löggjöf ákvæði, sem leggja aukna kvöð á sveitarfélögin, án þess að sveitarstjórnirnar fái sjálfar nokkru um það að ráða, hvaða fjárhæðir koma þar til útborgunar. Sveitarstjórnirnar fá engu um það að ráða, hvað iðgjöld til tryggginganna eru ákveðin há, heldur er framlag þeirra aðeins prósentureikningur af þeim grunni, og þetta framlag verða þær að greiða, hvort sem þeim líkar betur eða verr.

Aðalerindi mitt upp í ræðustólinn að þessu sinni var því það, þar sem ég sé tvo hæstv. ráðh. sitja hér, að bera fram þá fsp. til hæstv. ráðh., hvort fyrirhugað sé í sambandi við breytingu á tollalöggjöf og e. t. v. breytingu á söluskatti sem afleiðingu af gengisfellingunni, að auka hlutdeild sveitarfélaganna í þeim tekjustofnum frá því, sem verið hefur. Ég vil af þessu tilefni bera fram þessa fsp. til hæstv. ráðh.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins í tilefni af fsp. hv. 2. þm. Austf., sem ég kveð mér hér hljóðs. Mér skildist, að hún væri þess efnis að leita eftir upplýsingum um það, hvort fyrirhugað væri í sambandi við endurskoðun tollalöggjafar og e. t. v. söluskatts að auka hlutdeild sveitarfélaganna í þessum tekjustofnum. Það er ekki fyrirhugað. Það er ekkert sérstakt, sem liggur fyrir um breyt. á söluskatti í því efni, en ætlunin er, að þær tollabreytingar eða tollalækkanir, sem hægt er að koma við, verði gerðar fyrst og fremst til þess að mæta vandamálum, sem hafa skapazt vegna gengisbreytingarinnar, s. s. hækkun á vöruverði erlendis frá, og öll sú upphæð, sem ríkissjóður hefur hugsanlega aflögu til slíkrar breytingar, verður notuð til tollalækkunar, en það er auðvitað ekki samtímis hægt að lækka tollana og auka hlutdeild annarra aðila í núverandi tolltekju- eða aðflutningsgjaldastofni. Hvort þetta leiðir af sér krónulega hækkun, er allt önnur saga. Það fer auðvitað eftir innflutningnum, hvernig hann verður. Það er heldur ekki ætlunin að rýra á neinn hátt hlutdeild sveitarfélaganna í aðflutningsgjöldum og söluskatti frá því, sem verið hefur.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Það var ýmislegt athyglisvert, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Austf. og ég skal nú ekki fara ítarlega út í það, en það eru þó aðeins örfá atriði, sem mig langaði til að gera aths. við.

Eins og þetta frv. var úr garði gert í upphafi, var ekki talið, að það legði neinar nýjar kvaðir á sveitarfélögin og ég man, að heilbr.- og félmn. sendi það m. a. til umsagnar Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem mælti með samþ. þess. Hins vegar kemur nú þessi breyt., þar sem 65% eru hækkuð í 85%. Það er út af fyrir sig rétt, að þarna koma hækkuð gjöld á sveitarfélögin, en í staðinn losna sveitarfélögin við hallarekstur af sjúkrahúsunum, þannig að sveitarfélögin í heild koma sennilega svipað út eftir þessa breyt. Hitt getur verið rétt, að ef maður lítur á hagsmuni sveitarfélaganna innbyrðis, þá verði þetta heldur í þá áttina að bæta hag þeirra sveitarfélaga, sem reka sjúkrahús, og þá heldur til útgjaldaauka fyrir

önnur, sem ekki reka sjúkrahús og þurfa því að senda sjúklinga sína frá sér.

En ég held, að þegar maður skoðar þetta mál betur, hljóti það að teljast heilbrigð stefna, að þetta sé allt tekið undir tryggingakerfið og að sjúkrahúsin fái þá dagpeninga eða þau rekstrargjöld, sem eðlilegt er að vel rekið sjúkrahús fái, þannig að ef við ætlum að koma þessu öllu undir tryggingakerfið, er ekki nein önnur leið en að gera þetta þannig, og ég álít, að það væri ákaflega varhugavert, en þó ekki óhugsandi, að fara að hafa prósentuna innbyrðis á milli sveitarfélaganna misjafna. Þau sveitarfélög, sem reka sjúkrahús, hafa enga örugga tryggingu fyrir því, þótt þetta frv. verði samþ., að það verði ekki hallarekstur, sem þau verða að bera. Ég held, að þau líti ekki svo á, að það sé neinn sérstakur hagur fyrir sig að reka sjúkrahús. Að vísu er þar starfsfólk, sem þau geta lagt á gjöld, en ég held, að það sé ekki neitt umtalsefni. Sjúkrahúsin borga enga skatta, útsvör eða önnur slík gjöld, eins og eðlilegt er.

Það var annað, sem hv. þm. var að tala um. Honum fannst hér ekki um mikla breytingu að ræða á því, hver úrslitum réði um daggjöldin til sjúkrahúsanna, en ég er nú ekki alveg sammála. Þarna kemur inn í þessa n., þennan dómstól, fulltrúi frá Landssambandi sjúkrahúsa og einnig fulltrúi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, þannig að þeir hafa þarna báðir atkvæðisrétt um það, hver daggjöldin skuli vera. Þannig mun rödd þessara aðila heyrast, en áður var það heilbrmrn. eitt, sem réði þessu. Og ég hef a. m. k. skilið það þannig, þar sem segir í 1. tölul. brtt.: „N. ákveður daggjöld og gjaldskrá á þann hátt, að heildartekjur stofnananna miðist við að standa straum af eðlilegum rekstrarkostnaði, enda séu gjöldin í samræmi við hagkvæman rekstur og þá þjónustu, sem stofnunin veitir," þá verði þessi n. að láta fara fram einhverja rannsókn á því og fylgjast með þessum hlutum. Öll sveitarfélög eru í Sambandi ísl. sveitarfélaga og þannig mundi fulltrúi þeirra auðvitað ekki síður eiga að gæta hagsmuna hinna smáu sveitarfélaga út um landið en þeirra sveitarfélaga, sem eiga eða reka sjúkrahús.

Jón Árnason: Herra forseti. Það voru aðeins örfá atriði í ræðu hv. 2. þm. Austf., sem ég vildi segja um nokkur orð.

Það er rétt, sem kom fram hjá honum, að þessi brtt. á þskj. 115 er til þess ætluð að skapa rekstursgrundvöll undir sjúkrahúsin. Og það er líka rétt, sem þar kom fram, að þar með dreifist meira út byrðin á milli sveitarfélaganna en nú á sér stað. Hann taldi, að í sumum tilfellum mætti líta svo á, að ekki þyrfti að komast fullur jöfnuður á, það væri viss aðstaða, sem skapaðist í þeim sveitarfélögum, sem sjúkrahúsin rækju.

Að sumu leyti er það rétt, að þar geti verið um viss hlunnindi að ræða, að sumu leyti er það ekki rétt. Þar á ég við það, að segja má, að það sé rétt, að þar sem slík stofnun sem sjúkrahús er, skapast nokkur tekjumöguleiki fyrir viðkomandi sveitarfélag í gegnum opinbera skatta, útsvör og annað þess háttar. Þar kemur aftur á móti það, að þetta sama sveitarfélag verður að leggja á sína borgara allmikla byrði til þess að standa straum af stofnkostnaði og byggingarkostnaði húsanna á fyrsta stigi. Ég hygg, að ekki sé gert ráð fyrir því, a. m. k. hefur það ekki komið fram í viðræðum, sem hafa átt sér stað í sambandi við þetta, að viðkomandi sveitarfélög fái inn í reksturskostnaðinn aðstöðu til þess að afskrifa stofnkostnaðinn svo og svo mikið. Eðlilegur reksturskostnaður verði hins vegar borinn uppi á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir.

Þá sagði hv. þm., að það væri aðstaða í viðkomandi sveitarfélögum til þess að fylgjast með rekstrinum og halda honum niðri sem eðlilegustum af þeim sökum, en skv. því, sem brtt. segir, er hér veitt nokkurt aðhald, því að það á að miða við eðlilegan reksturskostnað, „enda séu gjöldin í samræmi við hagkvæman rekstur og þá þjónustu, sem stofnunin veitir. Heilbrigðismálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið n. og framkvæmd."

Ég álít, að með þessu ákvæði í brtt. sé skapað visst aðhald fyrir viðkomandi sveitarfélög, sem reka þessi sjúkrahús. Þetta hefur verið þannig, eins og hér kom fram hjá frsm., að samningar hafa átt að eiga sér stað milli Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrahúsanna. Þetta hefur þó verið þannig í reyndinni, að samningar hafa í mörgum tilfellum ekki átt sér stað, heldur hefur það verið rn., sem hefur úrskurðað daggjöldin, og reynslan er sú, að daggjöldin hafa ekki svarað raunverulegum kostnaði á undanförnum árum, og þess vegna er lagt til, að þessi leiðrétting verði hérna gerð.

ATKVGR.
Brtt. 115,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 115,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 115,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Sþ., 13. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 142).

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er komið frá hv. Ed. og hlaut þar einróma og ágreiningslaust samþykki. Við frv. voru þó gerðar í d. nokkrar breytingar, þ. e. a. s. bær brtt., sem fram komu á þskj. 115 og fela það helzt í sér, að sett er á fót 5 manna n. til þess, ásamt heilbrmrh., að ákveða daggjöld og gjaldskrár á sjúkrahúsum. Þetta er meginefni þeirra breytinga, sem á þskj. eru og samþ. voru í hv. Ed.

Frv. sjálft felur það í sér, að ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla, sem félmrn. hefur til þessa annazt, verði lögð niður. Þó verði, eins og í frv. segir, fávitar, sem dveljast á hælum og dagvistarheimilum fyrir vangefna, áfram á ríkisframfærslu, sbr. l. nr. 53 frá 22. apríl 1967 um fávitastofnanir. Frv. gerir þó að sjálfsögðu ráð fyrir því, að þeir, sem verið hafa á ríkisframfærslu, njóti framvegis ekki minni aðstoðar af hálfu hins opinbera en þeir hafa gert til þessa. Hér er því nánast um hagræðingaratriði að ræða.

Kostnaður við sjúkrahúss- og hælisvist er nú tryggður af þremur aðilum.

1. Sé um að ræða ellikröm eða alvarlega, langvinna sjúkdóma, tryggir ríkisframfærslan kostnaðinn, þó að undanskilinni sjúkrahúsvist fyrstu 5 vikurnar, sem kostaðar eru aðallega af sjúkrasamlögum, en að litlum hluta af héraðssamlögum, þar sem þau eru, eða að jafnaði síðustu 5 dagana af þessum 5 vikum.

2. Vegna annarra sjúkdóma en þeirra, sem nú var getið, tryggja sjúkrasamlög kaupstaðanna kostnaðinn og sjúkrasamlög, sem eru í héraðssamlögum, greiða þennan kostnað einnig, en þó aðeins í 30 daga vegna hvers samlagsmanns á hverjum 12 mánuðum.

3. Héraðssamlög tryggja kostnað vegna sjúkrahúsvistar, sem varir lengur en 30 daga fyrir hvern samlagsmann á hverjum 12 mánuðum, þó að sjálfsögðu ekki kostnað, sem ríkisframfærslan tryggir samkv. áður sögðu.

Breytingin, sem frv. gerir ráð fyrir, er í stuttu máli sú, að sjúkrasamlög og héraðssamlög, þar sem þau eru, tryggja samlagsmönnum sjúkrahúsvist, sem hefur varað allt að 12 mánuðum undanfarin tvö ár, og að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaganna vist á sjúkrahúsum, þegar skyldutryggingu sjúkrasamlaga og héraðssamlaga lýkur hverju sinni, svo og vist á hælum og stofnunum, öðrum en sjúkrahúsum, sem nauðsynleg er talin vegna ellikramar eða langvinns sjúkdóms.

Ég tel ekki þörf á því að rekja efni frv. sjálfs öllu frekar, nema sérstakt tilefni gefist til, og brtt. þær, sem hv. Ed. gerði á frv., skýra sig að mestu leyti sjálfar og óþarft að skýra þær öllu frekar, en ég vil leggja áherzlu á það við þá hv. n., sem málið fær til meðferðar, að hún reyni að ljúka afgreiðslu þessa máls hið allra fyrsta, þar sem nauðsynlegt er, að það fái endanlega afgreiðslu fyrir áramót, en þá er meiningin að yfirtaka Tryggingastofnunar ríkisins fari fram á þessari starfsemi og í trausti þess, að hv. Nd. fallist á þetta frv., hefur þegar verið hafinn undirbúningur að því að gera Tryggingastofnuninni þetta fært, en nauðsynlegt er þó, að endanleg afgreiðsla málsins fáist, áður en þm. fara í jólafrí.

Ég óska þess svo, herra forseti, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 142, n. 165).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er komið frá hv. Ed. Heilbr.- og félmn. þeirrar d. tók málið til gaumgæfilegrar athugunar og varð hún sammála um að mæla með samþykkt þess, eins og fram kemur á þskj. 67, sem er nál. heilbr- og félmn. Ed. Milli 2. og 3. umr. í Ed. hélt n. enn á ný fund um málið vegna tilmæla, sem fram höfðu komið frá heilbrmrn. og félmrn. um, að gerðar yrðu breytingar við 8. og 10. gr. frv. Tók n. tilmæli rn. til athugunar og lagði fyrir 3. umr. um málið fram brtt., sem fram komu á þskj. 115, og voru brtt. n. samþ. shlj. í hv. Ed. og frv. með áorðnum breytingum einnig samþ. shlj. og þannig vísað hingað til þessarar hv. d.

Heilbr.- og félmn. Nd. hafði frv. til athugunar á tveimur fundum hjá sér og fékk til sín ráðuneytisstjóra félmrn., Hjálmar Vilhjálmsson, og gerði hann n. ýtarlega grein fyrir efni frv. og svaraði fsp. einstakra nm. Leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá hv. Ed.

Efni þessa frv. er tvíþætt. Í fyrsta lagi gerir það ráð fyrir, að ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla, sem félmrn. hefur hingað til annazt, verði lögð niður, en sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins taki í sínar hendur þá fyrirgreiðslu, sem félmrn. hefur nú með höndum varðandi þetta mál, þó að sjálfsögðu þannig, að þeir sjúklingar, sem notið hafa fyrirgreiðslu samkv. l. um ríkisframfærslu, njóti framvegis ekki minni aðstoðar af hálfu þess opinbera en þeir hafa gert og gera nú.

Má segja, að hér sé nánast um hagræðingaratriði að ræða og er n. sammála um, að frv. stefni í rétta átt hvað þetta snertir og sé einnig til hagræðis fyrir sveitarfélögin, sem fram að þessu hafa haft veruleg afskipti af þessum málum, en frv. gerir ráð fyrir, að eftirleiðis verði þetta atriði tryggingalaganna í höndum hinna einstöku sjúkrasamlaga, héraðssjúkrasamlaganna og sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins.

Í öðru lagi gerir sú breyting, sem gerð hefur verið við 8. gr. frv., ráð fyrir verulega bættri aðstöðu sjúkrahúsanna frá því, sem verið hefur, þar sem ráð er fyrir gert, að frá og með 1. jan. 1969 miðist daggjöld og gjaldskrár hinna einstöku sjúkrahúsa við að standa straum af eðlilegum rekstrarkostnaði þeirra, enda séu gjöldin í samræmi við hagkvæman rekstur og þá þjónustu, sem stofnunin veitir. Verður þetta að teljast eðlileg og hagkvæm breyting. Fram að þessu hafa sennilega flest sjúkrahús á landinu verið rekin með stórfelldum halla, sum svo milljónum skiptir á ári. Verður þetta að teljast óeðlilegt og getur í sumum tilfellum jafnvel verið hættulegt. Stafar þetta af því, að samningar, sem sjúkrahúsin hafa náð við sjúkrasamlögin hvert á sínu svæði um daggjöld og aðra veitta þjónustu, hafa hvergi nærri borið uppi beinan kostnað við rekstur sjúkrahúsanna. Þeir, sem ekki eru þessum málum kunnugir, geta e. t. v. hugsað sem svo, að einu gildi, þótt sveitarsjóðir, þar sem sjúkrahús eru, taki á sig verulegan halla af rekstri þeirra. En málið er ekki svona einfalt. Í fyrsta lagi er nokkur hætta á því, ef sveitarstjórn þarf að hækka verulega heildarupphæð útsvara hverju sinni vegna rekstrarhalla á sjúkrahúsi sínu, að rekstur þessarar stofnunar líði við það og hún verði af þeim ástæðum ekki fær um að veita þá þjónustu, sem sjálfsögð er og eðlileg. Ég er ekki að segja, að þetta hafi átt sér stað, en með árlega vaxandi halla á rekstri sjúkrahúsanna gæti

verið hætta á, að málin þróuðust í þessa átt. Verði þetta frv. að lögum eins og það liggur hér fyrir, verður að telja, að málefnum sjúkrahúsanna hafi verið komið í betra horf en áður var og má þá einnig hafa í huga hin stórauknu framlög ríkisins til byggingar sjúkrahúsa, sem lögleidd voru með læknaskipunarlögum nú fyrir nokkrum árum og telja verður, að hafi gert sveitarfélögunum kleift að ráða fram úr þessum málum á mun betri hátt en áður var. Og ég hygg, að allir séu sammála um, að aukin og bætt heilbrigðisþjónusta sé eitt af frumskilyrðunum fyrir því, að fólk uni áfram búsetu í dreifbýlinu.

Í öðru lagi hefur nokkurt misræmi átt sér stað á milli þeirra sveitarfélaga, sem sjúkrahús hafa rekið með verulegum rekstrarhalla, og hinna, sem rekstur slíkra stofnana hafa ekki þurft að annazt. Kemur þetta fram í því, að eins og ég sagði áðan, hafa þau sveitarfélög, sem sjúkrahús reka, árlega orðið að jafna rekstrarhallanum niður í auknum álögum á gjaldendur sína og þá einnig fyrir utanhéraðssjúklinga, sem á sjúkrahúsunum hafa dvalið. En þess ber þó að sjálfsögðu að geta, að daggjöld fyrir utanhéraðssjúklinga, þ. e. a. s. sjúklinga, sem búsettir eru utan sveitarfélags, sem sjúkrahús er staðsett í, greiða nokkru hærri daggjöld en íbúar sveitarfélaganna, en þó hvergi nærri eins og kostnaður við hvern legudag hefur verið. Ákvæði frv. um, að daggjöld og gjaldskrá sjúkrahúsanna skuli frá og með 1. jan. 1969 miðast við tekjuþörf hverrar stofnunar fyrir sig, eru verulega til samræmingar í þessum efnum og verður það að teljast eðlileg breyting og til bóta.

Eins og ég sagði, herra forseti, hefur heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. haft frv. til athugunar og er hún sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt eins og það liggur hér fyrir.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þetta frv. og er hún á þskj. 172. Það var verið að útbýta henni hér rétt áðan. Ég held, að það sé rétt, að ég, með leyfi hæstv. forseta, lesi till. upp. Hún er um það, að við ákvæði til bráðabirgða bætist ný mgr., svo hljóðandi:

„Athuga skal möguleika á að draga úr kostnaði við rekstur Tryggingastofnunar ríkisins með því að semja við banka eða sparisjóði um, að þær stofnanir annist útborgun á bótum frá almannatryggingunum.“

Snemma á þessu þingi bar ég fram fsp. um kostnað við rekstur Tryggingastofnunar ríkisins. Hæstv. félmrh. svaraði þessari fsp. minni greinilega á fundi í sameinuðu þingi 25. okt. Þar kom m. a. fram, að rekstrarkostnaður lífeyristrygginganna á árinu 1966 hefði orðið nokkuð yfir 21 millj. kr.

Ég geri ráð fyrir, að allir séu sammála um, að það væri gott, ef hægt væri eitthvað að minnka þennan kostnað, án þess að skerða nokkuð starfsemi trygginganna. Mér hefur komið í hug, að það mætti spara eitthvað með því að koma útborgunum á lífeyri og öðrum bótum frá tryggingunum þannig fyrir, að það væri samið við banka eða sparisjóði um að annast þessar útborganir. Mér finnst a. m. k. ástæða til að kanna það mál, hvort ekki mætti verða af því nokkur sparnaður.

Nú er þetta þannig, að Tryggingastofnunin sjálf eða aðalskrifstofa hennar hér í Reykjavík borgar þetta út hér í borginni, en út um land mun þetta að ég hygg vera þannig, að umboðsmenn Tryggingastofnunarinnar annist um þetta yfirleitt. Ég minnist þess, að ég heyri stöku sinnum auglýsingar í útvarpinu frá einum sýslumanni, sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, þar sem hann tilkynnir, að hann verði á ákveðnum dögum á þingstöðum hreppanna í sínu umdæmi og borgi þar út lífeyri og annað fyrir almannatryggingarnar. Ég hef nú sérstaklega tekið eftir þessum auglýsingum, en það getur vel verið, að fleiri sýslumenn hafi þennan hátt á að ferðast um eða láta ferðast um héruðin og borga þetta út á þingstöðunum. Mér er ekki kunnugt um það. En ég held, að þetta sé ekki vel hentugt fyrirkomulag. Þetta kostar þá, sem eiga von á greiðslum frá tryggingunum, að gera sér ferð á þingstaðina til að sækja peningana, en þangað eiga þeir yfirleitt ekki önnur erindi. Ég held, að það væri hentugra fyrir þetta fólk, ef bankaútibú eða sparisjóður, sem starfaði á þeirra verzlunarstað, annaðist um þessar greiðslur, því að þangað liggja yfirleitt leiðir manna úr héruðunum. Og þá gætu líka sýslumenn sparað sér ferðalög út um sveitir til að borga þetta út. Mér finnst því, að það væri full ástæða til þess að kanna það, hvort það mætti ekki koma þessu öðruvísi fyrir á hagkvæmari hátt og um leið að spara einhver útgjöld. Þó að þessu yrði ekki komið á samtímis um land allt, gæti orðið af því gagn eigi að síður, og ég hygg, að ef þetta yrði athugað og að þessu ráði yrði horfið, mundi þetta fyrst og fremst verða tekið upp í stærstu kaupstöðunum eins og t. d. hér í Reykjavík. Við vitum það, að hér í höfuðborginni eru margir bankar og þjónustustarfsemi banka er fullkomin hér. Og mér þykir bara mjög sennilegt, að bankarnir mundu fást til þess að taka þetta að sér, þessar greiðslur, eða annast þær fyrir það lítið gjald, að þar gæti orðið um sparnað að ræða.

Ég vil að vísu ekkert fullyrða um þetta, till. mín er aðeins um það að kanna þetta mál og það kostar ekki mikið að athuga málið. Og ég vil benda á það, sem reyndar ætti að vera óþarfi, að þessi till. mín, sem er um þessa viðbót við bráðabirgðaákvæðið, raskar ekki á nokkurn hátt efni þess frv., sem hér liggur fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að skýra þessa till. mína með fleiri orðum, vænti þess, að öllum hv. þdm. sé það ljóst, hvað hér er á ferð, og vænti þess, að þeir geti á þetta fallizt, að þessi athugun verði látin fara fram.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vildi einungis mæla með því, að þessi brtt. væri samþ. Mér sýnist skynsamlegt, að þessi athugun fari fram og tel, að það sé hyggilegt að afgreiða málið þannig.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 172, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

2.—14. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 172 samþ. með 25 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 182).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 39. fundi í Ed., 19. des., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 182 útbýtt á fundinum.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 205).

---

14. Söluskattur (stjfrv.).

Á 22. fundi í Sþ., 13. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt [76. mál] (stjfrv., A. 140).

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er, eins og segir í grg. þess, að fella niður undanþágu þá, sem nú er í l. um póst- og símaþjónustu, að hún sé undanþegin söluskatti. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. eigi e. t. v. erfitt með að átta sig á því, eins og frv. er orðað, hvað í því felst, en eins og 1. gr. frv. segir til um, er vitnað til 7. gr. núgildandi l., þar sem er tekið fram, hvaða þjónusta sé undanþegin söluskatti. Og í þessum 11. lið, svo sem er í gildandi lögum, stendur: „Póst- og símaþjónusta, svo og þjónusta banka og sparisjóða.“ Með breytingunni, eins og hún er orðuð, stendur aðeins eftir í gr., að þjónusta banka og sparisjóða sé undanþegin.

Ég vil taka það fram í sambandi við þetta frv., að með þessu er engu slegið föstu um það, að póst- og símaþjónusta verði gerð söluskattsskyld, vegna þess að eftir öðru ákvæði l. er ráðh. heimilt að nota ekki einstaka söluskattsheimildir, þannig að með þessu er ekki slegið föstu, að skylt sé að innheimta söluskatt af þessari þjónustu. Ástæðan til þess, að heimildarinnar er leitað, er hins vegar sú, að það er talið rétt að hafa þessa heimild, ef það kæmi í ljós, að nota mætti það fé, sem aflaðist með þessum hætti, á hagkvæmari hátt til þess að vinna gegn áhrifum verðhækkana í þjóðfélaginu vegna gengisbreytingarinnar heldur en með því að hafa þetta undanþegið söluskatti.

Svo sem hv. þm. mun kunnugt, var gert ráð fyrir því í efnahagsaðgerðunum í haust, að söluskattur yrði lagður á þjónustu pósts og síma og sjónvarps og hljóðvarps og gert ráð fyrir, að það veitti um 40 millj. kr. tekjuauka fyrir ríkissjóð. Síðan hefur eðlilega orðið á þessu breyting, þessari aðstöðu, þannig að það er ekki sama þörf á að krefja inn þennan skatt og því aðeins gert ráð fyrir, að haldið verði opnum þessum möguleika til að leggja söluskatt á þessa þjónustu, eins og ég sagði, ef talið yrði, að það væri hægt að nota þetta fé með betri og heppilegri hætti til þess að vinna gegn verðhækkunum almennt. Þetta dæmi hefur þó ekki endanlega verið gert upp nú og ég skal taka það fram, að ef á því veltur með þennan söluskatt, hvort hans vegna þyrfti að hækka þjónustu pósts og síma, verður heimildin tvímælalaust ekki notuð, þannig að það verður lögð áherzla á að halda niðri þjónustu pósts og síma og stefna að því, að hún þurfi ekki að hækka.

Eins og hv. þdm. mun kunnugt, var felld niður úr fjárlagafrv. 20 millj. kr. fjárhæð, sem gert var ráð fyrir, að póstur og sími gæti skilað sem beinum hagnaði til ríkissjóðs á næsta ári. Það mun verða skoðað rækilega niður í kjölinn, hvort hægt er að leggja tilkostnaðarauka vegna gengisbreytingarinnar á póst og síma í þeim mæli, að honum nægi þessar 20 millj. til þess að mæta auknum útgjöldum. Hins vegar tel ég það ekki endilega fjarstæðu á neinn hátt, ef þjónusta pósts og síma þarf að hækka hvort sem er að nota heimildina til þess að leggja söluskatt á þessa þjónustu. Þetta tel ég rétt, að komi skýrt fram. Hér er aðeins verið að leita heimildar í þessu efni, en engu slegið föstu um það, að sú heimild verði notuð, og það verður ekki gert nema að vel athuguðu máli.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19:2 atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 140, n. 151 og 155).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 140, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. hefur skilað séráliti og leggur til, að það verði fellt. Að efni til er frv. mjög einfalt. Það er um það eitt, að það ákvæði, sem verið hefur í l. nr. 10 frá 22. marz 1960, þar sem gert er ráð fyrir, að þjónusta pósts og síma sé undanþegin söluskatti, verði numið úr lögum. Í framsöguræðu hæstv. fjmrh. kom það fram, að hann taldi nauðsynlegt

fyrir sig að hafa heimild til, að söluskattur yrði lagður á þjónustu pósts og síma, þó að við athugun kæmi í ljós, að e. t. v. þyrfti það á þessu stigi ekki að koma til framkvæmda. Og það kom einnig fram hjá honum, að ef söluskattur á þessa þjónustu yrði til þess að hækka gjaldskrá pósts og síma, mundi heimildin í bili a. m. k. tvímælalaust ekki verða notuð.

Eins og ég sagði í upphafi, herra forseti, leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fjhn. Nd. hefur ekki getað orðið sammála um þetta frv. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. leggur til, að það verði fellt.

Með frv. er gert ráð fyrir að heimila ríkisstj. að leggja söluskatt ofan á gjöld pósts og síma. Nú er það hvort tveggja, að minni hl. n. lítur svo á, að með gengisbreytingunni aukist tekjur ríkissjóðs mikið og að á því sé enginn vafi. Á hinu leitinu er það öllum lýðum ljóst, að kostur þegnanna þrengist um þessar mundir, það þarf ekki að rökstyðja þá fullyrðingu hér með mörgum orðum. Kvartanir berast hvaðanæva. Síðast í gærkvöldi komu fréttir af fundum verzlunarmanna og þar voru samþ. mjög ákveðnar ályktanir í þá átt, að ekki gæti verzlunarstéttin þolað þær aðgerðir, sem nú er verið að framkvæma. Þannig er það á einu leitinu, að okkar dómi, alveg augljóst, að frv. er algerlega að tilefnislausu fram komið. En hér við bætist svo það, að enda þótt það væri nú talið nauðsynlegt að hækka gjaldskrár pósts og síma, virðist okkur þetta vera fráleitasta aðferðin til þess að framkvæma slíka hækkun. Póstur og sími eru hreinar ríkisstofnanir, og stjórnarvöldin hafa það algerlega í sínum höndum að hækka gjaldskrár þessara fyrirtækja, þegar þeim þykir ástæða til. Okkur sýnist það alveg fráleitt, þó nú að stjórnarvöldum sýnist það rétt að hækka þessi gjöld, og það er kannske í samræmi við stefnu þeirra um þessar mundir að slaka í engu til á gjaldheimtunni að fara nú að reikna út söluskatt af þessum gjöldum. Manni er það satt að segja ekki ljóst, hvernig það yrði framkvæmt, t. d. af frímerkjasölu. En það liggur í augum uppi, að það væri töluverð fyrirhöfn og það gerði bókhald þessara fyrirtækja töluvert þyngra í vöfum en það nú er, að taka upp slíkan útreikning, og er þó sjálfsagt sízt á bætandi þar fremur en annars staðar í stjórnkerfinu.

Minni hl. fjhn. leggur til, að frv. verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:16 atkv.
2. gr. samþ. með 19:15 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:14 atkv.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) **frestað.**

Á 43. fundi í Nd., 16. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:19 atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 38. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 140, n. 190 og 191).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur fjallað um þetta frv., og hæstv. fjmrh. hefur veitt n. ýmsar upplýsingar. N. hefur ekki getað orðið ásátt um afgreiðslu frv. Meiri hl. leggur til, að það verði samþ., en efni þess er, eins og kunnugt er, að felld sé niður undanþága fyrir póst- og símaþjónustu frá söluskatti, þannig að söluskattur verði greiddur af henni svo sem annarri hliðstæðri þjónustu.

Hæstv. fjmrh. hefur þó veitt þær upplýsingar, að það fari eftir atvikum, hvort hann mundi veita pósti og síma undanþágu eftir sem áður skv. þeirri heimild, sem hann hefur í l. um söluskatt í þeim efnum. Þannig er spurningin um það, hvort hv. d. vill fallast á að veita fjmrh. þessa heimild og leggja það í hans vald, hvort um greiðslu söluskatts verður að ræða af þessari þjónustu. Meiri hl. fjhn. taldi rétt að veita hæstv. ráðh. þessa heimild.

Persónulega vil ég láta í ljós þá skoðun mína, að ástæða sé til þess að kanna, hvort rekstur á vegum þess opinbera eigi ekki í viðtækari mæli en nú að greiða opinbera skatta og gjöld. Þótt segja megi, að verið sé að flytja á milli vasa hjá sama aðila, gæti af þessu skapazt betri grundvöllur til samanburðar á hagkvæmni opinbers reksturs og þjónustu á ýmsum sviðum.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þessu frv., sem nú er hér til umr., um það að fella niður þá undanþágu, sem póstur og sími hafa haft frá því að greiða söluskatt.

Eins og kom fram hjá hv. frsm. meiri hl., varð ekki samstaða í fjhn. þessarar hv. d., og við þrír, sem skipum minni hl., höfum gefið út sérstakt nál. á þskj. 191, þar sem við leggjum til, að frv. verði fellt.

Það er rétt, sem fram kom hér áðan hjá hv. frsm., að hæstv. fjmrh. kom á fund okkar í fjhn. í gær, þegar við vorum að fjalla um þetta frv., og gaf þar þær skýringar, að það væri atvikum háð, hvort söluskattur af póst- og símagjöldum yrði innheimtur nú eða ekki. En það mundi, eftir

því sem hann upplýsti n., fara eftir því, hvort póstur og sími mundi þurfa að hækka gjaldskrá sína af öðrum ástæðum eða ekki. Ef póstur og sími þyrfti að hækka gjaldskrá, teldi ríkisstj. rétt að nota í leiðinni tækifærið til þess að bæta þar á ofan 7½% söluskatti. (Gripið fram í.) Teldi ef til vill rétt, já. Það eru margir fyrirvarar í þessu máli, og ég gleymdi einum og bið afsökunar. Við, sem skipuðum minni hl. n., teljum, að þessi röksemdafærsla sé ekki geðfelld og ekki rétt heldur, og ég segi það hér sem mína skoðun, að ég tel það alveg fráleitt, ef nú á að fara að hækka þjónustugjöld pósts og síma og auka þar með útgjöld, bæði almennings og fyrirtækja, eins og nú er ástatt í þjóðfélaginu, að nýlega er búið að leggja á þessa aðila byrðar mikillar gengislækkunar, án þess að enn þá a. m. k. hafi séð dagsins ljós nokkrar teljandi ráðstafanir til þess að draga úr þeim byrðum. Og ég sé ekki, að neitt liggi á þessari heimild til hæstv. ríkisstj. til að leggja söluskatt á þessi þjónustufyrirtæki og þess vegna, eins og ég áðan sagði, er ég því andvígur að veita hana nú.

Það eru margir fyrirvarar um það, hvort þessi skattur verði innheimtur eða ekki, það er alveg rétt. Og það má vel vera, að svo kunni að fara að þessu sinni, að hæstv. fjmrh. noti ekki það vald, sem honum er hér veitt, en ég hef ekki trú á því, að það fyrirkomulag standi lengi, að í l. séu til fjáröflunarheimildir handa ríkissjóði, sem ekki eru notaðar. Mér finnst, að þróunin og reynslan hafi sýnt það þvert á móti, að allar slíkar heimildir séu fullnotaðar og sífellt verið að leita nýrra, svo að enda þótt ég efist ekkert um það, að hæstv. ráðh. meini það fyllilega, sem hann gefur í skyn, að hann muni e. t. v. ekki nota þessa heimild að þessu sinni, þá muni það aðeins gilda skamma hríð, og þess verður e. t. v. ekki langt að bíða, að póstur og sími til notenda verði hækkaður vegna þeirrar lagaheimildar, sem þessi hv. d. ætlar nú að fara að veita.

Það getur vel verið rétt, að það sé sanngjarnt, í vissum tilfellum a. m. k., að taka hluta af gróða slíkra ríkisstofnana og verja þeim t. d. í þeim tilgangi, sem hæstv. fjmrh. hefur upplýst, að hér sé fyrir hendi, að draga úr byrðum og óþægindum gengislækkunarinnar. Þessi ráðagerð var uppi í sambandi við fjárlagafrv. 1968, þegar það var fyrst lagt fram hér á Alþ. Þá var ráðgert, að mig minnir, að taka talsverðan hluta af rekstrarafgangi þessarar stofnunar og verja til annarra ríkisþarfa.

Ég get vel fallizt á, að þegar sérstaklega stendur á, geti verið sanngjarnt og eðlilegt, að póstur og sími — enda þótt það séu þýðingarmiklar stofnanir, þjónustustofnanir — verði að sæta þeim niðurskurði, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt eða viðhaft við fjárfestingar- og opinberar framkvæmdir á undanförnum árum og það sé óeðlilegt, að póstur og sími sé þar ávallt í sérflokki. En þessu takmarki er auðveldlega hægt að ná með þeirri leið, sem ráðgerð var í fjárlagafrv., og án þess að hækka gjöldin til almennings um þá fjárhæð, sem söluskattinum nemur.

Ég vil mjög eindregið mælast til þess við hv. þm. í þessari d., að þeir athugi vel, hvort þeim finnst það rétt að leggja nú í kjölfar gengislækkunarinnar þær byrðar á að hækka póst- og símagjöld um 7½%. Þessi þjónusta þykir dýr og er sannarlega talsvert dýr, og dýrtíðin er alveg nægileg í landinu, þó ekki sé verið að auka hana að ástæðulausu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:8 atkv.
2. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:8 atkv.

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 206).

---

15. Fjárlög 1968.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1968 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 5. fundi í Sþ., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Áður en ég geri grein fyrir fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1968, mun ég í stórum dráttum skýra afkomu ríkissjóðs á árinu 1966 og horfur á yfirstandandi ári. Nokkru áður en Alþingi lauk störfum s. l. vor, birti ég þinginu greinargerð um afkomu ríkissjóðs á árinu 1966, en tók þá fram, að þar væri um bráðabirgðatölur að ræða í ýmsum efnum og gætu því niðurstöður breytzt nokkuð við endanlegt uppgjör. Þótt þær breytingar séu ekki veigamiklar, þykir mér engu að síður rétt að nefna hér hinar helztu niðurstöðutölur, en mun þó fara skjótt yfir sögu og um einstök atriði vísa til ríkisreikningsins, sem lagður hefur verið á borð hv. þm.

Tekjur á rekstrarreikningi ríkissjóðs árið 1966 urðu 4677,8 millj. kr. og fóru því 883,4 millj. kr. fram úr áætlun fjárl. Munar þar mestu um aðflutningsgjöld og söluskatt. Aðflutningsgjöld fóru 394,5 millj. kr. fram úr áætlun og söluskattur 200,5 millj. Stafar það af auknum innflutningi og aukinni viðskiptaveltu. Gjald af bifreiðum og bifhjólum fór 65 millj. kr. fram úr áætlun, enda óx innflutningur bifreiða stórlega frá næsta ári á undan.

Þá fóru tekjur af ríkisstofnunum 146,2 millj. kr. fram úr áætlun, og veldur því m. a. stóraukin sala Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins. Enginn vafi er á því, að smygl á áfengi hefur minnkað, þótt neyzla innanlands hafi vaxið nokkuð. Tekjuafgangur varð einnig 49,4 millj. kr. á pósti og síma.

Loks fór tekju- og eignaskattur 64,6 millj. fram úr áætlun, stimpilgjöld 11,1 millj. kr. og vaxtatekjur 14 millj. kr. fram úr áætlun, bæði vegna hagstæðs vaxtajafnaðar við Seðlabankann og innheimtra dráttarvaxta.

Aðrar tekjur ríkissjóðs urðu nálægt áætlun, en aukatekjur þó aðeins 54,7 millj. kr. í stað 70 millj., sem áætlað var. Með l. frá 22. des. 1965 um aukatekjur ríkissjóðs var gert ráð fyrir allverulegri hækkun þeirra, en þann tekjuauka var þó mjög erfitt að áætla, þar sem um svo margvísleg gjöld er að ræða, enda reyndist áætlunin óraunhæf.

Gjöldin á rekstrarreikningi ríkissjóðs árið 1966 urðu 3899,2 millj. kr. og fóru 291 millj. fram úr áætlun. Helztu skýringar þessara umframgjalda eru launahækkanir, auknar niðurgreiðslur, auknar útflutningsbætur og útgjöld vegna sérstakra laga. Launahækkanir eru taldar hafa numið alls um 175 millj. frá því, sem áætlað var á einstaka fjárlagaliðum. Er þar bæði um að ræða afleiðingar kjaradóms frá ársbyrjun 1966, þar sem kveðið var á um 7% hækkun grunnlauna opinberra starfsmanna, ýmsar launatilfærslur, sem síðan hafa verið gerðar og afleiðingar vísitölubreytingar. Auk þess er að reikna með launahækkunum til ýmissa, sem ekki taka laun skv. launakerfi ríkisins. Á 19. gr. voru 107 millj. kr. áætlaðar til að mæta þessu, þannig að raunveruleg umframgreiðsla er 68 millj. kr. Þá hefur framlag til eftirlauna og tillag til lífeyrissjóða hækkað um tæplega 8 millj. kr. frá fjárl. Útgjöld til félagsmála hafa hækkað um 22 millj. kr., einkum vegna beinna afleiðinga launahækkana.

Niðurgreiðslur á vöruverði fóru 54 millj. kr. fram úr áætlun fjárl., enda voru niðurgreiðslur auknar verulega s. l. haust í sambandi við verðstöðvunina. Mestur hluti niðurgreiðslunnar eða 37,6 millj. kr. eru þó niðurgreiðslur vegna ársins 1965, sem inntar voru af hendi á árinu 1966 og ekki taldar í ríkisreikningi þessa árs. Niðurgreiðslur að upphæð 62 millj. kr. rúmar vegna ársins 1966, sem fóru fram eftir s. l. áramót, eru hins vegar taldar með gjöldum ríkissjóðs árið 1966 og tekið tillit til þess í yfirliti um greiðslujöfnuð þess árs.

Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir fóru 34 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga, sem stafaði af meiri hækkun búvöruverðs og meiri framleiðslu en gert hafði verið ráð fyrir við samningu fjárlaga ársins.

Útgjöld skv. heimildarlögum og sérstökum lögum urðu rúmlega 90 millj. kr. umfram áætlun fjárlaga. Er þar fyrst og fremst um að ræða útgjöld vegna sérstakrar löggjafar um aðstoð til sjávarútvegsins, rúmar 70 millj. kr., og 20 millj. kr., sem inntar voru af höndum til framleiðnisjóðs landbúnaðarins skv. sérstökum l., sem sett voru rétt fyrir árslok 1966. En gert var ráð fyrir að verja samtals 30 millj. kr. til þess sjóðs af greiðsluafgangi ársins 1966. Alls nema umframgreiðslur vegna þeirra liða, sem nú hafa verið taldir, um 276 millj. kr. af áðurnefndri 291 millj. kr. umframgreiðslu.

Þegar gjaldahlið rekstrarreiknings er skoðuð, ber að hafa í huga, að launahækkunum, sem í fjárl. eru áætlaðar í 19. gr., hefur verið skipt niður á viðeigandi gjaldagrein í reikningi. Sama á við um launaskatt. Skýrir það í mörgum tilvikum að verulegu leyti mun fjárlagatölu og reikningstölu, einkum á þeim gjaldagreinum, þar sem laun eru hlutfallslega mjög stór liður.

Kostnaður við Alþingi fór 6,7 millj. kr. fram úr áætlun. Vafalaust er hér aðallega um launahækkanir að ræða, en rekstursreikningur hefur ekki borizt frá skrifstofu Alþingis og því ekki hægt að vita nákvæmlega um orsakir umframgreiðslunnar, en fjmrn. hefur ekki beint afskipti af fjárreiðum Alþingis, heldur eru þær undir yfirstjórn forseta þingsins. Kostnaður við stjórnarráðið fór 13,2 millj. kr. fram úr áætlun og kostnaður við utanríkismál 4,8 millj. kr. Er hér fyrst og fremst um launagreiðslur að ræða.

Kostnaður við dómsmál fór 30 millj. kr. fram úr áætlun, sem aðallega stafar af launahækkunum, og kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta 18,5 millj. kr. fram úr áætlun, sem bæði stafar af launahækkunum og vanáætlun, einkum kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofu.

Heilbrigðismál fóru 25,5 millj. kr. fram úr áætlun, sem annars vegar stafar af sérstökum launahækkunum og enn fremur urðu tekjur Landspítalans 4,7 millj. kr. undir áætlun.

Umframgreiðslur til samgangna á sjó urðu 11,4 millj. kr. Er þar fyrst og fremst um að ræða Skipaútgerð ríkisins. Fór kostnaður við hana verulega fram úr áætlun, en þess ber þó að gæta, að halli sá, sem ríkissjóður greiðir Skipaútgerðinni, reyndist 5,8 millj. kr. lægri en árið áður.

Kennslumál fóru 48,2 millj. kr. fram úr áætlun og eru launahækkanir aðalskýring þeirrar umframgreiðslu. Sama er að segja um umframgreiðslu til flugmála 4,3 millj. kr., til vegaþjónustu 1,6 millj. kr., til opinberra safna 4,2 millj. kr. og til kirkjumála 3,1 millj. kr.

Framlög til landbúnaðarmála fóru 11 millj. kr. fram úr áætlun. Munar þar mestu um gjöld skv. jarðræktarlögum, 5,8 millj. kr., sem eru lögbundin og mjög erfitt að áætla fyrirfram. Sjávarútvegsmál fóru 18,9 millj. kr. fram úr áætlun, og er þar aðallega um að ræða framlag til fiskveiðasjóðs, 12,1 millj. kr., og til aflatryggingasjóðs, 4,9 millj. kr. umfram áætlun, en hvor tveggja þessara framlaga eru lögbundin. Iðnaðarmál fóru 2 millj. kr. fram úr áætlun og raforkumál 4,5 millj. kr.

Framlög til félagsmála fóru 22,1 millj. kr. fram úr áætlun og er meginhluti þeirrar umframgreiðslu framlag til almannatrygginga, 18 millj. kr., sem er bein afleiðing launahækkana. Óviss útgjöld fóru aðeins 1,4 millj. kr. fram úr áætlun og er fátítt, að ekki sé um verulega umframgreiðslu að ræða á þessum fjárlagalið. Raunverulega urðu þó gjöld þessi undir áætlun vegna þess, að með er talinn kostnaður vegna skiptimyntar, 2,3 millj. kr., sem stafar af óvenjulega miklum innkaupum skiptimyntar á árinu, en hagnaður hins vegar jafnan nokkur af sölu skiptimyntarinnar.

Eignabreytingar skv. 20. gr. þarfnast yfirleitt ekki skýringa. Öll tekin lán hafa verið endurlánuð, nema hluti af spariskírteinaláni 1966, þar var 12.1 millj. kr. óráðstafað í árslok. Veitt lán urðu alls rúmlega 68 millj. kr., þar af rúmlega 27 millj. vegna aðflutningsgjalda, sem hafa verið lánuð Rafmagnsveitum ríkisins og Landsvirkjun, 12

millj. endurlánað af spariskírteinaláni 1965 og tæplega 9 millj. kr., sem hafa verið lánaðar til Borgartúns 7.

Greiðsluafgangur ríkissjóðs á árinu 1966 varð 431,1 millj. kr. alls, en þó raunar 451,1 millj., því að þær 20 millj. kr., sem ráðstafað var af greiðsluafgangi til framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir árslok 1966 og heimilað var að greiða af greiðsluafgangi ársins, hafa verið bókfærðar sem umframútgjöld ríkissjóðs á árinu. Sjóðs- og bankainnistæður jukust á árinu um 411 millj. kr. og fyrirframgreiðslur vegna fjárl. 1967 urðu 94,2 millj. kr. hærri en fyrirframgreiðslur voru vegna fjárlaga 1966. Geymt innheimtufé ríkissjóðs hefur lækkað um 23,4 millj. kr., en geymdar fjárveitingar frá fjárl. 1966 og eldri fjárl. hafa hækkað um 157,2 millj. kr., þar eð reikningum var nú lokað fyrr. Árið 1962 varð greiðsluafgangur hjá ríkissjóði 161,7 millj. kr. og var á næsta ári ráðstafað 100 millj. kr. af þeim afgangi í sérstakan jöfnunarsjóð í Seðlabankanum og 39,8 millj. kr. til að greiða upp lán í Seðlabanka Íslands vegna smíði 10 togara og vegna skuldaskilasjóðs útvegsmanna. Árið 1963 var greiðsluafgangur 124,5 millj. kr., en þar af var á næsta ári ráðstafað 44,8 millj. kr. til hafnargerða, sjúkrahúsa og atvinnubótasjóðs. Árið 1964 var hins vegar greiðsluhalli, er nam 257,8 millj. kr. Loks varð 90,7 millj. kr. greiðsluhalli árið 1965, en þess ber þó að gæta, að sá jöfnuður er ekki fyllilega sambærilegur við jöfnuð hinna áranna vegna þess, að það ár var gerð sú breyting, að sjóði var lokað strax í árslok, en áður hafði honum venjulega verið haldið opnum nokkra mánuði fram á næsta ár.

Greiðsluafgangur ríkissjóðs 1966 er því hinn langhæsti, sem verið hefur. Vegna óhagstæðrar greiðsluþróunar ríkissjóðs síðustu tvö árin áður, var brýn nauðsyn að jafna yfirdráttarskuldir Seðlabankans og var það meginsjónarmið haft í huga við ráðstöfun greiðsluafgangsins. Hefði vitanlega verið æskilegast að ráðstafa engu af þessum greiðsluafgangi, eða a. m. k. ekki meira en svo, að hægt hefði verið að jafna stöðuna við Seðlabankann án þess að skerða þær 100 millj. kr., sem lagðar höfðu verið í jöfnunarsjóð af greiðsluafgangi ársins 1962. Þetta reyndist þó ekki auðið, fyrst og fremst vegna hinna miklu erfiðleika sjávarútvegsins, sem nauðsynlegt var vegna verðstöðvunarstefnunnar að afla fjár til að mæta án skattahækkana. Var hin góða afkoma ríkissjóðs 1966 þannig forsenda þess, að hægt var að koma á verðstöðvun án kjaraskerðingar, þrátt fyrir stóraukna aðstoð til sjávarútvegsins vegna hins alvarlega verðfalls útflutningsafurða. Var þannig 140 millj. kr. af greiðsluafgangi varið sem stofnfé til verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og 53 millj. kr. var ráðstafað til vegagerða, bygginga við menntaskóla og Landsspítala í sambandi við öflun fjár vegna framkvæmdaáætlunar ríkisins fyrir árið 1967. Enn fremur var 20 millj. kr. varið til þess að hraða greiðslu ríkisstyrks til togaraútgerðarinnar og 30 millj. lagðar til framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

Ljóst varð þegar við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1967, að hagur ríkissjóðs mundi breytast mjög til hins verra á því ári og djarft teflt um afkomu ríkissjóðs. Annars vegar var gert ráð fyrir, að hinn mikli innflutningur, sem var á árinu 1966, héldi áfram, þrátt fyrir fyrirsjáanlega mikla lækkun á útflutningstekjum, og hins vegar tók ríkissjóður á sig miklar kvaðir vegna verðstöðvunarinnar og viðbótaraðstoðar við sjávarútvegsinn, með sérstakri löggjöf um það efni í byrjun ársins. Í fjárl. yfirstandandi árs eru 200 millj. kr. áætlaðar til þess að mæta niðurgreiðslum beinlínis vegna verðstöðvunarinnar. Líkur eru til, að þau útgjöld hefðu farið 100 millj. kr. fram úr áætlun, ef verðstöðvunaraðgerðirnar hefðu orðið óbreyttar til ársloka, vegna nýrra niðurgreiðslna, sem ríkisstj. hefur neyðzt til að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir hækkun vísitölunnar. Hafa þar komið til ýmsar hækkanir, sem ófyrirséðar voru, þegar fjárl. ársins voru afgreidd, og þó raunar þá vitað, að niðurgreiðslur væru vanáætlaðar um nokkra milljónatugi, en jafnframt reiknað með, að tekjuskattur væri varlega áætlaður í fjárl.

Áætlað er, að þær uppbætur á fiskverð, sem ákveðnar voru með l. nr. 4 1967 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, kosti ríkissjóð 105 millj. kr. á þessu ári. En þeim útgjöldum átti að mæta með niðurskurði framlaga til fjárfestingar í fjárl. svo og lækkun á tekjum jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og lækkun á áætluðu framlagi til ríkisábyrgðasjóðs. Sýnt þykir, að ekki takist að ná að öllu leyti áætluðum niðurskurði framlaga til opinberra framkvæmda, þannig að um 15 millj. kr. vanti til þess að mæta þessum útgjöldum.

Við undirbúning fjárlaga yfirstandandi árs var meira vandað til rekstraráætlana opinberra stofnana en áður hefur verið auðið að gera og leitazt við að áætla útgjaldaþörfina raunhæft, þótt hvarvetna væri lögð áherzla á að spyrna fótum gegn óeðlilegri þenslu. Ef ekkert óvænt kemur fyrir, á því að vera hægt að forðast umframgreiðslur á flestum útgjaldaliðum fjárl., og strax í ársbyrjun voru öllum ríkisstofnunum send ströng fyrirmæli um að halda útgjöldum sínum innan ramma fjárl. Er ekki enn vitað um nein sérstök vandræði af þessum sökum og standa því enn vonir til, að umframgreiðslur verði engar að ráði, að undanteknum niðurgreiðslum og framlögum til sjávarútvegsins. Rekstrarútgjöld ríkissjóðs fyrstu 7 mán. ársins hafa að vísu verið greidd nokkuð örar í ár, hlutfallslega, en var árið 1966, eða sem nemur um 8% af heildarútgjöldunum. Er hér veigamest hinar auknu niðurgreiðslur á vöruverði og hraðari greiðsla útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir en var 1966, og enn fremur er þess að gæta, að ráðstafanir á greiðsluafgangi ársins 1966 færast sem útgjöld hjá ríkissjóði á yfirstandandi ári.

Horfur eru á, að verulegur samdráttur verði í þjóðartekjum á þessu ári og er það mikil breyting frá hinni óvenjulegu árlegu hækkun þeirra síðustu árin. Vetrarvertíðin var hin versta um áratugi, og síldveiðarnar hafa þar til síðustu vikurnar brugðizt mjög alvarlega. Til viðbótar er svo hið mikla verðfall allra helztu sjávarafurða, sem ekki hefur minnkað, svo sem menn vonuðu, heldur í veigamiklum atriðum enn aukizt verulega. Afli togara hefur að vísu verið góður, en það nægir skammt til að jafna metin. Er áætlað, að útflutningsverðmæti vetrarvertíðarafla sé 500 millj. minna en á s. l. ári og horfur um síldarafla enn mjög óvissar. Þann 1. okt. var verðmæti

útflutningsins um 1 þús. millj. kr. minna en árið 1966 á sama tíma, og horfur eru á, að verðmæti sjávarafurðaframleiðslu og útflutnings verði 20%—25% minni en 1966. Slík óheillaþróun hlýtur að hafa mjög alvarleg áhrif á allan þjóðarbúskapinn. En vegna útstreymis úr ríkissjóði í formi niðurgreiðslna og vegna notkunar gjaldeyrisvarasjóðsins, er afleiðinganna enn ekki tekið að gæta nema að litlu leyti í minnkandi innflutningi og viðskiptaveltu. Verður það fyrst á næsta ári, sem áhrifa þessarar þróunar fer að gæta að ráði, ef ekki úr rætist með aflabrögð eða verðlag.

Tekjuáætlun ríkissjóðs var tekin til rækilegrar endurskoðunar bæði í júlí og ágúst í sambandi við undirbúning fjárlaga. Er enn þá talið, að tekjuáætlun fjárlaga muni að mestu leyti standast, þó tilfærslur séu milli einstakra liða. Þannig mun t. d. tekju- og eignarskattur ekki verða hærri en áætlun fjárlaga, svo sem vonazt hafði verið til, heldur sennilega um 50 millj. kr. lægri. Hafa miklar breytingar orðið í tekjuhlutföllum milli einstakra skattumdæma frá árinu áður. Aðflutningsgjöld eru áætluð lítið eitt hærri í þessum fjárlögum, en söluskattur aftur á móti áætlaður lægri um svipaða upphæð. Horfur eru á, að leyfisgjöld fari nokkuð fram úr áætlun, og hagnaður Áfengis- og tóbaksverzlunar e. t. v. um 40 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga, miðað við óbreytt verð. Varð mikil söluaukning á áfengi og tóbaki fyrstu mánuði ársins, en úr henni hefur dregið mjög hina síðari mánuði.

Innheimta ríkistekna fyrstu 9 mánuði ársins gekk nokkru betur en á sama tíma s. l. ár. Hafði í septemberlok verið innheimt 65.3% ríkistekna, en 62% á sama tíma í fyrra. Hefur af hálfu ráðuneytisins verið lögð rík áherzla á að bæta innheimtu ríkistekna, en verulega hefur á það skort, að innheimta væri í lagi hjá ýmsum innheimtumönnum ríkissjóðs utan Reykjavíkur. Hefur ríkisendurskoðuninni verið falið að fylgjast með innheimtunni og sérstök áminningarbréf send öllum innheimtumönnum ríkissjóðs. Hefur sérstök áherzla verið lögð á að koma innheimtu söluskatts í viðunandi horf og jafnframt að afhenda ekki vörur án tollgreiðslu. Hefur töluvert þokazt í rétta átt í þessum efnum, en þó er enn of víða pottur brotinn, og mun öllum tiltækum ráðum verða beitt til þess að koma innheimtunni í viðunandi horf.

Þann 1. okt. nam yfirdráttarskuld ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum 431,4 millj. kr., og hafði viðskiptastaðan versnað um 182,9 millj. kr. frá 1. okt. 1966. Er hér um mjög alvarlega þróun að ræða, sem búast verður við í tæka tíð. Með þeim ráðstöfunum til tekjuöflunar og til að létta útgjöldum af ríkissjóði, sem ríkisstj. hefur gert eða leggur til að gerðar verði, má vænta þess, að ekki verði um neinn verulegan greiðsluhalla að ræða á yfirstandandi ári, en ella má gera ráð fyrir 100—200 millj. kr. greiðsluhalla.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1968 ber það með sér, sem raunar flestir munu hafa búizt við, að kjaraskerðing verður nú ekki lengur umflúin. Varasjóðurinn frá 1966 er þrotinn, svo ekki er lengur auðið að halda vísitölu niðri með niðurgreiðslum, og tekjuhorfur ríkissjóðs á næsta ári eru óvissari en oftast áður. Að vísu er vonazt til, að ekki þurfi að grípa til innflutningshafta á næstunni, og ekki virðist óeðlileg bjartsýni að vænta þess, að verðlag og aflabrögð verði eitthvað betri á næsta ári. Hins vegar hefur tekjurýrnun vafalaust orðið veruleg á þessu ári hjá ýmsum stéttum, og má því gera ráð fyrir, að eitthvað dragi úr kaupgetu. Loks hlýtur sú kjaraskerðing, sem nú verður ekki lengur umflúin, að draga eitthvað úr viðskiptaveltu. Þótt kjaraskerðingin verði nú að ákvarðast í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, þá á ríkisreksturinn sem slíkur engan þátt í kjaraskerðingunni, heldur er hún eðlileg afleiðing hinnar miklu rýrnunar þjóðartekna, sem verðfall og aflabrestur hafa leitt af sér. Þegar fjárlagadæmið var gert upp, kom í ljós, að skorta mundi um 750 millj. kr. til þess að ná endum saman, en það samsvarar u. þ. b. 4% af þjóðartekjum. Var þó í því dæmi ekki gert ráð fyrir nema um 90 millj. kr. lækkun ríkistekna frá þessu ári, og áætlanir ríkisrekstrarins skornar svo róttækt niður, að þar var ekki gert ráð fyrir nema um rúmlega 80 millj. kr. hækkun, eða um 1.8%.

Það, sem vó langþyngst í þessu dæmi, voru niðurgreiðslur á vöruverði, en þær mundu á næsta ári hafa kostað ríkissjóð 930 millj. kr., ef halda hefði átt áfram öllum þeim niðurgreiðslum, sem upp hafa verið teknar í sambandi við verðstöðvunina, og er þá ekki neitt áætlað fyrir frekari verðhækkunum, sem reynslan hefur sýnt, að alltaf eru óumflýjanlegar, þótt reynt sé að halda öllu í skorðum. Af þessari miklu fjárhæð nema niðurgreiðslur vegna verðstöðvunarinnar rúmum 400 millj. kr. En næstþyngsti bagginn voru framlögin til sjávarútvegsins, sem á þessu stigi málsins sýnist augljóst, að ekki verður unnt að skerða á næsta ári, heldur miklu fremur vafasamt, að þar náist saman endar, þrátt fyrir sömu aðstoð ríkisins. Það mál verður þó að skoðast allt miklu nánar og því eðlilegt við undirbúning fjárlaga að miða við sömu aðstoð og veitt hefur verið á þessu ári. Með sérstökum lögum voru veittar í ár 140 millj. kr. til verðjöfnunarsjóðs hraðfrystiiðnaðarins og 100 millj. kr. til uppbóta á fiskverð umfram þær 80 millj., sem veittar eru í fjárlögum. Framlagið til verðjöfnunarsjóðsins var greitt af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1966 og er því sú tekjulind ekki lengur fyrir hendi. Fiskverðsuppbótunum var að vísu mætt með niðurskurði á fjárfestingarútgjöldum ríkissjóðs, lækkun á framlagi til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og lækkun á framlagi til ríkisábyrgðasjóðs. Þótt almennt sé að vísu haldið áfram 10% niðurskurði á fjárfestingarframlögum ríkissjóðs, þá er þó um óumflýjanlega beina hækkun að ræða á einstökum fjárfestingarliðum. Ekki þykir fært að skerða aftur framlagið til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og horfur eru á mjög versnandi hag ríkisábyrgðasjóðs vegna aukinna vanskila, þannig að óumflýjanlegt er talið að hækka framlag til hans á næsta ári um 40 millj. frá raunverulegu framlagi í ár. Verði áfram greitt úr verðtryggingasjóði eftir sömu reglum og nú er fylgt, þá á að nægja að áætla framlag til hans á næsta ári 100 millj. kr. En hér eru þá samtals um 200 millj. kr. til sjávarútvegsins, sem verður að afla fjár til á næsta ári.

Vegna verðstöðvunarinnar hefur Tryggingastofnun ríkisins verið bannað að hækka iðgjöld almannatrygginga á þessu ári, og hefur það haft í för með sér um 50 millj. kr. tekjumissi fyrir Tryggingastofnunina. Áætlar stofnunin því að þurfa um 115 millj. kr. til þess að jafna þann halla á næsta ári. Þá var heldur ekki látin koma til framkvæmda fyrirhuguð hækkun daggjalda á sjúkrahúsum, heldur var sú hækkun greidd niður.

Fram hjá þessum óskemmtilegu tölum verður ekki komizt með nokkru móti og því aðeins um það að ræða að meta það, hvernig þessum miklu útgjöldum verði mætt með sem minnstri kjaraskerðingu. Er það meginatriðið, sem haft hefur verið að leiðarljósi við lausn dæmisins. Verðstöðvunin hefur tvímælalaust á margan hátt haft heillavænleg áhrif, ekki sízt á þann hátt að venja fólk í meginefnum við stöðugt verðlag og þar með meiri trú á raungildi peninga heldur en verið hefur oftast undanfarna áratugi. Það er því hin brýnasta nauðsyn, að í meginefnum verði ekki horfið frá þeirri stefnu, enda byggist lausn fjárlagadæmisins á því, að hvorki komi til almennra kauphækkana né almennra hækkana á vöruverði.

Gengislækkunar má ekki grípa til nema sem algjörs neyðarúrræðis, enda hefði hún fleytt af stað nýrri verðbólguöldu og á engan hátt verið hentug lausn á þeim vanda, sem nú er við að glíma, því að gengislækkun hefur varanleg áhrif. Nú er annars vegar við að glíma aflabrest, sem ekki er ástæða til að halda að verði varanlegur, og hins vegar við mjög skyndilegt verðfall og óstöðugt verðlag útflutningsframleiðslunnar, þannig að ógerlegt er að átta sig á, við hvaða verðlag ætti að miða gengisskráningu. Hækkun söluskatts hefur þá annmarka, að hún leiðir til almennrar verðhækkunar og mjög hætt við, að í kjölfar þeirrar hækkunar verði reynt að fá fram hækkanir af öðrum ástæðum. Hvorug þessara leiða er því æskileg í dag miðað við þá stefnu að halda verðstöðvuninni áfram í meginatriðum.

Að þessum leiðum slepptum var því ekki um annað að ræða en annars vegar að draga úr niðurgreiðslum á vöruverði, sem eru meginorsök útgjaldaauka ríkissjóðs, og hins vegar að grípa til skattahækkana á takmörkuðum sviðum, sem ekki hafa almenn áhrif á verð vöru og þjónustu. Niðurgreiðsla á vöruverði í sambandi við verðstöðvunina var aðferð til þess að fresta kjaraskerðingu, sem þegar var orðin, í trausti þess, að útflutningsframleiðslan yrði þess umkomin að taka á sig þá vísitöluhækkun að verðstöðvunartímabilinu liðnu. Eðlileg afleiðing þess, að hagur útflutningsframleiðslunnar hefur ekki batnað, er því sú, að þessar niðurgreiðslur, sem ná til fárra vörutegunda, verði nú felldar niður og neytendur þessara vara verði að taka þær á sig í hækkuðu vöruverði. Er hér um að ræða rúmar 400 millj. kr., sem nú er lagt til að fella niður, enda hafa raunar bæði bændasamtök og launþegar lýst því yfir, að það væri til lengdar mjög vafasöm stefna að fela raunverulegt verðlag með niðurgreiðslum. Engu að síður verða enn gildandi niðurgreiðslur, er nema 519 millj. kr., á næsta ári. Með þessari einu ráðstöfun er hægt að leysa helming fjárlagadæmisins.

Þá er fyrirhugað að leyfa hækkun daggjalda á sjúkrahúsum, svo sem ráðgert var í fyrra, og enn fremur að heimila Tryggingastofnun ríkisins eðlilega hækkun iðgjalda almannatrygginga, því að ógerlegt er að synja tryggingunum um þá tekjuöflun ár eftir ár. Gert er ráð fyrir að leggja söluskatt á þjónustu pósts, síma, hljóðvarps og sjónvarps, og áætlað, að sú ráðstöfun gefi um 40 millj. kr. tekjur. Afkoma landssímans er mjög góð og talið auðið að gera ráð fyrir, að hann geti skilað 20 millj. kr. í ríkissjóð sem hagnaði á næsta ári. Ætlunin er að endurskoða gildandi reglur um undanþágu varðandi leyfisgjöld af bifreiðum með það í huga að skerða þær nokkuð og takmarka, enda eru þær undanþágur á ýmsan hátt varasamar. Almenn verðhækkun á áfengi og tóbaki var síðast framkvæmd haustið 1965. Hefur því verð á þessum vörum að mestu verið óbreytt í tvö ár. En nú hefur verðið verið hækkað um 13%, sem er þó töluvert minna en kaupgjald hefur hækkað raunverulega á þessu tímabili. Af eðlilegum ástæðum varð að framkvæma þessa verðhækkun og lækkun niðurgreiðslna áður en fjárlagafrumvarpið var lagt fram, ella hefði mátt gera ráð fyrir óeðlilegri birgðasöfnun þeirra aðila, sem bezt efni hafa á að birgja sig upp af slíkum vörum.

Þá er ætlunin, að fasteignamat við ákvörðun eignarskatts verði á næsta ári tólffaldað í stað þess að það er nú sexfaldað, þannig að núgildandi mat er raunverulega tvöfaldað. Nýja fasteignamatið er það langt á veg komið, að sýnt þykir, að hið endanlega fasteignamat verði ekki undir þessari margföldun. Þar sem gert er ráð fyrir, að hið nýja mat taki gildi á árinu 1969, er þessi ákvörðun nú miðuð við eitt ár. Skattfrjáls lágmarksupphæð fasteigna er einnig tvöfölduð. Áætlað er, að tekjuauki af þessari ráðstöfun verði um 60 millj. kr. á næsta ári.

Loks er gert ráð fyrir, að á verði lagður á næsta ári sérstakur farseðlaskattur, er verði 3000 kr. á hvern farseðil. Hugmyndin um þennan skatt kom fram á árinu 1965 í sambandi við jöfnun greiðsluhalla ríkissjóðs þá, en mætti miklum andbyr af ýmsum ástæðum. Hér er líka um skattgjald að ræða, sem almennt er óeðlilegt og óæskilegt, en getur verið jafnsjálfsagt við þær aðstæður, sem við stöndum nú andspænis. Það er hverjum manni augljóst, að ferðagjaldeyrir er nú seldur undir sannvirði, þar sem verulegir styrkir eru nú greiddir til öflunar gjaldeyrisins. Það er því ógerlegt að afhenda þennan gjaldeyri undir kostnaðarverði til eyðslu erlendis, þar sem verðlag er mun hagstæðara en hér og til kaupa á vörum, sem fluttar eru inn ótollaðar. Er áætlað, að skattur þessi gefi yfir 60 millj. kr. á næsta ári.

Ég tel ekki ástæðu til þess að eyða lengri tíma ræðu minnar til þess að gera grein fyrir þessum ráðstöfunum til að jafna greiðsluhalla á fjárlögum, þar eð sérstakt frumvarp um löggildingu flestra þessara aðgerða er til meðferðar hér í Alþ., og í sambandi við það frumvarp munu verða rædd hin einstöku atriði efnahagsþróunarinnar og grundvallarstefna ríkisstj. í þeim efnum, auk þess sem hæstv. forsrh. hefur í stefnuyfirlýsingu sinni í byrjun þings gert grein fyrir meginatriðum þessa máls.

Gert er ráð fyrir, að aðgerðir þessar leiði til

7,2% hækkunar á framfærsluvísitölu skv. núgildandi grundvelli, eða 4,1% hækkunar skv. nýja grundvellinum, sem gefur mun réttari mynd af framfærslukostnaðinum. Verður almenningur að taka á sig þá byrði án hækkunar kaupgjaldsvísitölu.

Er hér ekki um meiri kjaraskerðingu að ræða en svo, að kaupmáttur tímakaups verkamanna á árinu 1968 verður ekki lægri en á fyrri hluta árs 1966, áður en verðfall útflutningsframleiðslunnar hófst. Er því tvímælalaust um minni kjaraskerðingu að ræða en gera hefði mátt ráð fyrir miðað við allar aðstæður og horfur.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1968 er í nýjum búningi, sem er svo gerbreyttur frá fyrri gerð fjárlaga, að naumast stendur steinn yfir steini frá hinu eldra skipulagi, svo hv. þm. mun vafalaust þykja erfitt um vik að fá samanburð við fyrri fjárlög. Þessi róttæka skipulagsbreyting fjárlaga stafar ekki af því, að fjmrn. hafi löngun til að villa um fyrir þingmönnum, heldur er hér um að ræða hið fyrsta fjárlagafrv., sem samið er samkv. lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sem sett voru á árinu 1966. Sennilega hafa þm. naumast gert sér fulla grein fyrir þessari róttæku breyt. um gerð fjárlaga, sem verið var að ákveða, en ég hygg þó, að við nánari athugun megi allir sannfærast um það, að þessi breyt. sé stórlega til batnaðar og mönnum reynist með tímanum auðveldara en áður að gera sér grein fyrir ríkisbúskapnum, bæði í heild og í einstökum atriðum hans. Með hinni nýju gerð fjárlaga er í senn dregin upp miklu gleggri mynd en áður af ríkisbúskapnum, og jafnframt er þessi breyt. óumflýjanleg til samræmingar nútíma skýrslugerðaraðferðum og til að gera kleift að nota skýrsluvélar í stærri stíl við gerð fjárlaga og í þágu ríkisbókhalds.

Til þess að gera mönnum auðveldara að átta sig á breytingunni, þá er miklu nákvæmari greinargerð með fjárlagafrv. nú en áður hefur tíðkazt, og ýmiss konar töflur og fylgiskjöl til að auðvelda samanburð við núgildandi fjárlög. Hefur sérstök áherzla verið á það lögð að auðvelda mönnum þann samanburð með því að draga saman í sérstöku yfirliti sambærilega liði hins nýja frv. og núgildandi fjárlaga, þótt sá samanburður geti vitanlega aldrei verið tæmandi, svo sem nánar er skýrt í greinargerðinni. Breytingar eru svo nákvæmlega raktar í greinargerð frv., að ég mun hér aðeins stikla á þeim helztu, enda tæki allt of langan tíma að rekja breytingarnar í einstökum atriðum. Meginefnisbreyting frv. er í því fólgin, að nú eru teknir í fjárlög allir skattar, sem á liðnum árum hafa verið á lagðir til margvíslegra sérþarfa, og mun áreiðanlega mörgum þykja fróðlegt að sjá, hversu athafnasamt þingið hefur verið í þeim efnum og jafnframt gera sér grein fyrir, hversu óvarlega oft hefur verið farið á þessu sviði og ótal sérgjöld á lögð án nokkurs samræmds heildarmats á þeim þörfum, sem sérskattarnir annars vegar og fjárveitingar ríkissjóðs hins vegar eiga að fullnægja.

Er mjög lærdómsríkt að draga upp þessa mynd og gefur áreiðanlega tilefni til margvíslegrar umþenkingar. Þessi sérstöku gjöld eru 46 að tölu og fela í sér 1222 millj. kr. skattheimtu á þjóðfélagsborgarana, eða samsvara u. þ. b. ⅕ hluta af tekjum ríkissjóðs.

Hefur ótrúleg hugvitssemi verið sýnd við að finna út alls konar gjaldstofna. Fyrirferðarmestu gjöldin eru almannatryggingagjöld, sem renna til Tryggingast. ríkisins, 248 millj., lífeyristryggingagjald atvinnurekenda, sem einnig rennur til Tryggingast. ríkisins, 124 millj., innflutningsgjald af benzíni, sem rennur til vegasjóðs, 252 millj., launaskattur, sem rennur til byggingasjóðs ríkisins, 107 millj., bifreiðaskattur, sem rennur til vegasjóðs, 74 millj., iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs, 42 millj., slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjöld af trillubátum og áhættuiðgjöld af búvélum, sem renna til Tryggingast. ríkisins, 43 millj., aðflutningsgjald af sjónvarpstækjum, sem rennur til ríkisútvarpsins til uppbyggingar sjónvarps, 20 millj., gúmmígjald, sem rennur til vegasjóðs, 14 millj., flöskugjald, sem rennur til styrktarsjóðs vangefinna, 18 millj., og annar hluti flöskugjalds, sem rennur til Hjartaverndar, 6 millj., bifreiðaskattur vegna hægri umferðar, 16 millj., og vegagjald, sem rennur til vegasjóðs, 15 millj., verðjöfnunargjald, sem rennur til Rafmagnsveitna ríkisins, 22 millj., aukagjald er lagt á selda vindlinga, sem nemur 13 millj. og rennur til hvorki fleiri né færri en fjögurra aðila, Landgræðslusjóðs, Krabbameinsfélags Íslands, Íþróttasambands Íslands og Slysavarnafélags Íslands.

Allir renna sérskattar þessir til nytsamlegra mála, en það þarf ekki mikla athugun til að gera sér grein fyrir því, að ákvörðun gjaldanna hefur oft verið tilviljanakennd og ekkert eðlilegt hlutfall milli upphæðar gjalds og þeirra þjóðfélagsþarfa, sem það á að standa undir. Er sérstaklega eftirtektarvert að bera saman hin ýmsu sérgjöld og þær fjárveitingar, sem sambærilegir aðilar verða að láta sér nægja í fjárlögum hverju sinni. Það er hin brýnasta nauðsyn að taka allt þetta kerfi til heildarendurskoðunar, gera heildarúttekt og samanburð á verkefnum, sem sérskattarnir og ríkisfjárveitingar eiga að leysa, og verður það eitt verkefni Fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar í samráði við ýmis ráðuneyti að taka þessa skattheimtu alla til heildarathugunar, enda getur staðgreiðslukerfi skatta gert ýmsar breytingar sérskatta nauðsynlegar.

Sjálfur er ég þeirrar skoðunar, að svokölluð eyrnamerking tekjustofna til tiltekinna þarfa sé í meginefnum röng stefna, þótt hún hafi oftlega verið valin vegna þess, að fjárveitingar hafa ekki verið fáanlegar eftir venjulegum leiðum, og minna umróti talið valda að leggja á sérgjöld til tiltekinna þarfa heldur en að hækka almennt skatta til ríkisins til að mæta þessum þörfum. Vitanlega er líka eðlilegt, að sérgjöld séu á lögð til vissra þarfa, þar sem gjöldin og verkefnin eru nátengd, svo sem iðgjöld vegna trygginga, eða sem endurgjald tiltekinnar þjónustu. Hafa þó áhrif þeirra gjalda eigi ætíð verið könnuð sem skyldi, svo sem námsbókagjald, sem hefur meiri áhrif til hækkunar á vísitölu en nemur öllum tekjum af gjaldinu. Er það gjald nú í sérstakri athugun.

Oft er talað um óheyrilegan kostnað við skattheimtu ríkisins, en þegar þess er gætt, að einhverjar greinar skattkerfisins annast bæði álagn-

ingu og innheimtu þessara sérskatta, verður mönnum e. t. v. ljóst, hversu stórbrotið þetta verkefni er og umfangsmikið. Í fjárlagafrv. er öll þessi háa upphæð sérskatta færð ríkissjóði til tekna sem aðrar tekjur ríkissjóðs, og veldur þetta að sjálfsögðu stórkostlegri hækkun á fjárlagafrv. umfram venjulegar hækkanir. Síðan eru gjöldin færð sem fjárveiting til þeirra stofnana, sem þau, lögum samkvæmt, eiga að renna til, þannig að jöfnuður næst tekna og gjalda megin.

Hingað til hefur það verið næsta tilviljanakennt, hvaða ríkisstofnanir væru teknar í fjárlög, en nú eru allar ríkisstofnanir teknar í fjárlögin, að undanteknum ríkisbönkunum, stofnlánasjóðum atvinnuveganna og svo nokkrum ríkisfyrirtækjum, sem ekki hefur tekizt að fá áætlanir frá, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli til hlutaðeigandi ráðuneyta og fyrirtækja. Gefst Alþ. með þessum hætti heildaryfirsýn yfir rekstur ríkisins, sem það hefur ekki átt kost á í eldri gerð fjárlaga. Allri greinaskiptingu og niðurröðun efnis er raskað frá núverandi mynd fjárlaga. Frv. skiptist í tvo hluta, A og B. Í A-hlutanum er gerð grein fyrir fjárreiðum ríkissjóðs og ríkisstofnana, og svarar sá hluti til allra eldri fjárlaganna, að undanskilinni 3. gr. þeirra og nokkrum stofnunum í öðrum greinum, svo sem flugmálastjórn og ríkisspítölunum. Í B-hlutanum er hins vegar yfirlit um rekstur ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign. Að því leyti, sem þessi hluti frv. er sambærilegur við núgildandi fjárlög, svarar hann til 3. gr. þeirra. Öllum útgjöldum er nú skipt niður á viðkomandi rn. og leitazt við að sýna á einum stað heildarkostnað við hvert rn. og og málefni þess. 20. gr. núgildandi fjárlaga, þar sem nú er að finna fjárveitingar til fjárfestingar, er nú algjörlega felld niður og fjárfestingarútgjöldum er skipt niður á viðkomandi stofnanir. Sömuleiðis er vaxtagjöldum skipt niður á þær stofnanir, sem lánanna njóta, og afborganir af þessum lánum eru færðar neðan við yfirlit um rekstrargjöld og rekstrartekjur hverrar stofnunar. Fæst með þessu heildaryfirsýn yfir útgjöld hverrar stofnunar í stað þess, að vextir og afborganir lána hafa verið færðar ósundurliðað.

Þá er það mikilvægur þáttur nýskipunar í gerð fjárlaga, að ætlunin er að hafa tvenns konar sundurliðun útgjalda hjá hinum einstöku stofnunum, annars vegar eftir viðfangsefnum og hins vegar eftir tegundum útgjalda. Mun þetta gefa ljósari mynd af starfsemi stofnananna, ef vel tekst til, en hér er um flókið og erfitt viðfangsefni að ræða, sem reynt verður að útfæra almennt við undirbúning næstu fjárl. Í sumum tilfellum er þessi nýja skipting þegar tekin upp varðandi einstakar stofnanir, en í gildandi fjárl. eru báðar þessar tegundir sundurliðunar til, þó að jafnaði blandað saman, svo að hvorugt verður að fullu gagni. Þá er í frv. tekið upp talnakerfi, sem miðast við, að það geti fallið að notkun rafeindatækni við gerð fjárl. og síðan við færslu og uppgjör ríkisreiknings.

Að baki þessari skipulagsbreytingu á gerð fjárlaganna liggur geysileg vinna, og hefði verkið mátt teljast óleysanlegt, ef ekki hefði verið gerð sú skipulagsbreyting á fjmrn., að setja þar upp sérstaka Fjárlaga- og hagsýslustofnun undir yfirstjórn hagsýslustjóra ríkisins og jafnframt til komið mikilvæg aðstoð Efnahagsstofnunarinnar. Nákvæm og vel undirbúin gerð fjárl. er veigamikill þáttur í því viðfangsefni að hafa jafnan nægilega trausta yfirsýn yfir þjóðarbúskapinn og þróun hans og eru allar hagsýslu- og sparnaðaraðgerðir fánýtar, ef ekki er byggt upp fullkomið upplýsingakerfi til stöðugs eftirlits með þróun ríkiskerfisins og viðfangsefnum þess. Ég hika ekki við að fullyrða, að með tilkomu Efnahagsstofnunarinnar og Fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjmrn. hafi verið stigin veigamikil spor fram á við, sem í vaxandi mæli gerir okkur fært að taka viðfangsefnin nægilega föstum tökum og hagnýta hið takmarkaða fjármagn með betri árangri en áður. Mun ég síðar víkja nánar að því mikilvæga viðfangsefni og starfi Fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar að öðru leyti, en ég tel mér skylt á þessum stað að flytja ráðuneytisstjóra fjmrn. og hagsýslustjóra og starfsliði þeirra, sem á undanförnum vikum og mánuðum hafa oft lagt nótt við dag til þess að leysa hin flóknu og erfiðu viðfangsefni í samræmi við þá tímaáætlun, sem ég hef sett, þeztu þakkir fyrir hið mikla starf, og jafnframt forstjóra Efnahagsstofnunarinnar og sérfræðingum hans fyrir ómetanlega aðstoð við könnun ýmissa flókinna viðfangsefna. Jafnframt vil ég taka það fram, að rn. öll hafa sýnt mikinn samstarfsvilja að laga sig eftir hinum breyttu aðferðum við gerð fjárlagafrv. Loks þakka ég bankastjóra Seðlabankans og sérfræðingum bankans svo og hagstofustjóra fyrir mikilvæga aðstoð og starfsliði Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Peningaþróunin í ár hefur verið með þeim hætti, að mikið skortir á, að tekizt hafi að afla þess fjár, sem áætlað var vegna framkvæmdaáætlunar ársins, bæði til stofnsjóða atvinnuveganna og til hinna einstöku ríkisframkvæmda, sem fjármagna átti með lánsfé. Fjáröflun til stofnlánasjóðanna er á vegum framkvæmdasjóðs ríkisins, og geri ég það viðfangsefni ekki hér að umtalsefni, en fjár til ríkisframkvæmda átti að meginhluta að afla með sölu spariskírteina, en að öðru leyti með PL-480 láni, endurgreiðslum af enska láninu, sem tekið var 1963, og loks af greiðsluafgangi 1966.

Vegna hins mikla álags á bankakerfið hefur verið farið varlega í útgáfu spariskírteina og aðeins boðnar til sölu 50 millj. kr. af 125 millj., sem átti að afla eftir þeirri leið. Enn vantar því 75 millj. kr., sem ákveðið hefur verið að bjóða nú út, að nokkru leyti í nýju formi, en vitanlega er með öllu óvíst, hvort hægt er að selja öll þessi skuldabréf.

Hefur af þessum sökum safnazt allveruleg yfirdráttarskuld í Seðlabankanum vegna framkvæmdaáætlunarinnar. Ríkisframkvæmdir þær, sem fjár hefur verið aflað til síðustu árin innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar, eru að verulegu leyti samkynja þeim framkvæmdum, sem fjármagnaðar eru árlega með fjárveitingum í fjárlögum, enda þurfa lánin til þessara framkvæmda yfirleitt að lokum að greiðast úr ríkissjóði. Hefur þessum lántökuaðferðum verið beitt, vegna þess að ekki hefur verið talið auðið að leggja fram fé til þessara framkvæmda beint úr ríkissjóði með þeim hraða, sem framkvæmdaþörfin hefur krafizt. Eðlilegt er að afla með lán-

tökum fjár til stórframkvæmda, sem þurfa að vinnast á skömmum tíma og ekki eru varanlegt viðfangsefni, en aftur á móti er varhugavert að fjármagna um of með lánum þær ríkisframkvæmdir, sem segja má, að séu stöðugt viðfangsefni, svo sem skólabyggingar, sjúkrahús og framkvæmdir við flugvallagerð og hafnargerð, nema um sérstök verkefni sé að ræða. Var því á þessu ári 13 millj. kr. varið til sjúkrahúsa og 13 millj. kr. til skólabygginga innan framkvæmdaáætlunarinnar af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1966, og enn fremur 27 millj. kr. til vegagerðar, fyrst og fremst vegna sérstakra áfalla vegakerfisins 1966. Er á yfirstandandi ári gert ráð fyrir að afla til margvíslegra ríkisframkvæmda, innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar, samtals 309 millj. kr. Vegna fyrirsjáanlegra erfiðleika við slíka fjáröflun á næsta ári, þótti óumflýjanlegt nú í sambandi við undirbúning fjárlaga að gera einnig bráðabirgðaáætlun um ríkisframkvæmdir innan ramma framkvæmdaáætlunar á næsta ári, og gera sér grein fyrir, hvað væri hugsanlegt að afla mikils fjár að óbreyttum aðstæðum til þessara framkvæmda. Er ljóst, að annaðhvort verður að draga mjög verulega úr þessum ríkisframkvæmdum eða þá að verja í auknum mæli fé beint úr ríkissjóði til þeirra, því að ekki þykir auðið að gera ráð fyrir nema 125 millj. kr. fjáröflun til framkvæmdanna innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar á næsta ári. Er augljóst, að ekki er hægt að koma við jafnmikilli skuldabréfasölu á næsta ári og í ár, og þær 53 millj. kr. af greiðsluafgangi, sem varið var til framkvæmdaáætlunarinnar í ár, verða auðvitað heldur ekki til staðar á næsta ári. Það er hins vegar verulegum takmörkunum háð, hvað hægt er að draga úr þessum framkvæmdum. Miklar fjárhæðir, einkum á sviði vegamála, eru óumflýjanlegar til þess að standa straum af eldri skuldbindingum í sambandi við Keflavíkurveg og fleiri lántökur, og í ýmsum tilfellum er um byggingar og mannvirki að ræða, sem eru í smíðum og samningar hafa verið gerðir um við ákveðna verktaka.

Ég ætla ekki að gera framkvæmdaáætlunina í einstökum atriðum að umtalsefni. Fyrir henni mun verða gerð grein síðar. En þrátt fyrir hina brýnu nauðsyn þess að halda niðri útgjöldum ríkissjóðs á næsta ári, verður ekki hjá því komizt að taka í fjárlög allverulegar fjárhæðir, sem áður hefur verið aflað með lántökum innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar. Er jafnframt ákveðið að draga mjög verulega úr þessum framkvæmdum, miðað við yfirstandandi ár, og leysa aðeins hin brýnustu verkefni, sem ógerlegt er að skjóta á frest. Nema þessar framkvæmdir alls 29 millj. kr., þar af 15 millj. kr. vegna kísilvegarins, 2,6 millj. vegna kennaraskólans, 3,4 millj. vegna ríkissjúkrahúsa og 8 millj. vegna menntaskóla. Er hér í öllum tilfellum um samningsbundin verkefni að ræða, sem engin tök eru á að skjóta á frest. Er að öðru leyti talið auðið að leysa framkvæmdaþörfina með því fjármagni, sem hugsanlegt sýnist að afla með lánum á næsta ári og verður þá áreiðanlega á ýmsum sviðum naumt skorið.

Ég hef talið nauðsynlegt að víkja að þessum atriðum, áður en ég geri frv. sjálft að umtalsefni, en ég mun nú gera grein fyrir þeim meginsjónarmiðum, sem fylgt var við samningu frv., og helztu breytingum á einstökum fjárlagaliðum. Þar sem ljóst var við samningu frv., að óumflýjanlegt yrði að láta þjóðina taka á sig nokkra kjaraskerðingu um sinn, hlaut það að verða sanngirniskrafa á hendur ríkisvaldinu, að dregið yrði með öllum hugsanlegum ráðum úr ríkisútgjöldum á næsta ári. Vegna margvíslegra lögboðinna útgjalda og óhjákvæmilegra aukinna þjónustuútgjalda á ýmsum sviðum, m. a. vegna fjölgunar þjóðarinnar, svo sem á sviði skólamála, þá var við ramman reip að draga í þessu efni. Að auki komu svo til ýmis óhjákvæmileg fjárfestingarútgjöld, sem nú varð að taka í fjárlög. Í frv. er reiknað með óbreyttum launum frá fjárlögum yfirstandandi árs, að viðbættum launahækkunum, er leiddu af úrskurði kjaradóms, er nema ekki verulegum fjárhæðum, og óbreyttum öllum öðrum helztu kostnaðarliðum.

Þeirri grundvallarreglu hefur verið fylgt að hafna öllum beiðnum ríkisstofnana um fjárveitingar vegna nýrrar starfsemi og synjað jafnframt um hækkun styrkveitinga á öllum sviðum. Sé einhvers staðar breytt frá þessu grundvallarsjónarmiði, þá er það af óhjákvæmilegum ástæðum og á sínar sérstöku skýringar, en það er í sárafáum tilfellum. Þetta leiðir að sjálfsögðu af sér, að skotið er á frest ýmsum mikilvægum viðfangsefnum, en um það tjóar ekki að fást, þegar við svo sérstakt fjárhagsvandamál er að stríða og vona ég, að allir aðilar skilji nauðsyn þessa aðhalds. Því miður hafa ekki allar ríkisstofnanir skilið rétt þá viðleitni að meta sem raunhæfast útgjaldaþörf ríkisstofnana við samning síðustu fjárlaga og sýnilega talið það bera vott um lausari tök og að óhætt væri að ganga á lagið með auknar kröfur, en hér er um mikinn misskilning að ræða. Raunhæft og rétt mat útgjaldaþarfarinnar var einmitt forsenda þess, að hægt væri að taka fjárreiður stofnana föstum tökum og synja þeim um öll útgjöld umfram áætlun fjárlaga. Gera þessi vinnubrögð auðveldara nú að sporna gegn útgjaldahækkunum stofnana.

Vegna hins breytta skipulags fjárlaga hækka niðurstöður frv. geysimikið, miðað við fjárlög yfirstandandi árs, eða samtals um 1435 millj. kr., en frá þeirri tölu dragast 1244 millj., sem ekki höfðu áhrif á tölur fjárlaga 1967. Útgjöld frv. sambærileg við fjárlög 1967 nema 4877 millj., og er því heildarútgjaldahækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs 191 millj. kr. Þegar þess er gætt, að í tölu þessari er meðtalin 29 millj. kr. fjárveiting vegna framkvæmda, er voru í framkvæmdaáætlun yfirstandandi árs, og einnig 25 millj. kr. áætluð hækkun á framlagi til ríkisábyrgðasjóðs og 50 millj. vegna hækkana á eldri niðurgreiðslum og vöruverði, þá er nettóhækkun hinna almennu rekstrarliða ríkisins á næsta ári aðeins um 80 millj. eða um 1,8% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Vafalaust á þessi upphæð eitthvað eftir að hækka í meðförum þingsins, en ekki er ástæða til að ætla, að sú hækkun verði nokkur að ráði. 200 millj. kr. ný fjárlagaútgjöld til aðstoðar við sjávarútveginn jafnast út við 200 millj. kr. lækkun niðurgreiðslna og hafa því engin áhrif á þetta dæmi.

Í þessum tölum, sem ég hef nefnt, á ég við nettóhækkun allra útgjalda ríkisins, hækkunar-

liðirnir einir saman nema töluvert hærri upphæð en lækkanir hafa orðið á öðrum liðum. Mun ég nú víkja að einstökum liðum ríkisútgjalda, sem máli skipta.

Sú grundvallarbreyting er gerð á fjárveitingu til stjórnarráðsins, að heildarkostnaði við stjórnarráðið er nú deilt niður á einstök rn., en til þessa hefur ekki verið hægt að átta sig á því, hver væru raunveruleg heildarútgjöld hverrar stjórnardeildar fyrir sig. Tel ég hér vera um mjög jákvæða skipulagsbreytingu að ræða. Hér eftir kemur greinilega í ljós, hverju eytt er á vegum hvers rn. í ferðalög, risnu, beinan rekstur rn., nefndarkostnað og annan kostnað, en til þessa hefur hvert rn. í meginatriðum sjálft verið látið gera sína kostnaðaráætlun. Samanburð við gildandi fjárlög er erfitt að gera, en hann verður þó raunhæfastur með því að bæta öllum óvissum útgjöldum á 19. gr. við kostnað ráðuneytanna. Kemur þá í ljós, að heildarútgjöld við stjórnarráðið lækka um 3 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum, því þótt 10 millj. kr. séu nú veittar á vegum fjmrn. til að mæta óvissum útgjöldum, þá hefur óvissum útgjöldum, miðað við reynslu s. l. árs, raunverulega öllum verið skipt niður á einstök rn. Þykir þó óvarlegt að áætla ekki enn smávægilega fjárhæð til þess að mæta óvæntum útgjöldum. Það er oftast afleiðing af ýmsum samþykktum Alþ., að skipa verður nefndir til athugunar margvíslegra mála, óhjákvæmilegt er að senda fulltrúa á margvíslegar ráðstefnur, sem máli skipta fyrir þjóðina, og halda verður uppi sæmandi risnu, en hæglega geta öll þessi útgjöld orðið óhófleg, og því er nauðsynlegt að spyrna stöðugt við fótum og veltur í því efni mest á aðhaldi hvers rn. að sínum stofnunum og sér sjálfu. Tel ég höfuðnauðsyn, að þessum kostnaði verði haldið í algeru lágmarki á næsta ári og því mikla bót að því, að hvert rn. verður nú ábyrgt fyrir aðgerðum sínum í þessu efni, en getur ekki ávísað á sameiginlegan kostnaðarlið.

Kostnaður við forsetaembætti og Alþingi lækkar samtals um 1,5 millj., annars vegar vegna lækkunar á framlagi til bókhlöðu á Bessastöðum og hins vegar vegna nokkurrar lækkunar á rekstrarkostnaði Alþingis, en nokkur óvenjuleg útgjöld voru hjá Alþingi á yfirstandandi ári. Útgjöld á vegum fors.- og menntmrn. eru að meginhluta til á vegum menntamála. Áætlað er að verja 10 millj. kr. til kaupa og endurbóta á Viðeyjarstofu, sem er talin á vegum forsrn. Þau kaup eru gerð samkv. ákvörðun Alþingis. Mat hefur farið fram á eigninni, en ríkisstj. taldi það mat fjarri öllu raunsæi og krafðist því yfirmats, sem ekki er enn lokið. En óvarlegt þykir að leggja ekki til hliðar umrædda fjárhæð, enda augljóst, að mikill viðgerðarkostn. hlýtur að verða á Viðeyjarstofu. Samkv. nýsettum l. um skólakostnað er ákveðið, að vera skuli sérstök byggingadeild við menntmrn. Leiðir það til töluverðrar útgjaldaaukningar á næsta ári, sem þó má gera ráð fyrir, að geti skilað sér aftur í betra eftirliti. Þá er og nokkur aukning óhjákvæmileg á fjárveitingu vegna skólarannsókna þeirra, er komið var á stað á s. l. ári. Samtals er hér um 1,4 millj. kr. útgjaldaaukningu að ræða.

Að venju eru fræðslumálin langþyngsti útgjaldaaukinn. Hækka fjárveitingar til þeirra um 52,3 millj. kr. Eru þá með talin byggingarframlög ríkisskólanna, sem áður voru á 20. gr. fjárlaga. Kostnaður við barnafræðslu og gagnfræðamenntun hækkar samtals um 28,8 millj. vegna eðlilegrar nemendafjölgunar og aukins viðhalds og breytts skólahalds, þ. á m. lengingar skólatíma á ýmsum stöðum. Hér er þó um töluvert óvissa kostnaðaráætlun að ræða vegna hinnar nýju löggjafar um skólakostnað, sem sett var á síðasta þingi og sem því miður í ýmsum tilfellum er harla óljós og ónákvæm. Er nú unnið að setningu reglugerða, sem ákveða nákvæmlega framkvæmd löggjafarinnar, en gengið var út frá því við undirbúning þeirrar löggjafar, að heildarkostnaður ríkissjóðs vegna reksturs skólanna ykist ekki að neinu ráði, enda þótt einstökum kostnaðarhlutföllum væri breytt. Kennaralaun eru nú að öllu leyti greidd úr ríkissjóði, sem hefur þau áhrif, að greiðsla launanna verður örari úr ríkissjóði, því að hlutur sveitarsjóða var áður greiddur úr ríkissjóði eftir á. Nemur þessi breyting allverulegri fjárhæð, sem kemur fram í útgjaldaauka á næsta ári. Því miður virðist þessi skipulagsbreyting hafa valdið því, að mjög auknar kröfur eru nú uppi um fjölgun kennara víðs vegar og því nauðsynlegt að setja með reglugerð sterkar hömlur. Kemur hér í ljós eins og á fleiri sviðum, að kröfurnar virðast aukast allverulega, þegar kostnaðarhlutdeildinni er létt af sveitarsjóðunum og ríkissjóði ætlað að borga brúsann að fullu. Þótt einhver mistök kunni að hafa orðið við setningu skólakostnaðarlaganna og brýn nauðsyn sé að finna viðhlítandi lausn á héraðsskólamálunum, sem enn eru óleyst, þá eru ákvæði hinnar nýju skólakostnaðarlöggjafar um ákvörðun byggingarkostnaðar skólanna tvímælalaust til mikilla bóta jafnhliða hinu aukna byggingaeftirliti. Er í framhaldi af þessum aðgerðum nauðsynlegt að athuga, hvort ekki sé rétt og nauðsynlegt að sameina fjármálaeftirlitið og byggingaeftirlitið.

Framlag til Háskóla Íslands hækkar um 3,1 millj. vegna kennarafjölgunar í samræmi við kennaraáætlun og aukna stundakennslu. Hefur reynzt óumflýjanlegt að synja nú mörgum óskum háskólans um fjárveitingar, en undanfarin ár hefur óskum skólans um fjárveitingar að verulegu leyti verið sinnt. Þótt háskólinn sé alls góðs maklegur og gegni hinu þýðingarmesta hlutverki í þjóðfélaginu, þarf þó að gæta fyllstu hagsýni í rekstri hans eins og annarra ríkisstofnana í okkar litla þjóðfélagi. Er ekki að efa góðan vilja forráðamanna háskólans í þessu efni, en mikilvægt er að taka til athugunar, hvort ekki sé hægt að hagnýta betur starfskrafta háskólans og jafnframt reyna að finna úrræði til að sporna gegn hinum miklu nemendaafföllum í háskólanum. Hafa fróðlegar athuganir verið gerðar í því máli á vegum háskólans. Er vissulega bæði dýrt og ástæðulaust að halda uppi kennslu, lengri eða skemmri tíma, fyrir mikinn fjölda nemenda, sem aldrei lýkur háskólaprófi.

Framlög til menntaskólanna hækka um 11,9 millj. kr., þar af 7,3 millj. vegna byggingarframlaga, en auk þess verður mikil nemendafjölgun í skólunum við Hamrahlíð og að Laugarvatni haustið 1967. Er nú unnið að byggingu við menntaskólana í Hamrahlíð, á Akureyri og að

Laugarvatni, sem nauðsynlegt er að ljúka, en einnig eru veittar nokkrar fjárveitingar til fyrirhugaðra menntaskóla á Austurlandi og á Vestfjörðum. Aðsókn að Kennaraskólanum fer stöðugt vaxandi og er gert ráð fyrir, að í haust verði teknar inn 6 nýjar bekkjardeildir. Er kostnaðarauki af þessum sökum um 4,4 millj. Þá hefur verið gerður samningur við Reykjavíkurborg um byggingu æfingaskóla við Kennaraskólann og eru byggingarframlög til skólans nokkuð hækkuð af þeim sökum.

Framlög til styrktar ísl. námsmönnum hækka um 5,5 millj. kr. Er þar meðtalin sérstök 1860 þús. kr. fjárveiting til þess að mæta aukakostnaði námsmanna erlendis vegna fyrirhugaðs farseðlaskatts. Er talið ósanngjarnt, að skattur þessi lendi á námsmönnum, sem verða að stunda nám erlendis, en talið auðveldara að komast hjá misnotkun með því að veita sérstaka fjárveitingu á þennan hátt, heldur en að hafa almennt undanþáguákvæði í l. um farseðlaskatt. Þá er tekin upp sérstök fjárveiting, er svarar launum eins kennara, er hafi það sérstaka hlutverk að afla upplýsinga og vera til leiðbeiningar stúdentum varðandi nám erlendis. Hefur komið í ljós, að oft verða vandræði, vegna skorts á fullnægjandi upplýsingum um námsaðstöðu á hinum ýmsu stöðum erlendis og ætti með þessari ráðstöfun að vera hægt að koma í veg fyrir dýrkeypt mistök.

Auðið er að lækka byggingarframlög til Raunvísindastofnunar háskólans og Handritastofnunar Íslands um samtals 4 millj. kr. Fjárveitingar til safna, lista og annarrar menningarstarfsemi lækka um 800 þús. kr. Vegur þar þyngst til lækkunar framlag til Norræna hússins í Reykjavík, 1,5 millj. kr. Aftur á móti hækkar framlag til tónlistarskóla, sem er lögbundið, um 1 millj.

Smávægilegar breytingar eru á öðrum liðum. Vegna flutnings aðalbækistöðva Atlantshafsbandalagsins til Brüssel, hefur utanrrn. talið óumflýjanlegt að skipa sérstakan ambassador þar með tilheyrandi starfsaðstöðu. Nokkur sparnaður verður á móti við sendiráðið í París. Sendiráðunautur flyzt þaðan til Brüssel. Óhjákvæmilegt er talið í þessu sambandi að kaupa hús í Brüssel, en í staðinn er lagt til að selja hús, sem ríkið á í París. Þrátt fyrir þessa viðbót er heildarkostnaðarauki við sendiráðin ekki nema 1,6 millj. kr., þar eð til frádráttar kemur lækkun á kostnaði við sendiráðið í París og einnig nokkur lækkun hjá sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Óhjákvæmilegt er, að það kosti þjóðina verulegt fé að halda uppi nauðsynlegum samskiptum við aðrar þjóðir. Hins vegar er hér, sem á öðrum sviðum, vandratað meðalhófið og nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að 200 þús. manna þjóð verður að temja sér aðrar starfsaðferðir á þessu sviði en stórveldi. Tvö ný sendiráð hafa orðið til nú á skömmum tíma og því nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, hvort ekki sé tímabært að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna með hliðsjón af breyttum aðstæðum á mörgum sviðum. Virðist ekki fjarstætt að láta sér detta í hug, að auðið sé að leggja niður eitt eða jafnvel fleiri sendiráð. Getur þá jafnframt vaknað sú spurning, hvort ekki væri ástæða til að dreifa sendiráðunum á annan hátt en nú er gert. Að svo miklu leyti sem hér kann að vera um sparnaðarvon að ræða, er það mál fjmrn., og því hefur rn. beint þeim tilmælum til utanrrn., að það taki þetta mál til athugunar.

Framlög til alþjóðastofnana lækka um 2,9 millj. Framlagið vegna heimssýningarinnar, 4 millj., fellur niður, en aftur á móti er nokkur hækkun til annarra stofnana, fyrst og fremst til alþjóðlegu þróunarstofnunarinnar á vegum Alþjóðabankans, 1 millj. kr. Hér er um mjög mikilvæga stofnun að ræða til aðstoðar þróunarlöndunum, og hafði Ísland ekki nema að litlu leyti greitt lofað framlag sitt til hennar. Óskaði Alþjóðabankinn eftir, að framlagið yrði greitt að fullu á næstu árum, og þykir sjálfsagt að verða við þeim óskum bankans.

Vegna aukinnar umferðar um Keflavíkurflugvöll, m. a. með tilkomu þotu Flugfélagsins, var óumflýjanlegt að auka enn tollgæzlu á flugvellinum og verður um 1 millj. kr. kostnaðarauki af þessum sökum.

Framlög til landbúnaðarmála hækka um 13,1 millj. kr. Er meginhluti þeirrar upphæðar eða 10 millj. kr. lögbundið framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, en 1,8 millj. kr. er aukin fjárveiting til embættis yfirdýralæknis vegna búfjársjúkdóms þess, sem upp hefur komið í Eyjafirði, og ráðstafana til að uppræta hann. Þarf raunar enn að hækka þá fjárveitingu vegna ákvörðunar um niðurskurð sauðfjár og hrossa á nokkrum bæjum. Þá er 1 millj. kr. hækkun á framlagi vegna l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir. Ljóst er, að miklir erfiðleikar steðja nú að landbúnaðinum vegna lítils heyafla á þessu sumri í ýmsum héruðum. Sérstök n. hefur á vegum landbrn. unnið að athugun þess máls, og eru ekki enn komnar endanlegar till. frá þeirri n. Má gera ráð fyrir, að hlaupa verði undir bagga með bændum í sambandi við þetta mikla vandamál, þó að úr því verði ekki bætt nema að litlu leyti vegna almenns heyskorts í landinu, en það mál verður tekið til afgreiðslu við meðferð fjárlaga í þinginu.

Framlög til sjávarútvegsmála hækka um 213,8 millj. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Skiptir hér mestu máli áætlað framlag til uppbóta á fiskverð, 100 millj., og áætlað framlag til verðtryggingar á sjávarafurðum, 100 millj. Er hér raunverulega ekki um hækkun að ræða, en báðar þessar fjárveitingar voru ákveðnar með sérstökum l. á yfirstandandi ári og voru greiddar utan fjárlaga. Í þeim sérlögum er gert ráð fyrir því, að 140 millj. kr. framlag til verðjöfnunarsjóðs sé í eitt skipti fyrir öll sem stofnfé til sjóðsins og framlagið til uppbóta á fiskverð skuli gilda þetta ár. Skal því skýrt tekið fram, að þótt fjárhæðir þessar séu nú teknar í fjárlagafrv., ber ekki að líta á það sem endanlega ákvörðun um ráðstöfun fjárins til þessara þarfa, heldur er gert ráð fyrir, að ákvarðanir um það verði teknar með sérstökum l., svo sem áður hefur verið. Hins vegar er talið óraunhæft að gera ekki ráð fyrir því nú þegar, að þessar greiðslur þurfi að inna af hendi á næsta ári, vegna hinna miklu vandræða sjávarútvegsins. Þótt framlagið til verðjöfnunarsjóðsins sé nú áætlað 100 millj., en var 140 millj. á yfirstandandi ári, ber ekki að líta svo á, að ætlunin sé að breyta þeim reglum, sem gilda um

úthlutun úr sjóðnum, heldur er áætlað, að ekki þurfi meira fé á næsta ári til þess að framfylgja greiðslum skv. sömu reglum og nú er fylgt. Ástæða er til að leggja ríka áherzlu á nauðsyn þess, að fundin verði frambúðarskipan á verðjöfnunarmálin, svo sem var gengið út frá, þegar ríkið lagði 140 millj. kr. stofnfé til sjóðsins. Því miður hefur dregizt um of að vinna að samkomulagi um frambúðarlausn og er mikilvægt, að því verki verði hraðað.

Framlög til aflatryggingasjóðs hækka um 2 millj. kr. og til Fiskveiðasjóðs Íslands um 9 millj. kr. Er hér um lögbundin framlög að ræða, sem mikilvægt er, að áætluð séu nægilega hátt, svo ekki komi til umframgreiðslu.

Vegna komu hins nýja fiskleitarskips hækkar framlag til Hafrannsóknastofnunarinnar um 2,4 millj. og til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um 1 millj. Gert er ráð fyrir að lækka framlag til verðlagsráðs sjávarútvegsins um 1,7 millj., með það í huga, að kostnaður við þá starfsemi greiðist framvegis úr fiskimálasjóði sem áður var, og virðist ástæðulaust að taka þennan kostnað á ríkissjóð.

Fjárveitingar til raforkumála eru áætlaðar hinar sömu og í ár. Nauðsynlegt verður að afla nokkurs lánsfjár til orkusjóðs og einnig verulegs lánsfjár til Rafmagnsveitna ríkisins innan ramma framkvæmdaáætlunar næsta árs. Nauðsynlegt er að gera áætlun um framkvæmdir og rekstur Rafmagnsveitna ríkisins nokkur ár fram í tímann, þar eð ástæða er til að álíta, að fjárhagur þeirra sé enn mjög ótraustur, þrátt fyrir verðjöfnunargjaldið, sem á var lagt þeirra vegna. Mikil ástæða er skiljanlega á það lögð að ljúka sem fyrst rafvæðingu sveitanna. Virðast menn nú vera farnir að gera sér grein fyrir því, að rafmagnsþörf hinna strjálli býla verður ekki leyst frá samveitum í náinni framtíð og hefur því eftirspurn eftir lánum til dísilstöðva vaxið stórlega á þessu ári og í fyrra. Er nauðsynlegt að mæta þeirri lánsfjárþörf. Orkusjóði er nú ætlað að veita lán til dísilstöðva og einnig að standa straum af kostnaði við framhaldsrafvæðingu sveitanna. Þarf að gera áætlun um heildarlausn þessa mikilvæga viðfangsefnis og sýnist vel geta komið til mála, að orkusjóður taki eitthvert lán til að flýta framkvæmdum á næstu árum er endurgreiðzt geti af síðari tekjum sjóðsins, ef svipuð framlög verða veitt orkusjóði til rafvæðingar sveitanna í nokkur ár, eftir að henni raunverulega er lokið. Óskað hefur verið eftir verulegri fjárveitingu til að greiða halla vélasjóðs, en ekki talið fært að sinna því máli fyrr en ákvarðanir hafa verið teknar um framtíð þeirrar starfsemi.

Raunveruleg útgjaldahækkun vegna dómgæzlu og lögreglumála að meðtalinni landhelgisgæzlu er samtals 19,6 millj. kr. Er á þessum liðum um að ræða verulegan árlegan kostnaðarauka, sem erfitt er við að fást, þar eð meginhluti þess kostnaðar er annaðhvort lögbundinn eða leiðir af óhjákvæmilegri aukningu viðfangsefna á þessu sviði. Aðalþungi kostnaðarins nú er þó vegna hægri umferðar, en mjög verulegur kostnaður umfram tekjur verður af þeirri skipulagsbreytingu á næsta ári, en þá á hægri umferð að taka gildi. Þessi útgjöld eiga hins vegar að geta endurgreiðzt ríkissjóði á sínum tíma með sérstökum bifreiðaskatti, sem innheimtur er í þessu skyni, en dreifist á fleiri ár. Löggæzluframlög hækka um 8,4 millj., þar af 4 millj. til löggæzlu sveitarfélaga og 3,4 millj. til borgar- og ríkislögreglunnar í Reykjavík. Ýmis kostnaður við dómsmál hækkar um 2,4 millj. Kostnaður við embætti lögreglustjórans í Reykjavík hækkar um 1,9 millj., sem stafar fyrst og fremst af flutningi í nýtt húsnæði. Ýmis málskostnaður, sem fellur á ríkissjóð, og kostnaður vegna gjafsóknar í ýmsum málum nemur orðið verulegum fjárhæðum og fer hækkandi ár frá ári. Hefur rn. beint þeim tilmælum til dómsmrn., að takmörkuð verði eftir föngum veiting gjafsóknar í málum og enn fremur er nauðsynlegt að leita úrræða til þess að draga úr óhæfilegum kostnaði við alls konar matsgerðir á vegum ríkisins og kostnaði við meðferð mála, sem ríkið er aðili að. Er hér oft um óhæfilegar kröfur að ræða á hendur ríkissjóði og reynt að halda öllum töxtum í hámarki, þegar ríkissjóður er annars vegar. Er í athugun, hvort ekki er beinlínis hagkvæmt fyrir ríkið að ráða sérstakan ríkislögmann, er fari með allan málarekstur á vegum ríkisins og annist önnur lögfræðileg viðfangsefni, sem áður hefur orðið að kaupa fullu verði utan stjórnardeilda. Gert er ráð fyrir endurskipulagningu landhelgisgæzlunnar með tilkomu hins nýja varðskips, sem kemur á næsta ári. Unnið hefur verið á vegum Hagsýslustofnunarinnar og í samstarfi við dómsmrn. og landhelgisgæzluna mjög eftirtektarverð sérfræðileg álitsgerð um mismunandi valkosti til að leysa viðfangsefni landhelgisgæzlunnar. Hefur sú athugun leitt í ljós, að auðið ætti að vera að spara um 14 millj. kr. við endurskipulagningu gæzlunnar. Þegar fjárlög voru samin, höfðu lokaákvarðanir ekki verið teknar um starfsemi landhelgisgæzlunnar eftir tilkomu hins nýja varðskips, en í bili er gert ráð fyrir sömu fjárveitingu til landhelgisgæzlunnar og í gildandi fjárlögum, og verður þá að leggja hinum minni skipum til þess að sú áætlun fái staðizt. Raunar er fjárveiting til landhelgisgæzlunnar beinlínis lækkuð um 7 millj. kr., en sú lækkun byggist á því, að við í fjmrn. teljum rétt að afhenda landhelgisgæzlunni vitaskipið, en árlegur rekstur shalli þess er nú um 7 millj. kr. Er talið, að landhelgisgæzlan geti leyst af hendi hlutverk vitaskipsins á mun hagkvæmari hátt og annaðhvort notað vitaskipið um leið til landhelgisgæzlu eða lagt því og notað einhvert annað skip sitt í þágu vitanna. Yrði úr þessari breytingu, mundi áætluð fjárveiting til reksturs vitaskipsins renna til landhelgisgæzlunnar. Enn hefur ekki fengizt samkomulag um þessa skipulagsbreytingu, en þar sem fjmrn. telur hér raunverulega auðið að spara um 7 millj. kr., er talið rétt, að málið komi til athugunar í fjvn. Alþ.

Fjárveitingar til heilbrigðismála hækka um 12 millj. kr. Á s. l. ári og í ár var fyrir forgöngu heilbrmrn. aflað mikils lánsfjár vegna byggingar borgarsjúkrahússins í Reykjavík. Í sambandi við þá lánsfjáröflun var óumflýjanlegt að gera um það samkomulag, hvernig fjárveitingu ríkisins til borgarsjúkrahússins á næstu árum yrði hagað. Var við það samkomulag höfð hliðsjón af gildandi lögum um greiðslu kostnaðar vegna bygg-

ingar sjúkrahúsa, en afleiðingin er sú, að óumflýjanlegt er að hækka byggingarframlag til sjúkrahúsa um 7,2 millj. vegna þessa samkomulags. Er það veigamesta hækkunin á fjárveitingu til heilbrigðismála. Heildarhækkun framlaga til ríkisspítala nemur 3,8 millj., en þess er jafnframt að gæta, að gert er ráð fyrir, að daggjöld sjúkrahúsanna hækki um 50 kr. á dag. Beðið hefur verið um mikinn fjölda nýs starfsfólks til ríkisspítalanna, en að sinni hefur ekki verið fallizt á annað en það, er leiðir af deildafjölgun. Kostnaður við rekstur sjúkrahúsa vex ört ár frá ári. Auðvitað þarf að tryggja eftir fremsta megni nægan sjúkrahúsakost og fullkomna þjónustu á sjúkrahúsum. En jafnnauðsynlegt er að tryggja sem beztan og ódýrastan rekstur þeirra og finna hagkvæmustu leiðir til þess að leysa heilsugæzluvandamálin, ella verða þessi mál okkur óviðráðanleg. Í fyrsta lagi þarf að leita hagkvæmustu úrræða til þess að leysa sjúkrahúsaþörfina og í öðru lagi að beita allri tiltækri hagræðingu í rekstri þeirra. Skipulag sjúkrahúsa og rekstur mun í dag talin sérgrein og okkur vantar sérmenntaða menn á þessu sviði. Heilbrmrn. er nú að leita erlendrar sérfræðiaðstoðar til athugunar á rekstri ríkisspítalanna og þarf í framhaldi af því að mennta innlendan sérfræðing. Læknasamtökin virðast hafa mikinn áhuga á að stuðla að endurbótum í sjúkrahúsarekstri og er samstarf við þau um málið að sjálfsögðu óhjákvæmilegt, en höfuðatriðið er, að vandamálið, sem fer vaxandi, verði tekið raunsæjum og föstum tökum með sérfræðilegri og hlutlægri athugun, er hægt sé að byggja framtíðarmat fjárveitinga á.

Framlög til kirkjumála eru óbreytt frá núgildandi fjárl., þegar miðað er við hina almennu 10% lækkun á fjárfestingarframlögum.

Almannatryggingar eru langumfangsmesti þáttur ríkiskerfisins, en áætlað er, að heildarframlög til Tryggingastofnunar ríkisins og atvinnuleysistryggingasjóðs á næsta ári verði 1384 millj., og er beint framlag ríkissjóðs af þeirri fjárhæð tæpar 900 millj. kr. Vegna hækkaðra daggjalda hækkar framlag til sjúkratrygginga um 9,7 millj. og vegna fjölgunar hinna tryggðu og tryggðra vinnuvikna, hækkar framlag til almannatrygginga um 18 millj. Til frádráttar kemur, að á yfirstandandi ári var áætlað fyrir skuld frá fyrri árum 51,3 millj., sem ekki þarf að gera ráð fyrir á næsta ári. Aftur á móti hækkar framlag ríkissjóðs til atvinnuleysistryggingasjóðs um 15 millj. vegna aðildar verzlunarfólks að sjóðnum. Heildarbreyting á framlögum til almannatrygginga er því 15,1 millj. kr. lækkun, og er það óvenjulega hagstæð útkoma miðað við hinar miklu hækkanir þessara útgjalda undanfarin ár. Framlög til ríkisframfærslunnar hækka um 7,2 millj. kr. vegna hækkunar daggjalda. Óumflýjanlegt er talið að hækka framlag til byggingarsjóðs verkamanna um 6 millj. kr. vegna bygginga, sem þegar hafa verið ákveðnar þar framlagshæfar.

Kostnaður við embætti ríkisskattstjóra og skattstofur hækkar enn verulega eða um 6,5 millj. Viðfangsefnin hafa að vísu farið vaxandi ár frá ári, en engu að síður er þó hér um svo háan kostnaðarlið að ræða, að rn. hefur tekið til rækilegrar athugunar, hvort ekki er hægt að koma við endurskipulagningu á starfsemi skattstofanna með það fyrir augum að draga úr kostnaðinum. Á þessu sviði er að vísu erfitt að koma við hagkvæmum vinnubrögðum, sökum þess að verkefnið þarf að vinnast á tiltölulega skömmum tíma, en getur ekki dreifzt jafnt á allt árið og verður því alltaf um mikla aukavinnu að ræða. Ekki er heldur skynsamlegt að taka upp veigamikla skipulagsbreytingu með hliðsjón af því, að staðgreiðslukerfið er nú í athugun, og er þess að vænta, að n. sú, sem kjörin var á síðasta Alþ., muni innan ekki langs tíma komast að niðurstöðu um það, hvort hún vill mæla með að innleiða staðgreiðslukerfið. Því miður bendir þó allt til þess, að kerfið verði enn dýrara í framkvæmd en núverandi skattkerfi og því horfir ekki sérlega vel um, að hægt sé að draga að ráði úr kostnaði við skattálagningu og skattaeftirlit. Staðgreiðslukerfisnefndin hefur þegar tekið til starfa og haldið marga fundi og enn fremur hafið viðræður við þá aðila, sem henni var ætlað að hafa samráð við.

Skatteftirlitið hefur þegar skilað mjög jákvæðum árangri, en þó þarf að efla það mjög verulega. Á því sviði er þó við ýmis erfið vandamál að stríða, sem hlutu að gera vart við sig í litlu þjóðfélagi, þar sem hver þekkir annan og skattsvik voru auk þess svo útbreidd meinsemd, eins og þau hafa verið hér á landi. Þrátt fyrir margítrekuð tilmæli mín taldi fyrrv. skattrannsóknarstjóri sér ekki fært að gegna lengur störfum, en hann hefur unnið ómetanlegt brautryðjendastarf við að skipuleggja skattrannsóknirnar, sem eigi hefur áður verið að unnið hér á landi á þann kerfisbundna hátt, sem hann hefur lagt grundvöll að. Það var ekki auðvelt verk að fá mann í stöðu skattrannsóknarstjóra og raunar ógerlegt að fá mann með jafnfjölþættri menntun og fyrrv. skattrannsóknarstjóri hafði. Engu að síður vonast ég til, að hinn nýi skattrannsóknarstjóri, sem er reyndur endurskoðandi, nái fullum tökum á þessu mikilvæga viðfangsefni og mun rn. að sínu leyti stuðla að því eftir föngum, að hann geti gegnt starfi sínu á fullnægjandi hátt. Því miður er ekki auðvelt að fá nægilega vel þjálfað fólk við skattrannsóknir, m. a. vegna þess, að lærðir endurskoðendur eiga kost á miklu betri kjörum annars staðar. Það er því mikilvægt að hagnýta betur starfslið hinna einstöku skattstofa í þágu skattrannsóknanna og er nú í athugun, hvernig það verði gert með sem jákvæðustum árangri. Skattsvikin eru enn ekki horfin, þótt verulega hafi á unnizt og því má í engu spara mannafla eða fé til þess að uppræta þessa meinsemd. Hefur enda nú þegar skilað sér margfaldlega kostnaðurinn við þessa starfsemi.

Þar sem þess orðróms hefur orðið vart, að mannabreytingin í embætti skattrannsóknarstjóra bendi til þess, að ætlunin sé að draga úr skattrannsóknum, vil ég skýrt og ótvírætt lýsa því yfir, að lögð mun verða á það rík áherzla að efla skatteftirlitið eftir föngum í því skyni að uppræta hin óþolandi skattsvik, því að það er með öllu óviðunandi, að sumir þjóðfélagsborgarar og það stundum þeir, sem sízt skyldi, komist undan að greiða lögboðin framlög til sameiginlegra þarfa með þeim afleiðingum, að aðrir verði einnig að greiða þeirra hlut. Það er engum efa bundið, að skattrannsóknir hafa þegar orkað

mjög jákvætt á framtöl, en mér þykir rétt að gefa hér stutt yfirlit yfir þau rannsóknarmál, sem deildin hefur haft til meðferðar til 1. sept. s.l.

Rannsóknardeildin hefur nú starfað í 3 ár og hefur á þessum tíma tekið 292 mál til rannsóknar. Lokið er að fullu rannsókn 256 mála, 3 vísað til sakamálsrannsóknar og hefur nú nýlega verið kveðinn upp þungur dómur í einu þessara mála. En 33 málum er enn ekki lokið. Ríkisskattanefnd hefur lokið skattákvörðun í 175 þessara mála og úrskurðað þessum aðilum samtals 27,4 millj. kr. skatthækkun. 160 þessara mála hefur síðan verið vísað til skattsektanefndar. Hafa öll þau mál verið úrskurðuð og nema skattsektir 8,1 millj. Ber að hafa í huga í því sambandi, að mun lægri sektum var beitt varðandi hin eldri mál vegna sérheimildar í skattalögum, en síðar hafa viðurlög verið þyngd. Loks hafa framtalsnefndir úrskurðað 82 þessara gjaldenda útsvarshækkun að heildarupphæð 7,7 millj. Nema því hækkanir skatta og útsvara og skattsektir, er leitt hafa af starfi rannsóknardeildarinnar til þessa, nær 45 millj. kr. og hafa þó ekki enn verið ákvarðaðar gjaldahækkanir vegna allmargra mála, sem þegar eru fullrannsökuð.

Ekki er nema tiltölulega lítil hækkun fjárveitinga til tollheimtu og tolleftirlits, þar eð fjárveiting var veitt í ár til allverulegrar fjölgunar tolleftirlitsmanna. Lögð hefur verið áherzla á að framfylgja eftir megni nýsettum reglum um tollfrjálsan innflutning. Tel ég engum efa bundið, að í því efni stefni í rétta átt. Tollinnheimtan hefur verið hert, og lagt verður nú fyrir Alþ. frv. að nýrri heildarlöggjöf um tollheimtu og tolleftirlit. Er þar um margvísleg nýmæli að ræða, sem nánar verður gerð grein fyrir í sambandi við meðferð þess frv. hér í þinginu.

Þá verður einnig lagt fram á þessu þingi frv. til nýrra bókhaldslaga, en mikil nauðsyn var að endurskoða þau lög til þess að koma bókhaldi fyrirtækja í viðunandi horf, m. a. með hliðsjón af skatteftirliti. Þá fer fram athugun á ýmsum úrræðum til þess að treysta betur skil á söluskatti og í sérstakri athugun hafa verið ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir undanskot tollvörugjalds. Hefur verið undirbúin ný reglugerð um það efni. Það er þjóðfélagsleg nauðsyn og réttlætiskrafa allra þeirra aðila, sem standa í skilum með sín gjöld, að öðrum haldist ekki uppi að skjóta undan gjöldunum.

Með samkomulagi stjórnmálaflokkanna fyrr á þessu ári var ákveðið að veita dagblöðunum nokkra fjárhagsaðstoð. Einn þáttur þeirrar fjárhagsaðstoðar er, að ríkissjóður kaupi tiltekinn eintakafjölda hvers dagblaðs og er áætlað, að kostnaður af þessari ráðstöfun nemi 2 millj. kr. á næsta ári.

Eftir að l. um ríkisábyrgðir og ríkisábyrgðasjóð voru sett, hefur orðið stór breyting til batnaðar á vanskilum ríkisábyrgðalána. Árið 1963 var framlag ríkissjóðs til ríkisábyrgðasjóðs 93,7 millj., árið 1964 87,7 millj. og árið 1965 aðeins 46 millj. Á árinu 1966 voru veittar til ríkisábyrgðasjóðs 50 millj. kr., en sjóðurinn þurfti ekki á að halda nema 35 millj. Námu útborganir úr sjóðnum 1966 169 millj., en innborganir 137 millj. Vegna mun lakari afkomu fyrirtækja, einkum á sviði sjávarútvegsins, hefur innheimta gengið mun erfiðar á yfirstandandi ári og slæmar horfur á næsta ári, ef ekki bregður til batnaðar um afkomu fyrirtækja. Þykir því óumflýjanlegt að gera ráð fyrir 40 millj. kr. aukaframlagi til ríkisábyrgðasjóðs á næsta ári miðað við raunverulegt framlag til sjóðsins á þessu ári.

Tekin hefur verið í fjárlagafrv. 15 millj. kr. fjárveiting til vegagerðar úr Mývatnssveit til Húsavíkur vegna Kísilgúrverksmiðjunnar. Er áætlað, að vegur þessi kosti í heild um 50 millj. kr. og var ákveðið, að ríkið kostaði hann, en ekki vegasjóður, þar sem um sérstæða vegagerð er að ræða, þótt vegurinn verði síðar liður í þjóðvegakerfinu. Fyrri hluti vegarins er lagður á þessu ári, en veginum þarf að ljúka á næsta ári.

Fjárveiting til hafnargerða er hækkuð um 14 millj. og vegur þar þyngst, að lagt er til að hækka um 10 millj. fjárveitingu til greiðslu eftirstöðva ríkishluta af þegar unnum hafnarframkvæmdum. En gert er ráð fyrir, að þær eftirstöðvar nemi næstum 70 millj. kr. í lok þessa árs. Er óviðunandi að láta slíka skuldasöfnun halda áfram, einkum með hliðsjón af því, að með hinum nýju hafnalögum, sem sett voru á síðasta þingi, voru enn auknar byrðar lagðar á ríkissjóð, en jafnhliða felldi þingið úr frv. sérstaka fjáröflun til hafnabótasjóðs í því sambandi. Í fjárlagafrv. er lagt til að veita til hafnabótasjóðs 8 millj. kr. í samræmi við l. um hafnargerðir, en að öðru leyti er ekki gerð till. um að hækka fjárveitingar til nýrra hafnarframkvæmda. Tel ég rétt, að það sé á valdi þingsins að ákveða, hvort hækka eigi fjárveitingu úr ríkissjóði til hafnanna eða afla tekna til hafnabótasjóðs, svo sem gert var ráð fyrir í frv. til hafnalaga. Hvor leiðin sem farin verður, tel ég það skipta höfuðmáli, að framkvæmdir í hafnargerðum ár hvert verði hér eftir við það miðaðar, að fjárveitingar nægi til að greiða hluta ríkissjóðs. Eðlilegast væri að efla hafnabótasjóðinn og láta hann taka á sig að greiða skuldahalann á vissu árabili.

Framlög til flugmála hækka um 9,8 millj., fyrst og fremst vegna afborgana og vaxta af lánum, en síðustu tvö árin hafa framkvæmdir í flugmálum verið mjög miklar og þá að verulegu leyti unnið fyrir lánsfé. Óumflýjanlegt verður að afla einnig verulegs fjár með lánum til framkvæmda í flugmálum á næsta ári innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar.

Lagt er til að taka upp nýja fjárveitingu, 1,2 millj. kr. á vegum iðnmrn. til þess að standa straum af kostnaði vegna aðstoðar við endurskipulagningu og sameiningu iðnfyrirtækja. Hér er vandamál, sem knýr á með vaxandi þunga að leysa, og augljóst, að óhjákvæmilegt kann að vera að veita nokkra opinbera aðstoð við slíkar aðgerðir, þar sem oft er um flóknar og kostnaðarsamar ráðstafanir að ræða. Fest hafa verið kaup á hentugu húsnæði fyrir Iðnaðarmálastofnunina í samræmi við heimild Alþ. í fjárl. yfirstandandi árs. Í fjárl. yfirstandandi árs eru 3,5 millj. kr. veittar til stofnkostnaðar vegna tækniskóla. Talið var mjög heppilegt, að Tækniskólinn væri til húsa á sama stað og Iðnaðarmálastofnunin. Stóð til boða önnur hæð í sama húsi og er í fjárlagafrv. leitað heimildar til þeirra kaupa. Hafa þá húsnæðismál þessara tveggja stofnana

verið leyst til frambúðar á þann hátt, að ekki á að þurfa að leiða til árlegs útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Bein lækkun verður á árlegu framlagi til niðurgreiðslu á vöruverði um 188,7 millj. frá fjárl. yfirstandandi árs. Er það í samræmi við þær lækkanir á niðurgreiðslum, sem ráðgerðar eru.

Efnahagsstofnunin gerði í lok ágústmánaðar áætlun um tekjur ríkissjóðs af núverandi tekjustofnum á næsta ári. Af skiljanlegum ástæðum er sú áætlun í mörgum efnum óvissari en oft áður og áreiðanlega teflt á hið tæpasta vað. M. a. er í áætluninni gengið út frá því, að síldarafli bregðist ekki að neinu ráði og hömlur verði ekki settar á innflutning aðrar en þær, sem leiða af minnkandi kaupgetu í landinu vegna minnkandi tekna almennings. Varðandi aðflutningsgjöld er aðeins gert ráð fyrir 2% minni almennum vöruinnflutningi en á þessu ári. Ber þá auðvitað þess að gæta, að mjög er líklegt, að mest dragi úr innflutningi hátollavöru og verður því að gera ráð fyrir lækkun meðaltollhlutfallsins. Samkv. endurskoðaðri þjóðhagsáætlun fyrir árið 1967 er reiknað með, að vegna aflabrests og versnandi viðskiptakjara muni raunverulegar þjóðartekjur minnka a. m. k. um 4—5%. Miðað við óbreyttan skattstiga mundi álagður tekjuskattur einstaklinga lækka um 6% lauslega áætlað, og gera má ráð fyrir, að álagður tekjuskattur félaga lækki að sama skapi. Hins vegar er gert ráð fyrir, að innheimta verði nokkru betri á árinu 1968 en 1967, sérstaklega að innheimta eftirstöðva verði meiri. Enn fremur er í athugun samkv. ósk Sambands ísl. sveitarfélaga að setja ný innheimtuákvæði útsvara og skatta, sem ættu að hraða verulega innheimtu tekjuskattsins. Í áætlun um söluskatt er reiknað með 1,4% lækkun hreinnar veltu, en að öðru leyti hækkar söluskattur nokkuð vegna lækkunar niðurgreiðslu á vöruverði og vegna afnáms söluskattsundanþágu á þjónustu pósts, síma, útvarps og sjónvarps. Ætla má, að hækkun verðs á áfengi og tóbaki hafi einhver áhrif til samdráttar í sölu þeirra vara, en engu að síður er þó í fjárlagaáætluninni gert ráð fyrir nokkurri aukningu. Mjög óvarlegt er að gera ráð fyrir, að ekki dragi verulega úr bifreiðainnflutningi á næsta ári miðað við hinn mikla innflutning á síðustu árum. Aðrir tekjustofnar eru áætlaðir svipað og í fjárl. yfirstandandi árs. Heildartekjur á rekstrarreikningi ríkissjóðs á árinu 1968 eru áætlaðar 6195,3 millj., en heildarútgjöld 6120,5 millj. Við gjöldin bætast afborganir lána, 41,1 millj., og verður þá greiðsluafgangur 37,6 millj. Munu vafalaust allir hv. þm. gera sér ljóst, að hér er teflt á mjög tæpt vað um greiðsluhallalausan ríkisbúskap á árinu 1968, enda bendir síðasta spá Efnahagsstofnunarinnar fyrir 1968 til lakari efnahagsþróunar en frv. gerir ráð fyrir. Með hliðsjón af því, að óumflýjanlegt er, að nokkur kjaraskerðing verði hjá almenningi, verður þó ekki fram hjá því komizt að leggja í nokkra áhættu varðandi afkomu ríkissjóðs, þannig að ekki verði lagðar þyngri álögur á þjóðina en brýnasta nauðsyn krefst.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gefa yfirlit um afkomu ríkissjóðs 1966, afkomuhorfur 1967 og skýra meginefni fjárlagafrv. fyrir árið 1968. Mun ég að lokum víkja að nokkrum atriðum, sem máli skipta um afkomu ríkissjóðs og ýmsa þætti ríkisbúskaparins.

Líkur eru til, að við stöndum nú á vegamótum varðandi framtíðarskipulag skatta- og tollamála. Er ekki að vænta mikilvægra lagabreytinga í þeim efnum á þessu þingi, þar eð nokkuð á enn í land, að málin skýrist nægilega mikið til þess að átta sig til hlítar á, hver framtíðarstefnan verður. Þingkjörin nefnd vinnur nú að athugun staðgreiðslukerfisins á grundvelli þeirra gagna, sem lögð voru fyrir Alþ. s. l. vetur. Er þar um mikið og flókið vandamál að ræða og þess engin von, að niðurstöður þeirrar nefndar liggi fyrir á næstu mánuðum. Verði niðurstaðan sú að taka upp staðgreiðslukerfi skatta, hlýtur sú ákvörðun að leiða til grundvallarbreytinga á skattkerfi ríkisins og tekjustofnamálum sveitarfélaganna.

Stöðugt þrengir að útflutningsframleiðslu þjóðarinnar á erlendum mörkuðum vegna tollastefnu Efnahagsbandalagsins og Fríverzlunarbandalagsins, og hljótum við á næstunni að verða að taka um það endanlega ákvörðun, hvort við æskjum tengsla við þessi bandalög með einhverjum hætti eða tökum á okkur þá kjaraskerðingu, sem af því leiðir að standa að öllu leyti utan þeirra og taka á sig sívaxandi þunga hinna ytri tollabandalaga. Ríkisstj. hefur eftir föngum leitazt við að gæta íslenzkra hagsmuna fyrst og fremst með þátttöku í Kennedy-viðræðunum innan Alþjóðatollamálastofnunarinnar og enn fremur með beinum viðræðum við einstakar viðskiptaþjóðir sínar innan Efnahagsbandalagsins og Fríverzlunarbandalagsins. Nokkuð hefur áunnizt í þessum viðræðum, en þó er árangurinn fjarri því að vera viðunandi fyrir okkur. Ríkisstj. hefur ákveðið að leggja til við Alþ., að Ísland gerist fullgildur aðili Alþjóðatollamálastofnunarinnar, til þess að tryggja betur aðstöðu landsins. Aðalárangur tollaviðræðnanna til þessa er afnám tolls á fiskblokkum á Bandaríkjamarkaði og helmingslækkun á tolli á síldarlýsi á brezkum markaði. En allir slíkir tollasamningar byggjast á gagnkvæmum fríðindum og yrðum við því á móti að fallast á að lækka tolla á nokkrum vörutegundum á nokkru árabili. Mun frv. um breytingar á tollskránni í þessu skyni verða lagt fyrir yfirstandandi Alþ. og þá nánari grein gerð fyrir þessum tollabreytingum. Er augljóst, að ef við eigum að njóta tollfríðinda á erlendum mörkuðum, verðum við að bjóða tollhlunnindi á móti, þannig að það komi til víðtækrar tollasamvinnu, og þá hljótum við að verða að endurskoða alla okkar tollalöggjöf. Hefur þetta vandamál verið í rækilegri athugun um nokkurt skeið, bæði með hliðsjón af vandamálum íslenzks iðnaðar og afkomu ríkissjóðs, þar eð aðflutningsgjöld eru veigameiri þáttur í tekjum ríkissjóðs hér á Íslandi en í flestum öðrum löndum. Er því sýnt, að við getum á næstunni þurft að gera grundvallarbreytingu á öllu tollakerfinu. En einmitt af þeim sökum þykir ekki rétt fyrr en málin skýrast betur að lögfesta neinar veigamiklar breytingar á tollskránni.

Í síðustu fjárlagaræðu gerði ég nokkra grein fyrir stóreignaskatti þeim, sem á var lagður með l. frá 1957 og ekki hefur enn verið innheimtur nema að nokkru leyti vegna stórkostlegra málaferla, sem urðu út af skattálagningu þessari. Á síðasta hausti stóðu sakir þannig, að líkur þóttu

til, að flest kurl væru þá til grafar komin, enda hafði skatturinn þá, sem upphaflega nam 135 millj. kr., lækkað í 65 millj. vegna endurreikn-ings á grundvelli þeirra dóma, sem fallið höfðu á tímabilinu. Boðaði ég því, að innheimta skatts-ins mundi hefjast af krafti á þessu ári. Enn voru að vísu ekki fallnir dómar í allmörgum málum, en þau voru ekki talin hafa veigamikla þýðingu. Hins vegar kom síðar í ljós, að niðurstöður sumra þessara mála voru þýðingarmeiri en gert hafði verið ráð fyrir og hafa leitt til þess, að enn hefur orðið að umreikna skatt um það bil 150 aðila. Er hér að vísu ekki samtals um telj-andi fjárhæðir að ræða, en engu að síður var ekki talið auðið að hefja kerfisbundna innheimtu skattsins fyrr en þessum endurreikningi væri lokið. Þótt reynslan hafi sýnt, að hér sé um mjög óeðlilega skattálagningu að ræða, er rn. að sjálfsögðu skylt að innheimta skattinn svo sem lög mæla fyrir, enda hafa allmargir þegar greitt hann að fullu og aðrir skilvíslega greitt árlegar afborganir skuldabréfa. Hefur því nú ver-ið hafinn nauðsynlegur undirbúningur að því að hefja kerfisbundna innheimtu skattsins á næsta ári. Svo sem kunnugt er, rennur skattur þessi ekki í ríkissjóð heldur að ⅔ til byggingarsjóðs ríkisins og ⅓ til veðdeildar Búnaðarbankans. Þar sem 10 ár eru nú liðin frá álagningu skattsins, er hann að sjálfsögðu margfalt léttbærari en hann var, þegar hann var á lagður.

Í síðustu fjárlagaræðu gerði ég grein fyrir nauðsyn þess að endurskoða hin ýmsu laga-ákvæði um embættisbústaði og setja nýja heild-arlöggjöf um embættisbústaði, þar eð embættis-kerfi ríkisins væri nú allt annað en var, þegar ákvæðin um hina ýmsu embættisbústaði voru sett, og reynslan hefur staðfest margvíslegt ósamræmi á þessu sviði. Hefur rannsókn máls-ins leitt í ljós, að núv. ástand í þessu efni er óviðunandi, og verður lagt fyrir þetta þing frv. um embættisbústaði, sem felur í sér mjög veiga-miklar breytingar frá núgildandi lagaákvæðum. Án efa mæta þær till. andróðri úr ýmsum áttum, eins og ætíð verður, ef menn telja sig vera að missa einhver hlunnindi, en ég tel nauðsynlegt, að Alþ. skeri úr um það, hvort það vill una nú-verandi ástandi eða setja samræmdar reglur í ljósi fenginnar reynslu og breyttra þjóðfélags-aðstæðna.

Með tilkomu þjóðhagsáætlana og framkvæmda-áætlana nú síðustu árin hefur komið í ljós, að mjög mikið skortir á, að menn hafi nægilega yfirsýn yfir bróun ríkiskerfisins til þess að geta tekið á nægilega raunsæjan hátt ákvarðanir um ýmis hin veigamestu atriði í ríkisframkvæmd-um og löggjöf. Vék ég sérstaklega að þessu vandamáli í síðustu fjárlagaræðu minni og lýsti því, hversu þekking væri takmörkuð í ýmsum veigamiklum atriðum og viðtækar athuganir og rannsóknir nauðsynlegar fyrst og fremst með það í huga að geta betur hagnýtt það takmark-aða fé, sem þjóðin hefur til ráðstöfunar hverju sinni til að mæta hinum mörgu og brýnu við-fangsefnum. Sumir töldu viðeigandi að túlka þessi ummæli mín svo, að ég játaði að hafa ekkert vit á ríkisrekstrinum. Að vísu hafa spakir menn haldið því fram, að aukin þekking leiddi jafnan til þess, að menn gerðu sér æ meiri grein fyrir því, hvað þeir vissu lítið. Og ekki er lík-legt, að hægt sé að stuðla að miklum framförum og umbótum, ef menn þykjast sitja inni með alla veraldarinnar vizku og vilja ekki viðurkenna, hvað að sé. Ég tel mér a. m. k. ekki til minnk-unar að játa, að ég sé á ótal sviðum ríkisrekstr-arins ýmiss konar annmarka, sem nauðsynlegt er að lagfæra, og sem nýjustu hagstjórnarað-ferðir hafa leitt í ljós, að taka þarf á með öðr-um hætti en gert hefur verið. Að vísu er mönn-um almennt að verða ljósara, að taka þarf mörg vandamál öðrum tökum en gert hefur verið og á starf Efnahagsstofnunarinnar ekki sízt þátt í þeirri hugarfarsbreytingu. Með tilkomu Hag-sýslu- og fjárlagastofnunar fjmrn. skapast ný að-staða til þess að taka veigamikil viðfangsefni á sviði ríkisrekstrarins nýjum tökum. Þótt nauð-synlegt sé að hafa aðhald á öllum sviðum, jafnt í smáu sem stóru, verður þó æ ljósara við at-hugun viðfangsefnanna, að mestur sparnaður verður fyrst og fremst fólginn í hagkvæmum og vel skipulögðum viðbrögðum, raunsæjum og traustum undirbúningi framkvæmda, rækilegum undirbúningi og íhugun allra hugsanlegra leiða til lausnar hinum einstöku viðfangsefnum og hlutlausu mati og vali úrræða, óháð flokkspóli-tiskum sjónarmiðum eða þröngsýnni hreppapóli-tík, auk margháttaðra athugana.

Í sambandi við undirbúning síðustu tveggja fjárlagafrv. hefur veigamikill þáttur starfs Hag-sýslustofnunarinnar verið yfirumsjón með undir-búningi frv. um opinberar framkvæmdir, sem lagt var fyrir síðasta Alþ. til athugunar nokkru áður en þingi lauk og verður nú aftur lagt fyrir þetta þing. Í sumar gafst kostur á að kynna efni þessa frv. aðalráðunaut Alþjóðabankans um framkvæmdaáætlanir og taldi hann hér vera um hið þýðingarmesta mál að ræða, er skipti megin-máli í sambandi við skipulag og undirbúning framkvæmda á vegum ríkisins. Stofnkostnaðar-ákvæði hinna nýju skólakostnaðarlaga eru byggð á sömu hugsun. Við verðum að staðla skólahús og einnig embættisbústaði og höfum ekki efni á að nota hús þessi sem auglýsingu fyrir arkitekta. Athugun sú, sem sérfræðingur gerði á vegum Hagsýslustofnunarinnar á viðfangsefnum land-helgisgæzlunnar og mismunandi úrræðum til að leysa þau, er eftirtektarvert dæmi um nýtizku vinnubrögð við leit að hinum skynsamlegustu og hagkvæmustu úrræðum til lausnar tilteknum við-fangsefnum. Önnur eftirtektarverð athugun hef-ur verið gerð á samhengi milli fjölda útskrif-aðra hjúkrunarkvenna og fjölda starfandi hjúkr-unarkvenna, sem getur verið góður leiðarvísir við ákvörðun um ráðstafanir á því sviði. Gerður hefur verið samanburður á rekstrarkostnaði rík-isspítala og spítala bæjarfélaga og athugun gerð á námskostnaði á hvern nemanda í hinum ýmsu skólum, er leiðir í ljós, að þar er um mjög mik-inn mismun að ræða, sem nauðsynlegt er að kryfja til mergjar. Sérstök könnun var gerð á rekstursgrundvelli vitaskips, sem till. um það efni í fjárlagafrv. nú byggjast á. Hafin hefur verið athugun á rekstri vinnuvéla á vegum ríkis-stofnana til þess að gera sér grein fyrir því, hvaða stefnu eigi að hafa við ákvörðun um end-urnýjun vinnuvélakosts ríkisstofnana og í athug-un er, hvort ekki sé hagkvæmara að sameina á

einni hendi þau mörgu og margvíslegu verkstæði, sem rekin eru nú af einstökum ríkisstofnunum. Þegar hefur verið ákveðið að takmarka verkstæðisrekstur flugmálastjórnar og leggja niður suma þætti í starfsemi Landssmiðjunnar, en við það fæst húsakostur, sem er brýn þörf á vegna iðnfræðslunnar, og gerir auðið að fresta byggingarframkvæmdum við Iðnskólann í Reykjavík.

Allmörg skip eru gerð út á vegum ríkisins og er útgerð þeirra í höndum ýmissa aðila. Er þar um að ræða strandferðaskip, varðskip, vitaskip, hafrannsóknaskip, fiskileitarskip, síldarflutningaskip og skip í eigu Sementsverksmiðjunnar. Þótt skip þessi sinni mismunandi viðfangsefnum og séu á vegum ýmissa stofnana, er þó sennilegt, að hagkvæmara sé, að einn aðili annist rekstur þeirra og er þetta mál nú í sérstakri athugun.

Settar hafa verið reglur um greiðslu ferðakostnaðar erlendis, sem ég í síðustu fjárlagaræðu sagði, að væru í undirbúningi. Ferðatryggingu ríkisstarfsmanna hefur verið komið í fast horf og gerðar hafa verið tilraunir með útboð á skipatryggingu ríkisins, sem að vísu tókst ekki í þetta sinn að koma í framkvæmd, en er mikilvægur leiðarvísir um framtíðarstefnu í þeim efnum. Vaxandi áherzla hefur verið lögð á að hagnýta útboð við ríkisframkvæmdir og er orðin brýn nauðsyn að setja sérstaka löggjöf um tilboð og útboð á grundvelli fenginnar reynslu. Hefur á vegum viðskmrn. verið unnið að undirbúningi þess máls. Undirbúningur að föstum reglum um notkun bifreiða í þágu ríkisins hefur reynzt umfangsmeiri en gert var ráð fyrir, en till. að þessum reglum eru nú að verða tilbúnar. Í athugun er að reyna að samræma betur greiðslu fyrir nefndarstörf, sem er að vísu erfitt verk, en allt of mikið ósamræmi hefur verið í þessum greiðslum. Mörg önnur einstök atriði hafa verið til athugunar, sem of langt yrði að telja hér, og í sambandi við undirbúning fjárlaga nú hefur fjmrn. beint ýmsum tilmælum til annarra rn. varðandi skipulagsbreytingar og athuganir, er taldar hafa getað horft til aukinnar hagkvæmni og sparnaðar jafnframt því, að lögð hefur verið á það rík áherzla, að allar stofnanir hæfust þegar handa um nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, að hinar takmörkuðu fjárveitingar nægi.

Hafin hefur verið þjálfun starfsmanna í hagsýslustörfum og í framhaldi af því eru fyrirhuguð námskeið innan ýmissa greina ríkisrekstrarins um umbætur í rekstri og starfsháttum. Í framhaldi af ráðstefnu þeirri, sem haldin var á s. l. ári með forstöðumönnum ríkisstofnana til kynningar á hagsýslustarfseminni, hefur Hagsýslustofnunin haft meira og minna samstarf við þessa forstöðumenn, enda þeir í vaxandi mæli leitað til stofnunarinnar um leiðbeiningar og upplýsingar. Einmitt í þessum anda þarf að starfa og ekki er að efa, að forstöðumenn ríkisstofnana hafa almennt áhuga á því að reka stofnanir sínar með sem hagkvæmustum hætti. Hins vegar þurfa rn. og ríkisstofnanir að hafa opnari augu fyrir nauðsyn þess að kanna til hlítar, hvort ekki sé hagfellt að sameina ríkisstofnanir á ýmsum sviðum eða a. m. k. að taka upp nánara samstarf þeirra í milli um einstaka þætti, þó að húsnæðiskostur sé hér að vísu oft til hindrunar. Samstarf og sameining fyrirtækja í einkarekstrinum er einmitt tímanna tákn nú og því ætti ekki sú sameining einnig að geta verið hagkvæm á ýmsum greinum ríkisrekstrarins? Vakin hefur verið athygli á ýmsum möguleikum á þessu sviði, en því miður með litlum árangri.

Það er mat ríkisstj. eitt veigamesta atriðið til að tryggja og bæta lífskjörin að leita allra úrræða til að stuðla að hinni fullkomnustu hagkvæmni í rekstri atvinnuveganna. Það verður meginverkefni Fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar á næstunni að kanna allar hugsanlegar skipulagsbreytingar, er gætu stuðlað að sparnaði í ríkisrekstrinum, sem er eigi síður mikilvægt en á sviði atvinnulífsins. Sérsjónarmið eða hagsmunir mega hér ekki vera til hindrunar, því að það er lítilli þjóð sem Íslendingum nægilega þungur baggi að halda uppi fullkomnu ríkiskerfi, þótt þess sé í hvívetna gætt að hafa það kerfi sem einfaldast og hagkvæmast. Verður að vænta skilnings allra aðila á mikilvægi þessa viðfangsefnis. Í þessu sambandi getur Fjárlaga- og hagsýslustofnunin með mjög takmörkuðu starfsliði ekki leyst allan vanda. Heiti ég því bæði á forstöðumenn ríkisstofnana og eigi síður áhugasama ríkisstarfsmenn almennt að leggja Hagsýslustofnuninni lið með því að vekja athygli hennar á því, sem betur mætti fara í ríkisrekstrinum. Mun einnig tekið með þökkum ábendingum úr öðrum áttum, þótt gera megi ráð fyrir, að ríkisstarfsmenn séu öllum hnútum kunnugri í sínum stofnunum. Munu allar slíkar ábendingar teknar til rækilegrar athugunar. Launamáladeild rn. hefur stuðlað að bættu eftirliti með launagreiðslum og unnið að því að taka upp kerfi, er tryggði betri yfirsýn yfir allar launagreiðslur ríkisins. Tilraun hefur verið gerð um nokkurn tíma til að skrá með sérstökum hætti mætingar allra starfsmanna í stofnunum á vegum fjmrn. Er þetta gert í reynsluskyni og mun útfært til annarra ríkisstofnana, ef ástæða þykir til. Reynslan af þessari skráningu hefur verið eftirtektarverð og hefur rn. nýlega sett sérstakar reglur um það, hversu meðhöndla skuli fjarvistir starfsmanna.

Enn er unnið að endurskoðun l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Er þar við ýmis vandamál að fást, einkum þá samningsaðildina vegna þess klofnings, sem orðið hefur í röðum opinberra starfsmanna, þar sem ýmsir hópar háskólamenntaðra manna telja sig ekki lengur geta unað því, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja annist samninga í þeirra umboði. Hver sem niðurstaðan verður í því efni, er það tvímælalaust óæskileg þróun, ef samningsaðild opinberra starfsmanna verður ekki á einni hendi. Þá er sameiginleg nefnd ríkisins og BSRB að hefja endurskoðun l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Fyrr á þessu ári felldi kjaradómur úrskurð um nokkra launahækkun til lægstu launaflokka opinberra starfsmanna. Málið kom til kasta kjaradóms sökum þess, að BSRB gerði kröfu um almenna kauphækkun ríkisstarfsmanna með skírskotun til þeirrar 3,5% launahækkunar, sem verkamenn fengu í samningum vorið 1966, en af hálfu ríkisins var á það bent, að þar hefði ekki verið um almennar launahækkanir að ræða

og væri því ekki hægt að fallast á hækkun til annarra ríkisstarfsmanna en þeirra, sem gegndu algerlega sambærilegum störfum við þau stéttarfélög, sem þá fengu launahækkun. Var þar um mjög lítinn hóp manna að ræða.

Niðurstaða kjaradóms varð sú, að lægstu launaflokkar ríkisstarfsmanna skyldu fá almenna launahækkun með hliðsjón af launahækkun verkamanna, en þó mismunandi háa, og var almennt um mjög óverulega hækkun að ræða. Talið var óumflýjanlegt vegna ósamræmis að fallast á nokkrar launahækkanir vissra starfshópa hjá Pósti og síma að tilskildum námskeiðum, sem dæmi eru til víðar í starfsmannakerfinu. Almennt hefur samstarfið við stjórn BSRB verið gott, þótt menn hafi ekki alltaf verið á eitt sáttir um launakjörin. Tel ég það mikilvægt, að góður andi ríki í samskiptum ríkisvaldsins og starfsfólks þess, svo að stjórnkerfið geti starfað með eðlilegum hætti. Samkv. samkomulagi við BSRB er nú unnið að heildarendurskoðun á skipun starfsmanna í launaflokka og er ætlunin, að þeirri endurskoðun verði lokið fyrir árslok 1968, en launabreytingar samkv. endurskoðuninni taki gildi frá ársbyrjun 1968. Er höfuðnauðsyn að fá samkomulag um launaflokkunina, því að þótt áfram verði auðvitað meiri og minni ágreiningur um launin sjálf, skiptir það höfuðmáli, að ekki sé stöðugur ágreiningur um skipun manna í launaflokka, því að þá óánægju er langerfiðast að fást við, ekki aðeins fyrir ríkisvaldið, heldur eigi síður fyrir samtök starfsmannanna sjálfra. Núgildandi kjarasamningar ríkisstarfsmanna renna út um næstu áramót. Hefur BSRB fyrir nokkru afhent rn. kröfur sínar og viðræður hafa hafizt milli samninganefndar ríkisins og samninganefndar BSRB. Í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir neinum launahækkunum til ríkisstarfsmanna, enda ekki sjáanlegt með hliðsjón af öllum aðstæðum, að neinn grundvöllur sé til launahækkana, enda alger forsenda þeirra ráðstafana, sem nú er óumflýjanlegt að gera, að ekki verði um neinar almennar kauphækkanir í þjóðfélaginu að ræða á næstunni. Í þessum orðum felst enginn dómur um það, að kjör ríkisstarfsmanna séu yfirleitt viðunandi, enda hefur hvað eftir annað komið í ljós, þrátt fyrir hina mjög miklu lagfæringu á kjörum ríkisstarfsmanna með úrskurði kjaradóms 1963, að erfitt reynist að fá menn í ýmis störf hjá ríkinu, einkum hin ábyrgðarmeiri störf, sem krefjast sérþekkingar eða reynslu, og tveir hópar sérmenntaðra manna, læknar og verkfræðingar, hafa neytt sérstöðu sinnar til þess að knýja fram launakjör, sem eru ekki í samræmi við kjör annars sérmenntaðs fólks. Er hér um vandamál að ræða, sem gefa þarf sérstakan gaum að í sambandi við endurskoðun launaflokkunarinnar og stigin í launakerfinu. Auðvitað er eðlilegt, að sérmenntaðir menn með langt nám að baki fái síðar hærri laun en aðrir í þjóðfélaginu, en almennt hefur verið hér á Íslandi sterkari andstaða gegn mjög miklum launamun en í flestum öðrum löndum. Reynslan hefur þó sýnt, að menn verða væntanlega að einhverju leyti að endurskoða þá afstöðu.

Að þessu sinni er starfsmannaskráin, sem fylgir fjárlagafrv., allfrábrugðin fyrri starfsmannaskrám. Fram til þessa hefur þeirri reglu verið fylgt að birta aðeins fjölda fastráðinna starfsmanna í slíkum skrám, þó þannig, að allar stöður, sem heimilaðar hafa verið, hafa verið teknar með án tillits til þess, hvort viðkomandi starfsmenn hafi raunverulega verið ráðnir. Skrárnar hafa því gefið takmarkaðar upplýsingar um starfsmannahald ríkisins. Úr þessu er reynt að bæta með starfsmannaskrá þeirri, er fylgir fjárlagafrv. nú, en hún tekur til allra starfsmanna hverrar stofnunar, bæði fastráðinna og lausráðinna, sem taka laun í samræmi við kjaradóm eða fylgja launakjörum opinberra starfsmanna. Er miðað við raunverulegan starfsmannafjölda í maí 1967, en ekki með taldar þær stöður, sem ekki var ráðið í á þeim tíma, jafnvel þótt heimild til ráðningar væri fyrir hendi. Auk þess sem starfsmannaskráin nær þannig til fleiri starfsmanna innan hverrar stofnunar en áður, nær hún til vel flestra ríkisstofnana og fyrirtækja, en fram til þessa hefur vantað ýmsar stofnanir í skrána og ekki verið farið eftir neinum föstum reglum í því efni. Ætti skráin að þessu sinni að gefa góða mynd af raunverulegu starfsmannahaldi ríkisins. Sú aukning á starfsmannafjölda, sem fram kemur í samanburði við fyrri starfsmannaskrá, felur því að sjálfsögðu ekki í sér raunverulega aukningu, heldur fyrst og fremst fyllri upplýsingar um starfsmannahald ríkisins. Þá er sú breyting gerð frá fyrri fjárl., að nú eru allar launagreiðslur færðar í einu lagi hjá hverri stofnun í stað þess að sundurgreina laun fastra starfsmanna og lausráðinna. Um 10 ára skeið hefur verið starfrækt nefnd, er bera skal undir allar nýjar mannaráðningar hjá ríkisstofnunum. Þessi nefnd hefur veitt verulegt aðhald um fjölgun fastra starfsmanna, en því miður hefur ekki tekizt að koma í veg fyrir lausráðningar og hinir lausráðnu starfsmenn hafa fengið aðild að lífeyrissjóði og raunar í flestu sömu réttindi og fastráðnir. Eftir tilkomu launamáladeildar fjmrn. hefur þetta vandamál verið tekið til sérstakrar athugunar, því að koma þarf í veg fyrir, að hægt sé að hleypa mönnum þannig inn um bakdyrnar, þegar aðaldyrunum er lokað.

Ég hef áður í fjárlagaræðum og við önnur tækifæri lagt ríka áherzlu á mikilvægi þess, að viðhorf borgaranna til ríkisins og þá ekki sízt ríkissjóðs breyttist til batnaðar. Borgararnir eiga að sjálfsögðu þá sanngirniskröfu á forsjármenn ríkisins hverju sinni, að ekki séu óhóflegar álögur á borgarana lagðar og reynt sé að gæta fyllstu hagsýni við notkun þess fjár, sem ríkisvaldið á hverjum tíma tekur til sín frá þjóðfélagsborgurunum. Hins vegar verður að skapast almennur skilningur á því, að það sé ósæmandi að reyna að skjóta sér undan að greiða eðlileg og tilskilin framlög til sameiginlegra þarfa, hvort sem er á sviði skatta eða tollheimtu, og það er vonlítið að geta gætt hagsýni í notkun ríkisfjár meðan sá hugsunarháttur er ríkjandi, að sjálfsagt sé að hafa alla kröfugerð í hámarki og nokkuð umfram það, ef ríkissjóður á að borga brúsann og lítið eða ekkert sé við það að athuga að snuða ríkið. Það væri stórt skref í áttina til betra þjóðfélags og skynsamlegri úrlausnar margra þjóðfélagsvandamála, ef hægt væri að breyta þessum hugsunarhætti. Það er jafnframt of almenn skoðun, að sjálfsagt sé, að ríkið og ríkissjóður styrki

alla skapaða hluti í þjóðfélaginu og nánast þröngsýni fjmrh. að amast við slíkum styrkveitingum, þótt verið sé að reyna að standa vörð um pyngju skattborgaranna. En þegar afla á fjárins til þess að standa undir öllum þeim álögum, sem á ríkissjóð eru lagðar, kemur oftast annað hljóð í strokkinn. Um það eru vitanlega skiptar skoðanir, hversu víðtæk þjónusta ríkisvaldsins og afskipti þess af málefnum borgaranna á að vera. En almennt mun reyndin sú, að því meiri velmegun, sem þjóðir búa við, því meira vaxa kröfurnar um margvíslega þjónustu við borgarana af hálfu þjóðfélagsins, og þótt menn séu almennt í hinum vestræna heimi að verða fráhverfari beinni aðild ríkisvaldsins að atvinnurekstri, hefur skilningurinn orðið almennari á nauðsyn þess, að þjóðfélagið yrði að hafa trausta yfirsýn yfir þróun efnahagsmálanna, halda uppi fjölþættu tryggingakerfi fyrir hina miður settu í þjóðfélaginu, víðtæku og almennu menntunarkerfi og menningarmiðstöðvum og víðtækum vísindarannsóknum í þágu atvinnuveganna, svo sem undirstöðu allhliða framfara í menningarþjóðfélagi nútímans. Auk þess verði þjóðfélagið að koma til aðstoðar atvinnuvegunum og jafna þar á milli, ef óeðlilegt misræmi eða sérstök tímabundin vandamál skapast. Til þessara framkvæmda allra þarf mikið fé og þjóðfélagsborgararnir verða að hafa skilning á því, að þeir verða að vera reiðubúnir að greiða til hins sameiginlega sjóðs þá fjárupphæð, sem þarf til að standa undir þessari víðtæku kröfugerð í þjóðfélaginu. Það er svo skylda löggjafarvaldsins og fjárveitingavaldsins á hverjum tíma að sjá til þess, að álögurnar til sameiginlegra þarfa verði ekki svo háar, að borgurunum sé ekki eðlilegur hluti tekna sinna eftir skilinn til einkaþarfa og til að halda uppi blómlegu atvinnulífi í þjóðfélaginu, sem að sjálfsögðu er undirstaða allrar verðmætasköpunar.

Herra forseti. Þjóðin stendur nú á örlagaríkum tímamótum. Síðustu árin hafa verið mesta framfaraskeið í sögu þjóðarinnar. Verðmætasköpun hefur verið margföld á við það, sem áður var. Árlegar þjóðartekjur hafa vaxið á við það, sem bezt má telja hjá öðrum þjóðum, og kjör almennings hafa batnað ár frá ári.

Nú syrtir í álinn um skeið og saman hafa farið aflabrestur og stórfellt verðfall allra helztu útflutningsafurða þjóðarinnar. Líkur eru til, að útflutningur í ár verði um 1300—1500 millj. kr. minni en s. l. ár. Síðan 1950 hefur það aðeins einu sinni komið fyrir, að verðmæti útflutningsvöru lækkaði milli ára og var þá um mun minni lækkun að ræða en nú. Ýmsir tala að vísu um, að ekki sé hægt að telja þessa þróun óeðlilega, því að verðlag siávarafurða hafi verið orðið svo hátt, að þess hafi verið engin von, að það verð gæti haldizt. Þetta er að vissu leyti rétt, en minnkar ekki á neinn hátt þann vanda, sem við stöndum andspænis. Segja má að vísu, að ráðdeildarleysi hafi verið að skipta upp að öllu leyti heim tekjuauka, sem varð af hinum miklu verðhækkunum, heldur hefði átt að leggja hann til hliðar til að mæta erfiðleikunum, þegar verðið lækkaði aftur. Auðvitað hefði þetta verið skynsamlegt. En það er auðvelt að vera gáfaður eftir á. Og hver var á þessum uppgangstímum talsmaður þess að draga úr lífskjarabótunum og leggja heldur fé til hliðar? Treystir nokkur sér til að halda því fram, að stjórnvöldum landsins hefði haldizt uppi að beita slíkum búhyggindum eða minnist nokkur þess, að stjórnarandstaðan hafi látið í ljós skoðun sína í þá átt? Eða hvernig hefur verið mætt jafnsjálfsagðri ráðstöfun eins og bindingu sparifjár í því skyni að tryggja gjaldeyrisvarasjóð, sem reynist vera ómetanleg eign nú til að fleyta okkur yfir stundarerfiðleika? Nei, sannleikurinn er sá, að batnandi hagur hefur ekki dregið úr kröfugerð okkar eða glætt sparnaðarhvöt og það var vitanlega geigvænlegt, að á beztu afkomuárum sjávarútvegsins og hraðfrystihúsanna 1965 og 1964, skyldu þessir atvinnuvegir ekki fá risið undir tilkostnaði sínum, heldur verða að fá uppbætur úr ríkissjóði, þó að það væru að vísu ekki háar fjárhæðir. Það var því ekki um neina varasjóði að ræða til þess að standa straum af verðfallinu og aflabrestinum nú. Við stöndum því andspænis þeirri staðreynd, sem þýðir ekkert að neita að horfast í augu við, að sökum þess, að við höfum alltaf viljað samstundis fá allt til skipta, sem þjóðarbúið hefur aflað, verðum við að sætta okkur við minni hlut nú, þegar minnu er að skipta. Vegna stóreflingar atvinnuveganna síðustu árin er þó aðstaða okkar til að mæta slíkum erfiðleikum nú betri en áður hefur verið og því verður kjaraskerðingin raunar mun minni en ætla hefði mátt miðað við hinn mikla samdrátt útflutningstekna.

Ráðstafanir þær, sem ríkisstj. nú leggur til að gera, eru miðaðar við minnstu hugsanlega kjaraskerðingu og mæti stéttasamtök og þjóðin í heild þessum ráðstöfunum af skilningi, er ekki ástæða til að halda, að þjóðin verði fyrir neinum teljandi áföllum, og innan skamms tíma geti þjóðarskútan rétt sig aftur við og siglt með vaxandi hraða fram til aukinnar velmegunar. Hér er því raunar ekki um að ræða nema tiltölulega létta prófraun á það, hvort undanfarandi velmegunartímar hafa dregið úr þreki þjóðarinnar og manndómi til þess að mæta erfiðleikum á viðeigandi hátt, þegar þeir steðja að, því að varla getur nokkur látið sér til hugar koma, að hægt sé að skapa svo varanlegt ástand, að ekki hljóti inn á milli að koma erfið ár. Það væri a. m. k. óheillavænlegt, ef þjóð, sem býr við atvinnulíf eins og við Íslendingar, tileinkaði sér slíkan andvaraleysishugsunarhátt. Við eigum að mæta erfiðleikunum nú af skilningi og raunsæi, en án allrar svartsýni, því að hún er ástæðulaus, ef skynsamlega er á málum haldið.

Ég legg svo til, herra forseti, að 1. umr. málsins verði að loknum þessum útvarpsumr. frestað og frv. vísað til fjvn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í kosningabaráttunni á s. l. vori lögðum við framsóknarmenn áherzlu á það, að nauðsyn bæri til að efla íslenzka atvinnuvegi og við vöruðum við trú á áframhaldandi verðstöðvun. Hv. þm. Ólafur Jóhannesson komst m. a. svo að orði í eldhúsdagsumr. á s. l. vori um þessi atriði:

„Hin svonefnda verðstöðvun, eins og til hennar er stofnað nú, er því miður að verulegu leyti blekking, víxill, sem þarf að greiða eftir kosn-

ingar. Ef raunveruleg verðstöðvun ætti að takast, hefði fyrst þurft að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan grundvöll.“

Í kosningabaráttunni vorum við framsóknarmenn stimplaðir af stjórnarliðinu sem barlóms- og svartsýnismenn fyrir þessar aðvaranir okkar. Máli mínu til sönnunar um það, hvað stjórnarliðar töldu slíka aðvörun fráleita, vil ég leiða fram vitni, sem er leiðari Morgunblaðsins 29. apríl 1967, en þar segir svo m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur réttilega verið bent á, að vegna þess hversu viðreisnarstjórnin hefur styrkt efnahag landsmanna og efnahagskerfið í heild, hefur tekizt að leysa hin tímabundnu vandamál, án þess að það hafi leitt til kjaraskerðingar inn á við eða haftastefnu út á við. En óhætt er að fullyrða, að fyrir aðeins einum áratug hefði slíkt verðfall valdið hinum mestu búsifjum með þjóðinni.“

Svo mörg voru þau orð. Ekki lá hlutur þeirra stjórnarliða eftir á framboðsfundunum. Allt var í góðu lagi að þeirra dómi, grundvöllur atvinnuveganna traustur og verðstöðvun tryggð. En nú eru kosningarnar afstaðnar. Stjórnarliðar halda enn þá þingstyrk til þess að ráða málum þjóðarinnar. Það þarf því enginn að ugga um sinn hag samkv. þeim fyrirheitum, er þeir gáfu í kosningabaráttunni, og út á þau héldu þeir meiri hluta sínum á Alþ. En hvaða boðskap flytur svo fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir til 1. umr.? Á bls. 129 í grg. fjárlagafrv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef áfram hefði átt að halda öllu verðlagi í skefjum með niðurgreiðslum og jafnframt að verja fé til aðstoðar sjávarútveginum með sama hætti og í ár, hefði þurft að afla 750 millj. kr. nýrra tekna. Þetta telur ríkisstj. ekki auðið að gera með nýjum sköttum. Eftir að hafa athugað allar aðstæður gaumgæfilega, er gert ráð fyrir að brúa þetta bil með eftirgreindum ráðstöfunum:

Felldar verði niður allar þær niðurgreiðslur á vöruverði, sem teknar hafa verið upp eftir 1. ágúst 1966. Mundi sú fjárhæð hafa numið 410 milli. kr. á næsta ári. Fasteignamat til eignarskatts verði tólffaldað, en sexfaldað í sveitum jafnhliða tvöföldun á skattfrjálsri lágmarksupphæð. Er áætlað, að sú tekjuöflun gefi 62 millj. kr. Lagður verði á farmiðaskattur vegna utanlandsferða, 3000 kr. á farseðil. Er sá tekjuauki áætlaður 60 millj. kr. Undanþága söluskatts af þjónustu pósts og síma og útvarpi verði felld niður, er mun gefa 40 millj. kr. og að auki er áætlað, að póstur og sími geti skilað 20 millj. kr. rekstrarafgangi til ríkissjóðs.“

Eru þær aðgerðir, sem hér eru boðaðar, í samræmi við kosningafyrirheit stjórnarliða? Var þar boðuð kjaraskerðing? Fjarri fór því eins og áður er sannað. Það, sem hér hefur þegar gerzt, er það, að verðstöðvunin er brotin á bak aftur á gildistíma l. af ríkisstj. sjálfri. Verðhækkanirnar flæða nú yfir, skattahækkanir eru boðaðar. Hver er ástæðan fyrir þessum aðgerðum? Erfitt árferði og afkoma atvinnuveganna, segir ríkisstj. Við skulum athuga það nokkru nánar.

Því er fyrst til að svara, að það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir hv. Alþ., er ekkert frábrugðið fyrri fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. að öðru leyti en formi og uppsetningu. Einkennin eru þau sömu og verið hafa, en þau eru þessi: Það er hærra en nokkurt annað fjárlagafrv., sem lagt hefur verið fram á Alþ. Það eru teknar fleiri kr. af þjóðinni í sköttum og tollum en fyrr. Það er hlutfallslega minna fé varið til verklegra framkvæmda en áður. Það örlar hvergi á sparnaði í ríkisrekstrinum. Að þessu leyti er fjárlagafrv. eins og verið hefur. Það kemur hvergi fram í því, að ríkisstj. telji, að erfitt árferði eigi að koma fram á stjórnarheimilinu. Það þarf heldur ekki að vera í sambandi við erfitt árferði, þó að ríkisstj. fari til fanga við afgreiðslu fjárl. Það er heldur ekki nýtt á hv. Alþ. í tíð núv. valdhafa, að þurft hafi að afla fjár til aðstoðar við atvinnuvegina, þótt hvorki hafi verið um aflabrest né verðlækkun að ræða. Það mun ég sanna með dæmum.

Í ársbyrjun 1964 var söluskattur hækkaður um 2½% vegna aðstoðar ríkissjóðs við sjávarútvegsinn og aukinna niðurgreiðslna. Nam sú fjárhæð um 200 millj. kr. Í desember það sama ár var söluskatturinn hækkaður á ný og nú um tæpar 300 millj. kr. til að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög að sögn hæstv. ríkisstj. Sneinma á árinu 1965 voru svo gerðar ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Þá hafði ríkissjóður hagnýtt sér söluskattshækkunina frá í byrjun árs 1964 og var þessum ráðstöfunum mætt með niðurskurði á útgjöldum fjárl. til verklegra framkvæmda. Árið 1965 var eindæma góðæri hvað verðlag og aflabrögð snerti. Þó var svo komið um haustið, að enn var farið til fanga vegna fjárlagaafgreiðslunnar fyrir árið 1966. Þá var tekinn upp rafmagnsskattur, hækkaður benzín- og þungaskattur, stimpilgjöld og aðrar aukatekjur ríkissjóðs margfaldaðar, gjaldeyrisskattur upp tekinn. Áður hafði launaskattur verið á lagður, hækkaður eignarskattur og skattur lagður á byggingarefni o. fl. Hér voru dregnir saman skattar, sem voru um 300 millj. kr. að fjárhæð. Ekki var hér látið við það eitt sitja að draga að landi svo marga nýja skatta og hækka aðra, heldur var snemma á árinu 1966 dregið úr fé til niðurgreiðslna á vöruverði til að treysta fjárhag ríkissjóðs að sagt var. Síðar á árinu 1966 var svo gripið til beirrar verðstöðvunar, sem nú hefur verið kvödd af hæstv. ríkisstj. með þakklæti fyrir það, hve vel hún skilaði því hlutverki sínu að bjarga ríkisstj. úr kosningahríðinni.

Þessi upprifjun sannar ykkur, áhevrendur, að það þarf ekkert nýtt að vera á ferðinni, þó að verið sé að afla ríkissjóði tekna eða færa útgjöld hans yfir á almenning. Fyrir því stendur hin venjulega útþensla ríkiskerfisins. En það, sem er sameiginlegt fyrir allar þessar aðgerðir frá sjónarmiði ríkisstj., er, að alltaf hefur öðrum verið um að kenna en stefnu hennar sjálfrar og stjórnarathöfnum, hvernig komið er. Að hennar dómi hefur nú aðeins verið gert það eina rétta og auðvitað einnig á réttri stundu. En þrátt fyrir aflauppgrip undanfarinna ára, þrátt fyrir hærra verðlag á útflutningsafurðum en nokkru sinni fyrr, þrátt fyrir vaxandi þjóðartekjur, 1¼ milliarðs tekjur ríkissjóðs umfram áætlun fjárl. á 4 árum, hefur alltaf sigið á ógæfuhliðina, nýjar ráðstafanir þurft að gera á nokkurra mánaða

fresti og ástandið hefur aldrei verið alvarlegra en nú. Trúi svo þeir, sem trúa vilja, að engin leið sé til betri en sú, sem ríkisstj. hefur farið, og ómögulegt sé að leysa málefni þjóðarinnar á annan veg en hún hefur gert. Hver er ástæðan til þess, hvernig komið er, þrátt fyrir góðæri undangenginna ára? Það hefur að vísu oft verið gerð grein fyrir því af hálfu okkar Framsfl.manna, að stefna ríkisstj., sem mörkuð var 1960 og nefnd var af höfundum sínum viðreisn, væri stefna, þar sem fjármagnið réði ferðinni og athafnir valdhafanna væru við það miðaðar að greiða götu þess, stefna, þar sem engin stjórn, ekkert skipulag væri haft á fjárfestingu, stefna, sem mundi leiða til erfiðleika, svo sem nú er komið í ljós. Það þarf engan að undra, þótt áhrif þessarar stefnu hafi ekki verið augljós í góðæri, eins og hér hefur verið undanfarandi ár, þar sem útflutningsverðmæti hafa tvöfaldazt á fáum árum og tekjur ríkissjóðs hafa farið 1½ milljarð fram úr áætlun fjárl. á einu kjörtímabili. Áhrif stjórnarstefnunnar hafa ráðið miklu um þann verðbólguvöxt, sem hér hefur verið síðustu árin. Ráðstafanir ríkisstj. í peningamálum, svo sem innheimta á háum sköttum til ríkissjóðs, háir vextir, óhagstæð stofnlán, sparifjárbinding, lánsfjárhöft o. fl., voru hugsuð af hálfu hennar sem hagstjórnartæki, er hefðu hemil á verðbólgunni, en hvernig hafa þessar ráðstafanir gefizt? Þær hafa verkað eins og olía á verðbólguna, sem hefur lamað atvinnulíf landsmanna undanfarandi ár og gerir þó mest nú. Dæmi vil ég nefna frá 1966 til þess að sanna mál mitt. Ég skýrði frá því áðan, að á árinu 1964 var söluskattur meira en tvöfaldaður. Í árslok 1965 voru margir nýir skattar upp teknir og aðrir hækkaðir og úr niðurgreiðslum dregið í ársbyrjun 1966. Hverjar voru svo afleiðingarnar? Þær komu fram, þegar komið var fram á mitt sumar 1966, og þá var verðbólgan, sem þessi skattheimta hafði magnað, orðin sá ógnvaldur, að ríkisstj. taldi þá, að hún stefndi málefnum þjóðarinnar í voða. Ríkisstj. ákvað þá að nota hluta af skattheimtu þeirri, er hún hafði innheimt af þjóðinni umfram þarfir, til að halda verðbólgunni í skefjum, enda voru þá kosningar fram undan og nauðsyn bar til að hennar dómi að leyna ástandinu í efnahagsmálum þjóðarinnar fram yfir þær.

Nú eru kosningarnar liðnar hjá, en verðbólgan er búin að brenna á báli sínu verulegan hluta af greiðsluafgangi ríkissjóðs frá góðu árunum. Og í úrræðaleysi sínu veltir nú ríkisstj. dýrtíðinni yfir á herðar fólksins í landinu, þeirri dýrtíð, sem hún taldi því þó ekki fært að bera við betri kjör heldur en nú eru að verða.

Þegar að er gáð, ætti öllum að vera það ljóst, að giftudrýgri hefði sú stefna reynzt þjóðinni, að lægri skattar hefðu verið af henni teknir af valdhöfunum, þótt greiðsluafgangur ríkissjóðs hefði orðið minni í bili, enda hefði þá dýrtíðin einnig orðið minni, sem af þeim skattaálögum hlauzt. Byrðarnar, sem þjóðinni er nú ætlað að axla, væru þá einnig nokkru minni. Það veldur einnig miklu um ástandið í efnahagsmálum, að fyrirheit stjórnarliða um sparnað í rekstri ríkissjóðs hafa alveg gleymzt, þegar til framkvæmdanna átti að koma. Það var gagnrýnt af okkur framsóknarmönnum við síðustu fjárlagaafgreiðslu, hve gífurleg hækkun varð þá á fjárlögum. Hvert embættið og stofnunin á fætur annarri fékk þá hækkaða fjárveitingu frá 30—50%. Slíkt örlæti í fjárveitingum er ekki framkvæmanlegt, enda hækkuðu fjárl. þá um 1 milljarð. Hvergi örlar á því nú, að úr slíkum greiðslum sé dregið, þrátt fyrir þá kröfu, sem valdhafarnir gera til þjóðarinnar um kjaraskerðingu. Ég sé á samanburði ríkisreiknings 1965 og 1966, að kostnaður við gestrisni ríkisstj. hefur hækkað um 50% á einu ári. Fleiri dæmi þessu lík munu finnanleg í ríkisrekstrinum, ef vel er að gáð. Það segir sig sjálft, að ríkissjóður þarf sitt, þegar þannig er á málum hans haldið. Er ástæða til þess að spyrja, hvort ekki væri nær fyrir ríkisstj. að snúa sér að því að endurskoða ríkisrekstrinn meira en í orði, eins og verið hefur undanfarin ár, heldur en leita til heimilanna í landinu og biðja þau að endurskoða rekstur sinn, eins og stjórnarherrarnir gera nú.

Eins og fram hefur komið í ræðu minni hér að framan, eru þær aðgerðir, sem nú á að framkvæma, svipaðs eðlis og áður hafa verið gerðar af ríkisstj. að öðru leyti en því, að nú er farið að verulegu leyti milliliðalaust inn á heimili fólksins og tekið mest af þeim heimilum, þar sem flest eru börnin. Það þarf heldur ekki mörgum orðum að því að eyða, að þessar ráðstafanir eru eingöngu gerðar vegna fjárl., svo að ríkisstj. geti haldið uppi sömu gestrisni og rausn og verið hefur. Það er ekki úr reksturskostnaði ríkisins dregið eða af sparnaði gert eins og áður hefur verið sýnt fram á. Hins vegar er í fjárlagafrv. fyrir árið 1968 yfirleitt fylgt þeirri sömu reglu, sem framkvæmd var á yfirstandandi ári, að framlög til verklegra framkvæmda eru 10% lægri en varið var til þeirra á núgildandi fjárl. Það má með nokkrum rökum segja, að erfitt sé að afla mikils fjár til verklegra framkvæmda á sama tíma sem lagt er til, að kjör fólksins séu skert eins og hér er nú gert. En það sýnir eins og fleira ráðsmennsku ríkisstj. á undanförnu góðæri, að við um 45 barna- og gagnfræðaskólabyggingar víðs vegar um landið, sem Alþ. hefur samþ. fjárveitingu til, hafa framkvæmdir ekki hafizt enn þá, og á þessu fjárlagafrv. er lægri upphæð til stofnkostnaðar í skólum heldur en er á yfirstandandi fjárl. Muna verður þjóðin það, að framtíð hennar er í voða, ef æskan getur ekki notið skyldunáms vegna skólaskorts eða framhaldsmenntunar af sömu ástæðum. Væri þá nær að draga eitthvað úr ráðstefnum og ferðalögum forystumanna þjóðarinnar heimsálfanna á milli og byggja einum skólanum fleira. Það vekur athygli, að brýna nauðsyn bar til þess á s. l. vori að afgreiða ný skólakostnaðarlög fyrir kosningarnar. En nú er þeirra að engu getið í sambandi við fjárlagafrv. Þar er eingöngu miðað við eldri löggjöf. Hvað veldur því, að úr þessum hraða hefur dregið?

Þá vekur það einnig eftirtekt, að fjárveiting til nýrra framkvæmda í höfnum hækkar ekki frá gildandi fjárl., þrátt fyrir nýja löggjöf um aukinn stuðning við hafnirnar, að öðru leyti en því, að fjárveiting til hafnasjóðs er 4,8 millj. hærri en var í fyrra. Þá sitja vegamálin í sama fari og áður hefur verið. Ekki er staðið við samkomulag það, sem gert var við afgreiðslu vegal., hvað þá

að gerð sé tilraun til að gera nokkurt átak í framkvæmdum vegamálanna, þrátt fyrir hækkun fjárl. Á árinu 1966 hafði þó ríkissjóður yfir 600 millj. kr. í tekjur af umferðinni umfram það, sem gekk til veganna, ef söluskattur er talinn með. Þjóðin getur ekki unað lengi þeirri ráðsmennsku, að allir þessir fjármunir gangi til útgjalda ríkissjóðs, en vegfarendur verði að aka illfæra vegi og eyða stórum fjárhæðum til viðhalds bifreiða sinna umfram það, sem þyrfti að vera, ef vegakerfið nyti þessara fjármuna, sem eðlilegt er, auk þess, sem viðhald fjölförnustu veganna sem malarvega er að verða óframkvæmanlegt og sumar brýr á fjölförnustu vegunum eru orðnar hættulegar umferðinni vegna þess, hvað veikbyggðar og úr sér gengnar þær eru. Hvert sem litið er í okkar þjóðfélagi, blasa verkefnin við. Það veldur því ekki gleði þeim, er áhuga hafa á framförum í þjóðfélaginu, að sjá þá kyrrstöðu, sem nú er að verða í verklegum framkvæmdum ríkisins.

Í ræðu minni hér að framan hef ég rætt almennt um þróun efnahags og afgreiðslu fjárl. hjá núv. valdhöfum. Mun ég nú með örfáum orðum víkja að einstökum liðum þeirra till., er setja svip sinn á fjárlagafrv.

Nokkrar umr. hafa farið fram um það á vegum sveitarfélaganna, t. d. á síðasta landsþingi þeirra, að gera fasteignir að meiri tekjustofni fyrir sveitarfélögin en nú er. Þá mun sú skoðun ríkjandi hjá þeim, sem unnið hafa að athugun á staðgreiðslu skatta, að auknir fasteignaskattar til sveitarfélaganna verði að koma til til að létta framkvæmdir þeirra mála. Það er því ekki gleði sveitarstjórnarmönnum, að ríkissjóður skuli gera fasteignir að slíkum tekjustofni sem hér er gert. Það er með öllu óhugsandi að hækka fasteignaskattana og hafa svo háan eignarskatt að auki. Ríkissjóður verður að hverfa frá þeirri stefnu sinni að gera fasteignir að slíkum tekjustofni sem hér er gert. Að öðrum kosti er sveitarfélögunum gert ókleift að hagnýta sér fasteignir sem tekjustofn. Ríkisstj. gerði till. um það í fjárlagafrv. fyrir árið 1966 að taka upp farmiðaskatt, 1500 kr. á seldan farmiða. Gert var þá ráð fyrir, að skattur þessi færði ríkissjóði 25 millj. kr. í tekjur. Frá þessari ráðagerð var þá horfið vegna andstöðu landsmanna við skattinn. Þess í stað var tekinn upp gjaldeyrisskattur, sem nú er ætlað, að gefi 38 millj. kr. í tekjur í ríkissjóð á næsta ári. Farmiðaskatturinn er nú tekinn upp á ný og nú 3000 kr. á seldan farmiða. Þessir tveir skattar af ferðalögum Íslendinga til annarra landa munu því færa ríkissjóði um 100 millj. kr. á næsta ári, vegna þess að horfið var frá skattinum í des. 1965, í staðinn fyrir 30 millj. kr., eins og þá var stefnt að. Til eru búhyggindi hjá ríkisstj., þó að venjulega fari lítið fyrir þeim. En 100 millj. kr. skattur á ferðir þeirra, er út úr landinu fara, nálgast átthagafjötra. Söluskatti á þjónustu pósts og síma mun verða mætt með hækkaðri gjaldskrá þessara stofnana, og þótti þó flestum, að nóg væri komið. En það, sem mest áhrif hefur á afkomu þjóðarinnar af þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. gerir till. um til að ná endum saman í fjárlagaafgreiðslu að þessu sinni, er sú ákvörðun að draga úr niðurgreiðslum, er nemur 410 millj. kr. Kjaraskerðing sú, sem fólgin er í till. fjárlagafrv., er um 7½%, en ekki eru greiðslur vegna eignarskatts þar taldar með. Mestu ræður hér um, að niður eru felldar niðurgreiðslur. Þessi breyting er mjög alvarlegt áfall fyrir fólkið í landinu og skellur á neytendur, þegar fjárhagsleg staða þeirra er verri en áður, sem ég vík að síðar, og hún getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir framleiðendur í minni sölu þessara vara, einmitt þá, þegar erfiðleikar steðja að þeirra atvinnurekstri. Augljóst er, að fyrir báða þessa aðila hefði verið betra, að ekki hefði verið að þessu ráði horfið á þann hátt, sem hér er gert.

Fleira er hér til athugunar en verið hefur á drepið. Það er kunnara en frá þurfi að skýra, að afkoma launþega hefur að verulegu leyti byggzt á löngum vinnudegi. Yfirvinnan hefur verið snar þáttur í atvinnutekjum manna. Það er ljóst, að tekjur af 8 stunda vinnudegi, er nema 105—140 þús. kr. árstekjum eftir stéttum, nægja ekki til sómasamlegrar framfærslu meðalfjölskyldu með þeim húsaleigukostnaði, sem algengur er hér á landi. Þegar þetta er haft í huga, er augljóst þeim, sem sjá vilja hlutina í réttu ljósi, að kjaraskerðing með því ástandi, sem nú er að verða í atvinnumálum og útlit er fyrir að verði, er miklu meiri en 7½%, vegna þess að 8 stunda vinnudagur er að verða ríkjandi í flestum atvinnugreinum, eins og fram kom í nýgerðri samþykkt járniðnaðarmanna. Sú kjaraskerðing, er verður af völdum styttri vinnutíma, mun reynast þeim, er fyrir henni verða, fullþung í skauti, þó aðgerðir ríkisstj. bætist ekki þar við. Ég spyr: Hver treystir sér til að halda því fram, að fjölskylda með rúmlega 100 þús. kr. árstekjur geti tekið á sig verulega kjaraskerðingu? Ég hygg, að þeir verði fáir. Það er því augljóst, að hér er stefnt inn á ófæra leið.

Annar þáttur þessa máls er óræddur hér að mestu, en það er tilgangur þessara till. Hæstv. ríkisstj. heldur því fram, að árferðið valdi hér um. Ég hef í ræðu minni hér að framan sýnt fram á það, hvernig ríkisstj. hefur á hverju hausti, og venjulega á miðjum vetri líka, gert svipaðar bráðabirgðaráðstafanir vegna fjárlaga og atvinnuveganna, sem aðeins hafa dugað í nokkra mánuði. Þjóðarbúinu hefur verið fleytt áfram með þessum bráðabirgðaráðstöfunum. Það sama er að gerast nú. Það er enginn vandi leystur með samþykkt þeirra aðgerða, sem fjárlagafrv. inniheldur, annar en sá að halda uppi eyðslu á vegum ríkisstj., eins og verið hefur. Vandamál atvinnuveganna er jafnóleyst, þar sem engin ný fjárveiting til þeirra er á þessu fjárlagafrv. og ástandið, sem þessar aðgerðir skapa, mun gera þá lausn erfiðari en ella. Það er hægt að hugsa sér að taka á sig byrðar um stundarsakir, ef þeim er réttlátlega skipt eftir burðarþoli gjaldþegna, og tilgangurinn með þeirri fórn er að leysa vanda, svo betur ári eftir en áður, en annars ekki. Ég gat þess í ræðu minni hér að framan, að stjórnarstefnan hefði ekki haft stjórn eða skipulag á fjárfestingunni í atvinnumálum. Hver er árangurinn? Hann er sá, að a. m. k. helmingurinn af togaraflotanum er annaðhvort seldur úr landi eða honum hefur verið lagt við akkeri. Bátafloti sá, sem stundar bolfiskveiðar, hefur gengið úr sér, enda hefur endurnýjun hans verið

sáralítil. Afleiðingin er svo sú, að frystihúsin skortir hráefni til eðlilegrar starfsemi. Ríkisstj. hefur ekki komið í framkvæmd nema að litlu leyti till. stjórnskipaðrar n., er athugaði afkomu vélbátaflotans. Iðnaðurinn dregst saman vegna harðrar samkeppni erlendrar iðnaðarframleiðslu, lánsfjárskortur háir atvinnuvegunum.

Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, er það yfirlýst stefna okkar framsóknarmanna, að það verði að sitja fyrir öllum efnahagsaðgerðum í ísl. þjóðlífi að koma atvinnurekstri landsmanna á heilbrigðan grundvöll og efla ísl. framtak í atvinnurekstri þjóðarinnar. Það er því krafa framsóknarmanna til hæstv. ríkisstj., að málefni atvinnuveganna verði tekin til gagngerðrar athugunar nú þegar og lausn þeirra gangi fyrir því að afla tekna til ríkissjóðs.

Herra forseti. Ég hef í ræðu minni hér að framan lýst áhrifum stjórnarstefnunnar á efnahagskerfið og atvinnuvegi landsmanna og sýnt fram á, að að því sé eingöngu stefnt með þessum aðgerðum, sem hér um ræðir, að leysa tekjuþörf ríkissjóðs og annað ekki. Ég legg áherzlu á það, eins og við framsóknarmenn gerðum í kosningunum s. l. vor, og gert hefur verið af formanni flokksins, Eysteini Jónssyni, í umr. hér á Alþ. á undanförnum dögum, að vandi í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar er mikill. Hann stafar af hvoru tveggja, rangri stjórnarstefnu og utanaðkomandi áhrifum, aflaleysi og verðfalli afurða. Leiðin til að leysa vandann er sú að gera sér grein fyrir því, hver hann er og sameina þjóðina um lausn vandamálsins. Það liggur ekkert fyrir um það enn þá, sagði hæstv. forsrh. í ræðu á mánudaginn, hvað atvinnuvegirnir þurfa, til að þeirra vandi verði leystur. Meðan svo er, þýðir ekki að tala um tillögugerð frá einum eða neinum til að leysa vandann. Þetta verk átti ríkisstj. að vera búin að láta vinna, vegna þess að sú leið, sem valin verður til lausnar á vandamálum atvinnuveganna, hlýtur að hafa mikil áhrif á allt efnahagskerfi þjóðarinnar, en fyrr en það liggur fyrir verður ekki séð með neinni vissu, hver tekjuþörf ríkissjóðs raunverulega verður né hvaða leiðir séu heppilegar til þess að leysa þann vanda.

Að lokum þetta: Fátt sýnir betur, hvernig ríkisstj. hefur tekizt stjórn efnahagsmála að undanförnu en það, að eftir margra ára góðæri er ástandið í efnahagsmálum slíkt, að meðalfjölskyldu nægja ekki til framfærslu tekjur af 8 stunda vinnudegi og atvinnuvegirnir eiga í erfiðleikum með að inna þá kaupgreiðslu af hendi. — Góða nótt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Við Íslendingar lifum nú alvarlega tíma. Okkar bíður mikill vandi. Við höfum á undanförnu ári orðið fyrir þungum búsifjum, þyngri búsifjum en við höfum orðið að þola um áratuga skeið. Mikið verðfall hefur orðið erlendis á helztu útflutningsvörum þjóðarinnar. Sjávarafli hefur minnkað. Talið er, að útflutningstekjur verði í ár a. m. k. fjórðungi minni en þær voru í fyrra. Hér er um mikil umskipti að ræða. Á undanförnum árum höfum við búið við mikla og vaxandi velgengni, og á árunum 1962—1965 höfðu þjóðartekjur á mann hækkað árlega um 6—7% að meðaltali. Í fyrra urðu straumhvörf. Þá jukust þjóðartekjur á mann aðeins um 1½%, en nú er talið, að þær muni í ár minnka um a. m. k. 4—5% á mann. Íslendingar eru svo skynsöm þjóð, að þeir munu eflaust gera sér grein fyrir því, að slík áföll hljóta að hafa áhrif á afkomu einstaklinga og fyrirtækja. Á undanförnum mánuðum hefur almenningur verið varinn fyrir áhrifum verðfallsins og aflabrestsins á þann hátt, að niðurgreiðslur á verði innlendra landbúnaðarafurða hafa verið auknar til þess að halda kaupmætti teknanna óbreyttum. Þetta hefur verið hægt fram til þessa, vegna þess að afkoma ríkissjóðs á s. l. ári var sérstaklega góð og gjaldeyrissjóðurinn allgildur. Hefur tekjuafgangur ríkissjóðs frá fyrra ári verið notaður til þess að greiða kostnaðinn vegna aðstoðar við sjávarútveginn og aukinna niðurgreiðslna að nokkru leyti. En á næsta ári verður engum slíkum varasjóði til að dreifa, og gjaldeyrisforðinn hefur minnkað verulega.

Á næsta ári verða tekjur og gjöld ríkissjóðs að standast á, og minnkun gjaldeyrisforðans verður að stöðva. Ef ekkert væri nú aðhafzt, væri 750 millj. kr. halli á ríkisbúskapnum á næsta ári. Slíkur halli myndi hafa í för með sér mikla verðbólgu annars vegar og gífurlega minnkun gjaldeyrisforðans hins vegar. Þess vegna verður að jafna hallann. Það er ekki hægt nema með álögum. Þessar álögur munu, skv. till. ríkisstj., koma fram með því móti, að verðlag hækkar á innlendum landbúnaðarafurðum og á áfengi og tóbaki. Verð á nokkrum tegundum þjónustu mun hækka. Nýr skattur er lagður á farmiða og eignarskattur hækkaður.

Í kjölfar þessara verðhækkana og nýju gjalda siglir að sjálfsögðu kjaraskerðing fyrir alla þjóðina, en hún er í raun og veru orðin, vegna verðfallsins og aflabrestsins. Spurningin er ekki um það, hvort hægt sé að komast hjá kjaraskerðingunni eða ekki, verðlagið erlendis er fallið og aflinn hefur brugðizt. Þetta hefur gerzt og því verður ekki breytt. Spurningin er um það eitt, hvort við viljum hafa stjórn á því, hvernig kjararýrnunin verður, eða hvort kjararýrnunin á að gerast í mynd verðbólgu og ringulreiðar. Ég skil ekki í öðru en allir séu sammála um, að stjórn á efnahagsmálum sé betri en óstjórn. Hitt játa ég fúslega, að einmitt þegar um stjórn á efnahagsmálum er að ræða, geta fleiri en ein leið komið til greina til þess að dreifa kjaraskerðingunni á þjóðina. Skoðun ríkisstj. er sú, að skynsamlegast sé, að kjaraskerðingin komi þannig fram, að verðhækkunin verði á fáum tegundum vöru og þjónustu, sem auðvelt sé að fylgjast með, og lögð séu á þess konar gjöld, sem hafi ekki áhrif á almennt verðlag í landinu. Þess vegna valdi ríkisstj. þá leið að lækka fyrst og fremst niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum og hækka verð á þeirri vöru og þjónustu og leggja á þau gjöld, sem ég nefndi áðan.

Þessa leið valdi ríkisstj. ekki sízt vegna þess, að niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum voru orðnar óeðlilega háar, þær voru t. d. orðnar meiri en helmingur af óniðurgreiddu útsöluverði bæði mjólkur og smjörs. Þetta hlaut að leiða til þess, að bændur hættu að nota sína eigin mjólk og færu að kaupa neyzlumjólk frá mjólkurbúum,

og hafa ýmsar aðrar óheppilegar afleiðingar í för með sér. Nú, eftir lækkun niðurgreiðslnanna, eru niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum enn jafnháar að tiltölu og þær hafa yfirleitt verið á undanförnum árum og miklu hærri en þær voru allt fram til ársins 1959.

Auðvitað hefði einnig verið hægt að ná sama marki eftir öðrum leiðum, t. d. með því að hækka söluskatt, en þá hefði verðlag á bókstaflega hverri einustu vöru og þjónustu í landinu hækkað, og þessi hækkun hefði verið lengi að koma til framkvæmda. Skriður hefði komizt á allt verðkerfið, og þá er mjög hætt við því, að enginn mannlegur máttur hefði getað staðið gegn því, að verðhækkun á a. m. k. mörgum vörum og margri þjónustu hefði orðið meiri en hækkun söluskattsins gaf að réttu lagi tilefni til. Það er m. ö. o. mjög hætt við, að sú almenna hækkun verðlags, sem hækkun söluskattsins hefði haft í för með sér, hefði í reynd orðið meiri en sú hækkun verðlags, sem hlýzt af þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur gert till. um.

Einnig hefði verið hægt að koma í veg fyrir halla á fjárlögum með því að lækka útgjöld stórlega. Fjárfestingarútgjöldum ríkisins hefur verið haldið mjög niðri á undanförnum árum, og taldi því ríkisstj. frekari lækkun þeirra óráðlega. Rekstrarútgjöld ríkisins eru hins vegar háð því, hversu mikla þjónustu ríkið veitir, og þeim l., sem um þá þjónustu gilda. Þetta á sérstaklega við um meginútgjaldaflokkana, s. s. félagsmál, fræðslumál og heilbrigðismál. Ríkisstj. vildi ekki leggja til, að almannatryggingum yrði breytt og fé sparað með því að draga úr starfsemi þeirra. Hún vill ekki leggja til, að dregið yrði úr starfsemi á vegum fræðslumála og heilbrigðismála, enda er þar frekar þörf á aukinni starfsemi. Þetta breytir þó ekki því, að margt sé hægt að gera á mörgum sviðum til þess að bæta skipulag opinberrar starfsemi og draga úr kostnaði við hana. Að þessu hefur ríkisstj. verið að vinna og að þessu mun hún halda áfram að vinna af kappi, enda hefur nú verið komið á fót sérstakri stofnun, Fjárlaga- og hagsýslustofnun fjmrn., til þess að sinna þessum málum, en árangurinn af þessu starfi kemur ekki í ljós fyrr en smám saman, og hann getur engin meiri háttar áhrif haft á afkomu ríkissjóðs á næsta ári.

Það er eðlilegt, að menn spyrji, hvers vegna sé nú allt í einu gripið til jafnróttækra ráðstafana og hér er um að ræða. Það er eðlilegt, að menn spyrji, hvort ekki hafi verið orðið ljóst fyrir einu ári, að verðlag erlendis var tekið að falla. Það er eðlilegt, að menn spyrji, hvort hin lélega vetrarvertíð á liðnum vetri, þegar veðurfar reyndist verra en um áratugi, hafi ekki verið orðin nægileg vísbending um, hvert stefndi og því full ástæða til að grípa fyrr til róttækra ráðstafana. Víst var búið að vera ljóst í meira en ár, að straumhvörf voru orðin í viðskiptakjörum Íslendinga gagnvart öðrum þjóðum, og víst var það orðið ljóst á liðnum vetri, að afli brást, en samt var lengi vel ekki óskynsamlegt að vænta þess, að verðlækkunin snerist aftur í verðhækkun, að viðskiptakjörin bötnuðu á ný og góð síldarvertíð fylgdi erfiðri. Það var sérstök ástæða til að reyna að fresta því, að áhrif verðfallsins og aflabrestsins kæmu fram sem kjaraskerðing hjá þjóðinni, vegna þess að hægt var að nota tekjuafgang liðins árs til þess að auka niðurgreiðslur og halda þannig uppi kaupmætti launanna, og hægt var að ganga á þann tiltölulega gilda gjaldeyrissjóð, sem fyrir hendi var. En mikilvægast af öllu í þessu sambandi er þó það, að fyrir einu ári hefði verið mjög takmarkaður skilningur á því hjá almenningi, og ekki sízt hjá launþegasamtökum, að verðfall, sem staðið hafði í nokkra mánuði, eða ein slæm vertíð gerði almenna kjaraskerðingu nauðsynlega. Nú er viðhorfið hins vegar allt annað. Nú hefur tímabil verðfallsins erlendis staðið í 1—1½ ár, og ekki aðeins þorskveiðar hafa brugðizt, heldur einnig síldveiðar. Nú er tvímælalaust fyrir hendi skilningur á því, að nú verður ekki lengur vikizt undan vandanum. Það var gert á meðan unnt var og aðstæður leyfðu. En nú hlýtur það að vera orðið ljóst hverju mannsbarni, að ekki er lengur hægt að koma í veg fyrir það, að verðfallið og aflabresturinn komi fram sem kjaraskerðing. Eftir á að hyggja má segja, að æskilegra hefði verið að grípa fyrr til þeirra ráðstafana, sem nú er efnt til. Skýringin á, að það var ekki gert, er fólgin í því, að þjóðin hefði þá sætt sig miklu verr við slíkar ráðstafanir en hún gerir væntanlega nú. Þess vegna hefði þá verið miklu meiri hætta á, að þær mistækjust.

Það er viðs fjarri mér að gera nokkra tilraun til þess að draga fjöður yfir það, að það, sem nú er að gerast í ísl. efnahagsmálum, er almenn kjaraskerðing. Auðvitað er hún ekki léttbær, en því má engu að síður varpa fram, hvort hún sé óbærileg. Vilji menn mynda sér skoðun á því, má t. d. athuga, hvernig kjör tiltekinna launastétta hafa breytzt á undanförnum árum. Til eru skýrslur um breytingar á kaupmætti tímakaups hjá verkamönnum og iðnaðarmönnum á undanförnum árum. Árið 1965 var kaupmáttur tímakaups verkamanna og iðnaðarmanna 16% meiri en hann hafði verið 1960. Árið 1966 var kaupmátturinn 25% meiri en hann hafði verið 1960, og 1. sept. s. l., eða rétt áður en verðhækkanirnar komu til framkvæmda, var kaupmáttur verkamanna og iðnaðarmanna orðinn 28% hærri en hann var 1960. Við þessar ráðstafanir, sem nú er verið að framkvæma, eða eru fyrirhugaðar, mun kaupmáttur tímakaupsins lækka. Vísitala kaupmáttarins mun lækka úr 128 stigum í 122,5 stig. Kaupmáttur tímakaupsins mun með öðrum orðum rýrna um 4—5%. En á það ber að benda sérstaklega, að þrátt fyrir þá rýrnun kaupmáttarins, sem nú mun eiga sér stað, mun kaupmáttur tímakaups verkamanna og iðnaðarmanna samt verða 22½% hærri en hann var 1960. Hann verður aðeins lægri en hann var að meðaltali 1966, en mun hærri en hann var 1965. Þótt það, sem nú er að gerast, sé sannarlega alvarlegt og ekki léttbært, bendir þetta þó til þess, að það sé engan veginn óbærilegt. Því má þó heldur ekki gleyma, að til viðbótar minnkandi kaupmætti mun að einhverju leyti koma lækkun tekna vegna minni yfirvinnu. Það hlýtur einmitt að verða eitt helzta verkefni stjórnarvalda á næstunni, að reyna að draga úr þeim samdrætti á vinnumarkaðinum, sem áföllin í efnahagsmálum hafa í för með sér, og aðgerðir ríkisstj. nú miða m. a. að því að gera þetta kleift.

Það er líka von að menn spyrji, eins og líka margir spyrja, hvers vegna allar þessar álögur þurfi endilega að lenda á almenningi. Hvers vegna er ekki meira lagt á breiðu bökin, segja ýmsir. Hvers vegna eru hinir ríku ekki látnir borga meira? Þessi sjónarmið ættu sérstakan rétt á sér, ef hægt væri að sýna fram á, að hlutdeild launastétta í mjög ört vaxandi þjóðartekjum undanfarin ár, hafi minnkað. Ef svo hefði verið, hefðu atvinnurekendur getað safnað varasjóðum, sem nú hefði mátt grípa til, til þess að mæta verðfallinu og aflabrestinum. Hvernig hefur þessu í raun og veru verið varið? Til eru vandaðar skýrslur um þróun atvinnutekna og ráðstöfunartekna helztu launastéttanna á árunum 1960—65, ásamt alláreiðanlegri áætlun fyrir árið 1966. Breytingu teknanna má reikna með ýmsum aðferðum. Sú aðferð, sem sýnir minnsta hækkun raunverulegra tekna helztu launastéttanna á tímabilinu 1960—66, sýnir hækkun um 41%. Sú aðferð, sem sýnir mesta hækkun, sýnir hækkun um 49%. Ég skal láta liggja á milli hluta, hvor talan sé réttari. En til eru líka tölur um aukningu raunverulegra þjóðartekna á þessu tímabili. Þar koma engar ólíkar reikningsaðferðir til greina. Hvað skyldu þjóðartekjurnar á mann hafa aukizt mikið á þessu tímabili? Þær jukust um 35%. Þetta sýnir, að á þessu tímabili hafa helztu launastéttirnar ekki aðeins fengið sinn hlut af aukningu þjóðarteknanna, heldur ríflega það. En sömu tekjurnar verða auðvitað ekki notaðar tvisvar. Fyrst launþegarnir fengu tekjuaukann, gátu atvinnurekendur ekki fengið hann líka. Þess vegna hafa þeir ekki safnað neinum gildum sjóði á undanförnum árum. Þess vegna eiga atvinnufyrirtæki nú ekkert í sjóði, sem hægt sé að greiða úr tekjumissinn vegna verðfallsins og aflabrestsins. Þess vegna verður þjóðin öll nú að þola kjaraskerðingu vegna tekjurýrnunar þjóðarbúsins með alveg sama hætti og hún á undanförnum árum fékk kjarabót vegna aukningar tekna þjóðarbúsins.

Auðvitað má um það deila, hvort sú stefna hafi verið rétt að skipta allri aukningu þjóðarteknanna á meðal þjóðarinnar um leið og hún varð til, í stað þess að safna a. m. k. nokkrum hluta hennar í sjóði hjá atvinnuvegunum eða hjá opinberum aðilum, til þess að tekjulækkun þjóðarbúsins þyrfti ekki að leggjast með sama þunga á almenning, ef til kæmi. Það hefði verið erfitt að framfylgja slíkri stefnu á undanförnum árum. Eitt er víst, að hún hefði aldrei hlotið samþykki launþegasamtakanna.

Stjórnarandstöðuflokkarnir gera sér eðlilega tíðrætt um þessa kjaraskerðingu. Þeir tala jafnvel eins og það hafi aldrei komið fyrir áður, að kjör þjóðarinnar hafi versnað um sinn eða þurft hafi með opinberum aðgerðum að knýja fram kjaraskerðingu í ákveðinni mynd, til þess að hún ætti sér ekki stað í stjórnleysi. En þetta er mikill misskilningur. Ég ætla að nefna þrjú dæmi um lögskipaðar kjaraskerðingar á s. l. 10 árum. Fyrstu tvö dæmin eru úr stjórnartíð Hermanns Jónassonar, en hið síðasta úr stjórnartíð Ólafs Thors. Svo sem kunnugt er, mynduðu Framsfl., Alþb. og Alþfl. ríkisstj. að afloknum kosningum sumarið 1956. Haustið 1956 átti kaupgjaldsvísitalan að hækka um 3%. Það var augljóst, að útflutningsatvinnuvegirnir gætu ekki risið undir þeirri kauphækkun, án þess að útflutningsbætur til þeirra væru hækkaðar, en til þess að hækka útflutningsbætur hefði þurft að hækka innflutningsgjöld skv. kerfi því, er þá var við lýði. Hin nýja ríkisstj. vildi ekki byrja stjórnarferil sinn með því að hækka útflutningsbætur og innflutningsgjöld. Þess vegna var ákveðið, áður en þing kom saman, að gefa út brbl., þar sem kveðið var á um, að kauphækkun sú, sem koma átti til framkvæmda 1. sept. 1956 vegna hækkunar vísitölunnar, skyldi ekki koma til framkvæmda. Með brbl. voru launþegar m. ö. o. látnir afsala sér kauphækkun, sem þeir áttu rétt á skv. samningum. Með þessu var einnig komið í veg fyrir hækkun á afurðaverði til bænda, sem sigla hefði í kjölfar kauphækkunarinnar. Þessum ráðstöfunum var svo fylgt eftir með hækkun tolla og gjalda um áramótin 1956—57, um talsvert á þriðja hundrað millj. kr., en það jafngilti að sjálfsögðu miklu hærri upphæð nú. Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar, Framsfl., Alþb. og Alþfl., voru sammála um nauðsyn þessara ráðstafana, sem voru tvímælalaust skynsamlegar, þótt þær hefðu í för með sér kjaraskerðingu í bráð. Nú er fyrirhugað að láta nokkurra stiga hækkun á kaupgjaldsvísitölu ekki valda hækkun kaupgjalds. Það er ekki í fyrsta skipti, sem slíkt á sér stað. Það átti sér t. d. stað 1956. Þá voru Framsfl., Alþb. og Alþfl. sammála um, að slík ráðstöfun gæti verið skynsamleg og réttmæt.

Vorið 1958 framkvæmdi ríkisstj. Hermanns Jónassonar víðtækar efnahagsráðstafanir, sem þá voru mjög umdeildar. Innflutningsgjöld og útflutningsbætur voru hækkuð verulega. Markmiðið var auðvitað að minnka greiðsluhallann út á við og stuðla að betri afkomu útflutningssjóðs og ríkissjóðs, enda batnaði gjaldeyrisstaðan verulega á árinu 1958, bæði vegna þessara skynsamlegu ráðstafana og vegna einstaks góðæris. Afkoma ríkissjóðs var einnig hallalaus. Stuðningsflokkar ríkisstj. voru sammála um þessar ráðstafanir, þótt augljóst væri, að þær hefðu kjaraskerðingu í för með sér. Í árslok 1959 sömdu Alþfl. og Sjálfstfl. um nýja stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þegar hún var boðuð, var frá því skýrt, að þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar væru í sambandi við stefnubreytinguna, myndu hafa í för með sér kjaraskerðingu í bráð um u. þ. b. 3%. Það fór svo, að á árinu 1960—1961 varð nokkur kjaraskerðing, en vegna hinnar breyttu stefnu í efnahagsmálum og vegna batnandi viðskiptakjara og aukins sjávarafla breyttist tekjulækkunin í tekjuhækkun 1962. Og á árunum 1962—65 varð síðan mesta framfaraskeið og mesta tekjuhækkunartímabil, sem orðið hefur í sögu Íslendinga á síðari árum. Þetta síðasta dæmi sýnir, að þótt kjaraskerðing verði í bráð, getur hún fljótlega snúizt upp í kjarabót, ef skynsamlega er á málum haldið og ytri aðstæður haldast ekki sérstaklega óhagkvæmar til langframa.

Þótt þeim ráðstöfunum, sem nú er verið að gera, verði tekið með skilningi, er eðlilegt, að á þær sé litið alvarlegum augum. Þjóðin á heimtingu á, að þær ráðstafanir, sem gerðar eru, séu eins skynsamlegar og eins réttlátar og unnt er, að byrðum kjaraskerðingarinnar sé dreift af eins

mikilli sanngirni og hægt er. Ríkisstj. staðhæfir ekki, að það, sem hún hefur lagt til við hið háa Alþingi, sé hið eina rétta. Hún hefur lýst því yfir, að hún sé reiðubúin til þess að ræða við stjórnarandstöðuna og bæði samtök launþega og atvinnurekenda um sérhverja þá hugmynd — um sérhverja þá till., sem fram kemur til þess að gera þessar heildarráðstafanir skynsamlegri, réttlátari og léttbærari. Fram til þessa hefur stjórnarandstaðan ekki sett fram neinar ákveðnar till. eða hugmyndir. Úr herbúðum launþegasamtaka eða atvinnurekendasamtaka hafa ekki heldur enn komið neinar ákveðnar ábendingar, en eins og kunnugt er, munu nú hefjast viðræður um þau mál á milli ríkisstj. og launþegasamtakanna. Ríkisstj. er fús til þessara viðræðna. Hún er meira en fús til þeirra. Hún beinlínis óskar eftir þeim. Í þessu máli telur ríkisstj. sig ekki vera málsvara neinnar sérstakrar stéttar eða hagsmunahóps. Hún hefur viljað gera það, og það eitt, sem hún hefur talið þjóðarheildinni fyrir beztu. Hún hefur viljað dreifa byrðunum þannig, að þær skiptust af sanngirni. Það hefur hún talið líklegast til þess að koma í veg fyrir, að verðbólguhjólið fari að snúast aftur, atvinnuvegirnir stöðvist og atvinnuleysi haldi innreið sína. Í þessu máli telur ríkisstj. sig ekki eiga neina óvini nema verðbólguhættuna og atvinnuleysisvofuna. Gegn þeim óvinum vill hún berjast og hún vonar, að samtök launþega og atvinnurekenda beri gæfu til þess að berjast með henni gegn þessum óvinum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti, góðir hlustendur. Í athugasemdum við fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir til umræðu, segir m. a.:

„Tvö eru megineinkenni fjárlagafrv. að þessu sinni. Annars vegar þær sérstöku ráðstafanir, sem nú er óumflýjanlegt að gera vegna erfiðleika útflutningsatvinnuveganna og minnkandi þjóðartekna, hins vegar gagnger breyting á skipulagi frv., bæði formi og efni."

Ég mun við þessar umr. fyrst og fremst ræða um þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur nú boðað í efnahagsmálum og það ástand, sem upp er komið í fjárhags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Í athugasemdum sínum við fjárlagafrv. segir ríkisstj., að hinar fyrirhuguðu efnahagsráðstafanir séu eftirfarandi:

1) Felldar verði niður allar þær niðurgreiðslur á vöruverði, sem teknar hafa verið upp eftir 1. ágúst 1966, og mundi sú fjárhæð hafa numið um 410 millj. kr. á næsta ári.

2) Fasteignamat til eignarskatts verði tólffaldað, en sexfaldað í sveitum, jafnhliða tvöföldun á skattfrjálsri lágmarksupphæð. Er ætlunin, að sú tekjuöflun geri um 62 millj. kr.

3) Lagður verði á farmiðaskattur vegna utanlandsferða, 3000 kr. á farseðil. Er sá tekjuauki áætlaður 60 millj. kr.

4) Verðhækkun á tóbaki og áfengi er áætlað að gefi um 60 millj. kr.

5) Halla almannatrygginga verði mætt með hækkuðum iðgjöldum, en ella þyrfti á næsta ári að afla 63 millj. kr. til að jafna halla þeirra á því ári.

6) Leyfð verði hækkun daggjalda á sjúkrahúsum og hækkun sjúkrasamlagsgjalda, er ella hefði leitt til 40 millj. kr. útgjalda hjá ríkissjóði á næsta ári.

7) Undanþága söluskatts af þjónustu pósts, síma og útvarps verði felld niður, er mun gefa um 40 millj. kr., og að auki er áætlað, að póstur og sími geti skilað 20 millj. kr. rekstrarafgangi til ríkissjóðs.

8) Stefnt er að sérstakri lækkun útgjalda á ýmsum liðum og ráðstöfunum til tekjuauka á öðrum liðum.

Þetta er eigin lýsing ríkisstj. á þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem hún hefur ákveðið að framkvæma. Áætlanir hennar sjálfrar eru þær, að þessar nýju álögur muni samtals nema 753 millj. kr. á næsta ári. Það sem fyrst hlýtur að vekja athygli við þessi nýju bjargráð ríkisstj. er það, að hér er einvörðungu um ráðstafanir að ræða, sem við það eru miðaðar að rétta við fjárhag ríkissjóðs, þ. e. a. s. ríkiskassans í þrengri merkingu. Allir nýju skattarnir eiga að renna beint í ríkiskassann, og minnkun niðurgreiðslna á vöruverði, sem leiða mun af sér stórfellda verðlagshækkun á brýnustu nauðsynjum, á einnig að framkvæma til að gera fjárhag ríkissjóðs rýmri en verið hefur. Skv. yfirlýsingum ríkisstj. á ekkert af nýju álögunum að renna til atvinnuveganna, því að út frá því er gengið, að aðstoð við þá verði óbreytt frá því, sem verið hefur. Þetta er ótrúlegt, en þó satt. Og enn þá óskiljanlegra er þetta þó, þegar haft er í huga, að aðalröksemdir ríkisstj. fyrir þessum nýju efnahagsaðgerðum eru þær, að atvinnuvegir þjóðarinnar hafi orðið fyrir sérstöku áfalli vegna aflabrests og verðfalls á útflutningsvörum. Allur er málflutningur ríkisstj. hinn furðulegasti í sambandi við þessar efnahagsaðgerðir. Í öðru orðinu er því haldið fram, að stefnan sé verðstöðvun og að við þá stefnu verði fast haldið, en í hinu eru boðaðar stórfelldar verðlagshækkanir á vörum og þjónustu. Jöfnum höndum er sagt í yfirlýsingu ríkisstj., að útflutningsatvinnuvegirnir hafi orðið fyrir óbærilegu áfalli og að ekki séu enn nein rök fyrir því, að veita þurfi þeim meiri aðstoð en gert hefur verið. En eitt liggur sem sagt skýrt fyrir. Ríkisstj. er sannfærð um, að ríkissjóður þurfi að fá nýjar tekjur, sem nemi 750 millj. kr. á ári, miðað við óbreyttar aðstæður. Og hún er sannfærð um, að auknar byrðar, sem því nemi, verði að leggja á almenning í landinu.

Ríkisstj. talar mikið um stórfelld vandræði atvinnuveganna, um aflabrest og markaðshrun. Og hún reynir mjög að réttlæta álögur með slíku tali. En hvað er það í raun og sannleika, sem gerzt hefur í þessum efnum? Vetrarvertíð bátaflotans varð erfið, fyrst og fremst vegna óhagstæðrar veðráttu. Heildaraflamagnið reyndist um 16% minna en árið áður. Sumarafli smærri báta hefur reynzt góður svo að segja yfir allt landið. Afli togara hefur orðið meiri en undanfarið ár. Síldveiðarnar eru minni en undanfarin tvö aflametsár, árin 1966 og 1965, en þó er augljóst, að síldaraflinn í ár mun verða mjög mikill og einn sá mesti, sem við höfum nokkru sinni fengið. Það er því fjarstæða að tala um aflabrest eða aflaleysi, aflinn er mikill, jafnvel þó að áður hafi hann orðið nokkru meiri. Hitt er rétt, að mjög tilfinnanlegt verðfall hefur orðið á þýðingarmiklum útflutningsvörum, einkum á bræðslusíld-

arafurðum og frosnum fiski. Verð á saltfiski og saltsíld er hins vegar enn mjög hátt. Og hafa verður þó í huga, að það verðfall, sem nú er talað um, er miðað við algjört metverðlag, sem fengizt hafði fyrir þessa vöru. En verðfallið á útflutningsafurðum þjóðarinnar er þó mjög tilfinnanlegt og hlýtur að valda miklum fjárhagslegum erfiðleikum.

Þeir erfiðleikar, sem útflutningsframleiðslan nú stendur frammi fyrir, eru vissulega miklir. Þeir stafa jöfnum höndum af verðfalli erlendis og af þeirri stefnu, sem ríkt hefur hér innanlands í efnahagsmálum og ríkisstj. heldur enn dauðahaldi í. Viðreisnarstefnan hafði gengið nærri útflutningsatvinnuvegunum og reynzt þeim þung í skauti og nú þegar hallar undan fæti á erlendum mörkuðum og afli minnkar, þá dregst allt skyndilega í harðan hnút. Þannig þola atvinnuvegirnir ekki viðreisnarstefnuna nema í mesta góðæri. Allt tal ríkisstj. um áfall atvinnuveganna og minnkandi útflutningstekjur, sem nemi jafnvel 1500 millj. kr. í ár, í sambandi við þær skattaálögur, sem ríkisstj. boðar nú fyrir ríkissjóðinn, allt slíkt tal er í rauninni út í hött. Þegar aflinn á síðustu vetrarvertíð minnkaði um 16%, skall þunginn af þeirri aflaminnkun á sjómönnum bátaflotans, sem stunduðu veiðar á vetrarvertíðinni, en kaup þeirra lækkaði skv. eðlilegum hlut um 16%. Minnkun vertíðaraflans bitnaði á útgerðum bátanna og á verkafólkinu, sem í landi vann við aflann, en vinna þess varð minni og kaupið lækkaði um leið. Þegar síldaraflinn nú er miklu minni að verðmætum en t. d. í fyrra, þá lækkar aflahlutur síldveiðisjómannanna stórkostlega og hagur útgerðarinnar og síldariðnaðarins stórversnar og vinna fólksins í landi minnkar til mikilla muna frá því, sem áður var. Þetta hefur verið að gerast á þessu ári og ríkissjóður hefur ekki lagt fram einn einasta eyri til þess að létta byrðar þeirra aðila, sem fyrir þessum áföllum hafa orðið. Það er því algjörlega rangt, sem hæstv. viðskmrh. var að segja hér í sinni ræðu, að ríkissjóður hafi forðað almenningi í landinu á undanförnum mánuðum frá því að taka á sig áföllin með því að greiða niður verð á nauðsynjavörum. Almenningur hefur þegar tekið á sig þessi áföll og atvinnuvegirnir hafa þegar tekið á sig þessi áföll, en ríkissjóður ekki. Og ríkisstj. lýsir því yfir nú, að ekki séu ráðgerðar neinar sérstakar aðgerðir til stuðnings atvinnuvegunum. Og sjálfur forsrh. gengur svo langt, að hann heldur því fram í umr. hér á Alþ., að engin rök séu fyrir því enn að flytja till. um frekari aðstoð við atvinnuvegina, og því séu till. ríkisstj. eingöngu miðaðar við fjárhagsástæður ríkissjóðs.

Till. ríkisstj. um nýjar álögur mundu síður en svo létta undir með þeim, sem þegar hafa orðið fyrir miklu tekjutapi vegna lækkandi verðs á útflutningsvörum og minni afla og minni vinnu en áður. Þær ráðstafanir að hækka verð á smjöri um 43 kr. hvert kg, mjólk um 2 kr. hvern l, kartöflur um 6 kr. hvert kg og kjöt um 16—20 kr. kílóið mundu auðvitað skella á sjómönnum ekki síður en öðrum landsmönnum. Þær ráðstafanir skella m. a. s. á útflutningsatvinnuvegunum sjálfum í ýmsum tilfellum, þar sem þeir verða að greiða fæðiskostnað sinna starfsmanna. Stórfelld hækkun á fasteignaskatti, sem ná mun til alls venjulegs íbúðarhúsnæðis í landinu, skellur einnig á því launafólki, sem þegar hefur tapað verulegum hluta tekna sinna, og hún mun einnig skella á eigendum frystihúsa, eigendum síldariðnaðarfyrirtækja og öðrum þeim, sem þegar hafa þurft að þola áföllin. Og hvað um hækkun símagjalda, hækkun á pósti, hækkun útvarpsgjalda og hækkun tryggingargjalda? Er ekki augljóst, að hækkun allra þessara gjalda mun enn þyngja byrðarnar hjá þeim, sem þegar hafa tekið á sig þyngstu baggana af minni afla, af minnkandi atvinnu og verri rekstrarafkomu?

Till. ríkisstj. um nýjar álögur, 700—800 millj. kr. vegna ríkissjóðs, eru í raun og sannleika stórfurðulegar. Ríkissjóður hefur fengið nýja tekjustofna svo að segja árlega nú um nokkurt skeið, enda hafa heildartekjur ríkissjóðs farið ört hækkandi. Árið 1962 voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar á fjárlögum 1,7 milljarður kr. Árið 1963 voru þær áætlaðar 2,2 milljarðar, árið 1966 3,8 milljarðar og árið 1967 4,7 milljarðar. S. l. ár, árið 1966, fóru tekjur ríkissjóðs um 900 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga. Tekjur ríkissjóðs hafa þrefaldazt frá árinu 1962 til ársins 1967. Ríkissjóður hefur ekki orðið fyrir neinu áfalli enn sem komið er. Tekjur ríkissjóðs munu t. d. ekki vera minni nú en á sama tíma í fyrra, heldur þvert á móti, enda viðurkenndi hæstv. fjmrh. það, að allar líkur bentu til, að ekki yrði um að ræða greiðsluhalla hjá ríkissjóði á yfirstandandi ári. Og allar spár um væntanlegar tekjur ríkissjóðs á næsta ári eru óraunhæfar fyrr en gerðar hafa verið ráðstafanir vegna atvinnuveganna. En samt kemur ríkisstj. með till. um 750 millj. kr. álögur á þjóðina vegna útgjalda ríkissjóðs, án þess þó að hún geri ráð fyrir, að ríkið veiti atvinnuvegunum nokkurn stuðning umfram það, sem verið hefur.

Ástæðurnar fyrir nýrri tekjuþörf ríkissjóðs eru fyrst og fremst síaukin ríkisútgjöld á flestum sviðum, síaukin þensla í ríkisbákninu. Þó að ríkisstj. prédiki nú fyrir launafólki í landinu, að það verði að spara, að það verði að sætta sig við minnkandi tekjur og hækkandi verðlag, þar sem þjóðartekjurnar minnki, þá dettur ríkisstj. ekki í hug að spara í rekstri ríkisins einn einasta eyri. Skv. fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er ráðgert, að ríkisútgjöldin eigi enn að hækka verulega frá því, sem verið hefur, á næsta ári. Sparnaðurinn í rekstri ríkisins finnst hvergi í þessu frv. Ríkisstj. og stuðningsblöð hennar spyrja okkur í stjórnarandstöðunni af miklu steigurlæti, hverjar séu okkar till. til lausnar á þeim vanda, sem við er að glíma. Og þegar þeir spyrja, eiga þeir einvörðungu við það, hvaða till. við höfum til þess að auka við tekjur ríkissjóðs. Við Alþb.-menn teljum, að vandi ísl. efnahagsmála í dag snúist ekki um fjárhagsafkomu ríkissjóðs, heldur um það, hvernig bezt megi tryggja fullan rekstur ísl. atvinnufyrirtækja og þá sérstaklega útflutningsatvinnuveganna, sem nú eru að komast í þrot. Tillögur í efnahagsmálum eiga að snúast um það, hvernig skuli leysa þann vanda, svo að hægt verði að halda uppi fullum framleiðsluafköstum í landinu. Við Alþb.-menn teljum, að það sé einkum þrennt, sem gera eigi í fjármálum ríkisins.

Í fyrsta lagi teljum við, að draga megi úr margvíslegum óþarfa útgjöldum, sem nú eiga sér stað hjá ríkinu. Þannig á að hætta að hafa mörg sendiráð á Norðurlöndum, hætta að eyða mörgum millj. í sendiráð hjá NATO, hætta að eyða tugum millj. í lögregluhald á Keflavíkurflugvelli og þá að draga úr stórkostlegum veizluhöldum, hætta að kaupa á okurverði hús af pólitískum vildarvinum ríkisstj., eins og fyrrv. ráðherrum, hætta að kaupa lóðir og lendur í Reykjavík og næsta nágrenni fyrir marga tugi millj. og draga stórlega úr hóflausri þenslu í ýmsum stofnunum ríkisins. Hér eru aðeins nefnd nokkur dæmi um sparnað, en auðvitað er hægt að spara umtalsverða fjárhæð af yfir 6000 millj. kr. útgjöldum á vegum ríkisins og ríkisstofnana, ef aðeins viljinn er fyrir hendi.

Í öðru lagi teljum við Alþb.-menn, að nýta eigi betur en nú er gert þá tekjustofna, sem ríkið hefur samkvæmt lögum. Það er opinbert leyndarmál, sem allir þekkja, að stór hluti þess söluskatts, sem lagður hefur verið á og þegar hefur verið greiddur af landsmönnum, lendir annað en í ríkissjóði. Nýlega hefur t. d. eitt fyrirtæki í Reykjavík hlotið dóm fyrir að hafa skotið undan söluskattsskyldri vörusölu, sem nam 10,2 millj. kr. Annað fyrirtæki í Reykjavík bíður nú dóms, en er kært fyrir að hafa beinlínis stolið 7 millj. kr. af söluskatti, sem renna átti í ríkissjóð. Þessi tvö fyrirtæki eru ekki þau einu, sem undan hafa skotið söluskatti. Ef ríkisstj. vildi taka á þessum skattsvikum með sömu hörkunni og hún nú ætlar að ganga að launafólki með níðþungum álögum, þá er enginn vafi á, að hún gæti stóraukið við tekjur ríkissjóðs. Og hvað halda menn, að hægt væri að ná í miklu meiri tekjuskatt en nú er gert, ef fyrirtæki, milliliðir og braskarar væru látnir greiða skatta af öllum sínum tekjum?

Í þriðja lagi bendum við Alþb.-menn á, að þurfi óhjákvæmilega að afla ríkissjóði nýrra tekna, þá beri að gera það fremur með því að skattleggja óþarfavarning og lúxuseyðslu en með því að hækka brýnustu matvæli, sjúkrasamlagsgjöld og tryggingariðgjöld. Ég endurtek það, sem ég hef sagt, að það er skoðun okkar Alþb.-manna, að vandamálið, sem við er að fást í efnahagsmálum þjóðarinnar, sé ekki fjárhagsafkoma ríkissjóðs, heldur afkoma og ástand þýðingarmestu atvinnuvega landsins. Það eru útflutningsatvinnuvegirnir, sem orðið hafa fyrir áföllum, og það er það vinnandi fólk, sem er í nánustum tengslum við þá, sem orðið hefur fyrir mestu tekjutapi. Og hvað er þá hægt að gera útflutningsatvinnuvegunum til aðstoðar? Það er álit okkar Alþb.-manna, að óhjákvæmileg forsenda þess, að takast megi að rétta við hag atvinnuveganna, sé að breyta um stefnu í efnahagsmálum í grundvallaratriðum. Þannig teljum við, að óhjákvæmilegt sé að taka upp strangt og öflugt verðlagseftirlit í landinu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir meiri verðlagshækkun innanlands en þá, sem útflutningsatvinnuvegirnir þola, og sem innlend starfsemi þolir í samkeppni við erlenda.

Á sama hátt teljum við, að algjörlega sé óhjákvæmilegt að koma þeirri stjórn á innflutnings- og fjárfestingarmál, að hætt sé að eyða og sóa gjaldeyri í óþarfa eða festa fjármuni þjóðarinnar í óæskilegum eða ónothæfum framkvæmdum. Í þessum grundvallaratriðum verður að gjörbreyta um stefnu. Þá bendum við á, að þegar í stað ætti að gera eftirtaldar ráðstafanir meðal annarra til stuðnings útflutningsframleiðslunni:

1) Að lækka vexti verulega frá því, sem nú er, einkum til fyrirtækja, sem keppa við erlendan rekstur. Vextir af lánum útflutningsframleiðslunnar eru nú yfirleitt 9—10% og í mörgum tilfellum 12% vegna mikilla vanskila, sem hrúgazt hafa upp hjá framleiðslufyrirtækjum. Vextir í samkeppnislöndum okkar, eins og t. d. Noregi, eru yfirleitt varðandi lán til útflutningsins 3—4%.

2) Tryggja verður útflutningsfyrirtækjum eðlileg stofnlán, en þau skortir nú í mörgum greinum mjög tilfinnanlega, en það háir eðlilegum rekstri fyrirtækjanna.

3) Lengja á tafarlaust stofnlán, a. m. k. í það, sem þau voru fyrir viðreisn.

4) Rekstrarlán verður að auka verulega frá því, sem nú er.

5) Létta á útflutningsgjöldum af öllum þeim útflutningsvörum, sem fallið hafa verulega í verði. Um leið á að gjörbreyta því óhæfa vátryggingafyrirkomulagi, sem nú viðgengst, og tryggja síðan tekjur í stað útflutningsgjaldsins með öðrum hætti.

6) Ráðast þarf þegar í stað í endurnýjun togaraflotans með forgöngu ríkisins, en þeirri útgerð verður ekki bjargað með öðrum hætti. Með endurnýjun togaraflotans mætti jafnframt leysa eitt mesta vandamál fiskiðnaðarins, sem er hráefnaskorturinn.

7) Ríkið taki þegar í stað í sínar hendur olíusölu í landinu og leggi niður hið þrefalda dreifingarkerfi, og ætti þannig að mega spara atvinnuvegunum talsverða fjárhæð.

8) Gerðar verði sérstakar ráðstafanir til að tryggja útgerðinni nauðsynlegar rekstrarvörur eins og veiðarfæri, varahluti, vélar, ýmis útgerðartæki, salt o. fl., o. fl. á réttu verði án óeðlilegs milliliðakostnaðar. Þessar ráðstafanir og margar fleiri er hægt að gera þegar í stað, en þær mundu í rauninni krefjast gjörbreyttrar stjórnarstefnu, gjörbreyttra viðhorfa til framleiðsluatvinnuveganna frá því, sem verið hefur nú í nokkur ár.

Tillögur ríkisstj. í efnahagsmálum, þær till., sem hún birtir með fjárlagafrv., leysa engan vanda. Þær snerta í raun og veru ekki þau efnahagsvandamál, sem allir landsmenn vita, að óhjákvæmilegt er að leysa. Till. stjórnarinnar mundu ekki greiða úr vandamálum atvinnulífsins, heldur beinlínis auka vandann. Þær miðast fyrst og fremst við það að skerða launakjör frá umsömdu kaupi um 7—8% hið minnsta. Þannig ætlar ríkisstj. að notfæra sér erfiðleika atvinnuveganna og minnkandi atvinnu til þess að koma fram beinni lækkun á öllu umsömdu lágmarkskaupi vinnandi fólks. Framkoma ríkisstj. hefur þegar vakið óhemju gremju alls almennings í landinu. Ríkisstj. gerði samkomulag við verkalýðssamtökin í júní 1964 um verðtryggingu á kaupi. Á því samkomulagi hafa allir launasamningar síðan verið byggðir. Nú rýfur ríkisstj. þetta samkomulag fyrirvaralaust og boðar lagasetningu um beina kauplækkun á umsömdu kaupi. Þessi framkoma stjórnarinnar er vítaverð og hlýtur að draga dilk

á eftir sér. Stjórn A.S.Í. hefur þegar mótmælt þessum aðferðum og lýst því yfir, að verkalýðshreyfingin muni ekki una þessum kauplækkunum. Mótmælin gegn tillögum ríkisstj. drífa að úr öllum áttum, og þau koma jöfnum höndum frá stuðningsmönnum ríkisstj., sem verið hafa fram til þessa, og andstæðingum hennar. Auk miðstjórnar A.S.Í. hafa eftirtaldir aðilar m. a. mótmælt till. ríkisstj.: Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hefur einróma samþykkt harðorð mótmæli, stjórn verkalýðsfélagsins Einingar á Akureyri hefur mótmælt, stjórn Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, hefur mótmælt harðlega, Trésmiðafélagið í Rvík hefur sent mótmæli, Félag járniðnaðarmanna og ýmis önnur stéttarfélög hafa sent mótmæli sín gegn hinum fyrirhuguðu ráðstöfunum ríkisstj. Þá hefur sjómannaráðstefna, nýlega haldin í Reykjavík undir forystu Jóns Sigurðssonar, mótmælt till. og Jón lýst því yfir persónulega, að hann teldi álögurnar koma illa niður og ósanngjarnlega. Björgvin Sighvatsson, einn af helztu forystumönnum Alþfl. á Vestfjörðum, segir, að ríkisstj. hafi sniðgengið verkalýðshreyfinguna og að álögurnar muni koma mjög hart niður á láglaunafólki. Skúli Þórðarson, form. verkalýðsfélags Akraness og einn af forystumönnum Alþfl. þar, sagði, að þessar álögur kæmu óréttlátlega niður og væru ósanngjarnar. Þannig rísa samtök launþega einhuga upp gegn till. ríkisstj., og stuðningsmenn stjórnarflokkanna í samtökum launafólks eru þar algjörlega sammála þeim, sem eru andvígir ríkisstj.

Sú skattlagning, sem ríkisstj. leggur til, mundi lenda af mestum þunga á tekjulágum alþýðuheimilum. Þannig mundi verðhækkunin á landbúnaðarvörum koma þyngst við stór barnaheimili, og hækkun nefskatta, eins og sjúkrasamlagsgjalds og tryggingagjalda, símagjalda og útvarpsgjalda koma tiltölulega þyngst niður á lágtekjufólki. Allar líkur benda til, að kjaraskerðing meðal-verkamannsfjölskyldu vegna þessara álaga yrði ekki undir 12—15%, en auk þeirrar kjaraskerðingar mundu svo flest verkamannsheimili verða að taka á sig tekjulækkun vegna samdráttar í atvinnulífinu. Það fer því ekki á milli mála, að ætlun ríkisstj. er, að verkafólk, sjómenn, bændur og annað launafólk taki á sig mjög miklar og þungar byrðar. En hvaða till. hefur ríkisstj. þá uppi um það, að milliliðir, braskarar og stórgróðamenn taki á sig nokkurn hluta af byrðunum? Hvað er heildsölum ætlað að taka á sig, hvað kaupsýslustéttinni almennt? Hvað eiga fasteignasalar að taka á sig, hvað verktakar? Hvað eiga bankar að taka á sig, og hvað ætlar ríkissjóður að taka á sig? Jú, það liggur fyrir, að ríkissjóður ætlar ekkert að taka á sig. Hann vill fá meiri tekjur en áður og ætlar að eyða meiru en áður. Bankarnir eiga heldur ekkert að taka á sig. Þeir eiga áfram að taka 10—12% vexti af atvinnuvegunum. Og hvað um kaupsýslumenn og milliliði? Þeir eiga áfram að ráða tekjum sínum sjálfir. Þeir eiga áfram að ráða álagningunni sjálfir, og lækki vara t. d. á erlendum markaði, geta þeir hækkað álagninguna án afskipta ríkisvaldsins, þrátt fyrir alla verðstöðvun. Athugun hefur leitt í ljós, að milliliðakostnaður hefur stóraukizt á undanförnum árum, m. a. álagning, bæði í heildsölu og smásölu. Við þeirri álagningu á ekki að hreyfa. Það á ekki einu sinni að gera neinar sérstakar ráðstafanir til þess að verzlunarfyrirtæki skili öllum þeim söluskatti til ríkissjóðs, sem þau hafa látið almenning borga. Till. ríkisstj. miða því að aukinni skattheimtu hjá almenningi, einkum og sérstaklega hjá láglaunafólki, en þær mundu ekki á neinn hátt ná til vaxandi gróða milliliða og gróðamanna.

Hæstv. viðskmrh. reyndi hér í ræðu sinni að afsaka hinar illræmdu álögur ríkisstj. með því að halda því fram, að launastéttirnar hefðu fengið svo ríflegan hluta af þjóðartekjunum á undanförnum árum, að álögurnar væru sanngjarnar af þeim ástæðum. Tölur, sem hæstv. ráðh. nefndi í þessu sambandi, voru mjög villandi, og hann leit alveg fram hjá þeirri staðreynd, sem liggur fyrir, að kaupmáttur tímakaups verkamanna hefur t. d. sáralítið breytzt á undanförnum árum, þrátt fyrir hið mikla góðæri, sem gengið hefur yfir landið. Till. ríkisstj. eru því ósanngjarnar og óskynsamlegar, og reynslan mun sýna, að þær fá ekki staðizt í framkvæmd. Álögur ríkisstj. fara strax út í verðlagið, og þær munu hafa sín áhrif. Bann við fullri vísitöluuppbót á laun mun ekki koma að gagni. Verkalýðshreyfingin hefur afl til þess að tryggja meðlimum sínum fullar bætur með nýjum kjarasamningum eða eftir öðrum leiðum. Ráðstafanir ríkisstj. munu því ekki leysa neinn vanda, en þvert á móti gera vandamál atvinnuveganna enn þá torleystari en þau eru nú.

Með kjarasamningunum, sem gerðir voru í júní 1964 urðu miklar breytingar í kaupgjaldsmálum hér á landi. Fram að þeim tíma voru kjarasamningar aðeins til stutts tíma, en átök voru mjög tíð á vinnumarkaði vegna síbreytilegs verðlags. Með júnísamkomulaginu, sem ríkisstj. stóð að, voru aftur teknar upp reglur um vísitöluuppbætur og kaup í samræmi við breytilegt verðlag, en það hefur jafnan verið ein meginkrafa launþegasamtakanna, að umsamið kaup breytist á hverjum tíma í samræmi við verðlag. Nú leggur ríkisstj. til, að svipta eigi burt þessu undirstöðuatriði allra kjarasamninga og virðist vilja fá yfir sig aftur hliðstætt ástand og ríkti í kaupgjalds- og launamálum fyrir júnísamkomulag. Kjarasamningar flestra verkalýðsfélaga eru lausir í dag. Átök á vinnumarkaði geta því hafizt hvenær sem er. Ríkisstj. hlýtur að hafa gert sér ljóst, að hún hefur ekkert afl til að standa gegn réttlætiskröfum sameinaðra verkalýðssamtakanna. Hún hlýtur að muna enn, að þegar síldveiðisjómenn sýndu henni vald sitt með því að sigla allir í höfn fyrir nokkrum árum síðan, þá átti hún engan annan kost en að gefast upp fyrir slíku afli. Og hvað mundi svo sem ríkisstj. gera, ef hafnarverkamenn í Reykjavík stöðvuðu um tíma alla sína vinnu? Og hvað gæti ríkisstj. gert, ef verkamenn við Búrfell eða Straumsvík eða verkafólkið í framleiðslubæjunum stöðvaði alla sína vinnu, þar til aftur hefði fengizt fram löggjöf um það, að dýrtíðaruppbætur skyldu greiddar á laun? Auðvitað gæti ríkisstj. ekkert gert annað en að gefast upp og játa ósigur sinn. Till. ríkisstj. eru því óskynsamlegar og þær fá ekki staðizt, þegar á reynir. Vandamál ríkissjóðs verð-

ur að leysa með öðrum hætti en þeim, sem ríkisstj. hefur hugsað sér, og vandamál atvinnulífsins og efnahagsmálanna almennt verður að leysa með breyttri stjórnarstefnu, sem framkvæma þarf síðan í fullu samráði og samstarfi við launastéttirnar í landinu. Núverandi ríkisstj. hefur ekki þann trúnað launastéttanna, sem til þarf, og virðist einnig hafa glatað stuðningi þeirra, sem með málefni undirstöðuatvinnuveganna fara. Ríkisstj. ætti því að víkja og það sem fyrst.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er dálítið ömurlegt að sitja undir umr. hv. stjórnarandstæðinga hér í kvöld, ekki vegna þess að það sé neitt nýtt að hlusta á þann málflutning, sem þar er fluttur, heldur vegna hins, að við stöndum nú andspænis svo alvarlegum vandamálum, ekki ríkisstj., heldur þjóðfélagið í heild, að það verður að vænta þess, að menn tali um vandamálin á dálítið annan hátt heldur en í æsingatón og hótanatón. Það kann vel að vera, að það sé hægt með æsingum að fá fram það, sem hv. síðasti ræðumaður talaði hér hlakkandi um áðan, að það væri hægt að sameina verkalýð landsins til þess að lama atvinnuvegina, stöðva þjóðfélagið. (**Gripið fram í:** Hvað verður úr ríkisstj. þá?) Ég held, að það skipti minnstu máli, hvað verður úr ríkisstj. Það skiptir mestu máli, hvað verður úr þjóðinni. Það, sem þarf að horfast í augu við nú í dag, er alvara, sem snertir hvern einasta þjóðfélagsborgara og sem er lífsnauðsyn, að verði snúizt við með réttum hætti. Við erum ekki á þeim tímum í dag, að það sé hægt að leyfa sér að halda uppi áróðri einum saman, vafningum, eins og hér hefur verið gert, heldur þarf að horfast í augu við vandamálin af raunsæi og alvöru. Það er í rauninni ákaflega erfitt að ræða við menn, sem ekki vilja með neinu móti ræða vandamálin málefnalega. Það er furðulegt að hlusta á reynda þm. halda því fram, að ríkiskassinn og afkoma hans komi þjóðinni í raun og veru ekkert við, það sé eitthvert einkamál ríkisstj., hvernig fari um hag ríkissjóðs og skipti atvinnuvegina engu máli, og það, sem sé verið að gera hér með því að brúa 750 millj. kr. bil, sé í rauninni einkamál ríkisstj. og leysi á engan hátt vanda atvinnuveganna. Það er erfitt að ræða málefnalega við menn, þegar þeir koma fram með svona firrur.

Vitanlega er meginvandinn hér vandi atvinnuveganna, og vitanlega hefur vandi ríkissjóðs orðið til vegna þess, að atvinnulífið hefur komizt í það ástand, sem það er í í dag, og það þarf beinlínis mikla aðstoð því til handa. Verðlagi hefur verið haldið niðri með niðurgreiðslum úr ríkissjóði fyrst og fremst vegna atvinnuveganna og við erum nú að tala um það, að við verðum að afla fjár til þess að geta staðið undir þeirri aðstoð, sem útflutningsframleiðslan hefur notið nú á þessu ári og mundi ekki vera hægt að hafa fé til, nema með þeim sérstöku ráðstöfunum, sem við erum að ræða um. Það kemur svo raunar líka kynduglega út, þegar annað veifið er verið að tala um, að það sé höfuðnauðsyn að taka nú fyrir vandamál atvinnuveganna, þá væntanlega á þann hátt að auka aðstoð við þá, en hins vegar er talað um, að það sé alveg ástæðulaust, að ríkissjóður fái fé. Mér skilst, að það sé ætlunin, að ríkissjóður eigi að leggja fram aukið fé til atvinnuveganna, beint eða óbeint, annaðhvort með því að afsala sér tekjustofnum eða beinlínis að afla fjár. Í ofanálag kemur svo sá furðulegi málflutningur, að það sé í rauninni enginn vandi hjá atvinnuvegunum, eftir að þessu hefur verið lýst, það hafi enginn aflabrestur orðið og það sé alveg fjarstæða að tala um það, að það sé þess vegna við einhvern alveg sérstakan vanda að glíma núna. Það er jafnan talað um það að vísu, að atvinnuvegirnir séu að sligast núna vegna viðreisnarinnar, en mér er nú spurn, hvað ætli hefði veiðzt mikið af síld núna á þessu sumri, ef viðreisnarskipin hefðu ekki sótt hana út á haf? Ég er ósköp hræddur um, að það hefðu orðið fáar bröndur, sem á land hefðu komið.

Það er reynt að afgreiða þetta vandamál á þann billega hátt að segja, að það sé í rauninni ekkert annað en annars vegar að innheimta betur skatta og hins vegar að spara hjá ríkissjóði. Ég gerði í frumræðu minni grein fyrir því, að það hefði verið lögð á það rík áherzla að synja um allar hækkanir á útgjöldum til ríkisreksturs, en ég gerði jafnframt, að ég hélt, skilmerkilega grein fyrir því, sem öllum hv. þm. er ljóst, að það er með engu móti hægt að koma í veg fyrir vissar hækkanir á þeim útgjöldum. Reynt er svo að tala til tilfinninga manna á þann hátt, að ríkisstj. ætti að reyna að draga úr veizlukostnaði og þ. u. l. til þess að leysa þennan vanda. Ég er ósköp hræddur um, að þó að dregið verði úr öllum veizlukostnaði og öllum veizlum hætt, öllum utanförum hætt, stjórnarráðið lagt niður og allar þess nánustu stofnanir, mundi það hrökkva skammt til að mæta þeim fjárhagsvanda, 750 millj. kr., sem hér er við að glíma. Svona má ekki taka á málunum. Hv. þm. Lúðvík Jósefsson sagði, að þeir hefðu ótal sinnum minnt á sparnaðarráðstafanir. Það er rétt. Hann taldi upp nokkra liði og sagði, að ótal margt annað mætti telja. Þeir hafa komið með þessa liði ár eftir ár og aldrei neina aðra liði, þannig að það virðist vera, að sparnaðarhugsjónirnar og -hugmyndirnar séu þrotnar, þegar þeim dæmum er lokið, og sannleikurinn er sá, að þó að allt hafi verið gert, sem þeir leggja til, er þar aðeins um örfáa milljónatugi að ræða til þess að mæta þessu reikningsdæmi, sem við nú stöndum andspænis. Það er staðreynd, að núv. ríkisstj. hefur tekið skattrannsóknamálin alveg nýjum tökum og það var eftirtektarvert, þegar hv. þm. Lúðvík Jósefsson var að vitna í þá dóma, sem nú hafa verið kveðnir upp, þungir dómar út af misferli í skattamálum, að mér er ekki minnisstætt, að slíkir dómar hafi nokkurn tíma áður verið kveðnir upp og bendir það ekki einnig til þess, að nú séu þessi mál tekin öðrum og traustari tökum heldur en var, meðan jafnvel hv. þm. Lúðvík Jósefsson var í ríkisstj.? Þá var lítið gert af skattrannsóknum og býst ég þó varla við, að neinn treysti sér til að halda því fram, að þá hafi engin skattsvik átt sér stað.

Vitanlega hafa útgjöld ríkissjóðs vaxið, en sannleikurinn er sá, að útgjöld ríkissjóðs hafa þó, þrátt fyrir allt, ekki vaxið meira heldur en þjóðarframleiðslan undanfarin ár. Það er talað um, að niðurgreiðslurnar komi illa við almenn-

ing og yfirleitt allar þessar álögur. Vitanlega koma þær illa við almennnig. En það tjóar ekki að horfa á það eitt saman. Það verður þá að benda á úrræði, sem koma betur við almenning, og það er það, sem verið er að auglýsa eftir. Það er vandalítið að tala til almennings um það, að niðurgreiðslurnar séu teknar af fátæku fólki. Vilja menn taka þetta fé með einhverjum öðrum hætti og af hverjum á að taka það? Manni skilst, að atvinnuvegirnir þoli ekki meiri kvaðir, þannig að erfitt er að sjá, hvar á að taka peninga. Það er nauðsynlegt að leggja áherzlu á það, að miklum niðurgreiðslum er vitanlega enn haldið áfram, þrátt fyrir þá lækkun þeirra, sem hér hefur átt sér stað. T. d. er smjör enn þá niðurgreitt um 43% af verði þess, mjólk í flöskum er niðurgreidd um 37% og kjöt er niðurgreitt enn þá um 18%. Það, sem hefur verið fellt niður, eru aðeins niðurgreiðslurnar, sem voru lögleiddar á s. l. hausti.

Því hefur verið óspart haldið hér fram, að ríkið reyndi ekki að spara. Hins vegar hefur verið vegið að ríkisstj. jafnmikið hér af hv. talsmanni Framsfl. fyrir það að verja ekki enn þá meira fé einmitt nú á næsta ári í þessu fjárlagafrv. til alls konar framkvæmda í landinu. Þannig rekur sig eitt á annars horn.

Núv. stjórnarflokkar hafa lagt fram sínar till. Þær till. hafa fengið þá dóma, sem menn hafa heyrt hér í kvöld, en spurningin er aðeins eftir þessi: Hvaða úrræði eru fyrir hendi? Þau úrræði hafa ekki fengizt fram í þessum umr. Hins vegar höfðu núv. stjórnarandstöðuflokkar einu sinni aðstöðu til að sýna, hvað þeir gerðu í þessum efnum, og þó að það þjóni ekki miklu að vera að rekja söguna langt aftur í tímann, er það þó lærdómsríkt vegna þess, að það eru einu dæmin um það, hvernig núv. stjórnarandstöðuflokkar halda á málum, þegar þeir ráða í reynd og tala ekki aðeins hér háum stöfum í sölum Alþingis. Þeir voru saman og mynduðu meiri hluta vinstri stjórnarinnar á sínum tíma. Fyrsta verk þeirrar stjórnar var að fella bótalaust niður 6 vísitölustig, sem svaraði til 3% kjaraskerðingar, sem nú er talin dæmalaus óhæfa. Aðeins fáum mánuðum síðar kom svo jólagjöfin fræga: 238 millj. í nýjum álögum, sem mundu svara til 1100 millj. nú, miðað við sama hlutfall af þjóðarframleiðslunni. Og þessar álögur fengu launþegar aðeins að litlu leyti bættar. Næstu stórálögur urðu svo í maí 1958. Þær álögur námu 344 millj. kr. umfram launahækkun þá, sem veitt var, og mundi samsvarandi tala vera í dag 1280 millj. Lokaafrekið var svo það að leggja til, aðeins nokkrum mánuðum seinna, að skerða kaupgreiðsluvísitölu um 17 stig. Mér hugkvæmist ekki að halda því fram, að þessar aðgerðir vinstri stjórnarinnar hafi verið ástæðulausar, miðað við þá efnahagsstefnu, sem hún fylgdi. En er það ekki að ganga einum of langt, þegar stjórnarandstæðingar með þessa afrekasögu að baki telja sig þess umkomna að fordæma efnhagsstefnu núv. ríkisstj. og till. hennar til að mæta vanda, sem er miklu meiri en vinstri stjórnin þurfti nokkru sinni að standa andspænis, en er þó einmitt vegna skynsamlegri stjórnarstefnu nú hægt að mæta með miklu minni kjaraskerðingu en vinstri stjórnin varð að grípa til? Sumir kunna að segja, að lítið sanni aðgerðir vinstri stjórnarinnar um viðbrögð stjórnarandstæðinga, ef þeir mættu ráða nú. En sannleikurinn er því miður sá, að að svo miklu leyti sem hægt er að fá nokkra brú í stefnu stjórnarandstæðinga nú, virðist hún bera óhugnanlega mikinn keim af vinnubrögðum vinstri stjórnarinnar, en þeim hagstjórnaraðferðum hefur verið hafnað af öllum þróuðum löndum í dag.

Hv. stjórnarandstæðingar segja, að vandamálin séu algerlega óleyst, þrátt fyrir þær till., sem fram hafi verið bornar. Vitanlega er þetta algerlega út í hött. Þó að hér sé verið að leysa vandamál ríkissjóðs, er um leið verið að leysa vanda atvinnuveganna, eins og hann er í dag og eins og bezt verður um hann vitað, þegar fjárlagatill. eru gerðar. Hvort frekari aðstoð þarf að koma til, það er mál, sem er í athugun nú og enginn getur fullyrt um. Það er auðvitað undirstöðuatriði, að framleiðslan geti gengið, og þjóðin verður að taka á sig þær kvaðir, sem til þess þarf. En þá er líka grundvallaratriðið að mæta þó fyrst, með nauðsynlegum hætti, þeim vanda, sem við vitum, að við stöndum andspænis, áður en við förum að stíga næsta skref.

Nei, því miður er það sorglega staðreyndin, sem við okkur blasir eftir þessar umr. í kvöld, að það hefur enginn orðið neinu fróðari um það, hver sé raunveruleg stefna stjórnarandstæðinga í þessum vandamálum, sem þeir segja, að skipti höfuðmáli nú, annað en almennar hugleiðingar um það, að það þurfi að koma atvinnuvegunum á traustan grundvöll. Hvernig eigi að gera það, hefur ekki heyrzt nokkurt orð um. Leiðin til að leysa vandann, sagði hv. talsmaður Framsfl. hér, væri það að gera sér grein fyrir honum. Vissulega er það rétt. En það verður ekki gert með innihaldslausum áróðri, sem á að láta vel í eyrum allra. Það tjóar ekki að neita að horfast í augu við þá staðreynd, að 750 millj. kr. vantar til að jafna halla á fjárl. með einum eða öðrum hætti. Þetta fé vantar fyrst og fremst til að mæta vandamálum atvinnuveganna, en ekki til þess að mæta einhverjum sérstökum útgjöldum í ríkisrekstrinum. Því gerði ég mjög rækilega grein fyrir í minni framsöguræðu, að aukning fjárlaga af þeim ástæðum er ekki nema 1,8%, og mun ekki hafa áður þekkzt, a. m. k. um langan aldur, að fjárlagafrv. hafi ekki hækkað meira frá ári til árs eða hinn almenni ríkisrekstur.

Að skella skollaeyrum við staðreyndunum, sem við blasa, er því tvímælalaust að bregðast skyldu sinni sem þingfulltrúi. Það má deila um leiðirnar efnislega, en að velja þá aðferð að forðast efnislegar umr. til þess að losna við að nefna úrræði, sem koma við einhverja, er ábyrgðarleysi, og við vitum í dag, að það eru ekki til nein úrræði í þessum vanda önnur en þau, sem koma við einhverja í þjóðfélaginu. Þetta skulum við alveg gera okkur ljóst. Við getum haft mismunandi skoðanir á því, hvernig þessar byrðar eigi að jafnast niður, en það liggur í augum uppi og þjóðin er allt of skynsöm til þess að skilja ekki þá staðreynd, að þegar þjóðarbúið missir 1500 millj. kr. tekjur á einu ári, þurfi ekki neitt að gera og það sé hægt að ana áfram, án þess að horfast í augu við það vandamál, sem skapast af þessum ástæðum. Það er grundvallarnauðsyn, að

þjóðin geri sér rétta grein fyrir eðli þessa vandamáls, sem nú er við að fást. Það er því illt verk að reyna að villa um fyrir fólki. Hverjum þetta eða hitt sé að kenna, má ekki verða kjarni umr. um vandamálin, heldur málefnalegt mat aðstæðna og úrræða. Ríkisstj. hefur lagt fram sínar till., svo sem vera ber, og vitanlega er ekki hægt að láta við það sitja að fordæma þessar till. og reyna að æsa til úlfúðar gegn þeim. Stjórnarandstaðan ber einnig ábyrgð gagnvart þjóðinni á jafnalvarlegum tímum. Hún kemst ekki undan því að benda á önnur úrræði, er æskilegri séu eða léttbærari, ef hún vill láta taka mark á árásum sínum á þær till., sem ríkisstj. hefur gert. Ríkisstj. heldur því ekki fram, að hennar till. séu þær einu réttu, en meðan ekki er bent á úrræði, er séu þjóðinni léttbærari, hlýtur hún að fara sínar leiðir. Ríkisstj. vill af alvöru skoða allar till., sem raunsæjar geta talizt, en því miður hafa áróðursræður stjórnarandstæðinga til þessa ekki gefið mikla von um ábyrga afstöðu úr þeim herbúðum.

Verkalýðshreyfingin hefur óskað viðræðna og ber að fagna því. Allir vona, að þar ráði jákvæð viðhorf og gifta þjóðarinnar reynist næg til þess að fá nægilega samstöðu um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fleyta þjóðinni yfir þá alvörutíma, sem hún nú lifir á. Það er ástæðulaust, eins og ég sagði í lok minnar frumræðu, að vera með óeðlilega svartsýni. Það, sem meginmáli skiptir, er að kunna að bregðast rétt við örðugleikunum, takast með raunsæi á við þá, forðast áróður og moldviðri, en reyna í fullri alvöru, hvar sem menn eru í flokki og hvar í stétt, að láta ekki við það eitt sitja að mótmæla og mótmæla, heldur að gera sér grein fyrir því, að það er framtíð þjóðarinnar, sem er hér í veði, ef ekki tekst að leysa þessi mál á giftusamlegan hátt. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 6. fundi í Sþ., 23. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 43 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 9. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Afbrigði um frestun almennra umr. (útvarpsumr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Við þessa umr. sér fjvn. ekki ástæðu til að gera aths. við frv., en leggur til, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 121 og 124, 110, 122, 125, 126).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hóf störf sín hinn 16. okt. að þessu sinni, en alls hefur n. rætt fjárlagafrv. á 33 fundum. Svo sem venjulegt er, hefur n. við athugun sína og afgreiðslu á fjárlagafrv. átt viðtöl við fjölmarga forstöðumenn hinna ýmsu ríkisstofnana, sem veitt er fé til á fjárl., fengið hjá þeim upplýsingar um rekstur viðkomandi stofnana og annað, sem n. taldi máli skipta varðandi afgreiðslu fjárlagafrv.

Fjárlagafrv. það, sem hér um ræðir, er annað í röðinni, sem samið er af þeirri fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem sett var á stofn innan fjmrn. á síðasta ári. Hér er hins vegar um fyrstu fjárlög að ræða, sem samin eru í samræmi við hin nýju lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreikninga og fjárl. Er því að sjálfsögðu nokkur fyrirhöfn að þessu sinni að gera sér fulla grein fyrir breytingum, sem átt hafa sér stað milli ára, og bera niðurstöður þeirra saman. Þegar á næsta ári verður auðveldara með allan samanburð, þegar nýtt fjárlagafrv. verður lagt fram og þá í sama formi.

Í þessu fjárlagafrv. er að finna margvíslegan fróðleik og upplýsingar um heildarríkisbúskapinn umfram það, sem áður hefur átt sér stað, og er nú m. a. að finna heildaryfirlit yfir ýmsa tekjustofna, sem ráðstafað er til sérstakra þarfa, en hljóta ekki afgreiðslu gegnum fjárl. og á sama hátt og aðrir tekjustofnar ríkissjóðs. Ég geri ráð fyrir, að þetta yfirlit sé mörgum alþm. nýr fróðleikur. Enda þótt hér sé í öllum tilfellum um hin þörfustu málefni að ræða, hygg ég, að menn geti verið sammála um eitt, og það er, að nokkurs handahófs hafi gætt varðandi áætlanir um hugsanlega tekjumöguleika hinna ýmsu tekjustofna, þegar þeir voru ákveðnir og verkefni valin. Í heild nema skattar þessir um 440 millj. kr., þegar frá eru dregnir skattar til Tryggingastofnunar ríkisins og Vegasjóðs, en þeir eru samtals að upphæð 780 millj. kr. Ég hygg, að hér sé um málefni að ræða, sem Alþ. hlýtur að taka til endurskoðunar, áður en langt um líður.

Við athugun sína á fjárlagafrv. hefur n. notið góðrar aðstoðar hagsýslustjóra, Gísla Blöndals, og einnig hagsýslustofnunarinnar, en þetta hvort tveggja hefur öðru fremur auðveldað störf n. og gert það mögulegt, sem nú horfir, að fjárlög verði afgreidd í tæka tíð fyrir venjulegt þinghlé fyrir jól. Ég vil því nú nota tækifærið og þakka þessum aðilum fyrir gott samstarf og veitta aðstoð við afgreiðslu málsins, um leið og ég þakka nm. öllum fyrir sérstaklega gott samstarf og vel unnin störf. Ég vænti þess, að enda þótt afgreiðsla fjárlagafrv. af hendi meiri hl. hafi skipazt nokkuð á annan veg en fulltrúar minni hl. hefðu kosið, telji þeir sig ekki hafa verið órétti beitta í sambandi við vinnubrögð í n. eða afgreiðslu málsins í heild.

Eins og fram kemur í nál. um fjárlagafrv. náðist ekki samstaða innan n. um afgreiðslu málsins, enda hefur minni hl. skilað sérstöku áliti. Það skal þó tekið fram, sem að er vikið í nál. meiri hl., að minni hl. stendur einnig að samþykkt flestra þeirra till., sem gerðar hafa verið, að öðru leyti en því, sem er bein afleiðing gengislækkunarinnar.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram á Alþ., var því

lýst yfir af hendi ríkisstj., að hún mundi jafnhliða leggja fram frv. um sérstakar efnahagsráðstafanir, sem gera þyrfti vegna erfiðleika atvinnuveganna samfara minnkandi þjóðartekjum. Skyldi miða þær ráðstafanir við það, að sjávarútvegurinn nyti sömu aðstoðar af hendi hins opinbera og átt hefur sér stað á yfirstandandi ári. Til þess að svo mætti verða, voru útgjöld vegna sjávarútvegsins í fjárlagafrv. hækkuð um 200 millj. kr., en það er, svo sem kunnugt er, jafnhá upphæð og ákveðið var í ársbyrjun að verja til sjávarútvegsins af tekjuafgangi ríkissjóðs árið 1966. Til viðbótar því voru svo í fjárl. yfirstandandi árs til aðstoðar sjávarútveginum 80 millj. kr., svokallað hagræðingarfé.

Þegar svo til þess kom 24. nóv., að gengi ísl. kr. var lækkað, var augljóst mál, að ný viðhorf höfðu skapazt varðandi afgreiðslu fjárlagafrv. Eins og brtt. meiri hl. n. bera með sér, hefur átt sér stað alger umreikningur á öllum þeim liðum fjárlagafrv., sem gengislækkunin hefur áhrif á. Við þá endurskoðun hefur í flestum tilfellum verið stuðzt við þá reglu, að kaupgjald er miðað við hina nýju vísitölu, sem tók gildi 1. des. s. l. og hækkar því um 3,39%. Við ákvörðun um viðhaldskostnað hefur verið lagt til grundvallar, að 60% af kostnaðinum séu vegna launa og 40% vegna annars. Með hliðsjón af því hefur viðhaldskostnaður verið hækkaður um 10%. Önnur rekstrargjöld hækka hins vegar um 20%. Vextir og afborganir af lánum breytast þannig, að af erlendum lánum nemur hækkunin 32,6%, en af innlendum verðtryggðum lánum nemur hækkunin 14,3%. Á innlendum lánum óverðtryggðum er ekki um breytingar að ræða. Varðandi námslán eru þau hækkuð miðað við aukinn kostnað í hverju landi vegna gengislækkunarinnar, en þó þannig, að frá er dregið 1 millj. 860 þús. kr., sem ákveðið var til sérstakrar ráðstöfunar vegna hugsaðs farmiðaskatts, en nú er ákveðið, að felldur verði niður.

Samkv. brtt. meiri hl. fjvn. er nú gert ráð fyrir hækkun útgjalda hjá hinum einstöku rn. og stofnunum vegna gengisbreytingarinnar og vísitöluhækkananna 1. des. samtals að upphæð 149 millj. 944 þús. kr. Upphæðin skiptist þannig milli hinna einstöku rn. og stofnana:

Æðsta stjórn landsins hækkar um 3 millj. 961 þús. eða um 9,3%. Forsrn. og menntmrn. hækkar um 29 millj. 198 þús. eða um 3,3%. Utanrrn. hækkar tiltölulega mest, en það er vegna erlends kostnaðar, og nemur hækkunin 16 millj. 433 þús. kr. eða um 22%. Atvmrn. hækkar um 15 millj. 133 þús. kr. eða um 1,4%. Dómsmrn. og kirkjumrn. hækkar um 50 millj. 771 þús. kr. eða um 7,8%. Félmrn. hækkar um 1 millj. 281 þús. kr., sem er um 0,1%, en þá er eftir að ákveða hækkun til Tryggingastofnunar ríkisins vegna vísitöluuppbótar, sem gera má ráð fyrir, að verði ekki undir 20 millj. kr. Samg.- og iðnmrn. hækkar um 12 millj. 302 þús. eða um 1,9%. Viðskmrn. hækkar um 892 þús., sem er um 0,9%. Hagstofa Íslands, þar nemur hækkunin 687 þús. Og vegna ríkisendurskoðunarinnar nemur hækkunin 469 þús. eða um 6%. Vextir og afborganir af lánum hækka hins vegar um 6 millj. 710 þús., sem er 16,3% hækkun frá því, sem er í fjárlagafrv.

Til viðbótar þessum hækkunum koma svo ýmsar brtt., sem meiri hl. n. hefur talið óhjákvæmilegt að flytja. Er þar um að ræða nauðsynlegar leiðréttingar eða fjárveitingar til stofnana og einstaklinga, sem að mati n. varð ekki komizt hjá að taka nokkurt tillit til. Um þessar till. er það að segja, eins og ég hef áður um getið, að um þær er a. m. k. flestar samstaða innan n., þó að þær séu af ástæðum, sem ég hef áður skýrt frá, fluttar af meiri hl. einungis.

Því miður hefur fjvn. ekki séð sér fært nema að mjög takmörkuðu leyti að verða við beiðnum um aukna fjárstyrki, sem til hennar hafa borizt frá fjölmörgum samtökum og einstaklingum. Að verulegu leyti er hér um málefni að ræða, sem horfa til gagns fyrir samfélagið, en allt fyrir það verður ekki hjá því komizt að horfast í augu við þá staðreynd, að ekki má til þess koma, að fjárlagaboginn verði of spenntur og bresti undan ofþenslu vegna þess að þjóðin veiti sér meiri lífsþægindi en efni standa til. Enn hefur n. til athugunar nokkur slík erindi, sem hún mun taka til endanlegrar afgreiðslu fyrir 3. umr. málsins.

Þá hefur, eins og fram kemur í nál. meiri hl., ekki unnizt tími til að ljúka að fullu afgreiðslu nokkurra málaflokka og bíða þeir afgreiðslu til 3. umr. Eru það m. a. framlög til nýrra skólabygginga og kennarabústaða, framlög til hafnabygginga, hækkun á framlagi til Tryggingastofnunar ríkisins vegna hækkaðrar visitölu, enn fremur vegna eftirlauna, heiðursstyrkja o. fl. Þá hefur ekki enn unnizt tími til þess að kanna til hlítar, hvaða áhrif gengislækkunin hefur á hina ýmsu tekjuliði fjárlagafrv. Að þeirri athugun er nú unnið, og munu niðurstöður þeirrar athugunar liggja fyrir við 3. umr. málsins. Þá mun samvn. samgm. skila till. um styrki til flóabáta og vöruflutninga á sama hátt og tíðkazt hefur. Munu þær till. liggja fyrir við 3. umr. málsins.

Ég mun þá skýra nokkru nánar einstakar brtt. frá meiri hl. n., sem liggja fyrir til afgreiðslu við þessa umr. og meiri hl. n. hefur leyft sér að flytja á tveim þskj., þ. e. þskj. 110 og 122. Ég mun þá fyrst víkja að gjaldabálki frv.

Varðandi brtt. meiri hl. n., sem snerta eingöngu þá reikningslegu endurskoðun, sem átt hefur sér stað á öllum greinum frv., vísa ég til þess, sem ég hef áður sagt þar um, og koma þá fyrst brtt., sem falla undir forsrn. og menntmrn.

Lagt er til að hækka launalið Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði á Keldum um 153 þús. kr. Þessi liður var vanáætlaður í fjárlagafrv. sem svarar launum einnar aðstoðarstúlku.

Undanfarin tvö ár hefur Rannsóknaráð ríkisins unnið að athugun á sjóefnavinnslu. Í bréfi frá framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs til menntmrn., dags. 18. okt. s. l., segir m. a. svo um þessar athuganir, með leyfi forseta:

„Allar þær frumrannsóknir, sem framkvæmdar hafa verið, benda ótvírætt til þess, að vinnsla efna úr sjó með notkun jarðhita, raforku og jafnvel kulda jöklanna geti orðið álitleg atvinnugrein hér á landi.“

Í bréfinu segir einnig, að á s. l. sumri hafi verið leitað til Sameinuðu þjóðanna um sérfræðilega aðstoð í þessu máli. Varð það til þess að þær sendu hingað til lands sérfræðing, sem kom í júlímánuði s. l. Hefur skýrsla hans nú borizt hingað til lands, en þar leggur hann til, að gerð

verði ýtarleg rannsókn á sjóefnavinnslu eftir þrem leiðum og þó aðallega tveim. Gerir hann ráð fyrir, að slík rannsókn mundi kosta 25—30 millj. kr., en leggur jafnframt til, að Sameinuðu þjóðirnar styrki þá athugun að verulegu leyti. Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðsins er ljóst, að jafnvel þótt veruleg aðstoð fengist frá Sameinuðu þjóðunum, mundi kostnaður okkar Íslendinga af slíkri athugun verða mikill. Fyrir þá sök telur n. nauðsynlegt að athuga vandlega, bæði tæknilega og hagfræðilega, allar þær till., sem nú liggja fyrir, áður en næsta skref í málinu er stigið. Til þeirrar framhaldsrannsóknar hefur framkvæmdanefndin farið fram á 500 þús. kr. fjárveitingu, og er lagt til, að við þeirri beiðni verði orðið.

Þá er lagt til að auka fjárveitingar til Kennaraskólans um 98 þús. kr. á vaxtalið og um 339 þús. kr. á liðnum lánahreyfingar út. Hafði þetta fallið niður af vangá við gerð fjárlagafrv.

Lagt er til að taka upp 60 þús. kr. fjárveitingu til skíðakennslu í skólum, 30 þús. á barnaskólastigi og 30 þús. á gagnfræðaskólastigi. Undanfarin 10 ár hefur verið veitt fé á fjárlögum til styrktar skíðaiðkunum nemenda. Hefur það verið notað til að greiða hluta kostnaðar við skíðakennsluna, skíðaferðir og viðlegu í skíðaskálum. Ætlazt er til, að þessum 60 þús. kr. sé varið til skíðakennslu.

Á yfirstandandi ári var tekið í notkun fyrir verknámsskóla iðnaðarins nýtt húsnæði í húsakynnum Landssmiðjunnar í Reykjavík. Til þess að mæta heildarkostnaði vegna þessa vantaði 4 millj. 485 þús. kr., 1 millj. 315 þús. vegna stofnkostnaðar og 3 millj. 175 þús. vegna rekstrar. Upphæðin skiptist að jöfnu milli Reykjavíkurborgar og ríkis. Er því lagt til, að veittar verði 2 millj. 243 þús. kr. vegna þessa.

Launaliður Héraðsskólans í Reykjanesi hækkar um 166 þús. kr. eða sem nemur launum eins kennara. Upphæð þessi var vanáætluð.

Í fjárl. undanfarinna ára hefur fé verið veitt til greiðslu á launum hjúkrunarkonu við skólana á Laugarvatni. Vegna mistaka hefur fjárveiting í þessu skyni fallið niður í fjárlagafrv., og er lagt til, að hún verði upp tekin og að launaliður Héraðsskólans á Laugarvatni hækki sem því nemur eða um 160 þús. kr.

Þá er lagt til, að 1 millj. kr. fjárveiting til skólaheimilisins Bjargs falli niður úr fjárlagafrv. Er það með hliðsjón af því, að starfsemi þessi hefur verið lögð niður.

Fjárveiting til Íþróttasambands Íslands hækkar um 50 þús. kr. Með því verður fjárveiting til sambandsins jafnhá því, sem hún var á yfirstandandi ári.

Þá er lagt til, að framlög til styrktar íslenzkum námsmönnum hækki sem hér segir frá fjárlagafrv.: Til styrktar íslenzkum námsmönnum 1 millj. 986 þús. Til framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis um 100 þús. Er hér m. ö. o. lagt til að hækka námslán og námsstyrki til íslenzkra námsmanna erlendis sem nemur gengisfellingunni, en hins vegar hefur komið til frádráttar, að búið var að gera ráð fyrir fjárveitingu til endurgreiðslu á farmiðaskatti til námsmanna, svo sem ég hef áður skýrt frá.

Lagt er til að hækka fjárveitingar til lektora í íslenzku við erlenda háskóla um 65 þús. umfram þær breytingar, sem leiðir af gengisbreytingunni. Er það vegna launa lektors í íslenzku og íslenzkum bókmenntum við norrænudeild háskólans í Normandí. Á s. l. ári bauðst háskóli þessi til þess að ráða til sín lektor í íslenzkum greinum gegn því, að nokkur þóknun kæmi á móti þeim launagreiðslum, sem skólinn sjálfur innir af hendi. Er hér lagt til, að á það verði fallizt.

Lagt er til, að framlag til Norræna hússins í Reykjavík sé hækkað um 375 þús. kr., þar sem það kom í ljós við endurskoðun á kostnaðaráætlun þess, að hún hafði verið vanáætluð um þessa upphæð. Kostnaðarverð Norræna hússins fullbúins er talið, að verði um 38 millj. kr. Hlutur Íslands í byggingunni er 20%. Hins vegar verður þátttaka Íslendinga ekki nema 1% í rekstrarkostnaði hússins, en þar er fólksfjöldi Norðurlandanna lagður til grundvallar.

Launaliður Landsbókasafnsins er hækkaður í till. meiri hl. n. um 40 þús. kr. Er það vegna aðstoðar á myndastofu, til skrásetningar bréfasafna í handritadeild o. fl. Þá hækka önnur rekstrargjöld Landsbókasafnsins um 50 þús. kr.

Lagt er til að hækka launalið Þjóðminjasafnsins sem svarar hálfum safnvarðarlaunum, sem eru í 20. launaflokki. Veftafræðingur safnsins, frú Elsa E. Guðjónsson, hefur haft hálft starf, en þjóðminjavörður, Kristján Eldjárn, telur safninu mjög mikið hagsmunamál, að starf hennar verði gert að fullu starfi.

Í fjárlagafrv. eru framlög til tónlistarskóla áætluð 5 millj. kr. Var þar um bráðabirgðatölu að ræða, þar sem menntmrn. höfðu ekki borizt rekstraráætlanir skólanna fyrir árið 1968, þegar frv. var samið. Í bréfi rn., dags. 28. okt. s. l., eru nýjar till. þess efnis, að fjárveiting til tónlistarskóla hækki um 700 þús. kr. Er þar stuðzt við lög nr. 12 1963, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Í samræmi við það hefur fjvn. lagt til, að þessi fjárveiting verði hækkuð um 700 þús. kr., en af þeirri fjárveitingu renna 200 þús. kr. til þriggja nýrra skóla: í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, á Patreksfirði og á Seyðisfirði. Helztu hækkanir til eldri skóla eru til tónlistarskólanna í Reykjavík, Akranesi, Akureyri, Hafnarfirði, Ísafirði, Keflavík og á Siglufirði. Í bréfi menntmrn. segir svo um þessar hækkanir, með leyfi forseta:

„Hækkun á styrk til Tónlistarskólans í Reykjavík stafar af því, að einn af kennurum skólans, Jón Þórarinsson, verður í orlofi skólaárið 1967—1968. Hækkanir til annarra skóla hér að framan eru vegna aukinnar starfsemi skólanna, aðallega vegna fjölgunar nemenda. Skólar þessir eru meðal hinna elztu og fjölmennustu, en hafa lengst af búið við þröngan kost og eru nú í vaxandi mæli að leitast við að svara þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar. Hækkanir til annarra skóla eru smávægilegar.“

Þá skal þess getið, að af fjárveitingum til Tónlistarskólans á Akureyri eru 250 þús. kr. vegna húsakaupa skólans, en það er önnur greiðsla af þremur.

Þessu næst mun ég gera grein fyrir þeim breytingum, sem meiri hl. n. leggur til, að gerðar verði við lið nr. 999, ýmislegt:

Blöð og tímarit hækka þar um 30 þús. kr. Þar af renni 10 þús. kr. til styrktar útgáfu á tímaritinu Veðrið, en það er gefið út af Félagi ísl. veðurfræðinga og hefur komið út samfellt síðan 1960, tvö hefti á ári. 20 þús. kr. renni hins vegar til útgáfu tímarits, sem gefur ungu fólki tækifæri til að birta tilraunir sínar í listsköpun.

Þá leggur meiri hl. til, að 25 þús. kr. verði veittar til þess að reisa styttu Gunnfríðar Jónsdóttur myndhöggvara af Guðmundi biskupi góða að Hólum í Hjaltadal, en nokkrir áhugamenn hafa bundizt samtökum um það. S. l. ár var jafnhárri upphæð varið til þess að reisa minnisvarða um Svein Pálsson lækni, og er lagt til, að sú upphæð falli niður að þessu sinni.

Meiri hl. n. leggur til, að fjárveiting til ýmissa félaga hækki sem hér segir: Til Frjálsíþróttasambands Íslands 50 þús. kr., en það er sama upphæð og sambandið fær á yfirstandandi ári. Fjárveiting þessi féll úr við gerð fjárlagafrv. — Sviffflugfélag Íslands 100 þús. kr. Það er einnig sama upphæð og félagið hefur á fjárl. yfirstandandi árs, en var einnig niður felld. Félagið rekur, eins og kunnugt er, sviffflugskóla á Sandskeiði á sumrin, og á s. l. sumri stunduðu um það bil 30 unglingar sviffflugnám þar. — Þá hefur verið lagt til, að Taflfélag Reykjavíkur fái 40 þús. kr. vegna húsakaupa félagsins og að fjárveitingar til Skáksambands Íslands verði hækkaðar um 75 þús. kr. og verði 200 þús. kr. samtals. — Tekin er upp fjárveiting til Glímusambands Íslands, 75 þús. kr., til greiðslu kostnaðar við söfnun heimilda og útgáfu rits um sögu íslenzku glímunnar. — Eftirtalin framlög eru auk þess á liðnum ýmis félög: Til blindrastarfsemi 200 þús. kr., til Menningarsjóðs Blaðamannafélags Íslands 25 þús., styrkur til starfsemi KFUM í Vatnaskógi 25 þús., til Þjóðdansafélagsins 8 þús., til Blindravinafélags Íslands vegna rekstrar blindraskóla 37 þús., til Hins íslenzka náttúrufræðifélags 50 þús. Til fræðslustarfsemi á vegum Stjórnunarfélags Íslands 100 þús. Til Leikfélags Reykjavíkur, sbr. lög nr. 15 frá 1965, 500 þús. Til Bandalags ísl. leikfélaga samkv. l. nr. 15 1965 200 þús. Til Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn 25 þús. Til íslenzka stærðfræðifélagsins 30 þús. Til Rithöfundasambands Íslands 15 þús. Til Bandalags ísl. listamanna 45 þús. Til Sambands ísl. barnakennara til menningar- og félagsstarfsemi 100 þús. Til Zontaklúbbs Akureyrar vegna kaupa á Nonnahúsi 50 þús. kr. — Loks leggur meiri hl. n. til að taka upp nýjan lið á sundurliðun verkefna undir þessum lið: til þátttöku í Ólympíuleikunum 1968, síðari greiðsla, 300 þús. kr.

Þá koma brtt., sem falla undir atvmrn. Þar er í fyrsta lagi lagt til, að inn komi nýr liður við Búnaðarfélag Íslands, gjaldfærður stofnkostnaður 500 þús. kr. Er það vegna djúpfrystingar á nautasæði, en undirbúningur slíkrar sæðisstöðvar hófst þegar á þessu ári. Er gert ráð fyrir, að til að byrja með a. m. k. fái sæðisstöðin leigð eða keypt hús einhverrar sæðisstöðvarinnar, sem fyrir er. Hér er fyrst og fremst um hagræðingarmál fyrir landbúnaðinn að ræða, og hafa forustumenn Búnaðarfélagsins lagt mikla áherzlu á, að málið nái fram að ganga. Er því lagt til, að umrædd fjárveiting verði veitt.

Þá er lagt til að hækka gjaldfærðan stofnkostnað við Rannsóknastofnun landbúnaðarins um 270 þús. kr. Er það vegna húsbyggingar starfsmanna við bútæknideild stofnunarinnar, en til hennar hefur áður verið veitt fé á fjárl. — Sömuleiðis er lagt til að hækka gjaldfærðan stofnkostnað við Bændaskólann á Hvanneyri um 200 þús. kr.

Framlag til sauðfjárveikivarna hækkar skv. till. um 360 þús., það eru eftirstöðvar af greiðslum vegna niðurskurðar á sauðfé í Dalasýslu, og um 800 þús. vegna hringskyrfis, fyrri greiðsla. Hér er um að ræða kostnað vegna framkvæmdar á niðurskurði á hrossum og sauðfé á þeim bæjum í Eyjafirði, þar sem smitun af völdum hringskyrfis hefur komið fram, svo og kostnað vegna lækningar nautgripa á þessum bæjum. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1968 eru veittar 1 millj. 773 þús. kr. til að standa straum af kostnaði við þennan sjúkdóm, og þegar frá er dreginn kostnaðurinn við lækningar, 1 millj. og 300 þús. kr., verða til ráðstöfunar í öðru skyni, m. a. vegna niðurskurðar, 473 þús. kr. Til þess að ljúka áætluðum greiðslum vegna niðurskurðar vantar þá 1 millj. 555 þús. kr. Hér er lagt til, að skipta þessum kostnaði milli áranna 1968 og 1969.

Þá leggur meiri hl. n. til, að fyrirhleðslur hækki um 100 þús. kr., og liggur sundurliðun á fjárveitingum í þessu skyni fyrir á sérstöku yfirliti á þskj. 110, á bls. 99.

Næsti liður er til fyrirhleðslna í Þverá og Markarfljóti 900 þús. kr., sem er 400 þús. kr. hækkun frá yfirstandandi ári. Vegamálastjóri segir svo um þessa fjárbeiðni í bréfi til atvmrn. 22. maí s. l.: „Ástæðan til þessarar hækkunar er sú, að í janúarmánuði s. l. hrundi stór hluti af fjallinu Innsta-Hnaus norðan í Eyjafjallajökli ofan á skriðjökul, sem gengur norður úr jöklinum, með þeim afleiðingum, að stórt lón framan við jökulinn tæmdist á svipstundu. Olli þetta gífurlegri flóðbylgju fram Markarfljótsaura, sem skall yfir innsta varnargarðinn í Markarfljóti hjá Þórólfsfelli. Sópaðist mikið af garðinum burt og nokkrar skemmdir urðu einnig á görðum neðar með fljótinu, þó voru þær mun minni.“ Síðan segir: „Er því fyrirsjáanlegt, að kostnaður við fyrirhleðslur Þverár og Markarfljóts í ár muni nema um 1 millj. kr., og er beðið um hækkun á heildarfjárveitingunni til þess að mæta óhjákvæmilegri umframeyðslu á þessum lið á yfirstandandi ári.“

Þá er lagt til að hækka launalið Fiskifélags Íslands um 200 þús. kr., eins og segir á þskj. 122, vegna Reikningaskrifstofunnar, til þess að hægt sé að ráða þangað nýjan starfsmann, en ákveðið hefur verið, að Reikningaskrifstofan verði nú endurskipulögð.

Í viðfangsefnasundurliðun Hafrannsóknastofnunarinnar er lagt til, að eftirfarandi breytingar verði gerðar. Fjárveiting vegna Bjarna Sæmundssonar, 2,5 millj. kr., falli niður, en í stað þess verði fjárveiting vegna fiskileitar aukin um 1 millj. og vegna síldarleitar um 1½ millj. Ástæða þessara breytinga er sú, að rannsóknaskipið mun ekki koma á árinu 1968, svo að enn þá mun þörf fyrir leiguskip vegna þessara verkefna.

Loks leggur meiri hl. n. til, að eftirtaldir liðir falli brott undir 322: Aðstoð við sjávarútveginn 80 millj. — Áætlað til verðjöfnunar á sjávaraf-

urðum 100 millj. — Til uppbóta á fiskverð 100 millj. — Samtals 280 millj. kr. Er þetta gert með hliðsjón af gengisfellingunni.

Næst vík ég þá að dóms- og kirkjumrn. Vegna aukinna verkefna á yfirstandandi ári og fyrirsjáanlegrar aukningar á næsta ári er talið óhjákvæmilegt að bæta sérfróðum lækni í meinafræði við Rannsóknastofu háskólans, ef hún á að geta annazt þau verkefni, sem til hennar berast. Því er lagt til að hækka launalið stofnunarinnar um 250 þús kr., en sú upphæð mun nægja til að standa undir kostnaðinum á næsta ári.

Þá er lagt til, að framlag til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækki um 3 millj. 880 þús. kr. frá því, sem er í fjárlagafrv. Er það nauðsynlegt til að geta komið á móti þeim beiðnum, sem borizt hafa, og einnig til að halda þeirri reglu, sem gilt hefur að undanförnu um fjárveitingar í þessu skyni. Fjvn. hefur skipt þessu framlagi svo sem greinir á sundurliðuðu yfirliti á þskj. 110, á bls. 99. Aðalbreytingin á fjárveitingum á þessu ári er sú, að lagt er nú til að hækka framlag til Borgarsjúkrahússins í Reykjavík um 8 millj. kr., en dóms- og kirkjumrn. og fjmrn. höfðu skuldbundið sig gagnvart Seðlabankanum til að leggja til við Alþingi, að þessi fjárhæð yrði veitt til Borgarspítalans. Í till. er gert ráð fyrir eftirtöldum nýjum framkvæmdum: Héraðslæknisbústaðir á Patreksfirði, Ísafirði, Blönduósi, Vestmannaeyjum og Bíldudal og sjúkrahús og læknisbústaðir á Sauðárkróki, Húsavík og Selfossi.

Þá eru eftirtaldar breyt. lagðar til um ýmis heilbrigðismál: Til námslána læknanema hækki um 175 þús. kr. Verður þá upphæðin samtals 700 þús. Hér er um að ræða lán til læknanema gegn skuldbindingu um læknaþjónustu í héraði. Þótt lítil reynsla sé enn fengin af lánveitingum þessum, hafa tveir þeirra fjögurra, sem fengu lán árið 1966, þegar farið til læknisþjónustu í héruðum úti á landi. — Til að bæta héraðslæknisþjónustu skv. 16. gr. læknaskipunarlaga er lagt til að hækka um 200 þús. kr. Fjárveiting þessi er nú 100 þús. kr., en mikil nauðsyn var talin á að fá hana hækkaða í það hámark, sem lögin gera ráð fyrir eða í 300 þús. Í bréfi dóms- og kirkjumrn., dags. 1. nóv. s. l., segir m. a., að komið hafi í ljós, að þörfin í þessu efni sé meiri en álitið hafi verið á s. l. vori. Stafar það af því, að fleiri héruð hafa verið læknislaus, og eins hafa hinar reglulegu ferðir nágrannalæknanna til læknislausu héraðanna reynzt kostnaðarsamari en þá var vitað. Þannig lágu 1. nóv. fyrir reikningar að upphæð 145 þús. kr. af þessum sökum. — Þá hefur einnig verið fallizt á að heimila Bíldudalslækni að sitja á Patreksfirði til þess að fá læknisþjónustu í Vestur-Barðastrandarsýslu. Við það fellur að sjálfsögðu á kostnaður vegna reglulegra viðtala hans á Bíldudal, og má búast við, að ferðakostnaðurinn muni nema 100—150 þús. kr. — Loks má búast við, að allmörg héruð verði áfram læknislaus nú í vetur og þess vegna verði verulegur kostnaður við ferðir nágrannalæknis til þessara héraða, en sjúkrasamlög greiða aðeins ferðakostnað, þegar sóttur er læknir til ákveðins sjúklings. Oft er hér um fámenn og afskekkt héruð að ræða, sem ekki geta staðið undir reglulegum læknisferðum um langan veg. Af þessum sökum, sem ég hef nú greint, leggur meiri hl. n. til, að fjárveiting til að bæta héraðslæknisþjónustuna verði hækkuð í hið lögbundna hámark eða í 300 þús. kr.

Þá er lagt til að hækka liðina vegna héraðshjúkrunarkvenna um 200 þús. kr., en skv. 10. gr. læknaskipunarlaga er heimilt að greiða úr ríkissjóði ⅔ hluta launa allt að 6 hjúkrunarkvenna til starfa í læknishéruðum. Nú hefur verið sótt um heimild til að ráða slíkar hjúkrunarkonur í fimm læknishéruð.

Loks er lagt til, að tekinn verði upp nýr liður: Umbúðasmiði vegna fatlaðra 60 þús. kr. Er það samsvarandi liður og verið hefur í fjárlögum undanfarandi ár.

Þá leggur meiri hl. n. til, að nokkrar breyt. verði gerðar á ýmsum liðum, sem falla undir þjóðkirkjuna. Er það fyrst, að hækkuð er fjárveiting til kirkjubyggingasjóðs um 150 þús. — Þá er lagt til að hækka laun eftirlitsmanns með kirkjugörðum um 21 þús. kr. — Hólafélagið hefur á undanförnum árum notið 25 þús. kr. styrks úr ríkissjóði. Það sækir nú um að fá þennan starfsstyrk hækkaðan í 100 þús. kr. vegna væntanlegs skóla eða kennsluhalds á vegum félagsins og Æskulýðssambands kirkjunnar í Hólastifti í sumarbúðum við Vestmannsvatn í Suður-Þingeyjarsýslu. Segir í bréfi frá Hólafélaginu, að væntanlegt skólahald muni hefjast á næsta hausti. — Þá er lagt til að taka inn þrjá nýja liði: Til Hallgrímskirkju í Saurbæ 25 þús. kr. Til heimtaugargjalda á prestssetrum 75 þús. kr. Til útihúsa á prestssetrum 500 þús. kr. Tveir síðarnefndu liðirnir féllu af vangá niður við tillögugerð um fjárveitingu til kirkjumála á fjárlögum og eru því teknir upp í brtt.

Um brtt. við þá liði fjárlagafrv., sem falla undir félmrn., er það fyrst að segja, að lagt er til, að fjárveiting til vatnsveitna samkv. lögum hækki um 1 millj. kr. Er þessi hækkun talin nauðsynleg vegna mikilla vatnsveitufram kvæmda í landinu.

Framlag til Bjargráðasjóðs er hækkað um 3,5 millj. kr. Er það vegna nýrrar lagasetningar um sjóðinn, sem legið hefur fyrir Alþingi að undanförnu, og er að þessu sinni ætlað að mæta útgjöldum vegna kalskemmda. Á liðnum: Ýmis framlög, er lagt til, að eftirtaldir liðir breytist: Fjárveiting til Barnavinafélagsins Sumargjafar er hækkuð um 100 þús. kr., en útgjöld vegna Fóstruskóla félagsins hafa hækkað verulega. Stafar sú hækkun af auknum nemendafjölda, sem leiddi til þess að fastráða varð kennara 8 mánuði þetta ár. Þar að auki bætist við húsaleigukostnaður fyrir skólaárið 1966—67, sem Fóstruskólinn hefur ekki áður þurft að greiða.

Af vangá féll niður fjárveiting til Kvenfélagasambands Íslands, en hún var 500 þús. kr. á s. l. ári. Hér er lagt til, að þessi fjárveiting verði tekin upp og hækkuð um 150 þús. Starfsemi Kvenfélagasambandsins og héraðssambandanna, sem það mynda, er sívaxandi, en þar er fyrst og fremst um fræðslustarf fyrir húsmæður landsins að ræða. M. a. hefur Kvenfélagasambandið rekið leiðbeiningastöð húsmæðra á undanförnum árum, sem svarar fyrirspurnum um hvers konar vandamál í heimilishaldi, veitir upplýsingar

varðandi kaup á heimilisvélum, leiðbeinir um vöruval í ýmsum greinum o. fl. Fer þessi starfsemi vaxandi frá ári til árs. Til þessa hefur húsmæðrakennari starfað þar hálfan daginn, og nú er talið nauðsynlegt, að hann hafi að fullu starfi að vinna að þessu verkefni.

Þá er lagt til að hækka fjárveitingu til Rauða kross Íslands um 145 þús. kr., m. a. til greiðslu framlaga til ýmissa alþjóðastofnana, sem félagið tekur þátt í. Á það má benda, að Rauði krossinn hefur tekið mörg ný verkefni fyrir hér á landi svo sem rekstur blóðbílsins, sem var mikið nauðsynjamál.

Tekinn er upp nýr liður, barnaheimilið Lyngás, kennaralaun, 179 þús. kr., en síðan 1961 hefur menntmrn. greitt kennaralaun vegna kennslu vangefinna barna á aldrinum 4—14 ára á þessu dagheimili. Liður þessi hafði fallið niður.

Þá hefur fjvn. skipt niður byggingarstyrkjum til dagheimila eins og undanfarin ár, sbr. yfirlit á þskj. 110. Lagt er til að hækka fjárveitingar í þessu skyni um 20 þús. kr. frá fjárlagafrv.

Um greiðslur þær, sem falla undir fjmrn., er það að segja, að lagt er til, að afborganir af lánum ríkissjóðs verði auknar frá því, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., um 2 millj. og 79 þús. kr.

Loks eru nokkrar brtt. við heimildagr. fjárl., eins og ég mun nú víkja að.

Í fyrsta lagi er lagt til að heimila ríkissjóði að ábyrgjast fyrir Norðurstjörnuna h/f í Hafnarfirði allt að 8,5 millj. kr. lán. Er heimilt að taka forgangshlutabréf í fyrirtækinu til tryggingar sjálfsskuldarábyrgð fyrir láninu.

Til þess að ljúka framkvæmdum við byggingu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Keldnaholti reyndist nauðsynlegt að taka 1 millj. kr. lán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, en það voru eftirstöðvar af lánsloforði sjóðsins til stofnunarinnar. Þetta lán var falt gegn ríkisábyrgð fyrir láninu, og er lagt til, að hún verði veitt.

Þá er lagt til að endurgreiða Veðurstofu Íslands tolla og aðflutningsgjöld, samtals að fjárhæð 337556 kr., vegna innflutnings tækja og áhalda, sem eru hluti af tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna. Samkv. upplýsingum frá veðurstofustjóra hafa öll tæki, sem Veðurstofan hefur fengið á undanförnum árum í formi tækniaðstoðar frá Sameinuðu þjóðunum, verið tollfrjáls og án aðflutningsgjalda. Þykir því eðlilegt, að svo verði einnig áfram.

Í 6. gr. fjárlagafrv. er heimild til þess að endurgreiða aðflutningsgjöld af veðurathugunarstöð, sem Veðurstofa Bandaríkjanna lánar til veðurathugana í Surtsey. Nú hefur Surtseyjarfélagið farið fram á að fá endurgreidd aðflutningsgjöld og söluskatt af öllum þeim vísindatækjum, sem félagið fær að gjöf eða láni erlendis frá, en slík gjöld mundu nema samtals um 400 þús. kr. á næsta ári. Þykir eðlilegt að styrkja rannsóknir Surtseyjarfélagsins með því að veita þessa heimild, enda er hér um svipaða heimild að ræða og gert er ráð fyrir að veita Raunvísindastofnun háskólans og Reiknistofnun háskólans í 6. gr. fjárlagafrv.

Þá er loks lagt til að taka inn á heimildagr. tvær heimildir vegna Iceland Food Centre: Að ábyrgjast in solidum með öðrum eigendum Iceland Food Centre skuld að fjárhæð 20 þús. sterlingspund við brezkan banka og framselja án endurgjalds helming af hlutafjáreign ríkissjóðs í Iceland Food Centre. Í bréfi fjmrn., dags. 6. des. s. l., segir svo um þessar heimildir, með leyfi forseta:

„Um fyrri heimildina er það að segja, að skuld þessi er til orðin við Hambros Bank vegna hallarekstrar undanfarið. Skuldin er þannig í raun á ábyrgð eigenda fyrirtækisins, þó að svo sé ekki að formi. Síðari heimildin er hins vegar vegna endurskipulagningar á rekstri Iceland Food Centre í samvinnu við brezkt fyrirtæki. Standa vonir til, að sú samvinna komi í veg fyrir, að fé það, sem þegar er bundið í fyrirtækinu, tapist.“

Um tekjubálk fjárlagafrv. er það að segja, sem ég hef áður að vikið varðandi þá tekjuliði, sem gengislækkunin hefur áhrif á, að þeirri endurskoðun er ekki að fullu lokið, en við 3. umr. munu að sjálfsögðu liggja fyrir niðurstöður í þeim efnum. Á þskj. 110 leggur meiri hl. fjvn. til, að felldir verði niður þrír tekjustofnar, þ. e. í fyrsta lagi farmiðaskattur að upphæð 60 millj. kr., í öðru lagi gjaldeyrisskattur 38 millj. og í þriðja lagi arður af Pósti og síma 20 millj. kr. Samtals eru því till. um lækkanir á tekjubálki frv. að þessu sinni um 118 millj. kr.

Verði till. meiri hl. fjvn., sem hann hefur leyft sér að bera fram við þessa umr., samþ., leiðir það til þess, að á greiðsluyfirliti ríkissjóðs verða gjöld 6005 millj. 572 þús. kr. og tekjur 6077 millj. 296 þús. kr. Tekjur umfram gjöld eru því 71 millj. 724 þús. kr. Lánahreyfingar út eru 50 millj. 172 þús. Lánahreyfingar inn eru 3 millj. 525 þús. Mismunur er því á lánahreyfingum 46 millj. 647 þús. kr. Greiðslujöfnuður verður því á rekstrarreikningi 71 millj. 724 þús., tekjuafgangur á lánahreyfingum 46 millj. 647 þús. kr. út. Greiðsluafgangur verður því á fjárlagafrv. 25 millj. 77 þús. kr.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þeim brtt. við frv. til fjárl. fyrir árið 1968, sem meiri hl. fjvn. hefur lagt til við þessa umr. Ég vænti, að þær verði samþ., og legg til, að fjárlagafrv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Í aths. þeim, sem ég mun gera við fjárlagafrv. 1968 við 2. umr. þess, mun ég leggja áherzlu á þessi atriði: Í fyrsta lagi það, að eins og fjárlagafrv. er nú við 2. umr., er mjög erfitt að fást við afgreiðslu þess, þar sem ekki liggur fyrir tekjuáætlun eða stórir útgjaldaliðir eins og skólar og hafnir ásamt öðru. Í öðru lagi mun ég gera grein fyrir þeirri stefnu, sem við í minni hl. fjvn. munum fylgja við fjárlagaafgreiðsluna, þ. e. að fjárveitingar á fjárl. 1968 verði ekki minni að framkvæmdamætti heldur en þær voru á fjárl. 1967. Enn fremur að dregið verði úr skaðvænlegum áhrifum gengisbreytingarinnar, eins og unnt er, með auknum tryggingum og lækkunum á aðflutningsgjöldum. Í þriðja lagi munum við lýsa afstöðu okkar til fjárlagaafgreiðslu á s. l. ári og undanfarandi ára og minna á, að við lögðum áherzlu á það við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1967, að það væri óframkvæmanlegt að gera það tvennt samtímis að koma á verðstöðvun í landinu og hækka fjárlög um 1 milljarð, eins og þá var gert. Ég mun síðar ræða um, hvers vænta

má um ástand í atvinnurekstri Íslendinga. Við munum og ræða um útþenslu ríkiskerfisins og eyðslu hjá ríkissjóði, enn fremur um þá formbreytingu, sem gerð hefur verið á fjárlagaafgreiðslunni og afgreiðslu fjvn. á þeim till., sem formaðurinn hefur lýst.

En áður en lengra er haldið, vil ég byrja á því að þakka formanni og öðrum nm. í fjvn. fyrir samstarfið í n. og get fyrir hönd okkar í minni hl. tekið undir það, að við höfum engu ofríki verið beittir, þó að skoðanir hafi verið skiptar. Sömuleiðis vil ég fyrir hönd okkar þakka hagsýslustjóra fyrir samstarfið í n., en hann hefur unnið með okkur við fjárlagafrv. frá fyrsta fundi og hefur verið fús að gefa leiðbeiningar og upplýsingar, sem fram á hefur verið farið við hann, hvort sem það hefur verið af meiri eða minni hl. n. og þakka ég það.

Eins og hv. alþm. er ljóst er þetta fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir nú, í allt öðrum búningi og allt öðru formi heldur en fjárlagafrv. undanfarandi ára. Gerð þessa fjárlagafrv. er byggð á nýjum l. um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Að okkar dómi, minni hl., er þetta form, sem fjárlagafrv. er nú fært í, að mörgu leyti heppilegt og mun síðar meir gefa gleggri mynd af ríkisrekstrinum heldur en áður hefur verið. Það hefur verið svo á undanfarandi árum og hefur verið mjög gagnrýnt af okkur í minni hl. fjvn., að varla hefur komið svo nýr lagabálkur hér á hv. Alþ., að ekki hafi honum fylgt tekjustofn til þess að annast það, sem l. var ætlað að framkvæma. Þetta hefur leitt til þess, að fjárveitingar hafa að meira og minna leyti verið framkvæmdar utan fjárlaga og í fjárlögum hefur þess vegna ekki verið nein heildarmynd af útgjöldum ríkisins eða tekjustofnum þeim, sem ríkissjóður hefur. Þegar þessi breyt. hefur verið gerð og inn á fjárlagafrv. er tekið megnið af þeim tekjustofnum, sem þannig hefur verið stofnað til, eru þeir samtals 1 milljarður 222 millj. kr. Það er nokkru hærri upphæð heldur en fjárlög voru fyrir nokkrum árum og ekki lengra aftur en svo, að árið 1959 náðu þau ekki þessari fjárhæð.

Það er líka ýmislegt, sem orkar tvímælis í sambandi við þessa uppbyggingu á tekjustofnum ríkisins og afgreiðslu Alþ. á því fé, sem það hefur með l. ákveðið að taka af þegnunum. T. d. vil ég geta þess, að í yfirliti því, sem er hér á bls. 137 í fjárlagafrv., kemur í ljós, að Húsnæðismálastofnunin fær hluta af eignarskatti, 40 millj. kr., hún fær launaskattinn, 107 millj. kr., hún fær hluta af eignarskatti og tekjuskatti og byggingarsjóðsgjald af innflutningi, sem eru 16½ millj. kr. Þegar það er athugað, að hér er um að ræða tekjustofna, sem ríkið hefur, eins og tekjuskatt og eignarskatt, virðist vera miklu eðlilegra, að ríkissjóður hefði þessa tekjustofna óráðstafaða í l., en þeim væri hins vegar ráðstafað á fjárl. til þessarar starfsemi sem og annarrar, þar sem nauðsyn væri talin. Það er óeðlilegt að vera með í löggjöf, að þessi hluti af þessum skatti skuli ganga til þessa verks. Eðlilegast er, að Alþ. ráðstafi því á hverjum tíma, hvernig nota á þær tekjur, sem innheimtar eru af þegnunum. Eins og ég gat hér áðan, hefur það mjög færzt í vöxt að taka hina og þessa skatta í sambandi við löggjöf. T. d. er hér ríkisábyrgðasjóðsgjald, það er orðið 9 millj., en það er skattur, sem var lagður á fyrir nokkrum árum sem þjónustugjald til þeirra, sem ríkisábyrgðar njóta. Þannig mætti lengi telja og benda á t. d. ýmsa skatta, sem styrktarfélögum hafa verið ætlaðir, þar sem hvorki hefur verið neitt eftirlit með því, hvernig fé hefur verið notað eða neitt samræmi í því, hvort þessi eða hin styrktarstarfsemin á að njóta hærri fjárhæðar, en með þeirri ákvörðun, sem tekin hefur verið um tappagjald og sælgætisgjald og fleiri slíka tekjustofna, hefur starfsemi styrktarfélaga mjög verið mismunað.

Þá vil ég geta þess, að eins og fram kemur í nál. okkar og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Vesturl., form. fjvn., þá var annað form haft á afgreiðslu fjvn. á till. þeim, sem n. stendur að, heldur en verið hefur á undanfarandi þingum. Ástæðan til þess, að svo var að þessu sinni er sú, að við afgreiðslu fjárlaga nú varð að gera breyt. á öllu fjárlagafrv. vegna þeirrar gengisbreytingar, sem gerð var á skráðu gengi íslenzkrar krónu seint í síðasta mánuði. Það var því ekki talið eðlilegt, að við í minni hl., sem ekki stóðum að þeirri gengisbreytingu eða þeirri stjórnarathöfn eða á annan hátt höfðum áhrif á framkvæmdir í sambandi við þá ákvörðun, stæðum að flutningi till., sem leiddi af þessari framkvæmd. Hins vegar gerði hagsýslustjóri okkur grein fyrir því, hvernig þessar breyt. væru framkvæmdar í rn. og Hagsýslustofnuninni og er þess getið hér í nál. okkar, að umreikningurinn er á þann veg, að launaliðir allir eru hækkaðir um 3,39%, viðhaldsliðir um 10%, vextir af lánum og afborganir eins og gengisbreytingin hafði áhrif, á dollarasvæðið 32,6%, dönsk lán 22,1%, sterlingssvæðið 14,3% og verðtryggð innlend lán 13,4%. Önnur rekstrargjöld eru hækkuð um 20%, en allir fjárfestingarliðir eru hins vegar látnir óbreyttir. Hins vegar má segja um þá liði, sem n. hefur flutt og meiri hl. flytur og gerð er grein fyrir, að fjallað hafi verið um af hálfu n., þeim flestum munum við í minni hl. fylgja og stóðum að í fjvn. Þó vil ég í sambandi við þá afgreiðslu gera nokkrar aths. við þá meðferð, sem rekstur skólanna í landinu sætir.

Eins hv. þm., sem sátu hér s. l. vor, rekur minni til, voru afgreidd héðan frá Alþ. ný lög um skólakostnað. Þetta lagafrv. var lagt fram hér á hv. Alþ. á síðustu dögum þingsins, en hins vegar var lagt á það mjög mikið kapp, að það næði afgreiðslu, til þess að hægt væri að fara að framkvæma það. Þegar l. voru afgreidd, var gildistöku þeirra lýst þannig í síðustu gr. þeirra, að þau tækju gildi nú þegar, en kæmu þó ekki að öllu leyti til framkvæmda fyrr en 1. sept. 1968. En nú bregður svo við, að síðan l. voru afgreidd hefur lítið farið fyrir málinu að öðru leyti en því, að það var notað af stjórnarliðum í ræðum þeirra á framboðsfundum s. l. vor. Þegar fjárlagafrv. kom svo til meðferðar á hv. Alþ., var það ljóst, að á engan hátt hafði verið tekið tillit til þessara nýju l. Það hefur verið nokkur umr. um þetta í fjvn., hvort svo skyldi með farið sem horfði, að ekkert tillit yrði tekið til nýju skólalaganna í sambandi við fjárlaga afgreiðsluna, og nú hefur meiri hl. hv. fjvn. tekið það svo, að það er gert ráð fyrir, að aukin

fjárveiting vegna nýju l. verði frá 1. sept. 1968. Það þýðir, að gildistaka l. byrjar á þeim degi, er síðast átti að gilda um gildistöku þeirra. Nú er ekki um stóra fjárhæð að ræða. Eftir því, sem upplýst hefur verið í fjvn. af fjármálaeftirlitsmanni skóla, mundi aukinn kostnaður vegna þessara breytinga vera um 15 millj. kr. umfram það, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Nú munu sumir hv. alþm. spyrja, hvort nokkur ástæða sé til þess að líta á það, að þessi lög taki gildi eða þessi lög komi til framkvæmda eða hver hafi hag af því. Því var haldið fram í umr. hér á hv. Alþ., að það mundi verða tiltölulega lítil breyt. á milli ríkis og sveitarfélaga eftir gildistöku l. frá því, sem áður hefur verið. En þær upplýsingar komu frá fræðslumálastjóra í hv. fjvn., að menntmrn. hafi á s. l. hausti lagt það fyrir sveitarfélögin í landinu og skólanefndir að miða ráðningu kennara og starfrækslu skólanna við nýju skólakostnaðarl. Ég hygg, að Samband ísl. sveitarfélaga sé farið að hafa afskipti af þessu máli eða a. m. k. ætli sér að hafa afskipti af þessu máli vegna þessara ákvæða. Það er því mjög óeðlilegt, að slík fyrirskipun skuli koma frá hv. menntmrn. um, að það skuli við ráðningu og starfrækslu skólanna í vetur miða við nýju l., en þegar kemur svo til fjárveitinga í sambandi við þau, þá á ekki að taka tillit til þeirra. Þetta tel ég mjög fráleit vinnubrögð og verð að endurtaka það, sem ég sagði hér á s. l. vori, að það væri ekki þörf á því að hraða því máli svo í gegnum þingið, sem þá var gert, og hefði í sjálfu sér betur farið, ef þá hefði ekki verið sá hraði, sem viðhafður var við afgreiðsluna, þá hefði gefizt betri tími til þess að skoða málið í heild og e. t. v. hefði verið hægt að komast fram hjá sumum agnúum, sem nú munu reynast á löggjöfinni. En fyrst frv. var afgreitt sem lög frá Alþ. s. l. vor og það er talið taka gildi þá þegar, þá getur ekki verið hægt að komast hjá því að taka tillit til l. um skólakostnað nú við afgreiðslu þessara fjárlaga.

Eins og ég gat um hér í upphafi máls míns, færist fjárlagaafgreiðslan meira og meira í það, að aðalafgreiðsla fjárl. verður við 3. umr. Það hefur sótt í það horfið á síðustu árum, að aðalumr. um fjárlög hefur ekki orðið 2. umr. eins og áður var, heldur 3. umr., því að fyrr hefur ekki legið fyrir heildarmynd af fjárl. heldur en við þá umr. Og nú keyrir þetta raunverulega um þverbak, þar sem ekki er enn þá vitað, hvaða raunverulegar tekjur á að miða við við fjárlagaafgreiðsluna. Það er öllum ljóst, að tekjuáætlun fjárlagafrv. og fjárl. og ríkissjóðs hlýtur að breytast mikið á næsta ári við gengisbreytinguna. Hversu mikil sú breyting verður, fer eftir því, hvernig farið verður með þætti eins og aðflutningsgjöldin, hve þau verða mikið lækkuð, hvort söluskatturinn verður lækkaður, hvort leyfisgjöld af bifreiðum verða lækkuð og hvort innflutningurinn í heild verður álíka mikill, meiri eða minni heldur en ef gengisbreytingin hefði ekki verið gerð. Nú er um suma þætti þessa máls eins og um innflutninginn, að það verður að ráða nokkuð af líkum, eins og varð að gera í sambandi við fjárlagafrv., þegar það var lagt hér fram. Hins vegar hlýtur hæstv. ríkisstj. að vera búin að gera sér nokkra grein fyrir aðflutningsgjöldum og öðrum slíkum tekjustofnum nú, þegar fjárlagafrv. er komið til 2. umr. Hins vegar er ekki auðvelt fyrir okkur í stjórnarandstöðu að gera okkur grein fyrir þessari heildarmynd, þegar ekki liggur meira fyrir eða ekkert liggur fyrir um þessa þætti frá því, sem var, er fjárlagafrv. var lagt fyrir. Þess vegna er það svo, að tillögugerð, sem minni hl. hefur hugsað sér að gera út frá því, sem ég lýsti hér áðan um stefnu okkar í sambandi við afgreiðslu fjárl., verður að bíða tekjuáætlunarinnar og einnig verður að bíða þess, að séð verði, hvernig hv. meiri hl. fjvn. og hæstv. ríkisstj. ætlar að taka á stórum útgjaldaflokkum eins og skólum, höfnum o. fl. Það hefur að vísu komið fyrir áður, að skólarnir hafa verið látnir bíða til 3. umr. eins og nú er gert. Hins vegar hefur það verið svo í fjárlagafrv. undanfarinna ára, að það hefur verið nokkur fjárhæð, sem ætluð hefur verið til skipta á milli nýrra skólabygginga. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1968 er enginn eyrir til framkvæmda í nýjum skólabyggingum. Þar er aðeins miðað við þær skólabyggingar, sem eru í framkvæmd, og þá fylgt 5 ára ákvæðinu um greiðslu kostnaðar miðað við upphaflega áætlun við þær byggingar, sem framkvæmd er hafin á, þriggja ára ákvæðinu hjá þeim skólabyggingum, sem eru búnar að fá fjárveitingu í 5 ár og bráðabirgðafjárveitingu til þeirra skóla, sem teknir hafa verið á fjárlög, en ekki hafa fengið samþykki til að hefja framkvæmdir.

Nú er það svo, eins og ég gerði grein fyrir við 1. umr. fjárl. á s. l. hausti, að það er langur listi af skólum, sem bíða þess, að hægt verði að hefja framkvæmdir við þá og munu það vera yfir 40 barna- og gagnfræðaskólar samanlagt, sem Alþingi hefur samþykkt einhverja fjárveitingu til, en ekki er farið að hefja framkvæmdir við enn þá. Enn fremur munu við afgreiðslu fjárl. nú liggja fyrir beiðnir um nokkra skóla, sennilega 10—20 nýja skóla, sem enga afgreiðslu hafa fengið. Þegar þetta er haft í huga, skýtur það nokkuð skökku við, sem haldið hefur verið fram hér á hv. Alþ., m. a. af hæstv. menntmrh., að hægt væri að fullnægja kennsluskyldu í landinu með þeim skólum, sem fyrir eru. Það er okkur hins vegar ljóst, sem þessum málum eru kunnugir gegnum störf fjvn. og heiman úr héraði, að það er víðs vegar um landið, sem ekki er hægt að framkvæma það, að börn og unglingar njóti skyldunámsins heima við barnaskólana, eins og reglugerðarákvæði eru um, vegna húsnæðisskorts. Þess vegna hlýtur hér að vera á ferðinni sem fyrr mikið vandamál, sem verður í raun og veru erfiðara með hverju árinu, sem líður, því að það eru fleiri og fleiri skólabyggingar, sem Alþ. hefur samþ. fjárveitingu til, sem bíða eftir því að mega hefja framkvæmdir. Og það eru fleiri fjárhæðir og það eru stærri fjárhæðir heldur en nokkru sinni fyrr, sem þarf að leysa í sambandi við framkvæmd í skólamálum, ef vel á að vera. Þess vegna er mér það ljóst, að Alþ. kemst ekki hjá því að veita auknar fjárhæðir til skólabygginga umfram það, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Spurningin er aðeins sú, hve mikil eða há sú fjárveiting kann að vera. Og við skulum ekki vera að blekkja okkur með því að halda hér ræður um það, að þessir hlutir séu í lagi alls staðar

í landinu. Þeir eru það ekki, þeir eru erfiðir viðfangs og við gerum þá bezt, ef við reynum að taka á þeim eins og þeir liggja fyrir, en ekki vera með neinar vangaveltur um óraunhæfa hluti.

Þá vil ég minna á það, að rétt fyrir þingslit í vor voru afgreidd ný hafnalög. Þessi hafnalög gerðu ráð fyrir aukinni aðstoð frá hendi ríkisins til hafnarframkvæmda í landinu. Það kom fram við umr. um þau, að þörfin er brýn, og það hefur komið fram við umr. um fjárlög, sennilega eins lengi og fjárlög hafa verið afgreidd hér á hv. Alþingi. En þrátt fyrir það, þó að mikið hafi verið gert í hafnarframkvæmdum í landinu, er mikið þar ógert, og nútímatækni og nútímastærð á flotanum krefst meiri og stærri hafna. Nú er það svo með þessi nýju hafnalög, að mjög lítið tillit er tekið til þeirra í sambandi við fjárlagafrv. það, sem hér er til afgreiðslu. Það eru tæpar 5 millj. kr., sem fjárveiting til hafnabótasjóðs er hærri heldur en verið hefur, en að öðru leyti er ekki hærri fjárveiting til hafnarframkvæmdanna í þessu fjárlagafrv. en í fyrra árs fjárl. Þess vegna er hér einnig um stórmál að ræða, og skuldir ríkissjóðs við þær hafnarframkvæmdir, sem þegar er búið að gera eða er verið að ljúka á þessu ári, munu vera um 70 millj. kr., eftir því, sem vitamálastjóri upplýsti í fjvn. Það er því mjög greinilegt, að það verkefni, sem bíður 3. umr., er líka stórt verkefni. Þá er, eins og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Vesturl., formanns fjvn., alveg óséð enn þá, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að taka á fjárveitingum til trygginga. Sama er að segja um eftirlaun, sem áður voru á 18. gr. fjárl. Um þessa málaflokka hefur ekkert verið fjallað enn þá í fjvn.

Við fjárlagaafgreiðslu undanfarandi ára hefur það jafnan verið svo, að nokkuð mikill hluti umr. hefur farið í umr. um svokallaða framkvæmda- og fjárfestingarliði. Það hefur almennt verið vilji þm. að sækja á um það, að fjárveitingar til fjárfestinga og framkvæmda um landið allt dragist ekki mjög aftur úr hækkun fjárl. eða tilkostnaði. Nú hefur hins vegar sótt mjög í það á síðustu árum, að hluti fjárl. til framkvæmda í landinu og fjárfestingar hefur mjög minnkað. Hann mun hafa verið um 26% af fjárl. 1958, en við fjárlagaafgreiðslu 1967 var hann um 13% og nú sýnist mér, eftir horfum á því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., að þessir fjárfestingarliðir séu 8—9%. Það tvennt hefur gerzt síðan fjárlög voru síðast afgreidd, að hæstv. ríkisstj. varð sér eftir áramótin 1967 úti um heimild til þess að lækka fjárfestingarliði um 10%. Auk þess hefur gengið verið fellt, svo sem kunnugt er, og við þessar breytingar sýnist þörf á því að hækka fjárveitingu til fjárfestingarliða um 20% frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, til þess að framkvæmdamáttur þessa fjár verði sá sami og hann var við fjárlagaafgreiðsluna 1967. Og við það bætist að sjálfsögðu sú breyting, sem gerð hefur verið á l. eins og skóla- og hafnal., þ. e. a. s. ef þau lög verða þá látin koma til framkvæmda. Það virðist á engan hátt óeðlilegt eða fram á of mikið farið, þó að gert sé ráð fyrir því, að framkvæmdamáttur þessa fjár verði ekki minni en hann var s. l. ár. Nú er það vitanlegt, að þær framkvæmdir, sem við höfum unnið að á síðustu árum í höfnum, í skólum, í vegum og rafmagni, hafa að meira eða minna leyti verið fjármagnaðar með lánsfé. Það hefur alltaf sótt í það meira ár frá ári að gera þessar framkvæmdir fyrir lánsfé. Nú er það um þá hluti að segja, að það getur verið eðlilegt og skynsamlegt að framkvæma vissa hluti fyrir lánsfé, ekki sízt, ef verið er að ljúka verkum eins og t. d. nú er með dreifingu rafmagns um landið, og það þarf tiltölulega lítið átak til þess að ljúka því verki og væri eðlilegt að taka lán til þess að hraða framkvæmdinni, svo að þeir fáu, sem eftir þessu bíða, þyrftu ekki að bíða óeðlilega lengi, vegna þess að hér er ekki um neitt stórmál að ræða. Hins vegar er það svo, að þegar fjárlög hækka ár frá ári eins og nú er, þegar eindæma góðæri hefur verið í landinu eins og verið hefur síðustu árin, er það ekki eðlilegt, að fjárfestingarframkvæmdir séu aðallega gerðar fyrir lánsfé, og það er ekki eðlilegt, að þegar fjárlög eru farin að vera á 7. milljarð, sé nokkrum hundruðum milljóna varið til uppbyggingar fyrir framtíðina. Okkur er það ljóst, að það, sem áunnizt hefur í okkar tíð, þeirra, sem nú eru starfandi í landinu, er m. a. það, að við höfum byggt á framkvæmdum þeirra, sem á undan okkur voru, og við getum ekki hagnýtt okkur ýmis af þeim gæðum, sem nútíminn hefur upp á að bjóða, nema við leggjum nokkurt fé til að undirbyggja framtíðina. Það er mjög alvarlegt, ef svo ætti að fara við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1968, að hvorki væri tekið tillit til þess niðurskurðar, sem gerður var, eftir að fjárlög fyrir árið 1967 voru afgreidd, eða þess kostnaðar, sem leiðir af gengisbreytingunni, við fjárfestingarframkvæmdir. Eins og nú horfir er þetta hvort tveggja lagt til hliðar, en ég treysti því enn þá, að frá því verði horfið við lokaafgreiðslu fjárlagafrv. Hins vegar er hvorki okkur í minni hl. fjvn. né öðrum fært að gera till. til breytinga í sambandi við þessa fjárfestingarliði fyrr en betri og skýrari mynd liggur fyrir af fjárlagaafgreiðslunni heldur en hér er nú. En ég vara alvarlega við þeirri stefnu, sem hér er á ferðinni, er á að afgreiða fjárlög, sem verða á 7. milljarð, en sama og engu fé varið til framtíðarinnar.

Í öðru lagi höfum við lýst þeirri stefnu okkar, að við vildum vinna að því í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, að dregið verði eins og auðið er úr skaðvænlegum áhrifum gengisbreytingarinnar. Það þarf ekki að eyða orðum að því, hver hin skaðvænlegu áhrif af gengisbreytingu eru, en þau eru fyrst og fremst aukin dýrtíð og verðbólga í landinu fyrir utan brask, sem getur átt sér stað við gengisbreytingu. Og því verður að treysta, að það sýni sig nú í sambandi við þær framkvæmdir, sem gerðar verða sem afleiðing af gengisbreytingunni, að hæstv. ríkisstj. fylgi eftir þeim ummælum hæstv. forsrh., sem hann viðhafði hér í fyrrahaust, að þeir skyldu verða að borga gengisbreytinguna, sem stefndu að henni og óskuðu eftir henni með tilliti til þess, að þeir gætu hagnazt. Til þess að draga úr skaðvænlegum áhrifum gengisbreytingarinnar kemur það fyrst til, að aðflutningsgjöldin, sem ríkissjóður fær af þeim vörum, sem til landsins flytjast, verði lækkuð. Það er alveg óeðlilegt og getur heldur ekki verið hugsun hæstv. ríkisstj. að hafa aðflutningsgjöldin óbreytt frá því, sem þau nú eru. Þó að vörur séu nú tollafgreiddar með þeim

hætti, þá hlýtur að verða stefnt að því og þá fyrr en seinna að draga úr þessum aðflutningsgjöldum. Við viljum líka leggja áherzlu á það í sambandi við þá breyt., sem verður gerð á aðflutningsgjöldunum, að innlendir atvinnuvegir, eins og innl. iðnaður, njóti stuðnings ríkisvaldsins við afgreiðslu á þeim málum, en ekki hið gagnstæða, eins og verið hefur hin síðari árin. Og það er ljóst, að ef áhrif gengisbreytingarinnar verða ekki í þá átt, að iðnaðurinn í landinu eflist á nýjan leik, þá er a. m. k. óskyggilegt útlit um framtíð hans og atvinnu í landinu.

Einnig hlýtur það að verða tekið mjög til athugunar í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, á hvern hátt hægt er að nota tryggingarnar til aðstoðar við það fólk, sem mestrar aðstoðar þarf við í samb. við þá hækkun, sem sú ákvörðun hæstv. ríkisstj. að hætta við niðurgreiðslur að verulegu leyti og gengisbreytingin hefur á verðlag nauðsynjavara. Það getur ekki verið ætlun hæstv. ríkisstj., að sú ein breyt. verði gerð hjá Tryggingastofnun ríkisins að hækka ellilífeyri og aðrar bætur sem nemur vísitöluuppbót þeirri, sem kom núna 1. des., heldur hlýtur að vera ætlunin að nota tryggingarnar til þess að jafna um fyrir fólkið í landinu vegna þessara breytinga. Í því sambandi sýnist mér mjög þurfa að taka það til athugunar, að eftir því sem börn á framfæri foreldra væru fleiri, verði greiðsla til foreldris með þeim hærri og nokkur mismunur þurfi að koma í sambandi við tryggingarnar, ef þær eiga að ná þeim tilgangi, að hægt sé að nota þær til þess að draga úr skaðvænlegum áhrifum gengisbreytingarinnar. Það má vel vera, að hæstv. ríkisstj. hverfi aftur inn á það svið að auka niðurgreiðslur og draga þannig úr dýrtíðinni í landinu og kemur það mjög til álita, en ég vil leggja áherzlu á það, að einmitt þáttur tryggingganna til aðstoðar við hinar stóru fjölskyldur í landinu verði hagnýttur og athugaður sem bezt.

Þá var það ein af till. fjárlagafrv. þess, sem hér liggur fyrir, að margfalda mat á fasteignum til eignarskatts og ná þannig í ríkissjóð 60 millj. kr. í tekjur. Eins og ég vék að við 1. umr. fjárlaga í haust, þá eru fasteignirnar einmitt sá tekjustofninn, sem sveitarfélögin renna nú hýru auga til, og hefur mjög verið rætt um fasteignaskatt til þess að draga úr útsvarsálagningu og gera sveitarfélögin ekki eins háð þeim tekjustofni, ekki sízt ef að því kæmi, sem stefnt er að, að farið verði að innheimta skatta jafnharðan og tekna er aflað. En ef hæstv. ríkisstj. heldur við það að margfalda fasteignir til skatts til ríkisins, svo þar verði um tólfföldun að ræða, þá er mjög gengið inn á svið sveitarfélaganna og raunverulega verið að vinna gegn því, að þau geti hagnýtt sér þennan tekjustofn. Nú er það ljóst öllum þeim, sem til þekkja, að þær breytingar, sem orðið hafa, bæði gengisbreytingin og eins verðstöðvunarlögin, hafa komið mjög illa við sveitarfélögin. Það var á misskilningi byggt að halda, að sveitarfélögin hefðu ekki þörf fyrir hærri tekjur á árinu 1967 heldur en 1966 vegna verðstöðvunarinnar, því að það yrðu engar hækkanir á þeirra rekstrarkostnaði, en þá gleymdust hæstv. ríkisstj. allar þær verðhækkanir, sem urðu á árinu 1966 og komu að fullu fram árið 1967. Þess vegna er það svo, að ýmsir útgjaldaliðir, svo sem hækkun til tryggginganna, sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun allflestra sveitarfélaga á árinu 1967, komu þó til framkvæmda, og verður að ætla tekjur vegna þeirra breytinga á næsta ári, auk þess sem veruleg hækkun verður til tryggginganna á því ári svo og til sjúkrahúsa og sjúkrasamlaga vegna þeirra breytinga, sem verða á daggjöldum á sjúkrahúsum. Fleiri liði mætti nefna. Það er líka ljóst, að mjög hæpið er að áætla, að hægt verði að ná sömu útsvörum með sömu álagningarreglu og í fyrra vegna þeirra breytinga, sem orðið hafa á tekjum manna á þessu ári. Þess vegna er það hin mesta nauðsyn, að ríkissjóður fari ekki að ganga inn á fasteignaskattana og gefi sveitarfélögunum þar olnbogarými til tekna, og væri á þann hátt eitthvað hægt að draga úr útsvörum. Ég vil benda á, að það væri eðlilegt, að við þá breytingu, sem gerð væri á heimild sveitarfélaga til innheimtu fasteignaskatta, fengju þau rýmri heimild til þess að leggja fasteignaskatta á þær stofnanir og þau fyrirtæki, sem hvorki greiða útsvör eða aðstöðugjöld í sveitarsjóði. Það eru nokkur fyrirtæki í þessu landi, sem njóta þess, en eiga verulegar fasteignir, og það er eðlilegt, að sveitarfélögin fái aðgang að þessum félögum í gegnum fasteignirnar. Það er ekki enn þá séð fyrir endann á afgreiðslu þessa fasteignamatsmáls hjá hæstv. ríkisstj. eða meiri hl. fjvn., en minni hl. mun treysta því og freista þess að fá breytingar á því, þegar til framkvæmda kemur í nefndinni.

Eins og að hefur verið vikið og fjárlagafrv. greinir mjög skilvíslega, þá varð mikil breyting á því á s. l. hausti og m. a. farið inn á þá braut að lækka framlag ríkissjóðs til niðurgreiðslna á vöruverði um rúmar 400 millj. kr. Þegar fjárhag ríkissjóðs var þannig komið, að sjáanlegt var að dómi hæstv. ríkisstj., að ekki var auðgert að ná endunum saman, og talið var, að hefði þurft 750—800 millj. kr. til að ná saman endum fjárlaganna með sömu útgjöldum og voru á s. l. ári, hefði ekki verið óeðlilegt, að ríkisstj. hefði gripið til þess ráðs að fara að lesa upp gömul fyrirheit um sparnað og samdrátt í ríkisrekstrinum, í staðinn fyrir það að lækka fjárveitingar til niðurgreiðslna. Þegar núverandi valdhafar settust á rökstóla fyrir átta árum, þá voru ekki nein vandkvæði að spara, það þurfti aðeins tíma til að athuga fjármál ríkisins og ríkiskerfið, til þess að hægt væri að koma sparnaði við. Og til þess að sýna nú fram á, að hér er ekki verið að fara með neitt ábyrgðarlaust fleipur, eða vitna í þá, sem ekki höfðu vald til þess að koma í framkvæmd því, sem þeir stefndu að, þá vil ég lesa hér upp úr fyrsta nál., sem meiri hl. fjvn., stuðningsmenn núv. stjórnarflokka, sömdu við afgreiðslu fjárlaga 1960, en þá lýstu þeir þeim erfiðleikum sínum, að tími hefði ekki unnizt til að undirbúa sparnaðinn og gerðu grein fyrir því á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta, í þessu nál., sem var þá á þskj. 179:

„Það er álit meiri hl. n., að við undirbúning næstu fjárlaga verði að framkvæma slíka heildarathugun ríkisútgjalda og gera allar tiltækar ráðstafanir til sparnaðar. Till. um það efni verða ekki fram bornar án rækilegrar athugunar og undirbúnings, sem fjvn. er ekki unnt að framkvæma á fáum vikum. Því miður hafa flestar

sparnaðarráðstafanir á undanförnum árum ekki borið árangur, og er því mikilvægt, að málið verði nú tekið föstum tökum og raunhæfar sparnaðarráðstafanir gerðar. Tekur meiri hl. n. undir ummæli fjmrh. í framsöguræðu hans fyrir fjárlagafrv. og væntir þess fastlega, að næsta fjárlagafrv. beri þess merki, að verulegur árangur hafi orðið af viðleitni fjmrh. í þessu efni."

Þetta var á vetrinum 1960, sem þessi yfirlýsing var gefin, og hún var ekki undirskrifuð af ómerkari mönnum en hæstv. núv. fjmrh. sem formanni fjvn. Það var lögð rík áherzla á það, að hér væri ekki verið að flana að hlutunum, það væru gerðar raunhæfar sparnaðartill. að athuguðu máli. Nú skyldi maður ætla, að tími hefði unnizt til að athuga sparnaðarleiðirnar og í framhaldi af þessu vil ég minna á, að þegar næsta nál. þessa sama meiri hl. kom til fjárlagaafgreiðslu 1961, þá sagði svo í því nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Meiri hl. n. gerir ekki neinar ákveðnar till. um niðurskurð útgjalda ríkissjóðs umfram þær lækkanir, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, enda hefur reynsla ætíð sýnt, að niðurskurður útgjalda er óraunhæfur, nema samtímis séu gerðar nauðsynlegar skipulagsbreytingar og slíkum skipulagsbreytingum verður sjaldan komið við án rækilegrar athugunar og undirbúnings. Meiri hl. n. telur því rétt að benda á nokkur atriði, sem ætti nú þegar að hraða athugun á, þannig að niðurstöður gætu legið fyrir við undirbúning næstu fjárlaga. Er hér auðvitað ekki um neina tæmandi upptalningu að ræða. En meiri hl. beinir þeim tilmælum til ríkisstj., að hún m. a. láti rannsaka, hvort ekki sé hægt að gera eftirtaldar ráðstafanir til að draga úr ríkisútgjöldum."

Þá kemur fyrsta boðorð: að fækka sendiráðum Íslands erlendis, t. d. að leggja niður tvö sendiráð á Norðurlöndum og jafnvel lækka launagreiðslur til sendiherra og annarra starfsmanna sendiráðanna. Á árinu 1967, þegar fjármálum ríkissjóðs var þannig komið, að það vantaði 7—800 millj. að dómi hæstv. ríkisstj. sjálfrar, og sá hv. formaður fjvn., sem var 1961, var orðinn fjmrh., þá var samt ekki gripið til þess ráðs að skera eða fækka sendiráðum, heldur var bætt við einu sendiráði árið 1967. Öðru hafði verið bætt við á árinu 1966. Er þetta í samræmi við fyrsta boðorðið í sparnaðarreglunum, sem hæstv. meiri hl. fjvn. lagði fyrir ríkisstj. við fjárlagaafgreiðslu 1961? Á kannske að færa þetta undir þá skýringu, sem ritstjóri Alþýðublaðsins gaf á frásögnum ráðh.? Hefði nú ekki komið til álita, einmitt við fjárlagaafgreiðslu nú, þegar svo þurfti að fara fram á við almenning í landinu, að hann herti ólina, eins og það er orðað, að reyna að gera till. um að fækka sendiráðum.

Og annað boðorðið: að draga úr opinberum veizlum. Reglur munu þegar hafa verið settar til þess að takmarka þessi útgjöld, en vert er að athuga, hvort eigi sé hægt að gæta meira hófs í því efni. Kostnaður við gestrisni ríkisstj. hækkar um 50% frá árinu 1965 til 1966. Það er nú ekki hægt að fá mig til að trúa því, að hann lækki á árinu 1967, samkvæmt þeim frásögnum, sem við höfum af gestakomu á því ári. Væri nú ekki athugandi, hvort ekki mætti reyna að koma þessu atriði í framkvæmd í sambandi við fjárlagaundirbúninginn 1968?

Áfram er haldið. Þriðja boðorð: að takmarka svo sem auðið er tölu sendimanna á alþjóðaráðstefnum og fjölda slíkra ferða, svo og tölu fulltrúa í viðskiptasendinefndum. Hvað hefur verið gert í þessu? Hafa ferðalög landa á milli á vegum ráðamanna íslenzku þjóðarinnar nokkurn tíma verið meiri heldur en þau hafa verið nú síðustu árin og á þessu yfirstandandi ári? Hefur verið dregið úr tölu þessara sendimanna eða ferðunum? Ef svo er, þá hefur því verið haldið leyndu fyrir almenningi í landinu, en það er ábyggilega ekki skoðun hins almenna borgara, að svo hafi verið gert í tíð núverandi valdhafa.

Og fjórða atriðið: að fækka löggæzlumönnum á Keflavíkurflugvelli. Lögreglustjórn og kostnaður við lögreglu á Keflavíkurflugvelli og tollgæzlu var 5 millj. kr. í fyrstu fjárlögum viðreisnarstjórnarinnar, árið 1960. Nú er gert ráð fyrir 19 millj. Er þetta vegna þess, að það hefur verið dregið úr kostnaði og löggæzlumönnum hefur verið fækkað á Keflavíkurflugvelli? Að fækka bifreiðum ríkisins og ríkisstofnana og reyna jafnframt að tryggja það, að bifreiðar þessar séu ekki notaðar til einkaþarfa viðkomandi starfsmanna. Hvað hefur verið gert í þessu? Á fjárlögum er alltaf veruleg fjárhæð til bifreiðakaupa á vegum ríkisins, og engum er ljóst, að úr þessu hafi verið dregið. Að athuga skipulag tollgæzlu utan Reykjavíkur, hvort ekki sé hægt að koma þar við hagkvæmari vinnubrögðum og sameina meira tollgæzlu og löggæzlu. Hvað er af tollgæzlu og löggæzlu að segja í þessu landi? Árið 1960, í fyrstu viðreisnarfjárlögunum, var kostnaður við dómsmál og lögreglustjórn 76 millj. kr. Nú er hann 316 millj. kr. Hefur verið dregið úr þessu eða samræmd vinnubrögð? Segir ekki þenslan þarna fullkomlega til sín ár frá ári? Þetta er einn af þeim mörgu liðum fjárlaga, sem hefur þanizt út með ofsahraða, ár frá ári. Þá voru skattamálin eitt af því, sem átti að draga verulega úr. Kostnaður við skattanefndirnar var um 9 millj. kr. á fyrsta fjárlagafrv. viðreisnarstjórnarinnar. Hann er núna 51 millj., eftir hagkvæmnina, eftir skipulagsbreytinguna með sparnaðinn fyrir augum. Og engum datt í hug, að ástæða væri til þess að vita, hvort ekki væri hægt að draga úr kostnaði við álagningu skatta í landinu á sama tíma og farið er fram á það við fólkið í landinu, að það taki á sig álögur upp á 7—800 millj. kr. og lækkaðar eru fjárveitingar til niðurgreiðslna um 400 millj. kr. Það er svo líka staðreynd, að framkvæmdin á skattamálunum er langt frá því að vera á þann veg, sem reiknað var með.

Fleira mætti telja upp úr þessum lista, sem er upp á 23 atriði. Það var m. a. að koma á eftirliti og undirbúningi að framkvæmd skólabygginga og taka að öðru leyti til rækilegrar athugunar, hvort ekki sé auðið að draga úr útgjöldum við fræðslukerfið í heild. Ekki hefur af þessari framkvæmd orðið frekar en ýmsum öðrum. Það er að vísu verið að setja upp eina nýja stofnun í landinu, sem á að annast eftirlit með skólabyggingum, en sparnaðarviðleitnin hefur látið á sér standa í 8 ár. Nei, hér þarf ekki framar vitnanna við, ég þarf ekki að minna á fleiri atriði úr fjárlagaræðu hæstv. fyrrv. fjmrh. um sparnaðarfyrirheitin, sem voru gefin, bæði í hans

fyrstu og annarri fjárlagaræðu, en ég vil hins vegar minna á þá útþenslu, sem alltaf á sér stað og fer ört vaxandi í ríkiskerfinu, eins og öllum er kunnugt. Og ég minni á það, að fyrir nokkrum árum var keypt húsnæði, húsið Borgartún 7, fyrir Reykjavík, og þangað voru fluttar margar stofnanir ríkisins, sem eru nú til húsa þar. En hvað hefur orðið um húsnæðið, sem þessar stofnanir voru í? Eru ekki komnar aðrar stofnanir í húsnæðið að verulegu leyti? Efnahagsstofnunin er flutt inn á Laugaveg 13, en þaðan flutti borgardómarinn í Hallveigarstaði. Skólaeftirlitið er komið í hús Garðars Gíslasonar, þar sem Efnahagsstofnunin áður var. Þannig er um flest það húsnæði, sem ríkið hefur haft á leigu, að ef ein stofnunin hefur þaðan flutt, þá hefur önnur tekið við. Og ég hygg, þó ég geti ekki fullyrt það, að útgjöld ríkisins í leiguhúsnæði séu meiri nú heldur en þau voru, áður en Borgartún 7 var keypt. Það sýnir að nokkru útþensluna, sem átt hefur sér stað í ríkiskerfinu síðustu árin.

Ég vil líka nefna það sem gott dæmi í sparnaði í ríkisrekstrinum, að rekstur Skipaútgerðar ríkisins hefur gengið erfiðlega og með halla, eins og kunnugt er, en til þess að ráða bót á þessu, var skipunum fækkað og bætt við tveimur stjórnarnefndarmönnum, sem munu taka forstjóralaun. Og launagreiðslur eru orðnar fyrir tvo forstjóra eftir því sem skipunum fækkar. Þetta er eðlileg framkvæmd hæstv. ríkisstj. í sparnaði. Þarf þá nokkurn að undra, þó að fjárlögin þenjist út svo hundruðum millj. nemur, jafnvel svo milljarði nemi á milli ára?

Við munum, minni hl. fjvn., eins og fram kemur í nál. okkar, flytja síðar þáltill. hér á hv. Alþ. um rannsókn á útþenslu ríkisins síðasta áratuginn og till. til úrbóta eftir þá rannsókn og gerum ráð fyrir því, að þetta verði unnið í samstarfi við hagsýslustjóra. Ég vil minna á, að þegar umr. um efnahagsmál voru á dagskrá fyrir nokkrum vikum, þá var upp tekin athugun af hálfu ASÍ og BSRB annars vegar og ríkisstj. hins vegar um útgjaldaliði fjárlaganna. Að sjálfsögðu kom ekki mikið út úr þessu, enda væri fjárhagskerfi ríkisins ekki flókið og umfangsmikið, ef hægt væri að gera róttækar breyt. á því á nokkrum dögum. Hins vegar kom það fram í ræðu hæstv. forsrh. hér á hv. Alþ. í sambandi við þessa athugun, að það væri rétt að halda henni áfram og athuga þetta mál betur. Við treystum því, að það verði vel undir það tekið, að Alþ. kjósi n. til að athuga þetta mál nánar og halda þessari athugun áfram, því ekki getur það verið eðlilegri hlutur, að það sé samstarfsnefnd við einhver og einhver félagssamtök í landinu en að Alþ. fái aðgang að slíkum hlutum eins og rekstri ríkisins.

Það var talað um það, og það var oft reynt hér áður fyrr að koma á sparnaðarnefndum, og þær gáfust vafalaust misjafnlega. Þó munu einhver brögð hafa verið að því, að slíkar n. hefðu áhrif hér áður fyrr. Nú hefur alveg verið horfið frá því ráði, og við munum að sjálfsögðu ekki fara að gera till. um að kalla þessa n. sparnaðarnefnd, en við munum hins vegar gera till. um, að Alþ. kjósi n. til þess að kynna sér þessi mál betur og gerð verði raunhæf tilraun til þess a. m. k. að sporna við útþenslu ríkiskerfisins, sem færist í aukana ár frá ári, langt umfram það, sem eðlilegt er.

Þegar verið var að afgreiða fjárlög fyrir árið 1967, var nýbúið að afgreiða hér á hv. Alþ. frv. um verðstöðvun. Í umr. og í nál. okkar þá sýndum við fram á það, minni hl. fjvn., að það væri óhugsandi að gera það tvennt samtímis, að tala um verðstöðvun í landinu og ætla sér að hækka fjárlögin um 1 milljarð, eins og þá var gert. Við sýndum fram á, að hvort tveggja væri til staðar, að ríkissjóður mundi ekki hafa bolmagn til þess að standa undir þeim niðurgreiðslum, og svo væri hitt óhugsandi, að það gæti orðið nokkur raunhæf verðstöðvun, ef ríkið tæki svo mikið til sín, sem raun ber vitni um. Við þurfum ekki að deila um þetta lengur. Nú eru hlutirnir orðnir staðreynd, ríkisstj. gafst upp við að halda niðurgreiðslunum úti eins lengi og hún hafði bundið þær í l. Og nú vitum við það allir, að verðlagið hækkar dag frá degi og ekki nóg með það, að það hækki vegna þeirrar ráðstöfunar, sem gerð var með því að draga úr niðurgreiðslunum, heldur er einnig búið að gera gengisbreytingu, og allt þetta er nú framundan í hækkuðu verðlagi. Það hefur því sýnt sig eins vel og nokkur kostur var á, og ég vil segja því miður vegna þjóðarinnar, að það, sem við vöruðum við hér um þetta leyti í fyrra, hefur nú allt orðið að raunveruleika. Það var farið rangt að í sambandi við verðstöðvunina, þar sem ekki var gerð nein tilraun til þess að hafa raunveruleg áhrif á verðlag í landinu, og ríkið var látið heimta til sín meiri skatta en nokkru sinni fyrr og byggði sína tekjuöflun á því, að útþenslan héldist og spennan í viðskiptalífinu yrði meiri en nokkru sinni fyrr. Þess vegna ætti öllum að vera það ljóst, að þessi aðvörun okkar var ekki neitt óraunhæft, hún var byggð á rökum, og það hefur sannað sig, að hún er rétt. Við vöruðum líka við því að afgreiða fjárlög fyrir árið 1967 án þess að taka tillit til þess ástands, sem væri í atvinnumálum þjóðarinnar þá. Við bentum á, að ástand atvinnuveganna væri slíkt, að ríkisstj. og ríkissjóður kæmist aldrei hjá því að hafa afskipti af þeim málum. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni, er ég minnti á það, að við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1967 hefðum við í minni hl. fjvn. bent á það, að ekki yrði komizt hjá því að gera ráðstafanir vegna atvinnuveganna og átöldum það, að slíkar ráðstafanir skyldu ekki verða gerðar jafnhliða fjárlagaafgreiðslunni fyrir það ár. Hæstv. ríkisstj. sá ekki ástæðu til að sinna þessum aðvörunum okkar, en á því ári, sem síðan er liðið, hefur það sannazt, að aðgerða var þörf.

Í febrúarmánuði tók ríkisstj. til að gera ráðstafanir vegna sjávarútvegsins og voru þá skrapaðar saman 200 millj. kr. rúmlega, sem voru látnar ganga sem styrkir til sjávarútvegsins. Það var þá talið augljóst, að hjá því yrði ekki komizt, og í umr., sem fram fóru um afkomu sjávarútvegsins þá, var það margra álit, að hér væri miklu frekar of lítið að gert heldur en hitt. En á þeim 8 mánuðum, sem liðnir eru síðan hæstv. ríkisstj. hvarf að því ráði að aðstoða sjávarútveginn með fjárframlögum úr ríkissjóði, hefur það sýnt sig, að þessar aðgerðir nægðu ekki, því að nú í s. l. mán-

uði var gengi íslenzkrar krónu fellt um 24,6% til aðstoðar við atvinnuvegi landsmanna. Og það er ekki nóg með það, að það hafi verið gert, heldur hafa ýmis samtök atvinnurekenda í landinu, svo sem félagsskapur hraðfrystihúsanna, ályktað, að hér væri ekki nóg að gert, heldur þyrfti meira við, ef það ætti að duga hraðfrystiiðnaðinum. Og nú á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem frestað var á laugardaginn, var samþ. undir forsæti hv. 10. landsk. þm., Sverris Júlíussonar, og með aðstoð þeirra hv. 2. þm. Vesturl., Jóns Árnasonar, og hv. 4. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar, að ekki skyldi hafin útgerð hér eftir áramótin fyrr en fyrir lægi, að hæfur grundvöllur væri fyrir rekstri útgerðarinnar. Í stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna eru þrír af fjvn.-mönnum hæstv. ríkisstj., sem tóku þátt í þessari afgreiðslu. Það er því augljóst og ekki þarf orðum að því að eyða, að aðvaranir okkar hér við fjárlagaafgreiðslu 1967 og síðar um nauðsyn á því að styðja atvinnuvegina í landinu, hafa ekki verið mæltar út í bláinn og sýnir sig betur en margt annað, ef ekki nægja til þær aðgerðir, sem gerðar voru í febrúar, og gengisfallið nú, til þess að hagur atvinnuveganna sé sæmilega tryggður. Það sýnir líka ástand í atvinnumálum þjóðarinnar og efnahagsmálum, að nú er komið fram í des. og ekki er enn þá opinberlega kunngert verðlag á landbúnaðarafurðum. Það er nærri liðinn ⅓ af verðlagsári landbúnaðarins og samt er ekki farið að selja vörur eftir ákvörðun verðlagsdómsins og hann hefur ekki verið birtur almenningi enn þá. Þá þarf ekki að minna á afkomu iðnaðarins á þessu landi og þessu ári, því að svo miklar umr. hafa farið fram um afkomu þeirrar atvinnugreinar og er ljóst, að nú binda iðnaðarframleiðendur vonir sínar við það, að gengisbreytingin komi þeim að liði og þá eru þær vonir bundnar við það, að tollskránni verði ekki breytt þeim í óhag, heldur þeim í hag. Hins vegar er reynsla af hæstv. ríkisstj. þar um ekki það góð, að ástæða sé til að vera of bjartsýnn, þó að hinu skuli heldur ekki spáð.

Í ræðu minni hér að framan hef ég drepið lítils háttar á ástandið í atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar, og minni á það enn einu sinni, að þannig er ástandið, þrátt fyrir það, að undanfarandi ár hafa verið sérstök veltiár og það svo, að árið 1966 fóru tekjur ríkissjóðs yfir 800 millj. kr. fram úr áætlun fjárl. Þrátt fyrir það er nú svo komið, að þessum fjárhæðum hefur öllum verið ráðstafað, og ástæðan til þess, að svo er komið fjárhag ríkissjóðs og efnahagsmálum þjóðarinnar, er sú verðbólga, sem hér hefur dafnað og aukizt með ári hverju, sem liðið hefur. Og ég vil undirstrika það, sem ég hef gert hér fyrr við umr. um fjárl., að stefna hæstv. ríkisstj. hefur verið aflgjafinn í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það hefur verið stefna hæstv. ríkisstj. að leggja skatt ofan á skatt, að viðhalda og koma hér á mjög háum vöxtum, að standa fyrir lánsfjárhöftum og sveltu atvinnuveganna um lánsfé, svo að atvinnuvegirnir hafa ekki getað komið við betri skipulagningu eða eðlilegri fjárfestingu til hagkvæmni í atvinnurekstrinum. Það hefur verið stefna hæstv. ríkisstj. að afgreiða fjárlög með þeim hætti, að verulegur greiðsluafgangur væri hverju sinni, til þess að ríkisstj. hefði vald á fjármunum til að hagræða fyrir sig og reyna á þann hátt að treysta setu sína í ráðherrastólunum, og það hefur hæstv. ríkisstj. gert með þessari ráðstöfun í dag og hinni á morgun, og hafa þær ráðstafanir jafnan verið skipulagslausar, eins og hefur sýnt sig, að annan daginn hefur verið ákveðið að draga úr niðurgreiðslum, hinn daginn að auka þær verulega. Einn daginn hefur verið ákveðinn styrkur til atvinnuveganna og fjórða daginn hefur svo gengi krónunnar verið breytt. Og á þessum mánuðum, sem við höfum setið hér á hv. Alþ. nú, hefur hæstv. ríkisstj. lagt fram tvö frv. um aðgerðir í efnahagsmálum. Fyrra frv. var í samræmi við fjárlagafrv. það, sem lagt var hér fram í upphafi þingsins. Það gerði ráð fyrir að mæta því, sem mætt yrði í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, með lækkuðum niðurgreiðslum og auknum sköttum. En í umr., sem fram fóru um það frv., var gengisfellingarleiðin fordæmd og talið, að hún skapaði fleiri vandamál heldur en hún leysti, og vandamálið nú væri þess eðlis, að gengisfelling hentaði þeim ekki. Hins vegar er nú svo komið, á þessum tveggja mánaða tíma, sem hv. Alþ. hefur setið að störfum, að gengisskráningu íslenzku krónunnar hefur verið breytt og hér er verið að afgreiða frv., sem því er samfara, en fyrra frv. um efnahagsaðgerðirnar er ætlað í ruslakörfuna að fara. Þannig er um framkvæmdir hæstv. ríkisstj. í málefnum þjóðarinnar, það fer hvorki fyrir stefnufestu eða framsýni um þær aðgerðir.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín fleiri, en vil undirstrika það að lokum, að eins og hefur sýnt sig við þær efnahagsaðgerðir, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir á undanförnum árum, hefur það farið svo, þrátt fyrir góðæri, að hún hefur orðið að gera nýjar ráðstafanir að stuttum tíma liðnum, vegna þess að stjórnarstefnan hefur kallað á nýjar ráðstafanir og leitt málefni þjóðarinnar í vandræði á stuttum tíma. Eins er ég sannfærður um það, að þrátt fyrir þær aðgerðir, sem nú hafa verið gerðar um það að velta á þjóðina í lækkuðum niðurgreiðslum á 5. hundrað millj. kr. og með stórum fjárhæðum með gengisbreytingunni, verður ekki langt í næstu aðgerðir eða nýja veltu, ef hæstv. ríkisstj. heldur óbreyttri stjórnarstefnu, sem ég hygg, að hún muni gera.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég mun nú ekki hér í því, sem ég segi, fara að ræða almennt um efnahagsmál, þó að ástæða hefði verið til þess að taka til athugunar ýmislegt af því, sem hv. frsm. minni hl. fjvn. sagði um þau efni. Þau hafa verið rædd hér að undanförnu ítarlega og það gefst tækifæri til að ræða þau í sambandi við önnur frv., sem hér koma fram á næstu dögum. Ég vildi þess vegna aðeins einskorða mig við fjárlögin og ýmis atriði, sem nauðsynlegt er að komi fram í því sambandi, og skal því reyna að stytta mál mitt sem ég get.

Ég tel mér fyrst skylt að þakka hv. fjvn. fyrir það mjög mikla og góða starf, sem hún hefur unnið. Hún hefur á mjög skömmum tíma leyst af hendi mjög erfitt viðfangsefni, sem er að endurskoða fjárlagafrv. frá grunni, miðað við gengisbreytinguna, og hygg ég, að fjvn. hafi ekki áður staðið andspænis svo miklum vanda á jafn

skömmum tíma. Það hefur hjálpað til í þessu efni, að Fjárlaga- og hagsýslustofnun fjmrn. er nú til aðstoðar við þetta mikla starf, og ég vil einnig á þessum stað láta koma fram þakkir til hagsýslustjóra og starfsmanna hans fyrir þá miklu vinnu, sem þeir hafa leyst af hendi nú síðustu vikurnar. Þá sé ég enn fremur ástæðu til þess að þakka hv. n. eða meiri hl. hennar fyrir þá hófsemi, sem hún hefur sýnt í till. sínum um hækkun útgjalda ríkissjóðs. Það var lögð mikil áherzla á það í undirbúningi fjárlagafrv. að takmarka svo sem verða mætti útgjöld ríkissjóðs á næsta ári. Það var miðað við það ástand, sem þá ríkti, og þær till., sem þá voru uppi um það að reyna að ná saman endum með þeim efnahagsaðgerðum, sem voru lagðar fyrir þingið í haust. Ég tek það fram, að ég tel alveg sömu rök vera til staðar nú að sýna hófsemi í útgjöldum ríkissjóðs og því sé það mikils virði, hvernig n. hefur á þessum málum tekið. Það hefur verið óumflýjanlegt að sjálfsögðu að hækka allverulega útgjöld á ýmsum liðum vegna óhjákvæmilegra afleiðinga gengisbreytingarinnar, en það hefur verið lögð áherzla á það, að þær hækkanir yrðu sem allra minnstar og reynt að takmarka svo auknar fjárveitingar til stofnana sem framast er auðið, án þess þó að það hindri eðlilega starfsemi þeirra eða leiði til umframgreiðslna.

Menn hafa spurt eftir því hér og reyndar að því fundið, að ekki hafi nú við 2. umr. legið fyrir endanleg tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir næsta ár. Það er vitanlegt, eins og fram hefur komið, að gengisbreytingin hefur veruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs. Hins vegar er það dæmi ekki svo einfalt viðureignar eins og menn virðast halda, vegna þess að þar eru mörg atriði, sem þarf að athuga. Það er alveg ljóst miðað við þær aðstæður, sem eru í dag, og horfur um viðskiptamöguleika okkar á næsta ári, að það hlýtur að koma til nokkur samdráttur í útflutningi, ef það héldi áfram á sama veg með innflutninginn. Ef það héldi áfram með sama hraða, þá væri augljóst, að það mundi halda áfram að ganga á gjaldeyrisvarasjóðinn eins og gert hefur, og það getur auðvitað ekki endalaust gengið. Þetta dæmi þarf því allt saman að athugast á þann hátt, að það verði að endurskoða þjóðhagsáætlunina frá grunni og gera sér grein fyrir því, hvaða afleiðingar þessar aðgerðir nú og þær efnahagsráðstafanir, sem í sambandi við þær eru gerðar, hafa á tekjuhorfur ríkissjóðs á næsta ári. Það er því ekki vegna þess, að það hafi verið nein löngun til að leyna þessu máli við þessa umr., heldur eingöngu af þeim sökum, að á þeim skamma tíma, sem verið hefur til ráðstöfunar til þess í senn að endurskoða gjaldabálk frv. og athuga öll önnur atriði málsins, hefur ekki verið auðið að birta endanlega þessar tölur, og ég tel það ekki þjóna neinum tilgangi að vera að birta einhverjar áætlunartölur í því efni, sem svo mundu aftur breytast við 3. umr.

Ég legg hins vegar áherzlu á eitt atriði, sem er höfuðatriði þessa máls. Menn tala um, að tekjur ríkissjóðs muni stóraukast, og þar af leiðandi er gefið í skyn, að það muni verða notað af ríkisstj. til aukinnar eyðslu, eins og menn gjarnan kalla. Það er ákveðin stefna ríkisstj., að öllum þeim tekjuauka, sem verður nú hjá ríkissjóði umfram það, sem beinlínis leiðir af óumflýjanlegum útgjaldaauka ríkisstofnana vegna gengisbreytingarinnar, verði varið til þess að mæta áhrifum gengisbreytingarinnar í þá átt að draga úr þeim svo sem verða má, bæði áhrifum þeirra á verðlag og jafnframt að reyna eftir föngum að létta undir með þeim, sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Þetta er sú grundvallarstefna, sem ríkisstj. vill fylgja, og af þeirri ástæðu skiptir það í rauninni ekki máli, hvort þessar upplýsingar liggja fyrir nú, vegna þess að ég lít svo á, að þetta fé verði ekki og megi ekki vera almennt til eyðslu hér, til aukinna útgjalda úr ríkissjóði til almennra þarfa, þó þær þarfir kunni að vera nauðsynlegar. Af þessum sökum hefur ekki verið talið auðið að leggja almennt til hækkun á fjárfestingarliðum fjárlaga. Það eru raunverulega þeir liðir, sem auðveldast er að ráða við, og það má auðvitað segja, eins og hér hefur komið fram, að það væri eðlilegt, þegar gengisbreyting verður, að hækka slíkar fjárveitingar. En það hefur ekki verið gert við undanfarandi gengisbreytingar og það af mjög eðlilegum ástæðum. Reynt hefur verið við allar þær gengisbreytingar einmitt að halda þessum útgjöldum niðri og leitazt við að nota það fé, sem verið hefur til ráðstöfunar í auknum tekjum ríkissjóðs, til þess að mæta afleiðingum gengisbreytingarinnar og létta þær fyrir almenning. Ég legg áherzlu á, að ég tel að þetta þurfi að vera grundvallarreglan í ráðstöfunum okkar á þessum hugsanlega greiðsluafgangi, sem kann að vera til staðar, þegar dæmið verður endanlega uppgert. Það koma svo auðvitað fram spurningar um það, hvernig á þá að ráðstafa því á annan veg. Ég tel, að efst á blaði sé um að ræða tollabreytingar eða tollalækkanir. Við þurfum af mörgum ástæðum að stefna í þá átt að lækka þá mjög háu innflutningstolla, sem hér eru, og það eigi tvímælalaust að nota þá tækifæri nú, eftir því sem fjárráð frekast leyfa. Þetta mál er í undirbúningi, en ég hygg, að það hljóti að vera ljóst öllum, sem til þekkja, að víðtækar tollabreytingar verða ekki gerðar á einum degi. Það þarf að athuga þær frá mörgum hliðum, hvaða afleiðingar þær hafa og athuga, að samræmi sé í þeim breyt. milli einstakra liða, þannig að hér er um mjög flókið og vandasamt mál að ræða. Þar inn í koma auðvitað þau sjónarmið, sem nokkuð hefur verið ymprað á hér, sérstaklega af talsmanni hv. minni hl. n., að það eigi að leggja áherzlu á að bæta aðstöðu iðnaðarins. Þetta er narmið út af fyrir sig, en ég bendi þá á það, að ef það er hugsun manna, að eigi að auka vernd iðnaðarins, þá hlýtur það sjálfsagt að draga úr möguleikunum til að nota þessar tollabreytingar til þess beinlínis að bæta aðstöðu neytenda. Það er alveg ljóst.

Hitt er auðvitað rétt, að það þarf að gera þetta dæmi upp og það er vitanlega nauðsynlegt, að aðstaða iðnaðarins verði a. m. k. ekki gerð erfiðari heldur en hún er í dag. Auðvitað verður mikill léttir fyrir iðnaðinn í sambandi við gengisbreytinguna á ýmsum sviðum, ekki hvað sízt fyrir þann iðnað, sem þó hefur flutt eitthvað til útlanda, það verður auðveldara fyrir hann að bjargast, en einmitt slíkar iðngreinar hafa átt við mjög mikla erfiðleika að stríða núna á síðustu árum vegna hækkaðs tilkostnaðar. Tolla-

lækkanirnar tel ég nr. 1 á blaði, þegar um er að ræða ráðstöfun á því fé, sem kann að vera tiltækt til að mæta afleiðingum gengisbreytingarinnar. Þá er það ákveðið hjá ríkisstj. að leggja til að hækka bætur almannatrygginga, þannig að örorkubætur og ellilífeyrir og skyldar bætur nái því marki, að ekki verði um að ræða kjararýrnun hjá því fólki. Þá tölu er ekki nákvæmlega búið að reikna út, en það mun verða flutt brtt. við fjárlagafrv. við 3. umr. þess varðandi þessar breytingar. Vitanlega geta ýmsar aðrar ráðstafanir komið til álita, ýmsar millifærsluleiðir milli tekjuflokka í þjóðfélaginu og vissar aðrar aðgerðir, sem geta komið til athugunar til þess að létta þeim, sem tekjulægstir eru í þjóðfélaginu, að mæta kjaraskerðingu vegna gengisbreytingarinnar. Þessi mál eru einnig í rækilegri athugun. Um þessi atriði öll hefur verið rætt við fulltrúa verkalýðssamtakanna, sem hafa verið látnir fylgjast með því, sem hefur komið til álita að gera í þessum efnum, og ætlunin er að leita eftir þeirra skoðunum, að svo miklu leyti sem þeir óska eftir að láta þær uppi, og fá þá til að taka þátt í athugunum á því, hvernig þessu fé verði bezt varið til þess að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar.

Þetta eru þau almennu atriði, sem ég vildi taka fram og tel nauðsynlegt, að liggi hér fyrir við þessar umr. til skýringar á því, að þetta mál hefur ekki allt verið krufið til mergjar. Í framhaldi af þessu og raunverulega sama eðlis var sú gagnrýni hv. minni hl. n., að ekki lægju allar upplýsingar fyrir og sem hún átaldi mjög, því það væri ekki hægt að taka raunverulega afstöðu til fjárlagafrv. nú. Ég tel, að ég hafi þegar skýrt ástæðurnar fyrir því, sem hljóta að vera öllum mönnum ljósar, að á þessum skamma tíma hefur í rauninni tekizt ótrúlega að leysa þann vanda, sem við var að glíma, til þess að hægt væri þó að afgreiða fjárl. fyrir áramót og þess alls ekki að vænta, að öll kurl gætu verið til grafar komin við 2. umr. málsins. Ég vil þá leyfa mér að víkja að nokkrum einstökum atriðum í ræðu hv. frsm. minni hl. n. og skal leitast við að hafa þau orð ekki allt of mörg.

Hann vék að nýju skólakostnaðarl. og taldi skylt að láta þau taka gildi. Ég tel, að ekki sé um neina skyldu að ræða í því efni, það hefur verið ákveðið, að nýju skólakostnaðarl. taki gildi frá 1. sept. næsta ár og það er heimild til þess, að þau taki gildi strax. Að ráðning kennara geti þar nokkru um ráðið, fæ ég ekki séð, það breytir að sjálfsögðu ekki þeirra kjörum og það hefur aldrei verið meiningin, að þessi skólakostnaðarl. hefðu þær afleiðingar, sem þau því miður virðast ætla að hafa, að það verði nokkru minna aðhald um það, sem menn leggja til í þeim efnum varðandi fjölda kennara, eftir að það er allt saman komið yfir á ríkið. Það vill gjarnan fara svo. Ástæðan til að þetta er ekki hægt að gera nú er ekki hvað sízt það, að það eru viðtækar reglugerðir, sem þarf að setja um framkvæmd þessara nýju l., og þær eru ekki enn tilbúnar og ekki hægt að fara að framkvæma þær, fyrr en þessar reglugerðir liggja fyrir. Hv. frsm. vék að því, að ekkert væri nú áætlað til nýrra skólabygginga og taldi það vera breytingu frá því í fjárlagafrv. ársins 1967. Það er ekki um neina breyt. að ræða, heldur er ástæðan sú, að þegar við sömdum fjárlagafrv. fyrir 1967, tókum við sömu fjárhæð eins og var í fjárlögum ársins, en það varð afgangur, þegar við vorum búnir að deila niður á alla þá skóla, sem voru í byggingu, þá var viss afgangur, sem við áætluðum í nýja skóla. Nú varð ekki um neinn slíkan afgang að ræða af heildarfjárhæðinni, heldur varð að nota hana alla til þess að deila niður á skólana eftir þeirri reglu, sem fylgt hefur verið, þá skóla, sem eru í byggingu. Vitanlega kemur það til álita við 3. umr. fjárlaga, hvaða úrræði verða til þess að mæta þessum vanda, það verður ekki gert án þess að veita nokkra fjárveitingu til þess að mæta þörfum vegna nýrra skóla. Ég get ekki á þessu stigi málsins sagt, hvað há sú fjárhæð verður, það verður að skoðast niður í kjölinn, hvað hægt er að bjarga sér með í þeim efnum.

Varðandi hafnargerðir, þá vitnaði hann til nýju laganna um hafnargerðir, sem hefðu verið samþykkt á síðasta þingi. Það var ákveðið, að þau giltu ekki í ár, en mundu taka gildi næsta ár. Það hefur verið unnið að undanförnu að heildaráætlun um fjáröflun til hafnargerða á næsta ári. Það gerðist nú á þinginu hér í fyrra, að l. voru að vísu samþykkt, en þá voru felldir niður tekjustofnarnir, sem áttu að standa undir vissum þætti laganna, þannig að það er ekki auðvelt að leysa vandamál á þann máta. Í fjárlagafrv. sjálfu er ekki aðeins gert ráð fyrir 5 millj. kr. hækkun til hafnargerða, heldur 15 millj. kr., þ. e. a. s. að borga einnig hluta af þeim eftirstöðvum, sem safnazt hafa undanfarin ár. Ég tel, eins og ég lýsti í framsöguræðu minni við fjárlögin, að það beri að stefna að því, að hafnargerðir á hverju ári verði innan þess ramma, að fjárveitingar ríkissjóðs nægi til að greiða kostnaðarhluta ríkissjóðs af því, sem framkvæmt er á árinu, og verði síðar stefnt að því á nokkrum árum að greiða þann halla, sem myndazt hefur. Ég tel augljóst, að það verði að hækka nokkuð fjárveitingu til nýrra hafnargerða og mun það verða ákveðið fyrir 3. umr., hvernig hægt er að leysa þann vanda, eftir að vitamálastjóri hefur gengið frá sínum till.

Hv. þm. vék að því, að undanfarin ár hefur verið framkvæmt meira og meira fyrir lánsfé og vék að hættunni af því. Ég get tekið undir það með honum, að það verður að hafa fullt hóf í því, og nú er t. d. í fjárlagafrv. gert ráð fyrir því að taka inn meiri fjárupphæðir til fjárfestingar, sem ég gerði grein fyrir í framsöguræðu minni um fjárlögin, heldur en undanfarin ár, þannig að lántökur til ríkisframkvæmda verða mun minni heldur en þær voru á s. l. ári.

Hv. þm. vék svo allmikið að og eyddi alllöngu máli sínu í að tala um þá dæmalausu óstjórn, sem væri á ríkisbúskapnum í þrengri merkingu, þ. e. a. s. þá miklu útþenslu, sem orðið hefði í ríkiskerfinu. Ég hef nú ekki tíma til þess að rekja öll þau atriði eða svara þeim, það yrði allt of langt mál, þó fróðlegt væri að gera það, en það varð nú svo eins og áður hefur jafnan verið, að þó að menn tali mikið um eyðslu og sukk og sjaldan hafa menn nú verið stórorðari um það en hv. þm. nú, að þá bólar lítið á úrræðum til þess að leysa þann vanda, nema þá ef nefna mætti þá till., sem hann var að boða, að setja

ætti niður n. til þess að gera athugun á útþenslu í ríkiskerfinu. Vitanlega þarf enga slíka n., það liggja fyrir allar upplýsingar um það og það er tæknilegt atriði að rannsaka og þarf enga n. til þess, það eru sérfræðingar, sem það gera, og ég birti í fjárlagaræðum mínum upplýsingar um það, hvernig þróunin hefur verið í þeim efnum, sem sýna það, að útþensla til stjórnsýslunnar hefur alls ekki vaxið á síðustu árum. En þessi nefndarskipun er í rauninni eina framlagið til þess að vinna gegn þessari óhæfilegu eyðsluaukningu og sukki hjá ríkisstj. eða fjmrh. á síðustu árum. Nú veit ég ekki, hvað menn geta lengi skotið sér undir það, að þeir viti ekki það mikið um þessi mál, að þeir geti gert um þau till. Vitanlega er ekki hægt að útfæra þær í einstökum atriðum, en það er þó tvímælalaust hægt að gera meira í því efni af mönnum, sem eru jafnkunnugir þeim málum og hv. frsm. minni hl. fjvn., þar sem hann í senn er endurskoðandi ríkisreikninga og hefur auk þess átt lengur en flestir aðrir þm., sem nú sitja á þingi, sæti í fjvn., þannig að endalaust er ekki hægt að skjóta sér undir þekkingarleysi í þessum efnum og að menn hafi ekki aðstöðu til að gera tillögur, ekki sízt, ef það er svo, eins og hann gaf í skyn, að hægt væri að leysa efnahagsvanda upp á hundruð milljóna með því einu að spara í ríkisrekstrinum. Auðvitað vitum við allir, að þetta er sagt algjörlega út í hött, og það er ekki hægt að koma við neinum slíkum sparnaði í ríkisrekstrinum. Það er auðvitað hægt að spara á ýmsum sviðum nokkrar millj., en ef á að fara út í viðtækan sparnað, þá kostar það að endurskoða að verulegu leyti uppbyggingu ríkiskerfisins og þá þjónustu, sem ríkið veitir. Þetta vitum við gerla, og allir hv. þm. þekkja nógu mikið inn á ríkisbúskapinn til þess að sjá þetta. Það liggur svo jafnframt í augum uppi, að fjárl. fara hækkandi ár frá ári, og það þarf ekki að vera nein sönnun um það, að illa sé á málunum haldið. Þetta er þannig í hverju einasta þjóðfélagi, sem er í vexti. Það líður varla nokkurt þing svo, að ekki sé samþykkt löggjöf, sem leggur nýjar og nýjar kvaðir á ríkissjóð, og af þeim sökum hækka útgjöldin auðvitað stöðuglega.

Það, sem skiptir máli í þessum efnum, er að reyna auðvitað að sporna við fótum að því marki, sem hægt er, reyna að koma við þeirri hagkvæmni við notkun fjárins, sem auðið er, sjá til þess, að aðhald sé veitt ríkisstofnunum og í annan stað að reyna að koma við þeirri hagkvæmni í framkvæmdum, að framkvæmdafé notist sem bezt. Þetta eru þau almennu sjónarmið, sem þarf að hafa í huga, og ég vek athygli á því, án þess að ætla að fara að þakka neitt sérstaklega nein afrek í því efni, að það er þó fyrst í tíð núv. stjórnar, að það hafa verið gerð skipulagsbundin átök í þessa átt. Fyrst í tíð fyrirrennara míns með því að fela ríkisendurskoðanda sérstaklega að gæta hagsýslumála og setja trúnaðarmenn sérstaklega til þess að vinna að þeim málum og síðast nú með því að stofna Fjárlaga- og hagsýslustofnunina, sem hefur gert mögulegt að taka á þessum málum með allt öðrum hætti en áður. Og ég fullyrði það, að þessi stofnun og þessi nýju vinnubrögð eiga eftir að skila miklum jákvæðum árangri og til þess að gefa hv. þm. ljósara yfirlit yfir þróun málanna, má geta þess, að einn þáttur í þessu eru ein fremur þau nýju lög um ríkisreikning og gerð fjárlaga, sem samþykkt voru hér í hitteðfyrra og sem þetta fjárlagafrv. nú er samið eftir og hv. frsm. minni hl. lét raunar í ljós ánægju yfir, að hefði verið gert og taldi þetta stefna í rétta átt. Þannig þarf að vinna að þessum málum.

Hitt er svo annað mál, að það er auðvitað alltaf meira og minna, sem menn geta á bent, sem má sýna með nokkrum rökum, að gæti verið á nokkuð annan hátt. Ég hef gert það, svo sem hv. frsm. vitnaði í, og ég þakka honum mjög fyrir að halda mínum orðum á loft og leggja mikið upp úr greinargerðum mínum og skoðunum í þessum efnum og þær eru ekki á nokkurn hátt breyttar frá því, sem þá var. Hann las hér upp allmarga punkta, ég kannast við þessa punkta og hef ekki gleymt þeim, en þeir hitta mig nú ekki á neinn hátt illa, jafnvel ekki í dag, því það voru ábendingar um að taka til athugunar viss atriði, sem ég held, að ég hafi nú vikið að í flestum fjárlagaræðum, frá því að ég tók við þessu embætti og hefur verið reynt að vinna að eftir fremsta megni. Það má vafalaust segja, að það hafi ekki tekizt sem skyldi, en ég fullyrði, að í þeim greinum, eins og um opinberar veizlur, sendiferðir og annað slíkt, hefur verið reynt að koma við þeim takmörkunum, sem frekast hefur verið auðið. En það er hægara sagt en gert og það hef ég oft tekið fram.

Hitt dæmið er svo fækkun sendiráðanna, sem ég hygg, að hafi verið ýmprað á af þm. flestra flokka hér, bæði mér og öðrum, og stundum fluttar tillögur um, m. a. er nú tillaga um það við afgreiðslu fjárl. Þetta verður auðvitað ekki gert formlega með fjárlagaafgreiðslu nema menn hafi áður komið sér niður á, að þetta sé framkvæmanlegt. Ég er ekki hrifinn af fjölgun sendiráða og tel, að það væri full ástæða til þess að skipa þeim málum með öðrum hætti. Ekki er kannske víst, að af því leiddi sérstaklega sparnað, heldur tel ég bót að því að raða sendiráðunum annars staðar en þau eru. Og á það hefur stundum einnig verið bent, að það væri rétt að gera. Og jafnvel þó að ekki hefði verið sett á fót þetta sendiráð í Brüssel, sem var sett þar vegna flutnings Nato frá París, og við urðum að hafa þar fastan fulltrúa í Nato, þá eru útgjöldin við það sendiráð ekki meiri en svo, að þau hefðu nú ekki breytt miklu um þær 750 millj., sem vantaði á sínum tíma til að brúa þetta bil.

Það hefur verið unnið að flestum þessum málum, sem hv. þm. benti á og vék að í þessum punktum sínum, bæði bifreiðamálum ríkisins, skipulagi tollgæzlu og samræmdum vinnubrögðum á því sviði og það hefur verulega þokazt í þá átt. M. a. mun nú alveg á næstu dögum, — ég vonast til þess, að það verði fyrir áramótin, — verða lagt fyrir þingið nýtt frv. um tollheimtu og tolleftirlit. Hitt er annað mál, að það er auðvitað ekki í senn hægt að spara á þessum sviðum og ekki heldur í sambandi við skattheimtuna og heimta svo alltaf aukið eftirlit og meira og meira starf. Þetta fer ekki saman. Ef við ætlum að halda uppi fullkominni tollgæzlu í landinu, kostar það sitt, og það er rétt, að það hefur verið aukið verulega við það. Á síðasta ári var bætt

við 10 mönnum í tollgæzlu hér, en ég efast ekki um, að það hafi skilað sér og fullkomlega það í bættu eftirliti, þannig, að menn mega ekki horfa alveg einsýnt á svona vandamál. Jafnvel af þessum sama hv. þm. hefur oft verið fundið að því, að starf skattstofanna gengi ekki nógu vel og það hefur því verið fullkomin þörf á því að auka hraðann í þeim efnum. Ég skal hins vegar játa það fúslega, að reynslan hefur sýnt, að það þarf að endurskoða, hvernig að þessum málum er unnið og það hefur farið fram ýtarleg athugun á því á þessu ári, sem ég vonast til, að verði hægt að koma við í sambandi við skattálagningu á næsta ári.

Þá er það eftirlit með skólabyggingum. Það hélt ég, að allir væru sammála um, að væri æskilegt að taka upp, en það er ekki hægt að taka það upp, ef ekki má eyða neinu fé í það. Það er alveg ljóst mál. Ég held, að í þessu öllu þurfi menn þess vegna að gera sér grein fyrir vissum staðreyndum og megi ekki bara falla í þá gryfju að bera fram ávítur og reyna að gera tortryggilegt það, sem gert er, og segja, að það sé allt sukk og eyðsla. Ábyrgir menn geta ekki leyft sér að halda fram slíkum kenningum, nema þá að rökstyðja orð sín með öðrum hætti en gert var hjá hv. frsm. minni hl. hér í dag. Við þurfum að gera okkur grein fyrir þróuninni í þjóðfélaginu. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að þegar við erum að heimta aukna þjónustu, aukið eftirlit á ótal mörgum sviðum, þá er ekki hægt um leið að óskapast yfir því, að þetta kosti peninga. Við verðum að sjálfsögðu að reyna að koma þessu fyrir með sem hagkvæmustum hætti og ég fullyrði, að það er lögð öll áherzla á að reyna að gera það. Og ég hef vissulega ekkert við það að athuga og tel, að það geti vel komið til álita að hafa nánari samvinnu við fjvn. og meira heldur en bara þann fundartíma, sem hún eða einhver undirnefnd hennar hefur hér í Alþ. til þess að fylgjast með þessum málum. Við þetta hef ég ekkert að athuga, síður en svo, og tel, að það geti verið raunhæfari leið a. m. k. heldur en fara að setja niður einhverja sérstaka n., sem gert er ráð fyrir í þeirri till., sem boðuð er í þessu efni.

Nú, það var svo kannske kokhreysti út af fyrir sig hjá hv. ræðumanni að fara að tala um Skipaútgerð ríkisins og víta það, að það hafa verið settir þar eftirlitsmenn. Sannleikurinn er sá, að nýja kerfið, sem þar hefur verið uppbyggt, þar sem reynt hefur verið að starfa eftir nýjum vinnubrögðum, hefur sparað Skipaútgerðinni milljónir króna, þannig að ég sé svo sannarlega ekki eftir því, þó að þessir menn fái einhver laun í því efni, og það er ekki ætlunin, að þeir haldi slíkum forstjóralaunum til frambúðar, heldur var það meðan verið var að reyna að koma einhverju betra skipulagi á þessi mál. Það hefur svo verið ákveðið hér í Alþ. með sérstökum lögum, að það skuli vera sérstök stjórnarnefnd, sem verður að sjálfsögðu launuð þá með eðlilegu móti, eins og efni standa til.

Ég undrast það satt að segja mjög, að jafnglöggur maður eins og hv. 3. þm. Vesturl. skyldi falla í þá gröf að tala eins og hann gerði á ýmsum sviðum hér og raunar birtir einnig í því nál., sem hann er frsm. fyrir. Hann heldur því t. d. fram, að það, sem gerðist á s. l. ári, þegar allverulegar hækkanir á rekstrarútgjöldum einstakra stofnana voru í fjárl., það hafi í raun-inni hrundið mikið af stað þeirri skriðu, sem nú hafi orðið og þeirri 750 millj. kr. útgjaldaþörf, sem nú hafi komið í ljós á þessu ári. Hér er auðvitað talað gegn betri vitund. Hv. þm. veit, að það, sem gerðist í fyrra, var ekki annað en það, að við reyndum að áætla raunhæft útgjöldin í stað þess að undanfarin ár hefur alltaf komið til stórkostlegra aukaútgjalda, vegna þess að menn hafa haldið niðri útgjaldaliðum, sem enga þýðingu hefur að halda niðri, jafnvel launagreiðslum, og ég vonast til þess, að umframútgjöld á þessu ári verði líka mun minni af þessum ástæðum. Það kemur svo fram líka glöggt í þessu fjárlagafrv. núna, hver er þáttur ríkisins sjálfs í þessu 750 millj. kr. dæmi. Hann er um 80 millj., sem beinlínis er aukinn kostnaður við stjórnsýsluna og miðað við rekstrarútgjöld fjárlagafrv. eins og þau lágu fyrir. Það hefur að vísu hækkað núna vegna gengisbreytingarinnar, enda verður að endurskoða allar þessar tölur. En eins og dæmið lá fyrir, þegar við vorum að ræða um þessar 750 millj., þá var þáttur stjórnsýslu ríkisins í því að meðtöldum skólakostnaði, sem hækkar langmest, um 80 millj. kr. af 750 millj., og hvernig í ósköpunum átti að brúa þetta bil með því einu, eins og sagt er, að draga úr þeim útgjaldaauka? Það er mér alls ekki ljóst.

Það er alveg rétt, að útgjöld fjárl. hafa hækkað mikið á undanförnum árum, en við vitum öll, af hvaða ástæðum það er. Það er þróunin í þjóðfélaginu, sem hefur leitt til þess, en það er ekki ríkisbúskapurinn eða þensla í ríkisrekstrinum sem slík, sem hefur verið afgerandi í því efni. Þarfir ríkisins hafa alltaf komið eftir á til þess að mæta þeim vanda, sem hefur risið vegna útgjaldaauka í þjóðfélaginu af öðrum orsökum. Ríkið hefur aldrei komið á undan til þess að taka peninga til þess að leggja fyrir í þessu skyni, og þegar það hafði peninga eins og á árinu 1966, þá var þeim öllum skilað annaðhvort í aðstoð við framleiðsluatvinnuvegina eða þá beinlínis borgaðir fólkinu aftur í niðurgreiðslum, þannig að það hafa engir peningar verið hamstraðir í þessu efni. Og það getur út af fyrir sig verið gaman, ef menn hafa gaman af töluleik, að bera saman án nokkurra skýringa töluliði frá árinu '59 og árunum '66 og '67. Ég held, að það gefi ekki ákaflega mikla mynd af þróuninni, hvernig hún hefur verið og tjói ekki að bera slíkar tölur saman, nema þá útskýra þær hliðar málsins, sem orsaka þær breytingar, sem orðið hafa.

Ég get fúslega tekið undir öll ummæli, bæði hv. frsm. minni hl. og annarra um það, að við þurfum að leita allra úrræða til þess að reka okkar litla þjóðfélag sem ódýrast, og að svo miklu leyti sem ég hef afskipti af þeim málum eða kann að hafa, þá stendur ekki á mér til þess að reyna að gera það. Ég tel, að við höfum lagt grundvöll, sem gerir á margan hátt auðveldara að vinna að þessu með kerfisbundnum hætti, og rekstur ýmissa mikilvægra ríkisstofnana er nú í athugun til þess að kanna það, hvort hægt sé að leysa þann vanda ódýrar en nú er gert. Að þessu tel ég, að þurfi að vinna og það eru vissulega

ýmis atriði, sem hefur verið ymprað á, eins og ég gat um áðan, svo sem tala sendiráða, sameining ríkisstofnana og annað, sem ég skal játa, að er stundum hægara um að tala en í að komast. Þar rekast á alls konar sjónarmið. Menn muna kannske eftir, í hvað mörg ár eða áratugi var talað um sameiningu áfengis- og tóbaksverzlunar, áður en tókst að koma því í framkvæmd. Menn hafa talað um sameiningu sandgræðslu og skógræktar í fjöldamörg ár og þannig mætti lengi telja. Þetta er allt saman töluvert erfiðara í framkvæmd heldur en menn gera ráð fyrir og rekst á ýmsa hagsmuni og sérsjónarmið. Ég er ekki að réttlæta, að slíkt eigi að standa í veginum, en það er stundum erfitt að fást við það, sem er komið í föst form.

Það er nú svo annað mál, hvernig ríkisbúskapurinn hefði litið út á undanförnum árum, ef allar till. hv. stjórnarandstæðinga til hækkunar á fjárl. á hverju ári hefðu verið samþykktar og þær útgjaldatill., sem þeir hafa flutt á hverju þingi. Þá er ég hræddur um, að dæmið væri nú ekki auðveldara viðureignar í dag heldur en það þó er.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða frekari orðum að þessu máli. Ég hef reynt að halda mig hér við fjárlagafrv. og fjárlagaafgreiðsluna, ræða nokkur þau atriði, sem mér fannst óumflýjanlegt að minnast á í ræðu hv. frsm. minni hl. n., án þess þó að fara þar allt of ýtarlega út í hans löngu ræðu, og enn fremur að gera grein fyrir, eins og ég gerði í upphafi máls míns, ýmsum þeim atriðum, sem ég tel, að þurfi að vera aðalleiðarvísir varðandi afgreiðslu fjárl., og orsakir þess, að ekki hefur nú þegar verið unnt að flytja allar þær till., sem fluttar munu verða til þess að leysa það dæmi.

Ég endurtek svo aðeins að lokum það, að ég vonast til, að þegar allt kemur til alls, þá geti orðið hér á hinu háa Alþ. samstaða um þá meginskoðun og meginstefnu að reyna að nota þá fjármuni, sem ríkið kann að hafa aflögu, til þess að reyna að mæta þeim vandamálum, sem af gengisbreytingunni leiða, á þann hátt að gera kjaraskerðinguna, sem óumflýjanleg er af hennar sökum, sem vægasta, a. m. k. fyrir þá aðila í þjóðfélaginu, sem erfiðast eiga með að bera hana.

Frsm. 2. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Um það leyti, sem núgildandi fjárlög voru afgreidd á Alþ., hafði sú verðbólguþróun innanlands, sem leiddi af stefnu stjórnarflokkanna, afnámi verðlagsákvæða og algeru stjórnleysi í innflutnings- og fjárfestingarmálum, komið útflutningsatvinnuvegunum í þrot. Fram til þess tíma hafði aukið aflamagn og sihækkandi söluverð afurðanna bætt þessum atvinnugreinum áföllin af verðbólgustefnunni, en máttur útgerðarinnar til þess að reisa rönd við afleiðingum stjórnarstefnunnar þvarr um leið og tók fyrir stöðugt bætt viðskiptakjör. Mörgum þáttum útflutningsframleiðslunnar varð um megn að standa á eigin fótum, en uppbætur úr ríkissjóði voru látnar fleyta útgerðinni. Alþingiskosningar voru þá á næsta leiti og óvænlegt fyrir ríkisstj.flokkana að grípa til stórfelldra efnahagsaðgerða og mikilla tekjuflutninga í þjóðfélaginu. Þess vegna var gripið til þess ráðs við afgreiðslu núgildandi fjárl. að berja í brestina með sýndarverðstöðvun á þann hátt að nota þann tekjuafgang, sem ofsköttun á landsmenn hafði fært ríkissjóði, til þess að greiða niður vöruverð fram yfir kosningar. Um þessar ráðstafanir sagði ég m. a. í nál. mínu við fjárlagaafgreiðsluna í fyrra, með leyfi hæstv. forseta:

„Allt er þetta að sjálfsögðu gert til þess að leyna þjóðina því fram yfir kosningar, í hverjar ógöngur viðreisnarstefnan hefur komið framleiðsluatvinnuvegunum í mestu góðærum, sem þjóðin hefur lifað. Það hvarflar að sjálfsögðu ekki að stjórnarflokkunum, að það sé nokkur frambúðarlausn á vandanum að festa það ástand, sem nú ríkir, með verð- og kaupstöðvun. En tilraun er gerð til þess að leika sama leikinn og minni hl.-stjórn Alþfl. var látin leika fram yfir síðari kosningarnar 1959. Strax og þær kosningar höfðu farið fram, köstuðu núverandi stjórnarflokkar frá sér verðstöðvunarstefnunni, felldu gengið og skertu lífskjörin á margvíslegan hátt og hófu þá verðbólgustefnu, sem nú er að koma atvinnuvegunum í þrot mitt í góðærunum."

Allt hefur þetta nú komið á daginn. Núgildandi fjárlög voru afgreidd skömmu fyrir alþingiskosningar og báru þess greinileg merki, eins og lýst er í þeim hluta nál. míns frá í fyrra, sem ég las hér áðan. Fjárlög eru að þessu sinni hins vegar afgreidd skömmu eftir kosningar, og fjárlagafrv. ber þess á sama hátt eigi síður greinileg merki. Vandamál atvinnuveganna höfðu enn stórlega aukizt á yfirstandandi ári, en greinilegt var, að það var ætlun ríkisstj. að taka málin í áföngum, láta hagsmuni ríkissjóðs sjálfs sitja í fyrirrúmi og bæta aðstöðu hans um 750 millj. kr. og framvísa þannig til almennings reikningunum frá verðstöðvuninni. Þetta var 1. áfanginn. Höfuðvandamálið, starfsgrundvöllur framleiðsluatvinnuveganna, var geymdur á meðan. Fall sterlingspundsins olli svo því, að þessar ráðagerðir breyttust og báðir áfangar voru teknir í einu með þeirri ákvörðun að fella gengi íslenzkrar krónu langt niður fyrir lækkun sterlingspunds, og í þeirri mynd kemur fjárlagafrv. nú til 2. umr. Brtt., sem af þessu leiðir, fylla heila bók og hefði þess vegna verið fullt eins eðlilegt að haga afgreiðslunni nákvæmlega á sama hátt og eftir kosningar 1959, þegar upphaflegu fjárlagafrv. var hreinlega hent í sorptunnurnar. Blekkingaleikurinn, sem leikinn var nú fyrir kosningar, og ráðstafanirnar að þeim loknum er svo nákvæmlega þræddur frá atburðunum í kringum kosningar 1959, að í rauninni hefði farið bezt á því að haga einnig þessu atriði með sama hætti og þá.

Lífskjör alþýðu manna hafa skerzt stórlega á yfirstandandi ári vegna minnkandi atvinnu og samdráttar. Ofan á það bættist stórhækkun landbúnaðarafurða vegna lækkunar á niðurgreiðslum og nú dynja yfir almennar verðhækkanir vegna gengislækkunarinnar. Það segir nokkuð um það, á hverju almenningur á von í verðhækkunum á næstunni, til viðbótar við þær hækkanir, sem orðnar eru á landbúnaðarvörum, að í brtt. meiri hl. fjvn. við fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að aðrir rekstrarliðir en laun og viðhaldskostnaður hækki um 20%, og við það verður tekjuöflun ríkissjóðs miðuð. Þær aðferðir, sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa valið til þess að bæta

hag ríkissjóðs, stórlækkun niðurgreiðslna, hækkun nefskatta, svo sem almannatryggingagjalds og sjúkrasamlagsgjalda, koma verr en líklega nokkrar aðrar hugsanlegar leiðir við þá, sem við örðugustu kjör búa í þjóðfélaginu. Þegar byrðunum er úthlutað, er ekki spurt, hverjir eru það, sem mest hafa matað krókinn í verðbólgunni undanfarin ár, hverjir eru bezt stæðir til þess að taka á sig álögurnar, hverjir eiga mestu eignirnar og hafa mestu tekjurnar? Nei, mælikvarðinn, sem notaður er, þegar þungi byrðanna er ákveðinn, er fjölskyldustærðin. Sá fátæki skal borga tölulega jafnmikið í hækkun nefskatta og sá ríki og með hækkun á brýnustu matvörum skal hver fjölskylda greiða þeim mun meira sem hún þarf fleiri munna að metta. Það var því ekki nema að vonum, að verkalýðsfélögin snerust harkalega gegn svo óréttlátum ráðstöfunum og þeir í verkalýðsstétt, sem einhverjar kröfur gerðu til þingliðs Alþfl., voru sem steini lostnir yfir því, að það skyldi standa að og verja slíkar efnahagsráðstafanir, sem bitnuðu þyngst á efnalitlum einstaklingum og stórum barnafjölskyldum. Og það er táknrænt um það, hvar flokksforysta Alþfl. er á vegi stödd, að á sama tíma og dagblöðin birtu frá verkalýðsfélögunum víðs vegar um landið harðorðar mótmælasamþykktir, sem fylgismenn Alþfl. stóðu að ekki síður en aðrir, birti Alþýðublaðið mynd af pattaralegu forystuliði flokksins, þar sem það var yfir veizluborðum á hádegisverðarfundi í fínu veitingahúsi í borginni að verja þessar aðgerðir, sem sérstaklega var beint gegn hinum fátækustu. Sú stórfellda gengislækkun, sem síðan var framkvæmd, sópar svo miklu fé í ríkissjóðinn, að ríkisstj. taldi sig hafa efni á að fallast á, að greiddar yrðu vísitölubætur á laun vegna hækkunar á landbúnaðarvörum, svo sem lög stóðu til. En þótt þær séu nú greiddar og halda megi því fram, að vísitölufjölskyldan, þ. e. a. s. hjón með tvö börn, fái þessar hækkanir bættar, ef launin eru yfir atvinnulágmarki, vantar mikið á, að stærri barnafjölskyldur fái með vísitöluálagi á laun uppbornar þær hækkanir, sem þær hafa orðið fyrir. Og þar vantar þeim mun meira á, sem fjölskyldan er stærri. Eftir að börn á heimili eru orðin 2 eða 3 ára, hverfa í flestum tilfellum allir möguleikar á tekjuöflun konunnar og vísitöluhækkun á lágar fjölskyldubætur jafnar aðstöðuna engan veginn. Ofan á þessar álögur bætast nú verðhækkanir af völdum gengislækkunarinnar og hagur stærri barnafjölskyldna verður af öllum þessum ástæðum hlutfallslega sífellt lakari. Það er því algerlega óhjákvæmileg nauðsyn, að Alþingi geri sérstakar ráðstafanir vegna stórra barnafjölskyldna og lífeyrisþega í því skyni að tryggja, að efnahagsaðgerðirnar, bæði lækkun niðurgreiðslna og gengislækkunin, auki ekki enn aðstöðumuninn í þjóðfélaginu þessum aðilum í óhag.

Þrátt fyrir þær stórfelldu byrðar, sem lagðar eru á launafólk, og á þann veg, að mest er á þá lagt, sem verst eru settir fyrir, er alls óvíst, hversu allar þessar ráðstafanir ríkisstj. munu duga til þess að treysta grundvöll atvinnulífsins og bera yfirlýsingar frá Landssambandi ísl. útvegsmanna því gleggst vitni. Það, sem er hins vegar fullkomlega ljóst er, að tekjur ríkissjóðs munu aukast stórlega, þó svo að ríkisstj. telji sér ekki fært að hrifsa til sín alla þá hækkun, sem yrði á toll- og söluskattstekjum að öðru óbreyttu. En það er ekki síður greinilegt, að sá tekjuauki verði hirtur í rekstrarhítina, sem nú vex um allan helming, þegar verðbólguhjólinu er hrundið af stað að nýju, en dregið verður úr nauðsynlegustu verklegu framkvæmdum að sama skapi. Undanfarin ár hafa verið hin mestu uppgripaár í sögu þjóðarinnar, þótt nokkuð hafi dregið úr þjóðarframleiðslunni á þessu ári miðað við allra beztu árin. Þrátt fyrir þessi hagkvæmu ytri skilyrði, hafa stjórnarvöldin látið undir höfuð leggjast að tryggja stórátök í félagslegum málum, þegar aðstaðan hefur verið langsamlega bezt til þess. Umsvif gróðafjármagnsins hafa verið látin sitja í fyrirrúmi, en fjárfestingarliðir á fjárlögum ríkisins minnka hlutfallslega ár frá ári samhliða óhemju útþenslu rekstrarliða. Tvívegis hefur framkvæmdafé verið skorið niður, eftir að fjárlög hafa verið samþykkt og skertar fjárhæðir færðar inn á fjárlagafrv. næsta árs. Fjárfestingarliðir á fjárlagafrv. nú eru þannig 10% lægri en á fjárl. þessa árs í áframhaldi af skerðingu á framkvæmdafé, sem framkvæmd var eftir samþykkt fjárl., og í kjölfar gengislækkunarinnar hækka rekstrarliðir fjárl. stórlega, einstakir þættir þeirra um 20%, en fjárhæðir á framkvæmdaliðum standa tölulega í stað og lækka þannig að raungildi. Þetta er þannig orðað í nál. meiri hl. fjvn.: „Gengisbreytingin hefur ekki áhrif á framlög til gjaldfærðs stofnkostnaðar", þ. e., þeir liðir eiga að standa óbreyttir að krónutölu með enn skert framkvæmdagildi.

Vegna þessarar þróunar undanfarin ár, sem hagkvæmust hafa þó verið til stórátaka, er málum svo komið, að ýmsir hinir mikilvægustu málaflokkar eru í algerri kreppu. Skólahúsnæði skortir hvarvetna, en ekki er enn þá sýnt, að ein einasta króna verði lögð fram til nýrra skólabygginga á fjárlögum næsta árs. Íþróttasjóður er í tugmilljóna króna skuld við sveitarfélögin og sama er að segja um félagsheimilasjóð. Brýn þörf er á stórátökum í heilbrigðis- og sjúkrahúsmálum og vegamálin eru að komast í algjört öngþveiti og svo mætti lengi telja. Ef vel hefði verið á þessum málum haldið á undanförnum gósenárum og framkvæmdir ríkisins á þessum sviðum þá verið hlutfallslega auknar í stað þess að dragast saman, þá ættum við að geta slakað á, þegar þjóðartekjurnar minnka. Þess í stað stöndum við nú eftir öll góðærin frammi fyrir meiri ófullnægðri þörf en nokkru sinni fyrr. Þeim mun meiri þörf er því á að skera niður af rekstrarliðum bruðl og óþarfa, sem látinn hefur verið viðgangast og aukast ár frá ári. Slíkar aðgerðir mundu stuðla að því að veita þeim mun meira fé til að bæta úr vanrækslu á félagslegum framkvæmdum, sem orðið hefur á undanförnum árum. En það er sannarlega ekki stefna stjórnarflokkanna. Gengislækkunina virðist eiga að nota til að sópa milljónatugum og hundruðum inn í ríkissj., en hlutur verklegra framkvæmda er enn minnk-

aður. Þá vekur það athygli, að þeir rekstrarliðir, sem sérstaklega er reynt að takmarka fjárveitingar til, eru þeir, sem í eðli sínu eru nauðsynlegastir, t. d. hvers kyns heilbrigðisþjónusta og rannsókna- og vísindastörf. Allar till. stjórnar ríkisspítalanna um þróun og endurbætur í rekstri voru lagðar til hliðar og vegna of lágra fjárveitinga til Landspítalans nýtist ekki einu sinni sú fjárfesting, sem þó hefur verið unnið að á undanförnum árum. Eðlileg aukning á læknaþjónustu í samræmi við stækkun sjúkrahússins fæst ekki. Skv. fjárlagafrv. er engin heimild veitt til ráðningar nýrra sérfræðinga. Jarðhitadeild sækir um fjárframlög til þess að vinna að jarðborunum á Krýsuvíkursvæðinu á Reykjanesi og í Námaskarði, en ekkert af því hefur verið tekið í fjárlög eða fjárlagafrv. og þarf þó ekki að skýra það fyrir hv. alþm., hve stórkostleg fjárhagsleg hagsmunamál er hér um að ræða. Þm. Reykjavíkur ætti a. m. k. að vera ljós nauðsyn átaka í þessum málum, þegar haft er í huga, að síðustu dagana a. m. k. virðast höfuðborgarbúar ekki hafa haft þörf fyrir annað fremur en aukinn hitastraum úr neðra. Og þegar um grundvallarrannsóknir í ýmsum vísindagreinum er að ræða, þá er viðkvæðið jafnan það, að við Íslendingar séum svo fáir og smáir, að við getum ekki haldið í við stærri þjóðir. En í bruðlinu og óþarfanum getum við hins vegar skákað þeim öllum. Hvar skyldi t. d. það geta gerzt annars staðar í heiminum, að ráðh. sé sendur með föruneyti til annarra landa til þess að horfa á, þegar skrokk af 450 tn. báti er hleypt af stokkunum, eins og átti sér stað í sambandi við síldarleitarskipið Árna Friðriksson í sumar. Látum vera, þótt ráðh. hefðu veitt svo ágætu skipi virðulegar móttökur og boðsgestum rausn, þegar hingað kom, enda var það víst ekki látið undir höfuð leggjast heldur.

Undanfarin ár hefur afgreiðslu sífellt fleiri þátta fjárlagafrv. verið frestað til 3. umr., og enn heldur sú þróun áfram. Nú bætast framlög til nýbyggingа hafna við. Fram til þessa hefur vita- og hafnarmálaskrifstofunni þó tekizt að þeyta till. sínum um skiptingu á hafnarfé á borð fjvn.-manna nokkrum klukkutímum áður en frv. hefur verið skilað til 2. umr. Og nefndarmenn hafa haft þann tíma einan til þess að vega og meta till. og til þess að fá staðfestingar frá hinum ýmsu stöðum um mismunandi áreiðanlegar upplýsingar, sem þeim hafa fylgt. Í þetta skipti virðast forráðamenn þessarar stofnunar þó hafa fengið hlaupasting á leiðinni, a. m. k. hafa þeir ekki náð í mark fyrir tilskilinn tíma. Till. hafa ekki sézt og þessi mál liggja nú utan dyra til 3. umr. Hvar þessi þróun á að enda, veit ég ekki. Ég hef áður átalið þessi vinnubrögð og ítreka það nú af enn frekara tilefni en fyrr.

Svo sem öllum hv. þm. er ljóst, fer því mjög fjarri, að fjárlagafrv. eins og það er nú lagt fyrir til 2. umr., gefi nokkra heildarmynd. Enn liggja ekki fyrir neinar áætlanir um tekjuhliðina eftir að hún stórraskast við gengislækkunina. Til þess skortir vitneskju um ákvarðanir um tollamál og söluskatt. Þegar ekkert liggur fyrir í þessu efni, er að sjálfsögðu erfitt að gera endanlegar till. um útgjaldahliði, enda eru fjölmargir hinna veigamestu þeirra enn óafgreiddir frá fjvn. svo sem skólamál, tryggingamál, hafnamál o. fl. Mjög hefur sótt í það horfið undanfarin ár, að fjárlagafrv. er lagt fyrir þm. til afgreiðslu við 2. umr., þannig að það er í rauninni alger óskapnaður og ekki í því heil brú. Og þannig, að ekkert er upplýst um veigamestu þætti þess. Nú tekur þó steininn úr og í rauninni er það móðgun við þm. að leggja frv. fram til afgreiðslu í þessari mynd sem nú er gert, en menn fara nú að verða ýmsu vanir úr þessu. Full ástæða er til að átelja harðlega þessi vinnubrögð. Fyrst mál standa í raun og veru svo, að enginn grundvöllur er til þess, að þm. geti rætt um heildarmynd fjárlaga og metið þau í eðlilegu samhengi né heldur um einstaka veigamestu þætti þess, af þeim sökum, að önnur ákvarðandi frv. hafa ekki verið lögð fram, þá á að fresta afgreiðslu fjárlaga, þar til þeir þættir liggja fyrir. Slíka málsmeðferð eins og þm. hefur verið boðið upp á síðustu árin, má þó sízt af öllu gera að reglu eins og nú virðist stefnt að. Vegna þess hvernig að þessu máli öllu er staðið, flytur minni hl. fjvn. nú við 2. umr. aðeins 1 brtt. En vegna þess að hún er aðeins ein, þá væntum við þess, að það verði þeim mun fremur til þess að undirstrika og leggja áherzlu á það vandamál, sem hún fjallar um. Um það er ekki að efast, að margir þeirra, sem sízt mega við lífskjaraskerðingu, verða fyrir verulegum áföllum af völdum gengislækkunarinnar. Gengislækkunin snertir að sjálfsögðu misjafnlega mikið hina einstöku liði í framfærslukostnaði almennings, en hjá þeim, sem dveljast við nám erlendis, hækkar hún alla þætti framfærslukostnaðarins í beinu hlutfalli við gengislækkun ísl. kr. gagnvart gjaldeyri viðkomandi lands. Hjá fjölmörgum námsmönnum hækkar því framfærslukostnaður hreinlega um þriðjung. Nokkur hluti, líklega 1/3 hluti framfærslukostnaðar námsmanna, er greiddur af þeim lið fjárlagafrv., sem kallaður er „til styrktar ísl. námsmönnum.“ Skv. till. meiri hl. fjvn. er gert ráð fyrir, að þessi framlög til námsmanna haldi gildi sínu gagnvart erlendri mynt og hækki svo sem til þess þarf. Ef tekið er tillit til þess, að farmiðaskatturinn, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., er nú felldur niður, gerir meiri hl. fjvn. till. um 3 millj. 756 þús. kr. hækkun á þessari fjárveitingu. Er þá einungis um það að ræða að bæta námsmönnum upp þann 1/3 hluta námskostnaðar, sem svarar til framlags ríkisins. En gert er ráð fyrir, að námsmenn sjálfir og vandamenn þeirra taki á sig bótalaust þá rýrnun, sem verður á verðgildi krónunnar gagnvart 2/3 hlutum námskostnaðarins og fellur á með fullum þunga í réttu hlutfalli við gengisfallið. Minni hl. fjvn. telur óhjákvæmilegt, að ríkissjóður sjái til þess með frekari hækkun á framlagi til námsmanna, að þeir standi jafnréttir eftir gengislækkunina gagnvart öllum sínum námskostnaði. Við flytjum því á sérstöku þskj. till. um, að liðurinn „til styrktar ísl. námsmönnum“ hækki um 7.5 millj. kr. frá till. meiri hl. fjvn. eða í 35 millj. 865 þús. kr. Margir þeirra ísl. námsmanna, sem stunda nám erlendis, hafa unnið hér heima að

sumrinu og lagt laun sín inn í banka til greiðslu á yfirfærslum á námskostnaði jafnóðum og hann félli til. Þessar innistæður hafa nú verið rýrðar allt að þriðjungi.

Gengislækkunin leikur ýmsa grátt eins og jafnan fyrr, en líklega enga þó eins og námsmenn, sem verja öllu sínu aflafé og framlögum frá vandamönnum til kaupa á erlendum gjaldeyri. Komi stjórnarvöldin ekki til móts við námsmenn, einnig gagnvart þeim hluta námskostnaðarins, sem þeir verða sjálfir að greiða, er auðsætt, að margir þeirra, sem hafa átt í miklum erfiðleikum til að afla nægilegs fjár til greiðslu námskostnaðar erlendis, hljóta að verða að hverfa frá námi. Einhverjir námsmenn kunna að eiga fjáða vandamenn, en aðrir ekki og víst er, að þeir, sem gengislækkunin hrekur frá námi, veljast ekki úr eftir námshæfileikum, heldur er með þessum ráðstöfunum, ef ekki er að gætt, verið að stuðla að því, að fjárhagsástæður ráði því meira en verið hefur, hver af ísl. ungmennum eigi kost á skólanámi erlendis. Það yrði til þess, að þeim nemendum, sem við erfiðust kjör búa, gæfist ekki kostur á að njóta þess ríkisframlags, sem veitt er til greiðslu námskostnaðar, vegna þess að þá brestur getu til að taka á sig stóraukningu á þeim útgjaldahluta, sem þeir verða að sjá fyrir sjálfir. Það er skylda Alþingis að koma í veg fyrir það í svo ríkum mæli sem unnt er, að fjárhagsástæður ráði því, hvaða þjóðfélagsþegnum gefist kostur á menntun erlendis. Alþingi ber að gera ráðstafanir til þess, að það verði ekki einungis þeir, sem bezta fjárhagsaðstöðu hafa, sem gefst kostur á að njóta þeirra lána og styrkja, sem veitt eru af ríkisfé til styrktar námsmönnum erlendis.

Eins og horfir, verður ekki annað séð en efnahagsaðgerðir ríkisstj. muni skerða mjög hagsmuni sveitarfélaganna í landinu, og aðstaða þeirra var þó fyrir orðin mjög erfið. Verðlagshækkanirnar bitna á þeim af fullum þunga í rekstrarkostnaði samtímis því, sem tekjur íbúanna dragast saman og útsvarsálagningin verður af þeim sökum erfiðari. Það er því mjög óeðlilegt, að ríkisvaldið seilist nú inn á þá tekjustofna, *sem eðlilegt er, að sveitarfélögin búi að*, en till. um tólfföldun á fasteignamati til eignarskatts jafngildir að sjálfsögðu því, að fasteignir séu í ríkara mæli en áður gerðar að tekjustofni fyrir ríkissjóð. Ofan á þessar aðgerðir til óhagræðis fyrir sveitarfélögin bætist, að eftir ákvörðun menntmrn. var kennslutilhögun í skólum sett upp samkv. nýju skólakostnaðarl., en nú er því lýst yfir, að þau skuli ekki taka gildi fyrr en 1. sept. n. k. og þar mun skakka a. m. k. 15 millj. kr. á kostnaði fyrir það tímabil, sem lendir á sveitarfélögunum umfram það, sem þau höfðu ástæðu til að ætla samkv. yfirlýsingum menntmrn.

Ef ekki fæst fram sú breyting við afgreiðslu fjárl. nú, að nýju skólakostnaðarl. taki gildi um næstu áramót, er a. m. k. óhjákvæmilegt að taka tillit til þessa á einhvern annan hátt til að jafna metin og gera sérstakar ráðstafanir með öðrum hætti, til þess að tryggja bætta afkomu sveitarfélaganna. Það er að vísu þrautreynt, að það er ekki til neins að flytja till. um sparnað á rekstrarliðum við afgreiðslu fjárl. En þó flyt ég sem fyrr nokkrar till., nánast sem ábendingar um nokkra liði, sem spara mætti á millj. kr.

Fyrsta till. er um að fækka stórlega í löggæsluliðinu á Keflavíkurflugvelli. Alþýðu manna er sagt, að nú verði hún að draga úr útgjöldum sínum og spara. Þetta er þeim, sem minnst hafa úr að spila, sagt að gera án þess að *innt sé eftir því, hvort þeir geti yfirleitt nokkuð sparað.* Ef almenningur getur með fyrirskipunum og þvingunarráðstöfunum frá Alþ. dregið úr neyzlu sinni, ætti ríkinu ekki að vera vandara um að spara. *Fjárlagafrv. sýnir þess ekki merki.* Aukning á kostnaði við skattstofur virðist t. d. óstöðvandi með öllu. Gert er ráð fyrir, að kostnaðurinn hækki um einar litlar 10 millj. *á næsta ári eða um nálega 30%.* Hann hefur nú hækkað úr 8.5 millj. 1963 í um 45.5 millj. 1968 eða um 440%. Væri ekki hægt að afla nokkurra millj. kr. upp í þennan óviðráðanlega kostnaðarauka með því að fækka í ríkislögreglunni á Keflavíkurflugvelli í staðinn? Er nokkur ástæða til þess að ausa millj. kr. í gæzlu á því herliði, sem okkur er sagt, að hafi það eitt hlutverk að gæta okkar?

Næstu till. miða að því, að þrjú sendiráð á Norðurlöndum verði sameinuð í eitt og sparaðar með því 5.3 millj. kr. á næsta ári, en sá sparnaður yrði að sjálfsögðu meiri, eftir að skipulagsbreytingin væri að fullu komin til framkvæmda. Ég hef áður haldið því fram og ítreka það nú, að ef við teljum okkur hafa efni á að státa af svo mörgum sendiráðum, væri viturlegra að láta eitt duga á Norðurlöndum, en sinna þess í stað betur öðrum hlutum heims, þar sem við eigum mikilla viðskiptahagsmuna að gæta. Í aths. með núgildandi fjárlögum sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og málum er nú háttað, er grundvöllur fjárveitinga að jafnaði rekstur tiltekinna stofnana, sem hafa tilgreindan fjölda starfsmanna. Kostnaður við rekstur stofnunarinnar er síðan áætlaður eftir tilkostnaði eða fjárveitingum síðustu ára með álagi fyrir tilkostnaðarhækkun. Tilvera stofnunarinnar sem skipulagseiningar skyggir þannig á eða dregur athyglina frá þeim verkefnum, sem þessi skipulagseining á að afkasta. Hið rökrétta undirstöðuatriði ríkisrekstrarins hlýtur að vera það safn verkefna, sem unnið er að, *en ekki þær skipulagseiningar, sem upp hafa verið settar til að sinna þessum verkefnum.*“

Ekki verður nú séð, að á þessu hafi orðið nokkur breyting, *og ég veit naumast, við hvað þessi orð úr aths. með fjárlagafrv. í fyrra gætu fremur átt en sendiráðin á Norðurlöndum.* Það er svo sannarlega um það að ræða, að tilvera stofnunarinnar eða þessara stofnana ræður fjárveitingunum, en ekki hin raunverulegu viðfangsefni. Það er ekki einu sinni svo, að bruðlið með fé almennings í sambandi við sendiráð erlendis sé í svipuðum mæli og í fyrra, heldur stóreykst nú fjárausturinn á sama tíma og krafizt er af almenningi, sem borgar brúsann, að hann herði sultarólina. Nú er sett á stofn sendinefnd í Belgíu, svo að við slítnum ekki úr tengslum við Grikki og Portúgala og aðrar

lýðræðishetjur í Atlantshafsbandalaginu, sem hrakizt hafa með starfsemi sína frá Frakklandi. Þessi sendinefnd á að kosta þjóðina 5.1 millj. Ég legg til á þskj. 126, að þessi útgjöld verði spöruð, svo og þær nærri 400 þús. kr., sem ætlað er að verja til þingmannasambands Nato, enda held ég, að flestum þyki óþarft, að almenningur á Íslandi borgi stærstu herveldum heims stórfúlgur fyrir það að leggja þeim til sjálfan heila þessara þingmannasamtaka. Nær væri, að við hefðum tekjur af slíkum útflutningi. Fleiri brtt. hef ég ekki séð ástæðu til að flytja við 2. umr. þessa máls, einkum með tilliti til þess, hversu afgreiðslu frv. er í rauninni skammt komið, þegar 2. umr. lýkur. Fyrir 3. umr. ættu málin að liggja ljósar fyrir, og þá gefst tækifæri til frekari tillöguflutnings eftir því, sem þörf verður þá á.

Á undanförnum árum hafa heyrzt sífellt háværari staðhæfingar um, að störf Alþingis séu í auknum mæli að færast í það horf, að þingið sé afgreiðslustofnun, það sé í vaxandi mæli hlutverk alþm. að samþykkja það, sem fyrir þá er lagt. Þeir eigi sífellt minni kost á að fjalla um málin á frumstigi og móta þau á umræðustigi. Þeirra hlutverk sé að verða það eitt að taka hina formlegu ákvörðun á lokastigi málanna. Þessar staðhæfingar styðjast vissulega við rök, þótt deila megi um, í hve ríkum mæli Alþingi sé orðið einber afgreiðslustofnun og hafa verði í huga, að við almenningi blasa ekki störf innan þingflokka og nefnda. Hitt dylst engum, sem til þekkir, að stærstu till. í efnahagsmálum leggja aðilar utan þings í grundvallaratriðum fullmótaðar fyrir alþm. og því er að jafnaði fyrirfram slegið föstu, hvernig þær skulu afgreiddar, þótt svo að við umr. kæmi fram, að rök stæðu til að breyta þeim. Svo rammt kveður að þessu, að ég hef heyrt stjórnarþm. halda því fram, að þeir menn, sem mestu ráða innan stjórnarflokkanna, séu í rauninni fangar efnahagssérfræðinga sinna og beinar afgreiðsluvélar. Þegar fjvn. stendur nú hv. Alþ. skil á störfum sínum undanfarnar vikur, er full ástæða til þess að leggja á það áherzlu, að afgreiðsla fjárl. er ekki sízt því markinu brennd, sem talið er einkenna meðferð þingmála í vaxandi mæli, og á ég þá ekki einasta við það, að einstakir þm. standi í rauninni frammi fyrir till. meiri hl. fjvn. eða fjvn. allrar, þegar hún flytur sameiginlegar till., sem gerðum hlut, heldur á ég miklu fremur við hitt, að aðstaða fjvn. til þess að hafa áhrif á afgreiðslu einstakra liða fjárl. er næsta takmörkuð, svo að ekki sé meira sagt. Fjvn. kemur ekki nærri undirbúningi fjárlagafrv. Það er lagt fyrir hana fullmótað. Að líkindum er þó til þess ætlazt, að n. geti að loknum störfum milli umr. lagt fram rökstuddar staðhæfingar um einstaka liði fjárl., hvort þeir skuli standa óbreyttir frá því, sem á frv. greinir, hvort þeir eigi að hækka eða lækka og þá hve mikið. Í raun og veru hafa nm. svo til enga aðstöðu til þess varðandi fjölmarga liði. Þótt fundir n. séu æði margir, gefst ekki tími til mikils annars en fara yfir frv. lið fyrir lið, lesa þau fjölmörgu erindi, sem berast, og hlýða á þær óskir, sem einstakir embættismenn og aðrir, sem á nefndarfundi koma, hafa fram að færa um breytingar á frv. Lítill eða nánast enginn tími eða aðstaða er til þess að kanna raunverulega þörf á einstökum framlögum til stofnana, sem ekkert heyrist frá, eða meta óskir þær, sem bréflega eða munnlega eru lagðar fram. Þetta eru atriði, sem ég hygg, að hafi átt við, hver sem farið hefur með ríkisstj., en það er ekki síður ástæða til þess að gefa þeim gaum þess vegna. Þetta endurtekur sig ár eftir ár og aðstaðan er jafnan hin sama. Störf n. hefjast eftir að fjárlagafrv. hefur verið samið, prentað og útbýtt í þinginu og þeim lýkur, þegar það hefur verið samþ. Eftir það bíður n. eftir næsta skammti frá rn. eða ríkisstj. eða hvaðan það nú kemur, til þess að afgreiða hann sem snurðulausast á tilskildum tíma fyrir næstu áramót. Vel má vera, að talið sé, að bætt hafi verið úr þessum vankönturn með aðhaldi og eftirliti hagsýslustjóra, og vissulega skal ég ekki vanmeta það, að embættismanni er fengin aðstaða til þess að sinna einum þeim þætti, sem fjvn. mun ætlað að rækja, þ. e. a. s. að veita aðhald í rekstri og stuðla að aukinni hagkvæmni í starfsemi ríkisins. En þá er líka nauðsynlegt í fyrsta lagi, að sá embættismaður hafi tök á að beita sér í starfinu. Annaðhvort er að veita fullkomna aðstöðu til þess og gera síðan kröfur í samræmi við það eða bera þetta ekki við. Í öðru lagi er nauðsynlegt, að fjvn. og Alþ. sé fullkomlega kunnugt um niðurstöður Hagsýslustofnunarinnar og um till. hennar varðandi einstaka liði fjárl. Um fyrra atriðið er það að segja, að ég er ekki fullkomlega viss um, að starfsaðstaða hagsýslustjóra sé fullnægjandi. Fjárl. spanna æði víða yfir og ég tel, að þessa aðstöðu þurfi líklega að bæta. Er ég ekki þó talsmaður aukinna rekstrarútgjalda eða kannske er það einmitt þess vegna.

Svo hefur tekizt til, að sá, sem tók við starfinu í upphafi, var rétt að komast inn í það, þegar harm yfirgaf embættið og tók við öðru. Þetta ræður sjálfsagt einhverju um árangurinn af þessu starfi, síðan það var stofnað og er ekkert við því að segja eða gera og sá, sem við starfinu tók og byrja verður líka á byrjuninni, er áreiðanlega engu síður til starfsins hæfur og jafnvel líst mér, að hann geti orðið fullt eins harðhnjóskulegur við þá embættismenn, sem langgrónastir, fastheldnastir og heimarikastir eru og hafa vanizt því, að vera meira og minna lausir við allt aðhald, en þeir munu áreiðanlega sumir hverjir sízt sækjast eftir því, að nýtilkomnum hagsýslustjóra takist að skera niður þann rekstrarkostnað, sem þeir hafa hlaðið í kringum sig á löngum starfsferli.

Varðandi annað atriðið, það, að till. Hagsýslustofnunarinnar séu lagðar fyrir fjvn., ef einhverjar eru fram yfir það, sem kann að vera fólgið í þeim tölum, sem í fjárlagafrv. birtast, er það að segja, að um engar slíkar hefur fjvn. fengið að vita. Og þykist ég þó hafa hugmynd um, að þar hafi verið um að ræða till. jafnvel, sem nema tugum og þó jafnvel fremur hundruðum millj. kr. En ég ítreka það, að ég tel, að Hagsýslustofnunin gegni alls ekki hlutverki sínu og starf hennar missi að verulegu leyti marks og starfsemi hennar komi ekki að þeim notum, sem

til verður að ætlast, ef athafnir þessarar stofnunar og till. eru ekki lagðar fyrir fjvn. a. m. k. Það verður að vera ljóst, hvaða ákvarðanir um rekstur og rekstrarkostnað einstakra stofnana eru teknar samkv. till. Hagsýslustofnunarinnar og hverjar kunna að verða gerðar gegn vilja hennar. Til þess að Hagsýslustofnunin verði ekki einungis handhægt skálkaskjól þeirrar ríkisstj. og þess fjmrh., sem við völd er hverju sinni, þarf fjvn. öll og Alþ. að vita, hverjar eru till. stofnunarinnar við samningu fjárl. og það verður að liggja fyrir, að hve miklu leyti þær hafa verið teknar til greina. Þær breytingar, sem gerðar hafa verið á uppsetningu fjárlagafrv. í þá átt, að samfelldari og skýrari mynd fáist af ríkisrekstrinum, ættu að vera til þess fallnar að auðvelda fjvn. störfin, ef fyrir hendi væru einhverjar forsendur fyrir því, að n. og síðar Alþ. gæti á raunhæfan hátt og raunverulega notað þessar upplýsingar til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir af eigin rammleik. Nauðsynlegustu forsendur fyrir því eru sjaldnast fyrir hendi, og þar gengur að segja má eitt yfir alla, stjórnarsinna sem stjórnarandstæðinga.

Það væri hægt að nefna ýmis dæmi um það, hvernig hlutverk fjvn. er í verulegum mæli það að handlanga fjárlagafrv. frá viðkomandi rn. til 2. og 3. umr. hér í þessum sal, og er einskis spurð, þegar ákvarðanirnar eru raunverulega teknar. Ég skal rekja hérna lítillega eitt þeirra.

Starfsemi bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefur um langt skeið verið í algerlega ófullnægjandi húsnæði og þá ekki síst lögregluliðið í Hafnarfirði. Lengi hefur því blasað við, að ráðstafanir til úrbóta væru óhjákvæmilegar. Hér er ekki um að ræða tímabundna starfsemi, heldur varanlega og vaxandi með örri fólksfjölgun í umdæminu. Hvert mannsbarn hefur því sjálfsagt búizt við því, að ætlunin væri að leysa þetta mál með byggingu eigin húsnæðis ríkisins, ekki síst þegar haft er í huga, að ríkisvaldið lét sig ekki muna um að kaupa 4½ millj. kr. íbúðarhús handa sýslumanninum, svo sem frægt varð á sínum tíma.

Með tilliti til hlutverks fjvn. og þess starfs, sem henni er ætlað að vinna, mætti ætla, að þar hefði verið rætt um það, hvort hagkvæmara væri fyrir ríkið að leigja um næstu framtíð húsnæði fyrir þessa starfsemi eða sjá um, að hún yrði áfram sem hingað til í eigin húsnæði, sem ríkið sjálft yrði þá að byggja eða kaupa. En þrátt fyrir allar endurbætur á formi fjárl., sem m. a. eru gerðar til þess, eins og segir í aths. með fjárlagafrv., að auka upplýsingaflæði innan ríkisrekstrarins og gera það virkara, eru starfshættirnir þeir og upplýsingaflæðið ekki örara en svo, að slíkt mál kemur ekki til kasta n. fyrr en aðrir hafa tekið endanlega ákvörðun með undirskrifuðum leigusamningi við einstakling, sem byggir stórhýsi, sem bæjarfógetaembættið fyllir að verulegu leyti. Ef sérstaklega er spurt, hvað felist í fjárhæðum, sem standa með stöfunum 13304050 í fjárlagafrv., kemur í ljós, að háar tölur á þessum liðum stafa af þessari ákvörðun, sem með leigusamningnum var tekin. Og ef enginn spyr, mun fjvn. og alþm. vera ætlað að vita fyrst um ákvörðunina, þegar flutningur embættisins verður auglýstur í dagblöðum eftir áramótin. Svona hljóðlega geta vel smurðar vélar gengið. Um það hefur aldrei verið spurt og verður ekki spurt úr þessu, hvort hv. alþm., sem enn þá er þó ætlað að afgreiða fjárl., kynnu að hafa þá skoðun, að heppilegri fjárhagsráðstöfun væri að verja fé til að tryggja, að embættið gæti verið í eigin húsnæði hér eftir sem hingað til, og þeir kynnu jafnvel að ætla, að ríkisvaldið hefði aðstöðu til lánsfjáröflunar í því skyni til jafns við einstakling, sem tekur að sér að hýsa embættið og leigja því 600 fermetra gólfflöt fyrir líklega 100 kr. fermetrann á mánuði eða 60 þús. kr. mánaðarleigu.

Annað dæmi mætti nefna um það, hverjir ákveða fjárveitingarnar. Aðilar komu til fjvn. til að sækja um styrk til starfsemi sinnar. Jafnhliða þeirri starfsemi leigja þeir viðamiklu ríkisembætti húsnæði. Það kom til tals, að byggingarkostnaður hefði orðið æði mikill og sérstaklega tilnefndu þeir, að innréttingakostnaður vegna ríkisembættisins hefði orðið mikill og sögðu: „Það var heimtað, að allt væri innréttað með harðviði, ekki að tala um annað.“ Hver heimtaði það? Naumast Hagsýslustofnunin. E. t. v. viðkomandi rn. A. m. k. var það ekki fjvn. eða Alþ. En nú og næstu árin standa þeir aðilar frammi fyrir húsnæðiskostnaði embættisins, sem markast af þessari kröfu sem gerðum hlut og án þess að hafa nokkru sinni haft aðstöðu til að leggja annað til málanna en veita formlegt samþykki fyrir árlegum fjárveitingum til þess að borga brúsann. Ef til þess er ætlazt, að fjvn. og Alþ. veiti aðhald og gæti hófs í rekstrarútgjöldum, verður að koma til þeirra kasta, áður en aðrir aðilar hafa slegið útgjöldunum föstum, ekki aðeins fyrir eitt ár, heldur um árabil. Varðandi hina nýju uppsetningu fjárlaga vil ég aðeins taka það fram, að ég tel, að í ýmsum tilvikum veiti hún betri sundurliðun á rekstri ríkisins. T. d. eru, svo ég haldi mig við það dæmi, sem ég var að rekja, hin ýmsu bæjarfógeta- og sýslumannsembætti skráð hvert fyrir sig. Á hinn bóginn er sundurliðunin nú knappari annars staðar, og má þar benda á starfsemi jarðhitadeildar, sem nú er svo til algjörlega felld inn í rekstur Orkustofnunar. Fjárfestingarútgjöldum, sem eru á 20. gr. fjárlaga, er nú deilt niður á hlutaðeigandi stofnanir og koma þar fram sem gjaldfærður stofnkostnaður. Þetta gefur betri mynd af rekstri hinna einstöku stofnana, hins vegar gefur slík uppsetning ekki jafngóða heildarmynd af fjárfestingu allra stofnananna og að því leyti sé ég eftir 20. gr., en úr þessu mætti að sjálfsögðu bæta með því að birta slíkan lista í sérstöku yfirliti til glöggvunar. Það er þó höfuðatriði í mínum augum, að endurbætur á uppsetningu fjárlaga og almennt aukin sundurliðun og skýrari heildarmynd tryggir ekki eitt sér, að það sé Alþ., sem í raun og veru taki ákvarðanirnar. Eftir sem áður er næsta bágborin aðstaða þm., fjvn.-manna sem annarra, til þess að vega og meta kröfur og þarfir einstakra stofnana, einstaklinga og samtaka, og taka síðan sjálfir ákvarðanirnar. Á því hefur engin breyting orðið. Hin nýja uppsetning fjárlaga breytir þar engu um, ef ekkert annað kemur til.

Herra forseti. Þær efnahagsaðgerðir, sem ríkisstj.-flokkarnir hafa nú gripið til, annars vegar þær álögur á almenning, sem felast í ráðstöfunum þeim, sem fylgdu fjárlagafrv., og síðan stórfelld gengislækkun, marka það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir. Þetta frv. er fyrsta fjárlagafrv. eftir alþingiskosningar og ber þess greinilega merki, eins og ég hef áður sagt. Allar þessar ráðstafanir tryggja það að sjálfsögðu rækilega, að endar nást saman á fjárlögunum. Allt er hins vegar í óvissu um, hver bót framleiðsluatvinnuvegunum verður að þeim, vegna þess að þær valda nýju steypiflóði verðhækkana í þjóðfélaginu. Það hefur komið fram, að hagur útgerðarinnar eigi fyrst og fremst að felast í kjaraskerðingu hjá sjómönnum, og hv. 10. landsk. þm., form. Landssambands ísl. útvegsmanna, hefur lýst því yfir, að vegna efnahagsráðstafananna sé grundvöllur hlutaskiptanna brostinn, þ. e. a. s., kjarasamningar verða að breytast, sjómönnum í óhag. Flestum útgerðarmönnum munu þó ljós þau sannindi, að þeir geta ekki byggt rekstrargrundvöll útgerðarinnar á kjaraskerðingu sjómanna. Kjaraskerðing sjómanna á yfirstandandi ári er þegar orðin svo alvarleg, að á hana er ekki bætandi, og sízt mun það bæta hag útgerðarinnar, að svo verði gert. Það mun vera algengara en margur hyggur, að sjómenn hafi, það sem af er árinu, sem nú er að ljúka, ekki gert öllu meira en að vinna fyrir sköttunum, sem á þá voru lagðir í vor. Sjómenn munu því almennt ekki eiga þess nokkurn kost að fá útsvör sín, sem álögð eru á þessu ári, dregin frá skattskyldum tekjum við álagningu á næsta ári, ef Alþ. gerir ekki sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja þeim, sem fyrir svo verulegri tekjulækkun hafa orðið, þann rétt, þrátt fyrir ákvæði núgildandi laga um, að útsvör skuli hafa verið að fullu greidd fyrir áramót til þess að þau megi koma til frádráttar. Það eitt mun út af fyrir sig valda sjómönnum stórkostlegu fjárhagstjóni, ofan á allt annað. Ég tel óhjákvæmilegt, að Alþ. geri einhverjar þær ráðstafanir, sem komið gætu til móts við sjómenn í þessu sérstaka vandamáli, t. d. að þeir, sem hafa orðið fyrir 20 eða 25% tekjurýrnun eða meira, fái ekki stórum hærri skatta á næsta ári vegna þess eins, að þeim hafi ekki tekizt að greiða skatta að fullu nú fyrir áramót. Þegar þessar aðstæður sjómanna eru hafðar í huga, er fráleitara en nokkru sinni fyrr að halda því fram, að það séu hagsmunir útgerðarinnar, að launakjör sjómanna séu skert. Blómlegan hag útgerðar er ekki hægt að byggja á lágu kaupi sjómanna. Útgerðin þarf þvert á móti að búa við rekstrargrundvöll, sem gerir henni fært að borga sjómönnum svo rífleg laun, að sjómennska verði eftirsótt starf. Það er t. d. þeim ljóst, sem til þess þekkja, að á næstu vertíð fari bátaflotinn líklega að stunda veiðar með línu meira en verið hefur, vegna þess hversu horfir með sölu skreiðar. Ein ástæðan til þess, að treglega hefur gengið að koma bátum á línuveiðar er sú, að þær veiðar hafa ekki gefið sjómönnum nægan hlut. Er líklegt að úr þessu verði bætt með skerðingu á kjörum sjómanna? Ég held ekki. Og ég er þeirrar skoðunar, að kjaraskerðing þeirra, sem framleiðslustörfin vinna, sé ekki lausn á neinu vandamáli þjóðarinnar. Ef hæstv. ríkisstj. er hins vegar þeirrar skoðunar, eins og ráðstafanir hennar sýna, þá er það aðeins vottur þess, að á undanförnum árum hefur hún ýmsu gleymt, en ekkert lært. Sú ákvörðun ríkisstj. að afnema úr lögum vísitölubætur á laun, um leið og nýju verðhækkunarflóði er steypt yfir launafólk, staðfestir, að sú sé einmitt raunin. Hæstv. ríkisstj. hefur ýmsu gleymt, en ekkert lært, m. a. ekki það, að það er einber óskhyggja, að ríkisstj., jafnvel þótt hún styðjist við meirihlutavald á Alþ., takist að knýja fram afnám grundvallarréttinda, sem verkalýðshreyfingin er einhuga um að verja. Kjaraskerðing hjá launafólki er ekki lausn á neinu vandamáli þjóðarinnar. En meðan hæstv. ríkisstj. slær skjaldborg um þær grundvallarmeinsemdir, sem felast í algjöru stjórnleysi í fjárfestingar-, innflutnings- og verzlunarmálum, afmáir hún ekki afleiðingarnar, sem birtast í óviðráðanlegri verðbólguþróun, sem kallar á sífellt ný neyðarúrræði, gengislækkanir og skattahækkanir, sem magna enn vandann.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Enda þótt vissulega væri ástæða til að ræða hér nokkuð almennt um fjármálastefnu hæstv. ríkisstj. og það fjárlagafrv. almennt, sem er sýnishorn þeirrar stefnu, þá hef ég nú ekki hugsað mér að gera það. Það hefur einnig þegar verið gert allrækilega af þeim fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna í fjvn., sem hér hafa talað í dag. Auk þess, þá er það nú svo, að fyrir okkur þm., sem ekki höfum átt sæti í fjvn., er það óvenjulega örðugt að gera sér grein fyrir þessu fjárlagafrv., þar sem það kemur nú, tæplega hálfkarað til 2. umr. á Alþ. Til þess, að svo er, liggja að vísu orsakir, sem öllum eru kunnar, þ. e. a. s. að endurskoða þurfti fjárlagafrv. vegna þeirrar röskunar, sem varð í sambandi við gengisfellinguna, en þó verð ég að lýsa yfir furðu minni á því, að frv. skuli tekið til 2. umr., þegar endurskoðun þess er ekki lengra á veg komið heldur en raun ber vitni. Það var vissulega mikið vafamál, hvort rétt var og raunar forsvaranlegt gagnvart Alþ. að kasta fjárlagafrv. þannig fram fyrir þingið, hálfköruðu, eins og ég segi, og svo stórlega götóttu eins og raun ber vitni. Ég tel, að undir þeim kringumstæðum, sem nú voru fyrir hendi, þar sem endursemja þurfti í raun inni fjárlagafrv., hafi vissulega verið eðlilegra að bíða ögn eftir því, að þeirri endurskoðun væri lokið. En þetta er nú gerður hlutur og tjáir ekki öllu frekar um að tala, og skal ég því ekki hafa fleiri orð um það.

Hv. 6. landsk. þm., sem talaði hér síðdegis í dag, gerði m. a. að umræðuefni, hvernig íslenzkir námsmenn, og þá sérstaklega þeir íslenzkir námsmenn, sem eru við nám erlendis, verða heiftarlega fyrir barðinu á gengisfellingunni og hversu lítil úrbót þeim er ætluð samkv. till. meiri hl. fjvn. Gengisfellingin, sem framkvæmd var í nóvembermánuði, kemur vissulega illa við marga, það er enginn efi á því, en þó mun hún snerta fáa hópa í þessu þjóðfélagi eins illa og íslenzka námsmenn, sem hafa lagt alla sína fjármuni, og gjarna fjármuni sinna vandamanna,

í það að afla sér þekkingar erlendis, nota til þess allt sitt aflafé og allt það fé, í mörgum tilfellum, sem vandamenn þeirra geta aflað. Stuðningur ríkisvaldsins við þessa menn, þennan hóp myndarlegra ungra manna, sem eru að sækja þekkingu, nauðsynlega þjóðfélaginu, til annarra landa, hann hefur á liðnum tímum verið allt of lítill og óeðlilega lítill, en ég vil segja, að nú eftir gengisfellinguna er smánarlega illa að þeim búið af hálfu hins opinbera. Hv. form. fjvn. sagði í ræðu sinni hér í dag, að meiri hl. n. leggi til, að námsstyrkir og námslán hækki sem gengislækkuninni nemur. Ég hygg, að hann hafi orðað þetta á þá leið, sem ég greindi nú. Þetta er vægast sagt mjög ónákvæmt orðalag og verður auðveldlega misskilið. Það mun liggja að baki þessum orðum, að meiri hl. fjvn. ætlast til, að námsmenn fái þau auknu útgjöld, sem leiðir af gengisfellingunni, bætt, að því er varðar þann hluta námskostnaðar, sem hið opinbera hefur staðið straum af. Mér sýnist nú í fljótu bragði, að það hangi nú ekki einu sinni í því samkv. till. meiri hl., að þessi hluti námskostnaðar sé að fullu bættur, en þó svo væri, verða námsmenn vitanlega fyrir gífurlega miklum skakkaföllum af gengisfellingunni, þar sem hluti hins opinbera í námskostnaði er sannanlega ekki meiri heldur en þriðjungur námskostnaðar að meðaltali. Og það er aðeins þessi þriðji hluti, sá hluti, sem tekur til hins opinbera stuðnings, sem ætlað er að bæta mönnum upp með hækkuðu framlagi á fjárlögum, og þó varla það. Þá er þess að gæta, að þessi stuðningur ríkisvaldsins er að mestu leyti fólginn í lánum, sem menn verða að endurgreiða, og verður að sjálfsögðu að taka tillit til þess, að menn hleypa sér í stórum meiri skuldir eftir en áður, vegna þessara aðgerða, og þeim er það að mjög litlu leyti upp bætt, þó að þeir fái þarna lítils háttar meiri lán frá hinu opinbera.

Minni hl. fjvn. flytur á þskj. 125 till. um nokkra hækkun á þessum lið umfram það, sem meiri hl. leggur til, eða um 7,5 millj. kr. Þetta tel ég að vísu of lítið, þessa hækkun, mikils til of lítla, en þó væri vissulega veruleg bót að henni fyrir námsmenn, en það væri líka algert lágmark að mínum dómi, að Alþ. samþykkti þá hækkun.

Ég verð að segja, að það eru óneitanlega kaldar kveðjur, sem ríkisstj. sendir þeim ísl. námsmönnum erlendis, sem nú verða að taka á sig, að því er mér virðist, 18—20 millj. kr. aukin útgjöld. Það eru heldur kaldar kveðjur, ef hún ætlar ekki að gera annað og meira til þess að bæta þeim þetta upp en að sletta í þá 3—4 millj. af þessari upphæð. Ég verða að átelja þetta mjög harðlega og lýsa því yfir, að ég tel þetta algerlega óforsvaranleg vinnubrögð. Ég óttast það, að slík meðferð í sambandi við ísl. námsmenn hljóti að hafa mjög óheppileg þjóðfélagsleg áhrif fyrir utan þau margvíslegu áföll og skakkaföll, sem ungir efnismenn verða fyrir, ef þeir standa nú frammi fyrir því, sem allar líkur eru til um ýmsa þeirra, að þeir verði hreinlega að hætta námi. Ég vil skora á hæstv. ríkisstj. og þá alveg sérstaklega á hæstv. fjmrh., sem hér er staddur á þingfundi, að endurskoða þetta mál. Hér er ekki um stórkostlegt fjárhagsatriði að ræða fyrir ríkissjóð, hér er aðallega um að ræða aukið lánsfé. Það hefur verið í því formi og er í sjálfu sér ekki mikið við því að segja, þegar lán eru veitt með mjög hagstæðum kjörum, en þetta er stórkostlegt atriði fyrir þá einstaklinga, sem þarna eiga hlut að máli, og það er mjög mikið atriði fyrir þjóðarheildina, að efnilegir námsmenn þurfi ekki að hætta námi eða verða fyrir verulegum truflunum í námi, sakir fjárskorts.

Ég mun nú snúa mér að þeim brtt. við fjárlagafrv., sem ég flyt á þskj. 127 ásamt hv. 6. þm. Reykv. Þessar brtt. eru fjórar og þær snerta eingöngu mennta- og menningarmál. Ég vil fyrst lýsa því yfir, að ég hafði vissulega tilhneigingu til þess að flytja miklu fleiri brtt. við marga þá liði fjárlaga, sem veita fé til menningarmála og vísindamála, því að það er nú svo, eins og löngum raunar áður, að þar virðist helzt vera um einhverja sparnaðarviðleitni að ræða, og þá mundi ég segja, að í ýmsum tilfellum væri það þá þar, sem einna sízt skyldi. En ég hef nú látið við það sitja, og við flm. þessara till. hér, að flytja 4 brtt. einvörðungu. Það er þá í fyrsta lagi nokkur hækkun á framlagi til Landsbókasafns til bókakaupa og bókbands. Það verður að segja þá sögu eins og hún er, að þetta helzta þjóðbókasafn okkar hefur mjög lengi og raunar lengst af staðið svo að segja í svelti, að því er varðar fjárveitingar til bókakaupa, fjárveitingar til eðlilegrar aukningar og endurnýjunar safnsins. Safnið hefur að vísu vaxið töluvert, einkum vegna þess, að það fær ókeypis l. samkv. nokkur eintök af öllum íslenzkum bókum, sem út eru gefnar, og jafnframt hefur það alltaf öðru hvoru og raunar flest árin fengið ýmsar bókagjafir frá öðrum löndum og fengið einnig töluvert af bókum í bókaskiptum fyrir þær íslenzkar bækur, sem útgefendur hafa látið því í té, og þannig getað haft skipti við erlenda aðila. Og löngum var það í raun inni svo, að þetta voru einu möguleikar Landsbókasafnsins til þess að efla bókakost sinn. Árum, ef ekki áratugum saman, voru þeir fjármunir, sem varið var til bókakaupa og bókbands, svo naumt skammtaðir, að þeir dugðu sum árin ekki nema fyrir bókbandinu og jafnvel einstaka ár tæplega það. Það skal viðurkennt, að lítils háttar hefur verið úr þessu bætt núna allra síðustu árin, þannig að framlagið til Landsbókasafns til bókakaupa og bókbands dugar nú eitthvað meira en til þess að binda bækurnar inn, það er hægt að kaupa eitthvert lítilræði, en hér er þó enn allt of og algerlega óeðlilega smátt skammtað. Í sambandi við þennan lið flytjum við till. um það, að í stað 1.3 millj. verði liðurinn hækkaður í 3 millj. kr., og mætti það raunar ekki öllu minna vera.

2. brtt. okkar er í sambandi við Listasafn ríkisins, þ. e. a. s. í sambandi við byggingarsjóð Listasafnsins. Það er gamall draumur þeirra, sem áhuga hafa á listum, og raunar vil ég segja þjóðarinnar allrar, að hér rísi upp myndarlegt listasafn, sem geti hýst svo og svo mikið af þeim listaverkum, sem þjóðin hefur eignazt og kemur til með að eignast á komandi árum.

Það hefur lengi verið veitt nokkurt fjármagn til kaupa á listaverkum, að vísu lítið lengst af og raunar alltaf, en þó hefur tekizt að kaupa fyrir þá fjármuni töluvert mikið af listaverkum frá ýmsum tímum og frá flestum listamönnum okkar, sem hafa getið sér nokkurt teljandi orð, og Listasafnið á nú þegar allstórt safn listaverka. Það hefur orðið að búa við erfiða aðstöðu, að því er húsnæði snertir. Það er í leiguhúsnæði, eins og kunnugt er, í Þjóðminjasafni, og þar er ekki hægt að sýna nema örlítið brot af þeim listaverkum, sem Listasafnið hefur þegar eignazt, og nánast engin tök á því, eða a. m. k. mjög erfitt um vik að hafa þar að staðaldri sérsýningar, eins og eðlilegt væri, að listasafn hefði, a. m. k. öðru hvoru. Fyrir einum 15 árum viðurkenndi Alþingi nauðsyn þess, að byggt skyldi yfir Listasafnið, viðurkenndi það með því að stofna byggingarsjóð Listasafns ríkisins með fjárframlagi, sem ég hygg, að þá hafi numið 300 þús. kr., og 300 þús. kr. voru síðan veittar til þessa byggingarsjóðs í nokkur ár, og síðan á einhverju tímabili. Þegar ríkisstj. vildi fara að bæta hag þessa byggingarsjóðs, mun þessi upphæð hafa verið hækkuð upp í 400 þús. kr. á ári og við það hefur setið síðan. Ég er ekki viss um, hvort ég man það rétt, að það séu 15 eða 16 ár síðan þessi byggingarsjóður var stofnaður. Ég hygg, að í honum séu núna svo sem kannske 5 eða á 6. millj. kr., en ég efast stórlega um, að hann sé öllu betur undir það búinn að sinna hlutverki sínu í dag, þó að hann eigi eins og 5—6 milljónir kr., en hann var fyrir svona 12—13 árum, eftir að þriggja ára fjárframlag var þar komið, eins og 900 þús. kr. Til þess að sýna lit á því a. m. k., að Alþingi skilji nauðsyn þess, að byggt verði yfir listaverk þjóðarinnar, leyfum við okkur að gera þá brtt. við þennan lið, að í staðinn fyrir 400 þús. kr. til byggingarsjóðs Listasafns komi 5 millj.

3. brtt. okkar er við liðinn listamannalaun. Ég skal nú ekki að þessu sinni fara um það mál ýkja mörgum orðum. Ég hef gert það alloft, og raunar flest þau ár, sem ég hef setið hér á þingi, og reynt, eftir minni getu, að færa rök að því, að Alþingi beri að styrkja listamenn bæði myndarlegar heldur en það hefur gert, og þó sérstaklega á þann veg, að það komi að betri notum — komi bæði listamönnunum sjálfum og þjóðfélaginu að betri og meiri notum en þær fjárveitingar hafa oft og tíðum komið, sem hafa þó verið veittar og jafnan af mjög skornum skammti.

Á síðasta Alþingi voru loksins sett l. um úthlutun listamannalauna, en slík úthlutun hafði þá farið fram árum saman, án þess að þar um gilti nein löggjöf. Ég gerði í fyrra ýmsar aths. við þessa löggjöf og tel hana engan veginn fullnægjandi, en lít þó svo á, að svo framarlega sem heildarupphæðin til listamanna yrði hækkuð allverulega, mætti að sinni una við þessa löggjöf, og þá væri hún e. t. v. betri heldur en ekki neitt. Aðalatriðið er að sjálfsögðu, að um sé að ræða það stóra heildarupphæð, að hún komi að einhverju verulegu gagni. Ég get ekki látið hjá líða að minnast á eitt atriði, sem fram kom í grg. hæstv. ríkisstj. fyrir frv. um listamannalaun í fyrra og ég hygg, að einnig hafi komið fram í ræðu hæstv. menntmrh. fyrir því frv. Þar var að því vikið, að ætlunin væri, auk hinna almennu listamannalauna, sem þá voru mjög lítið hækkuð, stóðu hér um bil í stað, væri ætlun ríkisstj. að verða við þeim óskum og kröfum, sem fram höfðu komið um að veita fljótlega nokkurt fé til svo nefndra starfsstyrkja listamönnum til handa. En á það hafði verið bent af ýmsum, að æskilegt væri, að nokkurt fjármagn yrði veitt til slíkra starfsstyrkja, sem úthlutað væri ekki ósvipað og á sér stað um styrki úr vísindasjóði. Slíkt fjármagn ætti að geta komið að verulegum notum. Þá er við það átt, að listamenn, sem þegar hafa sýnt getu sína, eða a. m. k. sýnt, að þeir eru listamannsefni, fái tækifæri til þess að vinna tiltekinn tíma, 2—3 ár, skyldi maður segja, að ákveðnum verkefnum og styrkir til þeirra miðist við það, að þeir geti skilað tilteknum verkefnum á tilteknum tíma.

Ég kannast ekki við það, að þetta fyrirheit, sem ég vil kalla svo, í grg. frv. um listamannalaun og í ræðu hæstv. menntmrh., hafi verið efnt eða nokkrir tilburðir séu uppi enn sem komið er af hálfu hæstv. ríkisstj. að verða við þessu. Við flm. teljum m. a. með tilliti til þessa, að eðlilegt væri, að Alþ. hækkaði nú allmyndarlega þessa upphæð til listamanna, og að hluti af þeirri hækkun gæti þá farið til þeirra starfsstyrkja, sem hæstv. núv. ríkisstj. er í rauninni búin að gefa fyrirheit um, en ekki hefur enn komið annað heldur en fyrirheitið. Við leggjum til, að upphæðin verði nokkurn veginn tvöfölduð eða í staðinn fyrir 4 millj. 80 þús. kr. komi 8 millj. kr.

Þá erum við með till. um einn nýjan lið. Það er til listkynningar um landið samkv. ákvörðun menntamálaráðs, 1 millj. kr. Um þetta tel ég ekki þörf á að fara ýkja mörgum orðum. Það hefur verið allmjög um það rætt hér á Alþ., hversu miklir erfiðleikar eru víða í fámenninu, að því er varðar að halda uppi góðri og fjölþættri menningarstarfsemi. Það hefur verið rætt um þau félagsheimili, sem komið hefur verið upp víðs vegar um land fyrir ærið fé, og þau megi vissulega nota miklu betur í því skyni, sem í rauninni var tilgangurinn, til menningarauka. En það verði þó naumast gert nema með skipulegu átaki, þar sem hið opinbera kæmi að verulegu leyti til móts við áhugamenn heima í héruðum. Það hefur fyrir nokkrum árum verið gerð tilraun til þess að flytja góða list um landið. Það var gert að frumkvæði menntamálaráðs og ríkisútvarpsins fyrir fáeinum árum. Og mér er kunnugt um það, að þessi tilraun tókst að mörgu leyti mjög vel. Það var verulegur áhugi víða í héruðum fyrir þessu framtaki og það var ekki svo ýkja mikill kostnaður, sem þessari starfsemi var samfara. Ég tel, að með 1 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði væri hægt að hefjast allmyndarlega handa um slíka starfsemi sem þessa. Og ég tel, að þar gæti verið um að ræða tvenns konar starfsemi, annars vegar, að sá aðili, þ. e. menntamálaráð, sem við bendum á í þessu sambandi, sá aðili, sem hefði með þessi mál að gera af hálfu hins opinbera, beitti sér

sjálfur fyrir ferðalögum góðra listamanna um ákveðna landshluta til skiptis, en jafnframt og ekki síður væri hann til taks og menn vissu af því heima í héruðum, að þarna væri um að ræða aðila, sem hefði það verkefni að styrkja þessa starfsemi og hann væri til taks, ef áhugamenn heima í héruðunum vildu leggja eitthvað töluvert á sig til þess að koma upp menningarlegri starfsemi, til þess að fá heimsókn góðra listamanna, til þess að fá sinfóníuhljómsveit, til þess að fá gott leikrit sýnt og þar fram eftir götunum, — þá væri til aðili, sem vildi styrkja þetta og gæti gert það að einhverju marki. Hér er ekki farið fram á mikið, en við teljum, að tiltölulega lítil upphæð eins og 1 millj. kr. gæti gert þarna mjög verulegt gagn, a. m. k. sem byrjunarframlag af hálfu hins opinbera til þessarar starfsemi, sem svo mikil þörf er á.

Loks erum við hér með litla till. um hækkun á lið, sem heitir „til vísinda- og fræðimanna." Hér er bæði um að ræða ýmsa alþýðlega fræðimenn sem hafa stundað sín fræði margir hverjir um langan aldur og ýmsir með góðum og mjög virðingarverðum árangri, en hér er jafnframt um að ræða ýmsa af okkar ágætu náttúrufræðingum, sem leggja oft töluvert í kostnað á sumrin við að ferðast um landið til þess að sinna ýmsum rannsóknum, sem eru e. t. v. í mörgum tilfellum utan við þeirra beina starfssvið, þ. e. áhugastarf oft og tíðum og hefur í mörgum tilfellum gefið mjög góða raun. Það er æskilegt að geta styrkt þessa menn, að geta greitt einhvern verulegan hluta af ferðakostnaði þeirra, þó að ekki væri nú annað, og það hefur verið reynt að verða að einhverju leyti við því af þeirri litlu upphæð, sem menntamálaráð hefur haft til ráðstöfunar til styrktar vísinda- og fræðimönnum. En sú upphæð, 380 þús. kr., hrekkur vitanlega skammt, þegar um allmarga og hæfa menn er að ræða, sem sækja um þennan styrk. Við leggjum til, að þessi upphæð hækki í 1 millj.

Það eru eins og ég sagði áðan vissulega mörg fleiri atriði á sviði mennta og vísinda, sem þyrfti að styrkja og efla miklu meira en gert er, en það eru nú ekki fluttar um það till. hér á þessu þskj. að þessu sinni, og í rauninni verð ég að ljúka þessum orðum með því, að ég tel, að hér sé ákaflega vægilega í sakir farið og ekki farið fram á mikið. Hér er aðeins um að ræða 11—12 millj. kr. til ýmissa mjög nauðsynlegra stofnana og fyrirtækja, sem margar hverjar standa undir ekki óverulegum hluta af okkar menningarmálum, og það gæti vissulega orðið þjóðmenningu okkar að töluverðu liði og þessi aðstoð komið að miklu meiri notum heldur en mörg sú fjárveitingin, sem Alþingi veitir fé til alveg umyrða- og eftirtölulaust.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 129 brtt. ásamt hv. 2. landsk. þm. Till. fjallar um það, að fjárframlög ríkisins til borgarsjúkrahúss Reykjavíkur verði aukin um 10 millj. Í fjárlagafrv., eins og það var lagt fyrir í upphafi, var gert ráð fyrir 10 millj. kr. fjárveitingu í þessu skyni, en sú fjárveiting hefur nú verið hækkuð í meðförum fjvn. og með till. meiri hl. hennar upp í 18 millj.. en við leggjum sem sé til, að upphæðin verði ákveðin 28 millj. Hér er þó engan veginn um að ræða eina af þeim till., sem stundum eru kallaðar yfirboðstill., heldur fjallar þessi till. aðeins um fjárframlög, sem ríkissjóður er skuldbundinn til að inna af höndum. Ríkissjóður á lögum samkv. að greiða helming af kostnaði við borgarsjúkrahúsið, en því miður hefur orðið mikill misbrestur á því, að ríkissjóður hafi staðið við þá skyldu sína. Það hafa safnazt upp mjög miklar skuldir sum árin og það hefur átt ríkan þátt í því, að byggingarsaga þessa húss hefur orðið svo fjarskalega raunaleg. Það hefur sem kunnugt er verið í byggingu nú um nærri 20 ára skeið og það fjárhagstjón, sem hefur hlotizt af slíkri ráðsmennsku, er að sjálfsögðu mjög mikið. Í árslok 1966 var svo ástatt um samskipti ríkissjóðs og borgarsjúkrahússins, að ríkissjóður skuldaði 63 millj. kr. Í þetta var höggvið nokkuð mikið með lántöku, sem nam um 40 millj. kr., og ríkissjóður hefur tekið að sér að greiða það lán. Eftir eru engu að síður af þessari skuld rúmar 20 millj. kr. Á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, sem verið er að fjalla um um þessar mundir, er gert ráð fyrir, að lagðar verði til borgarsjúkrahússins 45 millj. kr. á næsta ári. Ríkissjóður ætti að leggja fram helming þeirrar upphæðar eða 22½ millj. Það er hærri upphæð heldur en sú upphæð, sem meiri hl. fjvn. gerir till. um. Þess er vænzt, að þessi upphæð fyrir næsta ár, 45 millj., verði lokagreiðsla í þessum áfanga byggingarframkvæmdanna og sé litið svo á, eru þær greiðslur, sem ríkissjóður verður að inna þarna af hendi, annars vegar þessar 22½ millj. og hins vegar skuldin upp á rúmar 20 millj., þannig að í rauninni hefði átt að flytja hér till. um, að þetta framlag yrði yfir 40 millj. Þess vegna er þessi till. okkar tveggja Reykjavíkurþm. engan veginn neitt yfirboð, eins og ég sagði áðan. Hún er í rauninni undir því, sem ætti að vera skylda okkar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja meira um þetta mál. Það ætti að skýra sig sjálft eftir þau orð, sem ég hef sagt hér. Hins vegar langaði mig, fyrst ég er kominn hér upp í ræðustól, að víkja að öðru máli, sem tengt er fjárl., enda þótt ég hafi ekki flutt neina till. um það enn sem komið er. Fyrir nokkrum dögum spurði ég hæstv. menntmrh. að því, hverjar framkvæmdir hefðu orðið á ákvörðun Alþingis eða þál. Alþingis frá 1957 um sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns og byggingu nýs bókasafnshúss í því sambandi. Hæstv. ráðh. skýrði frá því, að framkvæmdir hefðu engar orðið, og hann bar því við m. a., að ekki hefði verið veitt neitt fé á fjárl. í þessu skyni. Þetta er röksemd, sem óhjákvæmilegt er að taka alvarlega. Ef ekki er veitt neitt fé til slíkra framkvæmda, er ekki hægt að ætlast til þess, að sá ráðh. sem á að fjalla um þetta mál, geti gert nokkuð, sem heitið getur. Því hefði ég haft býsna mikinn áhuga á því að ræða þetta mál sérstaklega nú við hæstv. menntmrh., en hann er því miður ekki staddur hér, þó að vel færi á því, að ráðh. fylgdust með þeim takmarkaða tillöguflutningi, sem þm. eru með við fjárlög, svo að þeir gætu rætt við okkur um vandamál hver á sínu

sviði. En það, sem mig hefði langað til að spyrja hæstv. menntmrh. um og sem hæstv. fjmrh. mun eflaust geta aðstoðað mig við að fjalla um, er þetta: Ef fjárlög verða enn einu sinni afgreidd án þess að nokkur upphæð sé þar ætluð til sameiningar safnanna, er það þá frambærileg röksemd áfram fyrir hæstv. ráðh., að hann geti ekkert gert vegna þess að fjárveitingu skorti? Mér er spurn: Er yfirleitt hægt að koma inn í fjárlög nokkurri umtalsverðri upphæð nema hæstv. ríkisstj. hafi forystu um það? Eru ekki vinnubrögðin hér á Alþ. orðin slík, að ef þm. flytur brtt., er það talið sjálfsagt að fella hana með flokksfyrirmælum, jafnvel þótt sakir kunni að standa svo, að meiri hl. sé á þingi fyrir efni till. Mér finnst, að við séum þarna í dálitlum vanda staddir, vegna þess að ég þykist vita það, að m. a. hæstv. fjmrh. viðurkenni, að hér sé um stórfellt nauðsynjamál að ræða.

Mér þykir raunar rétt að segja nokkur frekari orð um þetta mál í tilefni af ræðu, sem hæstv. menntmrh. flutti hér um daginn, vegna þess að ég vildi leiðrétta nokkrar missagnir, sem þar komu fram, fyrir þeim hv. þm., sem kunna að hafa hlustað á þá ræðu og e. t. v. tekið mark á staðhæfingum, sem ekki standast. Sumar staðhæfingar hæstv. ráðh. hafa raunar verið leiðréttar nú þegar í bréfi, sem hv. alþm. hefur borizt frá Finnboga Guðmundssyni landsbókaverði og þarf ég ekki að ítreka þær röksemdir, sem þar voru fluttar á mjög eftirminnilegan hátt. Hins vegar sagði hæstv. ráðh. í svari sínu sem eina röksemd fyrir því, að ekki hefði verið hægt að aðhafast neitt, að sótt hefði verið um lóð undir safnahús fyrir 10 árum, en ekkert svar væri komið enn. Þessi frásögn hæstv. ráðh. er ekki öldungis rétt.

Svo sem kunnugt er, hefur allstórt svæði í nágrenni háskólans verið tekið frá sem eins konar athafnasvæði háskólans. Það hefur ævinlega verið um það talað, að nýtt bókasafnshús risi á þessu svæði, og mér er fullkunnugt um það, að það er ekki nokkur andstaða gegn því, að húsið rísi á þessum stað, heldur fullur skilningur. Ástæðan til þess, að ekki hefur verið hægt að velja húsinu endanlegan stað, þótt vitað sé, að það verði á þessu svæði, er sú, að til þess að hægt sé að ákveða, hvar húsið skuli rísa, þarf að liggja fyrir vitneskja um það, hvað húsið verði stórt, þ. á m. hvað það verði hátt, því að staðarvalið fer eftir þeim ákvörðunum. Hér er því aðeins um að ræða tvær hliðar á sama málinu. Þetta tvennt er tengt saman og það er ekki í samræmi við staðreyndir að reyna að réttlæta athafnaleysi á þessu sviði með því að lóð hafi ekki fengizt.

Raunar urðu mér það talsverð vonbrigði, að hæstv. ráðh. reyndi í síðara svari sínu að láta líta svo út, sem vandi safnanna væri ekki eins mikill og margir vildu vera láta. Hann talaði mikið um gagnsemi ýmissa fyrirkomulagsatriða á söfnunum sjálfum. M. a. minntist hann á, að stálskápar hefðu verið teknir í notkun í þjóðskjalasafninu og með þeim afleiðingum, að rúmið nýttist miklum mun betur en í hinum gömlu hillum. Tók hæstv. ráðh. svo mikið upp í sig, að hann sagði, að notkun slíkra stálskápa jafngilti því, að sjálft húsið væri stækkað til mikilla muna. En þessar bjartsýnu lýsingar hæstv. ráðh. eru ekki í samræmi við staðreyndir. Áður en stálskápar þessir voru teknir í notkun, hafði húsnæði þjóðskjalasafnsins raunar verið minnkað. Ein geymslan hafði verið tekin af því undir viðgerðarstofu, sem er að sjálfsögðu hin þarflegasta framkvæmd og raunar lífsnauðsynleg, bæði fyrir þjóðskjalasafnið og landsbókasafnið. En það var þessi minnkun á geymslurými þjóðskjalasafnsins, sem var unnin upp með því að setja upp stálskápa á tvær neðstu hæðirnar. Stálskáparnir hafa aðeins tryggt þjóðskjalasafninu óbreytt geymslurými, en öldungis enga stækkun. Óvíst er, hvort unnt er að fjölga stálskápunum nokkuð sem heitir frá því, sem nú er, því að vafasamt er talið, að burðarþol gólfanna á efri hæðum safnsins þoli þá þyngdaraukningu, sem skáparnir valda. Á það ber einnig að líta, að geymslurými skápanna nýtist bezt, þegar um geymslu skjala af sömu stærð er að ræða. Hins vegar verður munurinn á geymslurými þeirra og bókahillum, sem verið hafa í safninu frá upphafi, miklu minni, þegar um misstórar bækur og skjalaböggla er að ræða. Lýsingar hæstv. ráðh. á stálskápum þessum sem einhverju töfrabragði eru því miður ekki í samræmi við veruleikann.

Fyrst ég er tekinn að minnast á þjóðskjalasafnið, er ekki úr vegi að ræða lítillega um aðstöðu þess almennt, því að um það hefur minna verið rætt og ritað opinberlega en um vanda landsbókasafns og háskólabókasafns.

Samkv. reglugerð um Þjóðskjalasafn Íslands frá 3. nóv. 1915 eru taldir upp 20 embættahópar eða embætti, sem eiga að skila skjölum sínum til Þjóðskjalasafns Íslands, eftir að þau eru orðin 20 ára og eldri. Skjalaflokkum safnsins má skipta í tvo aðalflokka. Annars vegar eru þau söfn, sem kalla má lokuð. Það eru skjalasöfn embætta, sem nú eru ekki til lengur, svo sem Alþingis hins forna, stiftamtmanns, landfógeta, rentukammers o. s. frv. Hins vegar eru hin opnu söfn eða söfn stofnana og embætta, sem enn eru við lýði, svo sem Alþingis, biskups og Hæstaréttar að ógleymdum kirkjubókunum, sem draga til sín ættfræðinga eins og segull stál. Það vantar mikið á, að þjóðskjalasafnið hafi fengið í hendur öll þau skjöl, sem þar ættu að vera geymd, ef farið hefði verið eftir fyrirmælum reglugerðarinnar frá 1915. Til þess liggja ýmsar ástæður. Eftir lát dr. Jóns Þorkelssonar hefur ekki verið gerð gangskör að því að innheimta skjalasöfnin frá hinum ýmsu embættum, sem reglugerðin mælir fyrir um, að skuli afhenda skjöl sín eftir hinn tilskilda tíma eða 20 ár. Þannig vantar til að mynda á þjóðskjalasafnið skjöl hins háa Alþingis frá því fyrir síðustu aldamót. Þrátt fyrir það, að ekki hefur verið innheimt svo sem skyldi síðan dr. Jón Forna leið, er geymslurými þjóðskjalasafnsins gersamlega þrotið. Ýmis embætti hafa sent því skjöl, þegar út af flóði í geymslunum hjá þeim. Og frá einstöku embættum eru komin skjöl á safnið, sem ekki hafa náð þeim aldri, sem tilskilinn er í reglugerð, og má þar tilnefna hinar merku heimildir um íslenzka siðgæðissögu 20. aldar, en það eru framtöl síðustu

ára, svo og skjöl einstakra ráðuneyta og endurskoðunar ríkisins.

Hin embættin eru þó miklu fleiri, sem liggja með skjöl fleiri áratuga. Þannig er málum háttað um meiri hl. sýsluembættanna. Sum hafa engu skilað eftir síðustu aldamót, en það eru að vísu mirmi sýslurnar. Þá eru enn stofnanir, sem engu hafa skilað. Má þar til nefna bankana og er ekki neitt smáræði, sem þeir hafa af skjölum í sínum fórum. Þess er skylt að geta, að Landsbankinn hefur sýnt skjalasafni sínu sérstaka og mjög lofsverða umhyggju, svo að af því mættu aðrar stofnanir og þjóðskjalasafnið sjálft margt læra. Um skjalasöfn hinna bankanna er minna sinnt. Þess má geta, að í Útvegsbankanum eru t. d. skjöl Íslandsbanka, sem ekki munu þykja ómerkar heimildir, þegar hafizt verður handa um ritun á sögu samtímans á n. k. ári, eins og hv. Alþingi hefur ákveðið. Þá má ekki undan fella að geta skólanna, sem eru ríkisstofnanir. Þjóðskjalasafnið hefur einungis skjöl frá einum skóla í fórum sínum, það er Lærði skólinn. Frá öðrum skólum hefur ekkert komið og er ekki annars að vænta en t. a. m. Háskóli Íslands gæti orðið nokkuð frekur á garða, þegar hann kæmi með sitt hafurtask. Sama sagan er varðandi sjúkrahús, sem ríkið rekur, og Tryggingastofnun ríkisins og ótal nefndir og ráð, sem ríkið hefur látið njóta sömu vaxtarskilyrða og gorkúlur hafa á haugi á góðu sumri. Það má enn nefna sendiráð og ræðismannsskrifstofur vítt um heim og stofnanir eins og ríkisútvarpið og þjóðleikhúsið. Þaðan er ekki komið eitt blað.

Ekki er vitað, að nokkur rannsókn hafi verið gerð á því, hve mikið húsrými vantar til að hýsa öll þau skjalasöfn, sem eiga heima í safninu samkv. reglugerð þess. Og fyrir utan skjalasafn hins opinbera eru mörg söfn, sem á sama hátt ættu að fara þangað. Má þar nefna ýmis mikilvæg atvinnufyrirtæki, svo sem frystihúsin, Samband ísl. samvinnufélaga, stjórnmálaflokkana o. s. frv. En til marks um ástandið hvað geymslurými snertir, skal ég geta þess, að þjóðskjalasafnið hefur nú geymslurými, sem nemur alls 2732 hillumetrum. Þeir menn, sem gerst þekkja ástandið, telja hins vegar, að ekki mundi veita af 15—25 þús. hillumetrum, sem sé allt að því tífalt meira geymslurými en nú er tiltækt, ef starfsskilyrðin ættu að vera til einhverrar frambúðar. Hér er því um algert neyðarástand að ræða og af því getur hlotizt mikið tjón. Mér er kunnugt um ýmis skjöl, sem ekki eru komin á safnið, en ættu að vera þar og eru nú að grotna niður í allsendis ófullnægjandi geymslum.

Hér hef ég minnzt á geymslurými þjóðskjalasafnsins og oft er fyrst og fremst rætt um landsbókasafn og háskólasafn á sömu forsendum, sem geymslustofnanir, m. a. þegar talað er um að hagnýta kjallara undir Norræna húsinu eða Háskólabíói undir bækur. En söfnin þurfa einnig að tryggja mönnum góð starfsskilyrði, en öllum ætti að vera kunnugt, hversu frámunalega léleg sú aðstaða er um þessar mundir.

Ég vek athygli á þessu vandamáli, enda þótt ég flytji að svo stöddu enga till. um það, vegna þess að ég geri mér vonir um, að ég þurfi ekki að flytja neina till. Hér er ekki um að ræða neitt flokksmál. Ég er ekki að vekja máls á þessu vegna þess að ég er hér fulltrúi Alþb. Ég er ekki að gagnrýna framtaksleysi á þeim forsendum, að ráðh. séu fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. Á þessu máli er skilningur í öllum flokkum og vafalaust því miður einnig skilningsleysi. En ég hef ástæðu til að ætla, að a. m. k. sumir ráðh. hljóti að gera sér ljóst, að nú má ekki draga framkvæmdir lengur. Enda þótt fyrsta fjárveiting væri ákveðin nú, mundi þess enn langt að bíða, að söfnin gætu flutt inn í ný og nútímaleg húsakynni. Ég vil aðeins, eins og ég hef áður sagt, minna hæstv. fjmrh. á þetta mál og vænti þess, að hann hugsi þannig um það, að við sjáum merki þess, þegar fjárlagafrv. kemur til 3. umr.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 129 og 131, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 6. þm. Reykv. Hann minntist á tvö atriði. Annars vegar framlag til sjúkrahúsa í Reykjavík og hins vegar byggingu safnahúss.

Varðandi framlag til sjúkrahúsa í Reykjavík vil ég ekki láta hjá líða að láta koma fram þá skoðun mína, að ríkið hafi ekkert varnefnt í þeim sökum. Það er rétt, að Reykjavíkurborg hefur lagt á sig mikið til þess að þoka borgarsjúkrahúsinu áleiðis og unnið fyrir miklar fjárhæðir á skömmum tíma. Það liggur hins vegar jafnljóst fyrir og er raunar viðurkennt, að fyrir því er engin skylda, að ríkissjóður greiði jafnóðum framlag sitt til þessa sjúkrahúss. En það getur undir engum kringumstæðum verið og er ekki hægt að viðurkenna það, að sveitarfélög geti eftir því, sem þeim hentar, framkvæmt og haft áhrif á fjárveitingar ríkissjóðs, þannig að ríkið hafi í rauninni ekki endanlegt úrskurðarvald um það sjálft, hvernig það hagar sínum fjárráðstöfunum á hverju ári. Hitt er annað mál, að ríkið hefur gert sér fulla grein fyrir vanda Reykvíkinga, og þar af leiðandi hefur ríkisstj. átt hlut að því að aðstoða þá við að leysa þann vanda, sem skapazt hefur við útvegun fjármagns til þessarar miklu framkvæmdar. Svo sem hv. þm. er kunnugt, er í sjúkrahúslögum ákveðið, að ríkinu sé skylt að greiða sinn hluta á vissu árabili. Það er að vísu nokkuð vandasamt að segja um það með borgarsjúkrahúsið í Reykjavík, hvernig á að telja það árabil. En ég mundi skv. mínum skilningi á því telja, að það ætti að miðast við það ár, sem framkvæmdir hófust aftur að ráði við þetta hús, og síðustu árin hefur aðalkostnaðurinn til fallið. Sú fjárveiting, sem lagt er til að taka upp nú í fjárlög, og sem er mjög veruleg hækkun frá því, sem var á s. l. ári, er í samræmi við samkomulag, sem gert hefur verið við borgarstjórn um greiðslur ríkissjóðs til sjúkrahússins, og teljum við, að sá vandi sé því að sinni leystur.

Varðandi seinna atriðið spurði hv. þm. að því, hvernig ætti að vinna að framgangi þessa máls, og ég tel mér skylt að svara því að mínu leyti, þar sem mjög hófsamlega og sanngjarnlega

var spurt, þó ég hins vegar sé þess ekki umkominn að ræða málið efnislega, vegna þess að það er fyrst og fremst hæstv. menntmrh., sem verður að taka ákvörðun um það, hvernig hann í einstökum atriðum vill að því vinna. Það atriði, að skortur fjárveitinga sé því til hindrunar, að hægt sé að ráðast í þessar framkvæmdir, er að vissu leyti rétt og hlýtur ætíð að vera svo, því eins og hv. þm. sagði: „Ef fé er ekki veitt, er ekki hægt að framkvæma.“ Hitt er annað mál, að ég efast um, að það hafi verið tekin formleg ákvörðun um það, hvernig heppilegast væri að vinna að þessu máli, og það þarf að vera ljóst með þetta hús sem önnur, hvaða hlutverki það á að gegna. Það hefur til skamms tíma ekki verið ákveðið mál, hvort sameina ætti þessi söfn, og það eru ýmis vandamál, sem virðast vera þar á ferðinni. En efnislega skal ég ekki ræða það nánar, það er, eins og ég segi, ekki mitt mál, en skal víkja mér að hinni hliðinni, hvernig eða hvort rétt væri að taka upp fjárveitingar í þessu sambandi. Ég efast ekkert um, að það sé rétt, sem hv. þm. segir, að það er mikill skilningur á þessu vandamáli hjá öllum. Hins vegar er erfitt að sinna mörgu því, sem menn hafa skilning á, að sé vandamál. Það er bæði í sjúkrahúsum og á mörgum öðrum sviðum, sem við vissulega stöndum andspænis miklum vandamálum, og sem stafar af því, að við erum lítið þjóðfélag og getum ekki allt gert. Nú að undanförnu hefur bygging handritahúss verið aðalverkefnið á sviði bókamála, ef svo má segja, og er nú verið að ljúka því verki, og ég tel víst, að á þessu sviði verði safnahúsið næsta viðfangsefnið. Með byggingar sem þessar hygg ég, að það sé nokkurn veginn föst venja, að viðkomandi ráðh., sem eiga að sjá um þessi mál, geri upp hug sinn um það, hvernig þeir vilji að þeim vinna og að hverju þeir vilja stefna í sambandi við slíkar byggingar, enda er erfitt fyrir aðra að gera það, og sjá um framkvæmdahliðina. En ég mundi segja, að það, sem gæti komið til álita í þessu efni, væri að taka upp einhverja fjárveitingu til undirbúnings þessu verki. Það þarf auðvitað að undirbúa teikningar og eitt og annað, og ef málið er komið á það stig, — sem ég vil ekki svara um, það er menntmrh. mál, — að það sé endanlega hægt að gera upp sinn hug um það, hvaða hlutverki þessi bygging nákvæmlega á að gegna, og í annan stað sé það talið svo brýnt, að það þurfi að hefjast sem skjótast handa um þetta, mundi ég telja, miðað við venjuleg vinnubrögð í þessum efnum, að réttast væri að taka þá upp einhverja byrjunarfjárveitingu, til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir því, hvað þetta fyrirtæki kostar, og á grundvelli þeirrar rannsóknar verði svo unnið að því að gera eitthvert plan um, á hve löngum tíma eigi að byggja húsið og hvernig eigi að afla fjár til þess.

Ég skal fúslega koma þessum hugleiðingum á framfæri við hæstv. menntmrh., þannig að málið verði athugað, hvort rétt sé að vinna að því á þennan hátt, en ég vil aðeins láta það koma fram hér, til þess að það valdi ekki misskilningi um það, að sérstaklega hafi verið gengið framhjá einhverjum ákveðnum hugðarefnum, að það var meginstefnan, þegar þetta fjárlagafrv. í haust var samið, vegna þeirra efnahagsörðugleika, sem við áttum við að stríða, að taka ekki upp fjárveitingar til neinna nýrra framkvæmda. Og það er meginlínan, sem er í frv., þó að fram kæmu óskir úr ýmsum áttum um fjárveitingar til ýmissa nauðsynjamála. Þetta er meginorsökin til þess, að frv. er byggt upp eins og það er og ekki gert þar upp á milli hinna einstöku viðfangsefna, sem bíða og eru áreiðanlega mjög brýn. En sem sagt, ég skal koma þessu á framfæri við hæstv. menntmrh., og í annan stað hygg ég, að ef ætti að vinna að málinu, væri eðlilegast að taka þá upp einhverja fjárveitingu til þess að undirbúa hana.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég vil, eins og raunar margur þm. hefur áður gert í þessum umr., láta í ljós nokkra óánægju mína með það, í hvert horf sækir um afgreiðslu fjárlaga. Það er sífellt að verða með þeim hætti, að þm. hafa minni og minni möguleika til þess að koma sjónarmiðum sínum og sinna héraða á framfæri í þinginu við afgreiðslu þeirra. Stöðugt stefnir meira í þá átt, að þegar fjárlögin sjálf eru lögð fyrir Alþingi, er það meira eins og að leggja þau undir stimpil, sem síðan er af ríkisstj. þrýst á, og þá er allt lögformlegt. Þessi þróun er ákaflega óæskileg. Það er rétt, að með því að hafa alla liði mjög sundurliðaða í fjárlögum, eins og t. d. var um eitt skeið, að fjárveitingar til hvers vegarspotta í landinu, hverrar brúar, var allt sundurliðað o. s. frv., þá var kannske í fullmörg horn að líta um það, hvað mönnum fannst hæfilega ákveðin upphæð í hvaðeina. En það má margt á milli vera til þess, sem nú er orðið, að ýmsir slíkir stórir liðir eru beinlínis teknir út úr fjárlagafrv. í sundurliðun, og til þess, að ekki sé sýnd sundurliðun á hlutum eins og stofnkostnaði skóla, hafnargerðum, sjóvarnargörðum o. s. frv., fyrr en við síðustu umræðu fjárlaganna, ef það verður þá gert. Með þeim hætti eiga þm. í rauninni lítils annars kost en að skoða þetta, skoða fjárlögin sem gerðan hlut, en geta fáum athugasemdum og hugleiðingum komið fram við þau. Engu að síður, þó að þessu sé svona varið, hef ég leyft mér að flytja á þskj. 129 nokkrar brtt. og vil ekki láta dragast úr hömlu að sýna þær hér við þessa 2. umræðu fjárlaganna, til þess að fjárveitingaryfirvöldin, fjvn. og viðkomandi rn. geti hugleitt það, hvort þær muni vera á nokkrum rökum reistar eða ekki, og því vil ég fara um þær fáeinum orðum.

Í fyrsta lagi hef ég lagt til, að til iðnskóla almennt verði veitt 2 millj. kr. hærri upphæð en fram kemur á þeim plöggum, sem fram hafa verið lögð, að til standi. Ég verð að játa, að ég hef ekki fengið sundurliðun á þessari upphæð, 5 millj. 338 þús. kr., en ég hygg þó, að inni í henni sé ekki framlag til iðnskólans í Vestmannaeyjum, en svo er málum þar háttað, að ríkið hefur ákveðið að festa kaup á húsnæði af Vestmannaeyjabæ. Iðnskólinn hefur starfað þar að undanförnu, og bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum tjáir mér það, að hann telji, að kaupin séu ráðin, en leitað hafi verið eftir því,

að fyrsta afborgun af verði hússins yrði greidd á þessu yfirstandandi ári, en til þess var engin fjárveiting, þrátt fyrir meðmæli iðnfræðsluráðs og annarra slíkra yfirvalda, í fjárlagafrv. þessa yfirstandandi árs. Nú hefur eftir því verið leitað, að ríkið greiddi þarna sinn hlut í umsömdum kaupum, en ég get ekki séð, að í þessu frv. sé gert ráð fyrir, að þetta verði framkvæmt enn á hinu næsta ári. Mér þætti vænt um, ef þetta væri minn misskilningur og mun ég þá að sjálfsögðu taka till. aftur, og mun raunar taka hana aftur hvort eð er til 3. umr., en vænti þess, að viðkomandi fjárveitingaryfirvöld yfirvegi þetta mál, hvort hér sé ekki um mistök að ræða, og hvort þau mistök beri þá ekki að leiðrétta.

Í öðru lagi hef ég flutt hér till. um svolitla hækkun á styrk til myndlistarskólans í Vestmannaeyjum. Sá skóli hefur getið sér hinn bezta orðstír á undanförnum árum. Hann hefur starfað af miklum þrótti og látið nemendur sína vinna nokkuð jöfnum höndum að málaralist, höggmyndagerð og ljósmyndagerð með nýstárlegum hætti, og má rekja til áhrifa skólans sýningu þá, sem hér vakti almenna athygli í höfuðborg landsins nú fyrir skömmu, og haldin var í nýjum húsakynnum menntaskólans. Sýningin bar nafnið „Kontrast“ og hlaut, held ég, að ég megi fullyrða, einróma lof allra þeirra, sem um hana skrifuðu í dagblöð, og þeir voru hreint ekki svo fáir. Ég vil einnig halda því fram, að þegar slíkur skóli skarar fram úr, nær upp almennum áhuga í tiltölulega litlum bæ, þar sem tómstundaiðja er fremur fábreytt, sé ekki nema eðlilegt og sanngjarnt, að ríkið taki eftir því og veiti aðstoð og uppörvun, jafnvel þó að ríkið sjái sér ekki fært á öllum tímum að hækka framlög til allra slíkra skóla í landinu.

Ég hef einnig flutt hér till. um það, að tekinn verði nýr liður inn í fjárlög, fjárveiting til orlofsheimilis BSRB, 600 þús. kr. Það hefur færzt í vöxt á undanförnum árum, að ýmiss konar félagasamtök hafi reynt að gera félögum sínum kleift að dvelja stund úr sumri utan skarkala borgarlífsins og þéttbýlissvæðanna, og er það í alla staði þjóðholl starfsemi og horfir til aukinnar menningar í landinu. Ríkið hefur af nokkurri framsýni og myndarskap stutt þessa viðleitni. T. d. mun ríkið hafa lagt ASÍ til land undir hina myndarlegu sumarbústaði, sem það hefur nú þegar reist í Ölfusinu, „Ölfusborgir,“ og til stuðnings við það fyrirtæki eru ætlaðar á fjárlögum núna 1.8 millj. kr. og er það lofsvert í alla staði. Ríkið hefur sömuleiðis lagt BSRB til land undir sumarbústaðahverfi, gaf því það á merku afmæli, sem bandalagið átti á s. l. vetri. Ég teldi ekki óeðlilegt, að einnig væri tekinn inn á fjárlög byggingarstyrkur fyrir slíka sumarbústaði. Þótt ég geti ekki fullyrt, að félagatalan í BSRB sé nákvæmlega þriðjungur af félagatölu ASÍ, mun það ekki láta alls fjarri, og þess vegna þykir mér ekki fráleitt að fara fram á það, að bandalaginu verði lagðar til 600 þús. kr., þ. e. a. s. þriðjungsupphæð á móts við ASÍ til orlofsheimila.

Þá hef ég gert eina litla till. um það, að byggingarstyrkur til barnaheimilis í Kumbaravogi, austan við Stokkseyri, verði hafður 100 þús. kr., en meiri hl. fjvn. hefur lagt til, að sá styrkur verði 50 þús. kr. Ég hygg, að 50 þús. kr. byggingarstyrkur væri óbreytt upphæð frá því, sem hann var s. l. ár, en þarfirnar eru miklar á fleiri byggingum þar, það er mér kunnugt um, og allir vita það, að verðlagið hefur þokazt í þá áttina, að þó styrkurinn yrði 100 þús. kr. í ár, efa ég, að hægt væri að koma meiru í verk þar en á s. l. ári. Barnaheimili þetta hefur hlotið almannalof, að því er ég bezt veit, og mér þykir eðlilegt að þoka þessum styrk, sem hér um ræðir, lítillega upp.

Þá hef ég gert till. um það, að framlag til sjómannaskólans í Vestmannaeyjum verði hækkað um 200 þús. kr., úr 400 þús. upp í 600 þús. Hér er á ferðinni í Alþ. frv. þess efnis, að ríkið taki að sér rekstur þessa skóla eins og sjómannaskólans í Reykjavík, en hann er núna rekinn að verulegu leyti á kostnað Vestmannaeyjabæjar með styrk frá ríkinu. Það er fram tekið í umr. hér og kemur enda fram á þskj., að talið er, að í fjárlagafrv. hafi verið umreiknaðir ýmsir kostnaðarliðir, bæði launaliðir, viðhaldskostnaður mannvirkja og rekstrarkostnaður eftir sérstökum reglum, en það er ekki gert ráð fyrir því, að styrkur ríkisins til reksturs þessa skóla í Vestmannaeyjum þokist til um eina krónu frá því, sem ákveðið var í frv., þegar það var lagt fram, enda þótt gengisfellingin hafi orðið síðan og allir þessir umreikningar, sem ég gat um, og raunar máske fleiri hafi átt sér stað. Ég tel því einsýnt, að þennan styrk beri að hækka, enda þótt enn kunni að dragast undan, að ríkið reki þennan skóla, eins og því auðvitað ber á sama hátt eins og sjómannaskólann í Reykjavík.

Að lokum hef ég gert eina till. um það, að bætt verið inn á heimildagr. heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta 15% af heildarsölu Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins í Vestmannaeyjum árin 1967—1976, að þeim árum báðum meðtöldum, renna til stofnkostnaðar Vatnsveitu Vestmannaeyja. Ég hef reyndar flutt ásamt hv. 4. þm. Sunnl. þáltill. svipaðs efnis. Hún er nú búin að liggja hér frammi í Alþ. á annan mánuð. Hún hefur að vísu sést hér tvívegis á dagskrá, en hún hefur ekki verið tekin fyrir til þessa. Hins vegar er hér um þess háttar mál að ræða, að ég held, að óhjákvæmilegt sé, að ríkið taki afstöðu til þess, hvern stuðning það vill veita Vestmanneyingum við þetta stóra fyrirtæki, sem hér um ræðir.

Þessi vatnsveita var fyrir gengisfellingu áætluð af Efnahagsstofnuninni upp á 103 millj. kr. Það lætur nærri, að það sé kostnaður, sem nemur um 20 þús. á hvert mannsbarn í Vestmannaeyjum, og það er kostnaðarsamara fyrirtæki af vatnsveitu að vera heldur en nokkur dæmi eru til um nokkurs staðar annars staðar á landinu, nema ef telja ætti, að Austur-Landeyingar hafa fengið álmu úr þessari vatnsveitu, þar sem hún liggur nálægt sveit þeirra, og komið rennandi vatni frá vatnsveitu þessari inn á alla bæi í sinni sveit, og mun það nema eitthvað álíka upphæð á hvern íbúa. Þess má geta, að svipaðar vatnsveituframkvæmdir fyrir höfuðborg landsins mundu nema líklega eitthvað um 1600 millj. kr., og þá ætla ég, að jafnvel höfuðborgarbúar fari að skilja, ef þeir hugleiða þá upphæð, að

hér er um að ræða stærri fjárhagslega skuldbindingu en hugsanlegt er, að eitt lítið byggðarlag geti borið, ef ekki verður komið til móts við það af ríkisins hálfu með einhverjum og öflugri hætti en gert hefur verið ráð fyrir í fjárl. til þessa. Þar er að vísu gert ráð fyrir því, að ríkið geti styrkt vatnsveitur, — ég man að vísu ekki alveg upphæðina, sem nú er gert ráð fyrir, að til þess arna megi renna, í fjárlagafrv. fyrir árið 1968, en hún mun vera 6 eða 7 eða máske 8 millj. og hreint ekki meira. En þetta eru þarfir fyrir allt landið, sem á að sinna með þessum hætti, svo augljóst er, að annað tveggja hlýtur að ske, að Vatnsveita Vestmannaeyja kemst ekki í gagnið á næstu árum eða ríkið kemur með sérstökum hætti til móts við þarfir Vestmanneyinga, og það ætla ég, að því væri mestur sómi að að gera með dálítið myndarlegum hætti.

Nú skil ég ofur vel, að það er nokkur vandi á höndum að snara út á fjárl. ýkjastórum upphæðum, sem yrðu þá að koma inn á gjaldabálk fjárl. Þess vegna tel ég eðlilegt, að viss hundraðshluti af heildarsölu áfengisverzlunarinnar í Vestmannaeyjum fengi að renna til þessara framkvæmda. Á s. l. ári, í marzmánuði, opnaði Áfengisverzlun ríkisins nýja útsölu í Vestmannaeyjum. Hún mun ekki hafa verið talin með sérstaklega í þeim áætlunum, sem gerðar voru við fjárlagaundirbúning fyrir árið 1967. Ég hygg þess vegna með mikilli sölu þeirrar verzlunar, að það ætti ekki að skerða fjárlagatekjur þær, sem ríkissjóði voru ætlaðar af áfengisverzlun ríkisins, þótt till. sú, sem hér er gerð, yrði framkvæmd. Og hvað nemur hún þá miklu fé? Um það er auðvitað ekki hægt að segja með neinni vissu, því að mikið er í óvissu um það, hver umsetning þessarar verzlunar verður. Það mun þó ekki vera fjarri öllu lagi að láta sér detta það í hug, að sala verzlunarinnar geti numið fram undir 30 millj. kr. á ári. Það væru því 4½ millj., sem til vatnsveituframkvæmdanna gætu runnið eftir þessari leið, og á 10 árum mundi sú upphæð þá nema 45 millj. kr., en það er eftir hinni gömlu áætlun, sem gerð er á því gengi, sem hér gilti fyrir síðustu gengisbreytingu, svo sem rétt rösklega 40% af stofnkostnaði þessarar miklu veitu, auk þess sem ég teldi það einkar vel viðeigandi og reyndar fráleitt annað, þegar áfengisverzlunin er sett upp í vatnslausum bæ, að hún taki einhvern þátt í þeim kostnaði, sem til þarf, að í bænum geti einnig verið ferskt vatn.

Þessar till., sem ég hef hér gert, eru ekki fleiri en þessar. En auðvitað bíð ég eins og fleiri hv. alþm. eftir því að sjá, hvernig fjvn. kemur til með að leggja till. sínar fyrir Alþ. til 3. umr., og mun láta frekari tillögugerð um fjárl. bíða síðari tíma.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru tvö atriði, sem ég vildi minnast á í ræðu hv. 6. þm. Sunnl. Fyrra atriðið var það, að hann leggur til í einni till. sinni, að veittar verði 600 þús. kr. til orlofsheimilis Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Svo sem hann réttilega gat um, afhenti ríkisstj. á nýafstöðnu afmæli bandalagsins því land fyrir orlofsheimili, og það gefur raunar auga leið, að það er ekki hægt að gera mikið á því landi, nema einhver fjárráð séu til staðar. Það er ljóst og eðlilegt, og ég tel heldur ekkert óeðlilegt við það, að ríkið leggi eitthvert fé af mörkum til þess að greiða fyrir þessum framkvæmdum opinberra starfsmanna, eins og gert hefur verið við Alþýðusamband Íslands, því að það má segja, að í rauninni sé þá ríkinu vandameira við sína eigin starfsmenn. Ég vildi aðeins láta það koma hér fram út af þessari till., að þetta mál er í athugun, og mun verða gerð ákveðin till. um það fyrir 3. umr., þannig að ég teldi æskilegt, að hv. þm. vildi af þeirri ástæðu taka þessa till. sína aftur.

Þá var síðara málið, sem er að vísu alvarlegt mál. Það er um vatnsveitu í Vestmannaeyjum. Er mér leyfist kannske eins og hv. þm. að líta svolítið á till. hans gamansömum augum, enda fannst mér hann ekki geta stillt sig um það, því að hann er nú gamansamur maður, þó að alvarlega þenkjandi sé einnig í lok ræðu sinnar, að bregða nokkuð á glens yfir þessari till. Ég hef nefnilega aldrei séð nein rök fyrir till. önnur en þá hugsanlegast þau, að það vantaði vatn í Eyjum til að blanda í áfengið. Ég held, að það séu einu hugsanlegu rökin fyrir að flytja till., og eru þau rök þó raunar nokkuð langsótt. En sannast sagna er það rétt, að hér er um stórmál að ræða, sem auðvitað getur aldrei orðið leyst með þessum hætti, og það veit ég nú, að hv. þm. gerir sér fulla grein fyrir. Hann er það þingvanur maður, fyrrv. fjvn.-maður, að hann þekkir öll vinnubrögð í því sambandi, að það eru auðvitað engin haldbær rök fyrir því að fara þessa leið. Það minnir nú nánast á „hina leiðina“, til þess að leysa þennan vanda. Það er svo fjarstætt. En hitt er annað mál, að það er mikið vandamál með vatnsveituna í Eyjum, og eins og hv. þm. mun vafalaust kunnugt, var búið að vinna mikið í því máli og hafa farið fram rækilegar athuganir á því í Efnahagsstofnuninni í samráði við bæjaryfirvöld í Eyjum og það var gengið út frá ákveðinni aðstoð til Vestmanneyinga í sambandi við þetta mál eftir eðlilegri leið, þ. e. a. s. í sambandi við l. um aðstoð til vatnsveitna, sem er auðvitað hinn eðlilegi grundvöllur til þess að standa á í þessu sambandi. Það er svo annað mál, hvort mikil verðhækkun á þessari vatnsveitu gerir nauðsynlegt að endurskoða þær áætlanir, sem þá voru gerðar. Það tel ég vel geta komið til álita að gera, og það er auðvitað ljóst, að það verður einhvern veginn að stuðla að því, að Vestmanneyingar ráði við þetta mikla og erfiða vandamál. En ég tel, að það, sem eðlilegast væri að gera í því efni, væri, að bæjaryfirvöld Vestmannaeyja hefðu þá samband við viðkomandi rn. og Efnahagsstofnunina um það að athuga það mál niður í kjölinn, hvort ástæða er til þess að gera þar breytingar á, og þá kemur vitanlega til álita, hvort á að auka með einhverjum hætti aðstoðina við Vestmannaeyjar, og þá, mundi ég segja, eftir þeirri eðlilegu leið, sem l. um aðstoð til vatnsveitna gera ráð fyrir. Ég tel ekkert óeðlilegt að impra á málinu, en ég get ekki fallizt á, að það sé eðlileg leið, sem hv. þm. talar um, þó að hann að vísu lofi því, að Vestmanneyingar muni hamast við að drekka sem mest, til þess að þetta mundi ekki verða aukinn

baggi fyrir ríkið. Ég skal engum getum að því leiða, en það vill nú svo til a. m. k. að Vestmanneyingar drukku töluvert, áður en útsalan var sett á laggirnar, þannig að ekki eru það nú allt hreinar tekjur, sem frá henni koma.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er út af ræðu hæstv. fjmrh., sem hann flutti fyrir kvöldmat, sem ég þarf að segja nokkur orð og gera nokkrar aths. við það, sem fram kom í þeirri ræðu.

Í fyrsta lagi virtist hæstv. fjmrh. álíta það, að þegar við í minni hl. fjvn. ræddum um það, að ekki lægi fyrir tekjuáætlun eftir gengisbreytinguna, hefðum við í frammi aðdróttanir um það, að það væri verið að leyna okkur þessari áætlun, því að hún mundi liggja fyrir. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., að okkar ásakanir hafi verið af þeim toga spunnar, heldur er það okkar skoðun, og ég þarf ekki að skýra fyrir hæstv. ráðh., að það er afar erfitt að ræða um fjárl. og það við 2. umr. þeirra, sem hefur verið til þessa talin aðalumr., án þess að vita, hvað stjórnvöld ætlast fyrir um tekjur á fjárlagafrv. Það, sem við vorum að kvarta undan, voru þeir erfiðleikar, sem því voru samfara, að vita ekkert um þetta, þótt við hins vegar vissum, að það kostaði nokkra vinnu að vinna málið upp eftir gengisbreytinguna. En við viljum undirstrika það, að það er mjög erfitt að ræða um fjárl. við 2. umr. án þess að hafa tekjuáætlunina fyrir sér. Eins og fram kom í ræðu hv. 6. landsk. þm., Geirs Gunnarssonar, orkar það tvímælis, hvort hægt var að afgreiða fjárlög nú fyrir áramót einmitt vegna þess, hve gengisbreytingin var seint á ferðinni. Þó að ég sé fylgismaður þess, að það sé að jafnaði gert, verða forsendur fyrir því að vera til staðar. Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri grundvallarregla hæstv. ríkisstj. í sambandi við tekjur af gengisbreytingunni, að þær væru notaðar til þess að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar. Þetta var það atriði, sem ég lagði verulega áherzlu á í minni ræðu hér í dag og kemur fram í nál. okkar, að það verður að nota þær tekjur, sem verða af gengisbreytingunni til þess að draga úr skaðlegum áhrifum hennar eins og fært er. Hitt er annað mál, að þó að við höfum þessa skoðun og teljum þetta grundvallaratriði, þá lítum við ekki alls kostar sömu augum á það, ég og hæstv. ráðh., hvað væri nauðsynlegt að gera til þess að ná þessu marki. Ég vil t.d. taka það fram, að ég tel, að það skipti meginmáli, að Alþ. ráðstafi þeim tekjum, sem væntanlegar eru í ríkissjóð á næsta ári, að mestu leyti, en hæstv. ríkisstj. hafi það ekki í sínum höndum, eins og verið hefur um greiðsluafganga fyrri ára, sem hún hefur ráðstafað að mestu sjálf.

Ég tek undir það með hæstv. ráðh. eins og fram kom í ræðu minni hér í dag, að tollalækkanir hljóta að koma þar til og verulega til þess að draga úr þessum áhrifum. Hins vegar fannst mér það, sem hæstv. ráðh. sagði um tollana í sambandi við iðnaðinn, ekki eins jákvætt og ég hafði vonazt til. Hæstv. ráðh. taldi, að ef mjög væri gengið inn á það að láta iðnaðinn fá verndartolla, mundi það verða til þess að draga úr hagrænum áhrifum fyrir fólkið í landinu um lægra vöruverð. Nú er því hins vegar til að svara, að það, sem mestu máli skiptir þó fyrir fólkið, er að hafa næga atvinnu. Og það, sem hefur mest sorfið að hér á landi einmitt nú, er, hvað mörg iðnaðarfyrirtæki hafa ýmist hætt rekstri eða starfsemi þeirra dregizt verulega saman. Ég er því ekki í nokkrum vafa um það, að það er þjóðhagslega hagkvæmt að styðja iðnaðinn, og það er nauðsynlegt að nota gengisbreytinguna til þess að styðja iðnaðinn meira heldur en gert hefur verið nú síðustu árin.

Um tryggingarnar sagði hæstv. ráðh., að elli- og örorkulaun mundu verða hækkuð það mikið, að fullar bætur kæmu til þess fólks, sem þeirra launa njóta. Hins vegar sagði hæstv. ráðh. ekkert um fjölskyldubæturnar, hvernig á þeim yrði tekið í sambandi við tryggingarnar eða hversu mikið þær yrðu auknar. Það hefur verið mikið um það rætt hér í sambandi við aðgerðirnar í efnahagsmálum, að sú ráðstöfun að draga verulega úr niðurgreiðslum, mundi koma mjög hart við stærstu fjölskyldurnar. Sú leið, sem einna farsælust mun reynast til þess að draga úr þessum áhrifum, eru auknar fjölskyldubætur einmitt til þeirra fjölskyldna, þar sem börnin eru mörg. Ég vildi því undirstrika það og leggja á það mikla áherzlu, að þessi leið verði farin til þess að draga úr sárustu áhrifum gengisbreytingarinnar og þá ekki síður þeirrar breytingar, sem er samfara því að hætta niðurgreiðslunum í jafnstórum stíl eins og gert er með ákvörðun þessa fjárlagafrv.

Ég tel, að það sé í samræmi við þessa höfuðstefnu, að draga úr skaðlegum áhrifum gengisbreytingarinnar, að bæta fjárfestingarliðunum upp það tjón, sem fjárfestingin verður fyrir með minna notagildi þess fjár, er til framkvæmda á að verja, vegna gengisbreytingarinnar heldur en áður hefur verið. Og ekki sízt er það knýjandi nauðsyn, þegar það er haft í huga, að á yfirstandandi ári voru fjárveitingar lækkaðar um 10% frá því, sem Alþ. hafði ætlazt til, að yrði til fjárfestingarliðanna. Ég rakti það í dag í ræðu minni, hversu verkefnin væru brýn og nauðsyn á að halda framkvæmdamætti fjárfestingarfjárins ekki minni heldur en Alþ. gerði ráð fyrir, að hann yrði á yfirstandandi ári. Og mér finnst, að það sé í fullkomnu samræmi við þá meginreglu, sem var lýst hér í upphafi og hæstv. ráðh. lýsti sem reglu hæstv. ríkisstj. um áhrif af gengisbreytingunni. Enda hefur það komið fram og kom meira að segja fram í ræðu hæstv. ráðh. síðar, að verkefnum eins og skólum, höfnum og fleiru slíku — ég veit, að þar má bæta við raforkumálum — er ekki hægt að sinna að neinu marki með þeim fjárveitingum, sem fjárlagafrv. nú gerir ráð fyrir. Þess vegna tel ég, að það sé ekki brýn nauðsyn, heldur í fyllsta samræmi við yfirlýsta stefnu um áhrif gengisbreytingarinnar.

Hæstv. ráðh. vildi gera lítið úr því, sem ég upplýsti hér í sambandi við skólakostnaðarl. Í fyrsta lagi vil ég nú taka það fram, að l. kveða svo á, að gildistaka þeirra sé þá þegar, er þau voru samþ. og staðfest af forseta, en þau kæmu ekki að öllu leyti til framkvæmda fyrr en 1. sept. 1968. Ég held, að það muni verða talin óeðlileg lagaskýring og óeðlileg afgreiðsla, að láta gildis-

töku l. verða, þegar þau eru staðfest, en miða samt við, að þau taki ekki gildi fyrr en 1½ ári frá því, að þau voru staðfest. Ég þarf ekki að eyða orðum að því, að það var hugsun hv. þm., þegar l. voru afgreidd á s. l. vori, að þau tækju gildi fyrr, og það var þá gert ráð fyrir því, að þau tækju að einhverju leyti gildi 1. sept. 1967. Hins vegar töldu hv. alþm., að það væri ekki gerlegt að áætla, að það væri hægt að koma l. í fulla framkvæmd fyrr en 1. sept. 1968. Þess vegna var það ákvæði sett inn í l., en ekki að hugsunin væri, að þau byrjuðu þá að taka gildi eða koma til framkvæmda. Ég vil líka segja það, að það atriði, sem ég upplýsti hér í dag, að menntmrh. hefði lagt svo fyrir, að við ráðningu kennara á s. l. hausti yrði gengið út frá nýju löggjöfinni, þetta ákvæði og þessi fyrirskipun hæstv. menntmrh. gildir hér á landi nú. Ég er ekki kunnugur því, hvort fleiri kennarar hafa verið ráðnir, heldur en áður hefur verið. Hins vegar var ákvæði í l. um hlutfall fastra kennara í skólum, sem er mjög mikil breyting frá því, sem áður var. En ég er viss um og veit, að þetta hefur þó nokkurn kostnað í för með sér. Verði lögin ekki framkvæmd fyrr en 1. sept. 1968, eru það sveitarfélögin, sem ekki réðu neinu um þetta atriði, sem eru látin blæða. Einn höfuðkostur l. er sá, að ríkissjóður greiðir aukakennsluna jafnharðan og hún kemur til útborgunar, í staðinn fyrir, að eldri l. gerðu ráð fyrir, að hver greiðsla færi fram ári eftir, að hún er innt af höndum af hálfu sveitarfélagsins. Þetta er eitt af meginatriðum löggjafarinnar og þetta var það atriði, sem sveitarfélögin töldu sér mest í hag. En með þessari framkvæmd, eins og nú er orðin, þegar meiri kostnaður er við framkvæmd kennslunnar vegna l., en sveitarfélögin eiga að standa undir þessu að öllu leyti í heilt ár, þá er komið aftan að þeim, enda er mér kunnugt um það, að Samband ísl. sveitarfélaga vill ekki una þessari ráðstöfun. Og ég verð að segja það, að svo illa er ekki komið hag ríkissjóðs, að það breyti neinu í fjárl., sem verða á 7. milljarð, hvort ætlað er 15 eða 16 millj. meira eða minna til þessara mála. En það er gert ráð fyrir því, að það muni kosta ca. 15 millj. kr. að láta rekstrarkostnaðinn eða þann þátt l. koma til framkvæmda núna 1. janúar.

Það er ekki hægt að verja sig með því, að ekki sé búið að ganga frá reglugerðum, því að það er mál hv. menntmrn. að sjá um, að frá reglugerðum sé gengið, og ég minnti á það hér í dag, að það var sótt með mikilli hörku hér s. l. vor, að þessi löggjöf yrði samþ., þó að ýmsir sæju vandkvæði á því, og að það hafi ekki verið rétt vinnubrögð við svo stóra og umsvifamikla löggjöf, sem nær til allra heimila í landinu í raun og veru, að hespa hana af á fáum dögum, eins og gert var hér á s. l. vori. En fyrst afgreiðslan fór fram á hv. Alþ., er það jafnfráleitt að ætla að draga það í hálft annað ár að framkvæma löggjöfina, ekki síst þegar yfirmaður l., hæstv. menntmrh., hefur gefið skipun um, að hluti af l. skuli koma til framkvæmda, án fjárhagslegrar aðstoðar ríkissjóðs.

Hæstv. fjmrh. sagði, að engin breyting væri á fjárlagafrv. viðvíkjandi stofnkostnaði skóla, en því er til að svara, að a. m. k. á síðustu árum hefur verið á fjárlagafrv. nokkur fjárhæð til nýrra skóla umfram það, sem varið hefur verið samkv. l. til þeirra skóla, sem hafa verið í byggingu. Þessi fjárhæð hefur verið til ráðstöfunar hjá hv. fjvn. til nýrra skólabygginga og stundum hefur fjárhæðin hækkað nokkuð í meðferð n., en nú er engin fjárhæð til þessara framkvæmda og verður hún þó að koma til, ef einhverju á að vera hægt þar um að þoka. Ég drap á þetta hér í dag og minnti jafnframt á, hve mikið vandamál skólabyggingarnar í landinu eru, og ég hef oft gert það við fjárlagaumr. og mér hefur verið það fullkomlega ljóst, að það hefur þurft þar mikið fjármagn til að koma því í lag. Ég hef ekki deilt á það að þessum málum hafi ekki verið sinnt, þó að það hafi stundum verið takmarkað, en ég hef bent á vandann, og ég deili á það, að hv. menntmrh. skuli halda því fram hér á hv. Alþ., stundum æ ofan í æ, að það sé allt í lagi með þessa hluti og það geti öll börn notið kennslu, bæði í barna- og í skyldunámi vegna skólahúsnæðis. Þetta er það, sem er ádeiluvert, og það þýðir heldur ekki annað en gera sér fullkomlega grein fyrir því, að það verður að gera átak í skólamálunum, ef á að koma þessum málum í sæmilegt lag.

Hæstv. fjmrh. sagði í sambandi við hafnalögin, að það hefði verið felldur niður tekjustofn í sambandi við þá löggjöf og þess vegna væri ekki hægt að láta hana koma til framkvæmda eins og upphaflega var ætlazt til. Hafnalögin — sú löggjöf var framkvæmd fyrir kosningar og með miklum hraða og auðvitað hefði þetta ákvæði í frv. ekki verið látið niður falla nema af því að hv. stjórnarlið samþykkti það á Alþ. Lögin voru afgreidd eins og þau eru nú, og þá var það vitað, að það var búið að breyta þessu frá upphaflega frv. Hins vegar var gert ráð fyrir því, að l. yrðu framkvæmd, fyrst þau voru á annað borð samþ. Það segir því ekkert um það, að draga eigi framkvæmd l., þó að þessu hafi verið breytt hér á hv. Alþ., því var breytt við afgreiðslu meiri hl. þm. og sennilega með shlj. atkv.

Út af því, sem hæstv. ráðh. talaði um sparnað og átaldi mig fyrir þann kafla í ræðu minni, tal[illegible]i, að ég hefði verið orðljótur og fleira því [illegible] líkt, verð ég að taka það fram, að það er ekki min sök, þó að einhver ljót orð kunni að finnast í því, sem ég las upp úr því, sem aðrir hafa sagt eða skrifað. Og aðalsparnaðarkaflinn, sá, sem ég flutti hér í dag, var lestur upp úr nál. meiri hl. fjvn. 1960 og 1961. Ég hef yfirleitt ekki notað stór orð í sambandi við sparnaðarfyrirheit, og ég hef t. d. aldrei leyft mér að halda því fram, sem hæstv. fjmrh. gerði, þegar hann var hér í minum sporum í andstöðu við fyrrv. fjmrh., Eystein Jónsson, hv. 1. þm. Austf., og sagði, að það þyrfti ekki nema réttsýni og kjark til þess að koma sparnaði við í ríkisrekstrinum. Þetta hafa ekki verið mín orð, að það þyrfti ekki nema réttsýni og kjark til þess að koma sparnaði við í ríkisrekstrinum. Ég hef hins vegar leyft mér að minna á fyrirheit og upptalningu á sparnaðarloforðum og fyrirheitum hæstv. ráðh. og annarra stjórnarliða, sem ekki hafa verið framkvæmd. Hæstv. ráðh. sagði, að ég ætti að vera þessum málum það kunnugur, að ég ætti þess

vegna sem endurskoðandi ríkisreiknings og fjvn.-maður gert till. í sambandi við sparnað í ríkisrekstrinum. Ég vil taka það fram, að vegna þess að ég hef kynnzt þessum þáttum ríkiskerfisins er mér ljósara en ella, að það hefur sigið á ógæfuhliðina hjá ríkissjóði um sparnað, og farið hefur í vöxt það, *sem ég mundi kalla eyðslu og sérstaklega útþenslu í ríkiskerfinu einmitt á síðustu árum.* Fyrir því hef ég fengið staðfestingu við að kynnast þessum þáttum.

Hæstv. ráðh. sagði, að þessar sparnaðartillögur væru svo litlar, að það munaði ekkert um þær í ríkisrekstrinum, að það þýddi í raun og veru ekki að vera að hreyfa þeim. Það er nú svo, að hæstv. ráðh. var á annarri skoðun, þegar hann drap á fyrirheitin, sem ég minnti á hér í dag, og fyrirrennari hans í fjmrh.-embættinu hefur einnig gert það. Og ég tel mig fara rétt með, þegar ég segi, að í þeim fjárlagaræðum, sem hæstv. núv. fjmrh. hefur flutt, hefur hann alltaf vikið að sparnaðartill. En framkvæmdina vita hv. alþm. um. Mér finnst, að hæstv. ríkisstj. verði að gera sér grein fyrir því, að hún er ekki að koma í ráðherrastólana í dag. Þeir eru búnir sjálfstæðismenn að eiga fjmrh. í 8 ár. Það er þess vegna fullkomin ástæða til þess, að við í stjórnarandstöðunni spyrjum um árangurinn af fyrirheitunum, sem gefin voru í upphafi valdatímans. Það hef ég gert og farið að með þeim hætti, að ég hef lesið upp þeirra eigin fyrirheit, þeirra eigin upptalningu. Og ef hæstv. ráðh. telur, að það sé að nota stór orð, á ég ekki sök á því, eins og ég sagði áðan. Ég vil líka minna hæstv. ráðh. á það, að atriði eins og sendiráðin á Norðurlöndum eða skipulag um sendiherrana erlendis er mál, sem hæstv. ríkisstj. gæti verið búin að gera sér grein fyrir, ef hún hefði haft nokkurn áhuga á því. Hún er búin að skipa í þessi embætti, síðan hún settist á valdastóla, og hún hefði þess vegna getað vel komið við skipulagsbreytingum, ef áhugann hefði ekki vantað. Það voru ekki mínar till. eða okkar framsóknarmanna, sem voru í nál. meiri hl. fjvn. 1961. Það voru heldur ekki okkar orð, þegar hæstv. fyrrv. fjmrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, sagði hér á Alþ., að það væri vandalaust að hafa eitt sendiráð á Norðurlöndum, þegar hann var fjmrh., þannig að það eru til nógar tilvitnanir í þeirra eigin orð um þessa framkvæmd, en viljann hefur skort, þegar hefur verið hægt að koma því við. Ég vil líka minna á það, að það voru ekki við framsóknarmenn, sem héldum því fram, að það yrði sparnaður að því að fella niður skattanefndirnar og taka upp skattstofurnar. Við höfum aldrei haldið því fram, að það mundi verða sparnaður að því, heldur hinu gagnstæða. Hitt gat verið, að þessi skipulagsbreyting yrði til bóta í skattinum. En það var fjmrh. Sjálfstfl., sem hélt því fram, að þetta væri sparnaðaratriði. Það er ekki hægt að ásaka okkur framsóknarmenn fyrir það, þó að þetta hafi farið á annan veg. Ykkar var hugmyndin, ykkar hefur verið framkvæmdin og ykkar voru fyrirheitin um sparnaðinn. Málið er þess vegna eingöngu heimamál hæstv. ríkisstj. og við þá eða á því heimili er að sakast, en annars staðar ekki.

Það er líka löngu komið á dagskrá hjá hæstv. ríkisstj. að gera hagræðingu í sambandi við skólabyggingar, og hæstv. fjmrh. flutti þar mjög harða ádrepu í fjárlagaræðu sinni fyrir árið 1967. En við hvern er að sakast? Hæstv. menntmrh. er búinn að sitja í ráðherrastólnum í 11 ár og þeir sjálfstæðismenn í ráðherrastól fjmrh. í 8 ár. Ef átti að koma þessu í framkvæmd, var það þessara aðila að sjá um framkvæmdina, en ekki þeirra, sem í stjórnarandstöðu eru og fá ekki sín mál samþ. hér á Alþ., hversu góð, sem þau eru.

Nei, hæstv. ráðh. verður að gera sér grein fyrir því, að þetta eru þeirra mál. Þeir eru búnir að hafa nógan tíma til þess að koma þeim í framkvæmd og það eru þeir, sem eru búnir að ræða um ágæti þessara framkvæmda og gefa fyrirheit um þær.

Þá var hæstv. fjmrh. að tala um hagsýsluna, og árangurinn af henni. Það er nú eins með hagsýsluna. Hún er búin að vera til staðar í 8 ár. Hún var eitt af fyrstu fyrirheitum viðreisnarstjórnarinnar, að það kerfi yrði tekið upp í staðinn fyrir sparnaðarnefndirnar. Hagsýslan hefur haft nógan tíma til þess að koma sínum málum fyrir, og það er kannske í fyrsta sinn nú, sem við sjáum nokkurn árangur af hennar starfi í sambandi við undirbúning þessa fjárlagafrv., hvað gerð þess snertir.

Hv. fjmrh. hélt því fram, að það væri erfitt að koma sparnaði í framkvæmd og það hefði verið gert ýmislegt eins og það að draga úr veizlum og ferðalögum. Samt urðu veizlur ríkisstj. um 50% dýrari á árinu 1966 en árið áður. Ég efast því um, að það hafi nokkurn tíma verið stórstígari framkvæmdir í hækkun á þessum lið heldur en á árinu 1966. Eitt af því, sem ég nefndi hér í dag og hæstv. ráðh. taldi ekki ástæðu til, að væri hægt að draga úr eða hafa minni kostnað við fjárveitingu heldur en þar væri, var dómsmál og lögreglustjórn. Þessi útgjaldaliður hefur hækkað gífurlega síðan 1960, eftir fyrstu viðreisnarfjárlögin. Það má vel vera, að það sé lítt framkvæmanlegt að koma þar sparnaði við. En má ég minna hæstv. fjmrh. á það, að árið 1965 var kostnaður við bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði og sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu 3,7—3,8 millj. kr. En nú er gert ráð fyrir, að hann sé yfir 8 millj. — tveim árum seinna. Er þetta að draga úr kostnaði? Hefur hagsýslan dugað þarna vel? Hv. 6. landsk. þm., Geir Gunnarsson, benti á húsnæðið, sem væri tekið til þessa embættis. En það er fleira, sem hefur komið þarna til. En er hægt að réttlæta svona kostnað á sama tíma sem sagt er við almenning í landinu: Þið verðið að herða mittisólina, þið verðið að draga við ykkur. Það eru fleiri slík embætti, sem hefur verið allmikill vöxtur í á síðustu árum. Ég þekki embætti, þar sem fólksfjöldinn við embættið hefur vaxið um 200% á 5—6 árum. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi tæplega gert sér grein fyrir því, hvað margar harðviðarskrifstofurnar hafa verið innréttaðar hér í leiguhúsnæði á kostnað ríkisins. Það var drepið á það í dag á fundi fjvn., að hæðin sem ríkið tók á leigu hér í einu húsnæði, varð svo feikna dýr í innréttingu, því að það varð allt að vera harðviður, sagði leigusalinn. Þangað er

komið eitt af embættunum, sem fékk um 50% hækkun í fyrra á slíkum kostnaði, til þess að komast í harðviðarstofurnar. Hæstv. ráðh. verður að gera sér grein fyrir því, að það er hægt að segja hér á hv. Alþ.: „Það er ekki svo auðvelt að spara í ríkisrekstrinum“, og mér er það fullkomlega ljóst, að það er ekki svo auðvelt að spara stórar fjárhæðir nema með skipulagsbreytingu. Það hef ég áður sagt. En það er hægt að koma í veg fyrir svona óþarfa eyðslu eins og þarna og víðar hefur átt sér stað.

Hæstv. ráðh. sagði, að það mundi sýna sig, að árangur mundi verða af starfi núverandi hagsýslustjóra. Ég vildi vona, að rétt væri, og ég vil taka undir það, og það sem ég hef kynnzt þeim manni í starfi, spáir góðu, og hann hefur í samstarfi við okkur í fjvn., jafnt í stjórnarandstöðu sem stjórnarsinna, sýnt okkur mikla lipurð og veitt okkur allar þær upplýsingar, sem hann hefur getað í té látið og við höfum beðið um, og það hefur ekki verið nema ánægjulegt að vinna með honum, og ég vildi sem sagt vona, að hann gæti náð árangri í sínu starfi, enda er fullkomin þörf á því.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að það hefði verið mikil kokhreysti af mér að fara að tala um Skipaútgerð ríkisins. Ekki áttaði ég mig nú á því, hvers vegna ég þyrfti að biðja afsökunar í sambandi við það fyrirtæki. Ef það á að vera það, að það er framsóknarmaður forstjóri þar, vil ég nú minna hæstv. ráðh. á, að það, sem er verið að gera núna, eru till., sem forstjórinn er búinn að vera að klifa á í 8 ár. Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur leitt að því rök á fundum fjvn. í hvert sinn, sem hann hefur þar komið núna um langan tíma, að það væri ekki hægt að reka skipin, sem Ríkisskip væri með, og það yrði að smíða ný skip. En það var ekki hlustað á þetta, ekki fyrr en aukaforstjórarnir voru þangað komnir. Ég sé enga ástæðu til þess, að ég geti ekki talað um það mál með fullum rómi, enda geri ég það.

Þá sagði hæstv. ráðh., að mér hlyti að ganga annað en gott til að tala gegn betri vitund, þegar ég héldi því fram, að kostnaður eða fjárveitingar til embætta, sem veittar voru í fyrra, frá 30—50% hækkun, væru neitt óeðlilegar eða hefðu haft áhrif á hækkun fjárl. Þetta hefði stafað af óraunhæfum útgjöldum fyrri fjárl. Ég vil endurtaka það, sem ég hef sagt hér áður í umr. um fjárl. og í sambandi við þetta atriði, — ég sagði í fyrra og ég endurtek það,— að það er óframkvæmanlegt að sýna embættum og stofnunum slíka rausn eins og þá var gert, enda sýndi það sig, að það varð að hækka fjárl. um 1 milljarð. Þetta eru óraunhæfar áætlanir. Það má vel vera, að einhver embætti hafi orðið að fara eitthvað fram úr áætlun fjárl., en það mun sannast og hefur sannazt, að það er betra, að embætti og stofnun fari eitthvað fram úr fjárveitingum fjárl., heldur en hafa svo rúman fjárhag, að hún þurfi ekkert til ríkisstj. að leita um sínar fjárreiður. En þannig var að þessum embættum og stofnunum búið, að þær fengu að ráðska með þetta í raun og veru eftir vild. Það er mikill misskilningur að halda því fram og það er ekki rétt gagnvart þeim, sem staðið hafa að fyrri fjárlagaafgreiðslu og samið hafa fyrri fjárlög, að þetta hafi verið komið svo úr leið, enda mun það sýna sig, að þessi embætti munu reyna að sækja áfram á svipuðum grundvelli og þau gerðu, fyrst var svo mikið eftir þeim látið. Og ég er sannfærður um það, að ef hæstv. fjmrh. á eftir að sitja lengi í ráðherrastóli, mun hann gæta sín fyrir þessu atriði. En ástæðan til þess var m. a., að sumt af þessum embættum var að fara í harðviðarstofurnar, eins og ég gat um áðan. Og það er óframkvæmanlegt í normalári að veita stofnun eða embætti slíka hækkun, eins og þarna var gert, enda hefur það sýnt sig, hvaða áhrif það hafði á fjárlagaafgreiðsluna og hvaða siðferðileg áhrif það hefur í sambandi við fjárlagaafgreiðslu að halda svona á málum.

Hæstv. fjmrh. sagði, að till. okkar, sem ég gat um hér í dag um nefndarskipun til þess að athuga útþenslu ríkiskerfisins síðustu árin og gera till. út frá því, væri óþörf. Það væri óþarft að vera að gera till. um n. til þess að athuga þessi mál. Nú vil ég minna hæstv. fjmrh. á það, eins og kom fram í ræðu hans í dag, að hann lagði mikla áherzlu á það, að ekki hefði þýðingu að vera að gera óraunhæfar till. í sambandi við ríkisreksturinn. Það er alveg rétt. En til þess að forðast slíkt, er nauðsynlegt að kynna sér rekstur ríkisins og kynnast í samstarfi við hagsýslustjóra ýmsum atriðum, sem eru matsatriði í sambandi við undirbúning fjárl. Ég tek undir það, sem fram kom hjá hv. 6. landsk., Geir Gunnarssyni, að ýmis atriði munu hafa komið fram í sambandi við fjárlagaundirbúninginn á s. l. sumri, sem hagsýslustjóra sýndist, að mættu fara á annan veg heldur en varð. Tími sá, sem fjvn. hefur til að vinna að fjárlagafrv., gefur ekki nm. ástæðu til þess að kynna sér þessi mál, svo að neinu verulegu máli skipti. Og ég vil líka minna á það, sem ég gat um í dag og sem fram kom hér í ræðu hæstv. forsrh. fyrir nokkrum dögum, þegar rætt var um efnahagsaðgerðirnar, að rétt væri að gefa fulltrúum stéttarfélaganna kost á að kynna sér fjárlagagerðina, svo að þeir gætu frekar komið með till. um breytingar þar um. Ég vil líka minna á það, að þegar hæstv. fjmrh. hefur verið að láta athuga ýmsa þætti fjárlagakerfisins, eins og t. d. um verklegar framkvæmdir o. fl., hefur hann skipað n. til þess að athuga það mál til þess að kynna sér það betur. Þegar hann fór að gera athugun í sambandi við Skipaútgerð ríkisins og komst að þeirri niðurstöðu, að till. forstjórans um ný skip væru réttar, var líka skipuð n. Þannig hefur verið að þessum málum staðið, og fjöldi nefnda hefur verið skipaður til þess að athuga einstaka þætti ríkiskerfisins. Hins vegar hafa þær allar verið skipaðar af ríkisstj. og þeirra menn hafa fjallað þar um, en ekki stjórnarandstæðingar. Það er sá eini munur, sem mundi sennilega vera á þeirri n., sem við töluðum um og leggjum til, og því, sem hæstv. ráðh. framkvæmir. Nei, hér er ekki um neina óraunhæfa eða óeðlilega till. að ræða, heldur er hún komin til vegna þess, að það er staðreynd, að útþenslan í ríkiskerfinu hefur verið geysilega mikil. Það er fullkomlega rökrétt ályktun, að þar mætti ýmislegt fara betur, en til þess að gerðar verði till., sem ekki eru óraunhæfar, þarf að kynna sér málið til hlítar.

Hæstv. fjmrh. vék að því í lok ræðu sinnar, hver væri ástæðan fyrir útgjaldaaukningu fjárl. Venjulega væri það svo, að ríkið hefði verið á eftir, eins og hann orðaði það, að taka skatta af þegnum í landinu til þess að mæta þeim kostnaði, sem á væri kominn, en ekki á undan. Ég vil svara því til, sem ég hef áður sagt þar um, að höfuðatriðið og höfuðástæðan til þess er stjórnarstefnan sjálf. Það er sú verðbólgustefna, sem stjórnin hefur haldið uppi, m. a. með því, að hennar stefna hefur verið sú að innheimta í ríkiskassann alltaf meira fé heldur en hún reiknaði með, að hún þyrfti að greiða það út aftur. Það er þáttur í fjármálastefnu hæstv. ríkisstj. að hafa verulegan greiðsluafgang hjá ríkissjóði. Þetta er hægt að deila um, en þetta er stefnuatriði hæstv. ríkisstj., sem hefur leitt til þess, að hún hefur gengið lengra í skattheimtu, en eðlilegt hefur verið, skattheimtu, sem aftur hefur svo leitt af sér vöxt verðbólgu og dýrtíðar. Þess vegna hefur hæstv. ríkisstj. oft haft gífurlegan greiðsluafgang á þessum árum. Hæstv. fjmrh. sagði: Þessu hefur öllu verið skilað aftur. Ef eitthvað hefur verið umfram, hefur því verið skilað aftur í auknum niðurgreiðslum og slíkum ráðstöfunum. Þessu hefur verið skilað aftur, það er búið að eyða þessu, það er alveg rétt. En ég vil t. d. taka árið 1966. Þegar fjárlög voru afgreidd fyrir það ár, var farið víða til fanga. Þá var lagður á skattur eins og rafmagnsskattur. Þá var hækkaður benzínskattur vegna varasjóðsins af því að ríkið þurfti að innheimta hann til sín. Þá var hækkaður eignarskattur og lagður á launaskattur o. fl. o. fl. Þá var dregið úr niðurgreiðslum fram eftir því ári. En hvaða áhrif hafði þetta? Áhrifin urðu þau, að það varð svo vaxandi dýrtíð fram eftir árinu 1966, að ríkisstj. taldi sig knúða til þess að nota umframtekjurnar til þess að greiða niður verðlagið í landinu. Heldur hæstv. fjmrh., að þessi stefna, rafmagnsskatturinn og öll þessi skattheimta og að draga úr niðurgreiðslunum, sem orsakaði verðbólguna, heldur hæstv. fjmrh., að það hafi ekki haft áhrif á efnahagslífið í landinu? Jú, það hafði gífurleg áhrif, og það kom ekki að sömu notum fyrir efnahagskerfi landsmanna, þó að teknar væru upp niðurgreiðslur og fé þannig greitt aftur. Verðbólguáhrifin, sem skattheimtan hafði, réðu mestu um, hvernig þróun í efnahagsmálunum varð á árinu 1966.

Að lokum sagði hæstv. fjmrh., að illa hefði farið, ef allar till. okkar í stjórnarandstöðunni, sérstaklega okkar framsóknarmanna, hefðu nú verið samþ. á síðustu árum. Þá væri nú myndin af fjárl. ekki skemmtileg. Hvernig væri útlitið þá? sagði hæstv. fjmrh. Þetta er þriðja fjárlagafrv., sem þessi hæstv. fjmrh. leggur fyrir hér á hv. Alþingi. Við hin tvö höfum við flutt sína till. hvort árið. Það skeði nefnilega það leiðinlega óhapp, að hæstv. samgmrh. gleymdi samkomulagi, sem hann gerði við hv. Alþingi um afgreiðslu vegamála 1963 um, að aldrei skyldi vera minna á fjárlögum ríkisins til vegamála en 47 millj. kr. Við höfum, framsóknarmenn í stjórnarandstöðunni, gert tilraun til þess að bæta fyrir þetta leiðinlega óhapp. Þetta eru einu till., sem við höfum flutt við fjárlagaafgreiðsluna, og mikið hefði nú gengið úr skorðum hjá hæstv. fjmrh. árið 1966, þegar hann hafði 883 millj. kr. í tekjur umfram fjárlög, ef þessar 47 millj. kr. hefðu verið greiddar. Fjárl. hér á Alþingi hafa verið afgreidd af stjórnarsinnum að þeirra ráðum. Þeir bera ábyrgð á þeirri þróun, sem þar hefur átt sér stað, og það væri nauðsynlegt fyrir þá hv. stjórnarsinna að fara að átta sig á, að það er til önnur leið til að leysa efnahags- og fjármál ríkisins heldur en sú, sem þeir hafa farið, leið, sem mundi reynast þjóðinni farsælli.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 135, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég flyt hér eina brtt. Hún er um það, að við liðinn Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins í fjárl. komi aths., er hljóði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Óheimilt er að veita nokkrum öðrum en sendiherrum og sendifulltrúum erlendra ríkja afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði á vörum verzlunarinnar. Þó má veita Eimskipafélagi Íslands h. f., Skipaútgerð ríkisins og Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli afslátt á verði á vörum, enda séu þær eingöngu seldar farþegum í utanlandsferðum, en komi ekki til neyzlu innanlands."

Till. er sú 4. í röðinni á þskj. 129.

Brtt. mín felur það í sér, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skuli hætta að veita einstökum mönnum afslátt frá verði á vörum verzlunarinnar. En eins og kunnugt er, hafa ráðh. og fáeinir menn aðrir fengið vörur hjá verzluninni fyrir langtum lægra verð, en aðrir viðskiptamenn þurfa að borga.

Fyrir nokkrum árum voru launakjör ráðh. bætt verulega. Það tel ég, að hafi verið rétt að gera. En eftir þær kjarabætur eru þeir vissulega færir um að borga sjálfir mat og drykk handa sér og sínum, og ekki er sjáanlegt, að þeir hafi þörf fyrir styrk frá einni ríkisverzlun til að rísa undir þeim útgjöldum.

Um þessar mundir tala hæstv. ráðh. mjög um það, að nú verði allir landsmenn að taka á sig byrðar vegna erfiðleika, sem steðjað hafi að atvinnuvegunum. En um leið og þeir hugsa og mæla á þann veg og haga framkvæmdum í samræmi við það, ætti þeim og stuðningsmönnum þeirra á þingi að vera ljóst, að það er ósæmilegt, að nokkrir fyrirmenn í þjóðfélaginu skammti sér sjálfum hlunnindi hjá ríkisverzlun, sem aðrir njóta ekki.

Ég hef oft flutt till. um þetta efni á Alþ., bæði áður og eftir að núv. hæstv. ríkisstj. kom til valda, ýmist einn eða með öðrum. En þær hafa ekki hlotið samþykki. Stuðningsmenn núv. hæstv. stjórnar hafa ætíð greitt atkv. á móti till. Lítur út fyrir, að þeir hafi gert það að flokksmáli að vera á móti þessari leiðréttingu. Meðal þeirra, sem hafa greitt atkv. gegn till. mínum, eru núv. hæstv. ráðh., svo og þingforsetar, a. m. k. í seinni tíð, og hefur komið fyrir ekki, þó að þeim hafi verið bent á ákvæði í þingsköpum, sem mælir svo fyrir, að alþm. sé ekki heimilt að greiða atkv. með fjárveitingum handa sjálfum sér. Vil ég enn vekja athygli á þessu ákvæði þingskapanna.

Eins og hér hefur verið lýst, hefur mikill meiri hl. þeirra manna, sem nú sitja á Alþ. og styðja núv. hæstv. ríkisstj., fallið á þessu prófi og margir þeirra oft. E. t. v. er lítil von um, að þeir hafi sig upp héðan af, en þó er þeim enn gefinn kostur á að þreyta prófið. Nú eiga sæti hér á hv. Alþ. 6 alþm., er fylgja stjórnarflokkunum að málum, sem ekki hafa áður setið á þingi, nema nokkrir þeirra fáar vikur sem varamenn. Þeir hafa því ekki áður gengið undir próf í þessari grein. Hvað segja þeir um þetta mál? Hljóta þeir ekki að viðurkenna, að rétt sé að afnema þau sérréttindi, sem fáeinir menn njóta í skiptum við Áfengisverzlun ríkisins? M. ö. o., hvernig reiðir þeim af á prófinu? Standast þeir það eða falla? Mér mun þykja leiðinlegt, bæði vegna þeirra og Alþingis, ef þeir falla á prófinu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég flyt hér eina litla brtt. ásamt hv. 4. landsk. þm. Þessi brtt. er á þskj. 131, og er um það, að varið verði á næsta ári 1 millj. kr. til byggingar sjómannaheimila, og skuli ráðh. ákveða úthlutun þessarar fjárhæðar.

Ég flutti á síðasta þingi till. um sama efni, og ég varð þess þá var, að það voru allmargir hv. þm., sem þá höfðu veitt því athygli, að hér var um sanngirnismál að ræða, og í rauninni mikið nauðsynjamál, enda kom það síðar fram, að menn úr stjórnarliðinu, þeir sem ekki höfðu fengið aðstöðu til þess, eða leyfi til þess skulum við segja, að fylgja þessari till., stóðu að því að flytja þáltill. um sama málefni og beina þar með áskorun sinni til ríkisstj. um framkvæmdir í þessum efnum. Og á síðasta þingi var sem sagt samþykkt svo hljóðandi þáltill., með leyfi hæstv. forseta, varðandi þetta mál:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna og viðkomandi sveitarfélög, að stofnsettar verði og starfræktar sjómannastofur á síldveiðihöfnum á Austurlandi og á stærri fiskihöfnum annars staðar, þar sem þörfin er mest vegna aðkomusjómanna".

Ég veit, að allir hv. alþm. bekkja það, að mikill fjöldi sjómanna verður að dvelja um langan tíma fjarri heimilum sínum, t. d. við síldveiðar að haustlagi til á Austurlandi. Þar er lítil aðstaða í flestum höfnum til afdreps fyrir sjómenn, þegar þeir verða að bíða þar í landlegum, og oft er það svo, að á tímabilinu frá okt. til áramóta eru staddir við síldveiðar á Austurlandi um 2000 sjómenn, og mikill meiri hl. þeirra er annars staðar frá en frá Austurlandi. Það er alveg ósæmileg aðbúð, sem þessum sjómönnum er ætluð, að verða að hírast þar í flestum tilfellum í löngum landlegum í fiskibátunum, því að það getur vitanlega ekki heitið, að það sé að neinu að hverfa, þó að þessir menn geti kannske gengið, þegar sæmilega viðrar, upp úr bátum sínum og upp á götur þorpanna. Það er aðeins í einum stað á Austurlandi, sem komið hefur verið upp slíkri sjómannastofu. Það kostaði viðkomandi bæjarfélag, þ. e. í Neskaupstað, allmikið fjármagn að koma upp þeirri stofu, og hún hefur ábyggilega komið að mjög miklu gagni. Af hálfu ríkisins hefur verið veittur örlítill styrkur til reksturs stofunnar, nú 50 þús. kr. á yfirstandandi ári, en 25 þús. áður. Hér er auðvitað um sáralítinn styrk að ræða til reksturs á þessari sjómannastofu, en rekstur hennar kostar æðimikið fé á hverju ári. Þar sem það liggur nú fyrir, að Alþ. hefur beinlínis gert samþykkt um það, að ráðizt skuli í framkvæmdir í þessum efnum, og menn viðurkenna það, að það er í rauninni enginn annar aðili til en ríkisvaldið sjálft, sem getur haft forgöngu um að leysa þetta vandamál, þykir mér einsýnt, að Alþ. á nú að samþykkja nokkra fjárveitingu í þessu skyni. Og ég held, að fjárveitingin geti ekki orðið minni en 1 millj. kr., og framkvæmdin yrði þá eflaust sú, að sá ráðh., sem með þessi mál hefði að gera, væntanlega félmrh., sem jafnframt er sjútvmrh., mundi leita eftir samningum við sveitarfélögin, t. d. á Austurlandi, um það, að þau réðust í það að koma upp svona sjómannaheimilum með ákveðnum stuðningi frá ríkinu. Ég er ekki í neinum vafa um það, að það ástand, sem sjómenn okkar búa við í þessum efnum, er beinlínis farið að kosta ríkisheildina allverulegar fjárfúlgur. Það er nefnilega svo, að það er engin leið að ætla að bjóða mönnum nú til dags að þurfa að hírast við þessar kringumstæður vikum saman á smáhöfnum, fjarri heimilum sínum, og það hefur leitt til þess, að bátarnir flýja miðin, mennirnir krefjast þess að fara burtu, og þannig er haldið í burtu af veiðisvæðinu, vegna þessarar ófullnægjandi aðbúðar, sem mönnum er þar boðið upp á. Fyrir nú utan það, hvað það er ósæmilegt af ríkisheildinni að leggja ekki hér fram nokkurt fjármagn til þess að veita þeim mönnum, sem þarna eiga hlut að máli, svo þýðingarmikið starf, sem þeir vinna, sæmilega aðstöðu, til þess að þeir geti þar sinnt þeim verkum, sem þeir eru að inna af hendi fyrir þjóðarheildina.

Ég vil nú vænta þess, að hæstv. fjmrh., sem hefur heyrt þessi orð mín hér fyrir þessari till., taki þau nú til athugunar. Ég á erfitt með að trúa því, að hann viðurkenni það ekki, að hér er hreyft nauðsynjamáli, máli, sem sanngjarnt er og nauðsynlegt að leysa, eða vinna að því, að leyst verði. Ég vil nú beina því til hans, að hann hugleiði það fyrir 3. umr. fjárlagafrv., hvort ekki sé tiltækilegt að taka upp nokkra fjárveitingu í þessu skyni, eða t. d. með því að samþ. þessa till. mína, sem tvímælalaust verður að teljast í fullu samræmi við samþ. síðasta Alþingis um þetta mál.

Ég sé svo ekki þörf á því að eyða hér fleiri orðum um þessa till., en við flm. till. væntum þess, að hún fái hér góðar undirtektir.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég leyfi mér hér að flytja tvær brtt. við fjárlagafrv.

Fyrri till. mín er á þá leið, að framlag til leiklistarstarfsemi verði hækkað úr 1,3 millj. kr. í 2 millj. Með leiklistarstarfsemi er hér átt við alla þá starfsemi, sem áhugamenn víðs vegar úti á landsbyggðinni taka sér fyrir hendur á þessu sviði, en auk þess hefur af fjárveitingu til þessa stór hluti farið til Leikfélags Reykjavíkur. Fjárveitingin s.l. ár mun hafa verið sú sama og nú er gert ráð fyrir, 1300 þús. kr., og þá munu hafa

farið 500 þús. kr. til Leikfélags Reykjavíkur, þannig að ekki fóru nema 800 þús. kr. til leiklistarstarfsemi úti á landsbyggðinni. Nú hefur Leikfélag Reykjavíkur farið fram á, að þetta framlag verði hækkað um 200 þús. kr., og sýnist mér sjálfsagt að verða við þeirri málaleitan, og mundi þá hækkunin til leiklistarstarfsemi úti á landsbyggðinni, skv. minni till., nema 500 þús. kr.

Sú starfsemi er víðast hvar það helzta, sem gert er til þess að létta mönnum skammdegið úti á landsbyggðinni, og raunar sums staðar það eina. Áhugamenn leggja á sig mikla vinnu endurgjaldslaust. Kostnaðurinn við þessar leiksýningar getur þó orðið mikill. Leiksviðsútbúnaður er þar stærsti liðurinn, einnig eru útvarpsauglýsingar stór liður núna, þegar orðið kostar minnst 20 kr., auk þess sem venjulega er fenginn til leikstjóri, sem þá tekur að sjálfsögðu sína greiðslu fyrir, þar sem þetta er hans atvinna, hans lifibrauð. Greiðsla til leikstjóra er venjulega 20—30 þús. kr.

Eitt mesta áhyggjuefnið varðandi uppfærslu hvers leikrits er það, hvort takast megi, eins og oft er komizt að orði hér á hinu háa Alþingi, að láta endana ná saman. Og eins og reynslan hefur oft orðið varðandi ríkisreksturinn, verður þetta oft þannig með þessa starfsemi, leikstarfsemina úti á landsbyggðinni, að erfitt reynist að láta endana ná saman. Hallinn af mörgu slíku átaki, sem stofnað er til með ærinni fyrirhöfn og af mikilli fórnfýsi þátttakendanna, er oft svo mikill, að liðið geta mörg ár, áður en viðkomandi ungmennafélag eða leikfélag hættir á að takast á hendur nýtt verkefni. Og þau verkefni, sem menn ráðast í af mestum stórhug, verða oft til að lama mest og lengst þessa mikilvægu menningarstarfsemi.

Ég nefni sem dæmi, að nú í vor var stofnað leikfélag vestur í Stykkishólmi. Að fyrsta verkefni þess var unnið af miklum áhuga og dugnaði, enda var árangurinn satt að segja undraverður, þegar tekið er tillit til þess, hversu litla reynslu leikendurnir höfðu til að bera. Ég get um þetta borið, vegna þess að ég fylgdist lítillega með æfingum og sá auk þess frumsýninguna. Og Stykkishólmur var ekki eina byggðarlagið, sem fékk að njóta þessarar starfsemi, því að sýningar voru úti um Snæfellsnesið, í þorpunum þar — og víðar. En ferðir af þessu tagi eru mjög kostnaðarsamar, og þegar vorannir ollu því að ekki var hægt að halda sýningunum áfram, vantaði enn mikið á, að fengizt hefði upp í kostnaðinn. Þetta unga leikfélag situr nú sem sé uppi með allháa skuld, þrátt fyrir sitt fórnfúsa starf, og ef ekki tekst að greiða þessa skuld er allt útlit fyrir, að lítið framhald verði á þeirri starfsemi, sem þarna hófst svo vel, og að þær vonir bregðist, sem þetta byggðarlag hafði við þetta bundið.

Ég hef með þessu viljað vekja athygli á þeirri þýðingu, sem þessi leikstarfsemi hefur úti á landsbyggðinni, og að hún er alls góðs makleg. 1300 þús. kr. eða réttara sagt 800 þús. kr., eins og var á s. l. ári veitt til þessarar starfsemi, er satt að segja hlálega lítill styrkur, þegar tekið er tillit til þess, hvað þessi starfsemi er, þrátt fyrir allt, viðtæk. Enda er sú upphæð, sem kemur í hlut hvers leikfélags, svona 20—30 þús. kr. og fer allt niður í 15 þús., þ. e. a. s. nægir ekki einu sinni til að borga leikstjóranum. Þær 2 millj., sem ég fer nú fram á, að veittar verði til þessa, eru ekki miklu merkilegra framlag, það skal ég fúslega játa, en ég hef ekki hætt á að fara hærra vegna þess fátæktarklökkva, sem einkennir allt tal þeirra manna, sem hér eru í forsvari fyrir ríkissjóð og ráða mestu um fjárveitingar úr honum. 700 þús. kr. mundu þó vera betra en ekki neitt, og slík viðbót kynni að koma einhverju ungmennafélaginu eða leikfélaginu yfir versta þröskuldinn, þannig að áframhald gæti orðið á leiklistarstarfsemi, sem ella myndi alveg falla niður.

Hin till., sem ég flyt, er um það að hækka framlag til æskulýðsnefndar Borgarfjarðar- og Mýrasýslu ur 25 þúsund kr. í 100 þús. kr. Ég get borið um það, að starfsemi þeirrar nefndar er alls góðs makleg, ekki síður en sú leiklistarstarfsemi, sem ég var að tala um. Starfsemi þessi, sem nær til alls Borgarfjarðarhéraðs og Mýranna með, er svo umfangsmikil, eða ætti að vera það, að 25 þús. kr. styrkur til hennar hlýtur að verka á þá, sem til þekkja, sem dálítið skrýtin, að ég ekki segi kaldranaleg gamansemi. En þar sem ég sé ekki ástæðu til þess að búast við því, að fjárveitingarvaldið sé að gera að gamni sínu, a. m. k. þá ekki nema óafvitandi, sýnist mér liggja beinast við, að það beri að líta á þessa styrkveitingu sem auglýsingu um átakanlega fátækt ríkissjóðs. En hvað um það. Ég leyfi mér sem sé að leggja til, að framlag til þessarar nefndar verði fjórfaldað. 100 þús. kr. sýnist mér að sé það allra minnsta, sem ríkissjóður getur verið þekktur fyrir að bjóða upp á í þessu sambandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 21. fundi í Sþ., 12. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 121 og 124, 110, 122, 125, 126, 127, 129, 131, 135).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 110,1 samþ. með 34 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 129,I. a tekin aftur.

Brtt. 125, 1 felld með 31:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GilsG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BP, EðS, EÁ, EystJ, GeirG.

nei: GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, GeirH, PJ, PB, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BGr, BK, BBen, BGuðm, BrS, EggÞ, FÞ, BF.

2 þm. (BJ, EmJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Enda þótt ég telji þessa upphæð allsendis ófullnægjandi til þess að bæta námsmönnum upp það geysilega tjón, sem þeir verða fyrir af völdum gengisfell-

ingarinnar, tel ég, að hér sé um nokkra úrbót að ræða og megi á engan hátt minna vera heldur en hér er lagt til og segi því já.

Brtt. 127, a. 1—2 felld með 31:22 atkv.
Brtt. 135, 1 tekin aftur.
Brtt. 127, a. 3 felld með 31:22 atkv.
Brtt. 129, I. b tekin aftur.
Brtt. 127, a. 4 felld með 31:24 atkv.
Brtt. 126, a felld með 30:12 atkv.
Brtt. 126, b—d felld með 30:10 atkv.
Brtt. 126, e—f felld með 31:10 atkv.
Brtt. 122 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 129, II felld með 31:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, EÖS, EÁ, EystJ, GeirG, GilsG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ.

nei: JP, JR, MJ, MB, MÁM, GeirH, PJ, PB, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BGr, BK, BBen, BGuðm, BrS, EggÞ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, BF.

BP greiddi ekki atkv.
3 þm. (BJ, EmJ, GíslG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég met mikils nývakinn áhuga tillögumanna á fjárveitingum til borgarspítalans og ekki síður, ef sá áhugi stafar e. t. v. af þingsetu borgarstjóra, þegar fjárlagaafgreiðsla fer fram. En með tilvísun til þess, að með samkomulagi við heilbrmrh. og fjmrh. fékkst 100% hækkun á fjárveitingu til borgarspítala í fjárlagafrv. fyrir árið 1968, og með milligöngu þeirra fékkst einnig lánsfé, er svarar nú til 42 millj. kr. af skuld ríkissjóðs við borgarsjóð, og í trausti þess, að áherzla verði lögð á að ljúka greiðslum ríkissjóðs sem fyrst og að öðru leyti með skírskotun til samstöðu stuðningsmanna stjórnarinnar um afgreiðslu fjárlaga, segi ég nei.

Brtt. 129, III. 1. a tekin aftur.
Brtt. 131 felld með 30:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IG, JÁH, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BP, EÖS, EÁ, EystJ, GeirG, GilsG, HS, HV.

nei: IngJ, JóhH, JónÁ, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, GeirH, PJ, PB, PS, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BGr, BK, BBen, BGuðm, BrS, EggÞ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, BF.

3 þm. (BJ, EmJ, GíslG) fjarstaddir.
Brtt. 135, 2 tekin aftur.
Brtt. 129, III. 1. b tekin aftur.
Brtt. 129, III. 2 tekin aftur.
Brtt. 110, 2. 100 samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 110, 2. 101 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 110, 2. 102 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 110, 2. 103 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 110, 2. 104 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 110, 2. 105 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 110, 2. 106 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 110, 2. 107 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 110, 2. 108 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 110, 2. 109 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 110, 2. 110 samþ. með 31 shlj. atkv.
4. gr. þar með ákveðin.
Brtt. 125, 2 kom ekki til atkv.
Brtt. 127, b felld með 31:21 atkv.
Brtt. 129, IV felld með 31:22 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BP, GeirG, GilsG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, ÓlJ, PÞ.

nei: PJ, PB, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BGr, BK, BBen, BGuðm, BrS, EggÞ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, GeirH, BF.

EÖS, EÁ, EystJ, MK greiddu ekki atkv.
3 þm. (BJ, EmJ, GíslG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Í þessu máli var í umr. sérstaklega skírskotað til nýrra þm., og þess vegna langar mig til að segja, að tillöguflutningurinn minnir mig ofurlítið á ágætan prest hér austanfjalls, sem hneykslaðist á nágranna sínum og sagði: „Mikil dæmalaus skepna er hann Símon. Hann drekkur kogesprittt.“ Síðan bætti hann við eftir stundarþögn: „Og svo er hann blóðnízkur á þetta.“ Og það verð ég að segja, að það er þessi seinni liður, sem ég hef á móti hjá hæstv. alþingisforsetum, en samt ætla ég að segja nei við till. í þeirri von, að forsetar bæti ráð sitt.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í þingsköpum Alþingis er ákvæði, sem mælir svo fyrir, að menn megi ekki greiða atkv. með fjárveitingum handa sjálfum sér. Nú við þessa atkvgr. hafa nokkrir menn, sem hér eiga sæti og sem hafa notið hlunninda hjá áfengisverzluninni, greitt atkv. gegn minni till. og þar með má segja með fríðindum handa sjálfum sér. Mér þykir líklegt, að hæstv. forseti hafi ekki munað eftir þessu ákvæði þingskapanna, þegar hann kvað upp úrskurð um till. að lokinni atkvgr., og þess vegna vil ég fara fram á það við hann, að hann telji saman mótatkv. þessara hlunnindamanna og dragi þau frá heildartölu mótatkv. og sjái þá, hver útkoman verður. Þetta skilst mér, að hljóti að vera í samræmi við ákvæði þingskapa, og eftir þeim ber að fara. Gæti þá farið svo, að till. teldist samþ. að réttum lögum.

Forseti (BF): Forseti vill taka fram út af aths. hv. 1. þm. Norðurl. v., að hann telur till. hans hvorki að formi til né efnislega þannig gerða, að hún falli undir 44. gr. laga um þingsköp Alþingis, og tekur þess vegna ekki tilmæli hv. þm. til greina.

Brtt. 110, 3 (ný 5. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 129, V tekin aftur.
Brtt. 129, VI samþ. með 32:1 atkv.
Brtt. 110, 4. a—g samþ. með 32 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 110, 5 samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Sþ., 19. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 143, n. 145, 170, 171, 189).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur á milli umr. tekið til athugunar og afgreiðslu þá málaflokka og erindi, sem n. hafði ekki að fullu lokið við athugun á, þegar 2. umr. málsins fór fram. Eins og ég tók þá fram, var m. a. ólokið endurskoðun á öllum tekjubálki frv., en í þeim efnum styðst meiri hl. n. við útreikninga Efnahagsstofnunar ríkisins. Áður en fjvn. tók endanlega ákvörðun um tekjustofna fjárlagafrv. fékk hún á sinn fund Jónas Haralz, forstöðumann Efnahagsstofnunarinnar, og lét hann nm. í té margvíslegar upplýsingar um þá tekjuáætlun, sem stofnunin hefur gert fyrir árið 1968. Þessi endurskoðaða tekjuáætlun er gerð með hliðsjón af þeirri heildarþjóðhagsáætlun, sem gerð hefur verið fyrir árið 1968 og sem nú hefur einnig verið endurskoðuð eftir gengisbreytinguna. Að öðru leyti eru einstakir tekjuliðir áætlaðir eftir þeim lögum, sem nú eru í gildi, og þeim lagafrv., sem ríkisstjórnin hefur lagt fram á Alþingi og sem hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs. Hins vegar er þess að geta, að í þeim áætlunum um tekjur ríkissjóðs á árinu 1968, sem n. bárust, er ekki tekið tillit til þeirrar tekjurýrnunar, sem ríkissjóður verður fyrir vegna þeirra tollalækkana, sem nú er ákveðið, að komi til framkvæmda þegar í byrjun næsta árs. Þessari umræddu tollalækkun er m. a. ætlað að draga úr þeim áhrifum, sem af gengislækkuninni leiðir í sambandi við allt verðlag í landinu. Það, sem hér um ræðir, áætlar meiri hl. fjvn., að geti numið allt að 250 millj. kr., sem þá verður varið til tollalækkana eftir nánari ákvörðun Alþ., þegar þar að kemur. Um tekjuáætlunina segir Efnahagsstofnunin að öðru leyti m. a.:

„Gengið er út frá óbreyttum skattstigum tekjuskatts. Reiknað er með 6% lækkun álagðs tekjuskatts. Varðandi eignarskattinn er tekið tillit til þeirrar breytingar, sem verður á margföldun fasteignaskatts til eignarskatts, þ. e. að nú er um níföldun að ræða í stað tólfföldunar, sem áður var ákveðið."

Af þessu leiðir, að tekjur af eignarskatti einstaklinga og félaga lækka frá því, sem nú er í frv., um 33 millj. kr. Við áætlun á tekjum af aðflutningsgjöldum er við það miðað, sem ég hef áður sagt varðandi fyrirhugaða tollalækkun, en lagt er til grundvallar, að heildarvöruinnflutningurinn, án skipa og flugvéla og án vöruinnflutnings til Búrfells- og Straumsvíkurframkvæmdanna, muni nema um 7300 millj. kr. á árinu, og að meðaltollur verði þá áætlaður um 28,5%. Á yfirstandandi ári er reiknað með, að samsvarandi innflutningur muni verða um 6100 millj. kr. og að meðaltollurinn muni þá reynast um 31%. Með þessu er því gert ráð fyrir raunverulegum samdrætti í innflutningi, miðað við yfirstandandi ár, sem nemur um 4,5% í magni. Hins vegar verður að gera ráð fyrir því, að verulegur hluti af þeim samdrætti, sem verður í innflutningnum, séu hátollavörur. Áætlað er, að álagður söluskattur hækki um 18%, miðað við yfirstandandi ár. Þar við bætast 44 millj. kr. vegna söluskatts Pósts og síma og af ríkisútvarpinu. En þar frá dragast aftur á móti 25 millj. kr., vegna þess að skipatryggingar verða nú undanþegnar söluskatti. Samtals er áætlað, að söluskatturinn muni nema um 1476 millj. kr. og þá reiknað með 98% innheimtu, að viðbættum 26 millj. kr. frá fyrra ári. Um söluskattinn er að öðru leyti það að segja, að með hliðsjón af þeim greiðsluafgangi, sem nú er í fjárlagafrv., er um upphæð að ræða, sem er, eins og ég hef áður tekið fram, 44 millj. kr.

Fyrir gengislækkun var gert ráð fyrir því, að Póstur og sími væri, auk þess að greiða söluskatt, einnig fær um að greiða 20 millj. kr. í arð í ríkissjóð. Við 2. umr. var sá liður felldur niður. Söluskattsupphæðin er hins vegar inni í fjárlagafrv. eins og það er nú, en gert er ráð fyrir, að söluskatturinn verði einnig gefinn eftir, ef það verður talið nauðsynlegt og nægjanlegt til þess, að ekki þurfi til þess að koma að hækka gjaldskrá stofnunarinnar. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á liðnum „leyfisgjald af bifreiðum". Með óbreyttu leyfisgjaldi var talið, að um mjög mikinn samdrátt í bifreiðainnflutningnum hefði orðið að ræða. Nú hefur komið til lækkun á leyfisgjaldinu og talið, að það hafi örvandi áhrif á bifreiðainnflutninginn, þannig að gera megi ráð fyrir, að bifreiðainnflutningurinn verði svipaður og áður er áætlað. Leyfisgjald af bifreiðum er nú sviþuð upphæð í krónutölu á bifreið og var fyrir gengislækkun og leyfisgjaldslækkun. Það er því lagt til, að þessi liður haldist óbreyttur.

Um liðina leyfisgjald II., umboðsþóknun og gengismunur, er það að segja, að talið er eðlilegt, að þeir hækki um sem nemur 25% vegna gengislækkunarinnar. Aðrir tekjuliðir fjárlagafrv. eru með smávægilegum breytingum, sem ég tel ekki ástæðu til að rekja nánar. Samkv. þeim brtt., sem meiri hl. fjvn. hefur leyft sér að flytja við tekjubálk fjárlagafrv. við þessa umr., hækkar tekjubálkurinn þannig, að tekjur verða á rekstrarreikningi 6241 millj. 757 þús. kr., en gjöldin verða 6140 millj. 513 þús. kr. Tekjur umfram gjöld verða þannig 101 millj. 244 þús. Á lánahreyfingum eru lánahreyfingar út 50 millj. 459 þús. og lánahreyfingar inn 3 millj. 525 þús. Mismunur verður þá 46 millj. 934 þús. Greiðslujöfnuðurinn á rekstrarreikningi, tekjur umfram gjöld, verða þá 101 millj. 244 þús. á lánahreyfingum, gjöld umfram tekjur 46 millj. 934 þús. eða greiðsluafgangur um 54 millj. 310 þús. kr. Þar er innifalið, eins og ég hef áður skýrt frá, 44 millj. vegna söluskatts Pósts og síma.

Ég mun þá næst víkja að þeim brtt. meiri hl. n., sem eru við 4. gr. frv., og kemur þar fyrst till. um að lækka rekstrargjöld aðalskrifstofu rn. um 250 þús. kr., en hækka jafnframt önnur rekstrargjöld fræðslumálaskrifstofunnar um sömu upphæð. Er þetta vegna kostnaðar við eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl., sem nú er sameiginlegur, en ákveðið hefur verið, að verði framvegis aðskilinn. Þá er lagt til að hækka launalið Háskóla Íslands um 173 þús. kr. vegna kennslu í landafræði og jarðfræði. Að undanförnu hefur kennslu þessari verið haldið uppi af 5 kennurum. Þykir óhjákvæmilegt að ráða fastan forstöðumann fyrir þessari kennslu, og tekur hann laun í 22. launaflokki. Reiknað er með, að forstöðumaðurinn verði ráðinn frá 1.

apríl n. k. og er þessi upphæð miðuð við, að svo verði. Þá er lagt til, að veittar verði 125 þús. kr. vegna viðgerðarkostnaðar við embættisbústað forstöðumanns tilraunastöðvar háskólans að Keldum. Hefur þetta hús staðið autt á undanförnum árum, en með því að nú hefur verið ráðinn nýr forstöðumaður að stofnuninni, verður ekki komizt hjá að gera nauðsynlegar umbætur á húsinu og veita umrædda fjárveitingu. Vegna Tækniskólans er lagt til að taka inn fjárveitingu vegna greiðslu á vöxtum og afborgunum lána, sem tekin voru á s. l. ári, þegar nýtt húsnæði var keypt fyrir skólann. Er hér um að ræða 254 þús. kr. vegna greiðslu á vöxtum og 287 þús. kr. vegna afborgana. Þá er lagt til, að inn verði tekinn nýr liður vegna húsmæðraskóla í kaupstöðum, 300 þús. kr., en það er vegna undirbúningsframkvæmda við Húsmæðraskólann á Ísafirði. Vegna nýbyggingar iðnskóla er till. um að hækka liðinn „gjaldfærður stofnkostnaður" um 202 þús. kr. Jafnframt hefur n. skipt fjárveitingunni á milli framkvæmda, svo sem fram kemur á sérstöku þskj. Þar af er ein fjárveiting að upphæð 500 þús. kr. vegna nýs iðnskóla í Vestmannaeyjum. Þá er lagt til að hækka liðinn til iðnfræðsluráðs um 50 þús. kr., en það er vegna kostnaðar við iðnfræðslunefndirnar.

Næst koma till. um skiptingu á fjárveitingum vegna gjaldfærðs stofnkostnaðar héraðsskólanna. Er hér um óbreytta fjárveitingu að ræða og vísast til þess, sem fram kemur í yfirliti um skiptinguna. Lagt er til að hækka liðinn „framlag til bygginga gagnfræðaskóla" um 2 millj. 740 þús. Um skiptingu á heildarfjárveitingunni vísast einnig til þess, sem fram kemur á sérstöku yfirliti. Að þessu sinni er varið 3.2 millj. kr. til undirbúningsframkvæmda fyrir 8 ný skólahús, og vísast einnig til sérstaks yfirlits þar um varðandi skiptingu á milli framkvæmda.

Þá eru till. um framlög til byggingar barnaskóla, íbúða fyrir skólastjóra og til gagnfræðaskóla í 6 kaupstöðum. Er hér lagt til að hækka fjárveitingu um 11 millj. 391 þús. kr., og verður heildarupphæðin þá 100 millj. 752 þús. kr. Til nýrra íþróttahúsa og nýrra barnaskólahúsa, sem ekki eru byrjaðar framkvæmdir á áður, eru að þessu sinni till. um fjárveitingu að upphæð samtals 4 millj. 607 þús. Sumar af þessum framkvæmdum eru nú með litlar upphæðir, en það er vegna þess, að áður hefur verið veitt fé til þeirra og eru fjárveitingar geymdar þar til framkvæmdir hefjast. Í sumum tilfellum er hér um það að ræða, að undirbúningi er ekki að fullu lokið, en í sumum tilfellum er það vegna þess, að viðkomandi sveitarfélag hefur ekki tryggt sinn hlut til framkvæmdanna.

Þá eru brtt. frá meiri hl. fjvn., þar sem lagt er til, að fjárveiting til menntaskóla á Ísafirði hækki um 1150 þús., til menntaskóla á Austurlandi hækki um sömu upphæð, til Kennaraskólans, fjárveiting til undirbúnings íþróttahússbyggingar, 1 millj. kr. og til Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni er hækkun um 1200 þús. kr. Til samanburðar við fjárveitingar til skólabygginga á yfirstandandi ári og það, sem í fjárlagafrv. fyrir árið 1968 er lagt til, að verði samkv. þessum till. meiri hl. fjvn., er þess að geta, að þegar tillit er tekið til 10% niðurskurðar á fjárveitingum á yfirstandandi ári, eru fjárveitingar samtals til barnaskóla, gagnfræðaskóla og héraðsskóla 106 millj. 410 þús., til húsmæðraskóla 5 millj. 739 þús. og til iðnskóla 4 millj. 680 þús. En til annarra skóla eru fjárveitingar 35 millj. 244 þús. kr. eða samtals 152 millj. 73 þús. kr.

Samkv. till. meiri hl. fjvn. er hins vegar gert ráð fyrir framlögum til stofnkostnaðar skóla sem hér segir: Barnaskólar, gagnfræðaskólar og héraðsskólar samtals 128 millj. 568 þús. Til húsmæðraskóla 6 millj. 155 þús., til iðnskóla 5 millj. 540 þús. og aðrir skólar 46 millj. 982 þús. kr. eða samtals 187 millj. 245 þús. kr. Hér er því lagt til að hækka fjárveitingar til nýbygginga skóla frá því, sem er á yfirstandandi ári, um upphæð, sem nemur 35 millj. 152 þús. kr. Varðandi ríkisútgáfu námsbóka er lagt til, að tekjuliður útgáfunnar lækki um 1 millj. 312 þús. kr. Við nánari athugun var fallizt á, að stofnuninni hefðu verið ofáætlaðar tekjur sem þessu nam. Samkv. l. greiðir ríkissjóður 1/3 af þessum kostnaði og ríkisútgáfan 2/3 hluta. Það eru tekjur af námsbókagjaldi. Til þess að útgáfa námsbóka verði tryggð á næsta ári er talið nauðsynlegt, að námsbókagjald hækki um 12½%, og er þessi upphæð miðuð við það.

Þá kemur næst till. um að hækka framlag til norræns samstarfs um 100 þús. kr. Fyrir eru í fjárlagafrv. 600 þús., en þar sem hér er að verulegu leyti um erlendan kostnað að ræða, er talið óhjákvæmilegt að hækka fjárveitinguna sem hér er lagt til. Þá er lagt til, að inn komi nýr liður vegna Norræna hússins að upphæð 500 þús. kr. Er það til framkvæmda á bifreiðastæði við húsið. Gert er ráð fyrir, að húsið verði tekið í notkun á komandi sumri og verður þá óhjákvæmilegt, að umrætt bifreiðastæði verði fyrir hendi. Lagt er til að hækka framlag til Þjóðminjasafns um 200 þús. kr. Er það við liðinn 092 til sveitarfélaga. Upphæðinni er ætlað að verja til aukins byggingarstyrks fyrir byggðasöfn. Þá kemur nýr liður, byggingarsjóður safnahúss. En þar er lagt til, að tekin verði upp fjárveiting að upph. 1 millj. 500 þús. kr. Svo sem kunnugt er, var fyrir nokkrum árum samþ. þáltill. um að sameina Landsbókasafnið og bókasafn Háskólans í einni bókhlöðubyggingu. Enn sem komið er hefur ekkert orðið úr framkvæmdum, þar sem fjárveitingar hafa ekki verið fyrir hendi. Með þessari fjárveitingu skapast möguleikar til þess að vinna að nauðsynlegum undirbúningi og koma málinu á einhvern rekspöl, hvort sem um sameiningu safnanna verður að ræða eða ekki. Í sambandi við þetta mál hefur n. borizt erindi frá Bandalagi háskólamanna og ályktun, sem fulltrúaráð bandalagsins gerði á fundi sínum þann 10. maí s. l. Er þar lýst yfir stuðningi við áskorun um, að byggð verði ný bókhlaða fyrir vísindalegt þjóðbókasafn.

Þá er næst till. um 100 þús. kr. fjárveitingu til að taka heimildarkvikmyndir um merka Íslendinga. Þá er lagt til að hækka liðinn við listamenn um 135 þús. kr., en það samsvarar 3,39% hækkun til jafns við vísitöluhækkun, sem átti sé stað 1. des. s. l.

Þá er till. um fjárveitingu að upphæð 500 þús. kr. til byggingar sýningarskála á Miklatúni eftir ákvörðun menntmrn. Sem kunnugt er, er sýningarskálinn við alþingishúsið nú ónothæfur og hafa forsetar þingsins rætt um það við forsvarsmenn myndlistarmanna, að skálinn verði sem fyrst fjarlægður. Er þess vænzt, að þessi fjárveiting muni greiða nokkuð fyrir því, að svo megi verða.

Til náttúruverndarráðs er till. um hækkun, sem nemur 168 þús. kr., og verður þá heildarfjárveiting til náttúruverndarráðs á næsta ári 500 þús. kr. Við liðinn 09, ýmis félög, er lagt til, að inn verði teknir tveir liðir. Er annar liðurinn vegna barnaheimilisins á Lyngási, kennaralaun, 179 þús., og til minnisvarða um Stefán skáld Ólafsson 25 þús. kr. Við sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York er lagt til að hækka fjárveitingu um 60 þús. kr. Er hér um leiðréttingu á launum eins starfsmanns að ræða.

Þá kemur nýr liður vegna kostnaðar við heimssýninguna í Montreal, 275 þús. kr. Er það vegna eftirstöðva, sem talið er, að nemi nokkru hærri upphæð en hér um ræðir. Reikningar liggja hins vegar ekki fyrir að fullu og er talið, að þessi upphæð nægi að þessu sinni. Lagt er til að hækka fjárveitingu til viðhalds húsmæðraskóla utan kaupstaða samtals um 370 þús. kr. En fyrir gjaldfærðum stofnkostnaði skólanna hef ég áður gert grein. Að öðru leyti vísa ég til sundurliðunar milli framkvæmda, sem eru á sérstöku yfirliti.

Þar er einnig till. um fjárveitingu til undirbúnings nýbyggingar við húsmæðraskólann að Laugum í Þingeyjarsýslu að upphæð 200 þús. kr. Einnig til undirbúningsframkvæmda vegna nýbyggingar við húsmæðraskólann á Löngumýri í Skagafirði og við Staðarfellsskólann í Dalasýslu, 90 þús. kr. til hvors skóla. Lagt er til, að fjárveiting til Landgræðslunnar vegna gjaldfærðs stofnkostnaðar hækki um 1 millj. kr. Er það vegna þess, að stór hluti kostnaðarins er erlendur, svo sem kaup á áburði og fræi. Þá hefur n. skipt fjárveitingum til sjóvarnargarða og vísast þar til sundurliðunar um framkvæmdir, sem er á sérstöku yfirliti. Hér er um óbreytta upphæð að ræða. Við liðinn „fyrirhleðslur“ er lagt til, að fjárveitingar hækki um 265 þús. kr. Um sundurliðun vísast til sérstaks yfirlits á þskj., en við nánari athugun varð það álit n., að ekki væri unnt að komast hjá því að gera þær breytingar, sem hér er lagt til varðandi framlög til fyrirhleðslna.

Þá kemur næst till. um 15 þús. kr. hækkun á liðnum „ýmis félög“ á sviði landbúnaðar. Lagt er til, að fjárveitingin gangi til Norræna búvísindafélagsins. Þá er lagt til að hækka liðinn „byggingarsjóður síldarleitarskips“ um 5 millj. 142 þús. kr. Er hér um leiðréttingu að ræða, sem ekki hefur áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að kostnaður við verðlagsráð sjávarútvegsins greiðist af fiskimálasjóði. Samkv. l. skal kostnaðurinn greiddur úr ríkissjóði og hefur svo verið. Hér er því um leiðréttingu að ræða. Þá kemur næst till. um framlag til Fiskveiðasjóðs Íslands, að það verði 30 millj. kr. í stað 50 millj. í frv. eða 20 millj. kr. lækkun. Þá er lagt til að verja 250 þús. kr. til kvikmyndatöku vegna kynningar á sjóvinnustörfum í sjónvarpi.

Næst kemur till. um breytingar á rekstrarframlögum til ríkissjúkrahúsanna. Er þar um till. til lækkunar að ræða, sem stafar af því, að ákveðið er, að daggjöld hækki sem svarar 8%. Af því leiðir, að rekstrarhalli sjúkrahúsanna lækkar um 10 millj. 396 þús. kr. Elli- og örorkubætur hafa nú eftir gengislækkunina verið hækkaðar um 10%, en ríkisframfærslan og sjúkratryggingarnar hækka hins vegar um 8%, eins og daggjöldin. Af þessu leiðir, að framlög til ríkisframfærslu hækka um 7,8 millj. og sjúkratryggingarnar um 11,1 millj. og framlög vegna ellilauna og örorkubóta um 31 millj. 500 þús. Þá er lagt til, að inn komi nýr liður að upphæð 150 þús. kr. til undirbúnings viðbótarbyggingu við sjúkrahúsið á Akureyri. Ennfremur er lagt til að hækka liðinn vegna læknisbústaðar í Norður-Egilsstaðahéraði um 75 þús. kr. Þá eru tvær till. um fjárveitingar til heyrnardaufra, 100 þús. kr., sem verður aðstoð við heyrnardaufa eftir ákvörðun heilbrmrn., og 100 þús. kr. hækkun á fjárveitingu til félagsins Heyrnarhjálp. Þá hafði fallið niður fjárveiting í frv. til uppgjafapresta og prestsekkna, að upphæð 200 þús. kr. Er lagt til, að sú fjárveiting verði tekin upp að nýju.

Þá er lagt til, að inn komi nýr liður, vatnsveitur, að upphæð 225 þús. kr. Hér er um styrki til vatnsöflunar að ræða til nokkurra býla, sem búa við sérstaklega erfið skilyrði til vatnsöflunar. Eru þar á meðal þrjú býli í Kelduhverfi, sem ekki hlutu styrk, þegar vatnsveituframkvæmdir voru styrktar þar sérstaklega fyrir nokkrum árum.

Þá er lagt til að taka upp fjárveitingu til Sjálfsbjargar, sem er landssamband fatlaðra, byggingarstyrk að upphæð 1,5 millj. Starfsemi þessi nýtur einnig sérstaks styrks, sem er ákveðið gjald af öllu framleiddu sælgæti í landinu, og er áætlað, að sá tekjuliður nemi á næsta ári um 1,7 millj. kr. Samtökin hafa þegar hafizt handa um byggingu þessa. Næst kemur till. um 1 millj. kr. fjárveitingu, sem er framlag til byggingar orlofsheimilis fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Þá er lagt til, að tekinn verði inn nýr liður að upphæð 800 þús. kr. til byggingar sjómannastofu gegn 2/3 hlutum annars staðar frá. Hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, en samt sem áður er talið nauðsynlegt að skapa jafnhliða einhverja reglu um hlut ríkissjóðs í byggingum, þó að síðar mætti vera, að málið í heild yrði tekið til endurskoðunar og sett um það sérstök löggjöf. Þá kemur næst till. um 50 þús. kr. fjárveitingu til Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaufra. Hér er um útgáfustyrk að ræða, en félagið naut fjárveitingar í þessu skyni að sömu upphæð í fjárl. yfirstandandi árs. Erindi barst n. frá Æskulýðssambandi Íslands, þar sem farið er fram á, að samtökin nytu sama styrks og þau höfðu á yfirstandandi ári, en það eru 150 þús. kr. Er hér lagt til, að orðið verði við þessari beiðni. Þá er lagt til, að liðurinn „barnaheimilið á Lyngási“ sé á þessum stað felldur niður. Var hér um kennaralaun að ræða og hefur jafnhá upphæð verið tekin upp

undir málefnum menntmrn., eins og ég áðan gat um. Hér er því aðeins um tilfærslu að ræða á þessari upphæð. Þá er lagt til að taka inn nýjan lið í sambandi við byggingarstyrki dagheimila. Eru það 75 þús. kr. til dagheimilisins í Neskaupstað. Næst koma nokkrar brtt., sem eru í beinu sambandi við afleiðingar af gengisfellingunni og hækkun vísitölu, sem átti sér stað 1. des. s. l. Vísast til þess, sem fram kemur í þskj. þar um.

Þá er næst brtt. um, að liðurinn „vegagerð 092 til sveitarfélaga", hækki um 150 þús. kr. Upphæð þessari skal verja til að setja upp öryggisbúnað við gangbrautir á Hafnarfjarðarvegi í Garðahreppi. Þá er lagt til, að liðurinn „vegagerð 094 til einstaklinga, heimila og samtaka" hækki um 100 þúsund krónur. Hér er um fjárveitingu að ræða, sem er varið til að halda uppi byggð og gistingu í landinu. N. hefur síðan skipt upphæðinni á milli aðila, en Vegagerð ríkisins sér að öðru leyti um úthlutun á fjárveitingunni.

Í till. sínum um framlög til hafnarmannvirkja og lendingarbóta leggur meiri hl. fjvn. til, að framlög verði hækkuð samtals um 18 millj. 305 þús kr. Áður var samkv. fjárlagafrv. búið að hækka fjárveitingu til framkvæmdanna um 10 millj. 7 þús. kr. frá því, sem er á yfirstandandi ári, og þegar tillit er tekið til þeirrar skerðingar, sem átti sér stað, þ. e. 10% lækkun, er því raunverulega um hækkun á framlagi úr ríkissjóði að ræða frá því, sem er á yfirstandandi ári, um 10 millj. 7 þús. samkv. fjárlagafrv., en í brtt. n. er lagt til að hækka framlagið enn um 18 millj. 305 þús. eða samtals hækkun til hafnarframkvæmda að þessu sinni um 28 millj. 312 þús. kr., sem er hlutfallslega meiri hækkun á einu ári en áður hefur átt sér stað. Eins og undanfarin ár er fjárveitingum skipt milli framkvæmda, en segja má, að þær séu nú í öðru formi en áður hefur átt sér stað. Nú koma fyrst til framkvæmda áhrif nýju hafnarlaganna þannig, að framkvæmdir eru byggðar á raunverulegri framkvæmdaáætlun fyrir árið 1968 og till. um fjárveitingar við það miðaðar, að ríkisframlagið, sem nú er í mörgum tilfellum verulegur meiri hl. framkvæmdafjárins, greiðist að fullu upp á því ári, sem unnið er. Hér er án vafa um eitt mesta hagsmunamál fjölmargra byggðarlaga að ræða, og tryggir, að uppbygging framkvæmdanna verður skipulegri og öruggari, hvað öflun nauðsynlegs fjármagns snertir. Að þessu sinni er í aðalatriðum stuðzt við ábendingar hafnarmálastjóra um þær framkvæmdir, sem ráðizt verður í á næsta ári. En jafnhliða þeim till., sem n. bárust frá hafnarmálaskrifstofunni um framkvæmdir á næsta ári, var n. afhent heildaráætlun um hafnarframkvæmdir á næstu 4 árum þar á eftir. Með till. þessum telur hafnarmálastjóri, að jafnframt séu lögð fyrstu drög að fjögurra ára áætlun um hafnarframkvæmdir í landinu, þ. e. á árunum 1969—1972. Er þar gengið út frá svipuðum framkvæmdum og verið hafa á undanförnum árum. Framkvæmdaáætlunin er gerð með kostnað ársins 1967 sem grundvöll allra útreikninga. Kemur þar fram, hvers sé að vænta í framkvæmdum næstu ára, án þess þó að framkvæmdum sé enn sem komið er ráðað niður á ár. Framkvæmdum á Vestfjörðum, er gert var ráð fyrir að ljúka á 4 árum samkv. svonefndri Vestfjarðaáætlun, telur hafnarmálastjóri að verði að fullu lokið á 5 árum. Um hafnarmálin í heild er það að segja, að þau vinnubrögð, sem hér er lagt til, að eigi sér stað með slíkri heildaráætlun, hljóta að verða til mikilla bóta frá því, sem verið hefur, og auðveldara fyrir alla aðila að gera sér grein fyrir þeim verkefnum, sem úrlausnar bíða. Ég vil því leyfa mér að vona, að þm. séu sammála um, að með þessum breytingum sé stefnt í rétta átt. Um skiptingu fjárveitinga á milli framkvæmda vísast að öðru leyti til sundurliðunar á sérstöku þskj.

Þá er lagt til að taka upp nýjan lið við aðalskrifstofu vita- og hafnarmálaskrifstofunnar, 200 þús. kr., til að afla nýrra tækja til bylgjumælinga, en slík tæki eru mjög nauðsynleg, sérstaklega vegna hafnargerðar við opna strönd eins og t. d. við Dyrhólaey. Þá er framlag til sjómannaskólans í Vestmannaeyjum hækkað um 100 þús. kr.

Í janúarmánuði s. l. skipaði iðnmrh. n. til að rannsaka þenslu og þar af leiðandi grotnun í steinsteypu. Er talið, að hér sé um mjög þýðingarmikið mál að ræða. Samkv. þeim upplýsingum, sem n. hefur fengið um þetta mál, er gert ráð fyrir, að verulegur hluti þeirra rannsókna, sem hér um ræðir, verði framkvæmdur af starfsfólki Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Rannsóknastofnunar iðnaðarins. Hins vegar verður ekki hjá því komizt að leggja í nokkurn kostnað til viðbótar því, sem stofnanir þessar munu geta látið í té, og er því lagt til að veita 300 þús. kr. í þessu skyni. Þá er lagt til að auka niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum um 50 millj. kr., og er það gert til að draga úr áhrifum gengislækkunarinnar.

Ég hef vikið að 5 fyrstu brtt. á þskj. 194, en það er frá meiri hl. n. Í 6. brtt. er lagt til að hækka framlag til bjargráðasjóðs um 1 millj. kr. Er hér um leiðréttingu að ræða, þar sem í ljós hefur komið við nánari athugun, að þar sem áður hafði verið samþ. að veita 3½ millj. til viðbótar í þessu skyni, er hér um 1 millj. kr. of lága upphæð að ræða. Þá eru till. um skiptingu lögboðinna og ólögboðinna eftirlauna og heiðurslauna. Að þessu sinni eru till. útreiknaðar með vísitöluálagi, en áður hefur verið miðað við grunntölu. Um skiptingu á upphæðinni vísast til þess, sem fram kemur á sérstökum yfirlitum á þskj. nr. 171. Þá er lagt til, að ein heimildargrein verði felld niður, þar sem fram er komið frv. um sama efni hér á Alþ., en hún er þess efnis að selja húseignina nr. 15 við Tómasarhaga. Hins vegar er lagt til, að eftirtaldar heimildir verði veittar: Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í kauptúnum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema einni vélasamstæðu á hverjum stað. Að ábyrgjast allt að 10 milljón króna lán vegna Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins á Keldnaholti. Að taka allt að 2 millj. kr. lán fyrir jarðhitasjóð. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. til greiðslu á byggingarskuldum kvennaheimilisins Hallveigarstaða gegn þeim tryggingum, sem

metnar eru gildar. Að endurgreiða aðflutningsskatt og söluskatt af geislunartæki, sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fær lánað fyrir milligöngu Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Að endurgreiða Andakílsárvirkjun aðflutningsgjöld og söluskatt af efni í háspennulínur.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að skýra þær till., sem meiri hl. fjvn. hefur leyft sér að bera fram við þessa umr., og vænti þess, að þær hljóti afgreiðslu og verði samþ. og fjárlagafrv., þannig breytt, samþ. og afgr. sem lög frá Alþingi.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Við 2. umr. fjárlagafrv. gerði ég grein fyrir því af hálfu minni hl. fjvn., hvaða stefnu minni hl. markaði við fjárlagaafgreiðsluna að þessu sinni. Till. þær, sem ég tala fyrir og fluttar eru af minni hl. fjvn. við 3. umr. frv., eru miðaðar við þá stefnuyfirlýsingu, sem þá var gefin.

Í fyrsta lagi er miðað við það, að framkvæmdamáttur fjárfestingarfjárins á fjárl. verði svipaður og gert var ráð fyrir á árinu 1967. Í öðru lagi að draga úr skaðvænlegum áhrifum gengisbreytingarinnar, eins og áður hefur verið gerð grein fyrir. Í sambandi við þá heildarmynd, sem nú liggur fyrir af fjárlagafrv. við afgreiðslu þess, kemur í ljós, að hæstv. ríkisstj. fylgir nákvæmlega sömu stefnu og gert hefur verið við afgreiðslu fjárl. undanfarandi ár. Hún reynir að draga í ríkissjóð eins mikið af tekjum og hugsanlegt er og miðar fjárlagaafgreiðsluna við það, að verulegur greiðsluafgangur verði hjá ríkissjóði. Til sönnunar þessu vil ég benda á það, að í staðinn fyrir að fella alveg niður margföldun á fasteignum og láta sveitarfélögunum eftir þann tekjustofn, eins og vikið var að hér við 2. umræðu fjárlagafrv., hefur hæstv. ríkisstj. kosið að halda til ríkissjóðs 30 millj. af þessum hugsanlega tekjustofni. Enn fremur er verið að lögleiða hér á hv. Alþingi frv. um að heimila hæstv. ríkisstj. að leggja söluskatt á póst og síma. Að vísu hefur það komið fram í þeim umr., sem fram hafa farið hér á hv. Alþ. um þetta frv., að nokkur fyrirvari sé á því að nota þessa heimild og þá fyrst og fremst sá, að ef póst- og símamálastjórnin telji nauðsyn bera til að hækka tekjuáætlun pósts og síma með því að hækka afnotagjöldin, eigi að nota þessa lagaheimild eins og nokkurs konar refsiákvæði. Nú má það vel vera, að hæstv. ríkisstj. noti ekki þessa heimild. Þó er það svo, að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir þessum tekjustofni, og segir það nokkuð um það, að hverju er stefnt.

Eins og augljóst er á fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Vesturl., formanns fjvn., hefur hæstv. ríkisstj. látið gera nýja áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1968, sem miðuð er við þá gengisbreytingu, sem gerð var í nóvemberlok. Í frásögn forstöðumanns Efnahagsstofnunarinnar, er mætti á fundi fjvn., er tekjuáætlunin, sem nú er gerð, miðuð við þá þjóðhagsáætlun, sem stofnunin hefur gert. Formaður Efnahagsstofnunarinnar gerði þá grein fyrir þessari þjóðhagsáætlun, að gert væri ráð fyrir því, að magn af innfluttum vörum til landsins yrði um 4½% minna heldur en á árinu 1967 og neyzluvörumagnið yrði um 8% minna heldur en þá var gert ráð fyrir. Að öðru leyti taldi hann, að miðað væri við það, að framleiðsla sjávarútvegsins mundi aukast um 10—12%, iðnaðarins um 3%, landbúnaðarins um 2%, opinber þjónusta um 2½% og verzlun um 1½%. Byggingariðnaðurinn mundi hins vegar standa í stað og einkaneyzlan mundi minnka um 3%. Vöxtur þjóðartekna taldi forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar, að yrði um 2½—3%. Við þessa áætlun er sú tekjuöflun miðuð, sem hér liggur fyrir, og þá tollalækkun, sem ríkisstj. hefur ákveðið að gera samkv. frásögn meiri hl. fjvn.

Við höfum í till. okkar gert nokkra breytingu á tekjuáætluninni, þ. e. á aðflutningsgjöldunum, og miðum við þá áætlun okkar við þá reynslu, sem af þessu er á yfirstandandi ári, og þá reynslu, sem við höfum af áætlun hæstv. ríkisstj. um tekjustofna ríkisins, sem hafa á undanförnum árum verið oft mjög langt frá lagi, þó að mest hafi það verið á árinu 1966, þegar tekjur ríkissjóðs fóru nærri 900 millj. kr. fram úr áætlun fjárl. Nú þann 1. nóv. 1967 er innflutningurinn orðinn um 5 milljarðar eða 70 millj. kr. meiri heldur en hann var á sama tíma í fyrra. Þá er búið að draga frá þessum innflutningi þær tölur, sem fyrir liggja um innflutning á skipum, flugvélum og vörum til Straumsvíkur og Búrfellsvirkjunar. Miðað við þessa áætlun er gert ráð fyrir því í áætlun Efnahagsstofnunarinnar, að heildarinnflutningurinn á árinu 1968 verði 7.3 milljarðar kr. eða innan við milljarð meiri heldur en líkur eru til, að hann verði á þessu ári. Þá hefur tollprósentan verið lækkuð verulega frá því, sem hún reyndist vera á þessu ári, en þá var hún 31%, en samkv. útreikningum nú mundi tollprósentan vera um 25%, þ. e. meðaltollprósentan miðað við innflutningsáætlun þá, sem hér liggur fyrir. Eins og ég áður tók fram, teljum við, að hér sé ekki um raunhæfa áætlun að ræða, heldur sé áfram byggt á þeirri stefnu hæstv. ríkisstjórnar að hafa verulegan greiðsluafgang, sem hún geti ráðstafað að eigin vild, eins og verið hefur undanfarandi ár. Það hefur sýnt sig, að þó að greiðsluafgangur hafi verið hjá hæstv. ríkisstj., hefur hann ekki safnazt fyrir, heldur hefur ríkisstj. notað hann til þess að lengja lífdaga sína með alls konar ráðstöfunum, sem enga hagnýta þýðingu hafa haft fyrir efnahagskerfi þjóðarinnar.

Þá vil ég vekja athygli á því í sambandi við tekjuáætlunina, að þrátt fyrir það, að aðflutningsgjöldin hafi verulega verið lækkuð, er gert ráð fyrir því, að söluskatturinn, sá tekjustofn haldi sér, eins og gert var ráð fyrir í áætlun Efnahagsstofnunarinnar. Þær till., sem við gerum hér til útgjalda í sambandi við fjárlagafrv., eru byggðar á því, sem við lýstum sem okkar stefnu hér við 2. umr., eins og ég hef áður vikið að, að fjárveitingar til fjárfestingar á árinu 1968 héldu framkvæmdamætti sínum miðað við fjárlög 1967. Þeir liðir, sem við höfum hér tekið til meðferðar, eru í fyrsta lagi

skólarnir. Þar leggjum við til, að á árinu 1968 verði lögð til hliðar 25 millj. kr. fjárveiting, sem notuð verði í skólabyggingar, þegar framkvæmd þeirra hefst eftir nýju l. Eins og kunnugt er, hefur nú við þessa fjárlagaafgreiðslu ekki verið farið eftir nýju skólakostnaðarlöggjöfinni, heldur er frestað framkvæmdum hennar í sambandi við byggingu skóla á árinu 1968. Eins og ég tók fram við 2. umr. fjárlagafrv., kom það fram í umr. hér á s. l. vori um þessa löggjöf, að gert var ráð fyrir því, að þessum lið skólakostnaðarl. yrði frestað, vegna þess að undirbúningur að þeirri framkvæmd, eða tími til undirbúnings væri ekki nægur. Hins vegar var alveg gert ráð fyrir því, að reksturinn yrði greiddur eftir nýju l. ekki síðar en í byrjun næsta árs. Ég verð því að segja það, að ég mun ekki gera sérstaka aths. við það, þó að þessi löggjöf komi ekki til framkvæmda í sambandi við stofnkostnað skólanna, vegna þess að undirbúningi er þar ekki lokið, svo sem gert er ráð fyrir í l. Hins vegar er það ljóst, að til þess að mæta löggjöfinni þarf aukið fé frá því, sem nú er, og þess vegna leggjum við til, að lagðar séu til hliðar 25 millj. kr. vegna framkvæmda í barna- og unglingaskólum á árinu 1969. Okkur er það ljóst, að hér er um lága fjárhæð að ræða miðað við þörfina. Þó er þetta um 25% af þeirri fjárhæð, sem til þessara bygginga gengur á árinu 1968, og kæmi því að liði, ef þessi till. yrði samþ. Okkur er það líka ljóst, að með því að leggja þessar 25 millj. kr. til hliðar, væri hægt að lána hluta af þeim til framkvæmda á árinu 1968, sem yrði svo endurgreitt með fjárveitingum 1969, og kæmi það því skólunum vel að liði. Við leggjum því mikla áherzlu á það, að þessi till., ásamt annarri till. í sambandi við skólamálin og fleiri framkvæmdaliði, sem ég geri grein fyrir síðar, verði samþ., til þess að það mætti auðvelda framkvæmd skólakostnaðarlaganna á næsta ári og hægt verði að gera þá stórt átak í því að koma í framkvæmd þeim mörgu nauðsynlegu skólabyggingum, sem nú bíða eftir að fá framkvæmdafé.

Þá höfum við lagt til að hækka fjárveitingu til raforkuframkvæmda í sveitum um 10 millj. kr. Eins og kunnugt er, var þessi fjárveiting lækkuð um 10% á s. l. ári, og gert er ráð fyrir, að sá niðurskurður haldist einnig á árinu 1968, og það þýðir 5 millj. kr. lækkun frá því, sem gert var ráð fyrir í fjárveitingu 1967, og nokkuð meira að framkvæmdamætti miðað við þær breytingar, sem orðið hafa á gengi ísl. krónu, og aukinn kostnað síðan fjárl. fyrir 1967 voru afgreidd. Hér er því um að ræða fjárhæð, sem er lítið eitt hærri að framkvæmdamætti heldur en fjárveitingin 1967 var, og þó e. t. v. ekki, þegar dæmið er fullkomlega gert upp. Það er líka öllum kunnugt, að hér er um verkefni að ræða, sem er nauðsynlegt að fara að leysa að fullu, og gerum við till. um sérstakan framkvæmdarhátt á lausn þessara mála í annarri till. á sama þskj. 189. Þá leggjum við til að hækka fjárveitingu til jarðhitasjóðs um 5 millj. kr., og þrátt fyrir þessa till. okkar er um lægri fjárhæð til þessa sjóðs að ræða heldur en var á yfirstandandi fjárl. Hér er einnig um brýn verkefni að ræða, sem sjóðurinn getur ekki sinnt vegna fjármagnsskorts og leggjum við til, að úr því verði bætt.

Þá er á 4. lið í till. okkar gert ráð fyrir því að veita til húsnæðismálanna 50 millj. kr. Það hafa oft á hv. Alþ. farið fram umr. um húsnæðismálin og hvernig hæstv. ríkisstj. og fyrri ríkisstj. hafa að þeim staðið. Út í þær deilur ætla ég ekki að fara að sinni, en vil minna á það í sambandi við framkvæmd síðari ára, að á valdadögum núv. valdhafa hafa verið á þjóðina lagðir nýir skattar til tekna fyrir byggingarsjóð ríkisins og man ég þar eftir tveimur, sem er launaskatturinn og hækkun á eignarskatti, og nema þessar tekjur um 150 millj. kr. Þess vegna væri ástæða til að ætla, að nú væri betur að þeim málum staðið heldur en áður hefur verið.

Nú mun það fjarri því, að svo sé, og hefur mjög gengið á hinn verri veg einmitt á þessu ári og útlitið í fjáröflunarmálum fyrir þá, sem í byggingum standa nú, er hreint ekki bjart. Okkur er það ljóst, að hér er um að ræða lítið brot af því fjármagni, sem þarf til að leysa úr lánaþörf húsbyggjenda. Við gerum ráð fyrir því, að þessar 50 millj. kr. gangi í byggingarsjóð ríkisins og verði lánaðar til einstaklinga, sem í byggingum standa, en þær gangi ekki til framkvæmdaáætlunarinnar, sem hefur gengið mjög inn á lánamöguleika húsnæðismálastjórnar.

Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fyrir hendi, var það svo um umsóknir þær, sem fyrir lágu hinn 15. marz 1967, að af þeim hafa 600 hlotið afgreiðslu með fyrirheiti um, að útborgun fari fram eftir 1. maí 1968, eða meira en ári eftir að þær komu fram, þessar umsóknir. En til viðbótar þessum umsóknum eru 800 umsóknir, sem engin fyrirheit hafa fengið um afgreiðslu á sínum beiðnum, og hvað hefur borizt til húsnæðismálastjórnarinnar eftir 15. marz 1967, er mér ókunnugt um. Upplýsingar um það hef ég ekki getað fengið. En af þessu er ljóst, að hér er mikil þörf úrlausnar og af þessu er ljóst, að sennilega hefur aldrei horft verr um að leysa þessi mál heldur en einmitt nú. Þess vegna treystum við því, að hv. alþm. ljái þessu máli lið og hæstv. ríkisstj. taki betur á heldur en hér er lagt til, til þess að leysa þetta mál á sæmilegan hátt. Það er ljóst þeim, sem til þekkja, að þau lánin, sem að beztum notum hafa komið fyrir hinn almenna borgara á síðari árum, eru lán, sem byggingarsjóður verkamanna hefur veitt. Við leggjum til, að fjárveiting til þess sjóðs verði hækkuð um 5 millj. kr., svo að hægt sé að örva að litlu leyti þá starfsemi, þá nauðsynlegu starfsemi, sem þar fer fram. Okkur er það einnig ljóst í þessu tilfelli, að lítið er að gert, en eins og ég gat um í upphafi, eru till. okkar miðaðar við þá heildarstefnu, sem mörkuð var við 2. umr. um, að fjárfestingarframkvæmdirnar væru svipaðar að framkvæmdamætti og gert var ráð fyrir við fjárlagaafgreiðslu 1967. Þess vegna höfum við verið svo mjög hófsamir um tillögugerð, enda mun hún ekki vera nema um 2% af heildarútgjöldum fjárlaga. Þá höfum við í sambandi við þessar till. okkar lagt til, að félagsleg samtök í landinu, sem notið hafa

lítils háttar ríkisstyrks, haldi í að einhverju leyti við hækkun fjárl. Með ört hækkandi fjárl. ár frá ári hefur fjárhæða þeirra, sem þessi félagssamtök hafa notið, gætt lítið, bæði á fjárl. ríkisins og einnig í framkvæmdum eða starfsemi þessara félagasamtaka. Okkur er það ljóst, að það er mikil hætta á ferðum, ef ríkisvaldið sinnir ekki frjálsum félagssamtökum fólksins í landinu, og léttir ekki undir starfsemi þessa fólks með lítils háttar fjárveitingu. Á þessa tillögugerð okkar ber að líta sem þakklætisvott vegna þessarar starfsemi, og það ber að líta á þetta sem viðurkenningarvott ríkisvaldsins til starfseminnar og örvun um að halda henni áfram. Einn af þeim liðum, sem við flokkum undir þetta er starfsemi elliheimilanna í landinu. Þessi starfsemi hefur farið mjög í vöxt á síðari árum og fer vaxandi vegna þeirra breytinga, sem orðið hafa í þjóðlífinu og oft hafa verið ræddar hér, að þjóðin nær nú hærri aldri heldur en áður hefur verið og einnig það, að háttur heimilanna hefur breytzt á þann veg, að ekki er eins auðvelt fyrir fullorðna fólkið og það sækir ekki í það eins og áður var að dvelja þar í ellinni. Af þessum ástæðum hefur starfsemi elliheimilanna farið vaxandi. Fjárhagslegur stuðningur ríkissjóðs við þessi heimili hefur farið ört minnkandi með hækkandi fjárl. og minnkandi gildi krónunnar. Við höfum því gert till. um, að þessi starfsemi verði styrkt lítils háttar í hlutfalli við breytt verðlag frá því að síðast var breytt fjárveitingum til hennar. Sama er að segja um starfsemi eins og sumardvalarheimilanna og starfsemi mæðrastyrksnefndanna, sem hefur verið frjáls félagsstarfsemi fólksins, þar sem unnið hefur verið mikið og gott verk. Enn fremur höfum við lagt til að hækka nokkuð byggingarstyrk til dagheimilanna, sem eru óðum að færast í vöxt í þéttbýlinu, m. a. vegna þess að húsfreyjurnar eru nú farnar að starfa meira utan heimilis en áður hefur verið og þörf fyrir vinnu konunnar til tekjuöflunar, ef hægt er að koma því við, hefur líka færzt í vöxt miðað við núverandi launastiga og þörf fyrir tekjur.

Þá höfum við í till. okkar fylgt því, sem áður hefur verið hér á undanförnum þingum í sambandi við fjárveitingu ríkissjóðs til vegamála. Ég hef að vísu endurtekið það hér á þingum áður og verð að gera það einu sinni enn þá, að það fyrirheit eða það samkomulag, sem gert var við afgreiðslu vegalaganna haustið 1963, hefur því miður ekki verið haldið, en það var þess efnis, að 47 millj. kr. skyldi vera minnsta framlag, sem á fjárl. ríkisins yrði veitt til vegamála. Nú er mér það ljóst, að þetta mál er á margan hátt orðið leiðindamál, og ég tel það miður farið, að hæstv. samgmrh. skyldi í raun og veru vera þröngvað til þess, að ég tel, að láta af þessu samkomulagi. Ég skal ekki þreyta hv. alþm. með langri umr. um þennan þátt í till. okkar, en vil nú leggja það til og treysta á það, að hæstv. ríkisstj. komi þessu leiðindamáli út úr heiminum með því, að á næsta fjárlagafrv. verði þessi fjárveiting tekin upp aftur. Það er algerlega misráðið að framkvæma samkomulag, eins og hér hefur verið gert. Það er engum til sóma og öllum til leiðinda, og þess vegna eigum við ekki að vera að bítast hér á hv. Alþ. um ekki stærri fjárhæð en þetta, og þess vegna treysti ég því, að hæstv. ríkisstj., hæstv. samgmrh. og hæstv. fjmrh., sjái það við næstu afgreiðslu, að hér þarf bara að leiðrétta hlut og taka þessar 47 millj. kr. inn á fjárlög aftur. Við höfum allir bezt af því, að þannig verði að málum staðið og vegur hv. Alþ. vex við það og ég undirstrika það, að ég treysti því, að enn þá einu sinni þurfi ekki að minna á þetta atriði.

Í tillögugerð okkar að þessu sinni höfum við flutt hér tvær heimildartill. Fyrri heimildartill. er þess efnis, að ríkisstj. sé heimilt að taka lán til þess að greiða á næstu þrem árum það, sem ríkið á nú ógreitt og kemur til með að eiga á þessum árum til framkvæmda í skólabyggingum, í sjúkrahúsum og læknisbústöðum, í hafnargerðum, til íþróttasjóðs og félagsheimilasjóðs. Hér er um fjárhæðir að ræða, sem ekki eru verulega stórar, og samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef beztar fengið, þá mun vera hér um að ræða fjárhæðir, sem eru ca. 250—350 millj. kr. Með því að dreifa þessari greiðslu á næstu 3 ár — og meira að segja gæti hæstv. ríkisstj. við lántökuna dreift þessu á lengri tíma með því að endurgreiða lánið á lengri tíma heldur en þessi greiðsla á að fara fram — með þessum hætti væri viðskiptaháttur þessara mála gerður bæði einfaldari og skemmtilegri heldur en verið hefur, auk þess, sem mér er ljóst, að bæjar- og sveitarfélögum, sem hér eiga hlut að máli, væri fullkomin þörf á því, að þessi háttur væri á hafður, þar sem fjármál þessara aðila munu ekki verða of létt á næstu árum. Það er líka, að bæði í sambandi við skólakostnað og hafnargerðir er að koma til framkvæmda nýgerð löggjöf, og sömuleiðis er löggjöf um sjúkrahús og læknisbústaði nokkurra ára. Þess vegna væri það brýn nauðsyn að gera hér hreint fyrir dyrum og afgreiða þennan þátt fjármálanna á þann hátt, sem við leggjum hér til. Hér er ekki frekar en í öðrum till. okkar gengið langt í kröfum til ríkissjóðs, þar sem ríkissjóði er ætlað með lántöku að greiða þetta og þá að dreifa þessari greiðslu á 3 ár. Er þá um að ræða form, sem þekkt er frá afgreiðslu ríkisins á slíkum málum, en með því að gera þetta á þann veg, sem hér er lagt til, er málinu bæði tryggður framgangur og mikið létt fyrir ríkissjóði um afgreiðslu þess. Þá leggjum við til í 2. heimildargr., að á árunum 1968 og 1969 verði lokið við að framkvæma raflýsingu á þeim sveitabæjum, þar sem vegalengdin er 2 km eða minna, en það er það framkvæmdasvið, sem nú er verið að vinna að. Við leggjum til, að lántaka fari fram til þess að tryggja það, að þetta geti átt sér stað á þessum tveimur árum og ríkissjóður annist þá lántöku, en héruðin séu ekki að leggja það til, eins og nú er farið að gera í ríkum mæli. Hér mun vera að ræða um 650—700 sveitabæi frá því, sem það er í dag, og heildarkostnaður við þessar framkvæmdir mun vera lauslega áætlaður um 150 millj. kr. Það þýðir, að lántaka sú, sem ríkissjóður yrði að inna af hendi umfram þær fjárveitingar, sem veittar

væru á þessum tveimur árum, væri um 100 millj. kr. Það er enginn vafi á því, að mikla nauðsyn ber til, að nú þegar verði farið að marka ákveðna stefnu um lok á þessari framkvæmd, bæði að hraða lagningu á þessa bæi, sem þegar er ákveðið að leggja á, og enn fremur, að ákvörðun verði um það tekin, hvað línulögnin frá samveitum eigi að ganga langt, miðað við vegalengdir bæja á milli. Og enn fremur í leiðinni að ákveða, á hvern hátt eigi að leysa rafmagnsþörf þeirra sveitabýla, sem þá eru eftir og ekki er talið, að nái til samveitna, eins og venjulega er talað um. Þetta mál, sem hér er á ferðinni, er hvorki erfitt í framkvæmd eða á neinn hátt það stórt, að það væri fráleitt fyrir ríkisstj. að beita sér fyrir því að leysa það á þann hátt, sem við leggjum til. Hins vegar mundi það verða til þess að koma máli, sem mikið áhugamál er þeirra, sem ekki njóta rafmagns, koma því í höfn, og ríkisvaldið mundi létta af sér þeirri ásókn, sem nú er í sambandi við þetta mál. Ég endurtek það, að það er mikill misskilningur að halda, að hér séu einhverjir erfiðleikar á ferðinni, sérstaklega, sem mundi vera ofraun ríkisstj. að leysa á tveimur árum.

Herra forseti. Ég hef nú í ræðu minni hér að framan gert grein fyrir þeim brtt., sem við flytjum hér, minni hl. fjvn., á þskj. 189. Ég hef sýnt fram á það í ræðu minni, að hér er mjög stillt í hóf og innan þess ramma, sem við lögðum við 2. umr. um, að framkvæmdamáttur fjárins yrði svipaður og gert var ráð fyrir við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1967. Ég hef einnig sýnt fram á það, að með þessari afgreiðslu erum við einnig innan þess ramma, að eins verulega verið dregið úr skaðvænlegum áhrifum gengisbreytingarinnar með tollalækkunum, niðurgreiðslum og öðrum ráðstöfunum, eins og við keppum að, að gert verði.

En að lokum vil ég segja það í sambandi við það fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir við 3. umr., að það, sem einkennir það, er algerlega óbreytt stefna frá því, sem verið hefur við fjárlagaafgreiðslu undanfarandi ára, stefna, sem gerir það að verkum, að þrátt fyrir síhækkandi fjárlög er ekki rúm fyrir eðlilega þátttöku ríkisins í uppbyggingu í landinu. Með áframhaldi þeirrar stefnu mun það og sýna sig sem fyrr, að hversu mikið sem tekjur ríkissjóðs vaxa, eykst tekjuþörfin vegna útþenslu ríkiskerfisins. Því aðeins getur meira olnbogarúm komið fyrir þátttöku ríkissjóðs í uppbyggingu í landinu og heilbrigða efnahagsstefnu, að breytt verði um stjórnarstefnu frá því, sem áður hefur verið.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, fyrst og fremst til að þakka hv. n., og þá fyrst og fremst meiri hl. hennar, fyrir starf sitt, sem nú er á enda, eftir að það hefur verið áreiðanlega óvenjulega fjölþætt og vandasamt í þetta sinn, þar sem orðið hefur að endurskoða fjárlagafrv. að verulegu leyti og við margvíslega erfiðleika að etja, sem alltaf verður að sjálfsögðu, þegar gersamlega er breytt um form, svo sem hér er nú í þetta sinn varðandi fjárlögin. Það má því teljast vera afrek í rauninni að hafa þokað málum það áleiðis, að við stöndum andspænis því að geta afgreitt fjárlög fyrir áramót.

Svo sem ég gat um við 2. umr. fjárl., er það meginsjónarmið ríkisstj. að reyna að nota allt það fjármagn, sem tiltækilegt er, til að mæta kjaraskerðingu þeirri, sem hlýtur óhjákvæmilega að leiða af gengisbreytingunni. Og því hefur verið leitazt við eftir föngum að takmarka útgjöld á öllum sviðum svo sem unnt hefur verið. Engu að síður er, eins og hv. þm. sjá, lagt til að gera verulegar hækkanir á ýmsum framkvæmdaliðum og þá fyrst og fremst fjárveitingu til hafnargerða og skólabygginga. Hér er um að ræða þær framkvæmdir, sem þyngst liggja á ríkissjóði og hvíla á hv. þm. flestum hverjum, og því ekki að undra, þó að hafi orðið óumflýjanlegt að gefa nokkuð eftir spottann á þessu sviði. Ég ítreka það, sem hv. frsm. fjvn. sagði, og sem ég tel vera mjög mikilvægt spor, sem nú er stigið að breyta fjárveitingum til hafnargerða á þann hátt að miða nú fjárveitingarnar við það, sem raunverulega er gert ráð fyrir, að verði kostnaðarhluti ríkissjóðs á næsta ári. Hingað til hefur þetta verið með þeim hætti, eins og hv. þm. vita, að það hafa verið veittar aðeins smáfjárveitingar, oftast nær ekki farið yfir 500—700 þús. kr. á hverja höfn, og þessu dreift út um allt með þeim afleiðingum, að sveitarfélögin hafa orðið að sjá fyrir því, sem á hefur vantað, ekki aðeins sínum framlögum, heldur einnig ríkishlutanum, með þeim afleiðingum, að nú í dag munu það vera um 70 millj. kr., sem safnazt hafa fyrir af vangoldnum ríkisframlögum. Að því þarf að stefna á næstu árum, að framkvæmdir verði með þeim hætti, sem nú er gert ráð fyrir, að ekki verði framkvæmt meira árlega en svarar fjárveitingum ríkisins og þeim eðlilegu mótframlögum sveitarfélaganna og síðan verði á nokkurra ára tímabili leitazt við að greiða þann halla, sem myndazt hefur. Þetta er í samræmi við þá grundvallarhugsun, sem mörkuð hefur verið á fleiri sviðum og felst í frv. því, sem lagt var fyrir síðasta Alþ. um undirbúning framkvæmda á vegum ríkisins og sem ætlunin er að leggja fyrir framhaldsþingið, þegar það kemur saman aftur, að unnið verði að málum á þennan hátt. Það er gert ráð fyrir því sama í l. um skólabyggingar. Engu að síður hefur ekki verið talið auðið að láta þau lög taka gildi á næsta ári, vegna þess mikla vanda, sem hér er við að glíma, og þess geysimikla fjármagns, sem þarf til þess að mæta því vandamáli. Það verður allt að kannast náman, en enda þótt það hafi ekki verið gert, sjá hv. þm., hvað hér er um mikinn vanda að ræða, að það hefur þó engu að síður verið talið óumflýjanlegt að hækka mjög verulega fjárveitingar til skólabygginga.

Hv. minni hl. n. telur rétt að beina verulegum hluta af því fjármagni, sem til ráðstöfunar kann að vera til að mæta erfiðleikum af völdum gengisbreytingarinnar, inn á framkvæmdaliðina, þ. e. a. s. hækka mjög verulega ýmis útgjöld til einstakra framkvæmda, sem vissulega eru allra góðra gjalda verðar, en hér verð-

ur ekki bæði haldið og sleppt. Það er ekki í senn hægt að verja fé því, sem til ráðstöfunar verður, til alls konar fjárfestingar og einnig að mæta þeim vandamálum öðrum, sem rætt hefur verið um að reyna að mæta til að létta byrðar gengisbreytingarinnar. Af þessum sökum tel ég ekki með nokkru móti auðið að fallast á þær till., sem hér eru lagðar til af hv. minni hl. Ekki heldur þær hugleiðingar minni hl. um að taka nú á næsta ári lán til þess að borga allar hugsanlegar skuldir eða framlög til ýmissa framkvæmda, sem sameiginlegar eru á vegum sveitarfélaga og ríkis. Þar er um að ræða útgjöld eða lántökuheimildir, sem, ef ætti að nota þær að fullu, mundu velta á hundruðum millj. Það kann að vera, að hv. minni hl. telji, að það sé ekki mikill vandi að afla fjár í þjóðfélaginu, en ég hygg nú, að öllum hv. þm. sé það vel ljóst, hversu að hefur þrengt af eðlilegum ástæðum með fjármagn í þjóðfélaginu um sinn, og þess vegna er þetta áreiðanlega ekki rétta stundin til þess að halda, að það sé einfalt mál að fá hundruð millj. að láni til slíkra hluta, auk þess sem hér er ekkert um neina eðlilega ráðstöfun að ræða, vegna þess að í flestum þeim sérlögum, sem gilda um þessar fjárveitingar, bæði vegna skólabygginga, sjúkrahúsa og læknisbústaða, er ákveðið, með hvaða hætti þetta skuli greitt, þannig að raunverulega er hér ekki orðið um að ræða neinar vangreiðslur af hálfu ríkissjóðs í þessu sambandi.

Ég hef áður skýrt frá því, að það þótti nauðsynlegt við undirbúning fjárl. að taka inn í fjárlagafrv. ýmsa fjárfestingarliði, sem fjár hefur verið aflað til með lántökum á liðnum árum, einmitt vegna þess að það er alveg ljóst, að það mun þrengja mjög um að fá lán á næsta ári. Og ég álít, að það sé mjög varhugavert, m. a. með hliðsjón af afkomu atvinnuveganna og lánsfjárþörf þeirra, að ætla að ganga of langt inn á þá braut, að ríkisvaldið fari nú að taka hundruð millj. til viðbótar því, sem áður hefur verið gert, út úr bankakerfinu til sinna þarfa. Þetta held ég, að mundi reynast mjög erfitt, ef samtímis ætti að leysa vanda atvinnuveganna og þá erfiðleika, sem þeir standa andspænis.

Frá því hefur verið skýrt af hálfu formanns fjvn., að í fjárlagafrv. nú eða í sambandi við það eru tvennar aðgerðir, sem hefur verið ákveðið að beita til þess að vinna gegn þeim erfiðleikum, sem gengisbreytingin skapar, annars vegar, og sem er aðalatriðið, eru tollabreytingar, en við vonumst til að geta varið 230—250 millj. kr. til þeirra aðgerða, sem vissulega geta haft mikilvæga þýðingu til þess að lækka vöruverð. Í annan stað hefur verið ákveðið að greiða niður þá verðhækkun, sem verður á mjólk og hlýtur að koma til miðað við gengisbreytinguna, og hluti þeirrar verðhækkunar kom til framkvæmda, eða átti að koma til framkvæmda nú, þessa dagana og annar hluti hækkunarinnar mun koma til framkvæmda upp úr næstu áramótum. Og það er ætlunin að greiða báðar þessar hækkanir á mjólk niður. Eldri niðurgreiðslur munu standa áfram með þeim hætti, sem gert hefur verið ráð fyrir, enda hefur afleiðingum niðurfalls niðurgreiðslnanna verið mætt með þeim visitöluuppbótum, sem voru veittar á laun 1. des. Þetta er önnur sú ráðstöfun, sem áformað hefur verið að grípa til til að koma í veg fyrir verðhækkanir, og hafa verið áætlaðar 50 millj. kr. til þess að mæta þessum hækkunum, en óhætt er vafalaust að segja, að mjólk er ein sú nauðsynjavara, sem hvað mest snertir heimilin, og því mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir, að um frekari hækkun verði að ræða á henni að sinni.

Í þriðja lagi hefur komið til álita, — það er enn í athugun og verður ekki niðurstaða fengin í því efni fyrr en á framhaldsþinginu eftir

Í þriðja lagi hefur komið til álita, — það er millifærsla eða tekjutilfærsla með einhverjum hætti, annaðhvort í sambandi við fjölskyldubætur eða persónufrádrætti í skatti. Það mál er enn í athugun og verður niðurstaða þess ljós, þegar Alþ. kemur saman að nýju, en það er m. a. ástæðan til þess, að ekki hefur í sambandi við ellilífeyri og örorkubætur verið gerð nein till. á þessu stigi um breytingar á fjölskyldubótum.

Þetta taldi ég rétt að kæmi hér fram við þessa umr., þannig að það lægi ljóst fyrir, að hverju væri stefnt í þessu efni í sambandi við fjármál ríkisins og þær aðgerðir, sem hugsanlegar væru til þess af þess hálfu að beina fjármagninu í þær áttir að létta áhrif gengisbreytingarinnar. Þegar hefur verið ákveðið að borga 10% uppbætur á ellilaun og örorkulífeyri, þannig að ekki verður um neina kjaraskerðingu að ræða hjá því fólki, sem eingöngu hefur framfæri sitt af þeim tekjum, sem er auðvitað eðlilegt, þar sem það er það fólk, sem almennt séð hefur minnstu greiðslugetu í þjóðfélaginu.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara fleiri orðum um málið að svo stöddu, nema frekara tilefni gefist til, en endurtek þakkir mínar til hv. fjvn. fyrir, hversu vel og rækilega hún hefur unnið að því, að hægt væri að afgreiða fjárlög fyrir áramót, þrátt fyrir þá margvíslegu erfiðleika, sem hún hefur átt við að etja.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða almennt um fjárlagafrv. eða einstaka liði þess, en mæla hér fyrir örfáum brtt., sem við flytjum fjórir saman, þm. af Austurlandi, ég og hv. þm. Lúðvík Jósefsson, Páll Þorsteinsson og Vilhjálmur Hjálmarsson.

Það er fyrst brtt. á þskj. 171, I. lið, c-undirlið um skóla. Að þar verði bætt inn fjárveitingu til barnaskólabyggingar að Búðum í Fáskrúðsfirði, 250 þús. kr., þ. e. a. s. til undirbúnings því verki og til þess að sá skóli fái sæti á fjárl. Það er ekki farið fram á meira. En þannig er ástatt á þessum stað, að skólinn er orðinn óhæfur, má segja. Þar hefur fjölgað börnum og mikil framþróun er þar í plássinu með auknu atvinnulífi og fólksfjöldi vaxandi og orðið mjög aðkallandi að hefjast handa um nýja barnaskólabyggingu.

2. till. er við 4. gr. og 5. gr. Það eru tvær brtt. saman, en þær eru báðar um sama efni. Formsins vegna verða þær að vera tvær. Þær eru um, að 500 þúsund kr. verði veittar til þess að gera laxastiga í Lagarfossi í Lagarfljóti. Eng-

inn lax er fyrir ofan fossinn, en vatnasvæðið talsvert mikið að Lagarfljótinu. Mundi verða stórfelldur búhnykkur fyrir allt Austurland, ef það tækist að fá laxgengd í Lagarfljót og árnar, sem í það falla. Það var fyrir nokkuð löngu síðan gerð tilraun í þessa átt og gerður laxastigi, en hann reyndist ekki heppilega byggður og hefur ekki komið að neinum notum. Þarna er veiðifélag, en að sjálfsögðu mun það ekki hafa bolmagn til þess að gera þetta óstutt frekar en aðrir, þar sem líkt stendur á. Fjárveiting er af svo skornum skammti í fjárlagafrv. í þessu skyni, að litlar horfur eru á, að nokkuð fengist til laxastigabyggingar í Lagarfossi, ef engu verður breytt frá því, sem nú hefur verið gengið frá þeim málum. Því höfum við leyft okkur að leggja fram þessa brtt. um að bæta inn sérstökum lið, 500 þús. kr.

Þá er brtt. við 4. gr. um fjárveitingar til þess að byggja nýja flugvelli og lagfæra og endurbæta þá, sem fyrir eru, og leggjum við til, að þessi liður verði hækkaður um 5 millj. kr. Þannig er ástatt um þennan lið, að hann er með öllu ófullnægjandi, eins og ég veit, að hv. fjvn.-menn gera sér ljóst, því að þeir hafa fengið glöggar upplýsingar um þessi mál, veit ég, frá flugmálastjórninni. Sérstaklega hvílir þetta þungt á okkur Austfirðingum, vegna þess að flugvellir okkar eru mjög ófullkomnir allir, en umferð ákaflega mikið vaxandi og meira vaxandi þar en nokkurs staðar annars staðar, og leiðir það af því, hversu atvinnulíf hefur eflzt á Austurlandi á síðustu árum, vegna þess hvernig síldin hefur hagað göngu sinni. Þangað streymir mikill mannfjöldi á sumrin og haustin, eins og kunnugt er. Þetta er aðkomufólk, sem þarf að komast fram og til baka, og látlaus straumur sjómanna af fiskveiðiflotanum, sem er að fara í leyfi og erinda sinna heim og svo til skips og með hin margvíslegustu erindi að ferðast fram og aftur. Það kemur sér því ákaflega illa, hvernig ástatt er um flugvellina, og vil ég fara nokkrum orðum um hvern þeirra, en við hugsum okkur, að þeir nytu góðs af þessari fjárveitingu, ef hún fengist hækkuð um þessa fjárhæð.

Ég vil fyrst nefna Vopnafjörð. Þannig er ástatt á Vopnafirði, að byggðin er mjög einangruð, því að marga mánuði ársins er nálega ekki um neinar aðrar samgöngur að ræða, síðan strandferðum hrakaði svo mjög sem raun er á orðin, en fara um loftið. Vegir eru þannig og aðstaða öll, að þeir lokast að vetri til. Þarna er að vísu flugvöllur, en allsendis ófullnægjandi, og ber brýna nauðsyn til að lengja flugbrautina og bera rækilega ofan í völlinn.

Neskaupstaður er eins og kunnugt er vaxandi kaupstaður og mikið framleiðslupláss, en einangraður landmegin marga mánuði ársins vegna þess, hve hár fjallvegurinn er, sem að honum liggur, og þá litt á aðrar samgöngur að stóla. Fjallvegurinn er á milli Neskaupstaðar og aðalflugvallarins á Austurlandi á Egilsstöðum. Þarna verður því að hafa sérstakan flugvöll, sem hefur verið byggður. En það er sama um hann að segja og svo marga aðra, að það ber brýna nauðsyn til að lengja flugbrautina, og þar vantar einnig öryggistæki mjög tilfinnanlega. Flugskýli hefur verið sett þar upp, en fátækt flugmálastjórnarinnar var svo mikil, að hún gat ekki lagt neitt í flugskýlið, þó að það væri hennar skylda að koma því á fót, og urðu byggðarmenn sjálfir að koma flugskýlinu upp, og skuldar flugmálastjórnin þeim andvirðið.

Þá er það Egilsstaðaflugvöllur, sem er aðalflugvöllurinn fyrir Austurland. Hann er orðinn svo mikill liður í samgöngukerfi landsins, að þangað koma og þaðan fara fleiri í lofti en nokkurs staðar annars staðar að fráskildum Reykjavík og Akureyri. Hann er þriðji mesti umferðarvöllur landsins. En ástatt er þannig á þessum stað, að þar vantar flugstöð. Að vísu er hún nú langt komin, búið að starfa að henni í nokkur ár. En ástandið hefur verið þannig undanfarið, að það hefur orðið að afgreiða farangur farþeganna úti. Það hefur ekki verið hægt að koma við slíkri afgreiðslu nema að litlu leyti inni og sjá allir, þvílíkt neyðarástand það er. Nú er að rætast úr þessu nokkuð með flugstöðina, sem þó er eftir að greiða síðasta áfangann af. En þá kemur næst að byggja upp norðurenda flugbrautarinnar, sem er með öllu ófullnægjandi, þarf að lengja flugvöllinn til norðurs, rifa endann upp og gera hann úr betra efni, miðað við það, hversu myndarlegar flugvélar eru nú komnar í notkun.

Þá vil ég nefna Hornafjarðarflugvöll, sem er nýlegur í Árnaneslandi, en var áður fyrir sunnan fljótið, bráðabirgðavöllur, sem lagður var niður fyrir tveimur árum og þessi tekinn í notkun, og var það mikil endurbót. En það er sama sagan, að þar er ekki um mikið meira en hálfklárað verk að ræða. Það þarf að lengja aðalbrautina og styrkja hana. Þá er þar nánast engin flugstöð, þar vantar líka ljósabúnað, sem veldur stórkostlegum vandkvæðum, eins og nærri má geta. Það eru því talsvert stórfelldar framkvæmdir enn eftir þarna, svo að vel sé fyrir öllu séð.

Loks nefni ég flugvöllinn á Fagurhólsmýri í Öræfum. Það hefur orðið að leggja niður ferðir í Öræfin með hinum nýtízkulegri vélum, vegna þess að völlurinn þolir ekki þessar vélar. Það þarf að malbera brautina til þess að svo megi verða. Það má nærri geta, hvernig þetta kemur sér, því fólkið þarna hefur fram að þessu mest nú um æðilanga hríð treyst á flugsamgöngur, einnig varðandi vöruflutninga sína. Svo er þess að gæta, að í þetta byggðarlag er sívaxandi ferðamannastraumur, eins og eðlilegt er. Og nú er kominn þjóðgarður í Öræfin, sem betur fer, og vex þá vonandi enn ferðamannastraumurinn í þetta byggðarlag, ef sæmilega er fyrir öllu séð. Þarna er því brýn þörf framkvæmda.

Nú mega menn heyra á því, sem ég hef sagt með fáum orðum um þessa 5 flugvelli, fyrir utan annað smærra, sem mætti nefna, að það er ærin þörf fyrir verulegar úrbætur í þessu efni í þessum landshluta, og það ætla ég, að þeim þm. sé ljóst, sem hafa kynnt sér þessi málefni, t. d. rætt við flugmálastjórnina, sem ég býst við, að flestir þm. hafi gert vegna sinna héraða og

bera þá vitneskju, sem þeir hafa fengið þar, saman við fjárveitinguna, sem fyrirhuguð er í fjárl., að brýn nauðsyn sé á því að hækka þessa fjárveitingu, og jafnvel kannske fáar fjárveitingar fjárl. brýnni.

Ég leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessar till. skrifl., en þær hafa líka farið í prent. Ég tók þann kost að mæla fyrir þeim strax, þó að þær væru ekki komnar prentaðar, til þess að flýta fyrir. Og vona ég, að málin gjaldi þess ekki.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef hugsað mér að segja hér nokkur orð um menningarmál og vildi þá mjög óska þess, að yfirmaður þeirra mála, hæstv. menntmrh., væri í kallfæri við mig. Ég vil því fara fram á það við hæstv. forseta, að hann geri mér þann greiða að kanna, hvort hæstv. menntmrh. er hér svo nærstaddur, að það sé hægt að hafa samband við hann til að vita, hvort hann gæti verið í sínu sæti hér á Alþ. um stund. Ég get nú raunar aðeins byrjað mína ræðu, því að það er hér inngangur, sem ekki snertir þann sérstaka ráðh. sérstaklega.

Fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, er að þessu sinni í nýju formi. Þetta er mikil bók, upphaflega 227 blaðsíður. Hópur valinna þm. er búinn að fletta bókinni í nokkrar vikur og kynna sér efni hennar. Það verð ég að segja, að þeim mönnum er ekki fisjað saman, ef þeir eru búnir að læra kverið. Meiri hl. af þessu stóra riti hefur að geyma sundurliðun á þeim gjöldum, sem ætlazt er til, að ríkissjóður borgi á næsta ári. Þeir eru orðnir margir pinklarnir á Magnúsar-Skjóna og þungir, þegar þeir koma allir saman. Það er margt og af ýmsu tagi, sem má sjá í þessari bók. Í henni má m. a. sjá, að núv. hæstv. ráðh. eru miklir ferðamenn, en það er ekki nýtt í sögunni, að Íslendingar ferðist. Þeir hafa átt erindi til útlanda á öllum tímum. Í gamla daga fóru þeir allt suður til Rómaborgar á fund páfans, sem lengi var æðsti maður kirkjunnar hér á landi, og yfirstjórn landsins í veraldlegum efnum var lengi utanlands. Á þeim öldum þurftu Íslendingar að ferðast til Kaupmannahafnar á fund kóngsins og annarra stjórnarherra. Nú er stjórnin komin inn í landið, en þó telja menn sig oft eiga erindi til annarra landa. Fyrr á öldum voru ferðalög til útlanda ákaflega erfið. Þá voru menn lengi að velkjast á hafinu á seinfærum skipum, sem ekki myndu þykja nothæfir farkostir á okkar tímum. Nú er öldin önnur. Nú fara menn í loftköstum til útlanda á fáum klukkustundum. En þrátt fyrir það eru núv. hæstv. Íslandsráðh. stundum svo þjakaðir eftir ferðalögin og setur í finum veizlum, að þeir eru hálfvegis miður sín í námunda við útlendinga. Þetta er einn þátturinn í andlegri gengislækkun síðustu ára.

Margar ríkisstofnanir koma við sögu í fjárlagafrv. Ein af þeim nefnist Ríkisútgáfa námsbóka. Hennar er getið í menntamálakafla frv., eins og eðlilegt má kalla, og hún heyrir undir hæstv. menntmrh. Hann skipar stjórn fyrir stofnunina og er æðsti yfirmaður hennar. Á því ári, sem nú er senn liðið, gaf ríkisútgáfan út bók, sem ber heitið „Nútímaljóð handa skólum“. Þar birtast verk eftir tólf íslenzka höfunda, sem allir eru 20. aldar menn. Ég hef komið auga á þessa bók og mig langar til að vekja athygli á henni hér með nokkrum orðum og jafnvel lesa upp nokkrar setningar, sem hún hefur að geyma, ef hæstv. forseti vill vera svo góður að leyfa mér það. Eitt af mörgu, sem þar er prentað handa skólum, er á þessa leið:

„Hljóðlega ekur þú í þetta sinn
þungfærum gripavagni drottinn minn.
Hver er úti?“

Hvaða vagn ætli þetta sé, sem skáldið er hér að lýsa, og hvað hefur hann að geyma? Mér hefur komið í hug, að þarna væri höfundur að lýsa ferðalagi núv. hæstv. ríkisstj. Ég er þó engan veginn viss um þetta. Sumt mælir með því, að svo gæti verið, en annað á móti. T. d. fyrsta orðið „hljóðlega“, getur tæpast átt við stjórnarvagninn, því að það er mikið skrölt í honum. Hins vegar gefa orðin „í þetta sinn“ í skyn, að drottinn aki ekki vagninum að staðaldri og það getur vel átt við stjórnarvagninn, því að manni sýnist, að þar gripi annar oft í stýrið, og „þungfærum gripavagni“ getur einnig átt þar við, því að auðvitað er sá vagn þungfær, sem flytur alla hæstv. ríkisstj. og hennar hafurtask. Eins og ég sagði áðan, tel ég mig ekki geta skýrt þetta, svo að öruggt sé, og svo er um fleiri verk í bókinni. En við alþm. ættum ekki að þurfa að velkjast lengi í vafa um þessi atriði, því að við erum svo vel settir að hafa hér á meðal okkar æðsta mann ríkisútgáfunnar, sjálfan hæstvirtan menntmrh. Auðvitað hefur hann sem slíkur fullkominn skilning á þessu öllu, og ég tel víst, að hann sé fús til þess að halda ræðustúf yfir okkur og útlista þar efni ljóðanna í bókinni, ef þess verður óskað, en hann er sem kunnugt er þaulvanur ræðuhöldum.

Á einum stað í bókinni eru þessar línur: „Sannleikur. Tvær stúlkur á einhverri sæ- og sólbitinni strönd“. Svo koma níu orð innan sviga og þau eru svona: „Tjörukeimur og salts blandast heilt sumar á tungu þeirra“. Síðan er framhaldið á þessa leið, svigalaust: „Tvær stúlkur sem virtust algerlega eins og voru með öllu ósambærilegar“. Fróðlegt væri að fá skýringar hæstv. menntmrh. á þessu, og ekki síður á því, sem hér fer á eftir og er á öðrum stað í bókinni:

„Það tendrar loga í leyndinni,
allt lendir í fumi hjá greindinni
og tvennt verður eind,
og eind verður neind,
ein endileysa í reyndinni.“

Í bókinni eru líka verk, sem segja má, að ekki sé örðugt að skilja, eins og t. d. þetta:

„Svo álfamærin undurfríð og góð
varð út af þessu ljótum sorgum slegin
og sagði við Ólaf sinn:
Sjáðu nú, garmurinn.
Leiðist mér þessi leikur einhvern veginn.“

Svo er í bókinni ljóð um Maríu, sem er að flengja englabörnin smáu með stórum vendi. Það eru aðeins örfá sýnishorn af nútímaljóðum, sem ég hef birt hér. Æskilegt væri að nefna fleira af efni bókarinnar, því að margt er þar merkilegt, en við höfum skamman tíma svona rétt fyrir jólin, og ég læt þessar fáu tilvitnanir nægja í bili.

Það er gæfa hverri þjóð að hafa menntmrh., sem skilur að æskufólkið þarf að eiga þess kost að fá gott lesefni. Um síðustu aldamót komu út skólaljóð, Kvæðasafn handa unglingum til að lesa og nema, eins og sú bók var nefnd. Þórhallur Bjarnarson, síðar biskup, valdi kvæðin í þá bók og bjó til prentunar. Í henni voru kvæði eftir 22 skáld frá 18. og 19. öld. Ég og mínir jafnaldrar lásum þessi kvæði á okkar æskudögum og lærðum mörg af þeim. Það voru til sönglög við mörg af þeim; mörg af kvæðunum í skólaljóðunum, eftir innlend og erlend tónskáld og þau voru sungin af mörgum, eldri og yngri. Lögin hafa vafalaust átt mikinn þátt í því, að margir lærðu þessi góðu kvæði. Ég hef ekki heyrt nútímaljóð sungin. E. t. v. vantar sönglög við þau. Hér á landi eru til góðir sönglagasmiðir. Gaman væri að sjá framan í tónskáld, sem vildi semja lög við nútímaljóðin.

Það er fróðlegt að bera gömlu skólaljóðin, sem ég nefndi, saman við nútímaljóðin. Til þess að menn geti haft full not af skáldverkunum í hinni nýju bók, tel ég að lesendur þurfi að eiga þess kost að fá útskýringar á efni þeirra. E. t. v. hefur hæstv. menntmrh. í hyggju að láta ríkið gefa út skýringarrit með ljóðunum. Ég veit það ekki, hef ekki frétt það. Það er mikils vert, að börnin öðlist réttan skilning á því, sem þau eru látin lesa, og þar sem ljóðin eru gefin út handa skólum, þykir mér trúlegt, að strax þegar bókin kom út, hafi hæstv. ráðh. sent hana til Kennaraskólans og falið skólastjóra þess skóla að hlutast til um, að kennaraefnin, sem þar eru við nám, kynni sér skáldverkin sem bezt og búi sig undir að geta skýrt efni þeirra glögglega fyrir börnum og unglingum, sem þeir eiga að kenna, þegar þeir sjálfir hafa lokið kennaraprófi.

Það er mín skoðun, að framtak einstaklinganna þurfi að hafa hæfilegt svigrúm í okkar þjóðfélagi. Ég tel því, að vel hefði mátt lofa einkaframtakinu að fást við útgáfu og sölu á verkum hinna ungu skálda. En hæstv. menntmrh. hefur talið, að þetta ætti að vera verkefni ríkisins og ríkisstj., og hæstv. fjmrh. virðist hafa verið honum sammála um það.

Um þessar mundir eru liðin 8 ár síðan Sjálfstfl. og Alþfl. mynduðu samsteypustjórn hér á landi. Þá stóð mikið til að þeirra sögn. Gefin var út prentuð ferðaáætlun á kostnað almennings og henni dreift um landið. Samkv. þeirri áætlun ætlaði stjórnin að leiða þjóðina upp á sólroðna tinda og þar átti hún að vermast, því að nú skyldi sótt á brattann. En sú ferð var aldrei farin. Stjórnin komst ekki upp brekkuna. Hún datt aftur á bak strax við fjallsræturnar. Og hún er löngu hætt að minnast á ferðaáætlunina frægu. En þrátt fyrir það eru hæstv. ráðh. orðnir örþreyttir af amstri stjórnaráranna. Þeir þurfa að fá hvíld og þjóðin á skilið að fá hvíld frá þeirra ráðsmennsku. En þegar núv. hæstv. ráðh. hverfa úr ráðherrastólunum, þurfa þeir að fá eitthvað til að dunda við sér til dægrastyttingar. Það er till. mín, að þá sendi Ríkisútgáfa námsbóka hverjum þeirra eitt eintak af Nútímaljóðunum, sem hún gaf út 1967. Þeir geta þá skemmt sér við að lesa þau og haft það göfuga viðfangsefni að reyna að læra utan að ljóðin í þessari fallegu bók.

Núv. ríkisstj. er búin að lækka gengi íslenzku krónunnar þrisvar sinnum á valdatíma sínum. Hún segist ætla að halda óbreyttri stefnu og samkv. því ætlar hún að undirbúa fjórðu gengislækkunina. Gengislækkanir gjaldmiðilsins með stuttu millibili hafa skaðleg áhrif í efnahagslífinu. En hin andlega gengislækkun er þó öllum krónulækkunum verri.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 201,I) og brtt. 194, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Sþ., 19. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgmn. beggja d. hafa samkv. venju unnið sameiginlega að undirbúningi till. um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Hefur n. notið aðstoðar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins við það starf, en hann stendur að jafnaði fyrir öflun upplýsinga um rekstur og afkomu einstakra flóabáta og samgöngufyrirtækja.

Töluverð hækkun hefur á þessu ári orðið almennt á rekstrarkostnaði flóabátanna, í fyrsta lagi vegna tveggja verðhækkana á olíum, og í öðru lagi hlýtur gengisbreytingin að valda verulegri hækkun á rekstrarkostnaði bátanna á næsta ári. N. hefur því ekki komizt hjá því að gera till. um nokkuð hækkuð framlög til flestra flóabátanna. Þó hefur verið reynt að stilla þessum hækkunum sem mest í hóf og þá haft fyrir augum, að þessari nauðsynlegu þjónustu verði haldið uppi í þágu félags- og athafnalífs einstakra byggðarlaga. En þess er þó að geta, að fjárhagur margra flóabátanna er mjög þröngur og n. hefur á undanförnum árum ekki treyst sér til þess að verða við stöðugum kröfum þeirra um verulega hækkuð framlög. Engu að síður hefur þó tekizt að tryggja það, að þessum rekstri yrði haldið uppi og væntir n., að svo verði einnig á næsta ári á grundvelli þeirra till., sem hún gerir um styrk til einstakra báta.

Ef fyrst er litið á Norðurlandssamgöngur, kemur það í ljós að gerbreyting hefur orðið á aðstöðu Norðurlandsbátsins Drangs, sem heldur uppi ferðum um Eyjafjörð og til Skagafjarðar, við það, að akvegasamband hefur nú batnað mjög við kaupstaðina Siglufjörð og Ólafsfjörð með því, að Strákagöng hafa verið opnuð til umferðar og vegurinn um Ólafsfjarðarmúla er nú fær meginhluta árs. Þó má segja, að

ekki sé komin full reynsla á það, hversu mikið þessar samgöngubætur bæta aðstöðu þessara byggðarlaga. Gera má ráð fyrir því, að snjóalög torveldi enn sem fyrr samgöngur á landi við Ólafsfjörð og Siglufjörð, þó að veruleg umbót hafi á orðið í þeim efnum. Eigandi Drangs hafði helzt viljað hætta þessum ferðum og selja skip sitt, en hann hefur þó léð máls á því að halda áfram ferðum um farsvæði sitt samkv. eindregnum óskum byggðarlaganna, sem hann hefur þjónað. Samvinnunefndinni bárust áskoranir bæði frá bæjarstjórn Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um það, að Drangur yrði styrktur áfram með svipuðum hætti og áður, og sá n. sér ekki fært annað en verða við þeim óskum.

Það varð niðurstaða n., að hún lagði til, að styrkur til Drangs yrði hækkaður um 250 þús. kr. á næsta ári, enda haldi hann uppi ferðum um farsvæði sitt eftir þörfum og það hlýtur að fara nokkuð eftir því, hvernig hinir nýju vegir reynast, hversu lengi þeir verða opnir, hver þörf verður fyrir bátinn og þjónustu hans. En nokkur reynsla ætti þegar að fást fyrir því í vetur, hversu tryggt hið nýja akvegasamband verður við Siglufjörð og Ólafsfjörð.

Þá leggur n. til, að framlag til Strandaferða verði hækkað um 40 þús. kr. upp í 100 þús. kr. Strandabáturinn hefur s. l. tvö ár, eftir að akvegasamband skapaðist við Árneshrepp, haldið uppi ferðum síðari hluta vetrar og á vorin, þar til vegir hafa opnazt. Nú hefur þess verið óskað, að vetrarferðir frá Hólmavík norður að Gjögri og í Djúpuvík verði styrktar, en póststjórnin hefur haldið uppi ferðum á þessari leið til póstflutninga. N. féllst á þessar óskir, sem bárust bæði frá hreppsnefnd Árneshrepps og frá sýslunefnd Strandasýslu, og lagði til, að styrkurinn til Strandaferða yrði hækkaður um 40 þús. kr. og þá stefnt að því, að haldið yrði uppi skaplegum vetrarferðum frá Hólmavík og norður í Árneshrepp. Og sá bátur, sem fengist til ferðanna, héldi þá uppi fólksflutningum til viðbótar við póstþjónustu.

Þá er lagt til, að styrkur til flugsamgangna við Grímsey hækki um 10 þús. kr., en Tryggvi Helgason á Akureyri hefur haldið uppi áætlunarflugi til Grímseyjar og hefur orðið að því mjög mikil samgöngubót fyrir eyjarskeggja. Munu hafa verið farnar um 100 flugferðir þangað á þessu ári.

Þá er lagt til, að styrkur til Hríseyjarbáts hækki um 30 þús. kr., en styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda lækki úr 120 þús. kr. á þessu ári niður í 80 þús. kr. En eins og kunnugt er, hefur nú byggð lagzt niður í Flatey á Skjálfanda og flest fólkið flutt til Húsavíkur, en það hyggst dvelja áfram í eynni að sumarlagi, stunda þar sjó og búskap, þannig að nauðsynlegt er að styrkja flóabátaferðir ríflega hálft árið fyrir Flatey á Skjálfanda.

Um Austfjarðasamgöngur er það fyrst að segja, að það er gert ráð fyrir, að styrkur til Loðmundarfjarðarbáts falli niður, þar sem byggðin í firðinum er nú að mestu eydd. Aðeins einn einsetumaður dvelur þar á þessum vetri. Hins vegar leggur n. til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 25 þús. kr.

Þá leggur samvn. einnig til, að styrkur til snjóbifreiðar, sem gengur yfir Fjarðarheiði, verði hækkaður um 30 þús. kr. upp í 150 þús. kr. Ennfremur verði veittur sérstakur styrkur til snjóbifreiða, sem halda uppi ferðum um Fagradal. Er þar um nýja fjárveitingu að ræða, og leggur n. til, að veittar verði 75 þús. kr. í þessu skyni. Þessar snjóbifreiðir eiga mikinn þátt í því að halda uppi flutningum milli Egilsstaðaflugvallar og byggðarlaganna niðri á fjörðunum og eru því mjög þýðingarmiklar.

Samkv. venju er lagt til, að haldið verði áfram að veita ríkisstyrk vegna vöruflutninga til hinna hafnlausu héraða í Skaftafellssýslu. Leggur samvn. til, að styrkur til vöruflutninga á Suðurlandi, þ. e. til Vestur-Skaftafellssýslu, hækki um 85 þús. kr.

Þá er lagt til, að styrkur til vöruflutninga til Öræfa lækki um 85 þús. kr., en framlagið til vöruflutninga til Öræfa hefur á undanförnum árum aðallega verið til að greiða niður flutningskostnað með flugvélum. En með hinni nýju brú á Jökulsá opnaðist akvegasamband við Öræfasveit. Öræfingar eru nú að undirbúa þá breytingu, að loftflutningar þaðan geti fallið niður, en sláturafurðirnar verði fluttar landveg til Hornafjarðar. En þessi breyting getur þó ekki orðið á næsta ári nema að takmörkuðu leyti. Þess vegna leggur n. til, að veittar verði áfram 80 þús. kr. til vöruflutningastyrks til Öræfa.

Þá hefur n. tekið það nýmæli upp að flytja till. um smáfjárveitingu til svo kallaðs vatnadreka við Skeiðará. Leggur n. til, að það verði 35 þús. kr., en hér er um að ræða öryggistæki, sem héraðsbúar telja mjög mikils virði, að sé staðsett á þessum slóðum, fyrst og fremst til aðstoðar við bifreiðar, sem fara yfir Skeiðará. Loks er lagt til, að styrkur til Vestmannaeyjabáts, mjólkurflutningabáts þeirra Eyjamanna, yrði hækkaður um 50 þús. kr.

Um Faxaflóasamgöngur er það að segja, að fjárhagur h. f. Skalla-Gríms, sem annast ferðir milli Akraness og Reykjavíkur, er enn sem fyrr mjög þröngur. Útgerðarstjórn bátsins taldi sig þurfa allt að 1 millj. kr. hækkun í ríkisstyrk í senn til þess að mæta rekstrarhalla þessa árs og kostnaði vegna flokkunarviðgerðar, sem fór fram á skipi félagsins á árinu 1965. Útgerðarstjórnin hefur upplýst, að nærri 50 þús. farþegar hafi verið fluttir með Akraborg á árinu 1966, og má af því marka, að hér er um mjög þýðingarmikla þjónustu fyrir byggðarlögin hér við Faxaflóa að ræða. Hins vegar er rekstur þessa báts mjög óhagkvæmur, og taldi n. sig ekki komast hjá því að leggja til, að rekstrarstyrkur til h. f. Skalla-Gríms yrði hækkaður um 500 þús. kr. eða upp í 2,5 millj. kr. Ég vil geta þess, að á síðasta ári lagði samvn. til, að sérstök n. yrði skipuð til þess að rannsaka allan rekstur Akraborgar og gera till. um aukna hagkvæmni í rekstri skipsins. Slík n. hefur enn ekki verið skipuð. Hins vegar er starfandi n., sem athugar framtíðaraðgerðir í samgöngum kringum Hvalfjörð, og kom sú skoðun fram í n., að rétt væri að sú nefnd tæki til athugunar vandamál h.f. Skalla-Gríms og Akraborgar og vænti ég, að

það verði framkvæmt á næsta ári, að allur rekstur þessa flóabáts, sem er á langsamlega fjölfarnasta farsvæði flóabátanna, verði tekinn til ýtarlegrar endurskoðunar og reynt að koma honum á heilbrigðari grundvöll.

Um Breiðafjarðarsamgöngur er þess að geta, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts á Breiðafirði verður óbreyttur samkv. till. n. eða 455 þús. kr. Þessi bátur heldur uppi samgöngum um norðanverðan Breiðafjörð milli Vestureyja og landhreppanna í Austur-Barðastrandarsýslu á vetrum. Í þessari upphæð er fólgin 25 þús. kr. styrkupphæð til ferða á Barðaströnd með beltisdráttarvél yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar, þegar snjóar hindra ferðir bifreiða á þessari leið. Það er till. n., að hreppsnefnd Flateyjarhrepps hafi framvegis umsjón með rekstri og ferðum Flateyjarbáts, en áður var það hlutafélagið Norðri í Flatey, sem með ferðirnar hafði að gera.

Afkoma Baldurs, Stykkishólmsbátsins, hefur á árinu reynzt mjög léleg, og tekjur bátsins af fargjöldum og farmgjöldum hafa orðið töluvert minni en gera hefði mátt ráð fyrir. Báturinn stundar töluvert ferðir og vöruflutninga milli Reykjavíkur og Stykkishólms, en af þessu hafa tekjur hans orðið mjög rýrar. Á bátnum hvíla enn þá þung lán, sem nauðsynlegt er að koma í betra horf. Þess má geta, að kostnaðarverð þessa báts varð miklu meira en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Hann var byggður hér innanlands, og samvn. benti á það í síðasta nál. sínu, að nauðsynlegt væri, að fjárhagsvandamál þessa báts yrði tekið til ýtarlegrar athugunar og úrlausnar. Úr því hefur þó ekki orðið, og n. hefur talið sig knúða til þess að leggja til, að rekstrarstyrkur Stykkishólmsbáts hækki um 500 þús. kr., upp í 2 millj. kr.

Styrkur til Djúpbátsins á Ísafirði hefur ekki hækkað mikið allra síðustu árin. Ferðir skipsins hafa verið með svipuðum hætti og áður. Það heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. N. leggur til, að styrkur til Djúpbátsins hækki um 350 þús. kr. eða upp í 1700 þús. kr. Þá er lagt til, að styrkur verði hækkaður smávægilega til þriggja smábáta á Vestfjörðum, Dýrafjarðarbáts, Patreksfjarðarbáts og Skötufjarðarbáts.

Samkv. framansögðu verður heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga á árinu 1968 10 millj. 465 þús. kr. Er það rúmlega 1 millj. 780 þús. kr. hærra en á árinu 1967. En það er einróma skoðun samvn., að minni hækkun hefði ekki dugað til þess að tryggja rekstur flóabátanna og fyrrgreindra flutningafyrirtækja með skaplegum hætti.

N. leggur svo til, að þessi till. verði samþ. með þeirri sundurliðun, sem í nál. greinir.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 2. landsk. þm., Eðvarð Sigurðssyni, brtt. við eina af brtt. þeim, sem meiri hl. fjvn. hefur lagt fram. Till. okkar mun ekki vera komin úr prentun, en ég vil leyfa mér að gera grein fyrir henni engu að síður. Hér er um að ræða brtt. við lið þann í brtt. meiri hl. fjvn., sem merktur er 25, og fjallar um iðnskóla. Og till. er í því fólgin, að fjárveiting til Iðnskólans í Reykjavík, sem meiri hl. leggur til, að verði 2 millj. 840 þús. kr., hækki í 6 milljónir 500 þúsund kr. Svo sem kunnugt er, er verið að byggja allmikla viðbyggingu við Iðnskólann í Reykjavík. Þetta er gert til framkvæmda á löggjöf, sem sett var hér á þingi fyrir rúmum tveimur árum um nýja tilhögun iðnfræðslunnar um, að tekin verði upp verkkennsla, og það er eins og allir hv. þm. vita, ákaflega brýn nauðsyn, ef við viljum fylgjast með í þeirri tækniþróun, sem er að gerast allt umhverfis okkur. Hér á Íslandi eru nú um 60 iðngreinar löggiltar, en í 50—55 þeirra eru iðnnemar. Hins vegar hefur verkkennsla sú, sem um var rætt í þeim lögum, sem hér voru sett fyrir rúmum tveimur árum, ekki verið tekin upp nema í tæpum 20 iðngreinum og það við ákaflega léleg skilyrði. Ástæðan hefur verið fyrst og fremst húsnæðisskortur, ekki sízt við stærsta skólann, hér í Reykjavík. Iðnfræðsluráð gerði á sínum tíma í samráði við iðnfræðslunefnd áætlun um byggingu viðbyggingar við Iðnskólann í Reykjavík. Þar var áætlað, að sú bygging ætti að kosta 68.6 millj. kr. og rísa á árunum 1967—1973. Gerð var framkvæmdaáætlun fyrir hvert ár um sig, og á árinu 1967, yfirstandandi ári, átti að verja til þessara framkvæmda 17 millj. kr. í húsbygginguna og 3,4 millj. kr. í vélar og tæki eða samtals 20,4 millj. kr. Hins vegar var aðeins varið til þessara þarfa 4—5 millj. kr. á þessu ári. Á næsta ári, því, sem við erum nú að ákveða fjárlög fyrir, var ráðgert í þessari áætlun, að fjárframlög til húsbyggingarinnar yrðu 13 millj. kr., en 3,3 millj. færu í vélar og tæki eða samtals 16.3 millj. kr. Og síðasta stórátakið átti svo að koma á árinu 1969, 12,5 millj. kr. í bygginguna og 3.4 millj. kr. í vélar og tæki eða samtals 15.9 millj. kr. Síðan átti að verja 4 millj. kr. á ári eftir það til þess að fullgera bygginguna.

Í fjárlagafrv. nú er aðeins gert ráð fyrir því, eins og ég sagði áðan, að lagðar séu fram úr ríkissjóði rúmar 2.8 millj. kr. En samkv. þessari áætlun, sem ég var að greina hér frá, hefði hlutur ríkisins átt að vera 6,5 millj. kr. af byggingarkostnaðinum einum, þó að sleppt sé vélum og tækjum. Till. okkar hv. 2. landsk. þm. fjallar um það eitt, að framlög ríkisins verði í samræmi við þessa áætlun. Gangurinn við þessa byggingu hefur verið hörmulega hægur. Það standa þarna eins konar húsatóftir, eins og allir hv. þm vita, og ég fæ ekki betur séð, ef áfram verður haldið jafnlitlum fjárveitingum til þessara framkvæmda, en þarna sé að endurtaka sig sagan um Borgarspítalann, sem nú er búinn að vera í byggingu í nærri tvo áratugi. Verði gangurinn ekki betri með iðnskólabygginguna en verið hefur að undanförnu, er sýnt, að hún verður ekki komin upp fyrr en á seinustu árum 9. áratugsins, og ég held, að hv. þm. ættu að geta gert sér ljóst, hvaða áhrif slíkt hefur einmitt á það, sem ég var að geta hér um áðan, tæknimenntun og iðnþróun á Íslandi. Ég vil því vænta þess, að þessari till. verði tekið af þeim skilningi, sem hún verðskuldar, einmitt vegna þess að það er svo stutt liðið síðan Alþingi setti

þá löggjöf, sem ætlunin er að framkvæma í þessu húsi.

En um leið og ég mæli fyrir þessari litlu till., langar mig til þess að lýsa sérstakri ánægju minni vegna þeirra till. fjvn., að framlag til bókasafnshúss skuli nú í fyrsta skipti tekið á fjárlög. Ég hef vikið að þessu nauðsynjamáli nokkrum sinnum undanfarnar vikur, m. a. við 2. umræðu fjárlaga, og hæstvirtur fjmrh. tók þá máli mínu líklega, og hefur eins og hans var von og vísa ekki látið sitja við orðin tóm. Ég tel að vísu, að upphæð sú, sem till. fjallar um, 1½ millj. kr., sé til muna of lág, en mun þó ekki þetta árið flytja hækkunartill. Ég tel ákvörðunina um fjárveitingu úrslitaatburð í sögu þessa máls, eftir að fyrsta skrefið hefur verið stigið, ætti að vera auðveldara að þoka málinu áfram stig af stigi. Ég þykist vita, að hæstv. menntmrh. hljóti að fagna því alveg sérstaklega, að geta nú í verki hafizt handa um framkvæmd þeirrar þáltill., sem hann stóð sjálfur að fyrir áratug, en hefur allt til þessa reynzt orðin tóm. En raunar þarf hæstv. menntmrh. að huga að fleiru en fyrsta undirbúningi að byggingu bókasafnshúss. Annað verkefni, sem tengt er sameiningu safnanna, hefur lengi verið brýnt. Hæstv. menntmrh. vék sjálfur að því hér á þingi fyrir tveimur árum, þegar hann svaraði fsp. um bókasafnsmál frá hv. 5. þm. Reykv., en þá sagði hæstv. menntmrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessu sambandi hefur athyglinni sérstaklega verið beint að því verkefni að koma á fót sérstakri skráningarmiðstöð, þ. e. a. s. gera ráðstafanir til þess að á einum stað sé til yfirlit um öll sérfræðibókasöfn, ekki aðeins þessi tvö, heldur öll sérfræðibókasöfn opinberra stofnana, svo að sjá megi á einum stað, hvaða vísinda- og fræðibækur séu til í innlendum söfnum og þá, hvar þær séu fyrir hendi. Á s. l. vori var efnt í menntmrn. til umræðufundar með fulltrúum ríkissafnanna stóru og þeirra opinberu stofnana, sem eiga sér einhver sérfræði- eða vísindabókasöfn. Og er haldið áfram athugun á því, hvernig þessu skráningarmiðstöðvarmáli megi hrinda sem skjótast og haganlegast fram. Þá vil ég einnig láta þess getið, að æskilegt væri, að komið yrði á fót upplýsingamiðlun, t. d. í sambandi við skráningarmiðstöðina, þar sem menn geti fengið m. a. ljósritaða úrdrætti úr vísindabókum og sérfræðitímaritum. Slíkt er farið að tíðkast mjög í ýmsum nálægari löndum, og er til mikils hægðarauka fyrir vísindamenn og fræðimenn. Mun verða haldið áfram athugun á því að koma upp skráningarmiðstöð fyrir öll vísindasöfn í Reykjavík a. m. k. og e. t. v. upplýsingaþjónustu í sambandi við þá miðstöð."

Eins og hæstv. ráðh. benti á, er hér um mjög mikilvægt verkefni að ræða, tengt sjálfri hugmyndinni um sameiningu safnanna. En þrátt fyrir þau fyrirheit, sem gefin voru um framtak á þessu sviði 1965, hefur ekkert verið aðhafzt síðan. Er þess að vænta, að einnig þetta mál komist nú á framkvæmdastig hjá hæstv. ráðh.

Lokatölur hæstv. ríkisstj. um heildartölur fjárl., tekjuöflun annars vegar og gjöld hins vegar, hafa nú loks verið birtar okkur þm. Tekjuáætlunin hefur verið vefengd með ýmsum rökum. Glöggskyggnir menn telja, að hæstv. ríkisstj. ætli að sópa í ríkissjóð mun hærri upphæðum en hún viðurkennir nú, enda hefur það verið háttur hennar fyrr, að ráðstafa með því móti hundruðum millj. kr. án samráðs við Alþ. Sjálf viðurkennir ríkisstj., að tekjurnar verði á 3. hundrað millj. kr. meiri en gjöldin og hún boðar, að hún ætli að endurgreiða almenningi þá upphæð með tollalækkunum. Okkur er síðan ætlað að fallast á þessa tekjuöflun í trausti þess, að við það fyrirheit verði staðið og án þess að við höfum hugmynd um, hvernig fyrirhugaðri tollalækkun verði háttað. Félagar verzlunarráðsins hafa fengið vísbendingu um það atriði, en ekki hið háa Alþingi. Ég verð að viðurkenna, að traust mitt á hæstv. ríkisstj. er það takmarkað, að ég er ekki reiðubúinn til að gefa henni sjálfdæmi á þessu sviði. En ríkisstj. ætlar sem sé að hafa þann hátt á að innheimta af almenningi mun meira fé en jafngildir þörfum fjárl. og lofar að endurgreiða mestan hluta af þessum umframtekjum. Eigi að hafa þennan hátt á, koma margar og brýnar þarfir til álita, auk þeirra, sem hæstv. ríkisstj. hefur nefnt.

Ég vil minna hv. alþm. sérstaklega á ástandið í húsnæðismálum í tilefni af því, að nými hl. fjvn. flytur till. um 55 millj. kr. aukið framlag til þeirra þarfa. Hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins liggja nú um 2000 umsóknir óafgreiddar og verði ekki að gert, mun enginn þessara umsækjenda fá eyri frá stofnuninni fyrr en á árinu 1969 og þá aðeins minni hl. þeirra. Umsóknir vegna lánveitinga í ár áttu að berast fyrir 16. marz, og höfðu þá komið yfir 1300 umsóknir. Af þeim hópi fengu 500—600 manns úrlausn, en um 800 umsækjendur fengu engar fjárveitingar hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins. Síðar á þessu ári hafa bætzt við 1200 umsækjendur, svo að hópur hinna óafgreiddu er nú um 2000, eins og áður segir. Ef allur sá hópur ætti að fá úrlausn samkv. reglum stofnunarinnar, þyrfti hún 700—800 millj. kr. til viðbótar venjulegum tekjum sínum. Sú tala gefur nokkra hugmynd um það, að hér er um stórfellt neyðarástand að ræða.

Almennar lánagreiðslur úr byggingarsjóði ríkisins verða á næsta ári um 200 millj. kr., en þær hafa áður numið um 400 millj. kr. Ástæðan fyrir þessum stórfellda samdrætti á almennum lánveitingum er sú, að nær 200 millj. kr. eru teknar frá vegna byggingarframkvæmdanna í Breiðholti. Þær framkvæmdir eru, sem kunnugt er, árangur af kjarasamningum, sem verkalýðsfélögin gerðu 1965. Til þess að stuðla að lausn á mjög umfangsmiklu verkfalli, sem þá var hafið hér í höfuðborginni, lofuðu ríkisstjórn og Reykjavíkurborg, að byggðar skyldu í þágu meðlima verkalýðsfélaganna 1250 íbúðir á árabilinu 1966—1970. Íbúðir þessar skyldu seldar með miklu betri kjörum en hér hafa tíðkazt, þótt slík kjör þyki sjálfsögð og almenn regla í nágrannalöndum okkar. Ákveðið var, að 80% af andvirði íbúðanna skyldi lánað til 33 ára og greiðast með jöfnum afborgunum, en

20% greiðast í fjórum áföngum á tímabilinu frá því að úthlutun færi fram og þar til tveimur árum eftir að flutt væri í íbúðina. Hér var um að ræða mjög verulega aðgerð til þess að leysa húsnæðisvandamál láglaunafólks, og verkalýðsfélögin tóku tillit til þessa fyrirheits í kjarasamningum sínum 1965 samkv. þeirri meginreglu alþýðusamtakanna að meta hvers kyns félagslegar umbætur til jafns við kauphækkanir. Verkafólk sætti sig sem sé við lægra kaup í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. legði fram fjármagn til þess að tryggja umbætur í húsnæðismálum. En hverjar hafa efndir hæstv. ríkisstj. orðið á þessu sviði? Ríkisstj. hefur ekki aflað neins nýs fjármagns til þessara framkvæmda. Reykjavíkurborg hefur lagt fram sinn hlut, — aflað hefur verið lána úr atvinnuleysistryggingasjóði, en frá ríkisstj. hefur ekki komið neitt nýtt fjármagn. Hún hefur aðeins velt verkefninu yfir á byggingarsjóð ríkisins, án þess að tryggja honum nýjar tekjur á móti. Það fjármagn, sem notað hefur verið til framkvæmda í Breiðholti, hefur þannig verið klipið af almennum lánveitingum byggingarsjóðs ríkisins með þeim afleiðingum, sem ég var að lýsa hér áðan, — almennar lánveitingar úr byggingarsjóði ríkisins verða á næsta ári helmingi lægri en þær hefðu ella orðið. Hér er um að ræða mjög alvarlegar og ótvíræðar vanefndir af hálfu hæstv. ríkisstj., vanefndir sem jafngilda samningsrofi. Og þessar vanefndir bitna á þúsundum fjölskyldna. Ekki sízt hefur fólk utan Reykjavíkur ástæðu til að benda á, að hlutur þess hefur verið skertur mjög verulega. Þessi staðreynd ásamt þeim örlögum júní-samkomulagsins, sem mönnum eru nú í fersku minni, mætti vera verkalýðshreyfingunni sönnun þess hversu tryggilega þarf að ganga frá öllum málum í samskiptum við ríkisstj. Fögur orð hrökkva skammt.

Reynsla sú, sem þegar hefur fengizt af úthlutun íbúða í Breiðholtshverfi, er raunar sönnun þess einnig, hversu alvarlegt ástandið er í húsnæðismálum. Í haust var úthlutað 283 íbúðum í þessu nýja hverfi. Umsóknarrétturinn var sem kunnugt er mjög þröngur, bundinn við þá, sem erfiðasta aðstöðu hafa. Samt bárust 1440 umsóknir um þessar 283 íbúðir, um 5 fjölskyldur sóttu um hverja íbúð. Úthlutunarnefndin greindi síðan frá því, að það hefði í rauninni verið óvinnandi verk að velja úr þessum umsækjendahópi. Á 6. hundrað umsækjenda bjuggu við hreint neyðarástand og á 4. hundrað að auki þurftu á tafarlausri úrlausn að halda. Í viðtali, sem birtist í Þjóðviljanum 8. okt. í haust, greindi einn nm., Guðmundur J. Guðmundsson, frá ástandinu í húsnæðismálum eins og það kom í ljós af umsóknum þessum, en Guðmundur er sá fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar, sem mest hefur unnið að Breiðholtsframkvæmdum frá upphafi. Hann stóð að samningunum 1965, hefur síðan verið fulltrúi Alþýðusambands Íslands í framkvæmdanefnd byggingaráætlunar og starfaði að fyrstu úthlutuninni, eins og ég sagði áðan. Mér þykir rétt að lesa hér stuttan kafla úr lýsingum Guðmundar, með leyfi hæstv. forseta. Guðmundur J. Guðmundsson segir:

„Staðreyndin er sú, að menn gera sér yfirleitt enga grein fyrir því, hversu bágborið ástandið er í húsnæðismálum hér í Reykjavík og nágrenni. Ég þekkti að vísu sumt fyrir, annað kom manni mjög á óvart. Það sem maður þekkti gerst fyrir, voru íbúðir t. d. í Höfðaborginni og alls konar skúrræflar, sem notaðir eru sem íbúðir í úthverfum borgarinnar. En það, sem kom manni verulega á óvart, var í fyrsta lagi, hvað geysistór hópur ungra hjóna og hjónaefna búa í íbúð ásamt foreldrum sínum, þar sem þegar var þó yfirleitt fullsetið fyrir. Mörg dæmi eru til um, að ung hjón séu með 1, 2 og 3 börn í einu herbergi hjá foreldrunum. Þá eru mörg dæmi þess, að ung hjón eða hjónaefni verða að búa sitt í hvoru lagi vegna húsnæðisleysis. Það er sérstaklega brýnt að leysa vandamál þessa fólks af þeim ástæðum, að víða eru fyrir hendi ýmsir sambýliserfiðleikar, fyrir nú utan þau áhrif, sem slíkt hefur á uppeldi barnanna. Þetta unga fólk hefur hvorki efni né aðstöðu til þess að fara út í húsbyggingar eftir þeim möguleikum, sem hið almenna húsnæðismálalánakerfi hefur upp á að bjóða. Leiguhúsnæði er ekki fyrir hendi nema við okurverði, ef um sæmilegt húsnæði er að ræða, eða heilsuspillandi húsnæði, sem teflir heilsu barnanna í hættu, og það einnig er í mörgum tilfellum mjög dýrt. Þetta húsnæðisleysi unga fólksins er dulið, ef svo mætti að orði kveða. En það hefði áreiðanlega ekki veitt af öllum þessum 283 íbúðum til þess eins að leysa vandræði þessa fólks.

Í öðru lagi kemur það manni á óvart, að víða er búið í ófullnægjandi íbúðum í kjöllurum húsa, sem sum hver eru nýleg. Umsóknum þessa fólks, sem býr við slík skilyrði með hundruð barna á framfæri sínu, fylgdi oft umsögn lækna um, að hætta væri á varanlegu heilsutjóni barnanna, ef búið yrði lengur í viðkomandi íbúð. Í kjallaraíbúðum virðist víða vera svo mikill slagi og raki, að börn, sem búið höfðu í þeim, höfðu verið kvefuð allan veturinn og mörg komin með króníska bronkítis. Svona kjallaraíbúðir eru til í allri Stór-Reykjavík.

Í þriðja lagi er svo víða búið í herfilegum húsakynnum, t. d. í Blesugróf, sumarbústöðum upp með Suðurlandsbraut. Öll eru þessi húsakynni þannig, að heitið mannabústaður hljómar eins og háð í grennd við þau. Einstök dæmi eru samnast sagna ótrúleg. T. d. er það til, að ekki sé vatnslögn inn í húsið né frárennsli frá því. Og það eru því miður langmest barnafjölskyldur, sem búa í þessum hreysum.

Húsaleiga virðist sífellt fara hækkandi og ekkert síður í eldri húsum. Jafnvel meðan n. sat að störfum barst henni vitneskja frá umsækjendum um, að húsaleiga þeirra hefði verið hækkuð. T. d. var meðalíbúð í einu tilfellinu hækkuð um 2000 kr. Stöðvunarlögin svo nefndu eru einber markleysa á þessu sviði, enda engin lög til um hámark húsaleigu og ekkert eftirlit. Mjög algengt er, að fjölskylda þurfi að greiða sem svarar dagvinnutekjum láglaunamanna í húsaleigu fyrir mánuðinn. Það kom alloft fyrir, að umsækjendur höfðu greitt 72, 79, 84 þús. kr. og jafnvel meira fyrir fram fyrir árið í húsaleigu og uppsögn vofði yfir, ef ekki

var greitt árið fyrir fram. Þetta fólk á engra kosta völ. Það er mergsogið af húsaleiguokrurum. Heimilisfaðirinn grípur hverja eftir- og næturvinnustund, sem gefst, húsmóðirin vinnur úti og börnin snapa það, sem til fellur. Þetta fólk kemst ekki út úr vítahringnum. Eigin íbúð er fjarlægur draumur. Ef það svo sleppir hinu dýra húsnæði, bíða kjallarar, sumarbústaðir, uppgerðir bílskúrar o. s. frv. Og barnafólkinu gengur langerfiðlegast að fá húsnæði. Það neyðist til að taka hverjum þeim afarkostum, sem settir eru. Og það er hlutskipti hundraða barna í Reykjavík að alast upp í gersamlega óviðunandi húsakynnum, sem hafa varanleg áhrif á heilsu þeirra til líkama og sálar."

Þetta var lýsing Guðmundar J. Guðmundssonar á þeim viðhorfum, sem blöstu við honum, þegar hann vann að því að úthluta þessum 283 íbúðum í Breiðholtshverfinu. Þessar lýsingar eru til marks um það, hversu óhjákvæmilegar byggingarframkvæmdirnar í Breiðholti voru, hversu brýn nauðsyn það er að gera sérstakar ráðstafanir í þágu þess fólks, sem alls ekki getur hagnýtt sér hið almenna húsnæðislánakerfi, jafnvel þótt það kerfi gæti veitt þá úrlausn, sem því er ætlað lögum samkv., en því fer mjög fjarri. Það er því ákaflega þungur áfellisdómur yfir hæstv. ríkisstj., að hún skuli hafa brugðizt gersamlega þeirri skyldu sinni að tryggja nýtt fjármagn til þessara framkvæmda, að afskipti hennar skuli hafa orðið þau ein að ganga stórlega á lánsfjármöguleika hinna almennu húsbyggjenda.

Þetta stórfellda vandamál ætti að vera okkur þm. ofarlega í huga einmitt nú, vegna þess að nýbúið er að framkvæma stórfellda gengislækkun, sem mun hækka byggingarkostnað mjög verulega. Reynslan af gengislækkunum 1960 og 1961 sannaði, hversu alvarleg áhrif slíkar kollsteypur hafa á íbúðarhúsabyggingar. Framkvæmdir við íbúðarbyggingar minnkuðu um 15% árið 1960 á landinu öllu frá árinu áður, og 1961 var samdrátturinn í íbúðabyggingum frá 1959 orðinn 43%. Í Reykjavík varð þó þessi þróun enn þá alvarlegri. Samdrátturinn 1960 varð 20% frá árinu áður og og á árinu 1961 höfðu byggingarframkvæmdir í Reykjavík minnkað að verðmæti um hvorki meira né minna en 48%. Íbúðarhúsabyggingar í höfuðborginni höfðu dregizt saman um því sem næst helming af völdum gengislækkana. Síðan fóru byggingarframkvæmdir smátt og smátt vaxandi á nýjan leik, eftir að samtökum launafólks tókst að bæta kjörin og einkanlega eftir að vísitölugreiðslur á kaup voru samningsbundnar á nýjan leik. Samt hafa íbúðarhúsabyggingar á Íslandi ekki náð þeirri tölu, sem nauðsynleg er talin vegna fólksfjölgunar og endurnýjunar. Talið er, að byggja þurfi 1700—1800 íbúðir á ári um allt land til að fullnægja eðlilegum þörfum, en síðustu árin hafa íbúðarhúsabyggingar yfirleitt ekki náð nema 1400—1500 íbúðum. Það væri lítið raunsæi, ef við horfðumst ekki í augu við þá staðreynd, að við okkur blasir nú hætta á sömu þróun, stórfelldum samdrætti á byggingum íbúðarhúsa. Þar hjálpast margt að, stóraukinn byggingarkostnaður af völdum gengislækkanna, tilfinnanleg skerðing á kjörum launamanna, sem nú er óðum að koma til framkvæmda, og þar að auki sú alvarlega staðreynd, að hið almenna lánakerfi er verr undir það búið að rækja skyldur sínar en það hefur verið árum saman. Till. þær, sem hér eru fluttar af stjórnarandstöðunni, hrökkva vissulega skammt til að leysa þennan vanda. Þær eru miklu frekar ábending til stjórnarvaldanna um að gefa þessu vandamáli gaum. Hins vegar hefur hæstv. ríkisstj. það á valdi sínu að greiða verulega fyrir íbúðarhúsabyggingum einnig með öðru móti, til dæmis ef hún hætti að gera íbúðabyggingar að féþúfu fyrir ríkissjóð með óhæfilegri innheimtu á tollum og söluskatti, og væri fróðlegt að heyra, hvort slík áform eru uppi í sambandi við þá endurskoðun á tollum, sem nú er rætt um. Einnig væri hægt að láta aðstoð við íbúðarhúsabyggingar nýtast mun betur með því að endurskoða sjálft lánakerfið í samræmi við félagsleg viðhorf. Þessu var raunar einnig lofað í yfirlýsingu þeirri um húsnæðismál, sem ríkisstj. sendi frá sér 9. júní 1965 til lausnar á verkföllunum, en þar var m. a. komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Unnið verði að því af hálfu ríkis og sveitarfélaga að tryggja láglaunafólki húsnæði, sem ekki kosti það meira en hóflegan hluta árstekna. Í þessu skyni verði nú hafin endurskoðun laga um verkamannabústaði og gildandi lagaákvæða um opinbera aðstoð vegna útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis með það fyrir augum að sameina til frambúðar í einum lagabálki og samræma öll ákvæði um opinbera aðstoð við húsnæðisöflun láglaunafólks."

Ekki bólar neitt á efndum þessa loforðs frekar en fjármagni til framkvæmdanna í Breiðholti. Hæstv. ríkisstj. reynir nú mjög að halda því að launafólki, að hún vilji milda áhrif gengislækkunarinnar sem mest. Hún kveðst vera fús til samvinnu um að takmarka verzlunarálagningu. Hún segist vilja lækka tolla til að takmarka ris hinnar nýju vísitölu. Hún segist vilja rétta aftur að nokkru leyti hag viðskiptavina almannatrygginganna. Á sama tíma og hæstv. ríkisstj. magnar verðbólguna rétt einu sinni, kveðst hún vilja hafa hemil á henni. Menn geta haft mismikla trú á góðum vilja hæstv. ríkisstj. á þessum sviðum, og ég er í hópi hinna dauftrúuðu. En á það vil ég benda hæstv. ráðh. að það verður enginn hemill hafður á verðbólguþróun á Íslandi meðan ekki er nægilegt framboð á íbúðarhúsnæði með viðunandi kjörum. Á meðan skortur er á þeirri lífsnauðsyn, sem heitir íbúðarhúsnæði, mun ein kollsteypan elta aðra í efnahagsmálum okkar. Skortur á þessari vöru býður heim braski og okri jafnt á íbúðum sem fjármagni. Og undan því verður ekki komizt, að launafólk mun gera þær kaupkröfur, sem óhjákvæmilegar eru til að rísa undir íbúðarkostnaði á hverjum tíma. Efnahagur þjóðarheildarinnar er nú slíkur, að hver ný kynslóð gerir réttilega kröfu til þess að búa í sómasamlegu húsnæði og ef sú lífsnauðsyn er seld dýru verði, mun engri ríkisstj. og engu Vinnuveitendasambandi takast nema skamma stund að koma í veg fyrir þær kauphækkanir, sem þarf

til að rísa undir íbúðakostnaðinum. Hver einasti maður, sem eitthvað hefur hugsað um verðbólguþróunina á Íslandi, hlýtur að hafa gefið þessari staðreynd gaum. En samt verður þess ekki vart, að ríkisstj. og sérfræðingar hennar hafi neitt sinnt þessu viðfangsefni í sambandi við nýjustu gengislækkunina, þá þriðju á sama áratugnum, þrátt fyrir reynsluna af tveimur þeim fyrri. Haldi hæstv. ríkisstj. áfram að berja höfðinu við steininn á þessu sviði, t. d. með því að fella þær afar takmörkuðu till., sem hér liggja fyrir um aukin framlög til íbúðarhúsabygginga, er hún sjálf að leggja til óhrekjanlegustu röksemdirnar fyrir næstu kauphækkun.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 195 og 199, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég held, að flestir muni vera sammála um það, að megineinkenni þessarar fjárlagaafgreiðslu nú eins og svo oft áður undanfarin ár sé það, hvað rekstrarliðirnir fara síhækkandi, en framkvæmdaliðirnir og ýmis stuðningur við félags- og menningarlega starfsemi fer minnkandi hlutfallslega. Hér gerist það tvennt, að ríkisbáknið stækkar og þenst út og svo hitt, sem mestu veldur, að hér hefur verið rekin skefjalaus verðbólgupólitík, sem á þessu ári hefur leitt til viðurkenndrar gengisfellingar. Ég er sammála hæstv. fjmrh., sem oft hefur látið svo ummælt, að það sé hin almenna þróun í efnahagslífinu, sem valdi mestu um hinar öru hækkanir á fjárl. Þetta er auðvitað rétt. Það er stefna hæstv. ríkisstj. og afleiðing þeirrar stefnu, sem gerir það að verkum, að reksturinn tekur sífellt meira til sín, en framkvæmdaféð rýrnar. Ör og langvarandi verðbólga er langversti skaðvaldur í efnahagslífi þjóðarinnar og ræður allri þróun í þeim efnum. Verðbólgan veldur sírýrnandi verðgildi krónunnar. Það verður alltaf minna og minna, sem hægt er að kaupa fyrir krónuna, og minna, sem hægt er að framkvæma fyrir hverja krónu.

Allt heilbrigt fjármálalíf líður hnekki af slíkri þróun og e. t. v. koma afleiðingar verðbólgustefnunnar hvergi skýrar í ljós en einmitt í ríkisbúskapnum. Fjárlög ríkisins hækka um hundruð milljóna og jafnvel milljarða króna frá ári til árs, án þess að ríkissjóður virðist miklu færari um en áður að stuðla að félagslegum framkvæmdum og sameiginlegri uppbyggingu þjóðarinnar. Fyrir áhrif frá félagslega hugsandi mönnum, og ekki síst frá framsóknarmönnum, hefur sú stefna hlotið viðurkenningu, að ríkið standi að margs konar framkvæmdum í þjóðfélaginu, framkvæmdum, sem einstaklingum og jafnvel sveitarfélögum einum sér er ómögulegt að leysa án íhlutunar ríkissjóðs eða annars allsherjar fjárhagsstuðnings. Með þessu móti hefur landið verið búið að vegum, höfnum og öðrum samgöngubótum, og skólabyggingar hafa risið víða um land o. s. frv. Þörfin fyrir slíkar framkvæmdir fer sívaxandi og lög gera beinlínis ráð fyrir því, að ríkið styðji slíka uppbyggingu. Miðað við það, að þjóðartekjur vaxa yfirleitt jafnt og þétt og þjóðarauðurinn er ekkert sambærilegur við það, sem var fyrir 15—20 árum, ætti að öllu eðlilegu að vera hægt að halda í horfinu og fullnægja þörfinni með sæmilegum hætti, jafnvel þótt þessi þörf fari vaxandi. En því er ekki að heilsa. Stefnan eða þróunin í efnahagsmálunum er með þeim hætti, að félagslegu framkvæmdirnar verði afskiptar. Þær verða útundan í ríkari mæli með hverju ári, sem líður. Ríkissjóður á alltaf erfiðara og erfiðara með að rísa undir lögbundnum kostnaðarhluta sínum af nauðsynlegum framkvæmdum í landinu, þrátt fyrir vaxandi álögur á þjóðina, þrátt fyrir vaxandi ríkissjóðstekjur og hækkandi fjárlög. Það er efnahagsþróunin, sem þessu veldur. Það er verðbólgustefnan, sem er að brjóta niður fjárhagsgetu ríkissjóðs, brjóta niður það sérstaka kerfi uppbyggingar, sem ráðið hefur í landinu um margra áratuga skeið.

Á þetta almenna og augljósa atriði vil ég benda sérstaklega við þessa fjárlagaafgreiðslu. Það verður að breyta um grundvallarstefnu í efnahagsmálum og móta ný viðhorf gagnvart verðbólgunni, gagnvart gildi peninganna, ef nokkur von á að vera um, að úr rætist um málefni ríkissjóðs, einkum það atriði, að hann geti með góðu móti risið undir skyldum sínum gagnvart félags- og menningarlegri uppbyggingu í landinu. Verði verðbólgu- og gengisfellingarstefnunni haldið áfram, er engin von til þess, að úr rætist. Þá mun sækja í sama farið og verið hefur undanfarin ár, að rekstrarútgjöldin og eyðslan fari vaxandi, þenjist út með rýrnandi peningagildi, en framkvæmdaféð fer minnkandi. Stuðningurinn við varanlega uppbyggingu verður þá alltaf minni og minni.

Þó að ég sé meðflm. að allmörgum brtt. minni hl. fjvn., mun ég ekki gera þær að sérstöku umræðuefni, þar sem það hefur þegar verið gert af öðrum. Allar þessar till. miða að því að fá aukið fé til félags- og menningarlegrar uppbyggingar, sem brýnust þörf er fyrir og ríkinu er ýmist skylt að lögum að styrkja með framlögum eða því ber að veita stuðning samkv. eðli málsins. Þó að útgjaldatill. okkar nemi allháum upphæðum fljótt á litið, fer því fjarri, að þær séu háar samanborið við hina ríku þörf, sem er orsök tillögugerðarinnar. Á móti þeirri hækkun útgjalda, sem við leggjum til, að verði samþ., kemur till. okkar um hækkun á tekjuáætlun ríkissjóðs, enda dylst varla nokkrum manni, að ríkissjóðstekjur séu lágt áætlaðar af hálfu hæstv. ríkisstj., og er það augljóslega stefna hennar að geta skilað mjög háum tekjuafgangi í árslok 1968. Við í minni hl. höfum ekki samúð með þeirri stefnu hæstv. ríkisstj. og teljum rétt að áætla ríkissjóðstekjurnar hærri en hv. stjórnarsinnar gera og við það eru okkar útgjaldatill. miðaðar.

Auk þeirra till., sem ég flyt ásamt öðrum minni hl. mönnum í fjvn., stend ég að flutningi nokkurra till., sem snerta málefni kjördæmis míns eða einstakra staða innan þess. Ég mun ekki gera þær allar að umræðuefni, þar eð aðrir munu gera það sérstaklega. En ég vil minna

á þrjár till., sem þeir flytja með mér, hv. 1. þm., hv. 4. þm. og hv. 5. þm. Norðurl. e., og sú fyrsta till., sem ég vildi minnast á, snertir fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og er á þskj. nr. 195, VII. brtt. þar nr. 2. En fyrirhugað er að ráðast í allmikla stækkun á fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, þannig að það rúmi þrjár sjúkradeildir og rannsóknardeild auk heilsuverndarstöðvar fyrir Akureyrarbæ. Þessi fyrirhugaða stækkun sjúkrahússins er ætlað að muni kosta 100 millj. kr. Þetta mál hefur lengi verið á umræðustigi og er enn á undirbúningsstigi. Fjárskortur hefur m. a. hamlað því, að stjórn fjórðungssjúkrahússins gæti kostað allar nauðsynlegar teikningar af byggingu þessari, en slíkar teikningar og ámóta undirbúningur mun kosta nokkrar milljónir króna. En eins og sakir standa er því mjög örðugt um vik fyrir sjúkrahússtjórnina að fá teikningarnar afgreiddar, hvað þá annað, sem varðar fyrstu framkvæmdir í sambandi við nýjan áfanga í sjúkrahúsbyggingunni. Það er því vissulega mjög óheppilegt, ef lengri dráttur þarf að verða á undirbúningi þessa máls, sem er þegar orðinn alllangur. Núverandi húsakynni fjórðungssjúkrahússins eru orðin mjög ófullnægjandi og allt of þröng. Það er þörf fyrir vel búið deildaskipt sjúkrahús á Akureyri, og heilsuverndarstöð er þar aðkallandi mál, enda er núverandi hús heilsuverndarstöðvarinnar vægast sagt lélegt. Við leggjum til, að á heimildargr. fjárlaganna komi ákvæði, þar sem ríkissjóði verði heimilt að ábyrgjast 1 millj. kr. lán til þess að kosta nauðsynlegustu undirbúningsframkvæmdir. Meiri hl. fjvn. hefur tekið upp í till. sínar ákvæði um 150 þús. kr. framlag í þessu skyni, og er það gott út af fyrir sig, en ekki fullnægjandi. Ég tel, að þessu gagnlega málefni væri mikill styrkur í því, ef till. okkar um ríkisábyrgð yrði samþykkt.

Þá vil ég minna á till., sem einnig er á þskj. 195, VII. brtt., 1. liðurinn, sem varðar lögreglustöðina á Akureyri. Þar flytjum við þessir sömu menn einnig brtt. við heimildargr. fjárlagafrv. þess efnis, að ríkið ábyrgist lán allt að 1200 þús. kr., til þess að hægt verði að flytja starfsemi lögreglunnar á Akureyri í hið nýja húsnæði, sem henni er ætlað og lengi hefur verið í smíðum. Hér er ekki farið fram á það, að ríkið leggi fram allt þetta fé, enda verða framlög ríkisins til lögreglustöðvarinnar endanlega að vera í samræmi við það, sem ber að vera og lög og samningar gera ráð fyrir. Hitt vil ég benda á, að aðstaða lögreglunnar á Akureyri er slík, að við hana verður alls ekki unað stundinni lengur, því að hún er satt að segja alger forsmán. Þar er hvorki aðstaða til venjulegrar lögregluafgreiðslu né fangageymslu. Þrengslin eru slík, að lögregluþjónarnir komast vart fyrir og allt er að kalla unnið í einu fremur litlu herbergi, en yfirlögregluþjónninn, sem sinnir m. a. flestum undirbúningsrannsóknum í lögreglumálum, hefur dálitla skonsu fyrir sig, en hún er svo lítil, að fremur mætti kalla skáp en herbergi. Mun það sannast mála, að gamla lögreglustöðin á Akureyri vekur hreinan viðbjóð allra, sem þarna koma, enda svo komið, að lögreglumennirnir, sem þarna starfa, telja sér misboðið með því að ætla þeim slíka starfsaðstöðu öllu lengur. Nýtt lögreglustöðvar- og fangelsishús hefur verið í smíðum undanfarin ár og nú er búið að byggja fyrir um 7 milljónir króna. Áætlað er, að það muni kosta um 1200 þús. kr. að gera lögreglustöðina sjálfa nothæfa, þannig að lögreglan gæti flutt í húsið, en brýn nauðsyn, að það megi gerast á árinu 1968. En til þess vantar fé, annaðhvort bein framlög frá ríki og bæ, sem hljóta að koma að lokum, eða lán, sem hægt væri að útvega til styttri tíma, svo að hægt sé að hrinda framkvæmdinni áfram. Væri það hinn mesti styrkur, ef fyrir lægi ábyrgðarheimild ríkissjóðs að því er þetta varðar.

Að lokum vil ég fara nokkrum orðum um till., sem við flytjum, þessir sömu þm., sem ég hef áður greint frá, um það, að Sambandi norðlenzkra kvenna verði veittar 50 þús. kr. til starfsemi sinnar. Stjórn sambandsins hefur alloft áður borið fram óskir um það að fá sérstakan starfsstyrk sér til handa, en ekki hefur Alþ. enn séð sér fært að verða við þeirri beiðni. Enn hefur stjórn sambandsins ítrekað beiðni sína við fjvn., en hún hefur ekki orðið við því að taka sérstaka fjárveitingu upp í till. sínar, en vísað til þess, að Samband norðlenzkra kvenna njóti styrks frá Kvenfélagasambandi Íslands, sem ríkið leggur fé. Þessi styrkur Kvenfélagasambandsins til Sambands norðlenzkra kvenna er 10 þús. kr. á ári, en það er algerlega ófullnægjandi, miðað við þau verkefni, sem Samband norðlenzkra kvenna hyggst vinna að, en fær ekki að unnið eins og vilji stendur til. Um Samband norðlenzkra kvenna er það að segja, að það er elzta kvenfélagasamband á landinu, stofnað árið 1914 og nær yfir allan Norðlendingafjórðung og Strandasýslu. Alls eru í sambandinu 8 sýslu- og kaupstaðasambönd kvenfélaga, en félagskonur eru samtals 2236 í 65 einstökum félögum. Tekjur sambandsins voru s. l. ár 26 þús. kr. Styrkur frá Kvenfélagasambandi Íslands var 10 þús. kr., ágóði af happdrætti 3000 kr. og önnur fjársöfnun var 13 þús. kr. Stjórn sambandsins telur það starfsemi sinni fjötur um fót að vera svo mjög háð vilja og ákvörðun Kvenfélagasambands Íslands um fjárstyrk, enda hefur Kvenfélagasambandið ærna starfsemi sjálft og á erfitt með að styrkja fjórðungssamböndin að nokkru ráði. T. d. var það umrætt í fyrra, að styrkir til undirsambandanna yrðu hækkaðir, en þegar til átti að taka treystist Kvenfélagasamband Íslands ekki til þess, enda færist það sjálft mikið í fang, m. a. mun það hafa tekið að sér að greiða allstóran hluta af kostnaði við Hallveigarstaði í Reykjavík. Ég held því, að það væri mjög æskilegt að skilja hér meira á milli Kvenfélagasambands Íslands og Sambands norðlenzkra kvenna og e. t. v. fleiri fjórðungssambanda. Samband norðlenzkra kvenna á langa og merka sögu að baki. Það er mun eldra en önnur kvenfélagasambönd í landinu, þ. á m. eldra en Kvenfélagasamband Íslands, sem stofnað var 1930. Samband norðlenzkra kvenna naut beins ríkisstyrks, að mér er sagt, á árabilinu 1914—1930 eða þar til Kvenfélagasambandið var stofnað, en á þeim árum var starfsemi sambandsins hin

blómlegasta. Voru m. a. ýmsir ráðunautar, sem ferðuðust um á vegum sambandsins og leiðbeindu konum um hannyrðir, húshald og garðyrkju. Versnandi fjárhagsstaða hefur m. a. orðið þess valdandi, að þessi starfsemi og önnur slík hefur orðið að falla niður. Samband norðlenzkra kvenna hefur nú ráðgert að beita sér fyrir aukinni starfsemi á eigin vegum. Er þar efst á blaði áhugi þess á að koma upp garðyrkjuskóla norðanlands fyrir utanhússræktun og einnig að koma upp leiðbeiningastöð á Akureyri fyrir húsmæður. Slík stöð er rekin í Reykjavík og það er æskilegt, að annarri stöð verði komið upp á Akureyri. Hlutverk slíkrar stöðvar er að veita hlutlausar upplýsingar um vörukaup til heimila og vera húsmæðrum til aðstoðar, þegar þær ráðast í meiri háttar kaup á heimilistækjum o. s. frv. Ég held, að það væri verðugt af Alþ. að styrkja Samband norðlenzkra kvenna í þeirri viðleitni sinni að auka sem mest starfsemi sína og þjónustu í þágu heimilanna.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. flutti ég nokkrar till. til breytinga og dró þær síðan til baka, til þess að fjvn. og önnur fjármálayfirvöld gætu tekið þær til athugunar, og ég vil ekki láta hjá líða að þakka þeim fyrir, að þau hafa að verulegu leyti gengið til móts við þessar till. mínar, svo að í flestum tilfellum má þar sæmilega vel við una. Og raunar eru til dæmi um það, að þeir hafa farið fram yfir mínar óskir. Og sem sagt, ég vil láta í ljósi ánægju mína yfir því. Ég tek þess vegna hinar fyrri till. mínar ekki upp að einni undanskilinni, sem ég flyt hér enn við 3. umr. málsins. Það er brtt. um, að á heimildargr. verði ríkisstj. heimilað að láta 15% af heildarsölu Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins í Vestmannaeyjum árið 1968 renna til stofnkostnaðar Vatnsveitu Vestmannaeyja. Þessa till. flutti ég nú í dálítið víðtækara formi við 2. umr. fjárl. þannig, að ég vildi láta heimildina ná yfir 10 ára tímabil, en ég get að sjálfsögðu skilið það, að n., sem var að undirbúa fjárlög fyrir árið 1968, var ekki reiðubúin til þess að samþykkja heimild, sem náði yfir svo langt tímabil, og því flyt ég till. núna og þá eingöngu miðað við það ár, sem fjárl. eiga að gilda um. Að öðru leyti vitna ég til þess, sem ég mælti fyrir till. í það skipti og hef ekki fleiri orð um hana nú.

Á hinn bóginn var ekki komið svo langt í afgreiðslu fjárl. við 2. umr., að þar lægi fyrir, hvernig fjvn. hugsaði sér fjárveitingar til hafnarmannvirkja. Nú liggur það fyrir, og að athuguðu máli hef ég gert eina till. um breytingu á fjárveitingum til hafnarmannvirkja og lagt til, að til hafnar á Stokkseyri, sem ekki er á þeim lista, sem lagður er fram af fjvn. eða meiri hl. fjvn., að til þess staðar verði ætlaðar 400 þús. kr., sem raunar er smáfjárveiting. Ég tók eftir því, að hv. formaður fjvn. sagði hér í sinni framsöguræðu, að nú væri unnið með nokkrum nýjum hætti að fjárveitingum til hafnarmannvirkja og það mætti í rauninni telja, að nú væri í fyrsta skipti unnið eftir áætlun um framkvæmdirnar, þar sem vita- og hafnarmálastjórnin hefði gert áætlanir um vissa áfanga í hafnargerð. Ég fagna því að vissu leyti, að svo skuli vera, en á þessu er nú að vísu sá galli, að alþm. hafa yfirleitt ekki séð þessa áætlun og er hún því nokkru þokukenndari í hugum manna, heldur en hún máske væri, ef hún hefði verið lögð hér fyrir eða samþ. hér á þinginu. Mér er ekki ljóst, hvort það stendur til að leggja hana hér fyrir til samþykktar eða með hverjum hætti á að framkvæma hana. Ég efast um, að það væri til mikilla bóta, ef það ætti beinlínis að flytja fjárveitingarvaldið til hafnargerðanna beint inn á skrifstofu vita- og hafnarmálastjórnarinnar og gera það eins og Alþ. lítið eða ekki viðkomandi. Ég vil ekki draga í efa, að sérfræðingar í hinum ýmsu greinum geti gert góðar till. um framkvæmdir, en ég tel þó, að það sé ekki nema önnur hlið málsins. M. a. vil ég vitna til þeirrar hafnar, sem ég geri hér till. um, Stokkseyrarhafnar. Það má vel vera, að það sé útreiknanlegt dæmi á skrifstofum í Reykjavík, að hagkvæmara kunni að vera að veita fé í einhverjar aðrar hafnir. En það breytir ekki því, að á þessum stað er byggð. Þar búa sjómenn. Þeir stunda sjó á sínum bátum og þeir munu gera það einnig, þó að þeir fái ekki framkvæmdafé til hafnargerðar á næstu árum. Mér er kunnugt um það, að íbúar þessa héraðs og þeirra hreppsnefnd hefur í hyggju að gera þarna nokkrar framkvæmdir á næsta ári. Þeir hafa í hyggju að setja þarna upp innsiglingarljós og reyndar lýsingu við höfnina á bryggjunni o. s. frv. og nokkrar fleiri minni háttar framkvæmdir. Ég er samnfærður um það, að jafnvel þó að þeir verði gripnir því vonleysi við að eiga ekki von í því að fá fjárveitingu á næsta ári, að allt þetta farist fyrir að meira eða minna leyti, mun þarna áfram verða stundaður sjór. Hann verður bara stundaður við verri aðstæður og aukið öryggisleysi. Ég efast um það, að til slíkra hluta hafi verið tekið fullt tillit á skrifstofu vita- og hafnamálastjóra og þar af leiðandi held ég, að það sé rangt, að fulltrúar þessa fólks hafi ekki einnig eitthvað um málið að segja.

Nú er ekki því að leyna, að ég hef heyrt ávæning af því, að þau yfirvöld, sem hér virðast vera búin að ná undirtökum á hlutunum, muni hafa haft orð um það að taka þessa hafnargerð inn á sína áætlun, þótt síðar yrði. Ég fagna því, ef svo kynni að vera og ef það kæmu fram í umr. málsins hér á Alþingi óyggjandi upplýsingar um, að því mætti treysta, að svo yrði gert kæmi til mála, að ég drægi þessa till. mína til baka, því að ég viðurkenni það, að það er ekki allt málið fyrir íbúa viðkomandi hrepps, fyrir viðkomandi verstöð, hvort þeir fá 400 þús. kr. í ár. Það er líka stórt atriði og máske stærra og reyndar miklu stærra, að þeir komist inn á einhverja verulega framkvæmdaáætlun um þetta, sem þá tæki gildi á næstu árum.

Ég hef svo ekki meira um þessa till. að segja, en vænti þess, að hjá hv. alþm. ríki skilningur á því, að þeir hafa líka hlutverki að gegna og það er ábyrgðarhluti af þingi og stjórn að varpa allri áhyggju slíkra mála yfir á embættismannakerfið í landinu, þó að það hafi sérfræðingum í hafnarmannvirkjagerð á að skipa.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. gerði ég nokkuð að umtalsefni þau vinnubrögð, sem hv. alþm., fjvn.-mönnum og öðrum, er boðið upp á í sambandi við undirbúning og afgreiðslu fjárl. Og ég vil aðeins undirstrika það, að ég tel stefna í algera óhæfu í þessu efni. Við 2. umr. hafði fjvn. t. d. ekki fengið nein gögn varðandi hafnarmálin, eins og ég átaldi þá sérstaklega, og afgreiðsla þessa máls síðan hefur verið í samræmi við það, sem á undan er gengið, og algerlega er óhafandi, að fjvn.-mönnum og öðrum þm. gefist ekki kostur á því að athuga þessi mál ofan í kjölinn áður en þeir taka endanlega ákvörðun um skiptingu hafnarfjárins. Það er sjálfsagt ekki til neins að vera að ergja sjálfan sig og aðra með því að beina huga manna að þessum vinnubrögðum og ekki annað að gera en vænta þess, að allur undirbúningur fjárl. og afgreiðsla verði með skaplegri hætti á næsta ári. Á því er brýn þörf. Hv. 3. þm. Vesturl. hefur gert grein fyrir þeim brtt., sem við, sem skipum minni hl. fjvn., stöndum að sameiginlega. En ég vildi fara hér nokkrum orðum um eina brtt., sem ég flyt ásamt hv. 2. og 5. þm. Reykn.

Þessi till. er á þskj. 199 og efnislega á þá leið, að framlag til Hafrannsóknastofnunar verði hækkað um 1 millj. kr. og þeirri upphæð sérstaklega varið til fiskrannsókna í Faxaflóa. Það hefur löngum verið skoðun manna, að Faxaflói sé mikilvæg uppeldisstöð hinna nytjamestu fiskstofna, og á sínum tíma var það talin hin nauðsynlegasta ráðstöfun til viðgangs þessum stofnum að friða flóann fyrir veiðum með dragnót og botnvörpu. Eftir að sett voru l. nr. 4 9. júní 1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi undir vísindalegu eftirliti, hefur dragnótaveiði verið leyfð í Faxaflóa á ári hverju. Um afleiðingar þeirra ráðstafana hafa staðið miklar deilur meðal þeirra, sem hagsmuna hafa að gæta og láta sér annt um skynsamlega nýtingu fiskimiðanna. Vegna sérstakra fjárhagsörðugleika þeirra, sem gera út hina smærri vélbáta, sem ekki geta stundað síldveiðar, hafa mjög aukizt og orðið háværari kröfur um, að til viðbótar dragnótaveiði smæstu bátanna í Faxaflóa verði þeim bátaflokki, sem ég áðan nefndi, heimiluð veiði með botnvörpu í flóanum. Til alþm. í Reykjaneskjördæmi hafa borizt langir undirskriftalistar frá útgerðarmönnum og skipstjórum um, að þessar veiðar verði leyfðar í Faxaflóa, og verður að sjálfsögðu ekki lengi undan því vikizt, að þeir sem aðrir hv. alþm. taki afstöðu í þessu máli. Eins og ég áðan gat um, eru mjög skiptar skoðanir um það, hver áhrif það hefði á fiskigengd í Faxaflóa og annars staðar, ef veiðar með botnvörpu væru að nýju leyfðar þar. Og jafnhliða kröfunum um leyfi til þessara veiða, heyrast því í ríkum mæli aðvaranir annarra, sem telja, að með slíkum ráðstöfunum yrði viðgangi nytjafiskstofna stefnt í mikla hættu. Á því er enginn vafi, að þegar svo algerlega skiptar skoðanir ríkja innan raða útgerðarmanna og sjómanna um þetta mál, hvort leyfa á vélbátum að veiða með botnvörpu innan fiskveiðilandhelgi í Faxaflóa eða ekki, mun þm. þeim, sem ákvörðunina eiga að taka um málið, sérstök þörf á því að geta stuðzt við niðurstöður fiskifræðinga, sem byggðar séu á þeim ýtarlegustu athugunum og rannsóknum, sem við verði komið.

Nú er það mála sannast, að fjárveitingar Alþ. til haf- og fiskirannsókna eru ótrúlega lágar miðað við það, að Íslendingar byggja alla afkomu sína á sjávarafla. Þess ber einnig að gæta að þeirri takmörkuðu fjárhæð, sem Alþ. hefur veitt til haf- og fiskirannsókna, hefur einkum og að langmestu leyti verið varið til rannsókna á djúpmiðum, en grunnsævið, uppeldisstöðvarnar, setið meira á hakanum og minna upplýst um mikilvægi þess fyrir viðgang fiskstofnanna. Varðandi rannsóknir í Faxaflóa, sem kröfur beinast nú að í ríkum mæli, að verði opnaður fyrir veiðum með botnvörpu, liggur m. a. fyrir svo hljóðandi umsögn forstöðumanns Hafrannsóknastofnunarinnar, sem fram kom við umr. á Alþ. hinn 13. marz 1963, og ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir m. a.:

„Til eru samhangandi árlegar rannsóknir á fiskistofnum í Faxaflóa á árunum 1924—1939 og frá árinu 1953 og fram á þennan dag. Á fyrra tímabilinu var farin ein rannsóknarferð á ári, en síðara tímabilið hafa verið farnar allt að fjórum rannsóknarferðum árlega. Hætt er við, að svo fáar veiðitilraunir gefi ekki rétta mynd af hinu raunverulega ástandi að því er snertir magn fiskistofnsins.“

Og forstöðumaðurinn getur þess enn fremur á þeim tíma, 1963, að ekki megi draga of fljótfærnislegar ályktanir af þeim takmörkuðu rannsóknum og tilraunum, sem gerðar hafa verið. Að sjálfsögðu er auk þessara rannsókna stuðzt við árlegar aflaskýrslur um veiði í Faxaflóa og annars staðar, en ljóst ætti þó að vera, að svo fáar rannsóknarferðir og veiðitilraunir, sem framkvæmdar eru af hálfu Hafrannsóknastofnunarinnar, geta ekki verið fullnægjandi til þess, að unnt sé með góðri samvizku að byggja á þeim svo afdrifaríkar ákvarðanir, sem í því geta falizt að leyfa veiðar með botnvörpu í Faxaflóa. Hitt kynni svo einnig að verða leitt í ljós með sérstökum viðbótarrannsóknum, sem Alþ. ætti að veita fé til á fjárlögum, að ástæðulaust væri að óttast, að slíkar veiðiheimildir yrðu til þess, að gengið yrði á fiskstofnana eða uppvaxtarskilyrðum fisksins yrði spillt. Ég tel því, að þótt skoðanir manna séu skiptar um, hvernig beri að hagnýta fiskimiðin í Faxaflóa, sé ekki ágreiningur um það meðal útgerðarmanna og sjómanna, að efla beri og auka vísindarannsóknir á þessu svæði, og það ætti þó einkum að vera sérstakt kappsmál hv. alþm., sem verða fyrr en varir að taka ákvarðanir í þessum efnum, að þessar rannsóknir séu auknar svo, að niðurstöður geti verið tryggari en nú er unnt að búast við, að þær séu. Ef svo fer, að veiðar með botnvörpu verði leyfðar á næstunni, er líka enn meiri ástæða til þess, að samhliða þeim verði vísindarannsóknir á svæðinu auknar, svo að unnt sé að fylgjast með áhrifum veiðanna. Af þessum sökum flytjum við þessa brtt. um 1 millj. kr. framlag til sérstakra fiskrannsókna í Faxaflóa. Ég hef borið þessa till. undir fiskifræðing, útgerðarmenn og sjómenn, og þeir hafa allir ver-

ið á einu máli um, að hún væri þörf og nauðsynleg, ekki sízt nú með tilliti til þeirra krafa, sem uppi eru um auknar veiðiheimildir í flóanum. Ég vænti þess, að hv. alþm. séu sama sinnis og þessir aðilar og geti fallizt á að samþykkja till.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég flyt hér þrjár brtt. við fjárlagafrv. Þær eru allar á þskj. 199. 1. brtt. mín er um það, að aukið verði framlag til íþróttasjóðs úr 5 millj. kr. í 10 millj. kr. Ég veit, að það þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa till. Allir hv. alþm. vita það mætavel, að íþróttasjóður hefur um alllangan tíma verið févana og ekki getað staðið við þær skuldbindingar, sem hann hefur þó ætlað sér að standa við, og allmikið af íþróttamannvirkjum hefur ekki getað komizt upp vegna fjárskorts íþróttasjóðs. Nú þegar þannig stendur á, að það er ekkert um að villast, að fjárhagur ríkissjóðs er og mun verða rýmri en hann hefur verið um alllangan tíma, tel ég alveg sjálfsagt að auka nokkuð fjárveitinguna til íþróttasjóðs, eins og þar er ástatt. 2. breytingartillaga mín, sem er 3. tillaga á þingskjali 199, er um það að auka fjárframlagið til félagsheimilasjóðs úr 7½ millj. upp í 15 millj. kr. En þar er svipað ástatt með fjárhagsmálin eins og hjá íþróttasjóði, nema sennilega er vandinn þó enn þá meiri hjá félagsheimilasjóði. Hann skuldar mjög miklar fjárhæðir og þetta veldur feiknalegum erfiðleikum víða hjá þeim, sem hafa staðið í þeim nauðsynjaframkvæmdum að vera að koma upp félagsheimilum. Þetta mál hefur verið hér rætt margsinnis á Alþ. á undanförnum árum og allir hafa í rauninni viðurkennt það, að hér er um mikið vandamál að ræða, og það þarf nauðsynlega að leysa það mál með auknum fjárveitingum til félagsheimilasjóðs. Af sömu ástæðum eins og ég greindi áðan, tel ég, að nú sé aðstaða til þess, að ríkið leggi þarna nokkuð meira fram en áður og hef því lagt til, að fjárveitingin yrði hækkuð um helming eða úr 7½ millj. upp í 15 millj. kr.

Þá er 3. brtt. mín, 6. till. á þskj. 199. Hún er um það, að tekinn verði upp nýr liður í sambandi við ýmsar ráðstafanir um sjávarútvegsmál og sá liður heiti „til aðstoðar við sjómenn á fjarlægum miðum," 2 millj. kr. — Ég veit, að allir hv. þm. kannast við það, að allmikið hefur verið um það rætt nú síðustu árin, að það væri þörf á því að aðstoða íslenzka fiskimenn, sem verða að stunda veiðar á fjarlægum miðum, á margvíslegan hátt, en því hefur jafnan verið borið við, að það væri ekki hægt að ráðast í slíka aðstoð, vegna þess að ekki væri fyrir hendi nein fjárveiting í þessu skyni. Á s. l. ári gerðist það, eins og við vitum, að mikill hluti síldveiðiflotans varð að stunda veiðar um alllangan tíma, ekki aðeins norður við Jan Mayen, heldur miklu norðar, eða allt norður undir Svalbarða, og þá var flotinn kominn svo langt frá landi, að ég hygg, að þeir séu ekki nema fáir hér inni, sem hafi gert sér grein fyrir því, hvað flotinn var raunverulega kominn hér langt frá landi. Ég minnist í þessu sambandi, að skipstjóri, sem sigldi með afla hingað til Reykjavíkur til vinnslu af þessum miðum á flutningaskipi, leiðrétti einhvern, sem var að tala um það, að nú þyrfti hann að sigla langt, alla leið norður til Jan Mayen eftir síldinni, en hann sagði: Veiztu það, að þegar ég sigli frá Reykjavík til Jan Mayen, er ég rétt aðeins hálfnaður á miðin? Svo norðarlega og austarlega er síldveiðiflotinn nú kominn. Enda var flotinn kominn svo langt frá landi, að hann hafði ekki lengur orðið aðstöðu til þess að hafa talsamband við Ísland. Þar varð að koma til að kalla í gegnum skip, sem voru þar einhversstaðar miðja vegu á milli, en við vitum, að það að ætla að standa að því að halda þar til veiða á jafnfjarlægum miðum eins og þarna var um að ræða, kannske allt upp í 150—200 skipum, og hafa þar um borð 1500—2000 menn, er vitanlega ekki forsvaranlegt við þær aðstæður, sem þessir aðilar hafa þurft að búa við. En þetta er svona í fleiri tilfellum heldur en með síldveiðisjómennina, svo að ég álít, að nú eigi í þessu tilfelli að leggja fram tvær millj. kr. sem fjárveitingu úr ríkissjóði í því skyni að gera það fært að aðstoða þessa sjómenn, sem verða að búa við þessa aðstöðu, aðstoða þá á þann hátt, sem talið er heppilegast. Margt getur þarna komið til greina og sé ég ekki ástæðu til þess að fara að telja það sérstaklega upp. Ég tel, að hér sé um alveg lágmarksfjárupphæð að ræða og í rauninni hvíli á ríkinu alveg sérstök skylda að hlaupa undir baggann í þessum efnum.

Þetta eru þær þrjár till., sem ég flyt til breytinga á fjárlagafrv., og ég vænti, að hv. þm. sýni skilning á þessum till. og fallist á að samþykkja þær.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég sé, að hv. meiri hl. fjvn. hefur breytt nokkuð áætluðum tekjuliðum fjárlagafrv. En því aðeins minnist ég á það, að allar útgjaldatill. byggjast auðvitað á því, hverjar tekjur ríkissjóðs geta orðið og það er því jafnskylt að hafa tekjuáætlunina svo rétta sem verða má, eins og hitt, að gæta hófs um útgjaldatill. og vil ég því fara örfáum orðum um þær breytingar á helztu tekjuliðum frv., sem orðið hafa. Í þingbyrjun lagði hæstv. ríkisstj. fjárlagafrv. fyrir Alþ. og í því frv., eins og það var þá, eru tveir af stærstu tekjuliðum ríkissjóðs innflutningsgjöld og söluskattur. Þar voru innflutningsgjöldin áætluð samtals 1778 millj. og söluskattur 1225 millj. Þetta var að sjálfsögðu löngu fyrir gengislækkun og er ekki miðað heldur við neina breytingu á gengi. Það liggur því í hlutarins eðli, að tekjur ríkissjóðs hljóta að breytast mjög núna við breytingu á genginu og það hefur líka verið gert af hálfu ríkisstj. og meiri hl. fjvn. að breyta þessum tölum. Og hvað hafa þær nú breytzt mikið? Hvað áætla þeir, þessir aðilar, að tekjur ríkissjóðs muni nú vaxa við gengislækkun? Jú, innflutningsgjöldin eiga að hækka samkv. þeirra áætlun úr 1778 millj. í 1830, en þess ber að geta, að þá hafa þeir boðað tollalækkun, sem nemur 250 millj. kr. Það er þá hin raunverulega áætlun ríkisstj., að innflutningsgjöld verði 2080 millj., ef bætt er við hinni væntanlegu tollalækkun, sem boðuð er, við þá áætlun, sem nú er í brtt.

fjvn. Þetta sýnist mér, að sé í kringum 17% hækkun á þeirri áætlun, sem ríkisstj. gerði sjálf í þingbyrjun. Nú er vitað, að erlendur gjaldeyrir hefur hækkað í verði um 32.6% hvað snertir vörukaup í öllum þeim löndum, sem ekki breyttu genginu. Og samkv. innflutningi landsmanna á árinu 1966 var 75—78% af öllum innflutningnum frá þessum löndum. Ég sé því ekki betur en innkaupsverð varanna verði nú mjög nálægt því 32—33% hærra en það var, áður en genginu var breytt, og þar sem mestur hluti innflutningsins var og kann að verða á næsta ári frá þessum löndum, eru allar horfur á því að mínum dómi, að innflutningsverð innfluttra vara í heild hljóti að hækka um 28—30% eða mjög nálægt því. Og eftir því að dæma ættu tolltekjur ríkissjóðs að hækka að sama skapi að óbreyttri tollalöggjöf. Nú áætlar hæstv. ríkisstj. og meiri hl. fjvn., að þessar tekjur hækki ekki nema um 17%, en hvernig stendur á því? Hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. hækkar ekki tekjuáætlun af innflutningsgjöldum nema um 17%, ef innflutningsverð varanna hækkar um 28—30? Ég get ekki skýrt þetta með neinu öðru en því, að hæstv. ríkisstj. ætli sér að hafa ríflegan tekjuafgang til þess að ráðstafa. En það er ekki öll sagan sögð með þessu. Það er í gildi það sama um söluskattinn. Hann er ekki hækkaður nema lítið eitt. Hann hækkar að vísu ekki í sömu hlutföllum og tolltekjurnar. En hann hækkar mjög lítið í till. frá því, sem hæstvirt ríkisstj. var sjálf búin að áætla áður, eða mjög nálægt 10%. Það er því alveg augljóst mál að minum dómi, að tekjur ríkissjóðs eru í þessu frv. áætlaðar nokkur hundruð millj. kr. minni en þær verða. Það er því ekki syndsamlegt að flytja einhverjar brtt. til útgjaldahækkunar.

Ég flyt ásamt hv. 3. þm. Vestf. og hv. 8. landsk. þm. örfáar brtt. við þetta frv., en ég mun aðeins gera tvær þeirra að umtalsefni. Ég get því miður ekki vitnað í þskj., þar sem það er ekki komið úr prentun. En það á ekki að koma að sök, því að þetta er ósköp einfalt mál og auðskilið. Önnur till., sem ég mun ræða hér, er um rafmagnslínur til tveggja héraða á Vestfjörðum. Það er rafmagnslína frá Patreksfirði um Patreksfjarðarflugvöll og Sandsheiði til Barðastrandar. Hin rafmagnslínan er af Selsströnd yfir Bjarnarfjarðarháls til Bjarnarfjarðar í Strandasýslu. Nú þykir kannske einkennilegt að vera að flytja till. um fjárveitingu í rafmagnslínur, þar sem allt slíkt á að heyra undir raforkumálastjórnina og koma þaðan alveg sjálfkrafa. En það hagar nú svo til um þessi héruð, Barðastrandarhrepp annars vegar og Bjarnarfjörð hins vegar, að það eru engar horfur á því, að þeir fái rafmagn í náinni framtíð, þó að aukið verði fé til raforkumálastjórnarinnar og þetta liggur í því, að raforkumálastjórnin hefur sett sér þær reglur að leggja ekki dreifilínur til þeirra byggðarlaga, þar sem meira en 1½ km er á milli bæja að meðaltali. En látum það nú gott heita, þó að þessi regla sé í gildi. En það er annað verra, að þegar raforkumálastjórnin er að finna út þessa vegalengd á milli bæja, reiknar hún allar vegalengdir yfir fjöll og firnindi, sem þarf að leggja höfuðlínuna inn í héraðið. Það telur hún líka sem vegalengd á milli bæja, og þykir mér það nokkuð „kúnstugur“ reikningur. Það getur orðið nokkuð langt á milli bæja, þegar þannig er farið að og vegna þess er það svo, að Barðastrandarhreppur, sem er þéttbýll hreppur, fær ekkert rafmagn og hefur engar horfur á að fá það á næstunni, af því að það er um 20 km leið frá Patreksfirði inn í sveitina og henni er allri bætt við vegalengdina innan sveitarinnar. En hefur nú þetta verið svo annars staðar á landinu? Ég veit ekkert dæmi um það. Ég veit hins vegar dæmi um hitt, að vegalengd yfir heiði, sem þurfti að leggja línuna um inn í byggðirnar, var alls ekki reiknuð þannig með. Skal ég minna á það, þegar rafmagnslína var lögð frá Þverárvirkjun í Strandasýslu suður yfir Tröllatunguheiði til Geiradalshrepps og Reykhólasveitar og sem nú er komin til Saurbæjar í Dalasýslu. Það datt engum í hug að fara að reikna þessa línu með sem vegalengd á milli bæja. Ef það hefði verið gert, væru þessi byggðarlög ekki farin að fá rafmagn enn. En Barðaströnd skal sitja við þetta að fá ekki rafmagn, af því að það er reiknuð vegalengdin yfir heiðina. Við höfum ekki séð neinar útgöngudyr til að fá þennan vanda leystan, nema flytja um það till. hér, að ríkið leggi fé fram í þessar línur, ekki dreifilínurnar innan héraðsins, heldur aðallínuna yfir þessa tvo fjallgarða. Þegar línan er komin inn í sveitina, er hægt að fylgja reglunni, og bæði þessi héruð mundu þá geta fengið svo að segja strax rafmagn til afnota, því að vegalengdin þar er ekki meiri en svo, að hún rúmast innan þeirra marka, sem sett eru.

En nú kemur fleira til, hvað snertir rafmagnslínuna frá Patreksfirði inn á Barðaströnd. Það er nýlega búið að byggja flugvöll í Sandodda við Patreksfjörð, en það er ekkert rafmagn komið þangað. Það er ekki hægt að hafa þar ljós, það er ekki hægt að lenda þar, ef farið er að skyggja. Þegar þessi flugvöllur var opnaður, var haldið smávegis hóf á Patreksfirði, og voru þar mættir þm. Vestfjarða í boði flugmálaráðh. Þar voru margar skemmtilegar ræður haldnar og menn yfirleitt ákaflega ánægðir yfir því að fá þessa miklu samgöngubót, enda er þetta geysimikil samgöngubót fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu að fá flugvöll í Patreksfirði. Meðal annarra hélt ræðu forstjóri Flugfélags Íslands, og hann minnti á það, að flugvöllurinn væri eins og fokhelt hús. Það vantaði svo mikið á flugvöllinn, þó að brautin væri í sjálfu sér góð, m. a. vantaði rafmagnið. En við búum nú enn við þetta fokhelda hús. Ég veit, að það stendur til að leggja þessa línu einhvern tíma, en hún er innifalin í þessari línu, sem ég er að flytja till. um. Mikill hluti af þeim kostnaði, sem við þetta er, er það að koma rafmagni á flugvöllinn. Till. okkar um þessar tvær rafmagnslínur er 3½ millj. kr. Það er allur kostnaður við að leggja þessar tvær línur. Það er út úr hreinum vandræðum, að slík till. sem þessi er flutt. Það er út úr þeim erfiðleikum, að það virðist sem þessi tvö héruð séu dæmd til þess að vera rafmagnslaus, bókstaflega dæmd til þess. Þess vegna verðum við að reyna að finna einhverjar

aðrar leiðir. Ég vona því, að það sé skilningur fyrir því hér, að þetta fólk í þessum byggðarlögum fái rafmagn, en horfi ekki í vonleysi fram á það, að heiðar eða háls útiloki þetta með aðstoð þeirrar reglugerðar, sem einhvern tíma hefur verið sett um það, hvar eigi að leggja rafmagnslínur og hvar ekki. Barðastrandarhreppur er þéttbýll. Þar eru t. d. 28 bæir í röð og meðalvegalengd á milli þeirra talsvert innan við 1½ km. Það hefur ekkert að segja. Þeir fá ekkert rafmagn fyrir það, nema þessi vandi verði leystur á einhvern hátt.

Hin till., sem ég mun gera hér að umtalsefni, er um ferjubryggjur, tvær ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp. Í Ísafjarðardjúpi eru tvö gömul og ný höfuðból, það eru Æðey og Vigur, einhverjar allra kostamestu og beztu bújarðir á Vestfjörðum. Í Vigur má segja, að bændurnir séu í raun og veru þrír. Í Æðey verða þeir væntanlega innan skamms tveir. Hvað hefur nú ríkið lagt af mörkum í samgöngumálum til þessara tveggja höfuðbóla? Það er fljótsagt. Ekki neitt, nema þessar eyjar njóta flóabátsins, sem fer um allt Ísafjarðardjúp og víðar. Ríkið hefur ekki lagt í neina brú handa þessum bændum, ríkið hefur ekki lagt í neinn veg handa þeim, ekki einu sinni rafmagn. Ég held, að það séu nokkur dæmi um það, að byggðar hafa verið brýr, jafnvel til þess að tengja einn einasta sveitabæ við þjóðvegakerfi landsins. Og er ekki nema gott um það að segja, þegar svo stendur á, að jörðin færi annars í eyði. Ég veit dæmi um það, að slík brú hafi kostað hálfa millj. og allt upp í heila millj., þótt húr væri ekki nema fyrir einn bæ. Nú leggjum við til, að það sé varið einum 300.000 kr. í ferjubryggju á hvorn þessara staða. Okkur er ljóst, að þetta er ekki endanlegur kostnaður, ekki nema byrjunin. En fólkið þarf nú loksins að fara að sjá það, að það sé einhver vilji fyrir því á Alþ., að það búi áfram í þessum eyjum, því að verði ekkert gert til þess að skapa betri aðstöðu handa þessu fólki en að hafa gagn af þessum eina flóabáti, sem fer þarna um, þá endar það með því, að fólkið fer í burtu.

Það er ekki því að leyna, að bændurnir þarna *hafa verið ákaflega hófsamir* í kröfum hvað þetta snertir. Ég held helzt til hófsamir. En ég vil ekki láta þá gjalda þess, að þeir hafa verið svona hófsamir. Ég held það ætti að viðurkenna það loksins, að þeir eigi það sannarlega skilið, að þeir fái smáfjárveitingu til þess að bæta aðstöðu sína, svo að þeir geti þó notað þennan eina bát, sem þeir eiga von á þangað. Og hvað skeður, þegar vont er veður, eða ef karlmenn eru ekki heima viðlátnir að sinna þessum bát, sem á að koma þarna. Þá verður hann að fara þarna fram hjá! Þá koma menn ekki mjólkinni frá sér, og þá koma þeir ekki nauðsynjum að sér. Það er gjörsamlega óviðunandi að búa við þetta lengur. Við gerum ekki kröfur um háar fjárveitingar að þessu sinni, en ef það fengist viðurkenning á því, hvað þetta fólk á skilið, sem þarna býr, og hvers virði þessar miklu og góðu bújarðir eru fyrir mjólkurneytendurna á Ísafirði, þá held ég menn myndu ekki fella þessa till. að athuguðu máli. Ég geri mér því vonir um að fá skilning hv. þm. á þessum tveimur till., sem ég hef hér talað fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 201, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það gerist, að mér finnst, fáskipaður bekkurinn í hinu háa Alþ., en þess gerast víðar dæmi, og skal ég ekki fást um það, þó að ég þurfi að tala yfir fáum áheyrendum. Ég hef leyft mér, ásamt þremur öðrum þingbræðrum mínum, hv. 2. þm. Sunnl., hv. 6. þm. Reykv. og hv. 5. landsk. þm., að flytja eina brtt. við fjárlagafrv. Brtt. er um það, að á fjárlögum ársins 1968, sem hér eru til umr. og afgreiðslu, verði varið 600.000 kr. til kaupa á bókasafni Boga heitins Ólafssonar, yfirkennara. Því miður átti ég þess aldrei kost að kynnast Boga Ólafssyni, en oft hef ég heyrt nemendur hans minnast með gleði þess svipmikla og mikilúðuga persónuleika, sem þessi maður var. En þótt ég kynntist ekki Boga Ólafssyni, veit ég það, sem þjóðin veit öll, að hann var mikill mennta- og bókamaður. Og hann kom sér upp miklu og merkilegu bókasafni, og segja mér það bókfróðir menn, sem kynnt hafa sér bókasafn Boga heitins, að hér sé um að ræða eitt ágætasta bókasafn íslenzkt í einstaklingseigu, og í því sé að finna flestar þær bækur íslenzkar, sem merkastar hafa út komið, og fjölmargar í frumútgáfu. Nú er málum svo komið, að ekkja Boga Ólafssonar hefur boðið ríkinu bókasafnið til kaups. Þetta safn er skrásett, og það hefur verið metið á 1,8 millj. kr. og því er það, að sú upphæð, sem farið er fram á í þessari brtt., sem hér er flutt að þessu sinni, er einungis þriðjungur af kaupverði safnsins.

Þeir, sem mátu safnið, voru þeir Ragnar Jónsson hrl. og Helgi Tryggvason, en þeir sem þekkja bókasafn þetta, bókasafn Boga heitins Ólafssonar yfirkennara, telja, að hér sé um lágt mat að ræða og verðmæti bókasafnsins hljóti í rauninni að vera talsvert mikið meira en þetta, og ég hef heyrt þessa menn, sem þekkja safnið og hafa sagt mér þetta, láta í ljós undrun sína yfir því, hversu safnið sé lágt metið. Ef af þessum kaupum verður, og það verður, ef þessi brtt. okkar fjórmenninganna verður samþ., sem ég vænti fastlega, að hv. Alþ. geri, þá er það ætlunin að koma fyrir í bókhlöðu forsetasetursins að Bessastöðum meginhlutanum af þessu safni, enda hefur forseti vor látið í ljós áhuga á, að svo verði gert.

Ég tel, að minningu mikils menntamanns og mjög merks manns í íslenzku þjóðlífi verði mjög mikill sómi sýndur, ef úr þessari ráðagjörð verður, og ég vænti þess, að þessi till. hljóti mikinn og góðan stuðning hér á hinu hv. Alþ.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Á þskj. 201 flyt ég eina brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1968, það er fjórði töluliður. Þessa till. flyt ég ásamt hv. 4. þm. Reykv., Þórarni Þórarinssyni. Hún fjallar um það, að við 4. gr., eins og þar er nánar skilgreint, komi nýr liður til byggingar ungmennahúss í Reykjavík, að upphæð 10

millj. kr. Ég vil leyfa mér að gera örstutta grein fyrir þessari till., hvers vegna hún er flutt.

Eins og kunnugt er hafa vandamál æskunnar löngum verið úrlausnarefni, misjafnlega alvarlegt að vísu. Þetta vandamál er ævarandi, en það minnir á sig með nokkuð misjöfnum hætti. Stundum gerast þeir atburðir, að þeir, sem fullorðnir eru, vakna upp við vondan draum, sjá það að eitthvað er aflaga í þessum málum og fyllast þá gjarnan löngun til þess að bæta úr. Því er heldur ekki að neita, að nokkrar ráðstafanir hafa á síðustu árum verið gerðar, einmitt í því skyni, að auðvelda þessi vandamál unga fólksins. Það má t.d. geta þess, að fyrir hv. Alþ. liggur nú frv. til l. um ráðstafanir í æskulýðsmálum. Ég geri fastlega ráð fyrir því og veit raunar, að þar er um þarfa lagasetningu að ræða, sem vafalaust verður dustað rykið af, þegar annir efnahagsmálanna minnka eitthvað hér á hv. Alþ. Í þessu frv. eru nokkur nýmæli a. m. k., sem lofa góðu, t. d. sú nýbreytni að koma á fót allumfangsmikilli leiðbeiningastarfsemi í æskulýðsmálum, en á hana hefur allmikið skort, og margir frumkvöðlar æskulýðsmála hér telja, að það sé stórt spor í rétta átt, þegar það nær fram að ganga. Allt er þetta þó mjög þokukennt, eins og sakir standa, og nýmæli frv. flestöll í heimildaformi, ég held það sé engin ákveðin fjárveiting til æskulýðsmála í þessu æskulýðsfrv., en án fjármagns verður trauðla mikið áunnið í þessu, fremur en svo mörgu öðru.

Hér í Reykjavíkurborg starfar n. á vegum borgarstjórnar, sem heitir Æskulýðsráð. Þetta æskulýðsráð hefur nýlega birt skýrslu um starfsemi sína undanfarin ár. Hér er um að ræða hið fróðlegasta rit, sem ástæða er fyrir alla, og þá ekki síst hv. alþm. að gefa gaum. En starfsemi ráðsins er allumfangsmikil. Engu að síður er því sniðinn allt of þröngur stakkur, og er það viðurkennt af öllum, sem í æskulýðsmálaráði starfa, hvar í flokki sem þeir standa. Æskulýðsráð Reykjavíkur hefur undanfarin ár haft til umráða húseignina nr. 11 við Fríkirkjuveg. Þar eru skrifstofur og bækistöð ráðsins, og þar hefur verið haldið uppi þeirri æskulýðsstarfsemi, sem ráðið hefur getað boðið upp á undanfarin ár. Nú hefur það gerzt, eins og allir hv. alþm. vita, að hús þetta hefur verið selt og lóðin sameinuð næstu lóð við til afnota fyrir Seðlabankann, þar sem hann ætlar að byggja sér aðsetur sitt. Af þessu leiðir að sjálfsögðu, að Æskulýðsráð verður að hverfa burtu af Fríkirkjuvegi 11, og fyrir dyrum stendur nú endurbygging á húsakynnum við Tjarnargötu, þar sem verið hefur Tjarnarbær, og að nokkru leyti húsakynnum gömlu slökkvistöðvarinnar, sem í ráði er að taka í notkun fyrir þessa starfsemi. Ég held það séu um það bil tvö ár síðan ákveðið var að láta fara fram samkeppni um teikningar að æskulýðshúsi á þessum stað. Þessi samkeppni hefur þó enn þá ekki farið fram, en mun nú alveg nýverið hafa verið ákveðin af Borgarráði Reykjavíkur og verður þá væntanlega háð á næsta ári, og er það sannarlega ekki vonum fyrr, vegna þess að Æskulýðsráð er nú að verða húsnæðislaust, eins og ég áðan sagði. En þó af þessari byggingu verði nú, sem væntalega verður alveg á næstunni, þá kemur þessi bygging í raun og veru aðeins í staðinn fyrir húsakynni ráðsins að Fríkirkjuvegi 11, sem öllum ber saman um, að hafi verið alls kostar ónóg fyrir starfsemina undanfarin ár.

Fleira mætti nefna, sem líklegt er, að bæti nokkuð úr ástandinu í þessum efnum, og þá fyrst og fremst það framtak, sem íslenzkir templarar hafa ráðizt í í húsnæði sínu við Eiríksgötu. En þar er ráðgerð bygging, a. m. k. tveggja samkomusala, sem gæti orðið a. m. k. að einhverju leyti til afnota fyrir slíka æskulýðsstarfsemi, eins og ég er hér að tala um. En þessar framkvæmdir hafa einnig dregizt. Vonir stóðu til, að þessi húsakynni gætu a.m.k. að verulegu leyti orðið tilbúin til afnota á þessu ári. Nú er sýnt, að svo verður ekki, og er vafalaust fjárskorti þar fyrst og fremst um að kenna. Ég vil ekki halda því fram, að mér sé kunnugt um alla starfsemi, sem í þessu skyni er rekin, en ég vil þó, áður en ég skilst við þetta, geta um starfsemi, sem Kristján Sigurðsson lögregluþjónn hefur haldið uppi í vetur í Breiðfirðingabúð, en þar hefur hann haldið uppi danssamkomum fyrir unglinga, mjög með því sniði, sem til heilla horfir að mínum dómi. En þegar þessi atriði eru talin, sem flestöll eru þó í vændum og aðeins mjög fá í framkvæmd nú þegar, er lokið að geta um þá aðstöðu, sem reykvískir unglingar hafa til dansskemmtana hér í borginni.

Það hefur verið reynt að bæta nokkuð úr þessum málum með því að nota húsakynni skólanna. Skólarnir hafa haft svo kölluð opin hús á kvöldin. Þetta hefur, að því er ég bezt veit, gefizt allvel, en bæði er það, að skortur á skólahúsnæði veldur því, að nýting þess er þegar mjög mikil, og það þarf að margsetja í stofurnar. Einhvern tíma verður að ætla til þess að hreinsa húsakynnin og halda þeim við, þannig að það er a.m.k. mjög takmörkuð lausn og alls ekki til neinnar frambúðar að vísa á skólahúsakynnin í þessu sambandi. Með þessar staðreyndir í huga flutti ég hér á hv. síðasta Alþ. í fyrra frv. um byggingu ungmennahúss hér í borginni. Efni þess frv. var í örstuttu máli það, að byggt skyldi ungmennahús í Reykjavík fyrir skemmtanir æskufólks og haft samráð við Æskulýðsráð Reykjavíkur um stærð hússins og fyrirkomulag. Í ungmennahúsi áttu aðeins að fara fram þær skemmtanir, sem hollar og þroskavænlegar eru fyrir æskufólk, og vandað til þeirra, og áfengisneyzla átti algjörlega að vera bönnuð í því húsi. Í frv. var ráðgert, að stofnkostnaðurinn, þar með talin áhöld og tæki, yrði greiddur að hálfu af ríkissjóði og að hálfu af Reykjavíkurborg, og ef um rekstrarhalla yrði að ræða, þá myndi staðið undir honum á sama hátt. Þetta yrði helmingafyrirtæki þessara tveggja aðila, en ungmennahússtjórn yrði falin Æskulýðsráði Reykjavíkur og að því stefnt, að ungmenni gætu sem allra mest sjálf haft stjórn þeirrar starfsemi, sem þar færi fram, með höndum. Þetta frv. fékk í allra skemmstu máli enga afgreiðslu hér á hv. Alþ. Ég held þó, að því hafi verið vísað til n., en svo mikið er víst, að þaðan kom það aldrei. Og ég vil segja, að það lýsi tak-

mörkuðum áhuga hv. fyrrv. alþm. a.m.k. á málefnum æskulýðs í höfuðborginni, og ég vona, að það áhugaleysi sé ekki fyrir hendi á því þingi, sem nú er nýlega kjörið og hér situr.

Það kom glöggt fram í umr. um þessi mál í borgarstjórn Reykjavíkur ekki alls fyrir löngu, að mikill og samstæður vilji er þar fyrir því að ná samstarfi við ríkið um starfrækslu og byggingu húss eins og þessa, og eru þar allir flokkar á einu máli, enda er það mála sannast, að ríkið — og þjóðfélagið þá — á ekkert síður mikið undir því komið heldur en yfirvöld Reykjavíkurborgar, að uppeldi æskulýðsins hér geti tekizt á þann hátt, sem viðunandi er a.m.k. Og það getur hæglega orðið ríkinu dýrt, ekki síður en borginni, ef þessi mál eru látin fara í ólestur, svo að til slysa kemur.

Ég sagði áðan, að það væri ráðgert að byggja yfir starfsemi Æskulýðsráðs að einhverju leyti í Tjarnargötu. Það er engan veginn nóg, m. a. vegna þess, að það kemur í staðinn fyrir annað hús, sem tekið er úr notkun, en auk þess er það útbreidd og viðurkennd skoðun þeirra, sem að þessum málum starfa, að það sé nauðsynlegt að dreifa þessari skemmtanaaðstöðu allverulega um borgina. Og hér er ég ekki að tala fyrir frv. eða till. um neina æskulýðshöll, eins og einu sinni var vinsælt að tala um hér á hv. Alþ. Ég held, að allir séu orðnir sammála um það nú, að heppilegra sé að dreifa þessari aðstöðu talsvert mikið um borgina. Það hús, sem ég og hv. 4. þm. Reykv. höfum í huga, á að verða eitt af slíkum húsum. Vonandi verða þau innan tíðar miklu fleiri. Ég hygg, að það þurfi ekki að fara um það mörgum orðum, hvers vegna það sé heppilegt að dreifa æskulýðsstarfseminni. Það liggur í augum uppi, að það er ekki heppilegt og oft ekki auðvelt að fást við, þegar of mörgum ungmennum er stefnt saman á einn og sama stað. Það verður affarasælla að dreifa þessari starfsemi.

Ég tel sanngjarnt, að ríkissjóður taki að sínu leyti einhvern þátt í lausn á æskulýðsvandamálunum í Reykjavík. Hér er að rísa upp eini vísirinn á Íslandi að stórborgarlífi, og við erum Íslendingar gjarnan nokkuð stoltir af því að geta sýnt öðrum skýjakljúfana okkar og fína vinveitingastaði, sem eru til afnota fyrir okkur, sem erum fullorðin, og þá gesti, sem hingað koma. En við verðum bara að gera okkur það ljóst, að vegsemdinni af því að byggja stórborg fylgir einnig mikill vandi, og sá vandi er ekki hvað síst að ala upp heilbrigt og hamingjusamt æskufólk. Og þessum vanda verður að mæta, ekki bara að vísa honum á einstök sveitarfélög. Ríkið og Alþ., þjóðin öll, verður að axla sinn hluta af þessari byrði. Þess vegna hef ég nú freistað þess, og við, flutningsmenn þessarar till., að fá örlitla fjárveitingu samþ. í þessu skyni, nú þegar hin geysiháu fjárlög fyrir árið 1968 eru á lokaafgreiðslustigi. Það skiptir að mínum dómi engu máli, þó að lög um slíkt hús séu ekki þegar fyrir hendi eða fyrirkomulag á ráðstöfun þessarar fjárveitingar, slíkt má alltaf gera. Aðalatriðið er að fá fjárveitinguna, þá verður hitt auðvelt, að ráðstafa henni á heppilegan hátt. Hér er miklum fjármunum ráðstafað nú í kvöld og undanfarna daga, flestum sjálfsagt til þarfra og nauðsynlegra hluta, það vil ég sízt draga í efa. En hvað er framtíð þjóðarinnar nauðsynlegra en heilbrigði og hamingja æskunnar? Ég held, að það sé vandfundið.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 202, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Í fjárlagafrv. því, er hér er til umr., er svo ráð fyrir gert, að til hafnarmannvirkja samkv. 4. gr., þ. e. til greiðslu á eftirstöðvum framlaga, sem ríkissjóður skuldar í framkvæmdum þeim, er búnar eru, skuli verja 20 millj. 350 þús. kr. Ef upphæð þessi hefði staðið óbreytt af hálfu meiri hl. fjvn., hefði verið hægt að sætta sig við það út af fyrir sig, enda þótt ríkið skuldi um 75 millj. kr. í þessum framkvæmdum. En þegar á það er litið, að samkv. þskj. 171 er upphæðin til þessarar greiðslu lækkuð niður í 10 millj. kr., þá svarar það framlag til þess, að skuldahallinn verði borgaður á sjö árum eða því sem næst tveimur kjörtímabilum. Þetta er afleitt og kemur sér mjög illa fyrir mörg bæjar- og sveitarfélög, ekki síst þegar það er haft í huga, að þetta eru ekki einu skuldir hins opinbera vegna framkvæmda á vegum sveitarfélaganna. Þannig hefur verið búið að opinberum umbótum hin síðari ár, að bæjar-, sveitar- og sýslufélög sitja með skuldir, vegna þess að ríkið hefur ekki staðið skil á sínum lögbundnu framlögum til framkvæmdanna. Á það vil ég minna, að aðstaða sveitarfélaganna er nú mun lakari en oft áður, þar sem atvinna hefur verið minni og greiðslugeta fólks mun lakari þar af leiðandi og því erfitt allvíða með innheimtu útsvara. Það hefur líka komið sér afar illa, að ríkið hefur lækkað framlag úr jöfnunarsjóði um 20 milljónir króna á þessu ári, samhliða því, sem lækkuð voru framlög til opinberra framkvæmda um 10%. En áður hafði ríkisstj. lækkað framlög vegna opinberra framkvæmda um 20%, svo það er ekkert undarlegt, þó að mörg bæjar- og sveitarfélög finni fyrir því, hvernig staðið hefur verið að framkvæmdamálunum, samhliða því, sem réttur þeirra hefur verið skertur á öðrum sviðum af hæstv. ríkisstj.

Hafnarmannvirki eru mjög víða undirstaða atvinnulífsins. Sjávarútvegur er útilokaður þar, sem ekki eru viðunandi hafnir. Svo er einnig um vöruflutninga allvíða hér á landi. Það er því ófrávíkjanleg krafa, að ríkið standi við sitt í þessum efnum í framtíðinni. Í Vesturlandskjördæmi standa yfir hafnarframkvæmdir á 10 stöðum, að vísu misjafnlega kostnaðarsamar, en alls staðar hallar á ríkið að standa við sinn hlut í þessum framkvæmdum. Með það í huga, hversu brýn þörf er á að sveitarfélögum verði sem fyrst borgað það, sem þau eiga hjá ríkinu fyrir hafnarframkvæmdir, höfum við, hv. 4. landsk. þm. og hv. 3. þm. Vesturl. ásamt mér, flutt brtt. þá, sem er á þskj. 195, VI. liður, um að hækka úr 10 millj. í 14 millj. kr. framlag til greiðslu á skuldum ríkisins vegna hafnar-

mannvirkja, sem unnið hefur verið að á undanförnum árum.

Hér er mjög hóflega í sakirnar farið hjá okkur Vestlendingum, eins og jafnan hefur átt sér stað áður, þegar við höfum flutt till. En ég vil líka minna á það, að hér er um þýðingarmikið mál að ræða, sem snertir alla hv. alþm., þar sem þeirra kjördæmi njóta einnig nokkurs í samþ. till. þeirrar, sem hér um ræðir. Ég vænti þess, að hv. þm. meti réttilega þýðingu þessa mikilvæga máls og samþykki till. okkar um hækkun á framlagi til að borga niður skuldir vegna hafnarmannvirkja.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Í fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir nú á þskj. 143 við upphaf 3. umr., eru ríkistekjurnar áætlaðar 6,042 millj. 976 þús. kr. Tekjuafgangur rúml. 37 millj. kr. og greiðsluhalli rúml. 9 millj. kr.

Ég minnist þess, að afgreiðsla frv. við 2. umr. var með nokkuð óvenjulegum hætti. Frá fjvn. lá þá fyrir mikill fjöldi brtt., en þær voru að mestu leyti skrifstofuverk, umreikningur á einstökum útgjaldaliðum vegna gengisbreytingarinnar 24. nóv. s.l., en litið um brtt. við útgjöldin af öðru tagi. Hitt var þó bagalegra fyrir þm., að við þessa umr. lá ekkert fyrir um hina miklu breytingu til aukningar á ríkistekjum, sem ætla mátti, að verðhækkun erlends gjaldeyris og þar með innfluttra vara hefði í för með sér, en auðsætt var frá öndverðu, að tolltekjur hlutu að hækka mjög af þessum sökum og einnig söluskattur verulega. Af hinni ófullkomnu afgreiðslu fjárlagafrv. við 2. umr. leiðir, að svo að segja öll sú afgreiðsla, sem mestu máli skiptir, hlýtur að fara fram nú við síðustu umræðu. Tillögum fjvn., sem þm. verða að miða afstöðu sína við nú og sníða sínar till. eftir, var útbýtt kl. 9 í gærkveldi og talið er, að áformað sé að ljúka síðustu umr. fjárl. í nótt.

Alþ. sem slíku er því ætlaður einn sólarhringur eða svo til að átta sig á því, hvort 6 — 7 þús. millj. kr. ríkistekjur séu rétt áætlaðar og hvernig þessum miklu fjármunum verði bezt varið að dómi þess.

Á þessum örstutta tíma er okkur, kjörnum þjóðfulltrúum, ætlað að hlýða á ræður og, ef svo ber undir, að flytja ræður um einstaka þætti þessa mikla máls og gera okkur grein fyrir, hvort þær till., sem fram eru komnar úr fjvn., séu þess eðlis, að við getum við þær unað án aðgerða, eða hvort ástæða sé til þess fyrir okkur að bera fram aðrar till. og þá að undirbúa þær till. og flytja. Ég leyfi mér að átelja þessa aðferð og vara við henni. Ég held jafnvel, að skárra hefði verið, úr því að sérstaklega stóð á vegna gengisbreytingarinnar, að fresta endanlegri afgreiðslu fjárl. fram yfir áramót en að fara þannig að. Og slíka frestun mundi ég ekki hafa átalið eða átelja, eins og á stendur vegna gengisbreytingarinnar, þótt hún sé að jafnaði lítt réttlætanleg og auðvitað óæskileg, en fyrir því eru þó fordæmi.

Fyrir nokkrum áratugum, eða áður en farið var að rjála til muna við kjördæmaskipun landsins, mælti stjórnarskráin svo fyrir, að fjárl. skyldu afgreidd við 6 umr. eða fleiri í báðum deildum og, ef svo bar undir, að lokum í sameinuðu Alþ. Þá fóru líka fram eldhúsumr. svo kallaðar við lok 1. umr. og þá rætt um ríkisbúskapinn almennt.

Nú er búið að slíta þessar almennu umr. um ríkisbúskapinn úr sambandi við fjárl. Þær eru orðnar að útvarpsumr. milli útnefndra fulltr. þingflokkanna eingöngu, og aðrir þm. leggja þar ekki orð í belg. Sama er raunar að segja um 1. umr. fjárl. Hún er líka orðin útvarpsumr. fyrir löngu síðan. Nú í ár er Alþ., löggjafar- og fjárveitingasamkomu hinna kjörnu þjóðfulltrúa, í raun inni ætlað að hafa aðeins eina umr. um fjárlagafrv., eina umr. sem því nafni má nefnast, því að ég hef áður getið þess, hvernig 2. umr. fór fram, hvernig skilyrðin voru til þess að láta þá umr. fara fram. Þessi eina umr., sem því nafni má nefna um fjárl., hófst kl. 2 í dag og mun eiga að enda, eins og ég sagði áðan, í nótt, og það eru ekki nema nokkrar klst. síðan við alþm. hlýddum á framsöguræður frsm. fjvn. og vissum, hvað til umr. var í raun og veru.

Nú má e.t.v. segja, að við þetta mætti una, ef þm. almennt hefðu haft aðstöðu til þess frá öndverðu að fylgjast með þeirri tillögugerð, sem í vændum var, og hafa íhlutun um hana, t.d. með aðstoð þingmannafunda kjördæmanna eða funda í þingflokkum, en svo er ekki, nema þá e.t.v. í þingflokki ríkisstj., sem ég veit ekki um og raunar efast um.

Jafnvel þingflokkarnir hafa naumast fengið ráðrúm til venjulegra fundarhalda milli 2. og 3. umr. fjárl.

Slíkt óðagot hefur ríkt undanfarna daga og hefur áður verið gert að umræðuefni meðal ráðamanna hér í þingsalnum, að mál var hrifið úr höndum hv. Nd., áður en hún hafði afgreitt það, og tekið ólöglega til meðferðar í hv. Ed.

Þetta var auðvitað óviljaverk, en það er ekki gott, að þeir, sem ríkjum eiga að ráða, séu flaumósa við löggjafarstörf.

Nú er ég að vísu ekki að segja það með þessu, að um þetta, sem ég hef nú verið að lýsa, vilji ég kenna þeim eingöngu, sem verkstjórn hafa á þessu hv. Alþ. Þróunin hefur miðað í þessa átt, því miður, en við verðum sérstaklega varir við það, hvernig komið er, þegar þannig stendur á sem nú um afgreiðslu fjárl. við sérstök skilyrði. Og ég held, að hér sé um að ræða málefni, sem við þurfum öll, sem á þingi sitjum, að gefa gaum að, hvar við erum á vegi stödd um meðferð hinna þýðingarmestu mála og hvernig unnið er að þeim á þessari löggjafarsamkomu, sem stundum er kölluð þúsund ára.

Ég hef hér fyrir framan mig tvær áætlanir úr hv. fjvn., frá meiri og minni hl., um tekjuaukann á næsta ári vegna gengisbreytingarinnar. Meiri hlutinn áætlar hækkun tollteknanna, að mér skilst, rúmlega 50 millj., en minni hlutinn 232 millj. Þessar tölur, sem ég nefndi áðan, taka ekki til söluskattsins. Mér er næst að halda, að jafnvel áætlun minni hl. hljóti að vera of lág, hvað þá þessi, en ég hef ekki í höndum gögn til þess að rökstyðja það og ekki ráðrúm til þess að afla þeirra. Hins vegar hlustaði ég með athygli síðari hluta dags í dag á ræðu þá, sem hv. 1. þm.

Vestf. flutti um þetta mál. Það var ekki löng ræða, en þar virtist mér með skýrum talnarökum sýnt fram á það, sem ég er að halda fram hér án þess að nefna sérstaklega tölur því til stuðnings, að í raun og veru sé þessi tekjuáætlun mjög undarleg og hún hljóti að vera til muna of lág. Þarna skal ég fara fljótt yfir sögu, en ég ætla mér að ganga út frá því, m. a. með tilvísun til þeirra talna, sem hv. 1. þm. Vestf. flutti hér áðan, að um lága tekjuhækkunaráætlun sé að ræða.

Er í því sambandi vil ég láta koma hér fram þá skoðun mína, að nú þegar ríkissjóður fær allt í einu mikið fé handa á milli, sem hann áreiðanlega fær, ef ráða má af líkum, þá eigi að verja bróðurpartinum af því fé til að auka stuðninginn við uppbygginguna í þágu landsbyggðarinnar á ýmsum sviðum.

Sú hætta vofir sífellt yfir, sem og áþreifanlega hefur komið fram í niðurskurði hæstv. ríkisstj. á framlögum til verklegra framkvæmda undanfarin 3 ár, að strax og eitthvað bjátar á fyrir ríkissjóði, sé ráðizt á uppbyggingarfé, framlög til samgöngubóta, hafnarfé, rafvæðingarfé, skólafé og ýmislegt fleira af því tagi, og það lækkað vegna almennra útgjalda, er kastað er í dýrtíðarsvelginn, eins og gert var fyrir og eftir síðustu kosningar.

Þannig er alltaf hætta á, að framkvæmdafé lækki í hlutfalli við örnur ríkisútgjöld og miðað við verðgildi krónunnar. Hvenær, sem tækifæri gefst, þarf því að rétta hlut uppbyggingarinnar, af því að hin hættan, sem ég nefndi áðan, vofir aftur yfir. Eitt slíkt tækifæri tel ég að sé nú og það beri að hafa í huga.

Nú kynni t. d., hvort sem það er gert í sambandi við afgreiðslu þessara fjárl. eða á annan hátt í sambandi við aðra löggjöf, að vera möguleiki til að bæta hag vegasjóðs með nýjum tekjustofni, en till. hafa verið uppi um það á Alþ. og eru enn. Ef ekki nú, hvenær þá? vil ég spyrja. Þetta var nú um vegamálin, en ég ætla ekki að ræða um þau frekar, enda er vegaáætlunin ekki mál þessa þings. Er í sambandi við framkvæmdir í þágu landsbyggðar, þá er mér á þessari stundu einkum þrennt eða fernt í huga, og um það vil ég nú leyfa mér að fara nokkrum orðum, áður en ég kem að þeim brtt., sem ég mæli fyrir að þessu sinni.

Ég drep þá fyrst á það verkefni að ljúka rafvæðingu dreifbýlisins. Um það efni liggja fyrir 2 till. frá hv. minni hl. fjvn. Þær till. vil ég styðja og treysti því, að hæstv. ríkisstj. noti þá heimild til lántöku, sem þar er um að ræða. En sú till., eins og hún er fram borin, eykur ekki útgjöld ríkissjóðs út af fyrir sig á þessu ári. En hin till., frá minni hl., er um hækkun á beinu framlagi til raforkuframkvæmda, sem nam rétt um 10 millj. kr.

Næst vil ég leyfa mér að nefna íbúðalánamálið. Þeim fer nú fjölgandi, sem bera sér það í munn, að stuðla beri að jafnvægi milli landshluta. Eitt af því, sem mestu skiptir í því sambandi, er að það fólk, sem vill eiga heima í átthögum sínum víðs vegar um land eða flytjast þangað, geti átt viðunandi þak yfir höfuðið. Hér í umr. hefur verið lýst ástandi í íbúðalánamálum á höfuðborgarsvæðinu. Það gerði einn af hv. þm. Reykvíkinga og dreg ég ekki í efa það, sem þar var sagt, enda alkunna, að lánastarfsemin er nú eða virðist vera ströndud um sinn, þ.e.a.s. veiting nýrra lána til íbúða úr veðlánakerfinu eða frá húsnæðismálastjórn, m. a. vegna hinnar svo kölluðu Breiðholtsáætlunar, sem komið var á laggir vegna hins margnefnda júnísamkomulags, sem raunar er víst lítið eftir af, nema kannske Breiðholtsáætlun og vísitöluálag húsnæðislánanna. En annars staðar á landinu mun ástandið þó verra, og t. d. á Akureyri, sem er fjölmennasti bær utan Reykjavíkursvæðisins, er almennt talið, að menn hafi orðið mjög afskiptir við úthlutunina miðað við úthlutunina á Reykjavíkursvæðinu, þó að sitt hvað megi að henni finna, eins og gert hefur verið.

Ég hef nýlega haft undir höndum og verið að lesa nýútkomið hefti Fjármálatíðinda. Í þessu hefti er nokkuð merkileg ritgerð, samin af manni, sennilega hagfróðum, sem heitir, ef ég man rétt, Pétur Eiríksson, og sagt, að hún sé samin í Efnahagsstofnuninni. En þessi ritgerð er um húsnæðismál á Íslandi. Þar er m. a. húsnæðisspá um næstu 5 ár og er gert ráð fyrir, að byggja þurfi í landinu á þessum 5 árum, að mig minnir, 8000—8500 íbúðir. Margt fleira er fróðlegt í þessari grein. Er eitt af því, sem fram kemur í greininni, er samanburður á byggingarstarfseminni, fjárfestingunni í íbúðum eftir landshlutum. Höfundur ber m. a. saman íbúðabyggingar annars vegar þar, sem kallað er Reykjavíkursvæði, sem er Reykjavík og sex önnur sveitarfélög hér við Faxaflóa, og hins vegar í landinu öllu utan Reykjavíkursvæðisins, ber þetta saman á ýmsan hátt og leggur til grundvallar íbúatölur á þessum svæðum. Þar kemur það í ljós t.d., að byggingarstarfsemin á árinu 1966 skiptist þannig, að utan Reykjavíkursvæðisins, þ.e.a.s. alls staðar annars staðar á landinu en á Reykjavíkursvæðinu, voru á þessu ári ekki byggð nema 60% af þeim íbúðum, sem þar hefði átt að byggja, miðað við íbúafjölda. Þetta er þannig reiknað út, að allar íbúðabyggingar eru lagðar í það, sem höfundur kallar fullgerðar íbúðir. Þetta er að segja um árið 1966 og er því við þetta að bæta, að á því ári hafa verið lagðar niður hátt á þriðja hundrað íbúða á öllu landinu utan þessa litla svæðis, en ekki nema eitthvað um 30 á Reykjavíkursvæðinu. Þetta sýnir, að þó að því hafi verið lýst, að íbúar hér á þessu svæði hafi átt í erfiðleikum vegna lítilla lánveitinga, sem sjálfsagt er rétt, þá er þó ástandið miklu alvarlegra í landsbyggðinni utan Reykjavíkursvæðisins, miklu alvarlegra. Og það er eiginlega vandséð, til hvers það leiðir, ef slík þróun heldur áfram, og þó reyndar ekki vandséð, þegar betur væri að gáð, ef ekki er byggt í öllu landinu utan þess svæðis nema svo sem 60% af því sem þar ætti að byggja miðað við fólksfjölda. Þetta vil ég bera í tal í sambandi við þessi mál, og ég vil jafnframt taka það fram, að ég er mjög ánægður með það, að minni hl. n. hefur lagt til, að nokkurri fjárupphæð verði varið til stuðnings íbúðalánakerfinu, þó auðvitað þurfi þar miklu meira til að koma og fleira að ske í þessum málum. Það

verður að skipuleggja íbúðalánastarfsemina í landinu í heild með ýmis þjóðleg og félagsleg sjónarmið fyrir augum.

Ég ætla að leyfa mér að minna á það, að á síðasta þingi voru samþykkt ný hafnalög. Það hafði verið beðið mjög lengi eftir þessari löggjöf. Ég ætla, að það hafi verið fyrir einum 11 árum, sem Alþingi gerði ráðstafanir til þess með ályktun, að hafnalögin yrðu tekin til endurskoðunar, það mun hafa verið 1956, og þá m. a. hlutfallið milli ríkisframlaga og framlaga einstakra hafnarsjóða til hafnargerða. Og það eru mörg ár síðan farið var að bera fram till. um þessi efni sérstaklega hér á hv. Alþingi, en loksins í fyrra lagði hæstv. ríkisstj. á áliðnum vetri fram frv. til nýrra hafnalaga. Þó að á þessum lögum séu gallar, sem hefði átt að afnema, þá held ég að það sé skoðun margra, að l. í heild séu til bóta fyrir hafnagerðarstarfsemina. En þau fela m.a. í sér verulega hækkun á framlagi ríkissjóðs til svo kallaðra undirstöðumannvirkja í höfnum, úr 40% upp í 75%. Og það er verulegur hluti af hafnarmannvirkjunum, sem fellur undir þetta nýja ákvæði. Nú er það svo, að þessi ákvæði hafa að sjálfsögðu í för með sér, ef eðlilega væri að farið, verulega hækkun á ríkisframlögum til hafnargerðar og það er raunar svo, að í þeim till., sem fyrir liggja frá ríkisstj. eða meiri hl. fjvn. um framlög til nýbygginga á höfnum, þá er upphæðin allverulega hækkuð frá því, sem áður var. Hins vegar er það dálítið áberandi, að þar er undan fellt að veita framlög til ýmissa hafna, sem þó eru enn í smíðum. Ég hef m.a. veitt athygli höfnum í mínu kjördæmi, sem þannig er ástatt um, en mun þó ekki bera fram brtt. um það efni. En í þessum l. er gert ráð fyrir því, að á árinu 1968, þ.e.a.s. haustið 1968, skuli leggja fyrir Alþingi fjögurra ára áætlun um hafnaframkvæmdir, þ.e.a.s. fyrir 1969 til 1972. Það er sem sé næsta haust, sem sú áætlun á að leggjast fyrir Alþingi. Og í l. segir, að áætlunin skuli vera lögð fyrir þingið til leiðbeiningar og vita- og hafnamálastjóri skuli framkvæma hana eftir því, sem fé sé fyrir hendi. Það er nú ekki stund eða staður til þess að fara að gagnrýna þessa löggjöf, hafnalögin, en þetta áætlunarákvæði um, að áætlun sé lögð fyrir Alþingi til leiðbeiningar og síðan framkvæmd af framkvæmdavaldinu er náttúrlega dálítið hláleg, og var á það bent á sínum tíma, en á þessari áætlun á þingið von næsta haust, fyrr ekki. Það er þess vegna úr lausu lofti gripið, sem einhverjum forsvarsmönnum hafna virðist hafa verið sagt hér af þeim, sem stjórna þessum málum, að þeir skuli vera rólegir, því að þeirra mannvirki séu á fjögurra ára áætlun. Sú áætlun er ekki til enn þá og hefur ekki verið lögð fyrir Alþingi skv. l.

Af þeim 70 til 80 höfnum, sem unnið hefur verið að hér að staðaldri í landinu undanfarið, er nú veitt fé til nýbygginga í 27 eða 28, að ég ætla. En það eru engar sérstakar framkvæmdir, engar sérstakar fjárveitingar til hinna hafnanna, og er þó þannig ástatt um þær mjög margar, að ríkissjóður skuldar þeim eða hafnarsjóðum þeirra mikið fé. Það er ætlazt til þess að upp í þessa skuld verði greitt af einni sameiginlegri fjárveitingu, sem stendur í fjárlagafrv. í þessu skyni, þ.e.a.s. upp í eftirstöðvar hafnarframlaganna.

Í sambandi við þetta mál, greiðslu skuldanna við hafnarsjóði, hafa orðið nokkur tíðindi við meðferð málsins. Í frv. eins og það lá fyrir við 2. umr. eru þessar greiðslur upp í skuldir við hafnarsjóði áætlaðar 20 millj. rúmlega, eins og getið var um af einhverjum hv. þm. hér áðan. En nú sé ég í till. hv. meiri hl. fjvn., að þessi upphæð hefur verið lækkuð niður í 10 millj. Þessi upphæð til þess að greiða upp í eftirstöðvar af framlagi til hafna er lækkuð niður í 10 millj. kr., og mun vera talið, að þar sé aðeins um tilfærslu að ræða yfir í nýbyggingarnar. Út af fyrir sig er það mjög gott að auka fé til nýbygginganna, en ég sé ekki, að það sé viðunandi á ári sem þessu að greiða ekki meira upp í skuldir ríkisins við hafnasjóði en 10 millj. kr. Þessar skuldir eru taldar yfir 70 millj. kr., 75 millj. kr., sagði einn hv. þm. áðan, sem ég geri ráð fyrir að sé rétt, og ef ekki á að greiða meira árlega en 10 millj. upp í þessar skuldir, þá tekur það 7 ár að greiða hafnasjóðunum það, sem þeir eiga inni hjá ríkissjóði og hafa búizt við að fá áður en langt um liður. Þessu finnst mér alveg óhjákvæmilegt að ráða bót á, það er ekki hægt að hugsa sér þetta svona. Ég mun greiða atkv. gegn þessari brtt. frá meiri hl. fjvn. að lækka töluna úr 20 millj. niður í 10, en vil nú nota tækifærið til þess að lýsa brtt., sem ég flyt ásamt tveimur öðrum hv. þm., hv. 1. þm. Vestf. og hv. 8. landsk. þm., um að taka inn í 6. gr. heimild til 10 millj. kr. greiðslu upp í eftirstöðvar hafnarframlaga, til viðbótar því, sem veitt verður í 4. gr. Ég óttast sem sé, að þessi till. meiri hl. hv. fjvn. verði samþykkt, við óttumst það, flm. þessarar brtt., og því viljum við leggja til, til þess að reyna að bjarga þessu máli, að tilsvarandi upphæð verði tekin upp í heimildagr. Eins og ég sagði áðan, þá á ég von á því, og það virðast fleiri eiga, að tekjur ríkissjóðs af tollahækkunum muni reynast verulega meiri heldur en þær eru áætlaðar, og það mun þá koma fram sem tekjuafgangur hjá ríkissjóði. Um þetta er náttúrlega ekki hægt að sanna neitt nú, en ef það kemur fram, að það reynist rétt, sem við gerum ráð fyrir, þá viljum við að það liggi fyrir, að Alþingi hafi bent á, hvað við þessa upphæð eigi að gera, þessar 10 millj. Ég vil einnig taka það fram, að ég stend að fleiri brtt. af sama tagi, brtt. við 6. gr., við heimildagr., sem ég og aðrir þeir, sem að þeim standa, ætlast til, að komi til framkvæmda, þ.e.a.s. að heimildirnar verði notaðar, ef fé reynist fyrir hendi, sem við teljum líkur til að verði.

Á síðasta þingi voru líka samþykkt ný skólakostnaðarlög. Og í þeim l. virtist mönnum felast töluvert bætt aðstaða fyrir þau sveitarfélög, sem standa að skólum, bæði með því, að hlutfall ríkisins af kostnaði við heimavistir og kennaraíbúðir var hækkað mjög verulega og sennilega meira en kostnaður við skólahúsnæði að öðru leyti verður lækkaður, og einnig af því, að gert var ráð fyrir, að ríkisframlagið til skólabygginganna yrði eftirleiðis greitt á 2—3 árum, sem margir hugðu gott til. Þessi l., sem

samþykkt voru seint á síðasta þingi, eða rétt fyrir kosningar, hafa af sumum í minni áheyrn verið kölluð kosningavíxill ríkisstj., og mörgum mun hafa litizt vel á þetta, en þessi víxill, ef víxil ætti að kalla, er töluvert ólíkur því, sem almennt gerist um víxla. Það er nefnilega svo um víxla almennt, að það er tiltekið, að þeir falli á ákveðnum degi, og þá verður að borga víxilinn. Annars er hann afsagður. Hann er afsagður og innheimtur með málssókn. En þessi víxill fellur í rauninni ekki, fyrr en sá sem á að borga víxilinn vill láta hann falla. Í ákvæði til bráðabirgða, sem samþykkt var aftan við 1. till. hæstv. ríkisstj., segir svo:

„Stofnkostnaður til skólamannvirkja, sem samþykkt hafa verið áður en reglur byggingadeildar verða staðfestar, skal skiptast milli ríkis- og sveitarfélaga og greiðast eftir sömu reglum og giltu skv. l. nr. 41 1955."

En sá, sem samþykkir þessar reglur, er sá, sem á að borga víxilinn, hæstv. ríkisstj. Og því má náttúrlega segja það, ef mönnum finnst það geti nú skeð á annað borð, að ef ríkisstj. vilji svo vera láta, þá þurfi þessi lagaákvæði aldrei að ganga í gildi, því að hún geti dregið að setja þessar reglur, og þar með fjarlægt fall víxilsins, þessi ríkisstj. eða einhver örnur, sem við tæki á eftir henni. En ég geng nú út frá því, að þetta væri ekki hugsað þannig, heldur að reglugerðin yrði gefin út á eðlilegum tíma fyrir reglugerðir. Það hefur ekki tíðkazt að láta útgáfu reglugerðar dragast mjög lengi og enn þá er ég í þeirri trú, að útgáfa þessarar reglugerðar geti ekki dregizt lengur en 1 ár frá samþ. l., og að þá komi þessi ákvæði til framkvæmda á næsta sumri. En af því hlýtur að leiða mjög verulega aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. En til þessa kostnaðarauka og hinnar auknu eftirspurnar eftir skólafé er ákaflega lítið tillit tekið í fjárlagafrv., sem liggur fyrir. En ég tel, að bygging skólahúsnæðis víðs vegar um landið sé eitt af því, sem mest kallar að á mörgum stöðum, m.a. í sambandi við jafnvægi milli landshlutanna og af því, að þar er ekki á viðunandi hátt séð fyrir skyldufræðslunni. Hæstvirtur menntmrh. sagði það hér um daginn í minni áheyrn í hv. Nd., að til væri skólahúsnæði fyrir alla, það væri bara ekki hægt að vísa öllum á heimavistarskóla, annars væri skólahúsnæði fyrir alla. Ég veit ekki, hve víða hæstv. menntmrh. hefur farið um það land, sem hann stjórnar, en það vitum við nú öll, sem þekkjum til í hinum dreifðu byggðum landsins, að ef um skólahús á að vera að ræða í strjálbýlinu, þá verður það að vera heimavistarskóli mjög víða. Annars er ekki um skólahús að ræða, sem gagn sé að. Til þessa hefur fyrirkomulagið víða verið farkennsla á heimilum. En það mun ekki hafa verið þetta, sem hæstv. ráðh. var að vísa til.

Nú hefur mér að vísu dvalizt nokkuð við almennar umr. að þessu sinni, en það tel ég ekki nema eðlilegt, þegar ástatt er, eins og ég hef áður gert grein fyrir, en þetta er í raun og veru fyrsta og eina umr., almenna umr., sem fram fer um fjárl. að þessu sinni, vegna þess að skilyrði hafa ekki verið til þess áður. En ég kem þá að því næst, að lýsa brtt., sem ég flyt hér ásamt fleiri þm. úr minu kjördæmi og mér er ætlað að mæla fyrir. Svo stend ég einnig að öðrum till., sem aðrir mæla fyrir. Ég hef þegar mælt fyrir einni brtt., sem ég stend að, þ.e.a.s. varðandi greiðslu hafnaframlaganna, en hún snertir ekki sérstaklega mitt kjördæmi.

Það, sem ég þá fyrst vil koma að, er brtt. II á þskj. 202, en meðflutningsmenn mínir að henni eru hv. 3. þm. Norðurl. e., hv. 4. þm. sama kjördæmis og hv. 5. þm. sama kjördæmis. Hún er við 4. gr., og kann ég ekki nánar að tilfæra stað hennar í því völundarhúsi, sem nýja fjárlagafrv. er, um það að veitt verði á þessu ári 400 þús. kr. til safnahússins á Húsavík. Erindi um þetta mál frá byggingarnefnd safnahúsins á Húsavík hefur legið í ráðuneyti, en nú í vetur, eftir að málið hafði verið rætt á þingmannafundi Norðurlandskjörd. e. sendum við hv. 11. landsk. þm. Bjartmar Guðmundsson nýtt erindi um þetta til fjvn. þar sem farið var fram á að vísu nokkru hærri upphæð en hér er tilnefnd. Aðilar að safnahúsbyggingunni á Húsavík eru Húsavíkurkaupstaður og S.-Þingeyjarsýsla, en unnið hefur verið um skeið að söfnun frjálsra framlaga í þessu skyni og hafa safnazt 250 þús. kr., að ég ætla, frá um 50 aðilum, sem hver um sig hefur lagt fram verulega upphæð, en söfnun er haldið áfram. Í þessu safnahúsi á að vera minjasafn, byggðasafn, sem kallað er, bókasafn, skjalasafn, náttúrufræðisafn og listmunasafn þessara byggðarlaga, þ. e. S.-Þingeyjarsýslu og Húsavíkurkaupstaðar.

Meðal þessara safna, sem gert er ráð fyrir að verði þarna til húsa, er hið fræga bókasafn, sem Benedikt á Auðnum stóð fyrir um langa hríð og sem nú á ekkert þak yfir höfuðið og er í leiguhúsnæði. Enn fremur er ætlazt til, að þarna verði nokkuð mikið af munum, sem nú eru geymdir í Grenjaðarstaðarbænum í Aðaldal, en verða fluttir þaðan, aðrir en þeir munir, sem segja má að tilheyri venjulegum sveitabæ. Skjalasafn allmikið er þegar fyrir hendi, sem þessir aðilar eiga, sýslan og kaupstaðurinn, og raunar vísir líka að listmunasafni og náttúrufræðisafni. Þetta hús verður á 3 hæðum, gólfflötur hæðanna þriggja samtals 1156 m², og teikning hefur verið gerð af Þorvaldi Þorvaldssyni arkitekt. Verkið var hafið s.l. sumar og hefur verið steypt upp jarðhæð með lofti og heimaaðilar hafa þegar lagt í framkvæmdina 1½ millj. kr. Áformað er að gera húsið fokhelt sem fyrst, sem mundi sennilega kosta 4 millj. kr., og innrétta það síðan smátt og smátt, eftir því sem þörf kallar að og geta leyfir. Við, sem að þessari till. stöndum, teljum, að hér sé um einstakt menningarframtak að ræða, sem S.-Þingeyjarsýsla og Húsavíkurkaupstaður og margir einstaklingar hafa sýnt alveg einstakan og lofsverðan áhuga fyrir. Og við flutningsmenn álítum, að Alþingi beri að viðurkenna þetta menningarframtak. Ég ætla, að hér sé ekki um fordæmi að ræða í bili, því að aðrir hafa ekki hafið framtak á þennan hátt í sameiningu við að byggja hús fyrir slík söfn, sem sameinuð verði undir einu þaki. Ég vil vænta þess, að þessari tillögu verði vel tekið.

Þá er það enn ein brtt., sem mér ber að mæla

fyrir. Hún er einnig á þskj. 202, IV, og einnig við 6. gr. og er þess efnis, að ríkisstj. verði veitt heimild til að greiða vegna framkvæmda á árinu 1968 eða sem geymslufé til næsta árs aukaframlag til byggingar skólahúsa í Eyjafjarðarsýslu, N.-Þingeyjarsýslu og S.-Þingeyjarsýslu, allt að 10 millj. kr. Um þetta á við hið sama og ég hef áður sagt um aðra till., að við gerum ráð fyrir því, að fyrr eða síðar verði úr því skorið, hvort þeir hafa rétt fyrir sér, sem álíta, að tekjur ríkissjóðs séu nógu hátt áætlaðar, þ.e.a.s. nýjar tekjur, eða hinir, sem álíta, að þær séu of lágt áætlaðar og muni verða meiri. Og ef þær verða meiri sem því nemur, eða meira en það, þá viljum við leggja til, að þessu fé, sem ríkisstj. býst ekki við að fá í kassann, en fengi þá, verði varið sem aukaframlagi til skóla í þessum þremur sýslum, annaðhvort til framkvæmda á þessu ári, eftir því sem fræðslumálastjórnin nánar ákveði og veitti leyfi til, eða þá þannig, að það verði geymt til næsta árs til viðbótar þeim fjárveitingum, sem þá kynnu að falla til þessara skóla. En hvers vegna til þessara skóla í þessum þremur sýslum? Við erum nú fulltrúar þess kjördæmis, sem þessar sýslur eru í, og höfum sérstaklega auga á þessum hlutum, en auk þess ætla ég, að ekki séu í neinu kjördæmi uppi eins mörg áform og eins dýr um nauðsynlegar skólabyggingar í sýslum landsins og í þessu kjördæmi. Við höfum haft á milli handanna, þm. Norðurlandskjörd. eystra, a.m.k. 8 erindi um framkvæmdir á 8 skólastöðum í þessum sýslum. Ég skal nefna þær lauslega. Á Dalvík er áætlað að byggja heimavist við gagnfræðaskóla, sem er orðin mjög aðkallandi. Á Laugalandi á Þelamörk vantar heimavist við skyldunámsskóla, sem hlutaðeigendur eru reiðubúnir til að hefja byggingu á, og hafa samþykkt að hefja nú í vor, ef leyfi fæst, vegna brýnnar nauðsynjar. Á Hrafnagili í Eyjafirði er áformuð bygging barnaskóla og miðskóla, sem er mikil framkvæmd og dýr, á Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði fyrir vesturhluta S.-Þingeyjarsýslu og á Hafralæk í Aðaldal fyrir austurhluta S.-Þingeyjarsýslu. Við héraðsskólann á Laugum er áformað að byggja viðbót við skólann — íþróttahús. Í Lundi í Axarfirði, þar sem nú er rekinn héraðsskóli, standa fyrir dyrum framkvæmdir, sem eru áformaðar, og austur við Þistilfjörð áforma tveir hreppar að byggja heimavistarskóla. Ég held, að það eigi við um alla þessa aðila, að þeir séu reiðubúnir að hefja framkvæmdina, ef þeir fá leyfi til og eðlilegt framlag fæst.

Ég hef tekið saman í dag, samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið þar um, hvaða upphæðum þetta nemur, þ.e.a.s. þeir áfangar skólamannvirkjanna, sem nú er um að ræða, sem sums staðar eru að vísu skólarnir í heild, þar sem um minni framkvæmdir er að ræða. Mér telst svo til, að sumir áfangar, sem sótt hefur verið um framlög til, nemi samtals fram undir 140 millj. kr. Og þá er ekki þessum húsum lokið nema sumum. Þetta eru áfangar, þeir áfangar, sem menn gera ráð fyrir að byggja nú. Og okkur finnst, að það verði eiginlega ekki dregið lengur að veita eitthvað meira til skólaframkvæmda í þessum héruðum, heldur en þær óverulegu upphæðir, sem nú eru í fjárlagafrumvarpinu. En til skóla, sem samkvæmt upplýsingum, sem ég hef undir höndum, kostar 27 millj., er þar ætlazt til, að veitt verði 1 millj. 400 þús. Mér finnst það væri nokkur viðleitni í þessa átt, ef svo vel vildi til, að þeir reyndust samspáir sem gera ráð fyrir, að tekjuauki verði meiri, heldur en nú hefur verið áætlað, að ef þeir reynist sannspáir, þá verði þessir skólar, eða fólkið, sem stendur að þessum skólum, ungmennin, sem eiga að njóta þeirra, látin njóta þess, þannig að byrjað verði á að leggja fram á þessu ári þessa upphæð, 10 millj. kr., sem er auðvitað ekki mikið, og hún notuð á árinu, ef það reynist framkvæmanlegt, ella geymd til næsta árs til viðbótar þeim fjárupphæðum, sem þá verður vonandi ekki komizt hjá að samþykkja, þó óvíst sé, að fjárhagur ríkissjóðs verði þá betri né útlit fyrir betri fjárhag í byrjun árs en nú.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það er ekki í sambandi við fjárlagafrv. eða stefnuna í fjármálum, sem ég hef kvatt mér hljóðs. Frsm. minni hl. fjvn. hefur gert rækilega grein fyrir stefnu Framsfl. og afstöðu hans til þess máls, og ég ætla ekki að ræða það. En ég kvaddi mér hljóðs aðallega í sambandi við ræðu hv. 6. þm. Sunnl., ekki þó til þess að andmæla því, sem hann sagði, heldur til þess að leggja enn frekari áherzlu á visst atriði í því máli. Þegar till. vitamálastjóra um hafnarframkvæmdir komu til athugunar í fjvn., var þar engin fjárveiting ætluð til framkvæmda á Eyrarbakka, og ekki heldur á Stokkseyri á því næsta ári, 1968. Okkur þm. Sunnl. þótti þetta ekki gott, að svo skyldi vera, að ekkert væri áætlað á þessa staði, þar sem sjósókn er mjög erfið vegna hafnarskilyrða og mikil þörf á að vinna þar að framkvæmdum.

Á Eyrarbakka hafa t.d. á síðustu árum verið gerðar verulegar umbætur við bátaleguna þar. Það er nauðsynlegt, að okkar dómi, að ljúka þessum áfanga, sem þar er fyrirhugaður, svo að þessar framkvæmdir geti komið að því gagni, sem þeim er ætlað og vonir allra standa til að megi verða í sambandi við þær. Á Stokkseyri búa, eins og hv. 6. þm. Sunnl. nefndi, einhverjir duglegustu sjósóknarar, og þar eru líka byggnir útgerðarmenn, því að það er nú svo, að á mörgum undanförnum árum og mjög lengi aftur í tímann, má ég segja, hefur útgerðin borið sig þar betur heldur en hjá flestum öðrum. Þeir hafa farið svo hyggilega að ráði sínu í sambandi við útgerðarmálin, þrátt fyrir það að þar sé nú mjög slæm aðstaða og mjög slæm innsigling inn á höfnina og hættuleg, og mikil þörf er þar á hafnarframkvæmdum eins og á Eyrarbakka og ekki síður. Eins og ég sagði áðan, urðu það okkur þm. Sunnl. ekki lítil vonbrigði, þegar í ljós kom, að í till. vitamálastjóra var ekki gert ráð fyrir að halda áfram á Eyrarbakka á næsta ári, til að ljúka þeim nauðsynlega áfanga, sem þar hefur verið gert ráð fyrir að ljúka. Í drögum að áætlun, sem vitamálastjóri hefur gert um fjögurra ára framkvæmdir í hafnamálum, var gert ráð fyrir, að Eyrarbakki yrði þar tekinn með. En á Stokkseyri var hins vegar þannig ástatt, að

sá staður var ekki einu sinni á blaði hjá vitamálastjóra á þessum drögum að fjögurra ára áætluninni. Að því er varðar Eyrarbakka, þá breytti vitamálastjóri till. sínum á meðan málið var til meðferðar í fjvn. Og nú er gert ráð fyrir því, að Eyrarbakki fái til framkvæmda hjá sér 1,7 millj. kr. á næsta ári, samkv. þeim till. frá meiri hl. fjvn., sem liggja hér fyrir nú til umr. Hv. 6. þm. Sunnl. hefur borið hér fram till. um, að Stokkseyri fái fé til hafnarframkvæmda á næsta ári. Ég vil gefa hér — og það var erindi mitt hér í ræðustólinn — skýringu á því, af hverju við, hinir þm. Sunnl., höfum ekki borið fram till. um það efni eða verið meðflm. hv. 6. þm. Sunnl. að þessari till. Ástæðan til þess er sú, að þegar till. um hafnir voru til meðferðar í fjvn., töldum við réttast, að á næsta ári yrði lögð áherzla á Eyrarbakka, og að fá fé til þess að bæta við það, sem þar er búið að gera, en síðar yrði snúið sér að Stokkseyri. Þessi mál voru rædd við hæstv. sjútvmrh. og lofaði hann okkur Ingólfi Jónssyni, hæstv. landbrh., að vinna að því, að Stokkseyrarhöfn verði tekin á næstu fjögurra ára áætlun, sem undirbúin verður núna í vetur, og ætti það loforð að vera trygging fyrir því, að þetta nauðsynjamál Stokkseyringa verði leyst á næstu árum. Ég segi fyrir mitt leyti, og ég held ég megi segja það einnig fyrir hönd annarra þm. Sunnl., annarra þá heldur en hv. 6. þm., að við viljum treysta á þetta loforð ráðh., og það er skýringin á því, að við töldum ekki ástæðu til tillöguflutnings hér í þessu máli nú. Þetta vildi ég láta koma fram hér við þessa umr., svo það lægi fyrir um það, sem fram hefur komið í þessum efnum.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Að brtt. VIII á þskj. 199 eru flm. ásamt mér Vilhjálmur Hjálmarsson, Ásgeir Bjarnason og Páll Þorsteinsson.

Till. er við 6. gr. frv., XXX. Nýir liðir:

1. Að greiða úr ríkissjóði þá verðhækkun á kjarnfóðri, sem orðið hefur eða verða kann á tímabilinu 24. nóv. til 1. júní 1968 vegna gengisbreytingarinnar.

2. Að greiða það, sem á vantar, að bændur fái verðlagsgrundvallarverð fyrir útflutta ull og gærur af framleiðslu ársins 1966.

3. Að taka að sér fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu á þeim hluta stofnlána ræktunarsambanda og vinnslustöðva landbúnaðarins, sem svarar til þeirrar hækkunar lánanna í ísl. kr., sem gengisbreytingin hefur í för með sér.

Við umr. um frv. um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breytingu á gengi íslenzku krónunnar ræddi ég nokkuð um yfirdóminn, niðurstöðu hans og rökstuðninginn fyrir honum. Ég sýndi fram á það, að í þessari dómsniðurstöðu fælist það, að bændur ættu að fá nú, eins og í fyrra, svipaða fjárhæð eins og fólst í þeim hliðarráðstöfunum, sem þá var samið um. Þetta er byggt á því, að hefðu þessar hliðarráðstafanir ekki komið til, hefði verðið á búvörum bænda verið ákveðið það hærra að krónutölu, sem þessum hliðarráðstöfunum nam, enda upplýst, að um þetta verð hefði ekki verið samið í fyrra, án þeirra. Um það þarf ekki að deila, að þessar hliðarráðstafanir voru hluti af tekjum bænda síðastliðið ár. Meginrök meiri hl. yfirdóms fyrir þessum úrskurði eru þau, að samið hafi verið um þetta verð í fyrra, og þar sem fulltrúar bænda og neytenda hafi ekki komið sér saman um verðið nú, skuli það sama gilda næsta ár og þá var samið um, að litilfjörlegum frávikum undanskildum eða sem nemur til hækkunar um 0,23% á öllum verðlagsgrundvellinum. Það er aðeins einn liður, sem verkar þarna á, því það kom í ljós, að rentur á stofnlánum í Búnaðarbankanum hefðu hækkað um 1,1%. Þetta var niðurstaðan, þó að fyrir því lægju sannanir, að afurðir hefðu minnkað á árinu á báðum aðalbúgreinum, þó aðallega sauðfé, rekstrarkostnaður búanna hefði stóraukizt og úrtök viðmiðunarstéttanna sýndu, að vinnuliðurinn ætti að hækka a.m.k. um 22%, og miklu meira ef tilfærð hefði verið vinna grundvallarbúsins eins og búreikningar og vinnumælingar sýndu, að þessir liðir væru. Ekkert af þessu tók meiri hl. yfirdóms til greina, þrátt fyrir fyrirmæli l. Og eins og áður segir, var úrskurðurinn þannig, að það sama skyldi nú gilda, sem samið var um í fyrra, og af því leiðir, að bændur eiga nú að fá eftir öðrum leiðum en í gegnum sjálft verðlagið svipaða fjárupphæð og fulltrúar bænda sömdu um í fyrrahaust við ríkisstj., en vegna þessara samninga var það réttlætt, að verðið á búvöru hækkaði þá ekki nema um 10,8%.

Það hefur alltaf verið regla í sambandi við verðlagningu fram að þessu, að verð á ull og gærum væri miðað við heimsmarkaðsverð á vörunum á hverjum tíma. Hefði verðlagningin verið gerð, eins og lög mæla fyrir, í septembermánuði — þá var heimsmarkaðsverð á gærum rétt undir 20 kr. kílóið og á ullinni 8,33 kr., — hefði verið farið eftir þessari reglu, hefði kindakjötið átt að hækka sem þessu nam. Þessi tilfærsla hefði numið í heild ekki minni upphæð en 40 millj. Nú segir í niðurstöðu grg. meirihl. yfirdóms, að verð á ull og gærum hafi verið ákveðið eftir að gengisfellingin var gerð og með fullu tilliti til áhrifa, sem af gengisfellingunni leiðir. Til þess enn þá að undirstrika það betur, að þetta hafi verið gert, leyfi ég mér að lesa hér svolítið úr niðurstöðu grg. oddamanns yfirdómsins, með leyfi forseta.

„Loks er að geta þess, að ákvörðuninni um verðlag á ull og gærum var einnig af hálfu Sexmannanefndar skotið til yfirnefndar og um þessi atriði fékk yfirnefndin gögn um söluhorfur, og eftir að gengisbreytingin var komin, kannaði hún einnig fáanleg gögn til þess að geta gert sér grein fyrir því, hver gengishagnaðurinn yrði á ull og gærum, og hvert yrði sennilegt útborgunarverð þeirra.

Voru yfirn. og flutt þau skilaboð frá ríkisstj., að athugað hefði verið að gengishagnaðurinn á landbúnaðarvörum mundi renna til landbúnaðarins, fyrst og fremst til verðuppbótar á ull og gærum af framleiðslu verðlagsársins 1967 — 1968. Verð á nefndum framleiðsluvörum var ákveðið með tilliti til þessara atriða".

Þarna kemur fram, svo ekki verður um deilt, að hæstv. ríkisstj. er búin, samkvæmt áður greindum skilaboðum, að ráðstafa öllum

gengishagnaði landbúnaðarvara, ekki í þágu bændanna, eins og hæstv. landbrh. var búinn að lýsa yfir, að gert yrði, og lögin um gengisráðstafanirnar mæla fyrir um, heldur til þess að borga kjöt niður til neytenda. Gengishagnaðurinn er áætlaður um 40 millj. kr., og er það svipuð tala eins og kostar að borga kjötið niður, miðað við þær upplýsingar, sem liggja fyrir. En samkv. 4. gr. laga nr. 69 1967 skal verja gengishagnaði til atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði. Af þessu leiðir, að við eigum einnig þarna fullan rétt til þess að gera kröfu um allan þennan gengishagnað, án tillits til niðurgreiðslu ríkisstj. á kjöti, það er hennar mál. Þessi tvö atriði ættu að nema a.m.k. 100 millj., og þá er rétt að athuga það, hvernig á að ráðstafa þessum fjármunum, og það er það, sem við leggjum til í þessum till., sem hér liggja frammi. Það er í fyrsta lagi að borga niður kjarnfóðrið. Eins og allir vita, sem þekkja inn á þessi mál, er það ekki nema um helmingurinn af því kjarnfóðri, sem bændur nota nú, sem er viðurkennt í verðlagsgrundvallarverðinu. Það er ekki okkar meining, eins og sumir hafa skotið að mér, að við ætlum að fá þetta tvisvar borgað, heldur það, að þeirri verðlagningu, sem nú er verið að gera í sambandi við áhrif gengisfellingarinnar, verði sleppt, eða að horfið verði að því ráði, sem við teljum sjálfsagt, að borga kjarnfóðrið niður.

Eins og allir vita, var s.l. sumar ákaflega erfitt, og heilir landshlutar fengu mikið minna heyfóður heldur en venja er til. Þetta gildir sérstaklega um Norð-Austurland, en þó mun það vera yfirleitt þannig um allt land. Í sambandi við athuganir um, hvernig hægt væri að koma búpeningi bænda áfram í vetur, þá var stjórnskipuð nefnd, sem fékk málið til athugunar, og bæði blöð og þessi nefnd ráðlögðu bændunum að setja á kjarnfóður. Þetta var gert, og eftir að þessi gengisfelling hefur verið gerð, fullyrði ég, að það er stór hópur bændanna, a.m.k. á Norð-Austurlandi, sem horfir upp á greiðsluvandræði nema eitthvað sérstakt komi til. Ég geri ráð fyrir því, að það verði bent á það hér á eftir, að það hafi verið hlaupið undir bagga með þeim, sem verst voru settir, með lánum og styrkjum til þess að flytja fóður í sín héruð, en ég verð að benda á, að það mun nægja mjög skammt eftir þá verðlagningu, sem nú hefur farið fram, og eftir þá dýrtíðaröldu, sem nú er að rísa. Í sambandi við 2. lið þá vita það sjálfsagt allir þm., að það vantar töluvert mikið á það, að bændur fái það verð, sem verðlagsgrundvöllurinn kveður á um fyrir framleiðsluárið 1966—1967. Það mun vanta um 34—35 millj. kr. til þess að þeir nái þessu verði. Ég tel, að við séum ekki að biðja um neitt nema það, sem við eigum kröfu á í þessu sambandi. Í sambandi við 3. lið þá ætla ég — sem sýnishorn af því ástandi, sem er að skapast í sambandi við gengisbreytinguna fyrir ýmis félagasamtök bændanna, að leyfa mér að lesa hér upp bréf, sem mér barst frá ráðunaut Búnaðarsambands Eyjafjarðar, Ævari Hjartarsyni, um hvernig ástatt er um sambandið og þá starfsemi sem þeir reka þar.

„Bygging SNE fyrir verkstæði og skrifstofur ráðunauta kostaði fullgerð um 4,1 millj. kr., þar af er lán frá stofnlánadeild Búnaðarbankans 1 millj. 560 þús. kr. Afborganir og vextir voru um 148 þús., en verða nú 197 þús. Þessi hækkun er fjárhag BSE nógu erfið, þó að ekki komi annað til. Annað lán frá stofnlánadeildinni vegna skurðgröfukaupa nemur 420 þús. kr., og einnig fengum við erl. lán, franskt, að upphæð 600 þús. kr. Vél þessa gerðum við út í sumar og miðuðum rekstur hennar við það gengi, sem þá var eftir verðstöðvun. Við höfum þegar selt vinnu vélarinnar með ákveðnu verði og höfum því enga möguleika til þess að mæta þeim hækkunum, sem gengisfellingin hefur í för með sér.

Ræktunarsambönd og búnaðarsambönd eru ekki rekin með það fyrir augum, að um gróða sé að ræða, heldur miklu fremur sem þjónustufyrirtæki, þó þannig, að þau geti staðið undir öllum venjulegum rekstri. Það er því ljóst, að ekki er um nema tvennt að velja, að hætta öllum rekstri hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar eða reyna að fá aukið rekstrarfé eða bein fjárframlög til starfseminnar. Eftir því sem ég þekki til, þá munu svipaðir örðugleikar vera fyrir hendi hjá fleiri búnaðarsamböndum, því miður. Af erl. láninu tók bankinn 75 þús. kr. sem geymslufé, þangað til lánið er að fullu greitt. Lánsupphæðin, sem til okkar kom, er því þeirri upphæð lægri. Eins og hv. alþm. er kunnugt eftir þann dóm, sem landbúnaðurinn hefur fengið um sína verðlagningu, er nú ekki glæsilegt fyrir sveitirnar, ef þarf að stórhækka vinnu, t.d. bæði jarðýtna og skurðgrafanna, því að það hlýtur öllum að vera ljóst, að þessi hækkun hlýtur að koma og getur hvergi komið nema á bændastéttina í landinu.“

Ég ætla nú ekki að ræða þetta mikið frekar. (Gripið fram í.) Ekki alveg, en ég geri ráð fyrir því, að það fari ekki fram yfir þá upphæð, sem ég nefndi áðan, eða ég tel, að við gerum kröfu til, þ.e.a.s. gengishagnaðinn, sem hæstv. ríkisstj. er búin að mínu viti að ráðstafa í niðurgreiðslu á kjöti og þær hliðarráðstafanir, sem gerðar voru í fyrra. Ég geri ráð fyrir, að það muni vera líkt með þessa þrjá liði.

Þá er ég hér flm. að V. brtt. á þskj. 202, ásamt Birni Jónssyni, Ingvari Gíslasyni og Gísla Guðmundssyni. Brtt. er við 6. gr., XXXIX. Nýr liður: Að greiða kostnað, allt að 10 millj. kr., við búfjárskipti vegna hringskyrfis, ef ákveðin verða á árinu 1968.

Ég ræddi þetta mál við hæstv. fjmrh. seint í dag, en þá var þessi till. komin í prentun, og fyrst henni var hér útbýtt, þá mun ég ræða hana, en hann taldi, — og það er bezt, að það komi fram — að það væri heimild fyrir þessu í sambandi við búfjársjúkdómanefnd eða þau lög, sem um hana fjalla, að greiða kostnað, ef ákveðin yrðu búfjárskipti vegna þessarar veiki, en eins og öllum er kunnugt, þá barst hún hingað til lands í fyrrahaust eða 1966 að Grund í Eyjafirði með dönskum fjósamanni, og hefur hún hlotið þetta nafn, hringskyrfi.

Það var ætlan sumra, að hægt væri að hindra útbreiðslu þessarar veiki og voru reyndar hafn-

ar lækningar með miklum tilkostnaði, en eins og hv. alþm. er kunnugt, þá er þessi sjúkdómur það hvimleiður, að fólk getur tekið hann og borið, eins og ég sagði áðan. Tóku nokkuð margir í Eyjafirði þessa veiki, einkum fyrst, eitthvað um 20 manns, og hún er mjög leiðinleg og tekur töluverðan tíma að lækna hana. T.d. sýktist annar dýralæknirinn okkar, eða sá, sem hefur reynt að lækna þessa veiki. Veikin barst bæði í Grundarplássið og eins í Höfðahverfi á tvo bæi, Grund og Grýtubakka. Það hefur verið reynt að girða af þessi svæði, en um þessar ráðstafanir er margt hægt að segja og flestir, sem til þekkja, hafa gagnrýnt alla þessa framkvæmd mikið, en ég ætla nú ekki að fara að flytja langt mál hér um þetta. Í haust varð það svo að ráði, að öllu sauðfé á þessum bæjum og hrossum var slátrað og í fyrravetur var slátrað kálfum og kvígum, sem Snæbjörn á Grund átti, það var fyrsti niðurskurðurinn. Mörgum þótti þessi ráðstöfun dálítið undarleg, vegna þess að það höfðu ekki verið nema 2 kindur, sem höfðu tekið veikina og e. t. v. 1—2 hross, en svo var byrjað á því að skera niður þær skepnur, sem voru heilbrigðar, en sjúku skepnurnar látnar lifa. Dýralæknir mun hafa skýrt þetta þannig, að það væri miklu erfiðara að fylgjast með hrossum og sauðfé, þau færu víða, og það var skýringin á þessari ráðstöfun. Nú er þannig komið, að út fyrir þessa girðingu hefur veikin borizt. Ég fékk það staðfest hjá yfirdýralækni í gær eða fyrradag, að hún er komin að Möðrufelli, og veit enginn um, hvort hún á nú eftir að koma upp á fleiri bæjum þar í kring. Mér finnst því full ástæða til þess að það liggi a.m.k. ljóst fyrir á hinu háa Alþingi, hvort heimild er til þess í fjárlögum eða lögum að fara út í niðurskurð og kosta hann af ríkinu. Þess vegna komum við fram með þessa till. Sumir hafa gert mjög lítið úr þessum veikindum, en sem eitt dæmi vil ég segja ykkur frá því, að sláturhússtjórinn hjá KEA taldi, að ekki mundi verða hægt að fá fólk til að slátra þessum sjúku gripum, a.m.k. yrði ákaflega erfitt að fá nokkurn til þess. Á þessu sést, hvað það gæti verið alvarlegt, ef sjúkdómurinn breiddist út um landið.

Hv. 2. þm. Vesturl. sagði í sinni framsöguræðu áðan eitthvað á þá leið — það átti að vera einhver afsökun fyrir því, hvað litlar fjárhæðir eru veittar til hinna ýmsu skóla úti á landsbyggðinni — að það hefði ekki legið fyrir nein greiðslutrygging frá hlutaðeigandi sveitarfélagi. Ég hef nú verið að reyna að fá fjárveitingu til nokkurra skóla í mínu kjördæmi, og ég veit, að a.m.k. frá sumum af þessum skólum er alveg full greiðslutrygging fyrir hendi, þannig að slíku er ekki hægt að bera við. Það liggur líka fyrir, t.d. með Þelamerkurskólann, að þeir ætla þar að hefja framkvæmdir, þrátt fyrir litla fjárveitingu, eða aðeins 250 þús. kr., svo framarlega sem þeir fá leyfi til þess að byggja. Og þessir menn gera það ekki að gamni sínu. Þeir gera það vegna þess, að það er ekki hægt að koma unglingum neins staðar í skóla. Þó að hæstv. menntmrh. segði það hér á þingi um daginn, að næg skólavist væri fyrir þessa unglinga, þá er það nú þannig á Akureyri a.m.k., eftir því sem skólastjóri hefur sagt mér og ýmsir foreldrar, að það er orðið alveg gersamlega ómögulegt að koma unglingum inn í Gagnfræðaskólann á Akureyri vegna rúmleysis. Þannig er nú málið, og það er ekki einungis í Hörgárdal, það er einnig í Eyjafirði og sjálfsagt víðar á landinu. Ég vil því alveg mótmæla þessari afsökun. Það er náttúrlega ekki allt hægt að gera, það er annað mál, og það eru ekki fjármunir til alls. En að halda því fram, að það sé fyrir það, að hrepparnir eða hlutaðeigandi aðilar úti í dreifbýlinu hafi ekki tilbúið sitt fjármagn, það er í þessum tilfellum a. m. k. ekki réttmætt.

Að endingu vil ég spyrja hæstv. fjmrh. að því vegna þess, að ég er mikið um það spurður þessa dagana í sambandi við strandferðaskipabyggingu, hvort það sé nokkuð ráðið, hverjir fái að byggja þessi skip. Mér er sagt af þeim, sem hlut eiga að máli þar norður á Akureyri, að þeir muni vera þeir lægstu hér á landi í sínu tilboði, og þar vantar verkefni. Það er mikill áhugi fyrir þessu máli og má segja það, að skipaiðnaðurinn á Akureyri standi og falli með því, hvort þetta fæst nú. Ég óska eftir því, ef eitthvað hefur gerzt í þessu máli, að fá svar við því hér, ef það er hægt. Ég hvet mjög til þess, jafnvel þó það verði eitthvað dýrara að láta byggja hér innanlands, að gera það heldur en að semja við önnur fyrirtæki, nema þá, að munurinn sé það mikill, að talið sé réttlætanlegt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var aðeins út af þeirri fsp., sem hv. þm. bar fram og beindi til mín, sem ég vildi láta það koma fram, að þetta mál er komið á lokastig í athugun hjá ríkisstj. Það þurfti að endurskoða tilboð með hliðsjón af gengisbreytingunni að sjálfsögðu, og það hefur tekið nokkurn tíma. En það má teljast nokkurn veginn öruggt, að endanleg ákvörðun um það verði tekin nú fyrir jól, og ég hygg, að það sé óhætt að segja, að það séu meiri líkur en hitt til þess, að það verði samið við Slippstöðina um að byggja skipið eða skipin. Það get ég ekki sagt um á þessu stigi, hvort það verða eitt eða tvö, en verðmismunur er ekki slíkur, að það þyki á neinn hátt fæla frá því að semja við innlendan aðila um smíði skipanna. (SV: Ég þakka ráðh. fyrir svarið.)

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Á þskj. 201 hef ég leyft mér ásamt tveimur öðrum hv. þm. að flytja tvær brtt. við fjárl. fyrir árið 1968. Þetta eru ekki veigamiklar breytingar og skipta ekki máli í heildarstefnu varðandi fjárl., en þær geta verið afdrifaríkar fyrir þá aðila, sem þær snerta.

Fyrri till. gerir ráð fyrir því, að ríkissjóður gangi til móts við þarfir íbúa Flateyrar með því, að veittar verði nú á fjárl. ársins 1968 1 millj. 500 þús. kr. til viðreisnar atvinnulífi þessa þorps. Eins og hv. alþm. sjálfsagt er flestum kunnugt, hefur atvinnulíf þessa staðar orðið fyrir miklum áföllum á undanförnum árum. Það er skammt síðan þaðan fórust tveir vélbátar og með þeim margir vaskir sjómenn. Ríkissjóður veitti þá fyrirgreiðslu, sem ber að meta og þakka, enda þótt það væri þá ekki með

beinum fjárframlögum. Síðan hefur atvinnulíf þessa staðar og var raunar þegar orðið áður meira og minna í molum, og síðasta árið hefur keyrt um þverbak og síðast nú í haust var frystihúsinu á staðnum lokað. Atvinnuleysi hefur verið mikið á staðnum, en hitt er sýnu verra, að sú vinna, sem unnin var í frystihúsinu, hefur ekki fengizt greidd og verkafólk mun eiga um 460 þús. kr. ógreiddar hjá þessu fyrirtæki eða frystihúsinu á staðnum. Það er að vísu engin nýjung, að frystihús sé í erfiðleikum. En þetta ástand á Flateyri er búið að vara svo lengi, að óviðunandi með öllu er, að slíkt haldi áfram. Sjómenn og verkamenn hafa leitað burtu í atvinnuskyni og ef nokkur vertíð á að verða á Flateyri, verður ríkisvaldið að koma til skjalanna. Ástand frystihússins er því miður þannig, að starfræksla þess getur ekki hafizt aftur, án þess að þar verði framkvæmd þó nokkur viðgerð, sem kostar mikið fé. T.d. þarf að setja upp ný frystitæki, því að það er ógerlegt að framleiða fyrsta flokks útflutningsvöru á Ameríkumarkað með þeim tækjum, sem fyrir eru. En hreppsfélagið og einstaklingarnir eru þess ekki megnugir eins og stendur að leggja fram þá fjármuni, sem til þess þarf. Hins vegar hafa þeir látið það í ljós, að þeir mundu geta látið veð, ef hægt væri að fá fjármagn, svo að takast mætti að koma þessum málum í betra horf. Mönnum finnst það kannske með ólíkindum, að það skuli vera hægt að fá veð til þess að koma þessari starfrækslu af stað. En það byggist einfaldlega á þeirri augljósu staðreynd, að eignir á Flateyri verða einskis virði, ef atvinnulífið verður áfram svo lamað sem það hefur verið hingað til. Ég veit það, að allir hv. alþm. viðurkenna, að hér er um mjög alvarlegt ástand að ræða, og ég vænti þess, að þeir veiti þessum till. þann velvilja og þann skilning, sem dugar til þess, að úr þessu verði bætt af hálfu ríkisvaldsins.

Síðari till., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt þeim Steingrími Pálssyni og Sigurvin Einarssyni, er varðandi lækni á þessum sama stað. Það hefur verið læknislaust undanfarið á Flateyri, og Þingeyrarlæknirinn hefur verið settur til þess að gegna þessu héraði. En það er ekki nóg með það, að þar hefur enginn læknir verið. Það hefur hvorki verið hjúkrunarkona eða ljósmóðir, sem hægt hefur verið að ná í nema yfir fjallveg, sem hefur þurft að fara, og tilgangurinn með þessari till. er sá að halda opinni leið að vetri til, eftir því sem kostur er á, milli Flateyrar og Þingeyrar vegna læknisþjónustu og sjúkraflutninga. Það er auðvitað ekki ætlazt til þess að verið sé að moka í algerri vonleysu snjó á þessum stöðum, en þess er vænzt, að reynt verði að halda opinni leiðinni fyrir þessi byggðarlög, því að þar sem um er að ræða útgerð, ef hún á annað borð verður stunduð frá Flateyri, er það ógerningur, ef ekki er hægt að komast og vitja læknis. Til Ísafjarðar er ekki möguleiki að komast. Þar er yfir 600 m háan fjallgarð að fara, sem alltaf er tepptur af snjóum frá í nóv. og fram í maí, en öðru máli gegnir um leiðina milli Flateyrar og Þingeyrar. Þar er auðveldara við að fást.

Ég vænti þess, að báðar þessar till., sem eru fluttar af brýnni nauðsyn fyrir íbúa þessara staða, verði samþ. hér á hinu háa Alþingi.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki eyða hér löngum tíma. En í tilefni af því, sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. hér í dag út af till. okkar, vil ég taka það fram í fyrsta lagi, að fjárhæðir þær, sem við leggjum til, að veittar verði til Vesturlandsframkvæmda, eru aðeins við það miðaðar að halda í horfinu frá því, sem var við fjárlagaafgreiðslu 1967 og vegna þeirra breytinga, sem gengisfallið hefur orsakað. Hér er um að ræða 2% af heildarútgjöldum fjárl., og við erum sannfærðir um það, að það muni ekki hafa önnur áhrif á fjármál ríkissjóðs, þó að till. yrðu samþ., en að ráðstafað er til þessara verka þeim tekjum, sem til ríkissjóðs munu falla og hæstv. ríkisstj. mun að öðrum kosti ráðstafa.

Hitt atriðið, sem ég vildi gera aths. við, var út af till. okkar á heimildargr. um lántökurnar. Hæstv. ráðh. sagði, að það mundi verða varhugavert fyrir atvinnuvegina að taka svo mikið lánsfé út úr bankakerfinu sem till. okkar gerðu ráð fyrir. Samkv. því, sem fram kom í ræðu minni hér í dag og ég hef betur athugað síðar, mundi þetta þýða lánsfjárhæð á árinu 1968, er nemur um 120—130 millj. kr., til þess að fullnægja því að greiða þriggja ára hluta af vangoldnum framlögum ríkissjóðs til framkvæmdanna, sem um getur í till., og vegna raforkuframkvæmdanna. Hæstv. ríkisstj. lét samþykkja hér á s.l. vori lög um framkvæmdalán upp á 125 millj. kr. Það var tekið út úr bankakerfinu, og síðast nú um leið og gengisbreytingin fór fram, var verið að selja þau skuldabréf. Ég sé því ekki, að við stefnum frekar lánsfjárkerfi bankanna í hættu heldur en hæstv. ríkisstj. hefur oft og mörgum sinum gert með fyrirferðarmeiri öflun heldur en hér er lögð til.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ástæðan til þess að ég kveð mér hér hljóðs, er till., sem komin er fram á þskj. 202 frá Gunnari Gíslasyni, 2. þm. Norðurl. v., Ágúst Þorvaldssyni, 2. þm. Sunnl., Magnúsi Kjartanssyni, 6. þm. Reykv. og Jóni Árm. Héðinssyni, 5. landsk. þm. Þar er lagt til, að tekinn verði upp á fjárlög nýr liður til kaupa á bókasafni Boga Ólafssonar, 600 þús. kr. Nú er það svo, að það er ugglaust ágætt mál að kaupa verðmæt bókasöfn, en hér er aðeins um eina greiðslu af þremur að ræða. Bókasafnið á að kosta 1,8 millj. og þetta er baggi, sem við bindum okkur ekki eingöngu í ár, heldur næsta ár og þar næsta ár, og meðan við höfum ekki efni á því að byggja yfir dýrmæt bókasöfn, sem þegar eru í eigu ríkisins eða eigu héraða úti á landi, finnst mér hæpið að styrkja eða samþykkja þetta hér að svo stöddu máli. En það er annað bak við þetta, sem gerði það að verkum, að ég kvaddi mér einnig hljóðs. Þingræðið byggist á því, að til sé meiri hl. í viðkomandi þjóðþingi, og sá meiri hl. samanstendur iðulega af einstaklingum með mismunandi skoðanir. Þeir verða oft kannske að greiða atkv. með því, sem þeim er ekki ljúft, eða jafnvel fá ekki

það fram, sem þeir gjarnan vildu. Hins vegar, þegar fjárlög eru samin fyrir hvert starfsár, er það eins og veggur, sem maður hleður upp, en ef einum steininum er kannske kippt úr veggnum og öðrum ætlað að koma þar í staðinn eða kannske mörgum öðrum steinum, getur hleðslan bilað. Ég vil þess vegna lýsa yfir undrun minni á þeirri aðferð, sem hér hefur verið höfð með þessa till. Hún kemur ekki gegnum meiri hl. fjvn. og hefur þar ekki náð samþykki, en síðan koma tveir þm. úr stjórnarliðinu og flytja hana með tveimur stjórnarandstæðingum og telja sér sjálfsagt skylt að fylgja þessari till. En ef svo er, að sumir þeir, sem að fjárl. er ætlað að standa, telja sér leyfilegt að fylgja liðum, sem ekki hafa komið í gegnum fjvn. eða í þeim fjárl., sem hér liggja frammi, hljóta aðrir þm. að álykta sem svo: Okkur er þá leyfilegt að greiða atkv. með ýmsum liðum, sem þar standa ekki, en aðrir hafa borið fram.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af brtt., sem ég flyt á þskj. 195. Við 2. umr. fjárl. fór ég nokkrum orðum um það málefni, sem till. mín beinist að, en það eru lán og styrkir til íslenzkra námsmanna, og ég skal því vera mjög stuttorður. Ég sýndi fram á það við 2. umr., að sá viðbótarskattur, sem hér er um að ræða og kemur á flesta þá íslenzka námsmenn, sem erlendis dveljast, er geysilega mikill. Hann nemur samanlagt sennilega ekki öllu minna heldur en 20 millj. kr. og mér virðist, að þrátt fyrir þá mjög svo takmörkuðu hækkun, sem þeim er ætluð í fjárlagafrv. nú, muni skatturinn verða að meðaltali ekki undir 20 þús. kr. á hvern íslenzkan nemanda erlendis. Fjvn. hv. telur, að hún hafi með till. sínum í þessu efni gengið það langt, að námsmenn fái bættan upp þann hluta, sem ríkið leggur til námsmanna, þann hluta af námskostnaði, sem ríkið hefur lagt til, þ.e.a.s. þá um það bil 1/3 hluta af námskostnaði, því að meira er það nú ekki til jafnaðar, sem ríkið hefur lagt til og það að mestu leyti sem lán, en að litlu leyti sem styrk. Ég efast um, að hæstv. ríkisstj. og hv. alþm. hafi gert sér alveg fulla grein fyrir því, hversu alvarlegt mál þetta er fyrir margan námsmanninn að verða nú að axla um það bil 20 þús. kr. bagga, og það getur í ýmsum tilfellum — það er mér kunnugt um — orðið til þess, að ágætir menn verða annað hvort að hverfa hreinlega frá námi eða þetta veldur verulegum töfum og truflunum á námi þeirra og þetta eykur enn þá hættu, að þeir, sem ekki eiga efnaða að, komist ekki til framhaldsnáms eins og ýmsum hefur þó verið kleift betur heldur en áður nú á undanförnum árum. Ég vil leggja á það ríka áherzlu, að þetta er mikið alvörumál fyrir margan námsmanninn og það er ábyrgðarhluti af hv. meiri hl. að koma ekki lengra til móts við þessa menn í sambandi við þær búsifjar, sem þeir verða fyrir vegna gengisfellingarinnar.

Mín till. hér á þskj. 195 er um 6 millj. kr. hækkun á þessum fjárlagalið. Sú hækkun dugar engan veginn til þess að bæta námsmönnum upp þann gjaldaauka, sem þeir verða fyrir vegna gengisfellingarinnar, en það mundi þó nálgast það eftir minum útreikningum, að þeir fái þau skakkaföll bætt að hálfu leyti. En samkv. till. þeim, sem samkv. fjárlagafrv. eins og það er nú eftir meðferð fjvn. og Alþ. við 2. umr., er þetta tæplega bætt að 1/3 hluta.

Ég vildi aðeins segja þessi orð til þess að ítreka það, að ég tel, að hér sé mikið alvörumál á ferð og það sé sannarlega stór ábyrgðarhluti að ganga ekki lengra heldur en gert hefur verið til móts við þessa menn, sem svo hart eru leiknir af völdum gengisfellingarinnar. Aðra brtt. á ég á þskj. 199, flyt hana ásamt hv. 6. þm. Reykv. Það er um nokkra hækkun á listamannalaunum eða liðnum „listamenn". Ég mælti fyrir till. um sama efni, aðeins nokkru hærri upphæð, við 2. umr. málsins, og læt það nægja varðandi þá till.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég er meðflm. m. a. að brtt. VIII á þskj. 199, og vil leyfa mér að fara um hana örfáum orðum.

Hér er um heimildarákvæði að ræða, viðbót við heimildarákvæði í fjárl. Það er sitt hvað, eins og raunar fram hefur komið hjá 1. flm., sem við teljum, að styðji þessa till. okkar. Í fyrsta lagi er það, að við verðlagningu landbúnaðarafurða á þessu hausti, þessum vetri er réttara að segja, gerist það, að verðlagningin dregst mánuð eftir mánuð og meðan þessu fer fram, er gengi íslenzkrar krónu lækkað. Það liggur alveg á borðinu, að ef verðlagt hefði verið á eðlilegum tíma og farið nærri þeim venjum, sem giltu árum saman um verðákvörðun á ull og gærum, hefði útkoman orðið töluvert mikið önnur heldur en hún varð nú. Það var til mjög margra ára venja að verðleggja þessar vörur í samræmi við þær áætlanir um verð þessara vara, sem útflytjendur lögðu fram. Auðvitað fékkst ekki í reynd nákvæmlega það verð, sem fært var inn í grundvöllinn. En þarna skakkaði aldrei mjög miklu. Það varð stundum hærra, en stundum varð það líka aðeins lægra. Hefði verið fylgt þessari venju og verðlagt á eðlilegum tíma í haust, þá hefði verð á þessum vörum verið sett miklu lægra í grundvellinum heldur en það var sett nú. Af því hefði svo leitt, að verð á öðrum hlutum sauðfjárframleiðslunnar og fyrst og fremst kjöti, hefði þurft að hækka að sama skapi. En þetta var ekki gert og sú hækkun, sem þarna hefði komið fram og komið til góða landbúnaðinum og bændum, kemur aldrei fram, er töpuð. Ég fer ekki með tölur um þetta, því að það er auðvitað ómögulegt að setja þær nákvæmlega upp, en það er augljóst, að ef farið hefði verið að venju, gömlu venjunni, um þessa hluti, hefðu þessar upphæðir numið milljónatugum.

Annað atriðið, sem við teljum almennt, að styðji þessa kröfu og geri hana meira en frambærilega, beinlínis réttlætiskröfu, er það, að í úrskurði yfirnefndar nú er það beinlínis tekið fram í grg., sem og sést á niðurstöðum, að verðlag breytist nálega ekki frá því, sem það var s.l. verðlagsár, og það er beinlínis vitnað til verðlagssamninganna 1966 og tekið fram, að þeir séu nú framlengdir. Hv. 1. flm. till. gerði grein fyrir þessu atriði, og hann benti á

það, sem er staðreynd, að í fyrra, þegar samið var um verðlagið í Sexmannanefnd, var um leið gert samkomulag við ríkisstj., hæstv. landbrh. fyrir hennar hönd, um það, að gerðar yrðu veigamiklar ráðstafanir landbúnaðinum til góða. Þetta fylgdi sem sagt verðlagningunni þá, og úr því að verðlagningin nú er miðuð við samningana í fyrra, er eðlilegt, að einnig nú séu settar fram ákveðnar óskir um hliðstæðar fyrirgreiðslur og veittar voru þá.

Ég vil aðeins fara örfáum orðum um hina þrjá liði þessarar till. Hinn fyrsti fjallar um það að greiða niður kjarnfóðrið. Það er hv. alþm. kunnugt, að heyfengur var með minna móti s.l. sumar yfirleitt og sums staðar var hann mjög af skornum skammti. Og þetta atriði virðist mér réttlæta það að óska eftir niðurgreiðslu á kjarnfóðri fyrir þennan vetur. Ég vil hins vegar taka það skýrt fram, að undir venjulegum kringumstæðum álít ég mjög óheppilegt að gera sérstakar ráðstafanir til að halda niðri verði á innfluttu fóðri. Þvert á móti er það eðlilegt og æskilegt á venjulegum tímum að styðja innlendu fóðuröflunina. Mætti gera það með ýmsu móti og m.a. með því að gera sérstakar ráðstafanir til verðlækkunar á áburði. En eins og nú stendur á, tel ég þetta fyllilega réttmætt. Það verða gerðar nokkrar leiðréttingar á verðgrundvellinum nú um næstu áramót í samræmi við þau lög, sem afgreidd voru hér á hv. Alþ. fyrir nokkrum dögum. Og það má segja, að með þeirri lagasetningu fái landbúnaðurinn nokkra leiðréttingu á þessum málum. Þess er hins vegar að gæta, og það eru tölur, sem liggja á borði, að inn í grundvöllinn er ekki tekinn nema hluti af innfluttu fóðurbætismagni og þar af leiðir, að verðhækkanir á hinum hlutanum fást í engu bættar landbúnaðinum. Það gefur einnig auga leið, að með þessari aðferð mundi verðlækkunin koma þeim mest til góða, sem á þessum vetri þurfa mest að nota af innflutta fóðrinu, þ. e. þeim, sem verst hafa orðið úti um fóðuröflun á þessu sumri.

Í öðrum töluliðnum er fjallað um verð á ull og gærum 1966 og lagt til, að nokkurri fjárhæð verði varið til verðbóta á framleiðslunni það ár. Eins og ég gat um áðan, var það venja til margra ára að ákveða verð á þessum vörum í samræmi við eða mjög nálægt þeim upplýsingum, sem útflytjendurnir gáfu um það efni. Með brbl. 1965 var þessi venja þverbrotin. Þá var verð á gærum ákveðið með brbl. og það var sett inn í grundvöllinn miklu hærra heldur en útflytjendurnir áætluðu það og miklu hærra en það varð í reynd. Árið 1966, þegar verðlagt var þá um haustið, reyndist ómögulegt að fá í gegnum samninga leiðréttingu á þessu, og af því leiddi, að stórvöntun varð á, að fullt verð næðist fyrir þessa vöruflokka á því ári, og sú vöntun er enn þá óbætt. Það hefði verið hægt að lagfæra þetta, ef útflutningsbótaféð hefði nægt til þess, en það gerði það nú ekki. Með tilliti til forsögu þessa máls, og alveg sérstaklega með tilliti til þess, sem gerðist, þegar stjórnvöld og hv. Alþ. fjallaði sjálft um þennan sérstaka þátt verðlagningarinnar, virðist mér það meira en réttlætanlegt, að fara fram á þetta.

Um 3. töluliðinn vil ég aðeins segja það, að það eru vissulega mjög miklir erfiðleikar framundan hjá þeim fyrirtækjum landbúnaðarins, sem þar eru nefnd, og það er áreiðanlega nauðsynlegt að gera einhverjar aðgerðir til fyrirgreiðslu. Slíkar aðgerðir mundu að sjálfsögðu koma fram í betri afkomu viðkomandi fyrirtækja og ættu þannig að geta verkað inn í verðlag varanna, og mér virðist það raunar sameiginlegt með 1. og 3. lið brtt., að hvort tveggja ætti að geta verkað inn í verðlagið að sínu leyti og kæmi því að einhverju leyti til góða, bæði framleiðendum og neytendum. Og ég hygg, að ef litið er á þetta mál alveg raunhæft, þá muni menn geta fallizt á, að hér sé um réttlætismál að ræða, að þær kröfur, sem felast í þessum till., séu ekki óeðlilegar.

Því verður ekki neitað, að ef landbúnaðarvörurnar hefðu verið verðlagðar fyrir gengisbreytingu, eins og átti að gera skv. framleiðsluráðsl., því þar er aðeins leyft, að verðlagning dragist á langinn, ef samkomulag verður um það í Sexmannanefnd, og ég neita því alveg, að það hafi verið gert með samkomulagi að draga verðlagningu svo sem orðið var, sem sagt, ef verðlagt hefði verið fyrir gengisbreytingu og með venjulegum hætti, þá hefðu ull og gærur átt að lækka og aðrar sauðfjárafurðir að hækka, og þarna er um beint tap að ræða fyrir landbúnaðinn, sem nemur milljónatugum. Og eins er hitt, að það kemur skýrt fram í grg. yfirnefndar, að úrskurðurinn er miðaður við sama verð og í fyrra og þess vegna er eðlilegt, að óskað sé hliðstæðra ráðstafana og þá voru gerðar. Mér virðist svo, að enn styðji þetta mál, að það liggur einnig á borði, að bændum eru ætlaðar í kaup í grundvellinum tæpar 200 þús. kr., en úrtak Efnahagsstofnunarinnar um tekjur viðmiðunarstéttanna sýnir yfir 240 þús. Mér finnst, að þetta styðji einnig brtt. okkar, þó að þau atriði, sem ég áður vék að, séu í mínum huga meginatriði.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. alþm. á einni brtt. alveg sérstaklega, enda þótt ég sé ekki flm. að henni. Það er brtt. VI á þskj. 199, frá hv. 4. þm. Austf. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 4. gr. 1 03 399. Viðfangsefni. Nýr liður: 05. Til aðstoðar við sjómenn á fjarlægum fiskimiðum, 2 millj.“

Hér er vissulega um mjög stórt mál að ræða og mjög þýðingarmikið og mál, sem er ákaflega tímabært að taka til meðferðar og afgreiðslu nú. Það gerðist í sumar, það gerðist óvænt, og því er kannske ekki um að sakast, þó engar ráðstafanir væru gerðar þá í þessu sambandi, en það gerðist í sumar, að tugir ísl. fiskiskipa, margir tugir, sóttu síldveiðar á mjög fjarlæg fiskimið, og það var ekki um neina læknisþjónustu að ræða af Íslands hálfu við sjómennina á þessum flota.

Mér er kunnugt um það, að á s.l. sumri komu fyrir þarna úti á miðum nokkur veikindatilfelli og sum alvarlegs eðlis. Þá var leitað hjálpar hjá rússneska veiðiflotanum, og það er a.m.k. alveg fullvíst, að í eitt skiptið var bjargað mannslífi. Þá var um að ræða sprunginn botnlanga, og það er enginn vafi talinn á því, að

maður, sem þannig er komið fyrir, hann á sér ekki lífs von, ef hann þarf að bíða marga daga eftir því að komast á skurðarborðið. Mér er einnig kunnugt um það, að sjómennirnir rómuðu mjög aðhlynningu og umönnun rússneskra lækna og hjúkrunarliðs, og raunar alla þá fyrirgreiðslu, sem þeir fengu þarna úti á hafinu. Og ég hef orðið þess var, að þessum ungu mönnum og sjálfsagt einnig aðstandendum þeirra þykir það miklu miður, ef ekki hefur verið komið á framfæri af opinberri hálfu þökkum fyrir þessa fyrirgreiðslu. Mér er hins vegar ekki kunnugt um það, hvort þeir hafi gert alvöru úr því að óska þess beinlínis á viðkomandi stöðum, en það er auðvitað ekki von, að slíkar orðsendingar fari fram án þess þó a.m.k. að rétt yfirvöld viti um þessa atburði. Mér finnst þessi dæmi sanna það svo glöggt, að ekki verði um villzt, að hér hefur hv. 4. þm. Austf. hreyft mjög tímabæru máli, sem er mjög aðkallandi að sinna. Ég vænti þess, að hv. stuðningslið ríkisstj. taki þessa till. til gaumgæfilegrar athugunar. Og ég verð nú að segja það, að jafnvel þótt þessi till. verði felld hér, vildi ég leyfa mér að vænta þess, að hæstv. ríkisstj. taki þetta mál engu að síður til athugunar fyrir næsta sumar, og finni þar einhverja leið til úrbóta.

Ég vil svo í síðasta lagi lýsa brtt., sem ég hef leyft mér að flytja. Hún er farin í prentun fyrir nokkru ásamt fleiri till., sem eru á leiðinni og ég vona að komi fljótlega til útbýtingar. — Já, henni hefur verið útbýtt núna. — Þessi till. er þá sem sagt á þskj. 207, og hún er um það að flytja Þórberg Þórðarson rithöfund upp í heiðursflokk, þann heiðursflokk, sem nú skipa 5 aðrir listamenn. Ég held, að það fari ekki milli mála, og ég hef raunar aldrei heyrt því mótmælt, að Þórbergur Þórðarson hafi verið brautryðjandi á sviði ritlistar, ég hef engan heyrt draga það í efa. Þegar hann á sínum tíma gaf út Bréf til Láru, þá vakti sú bók gífurlega athygli. Það voru auðvitað skiptar skoðanir um efni hennar og innihald, en stílsnilldina held ég, að enginn hafi dregið í efa, né heldur hitt, að þessi bók hafi á sínum tíma verið alveg einstætt verk, alveg sérstakt. Á þessum árum og auðvitað síðar birtust margar ritgerðir eftir Þórberg með einstöku handbragði, þær er m.a. margar að finna í bók hans „Pistilinn skrifaði." Ég ætla ekkert að fara að rifja upp ritgerðir Þórbergs í einstökum atriðum, og ekki heldur að nefna þær einu sinni. Og ekki get ég þó stillt mig um að nefna eina þeirra, sem heitir „Vatnadagurinn mikli", og ég held, að vel megi líkja við hið glæsilegasta málverk. Bækur Þórbergs, „Íslenzkur aðall" og „Ofvitinn", eru einnig einstæðar í ísl. bókmenntum. En þeir eru þó margir, að ég hygg, sem taka ævisögu séra Árna Þórarinssonar fram yfir flest önnur af hans verkum. Mér finnst, að sum verk Þórbergs Þórðarsonar hafi að óverðskulduðu verið minna lesin en ætla mætti, og á ég þar einkum við síðustu bækurnar. Þórbergur hefur skrifað um börn á mjög eftirminnilegan hátt. Frábær frásögn hans um Viðfjarðar-Skottu, sem ekki var draugur heldur ung telpa, hún er nú að vísu mörgum kunn, en aftur á móti hygg ég, að bók hans, „Sálmurinn um blómið", hafi verið minna lesin. Hún er gjörólík öllum öðrum bókum Þórbergs. Og það hafa sagt mér menn, sem hafa lagt sig eftir bókmenntum og hafa að sjálfsögðu miklu meira vit á þeim en ég, að þeir væru ekki í neinum vafa um það, að ef sú bók hefði verið skrifuð á máli stærri þjóðar, hefði hún aflað höfundinum mikillar frægðar. Ég hygg hins vegar, að það sé í raun og veru ekki hægt að þýða þá bók, og ég gæti bezt trúað, að ekki þyrfti að útlista það neitt fyrir þeim, sem hana lesa. Þar er svo margt, sem áreiðanlega er erfitt að flytja á milli þjóðtungna.

Ég vil að lokum aðeins nefna þrjár bækur, sem hafa komið út núna á seinni árum og allar fjalla um lífið og tilveruna í Suðursveit á þeim gömlu dögum, þegar Þórbergur og jafnaldrar hans slitu þar barnsskónum. Þar á ég við bækurnar „Steinarnir tala" og „Um lönd og lýði" og „Rökkuróperuna". Þessar bækur hafa ekki síður en hinar, sem ég nefndi, alveg sérstakan blæ, ekki aðeins þannig, að þær beri auðkenni höfundarins, sem aðgreini þær frá bókum annarra höfunda, heldur eru þær einnig sérstakar innan verka hans sjálfs. Í þessum bókum kemur fram ljóslifandi, eins og á málverki, sveitin og umgerð hennar, fólkið og húsdýrin, og svo örnefnin, og það er eins og þau fái sérstakan hljóm, líf og lit í þessari einstæðu túlkun. Ég skal nú ekki hafa þessi orð fleiri né tala lengra mál fyrir þessari brtt. minni. Vil þó aðeins segja það að lokum, að ég hygg, að menn greini ekki á um það, að stíll og frásagnarlist Þórbergs Þórðarsonar séu mjög sérstæð og snjöll. Og sjálfur minnist ég þess ekki að hafa lesið eða heyrt ummæli manna, sem á annað borð ástunda bókmenntir, sem hnigi í þá átt að draga í efa ritsnilld og sérstöðu þessa höfundar, og mér finnst þess vegna, að till. sé fullkomlega tímabær.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 207, 208 og 209, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég veit, að það er öllu erfiðara fyrir hv. þm., sem hér var að ljúka máli sínu, að flytja brtt. við lið, sem ekki finnst á fjárlagafrv., heldur en mig, sem flyt brtt. við hans brtt. En hins vegar hef ég haft ástæðu til þess að standa hér upp vegna þessarar brtt. minnar. Ég ætla ekki að fara út í það að ræða um mat mitt á þeim tveim listamönnum, sem koma fram í okkar brtt. Hv. fyrri ræðumaður gat um sitt mat á Þórbergi Þórðarsyni, sem ég vil sízt draga úr. Hins vegar tel ég fulla ástæðu til þess, þegar svo er komið, að brtt. er flutt við þessa gr. fjárl., sem væntanlega verður til, áður en þau verða afgreidd, að nafn Guðmundar Gíslasonar Hagalín komi einnig fram, og því hef ég leyft mér að flytja þá brtt., sem kemur fram á þskj. 207 undir II. lið. Ég vil ekki fara út í frekari umr. um þetta mál að þessu sinni nema ástæða gefist til, en brtt. er fyrir hendi og það sýnir hv. þm., hvaða mat ég hef á þessum hv. listamanni.

En út af þeim orðum, sem síðasti ræðumaður lét falla um brtt. á þskj. 199 frá hv. 4. þm. Austf., brtt. nr. VI, vil ég taka það fram nú þegar, að að þessu máli er unnið. Fyrir nokkrum vikum skrifaði hæstv. dómsmrh., sem jafnframt fer með heilbrigðismál, samtökum sjómanna og óskaði eftir því að þau tilnefndu menn í n., sem ynni með heilbrmrn., m. a. til þess að ráða fram úr vandamálinu um læknisaðstoð á fjarlægum miðum. Við skulum allir gera okkur grein fyrir því, að þetta er mikið vandamál, og ég vænti þess einnig, að þegar við komumst að einhverri niðurstöðu um það, hvernig við ráðum fram úr þessu, verði fé fyrir hendi til framkvæmdanna. Og það get ég sagt þessum hv. þm., sem ber sjómenn mjög fyrir brjósti, bæði fyrr og síðar, og jafnframt aðra, sem við útgerðarmál fást, að ég vænti þess, að það verði ekki féð, sem stendur á, heldur framkvæmd málsins. Það stóð ekki á fénu á s.l. sumri, kannske þó að nokkru leyti, en hins vegar veit ég það, að með samstöðu þeirra aðila, sem til hafa verið kvaddir að ráða fram úr þessum málum, verður fjárskortur ekki til fyrirstöðu, þegar að því kemur að leita úrbóta, ekki aðeins í sambandi við læknisþjónustu, heldur mörg önnur mál, sem upp kunna að koma í sambandi við þjónustu fyrir sjómennina og útgerðina sjálfa í heild, og ég mun, þegar til atkvgr. kemur um þennan lið, greiða atkv. með slíkri fjárveitingu í trausti þess, að úr þessum vandamálum verði ráðið með atbeina þeirra manna, sem bezt hafa vit á.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það væri náttúrlega ástæða til þess að ræða margar þær brtt., sem fram hafa komið frá háttvirtum þm., en ég skal láta það hjá líða í þetta skipti, því ég tel ekki heppilegt að fara að vekja upp aftur umr. og lengja þingtíma. Hv. þm. hafa talað fyrir sínum till. og það verður svo að sjálfsögðu að meta það, þegar til atkvgr. kemur, hvernig menn líta á þær. Hins vegar er það skoðun mín, að þó þar sé um margar þarfar till. að ræða, þá sé ekki auðið eins og sakir standa að samþ. þær. Ég vil aðeins varðandi brtt. frá hv. 5. þm. Norðurl. e. og fleiri þm. í því kjördæmi um heimild fyrir ríkisstj. til þess að verja allt að 10 millj. kr., ef til niðurskurðar kæmi á búfé vegna búfjársjúkdóms, sem þar herjar á nokkrum bæjum, taka það fram, að ég lít svo á, að lögin um búfjársjúkdóma og varnir gegn þeim veiti nægilega heimild fyrir ríkisstj. til þess að verja fé í þessu skyni, ef og þegar heppilegt þykir að grípa til slíkra aðgerða. Það liggja ekki fyrir um þetta enn nokkrar ákvarðanir eða niðurstöður. Hins vegar hefur átt sér stað niðurskurður á vissum tegundum bústofns á þessum bæjum og gildandi l. hefur verið beitt í því efni og ég tel, að þau lög mundu einnig ná til þess, ef allsherjar niðurskurður þyrfti að fara fram á þessum bæjum. Þetta tel ég rétt að komi hér fram, því ef til þess kynni að koma, að til niðurskurðar þyrfti að grípa, þá væri óheppilegt, ef búið væri að fella um það till. hér á hinu háa Alþ. — ef það yrðu örlög till. — og ég tel naumast um annað að ræða nú, vegna þess að ef ætti að samþykkja hana í því formi, sem hún er nú, yrði litið á það sem yfirlýsingu um það, að þessi niðurskurður skuli fram fara. Ég er ekki dómbær um það, hvort til þess þurfi að grípa á síðara stigi málsins eða ekki, en a.m.k. ætti ekki á þessu stigi málsins að slá því föstu, að til slíkra úrræða verði gripið.

Sumir hv. þm. hafa í þessum umr. haldið því fram, að tekjuáætlun fjárlagafrv. væri mjög varleg og það mætti gera ráð fyrir tekjum sem skiptu hundruðum milljóna til viðbótar. Mjög væri það ánægjulegt, ef þeir spádómar rættust, en ég fyrir mitt leyti er meira uggandi um, að tekjuáætlunin skili sér ekki, heldur en að um miklar umframtekjur verði að ræða. Ég skal taka það skýrt fram, að ég hef engin áhrif haft á áætlun Efnahagsstofnunarinnar um tekjurnar, og sannast sagna hefur mér þótt stofnunin allt að því óvarfærin um það, hvað hún áætlar tekjurnar hátt. Það hefur þó hins vegar verið talið rétt og skylt að reyna að fara eins djarflega í það efni og auðið hefur verið. Það er vitanlega allt önnur aðstaða, sem við stöndum andspænis nú, heldur en var um áramótin 1965 — 66 og þróunin á því ári með allt öðrum hætti en hugsanlegt er, að hún geti orðið á næsta ári. Það er alveg augljóst mál, að ef við ætlum ekki að halda áfram á þeirri braut að éta upp allan gjaldeyrisvarasjóðinn, hlýtur að koma til einhvers töluverðs samdráttar á innflutningi á næsta ári. Og miðað við það, að líkur eru til, að kaupgeta almennings verði eitthvað minni, er það einnig ljóst, að það mun verða sá innflutningurinn, sem gefur hæstar tolltekjur, sem fyrst og fremst mun draga úr. Þetta leiðir til þeirrar niðurstöðu, sem Efnahagsstofnunin hefur komizt að með nákvæmri athugun á þjóðhagsáætluninni, og því hve talið er mögulegt að áætla tekjur hátt á næsta ári, og er þar bæði gengið út frá betri aflabrögðum en í ár og einnig hærra verði, þannig að þar er miðað við slíkar forsendur, en ekki jafnslæmt ástand í þessu efni og nú er. Hins vegar er öllum hv. þm. kunnugt um það, að síðustu mánuði hefur streymt fé út úr gjaldeyrisvarasjóðnum og m.a.s. verið tekið bráðabirgðalán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til þess að mæta innflutningsþörfinni og vitanlega er ekki hægt að halda þannig áfram á næsta ári. Ég held, að það sé því alveg ljóst, að boginn er mjög hátt spenntur í þessu efni og væri alveg fráleitt að miða fjárlagaafgreiðslu nú við það, að um yrði að ræða hundraða millj. kr. tekjur umfram það, sem Efnahagsstofnunin hefur áætlað. Hitt er annað mál, að ef til slíks tekjuauka kemur, er það áform ríkisstj. að verja þeim tekjum til þess að draga sem mest úr áhrifum gengisbreytingarinnar, þannig að vissulega hverfa þær tekjur ekki út í loftið. En það er heldur óvarlegt, vægast sagt, að ráðstafa þeim fyrir fram, jafnmikil óvissa og er um það, að hugsanlegt sé, að slíkar tekjur komi í ríkissjóð á næsta ári.

Það hefur mikið verið um það rætt í þessum umr., bæði nú og við 2. umr., að lítil gætni væri í fjárl. og verið vikið allóbliðum orðum að mér sem fjmrh. fyrir mína stjórn á fjármálunum og fyrir það, hvað þenjist út ríkisútgjöldin.

Ég hef bent á það í sambandi við þær hugleiðingar, að hv. stjórnarandstæðingar, sem mest hafa á ríkisstj. og fjmrh. deilt í því efni, hafi ekkert sérstaklega lagt sitt lið til þess að draga úr þeim útgjöldum. Út í þá sálma skal ég ekki fara hér eða efna til neinna umr. um það, en mér þykir rétt, að það komi hér fram, ef hv. þm. hafa ekki athugað það, að mér telst svo til, að það sé um 260 millj. kr., sem hv. stjórnarandstæðingar ætlast til, að fjárl. hækki, — þessi voðalegu fjárl., sem þeir eru að tala um — frá því, sem gert er ráð fyrir í till. fjvn., og þar að auki, eftir því sem hv. 3. þm. Vesturl. upplýsti hér áðan, að gert væri ráð fyrir 120 millj. kr. lántöku, sem að vísu er ekki bein útgjöld úr ríkissjóði. Hann sagði, að undanfarin ár hefði verið gengið lengra í því efni. Það er alveg rétt. Ég upplýsti hins vegar, bæði við 1. umr. fjárl. og einnig nú í ræðu minni í kvöld, að nú væri gengið miklu skemur en undanfarin ár í þessu efni, einmitt vegna þess, að það væri sjáanlegt, að fjárþörf atvinnuveganna yrði það mikil á næsta ári, að það yrði að draga mjög saman seglin varðandi þær fjárkröfur, sem ríkissjóður eða ríkisstj. gerði til bankanna í sambandi við framkvæmdaáætlunina. Og það er því þannig nú, að gert er ráð fyrir, að um verulegan samdrátt verði að ræða í lánsútboði vegna framkvæmdaáætlunar á næsta ári. Sú röksemd varðandi þetta atriði, sem ég gat um áðan, liggur því fyrir óhögguð, að hér er mjög óvarlega að farið, miðað við þessar aðstæður atvinnuveganna, og hlýtur að sjálfsögðu að draga úr fjáröflunarmöguleikum þeirra, sem þessu nemur. Hitt er annað mál, að það væri mjög æskilegt að greiða þetta fé, það er ég hv. þm. sammála um, en ég held, að menn hafi með hliðsjón af því ástandi, sem er, hugsað sér að fara nokkuð geyst í sakirnar, og ég er þeirrar skoðunar og ríkisstj. hefur þá stefnu, sem ég lýsti í mínu áliti í dag, að verði um að ræða umframtekjur á þessu ári, er ætlunin að nota þær til þess að mæta erfiðleikum vegna gengisbreytingarinnar og létta kjör almennings og draga sem mest úr þeirri kjaraskerðingu, sem óhjákvæmilega fylgir ella í kjölfar hennar. Og það er meginástæðan til þess, að ég tel ekki fært að samþ. þær mörgu brtt., sem hér hafa komið fram frá hv. þm. og hv. minni hl. fjvn., þó ég hins vegar játi, að meginhluti þessara mála eru þörf og góð mál, sem vissulega væri æskilegt að geta gripið til.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð. Hæstv. fjmrh. vék hér nokkuð með almennum orðum að þeim brtt., sem við, sem í stjórnarandstöðunni erum, flytjum hér, og hann hafði reiknað út, að ef þær yrðu allar samþykktar, gætu þær numið í kringum 200 millj. kr. Það má vel vera, að svo sé, ég hef ekki lagt það saman. En í sambandi við hans aths. vildi ég sérstaklega mótmæla þeirri skoðun, sem fram kemur hjá honum og er að vísu ekki ný hér. Hann setur dæmið upp á þann veg, að það sé okkar till. að hækka útgjöldin um þessar 200 millj. kr. Málið er ekki svo einfalt, að það sé eitthvert útlistað hlutverk meiri hl. eða ríkisstj. að ráða ein yfir útdeilingu fyrst á 6000 millj. kr., og ef einhverjir aðrir koma þar með einhverjar till. um, hvernig skuli verja þessum útgjöldum, þýði það allt til hækkunar við það, sem þeirra till. gera ráð fyrir. Auðvitað er það svo, að við í minni hl. erum á móti mörgum þeim útgjöldum, sem fylla þessa 6000 millj. kr. fjárhæð ríkisstj. Við höfum auðvitað rétt til þess að leggja fram ýmsar till. um það, sem við viljum leggja áherzlu á og við vildum miklu fremur, að inni í frv. væri, en margt það, sem þarna er. Þannig ber vitanlega að meta þær till., sem minni hl. er hér að gera. En það má vel vera, að það sé hins vegar afstaða meiri hl. að segja sem svona: Allar þær till., sem eru í frv., skulu að okkar áliti hafa forgang fram yfir þær till., sem minni hl. er að flytja, og í krafti þess er rétt að fella þær allar. Það er annað mál. Það er þeirra skoðun.

Ég tel líka, að það hafi ekki komið fram nein sennileg rök frá hæstv. fjmrh. eða þeim, sem hér hafa talað fyrir meiri hl., fyrir því, að tekjuáætlun á þessu frv. sé eðlileg. Mér er það alveg ljóst, að vissulega getur farið svo, að tekjurnar verði ekki meiri en áætlað er. Ég er ekki í neinum vafa um, að það, sem ræður úrslitum um það, hvernig fer með tekjuöflun ríkissjóðs, er það, hvernig framleiðslulíf okkar gengur á næsta ári. Búum við við sæmilega hagstætt veðurfar og getum stundað okkar framleiðslu og verður framleiðslan rekin hér undir eðlilegum kringumstæðum eða ekki? Ef það gengur allt vel, verða tekjur ríkissjóðs miklar. Það hefur alltaf farið þannig. Sannleikurinn er sá, að það er reginmisskilningur að halda það, að einhver gjaldeyrisvarasjóður geti ráðið einhverjum úrslitum um það, hvernig innflutningi kemur til með að verða hagað á árinu. Það er heildarframleiðslan, það er þjóðarafkoman, sem kemur til með að ráða því. Og þær áætlanir, sem gerðar eru, m.a. af Efnahagsstofnuninni, um það, að það verði að vísu nokkur aukning á framleiðslunni frá því óhagstæða ári, sem við búum við í ár, þær gera þó ráð fyrir stórminnkandi framleiðsluverðmætum frá því, sem verið hefur á undanförnum árum. Ég er það bjartsýnn, að ég álít, að það séu öll skilyrði til þess, að ef ekki koma til einhver sérstök glöp í stjórnarstefnu, geti framleiðslan á næsta ári skilað okkur miklu meiri verðmætum heldur en hún gerir á þessu ári. Mér sýnist því, að miðað við skaplegar forsendur séu tekjuliðir frv. áætlaðir mjög lágir, og það séu allar líkur til þess, að hér verði um verulegan tekjuafgang hjá ríkissjóði að ræða. Hæstv. ráðh. segir, að þá hugsi ríkisstj. sér að ráðstafa þessu, eins og hann sagði hér, til þess að reyna að draga úr þeirri kjaraskerðingu, sem fólkið í landinu yrði annars fyrir. Það er nú svo. Ég álít, að það sé Alþingis að ráðstafa þessum fjármunum, en ekki ríkisstj. á eftir. Það á að reyna að gera fjárl. eins rétt úr garði og mögulegt er, en ekki þannig, að allar líkur séu til þess, að hér verði um verulegan tekjuafgang að ræða, til þess að ríkisstj. geti síðan ein ráðstafað honum.

En fyrst ég er kominn hér upp í ræðustólinn, þykir mér ástæða til þess að vekja athygli á einum hlut. Ég hef setið hér og hlustað á þessar

umr. eins og ég hef getað í kvöld. Þó brá ég mér út úr salnum stuttan tíma og missti því af nokkru af því, sem hér fór fram, en þegar ég kom aftur inn í salinn, heyrði ég, að hér glamraði nokkuð í handjárnum, sem æði oft hafa verið nefnd í sambandi við afgreiðslu fjárl. Og þegar betur var að gáð var hér í ræðustól hv. 9. landsk. þm., einn af þm. Alþfl., og hann bar sig greinilega mjög illa undan þeim járnum, sem á honum voru. (Gripið fram í.) Það ber ekki mikið á því. Ég verð að segja það, að mér þótti það, sem ég heyrði frá þessum þm., alveg furðulegt, og mér fannst satt að segja menn vera farnir að leggjast æðilágt að koma svo hér fram í ræðustól á Alþ. og segja frá þessu á þann hátt, sem þarna var verið að gera. Er það virkilega svo, að stjórnarþm. þurfi að kvarta undan því hér á Alþ., að þeir hafi ekki lengur leyfi til þess að greiða atkv. samkv. samvizku sinni, samkv. sinni eigin afstöðu til þeirra mála, sem er verið að greiða atkv. um, að þeir megi ekki samþykkja hér smátill., sem vitanlega geta ekki haft nein úrslitaáhrif um afgreiðslu fjárl.? Er það virkilega orðið svona? Ég verð að segja það, að það hefur lengst af verið svo þann tíma, sem ég hef verið á Alþ., að þá hafa verið samþ. hér við afgreiðslu fjárl. nokkrar till. frá stjórnarandstæðingum. Það er aðeins nú síðustu árin, sem það hefur verið alveg útilokað. Og alla jafna hafa líka verið samþ. nokkrar till. frá stjórnarstuðningsmönnum, sem flutt hafa þær till. ýmist einir eða þá með stjórnarandstæðingum. Og það hefur ekki verið talið saknæmt. En nú gerist það, að hér hafa stjórnarstuðningsmenn gerzt sekir, eins og þar er talað um, um það að flytja hér brtt., sem ekki hafa farið þá réttu boðleið að ganga gegnum fjvn. og verið formlega samþ. af ríkisstj. Og þá koma aðrir stjórnarstuðningsmenn hér fram og kvarta sáran undan þessu og eru svona með smáhótanir í leiðinni, að e.t.v. fari þeir nú að brjóta af sér böndin líka. Það hefur vakið nokkra athygli okkar ýmissa, að greinilegt er, að einn af hv. þm. hér, reyndar nýr þm. hér, hv. 4. þm. Reykn., hefur ekki hlýtt algerlega þeim reglum, sem ég var satt að segja farinn að taka eftir, að virtust vera orðnar nokkuð algengar hér í þinginu nú síðustu árin. Það var mjög greinilegt, að hann t.d. beitti sér fyrir því í Ed. að vinna það, sem hefur hingað til verið talið nú síðustu árin algerlega til óhelgi, að hreyfa við stjórnarfrv., breyta því, jafnvel stjórnarfrv., sem samið hafði verið niðri í Seðlabanka. En það algenga hefur sem sagt verið það, að það hefur ekki einu sinni mátt gera á slíkum frv. óhjákvæmilega leiðréttingu. Villurnar hafa orðið að fara í gegn. Það er sýnilegt, að stuðningsmönnum ríkisstj. hefur ekki einu sinni verið trúað fyrir því að vinna að slíkum breytingum. Og framhaldið á þessu er svo það, að þm. og það nýir þm., sem hér koma inn, túlka þetta á þá leið, að þeir hafi ekki heimild til þess að samþykkja smátill., sem þeir vilja gjarnan standa með, af því að þá reikna þeir með, að öll bygging fjárlagakerfisins hrynji.

Nei, þetta er auðvitað þannig, að það er ómögulegt annað en vekja athygli á því, hvers konar hugsun er orðin hér á bak við. Skyldi það nú ekki rugla allri fjárlagaafgreiðslu hér, ef till. upp á 600 þús. kr. kynni að verða samþ. eða þá að till. um það að fella niður 800 þús. kr. eða 1 millj. til ákveðinnar stofnunar, sem skagar býsna hátt hér í borginni, yrði felld niður? Skyldi ekki allt fjárlagakerfið ganga úr skorðum við það?

Nei, ég held, að sá hv. þm., sem hér var að kvarta undan járnunum, ætti að vinna að því, að stjórnarþm. hefðu svona skaplegt frelsi í þessum efnum. Við því er vitanlega ekkert að segja, að þeir, sem standa saman um að stjórna, hafa vissa samábyrgð um það að ganga frá samþykkt fjárlaga í öllum meginatriðum og gera það auðvitað. En slíkt, að menn megi hér hvorki flytja till. né samþykkja minni háttar breytingu, er að gera sig að miklu minni manni heldur en alþm. hafa leyfi til að gera.

Ég vildi vænta þess, að svo harkalega þurfi ríkisstj. ekki að standa að afgreiðslu fjárl., að hún þurfi að pína menn á þennan hátt, sem mér virtist að kæmi fram í ræðu þessa hv. þm. Ég skil ekki, að hún þurfi á slíku að halda.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég varð var við flutning á brtt. hér áðan, sem var raunar með nokkuð óvenjulegum hætti, þar sem þar var lagt til að fella niður útgjaldalið í fjárl. En yfirleitt er nú tillöguflutningur hér á Alþ. í þá átt að bæta við útgjöldum, en það er nú eins og gefur að skilja og jafnvel var viðurkennt af hv. síðasta ræðumanni eitt höfuðatriðið, sem hlýtur að gilda við afgreiðslu fjárl. og á því bera fyrst og fremst þeir ábyrgð, sem standa að stjórn landsins, að það sé a.m.k. nokkurt hóf á útgjöldum, — þeim sé sniðinn ákveðinn stakkur. Þess vegna vill fara svo, að mikið af þeim till. eða óskalistum, sem fram koma, getur ekki fengið náð fyrir hinum ábyrga meiri hl. En sem sagt, er ég sá þessa till. á þskj. 207 um það að fella niður liðinn um fjárstyrk til Hallgrímskirkju, þá kom mjög upp í huga mínum, að það var leitað til okkar alþm. að austan um fjárstuðning, við beðnir að beita okkur fyrir fjárstuðningi við byggingu nýrrar kirkju í Egilsstaðakauptúni. En þar hefur eins og við vitum risið upp þéttbýli allmikið núna á örfáum síðustu árum, og með því getum við sagt að hafi skapazt þörf fyrir kirkjubyggingu. Nú er þetta að vísu ekkert sérstakt. Það skapast víða þörf fyrir byggingar nýrra kirkna við mannfjölgun á ýmsum stöðum. En þarna hefur þó skapazt mikið þorp, þar sem lítil eða engin byggð var fyrir, og það eru margvísleg viðfangsefni, sem þarf að leysa. En ég hafði þó ekki áður komið auga á færa leið til þess að reyna, hvort unnt væri að koma eitthvað til móts við óskir safnaðarins þarna, nema þá helzt eftir þeirri leið, sem mörkuð hefur verið gegnum kirkjubyggingarsjóð.

Ef maður veltir þessum málum svolítið nánar fyrir sér, eru þó nokkur dæmi þess, að beinn fjárstuðningur hafi verið veittur úr ríkissjóði til byggingar einstakra kirkna. Þar má náttúrlega benda á þennan lið, sem hérna er að vísu verið að leggja til að fella niður, til Hallgrímskirkju í Reykjavík, sem ég skal á engan hátt draga úr, að sé mjög sérstæð. En þá vil

ég einnig nefna, að við vitum það, að það hefur verið byggð upp fyrir ríkisfé myndarleg kirkja, dómkirkja í Skálholti. Og ég mundi nú ekki telja það neina goðgá, þó að það væri t.d. eins og ein kirkja í hverjum landsfjórðungi, sem einhvers stuðnings nyti á þennan hátt. Ég hef því leyft mér að gera þá brtt. við brtt. þeirra Péturs Benediktssonar og Magnúsar Kjartanssonar, að í staðinn fyrir það, að liðurinn til Hallgrímskirkju falli með öllu niður, sem er að ég held rúmar 700 þús. kr. í fjárl., verði till. á þá leið, að liðurinn breytist svo:

„Til byggingar höfuðkirkju Austurlands á Egilsstöðum“ með það í huga, að í því fælist það, að það ætti ekki að skapa fordæmi fyrir almennum styrk á fjárl. til kirkjubygginga. Í mesta lagi, að miðað væri við að það kæmi til greina ein kirkja í hverjum landsfjórðungi. Ég vil lýsa því yfir, að ég hef ekkert umboð hér til þess að slá því föstu, að þarna skuli vera höfuðkirkja. En ég vil aðeins geta þess, að ég taldi hyggilegra að orða þetta svona, til þess að í því fælist það, ef hv. Alþ. vildi fallast á þessa till. mína, að það væri ekki um skuldbindingu að ræða um að fara almennt að styrkja kirkjubyggingar. Ég vildi þess vegna láta þessi fáu orð fylgja þessari till. Ég vil vekja athygli á því, að hún fyllir ekki með öllu meira að segja út í það, sem fellur niður, þó hún verði samþ. Ég tel, að með 500 þús. kr. upphæð væri sæmilega komið til móts við óskir þessa safnaðar og auðvitað í eitt skipti.

En ég vil svo jafnframt taka það fram, að ég er ekki með þessu að lýsa andstöðu minni á því, að íslenzka ríkið styrki byggingu Hallgrímskirkju, en ég þykist sjá, að það muni valda miklu minni straumhvörfum þar, þó að þessi upphæð félli niður eitt ár. Ég held, að það mundi geta hjálpað miklu meira til, ef þessi fjárveiting fengist eitt ár til þess að aðstoða við byggingu kirkju í Egilsstaðakauptúni. Ég vil sem sagt vænta þess, að á þessa till. vilji Alþ. líta með velvilja.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. út af því, sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan í sambandi við tillöguflutning okkar í minni hl. fjvn. Í fyrsta lagi vil ég benda á það, að fjárl. hafa meira en fjórfaldazt á 8 árum. Það hefur þó engin till. verið samþ. frá okkur í minni hl. hér á hv. Alþ. á þessu tímabili, svo að mæmi nema þá einhverjum tugum þús. Á þessu fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, gerum við nú tillögur um að mega ráðstafa 1—2%. Það þykir ofrausn. Í því sambandi vil ég benda á það, að af þessum 130 millj., sem við í minni hl. leggjum til, eru 32 millj. til vegamála, sem er ekki nema leiðrétting á samkomulagi því, sem gert var 1963 og ég hef oft vitnað til. Það er því ekki nein ofrausn, þó að tæpur helmingur þm. fengi að ráðstafa 2% af fjárl. Í sambandi við tekjuáætlunina vil ég segja það, að vel getur farið svo um stjórn hæstv. ríkisstj. á efnahagsmálum þjóðarinnar á árinu 1968, að þar gangi allt úr skorðum, svo að tekjurnar skili sér ekki. Hitt er reynsla okkar af tekjuáætlun hæstv. ríkisstj. og Efnahagsstofnunarinnar, að þær hafa ekki reynzt þannig, að verulega sé hægt á þeim að byggja. Og ég minnist þess, að þegar hæstv. fjmrh. talaði við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1966, viðhafði hann sömu orðin um hæpna tekjuáætlun, en fékk nærri 900 millj. kr. fram yfir þá áætlun. Þess vegna verðum við að taka þessa áætlun með hæfilegri varúð og gerum heldur ekki mikla tilraun til að hafa áhrif á ráðstöfun á ríkistekjunum, þó að þessar till. okkar séu fram bornar, og ég vil taka undir það með hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefssyni, að það er okkar stefna, að hv. Alþ. ráðstafi ríkistekjunum, en ekki hæstv. ríkisstj. Þess vegna viljum við gera tilraun til þess í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, að það sé Alþ., sem ráðstafi ríkistekjunum, en ekki hæstv. ríkisstj., eins og hæstv. fjmrh. vék að.

Að lokum vil ég segja það, að það er ekki fyrir áhrif frá okkur í stjórnarandstöðunni, sem lánsfé bankanna hefur verið dregið undir ríkisyfirráðin, eins og gert hefur verið á viðreisnarárunum og stefnt mun vera að á þessu næsta fjárlagaári, þó að till. okkar um heimildir hæstv. ríkisstj. verði felld.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja mjög umr., en ég kvaddi mér hljóðs til að segja nokkur orð í tilefni af þeirri ræðu, sem hæstv. fjmrh. flutti hér áðan. Sú ræða var að vísu ekki löng og nokkuð almenns eðlis, en ég verða að segja það, að mér geðjast ekki að þeim ummælum, sem hann hafði í þessari ræðu um brtt.-flutning hér við 2. umr. Ég hef lýst því áður í ræðu minni hér í kvöld, hvernig undirbúningur fjárl. hefur verið að þessu sinni og meðferð fjárlagafrv. og hvern tíma þm. hafa til þess að taka afstöðu til einstakra atriða í sambandi við þau, gera sér grein fyrir þessum meginatriðum eins og t.d. tekjubálkinum, og hvernig búið hefur verið í hendur þeim af hæstv. fjmrh. og hv. fjvn. eða meiri hl. hennar. Nú er það svo, að hér liggja fyrir við umr. allmargar till. til breytinga, sem mjög margar, eins og verða vill, eru um breytingar á gjaldabálki fjárl. Í fyrsta lagi eru þarna till. frá meiri hl. n., sem mér skilst, að hæstv. ráðh. vilji samþykkja. Í öðru lagi eru það svo till. frá minni hl. fjvn. og loks till. frá ýmsum einstökum þm. Nú hefði ég álitið, þegar þannig stendur á, að fyrir liggja margar till., væri nokkuð einsýnt, hvernig hæstv. fjmrh. bæri að fara að. En það, sem hæstv. fjmrh. segir nú í ræðu sinni áðan, er það, að hann hafi lagt saman á blaði, hve hárri upphæð þessar till. nemi samtals. Þar í eru víst ekki till. meiri hl. n., en till. minni hl. n. og einstakra þm. Hann hafi lagt þetta saman á blaði og út hafi komið 260 millj. Og svo segir hæstv. ráðh.: Þetta sé ekki hægt að samþykkja. Það er sem sé leyfa það ekki.“ Það hefur nokkuð verið rætt hér um tekjuáætlunina. Ég ætla ekki að gera það. En hann segir, að tekjurnar leyfi það ekki. Þetta er ekki hægt að samþykkja. Það er sem sé bara afgreitt með einu pennastriki.

Nú veit ég ekki, hvernig hæstv. ráðh. hefur lagt saman, hvort hann t.d. tekur með brtt. um heimildir á 6. gr. fjárl. En ef það er gert, er það

náttúrlega einkennilegur reikningur, því að 6. gr. er ekki í niðurstöðutölum fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir. En það getur verið, að þetta hafi ekki verið gert. Ráðh. getur sjálfsagt upplýst það. En niðurstaða hans varð sú, að þarna væri um að ræða sem næst 4% hækkun á fjárl., ef allar þessar till. yrðu samþ. En eins og ég sagði áðan, hef ég haldið, að hæstv. fjmrh. ætti að fara öðruvísi að, þegar till. liggja fyrir á þennan hátt. Að hann ætti að taka till. til skoðunar og meta þær, en ekki segja um þær allar í einu: „Ekkert af þessu er hægt að samþykkja.“ Slíkt ber að meta. Ég man mörg dæmi þess hér á Alþ., að eftir að till. hafa verið bornar fram af einstökum þm., hefur fjvn. komið saman og rætt till. og fallizt á sumar þeirra. En svona snöggsoðinn dauðadóm yfir öllum till., sem fram koma við frv., eins og það liggur fyrir, frá hæstv. fjmrh. kann ég ekki við. Það er kannske ekki mikið meira um þetta að segja. En ég vil spyrja hæstv. fjmrh. og aðra þá, sem standa fyrir því að stjórna vinnubrögðum í sambandi við afgreiðslu þessa fjárlagafrv.: Hvernig eiga þingmenn að fara að í þessu máli, þegar ekki er um neitt samráð að ræða og enginn tími til neins undirbúnings eða til þess að leita samkomulags? Ég vil spyrja t.d. um það, hvað ætti að falla niður í staðinn fyrir það, sem lagfært er, ef talið er, að heildarupphæðin megi ekki breytast. Þetta sýnast mér ekki vera góð vinnubrögð, og þó að nú sé áliðið orðið og sagt skammt eftir af þingi, vildi ég nú aðeins nefna það hér, af því að þetta er nú allt með þeim hætti, sem það er, hvort ekki sé möguleiki til þess að draga þingfrestun um einn dag frá því, sem fyrirhugað er, þannig að fjvn. geti komið saman ásamt fjmrh., til þess að reyna að leggja eitthvert mat á þær till., sem þm. og minni hl. n. hafa leyft sér að flytja við þessa umr., leggja eitthvert mat á þær, ekki strika yfir allt svona í einu lagi, án þess að gera sér nokkra grein fyrir, hvað það er, sem farið er fram á.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að standa upp til að mæla fyrir till. minni hér í kvöld. Hún er ákaflega ljós, gerir ráð fyrir að fella niður fyrirhugað framlag til svonefndrar Hallgrímskirkju, krónur 720.000.-. Nú hefur verið bent á, að ég gerði mig sekan um að fara nokkuð gegn þingvenju að vilja spara á fjárl., og ég er þakklátur flokksbróður mínum, hv. 3. þm. Austf., fyrir að reyna að koma mér úr þeirri villu, eftir því sem kraftar hans stóðu til, með því að bera fram tillögu um notkun þess fjár, sem þannig sparaðist, til að reisa „höfuðkirkju“ á Egilsstöðum. En hans villa í þessu sambandi er eiginlega nærri því enn þá alvarlegri heldur en þessi sparsemdarvilla mín, því að hann gerði sér ekki ljósa eiginleika „höfuðkirkna“ í þessu landi. Þetta er nýtt hugtak, sem er að komast inn í kirkjusöguna og er aðaleinkenni þessara kirkna það, að forðast ber að hafa þær nærri almannavegi. Þær eru settar sem fjærst þéttri mannabyggð, en í stað þess byggð kringum þær skrauthýsi og allt fegrað og gert sem prýðilegast eins og dæmin sanna um höfuðkirkju Suðurlands. Þess vegna átti þm. að sjálfsögðu að leggja til, að þessi „höfuðkirkja“ væri bundin þeim sögulega stað, sem tengdastur er kristninni á Austurlandi, Þvottá. Þangað gætu menn svo farið í pílagrímsferðir til að þvo af sér syndina án þess að eiga á hættu að vera trufladir af of mörgum áhorfendum í því tómthúsi, sem þessi kirkja væntanlega yrði.

Ég á ekkert sökótt við þann góða söfnuð, sem býr á Skólavörðuholtinu hér í Reykjavík, sem með mér ókunnum rétti kennir sig við Hallgrím Pétursson og þykist hafa meiri rétt til þess en aðrir menn. Þetta var nú bara kallað fólkið á Skólavörðuholtinu, þegar ég var að alast þar upp. En nú hafa þeir ákveðið að byggja mikla turnstrýtu í stað kirkju nálægt þeim stað, þar sem ég lék mér í bernsku á Steinkudys. Þetta er þeim út af fyrir sig frjálst líka, ef þeir væru ekki að eyða fjármunum mínum og annarra, og jafnvel hefði ég látið þetta afskiptalaust, ef þeir væru ekki að eyðileggja útsýnið til höfuðborgarinnar úr miklum hluta af mínu kjördæmi. Og það er vegna þess að það er slík augnraun að sjá turnbáknið, bæði af Reykjanesi og Kjalarnesi og úr Mosfellssveit, — maður getur eiginlega hvergi farið í þessum ágætu sveitum, án þess að eiga á hættu að reka augun í þetta, — að ég vildi losa Alþ. undan þeirri ábyrgð að ergja mína kjósendur og sjálfan mig með því að þurfa að horfa á þetta fyrirbrigði. En vegna sérlega góðrar frammistöðu hv. 6. þm. Reykv. í nokkrum menningarmálum í sambandi við afgreiðslu fjárl., einkum þar sem hann átti sinn þátt, ásamt fleirum, í að hrinda af stað bókasafnsmálinu, var ég mjög hamingjusamur að geta fengið hann að meðflm. að þessu þarfa máli.

Hef ég svo ekki þau orð fleiri.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki vera að tefja tímann. Það var aðeins út af nokkrum orðum hv. 4. þm. Austf. Hann sagðist hafa heyrt undir vegg, að ég hefði verið að kvarta undan handjárnunum, en því miður hafði víst heyrnin ekki verið í lagi, því að hann hafði ekki heyrt, hvað ég sagði á undan lokaorðum mínum. Það, sem ég sagði hér áðan var það, að þingræðið byggðist á því, að menn gerðu samkomulag um hluti og meiri hl., sem þannig myndaðist, væri ekki ævinlega sammála um alla hluti, en hann yrði að standa saman til að koma málum fram. Þá gerðist það oft, að maður kannske samþykkti eitthvað, sem maður væri ekki ánægður með, og fengi annað ekki samþ., sem hann vildi fá samþykkt. Ég tek það aftur fram, að ég skil það svo, að þegar fjárlög eru samþ. hér á Alþ. alveg eins og þegar fjárlög eða fjárhagsáætlanir eru gerðar fyrir bæi og ég veit, að Lúðvík hefur oft tekið þátt í því og meiri hl. afgreiðslu þar, verði meiri hl. að standa saman að þeirri samþykkt. Ef hins vegar einhverjir telji, að þeir geti komið með brtt. svo og svo miklar og ætli öðrum aftur að bera ekki fram brtt. og fylgja sínum, sagði ég og segi það aftur, þá getur vel verið, að maður athugi sína aðstöðu. Það er ekkert að láta glamra í handjárnunum, og ég held, að það

hafi verið annar hljómur frá öðrum handjárnum, sem hafi hljómað fyrir eyrum hv. 4. þm. Austf.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég vil hvorki þreyta hæstv. forseta né hv. sameinað þing á langri ræðu. En ég sé, að hér eru komnar fram tvær brtt. á þskj. 207 og 208, er varða kirkjubyggingar í landinu. Hin fyrri er frá hv. 4. þm. Reykn. og hv. 6. þm. Reykv. um það, að það fjárframlag, sem fjvn. hefur gert till. um, að verði veitt til Hallgrímskirkju í Reykjavík, falli út af fjárl., eða það skilst mér a.m.k. Ég vil minna þessa hv. flm. þessarar brtt. á það, að ég held, að það sé rétt hjá mér, að fyrir allmörgum árum voru samþ. hér á Alþ. lög um byggingu Hallgrímskirkju í Reykjavík. Ekki man ég betur. Og meira að segja, að í þeim l. væri tekið fram, að sú kirkja skyldi vera stór kirkja. Ég sé, að hv. flm. hrista höfuðin og álíta, að þetta sé misminni hjá mér, en ég er nú ekki viss á því, fyrr en þeir fletta upp í lagasafni og sýna mér það, að ég fari með rangt mál. (Gripið fram í.) Það er enginn vandi að finna það, því að það er til í lagasafni. En hitt er annað mál, að ég er engan veginn ánægður með kirkjubygginguna á Skólavörðuholti, vegna þess að ég álít, að þessi kirkja, sem verið er að byggja þar, sé engan veginn nógu stór. Hún þyrfti að vera miklu stærri en hún er. Og það, sem ég hef á móti þeirri kirkjubyggingu, er einmitt það, því að mér skilst, að hún taki ekki nema litinn hluta safnaðarins í sæti. En hvað tekur hún marga menn? 700 kannske í sæti. Það álít ég allt of litla kirkju, aðalkirkju höfuðborgarinnar, að hún skuli ekki taka fleiri menn í sæti en það. Ég vildi hafa þessa kirkju miklu stærri. Vitaskuld hefði mátt lækka turninn, en hafa kirkjuskipið stærra. Það get ég viðurkennt.

Ég held þess vegna, að þessi till. brjóti í bága við lög, sem eru í gildi, sem Alþ. er búið að samþykkja, og ég mæli á móti þessari till., því að ég tel, að úr því að út í þessa byggingu var farið, verðum við að koma henni upp og gera það með sóma.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ekki bjóst ég við því að heyra það, að þm. úr stjórnarliðinu færi að skamma sína eigin félaga fyrir það að fara eftir sannfæringu sinni, því að ég held, að menn hafi undirskrifað annað, þegar þeir byrjuðu þingmennsku en það, og skal ég láta útrætt um það mál.

Hæstv. fjmrh. fór hér nokkrum orðum um brtt. stjórnarandstæðinga við fjárlagafrv. og gaf þeim sama „reisupasann“ og hann hefur gert undanfarin ár, og látum það nú vera. En röksemdafærslan hjá honum var aðallega sú, að mér skildist, að þetta væri glannaskapur og ábyrgðarleysi af okkur að flytja brtt. til hækkunar á fjárl., því að það yrði að gera ráð fyrir því, að það gæti orðið lakara árferði en við reiknuðum með og þess vegna væri þetta fjarri öllu lagi að flytja, að mér skildist, nokkrar brtt. Ég talaði um það hér fyrr í kvöld, að mér sýndist tekjuáætlun fjárlagafrv. einkennilega lág móts við till. ríkisstj. sjálfrar, sem hún flutti í haust, þegar hún lagði frv. fram, því að hækkunin, sem meiri hl. fjvn. gerir ráð fyrir, og allt er gert þar í samráði við hæstv. fjmrh., hækkunin á innflutningsgjöldum er áætluð í kringum 17%, ef með er talin tollalækkunin, sem enginn er nú farinn að sjá enn. Og ég benti á, að þetta væri ekki í neinu samræmi við það, sem innfluttar vörur hlytu að hækka í verði vegna gengislækkunarinnar, svo að það stingur svo í stúf, að hér hlýtur að muna nokkur hundruð millj. kr. Í hverju liggur þá þetta, að tekjuáætlunin er ekki höfð hærri en þetta? Ef það er vegna þess, að það sé gert ráð fyrir einhverju lélegu árferði og þar af leiðandi minni innflutningi, hefur áætlun ríkisstj. sjálfrar í haust verið röng, þegar hún áætlaði tekjur af innflutningsgjöldum 1780 millj. Fyrst hæstvirt ríkisstjórn áætlaði þá upphæð þessa, hlaut sú upphæð að hækka meira en um 17%, ef nokkurt vit átti að vera í þessu. Það var þetta, sem ég benti á áðan. Ekki höfum við stjórnarandstæðingar undirbúið áætlun um innflutning, til þess að byggja á þær tölur, sem ríkisstj. sjálf setti í frv. í haust, löngu áður en gengislækkun kom til. Þetta tel ég alveg óræka sönnun fyrir því, að í raun og veru ætlast ríkisstj. til að hafa nokkur hundruð millj. kr. afgang til ráðstöfunar. Þetta er allt byggt á þeirra eigin tölum, þeirra eigin áætlunum, en ekki okkar. Hæstv. ráðh. sagði, að frv. hefði verið samið uppi í Efnahagsstofnun. Ég held, að okkur komi það harla lítið við, hvort það er Efnahagsstofnun eða Seðlabanki eða hvar þetta er samið, sem hæstv. ríkisstj. leggur fram. Hún ber ábyrgð á því. Hún leggur það fram og hún fylgir því fram hér í þinginu, líka áætluninni, sem stóð í fjárlagafrv. í haust. Ef sú upphæð hefur verið rétt, er hin röng, sem núna er í till. meiri hl. fjvn. Við berum á hvorugu ábyrgð. Auk þess sem þessi upphæð hlýtur nú að vera röng um tekjuáætlunina í till. hvað snertir innflutningsgjöldin, gildir það sama um söluskattinn, svo að það eru engar ýkjur, að hér er gert ráð fyrir mun lægri tekjum en var í frv. sjálfrar ríkisstj. frá því í haust.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt eða tefja þm. frá því að njóta náða að sinni. Satt að segja bjóst ég við, þegar hv. síðasti ræðumaður stóð hér upp, að hann mundi flytja brtt. við þessa merkilegu brtt., sem hér hefur komið fram, um það, að þessi höfuðkirkja yrði byggð t.d. í Saurbæ á Barðaströnd. En þar mun kirkja nokkur hafa fokið fyrir nokkru og ekki verið reist síðan og hefði kannske verið öllu nær að snúa sér að því viðfangsefni heldur en að byggja höfuðkirkju, sem enginn skilur, hvers konar höfuðkirkja á að vera, en þó virðist koma fram hjá ákveðnum höfuðklerki, að eigi að vera nokkurs konar dómkirkja, ef biskupsembætti verði stofnað á Austfjörðum.

Ég skal viðurkenna það fúslega, að ég er ekki vel inni í þessum kirkjumálum þessara hv. þm. En þegar þessi hv. klerkur, hv. þm., sem hér lauk máli sínu fyrir skömmu, talaði um það, að kirkjan á Skólavörðuholti, Hallgrímskirkja, væri ekki nógu stór fyrir alla Reykvíkinga og

líklega þá fyrir alla þjóðina, datt mér það í hug, hvort einhver þm. mundi standa upp á sínum tíma, ef Eimskipafélag Íslands t.d. þyrfti á því að halda einhvern tíma í framtíðinni að fá ríkisábyrgð fyrir nýju farþegaskipi og þeirra stærsta farþegaskip í dag tekur aðeins 214 farþega, en á milli landa fara nú árlega svona um 20 þús. manns, hvort þetta skip ætti þá að geta rúmað 20 þús. farþega, því að ég geri ráð fyrir því, að það mundi vera svona álíka með þessa ágætu kirkjubyggingu eins og það farþegaskip og farþega, sem færu með því, að þeir mundu fara kannske í mesta lagi einu sinni á ári, og ég satt að segja er ekki enn þá farinn að sjá ástæðu til þess, að slík bygging verði reist, sem hýsi alla Reykvíkinga í mesta lagi einn dag á ári. Ég sé margar aðrar þarfir fyrir hendi í byggingarmálum okkar Íslendinga og kannske sérstaklega okkar Reykvíkinga, áður en við förum að ganga út og inn á þá skoðun hv. þm. séra Gunnars Gíslasonar, að við þurfum endilega að hafa það stóra kirkju hér á landi, að hún hýsi alla Íslendinga, ef þeir vilja koma saman til að biðja til síns guðs.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 20. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 143, n. 145, 170, 171, 189, 194, 195, 199, 201, 202, 207, 208, 209).

ATKVGR.

Brtt. 171, 1—9 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 189, 1 felld með 31:28 atkv.
Brtt. 171, 10—19 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 202, I tekin aftur.
Brtt. 171, 20—21 samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 194, 1—3 samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 171, 22 samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 199, I felld með 31:21 atkv.
Brtt. 194,4 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 171, 23—24 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 199, II felld með 31:15 atkv.
Brtt. 171, 25—36 samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 201, I. 1 felld með 31:26 atkv.
Brtt. 171, 37 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 189, 2 felld með 31:28 atkv.
Brtt. 199, III felld með 31:28 atkv.
Brtt. 195, I felld með 31:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, HV, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG.

nei: GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, GeirH, PJ, PB, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BGr, BK, BBen, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, BF.

1 þm. (BGuðm) fjarstaddur.
Brtt. 171, 38—40 samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 202, II felld með 31:27 atkv.
Brtt. 171, 41 samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 195, II. 1 felld með 31:26 atkv.
Brtt. 171, 42. a samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 199, IV felld með 32:23 atkv.
Brtt. 171, 42. b samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 209 samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 207, II samþ. með 46:4 atkv.
Brtt. 207, I samþ. með 34:4 atkv.
Brtt. 171, 42. c—46 samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 194, 5 samþ. með 36:2 atkv.
Brtt. 171, 47—52 samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 201, I. 2 felld með 30:25 atkv.
Brtt. 171, 53 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 199, V felld með 31:28 atkv.
Brtt. 171, 54—55 samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 171, 56 samþ. með 31:24 atkv.
Brtt. 199, VI felld með 31:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK.

nei: MB, MÁM, GeirH, PJ, PB, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BGr, BK, BBen, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, BF.

1 þm. (BGuðm) fjarstaddur.
Brtt. 189, 3. a felld með 30:28 atkv.
Brtt. 189, 3. b felld með 30:27 atkv.
Brtt. 201, II felld með 30:27 atkv.
Brtt. 171, 57—65 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 208 felld með 45:7 atkv.
Brtt. 207, III felld með 41:11 atkv.
Brtt. 171, 66—68 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 189, 4 felld með 31:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK.

nei: MB, MÁM, GeirH, PJ, PB, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BGr, BK, BBen, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, BF.

1 þm. (BGuðm) fjarstaddur.
Brtt. 171, 69 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 189, 5 felld með 31:28 atkv.
Brtt. 171, 70 samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 201, III felld með 30:28 atkv.
Brtt. 194, 6 samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 189, 6 felld með 31:27 atkv.
Brtt. 171, 71—72 samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 189, 6. c—d felld með 31:28 atkv.
Brtt. 195, II. 2—III felld með 31:27 atkv.
Brtt. 171, 73—74 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 201, IV felld með 31:28 atkv.
Brtt. 171, 75—76 samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 195, IV. 1 samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 171, 77 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 199, VII. a—b samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 195, IV. 2. a—c samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 171, 78, svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 189, 7 felld með 31:28 atkv.
Brtt. 171. 79. a—b samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 195, IV. 3. a—b samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 170 tekin aftur.
Brtt. 171, 80 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 195, IV. 4 samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 195, V tekin aftur.
Brtt. 194, 7 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 171, 81 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 201, V felld með 31:28 atkv.
Brtt. 171, 82 samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 195, VI felld með 31:28 atkv.

Brtt. 171, 83 samþ. með 33:14 atkv.
Brtt. 171, 84 samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 201, VI. 1 felld með 31:28 atkv.
Brtt. 171, 85—91 samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 171, 92—97 samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 194, 8. a—c samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 171, 98 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 201, VI. 2—3 felld með 31:28 atkv.
Brtt. 171, 99 samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 189, 8. a felld með 31:28 atkv.
Brtt. 189, 8. b felld með 31:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ.

nei: BGr, BK, BBen, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MB, MÁM, GeirH, PJ, PB, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BF.

1 þm. (BGuðm) fjarstaddur.
Brtt. 171, 100 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 199, VIII. 1—3 felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EÁ, EystJ, GilsG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ.

nei: SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, JM, MB, MÁM, GeirH, PJ, PB, PS, SB.

EðS og GeirG greiddu ekki atkv.
1 þm. (BGuðm) fjarstaddur.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti: Það hljóta að vera nokkrir dagar síðan 1. liður þessarar till. var skrifaður. Nú fyrir tveimur eða þremur dögum varð samkomulag um það í Sexmannanefnd að taka fóðurbætishækkunina, sem varð vegna gengisbreytingarinnar, inn í verðlagið. Af því leiðir, að þessi 1. liður till. á alls ekki hér heima, og þar sem þeir eru allir bornir upp í einu, segi ég nei.

Brtt. 195, VII. 1—2 felld með 31:28 atkv.
Brtt. 194, 9. a—b samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 195, VIII samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 171, 101 tekin aftur.
Brtt. 171, 102—104 samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 195, IX felld með 39:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SP, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BJ, EðS, GeirG, GilsG, HV, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK.

nei: GeirH, ÓlJ, PJ, PB, PS, SB, SI, SkG, StG, SvG, SvJ, AuA, BGr, BK, BBen, BGuðbj, BP, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GíslG, GuðlG, GunnG, GÞG, HS, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, JÁH, JSk, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, BF.

PÞ, SE, SV, VH, ÁB, EÁ, EystJ greiddu ekki atkvæði.
1 þm. (BGuðm) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég er fylgjandi því, að Vestmannaeyjabúar fái stuðning ríkisins við sínar vatnsveitufram kvæmdir, en ég tel þessa aðferð, sem þarna er stungið upp á, ekki nothæfa, og segi því nei.

Björn Pálsson: Herra forseti. Þar sem það er tekið fram í þessari till., að 15% af heildarsölu áfengis, en þar getur líka verið átt við af magninu, eigi að fara saman við vatnið, virðist mér það vera óþarfa sóun á verðmætum, sem orðið getur mönnum til gleði, ef það er rétt notað.

Í öðru lagi tel ég dálítið hætt við því, að Vestmannaeyingar auki drykkjuskap sinn mjög, ef þeir eiga að fá 15% af andvirði þess, sem selt er, ef till. yrði skilin þannig, og það gæti orðið til tafar við fiskvinnslu og róðra í Vestmannaeyjum, og þar sem bæði ég og aðrir hafa greitt atkv. með nógu mörgum misvitrum till. hér, vil ég ekki bæta þessari við, og segi því nei.

Brtt. 201, VII felld með 31:28 atkv.
Brtt. 202, III felld með 31:28 atkv.
Brtt. 202, IV felld með 31:26 atkv.
Brtt. 202, V tekin aftur.
Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 211).

16. Innheimta gjalda með viðauka.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er um framlengingu ýmissa gjalda með viðauka. Hér er um að ræða gjöld, sem um langt árabil hafa verið framlengd ár frá ári og ekki um neinar breytingar að ræða frá þeim gjöldum, eins og þau eru samkv. núgildandi l. Sé ég því ekki ástæðu til þess að gera frv. frekar að umræðuefni, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 29 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 133).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar, og eins og fram kemur á þskj. 133, mælir n. með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Þegar frv. var til athugunar í fjhn., hafði borizt erindi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna þess efnis, að það ákvæði frv., sem heimilar ríkisstj. að innheimta með 140% viðauka stimpilgjald á fiskiskipum verði fellt niður. Það hefur ítrekað verið beðið um, að þetta verði athugað, og mun það verða gert nú milli 2. og 3. umræðu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 4, 141).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. þessa máls, hafði borizt erindi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna varðandi lækkun á stimpilgjöldum fiskiskipa. Ég gat þess jafnframt, að það yrði athugað örlítið á milli 2. og 3. umr. Niðurstaðan hefur orðið sú, að ég hef flutt hér þá brtt. við 1. gr. frv., að í stað þess, að þar stendur „með 140% viðaukastimpilgjaldi" komi „með allt að 140% viðaukastimpilgjaldi", þannig að kleift yrði að taka til greina þær óskir, sem hér hafa fram komið frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, ef rétt þætti, í sambandi við ákvörðun á þeirri heimild, sem ríkisstj. yrði falin með samþykkt þessa frv.

Meiri hluti n. stendur að og er samþykkur þessari brtt., enda þótt ég flytji hana einn, en sumir nm. mundu vilja ganga enn lengra og hafa þetta með öðrum hætti, en fella sig við þessa brtt.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Við 2. umr. um frv. þetta hér í d. lá fyrir nál. frá fjhn., þar sem allir nm., 7 að tölu, mæltu með því, að frv. yrði samþ. óbreytt. Svo gerðist það nú, að formaður n., hv. 1. þm. Reykn., ber hér fram brtt., og hann talaði um það við 2. umr., að það mundi verða athugað milli 2. og 3. umr. að gera einhverjar breytingar á frv. Ég bjóst þess vegna við því, að hann mundi taka það mál upp í fjhn., sem búin var að afgreiða málið frá sér, ef hann vildi nú, þrátt fyrir það, að hann er búinn að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, gera einhverjar breytingar á því. En þetta hefur hann ekki gert.

Hv. þm. segir, að það hafi komið óskir um það, að mér skilst frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, að ekki verði lögð svona há aukagjöld á stimpilgjöld, sem menn þurfa að greiða lögum samkv., þegar um er að ræða kaup og sölu á skipum. Skilst mér því, að það sé meiningin með þessari breytingu að setja það í lög, að heimilt sé að slaka á þessu í þeim tilfellum. En þá tel ég, að það hefði átt að ganga hreint til verks og láta Alþ. ákveða það, hvort eitthvert álag eða hve mikið ætti að koma á þessi gjöld, þegar um slík viðskipti er að ræða, en hitt tel ég ófæra leið, að samþykkja þessa brtt., ef hana ber að skilja þannig, að hæstv. fjmrh. hafi það á valdi sínu hverju sinni að meta, hve hátt álag á þessi gjöld eigi að reikna hjá hverjum aðila, sem hefur einhver viðskipti, sem eru stimpilgjaldsskyld. Þetta tel ég ótækt, ef ber að skilja þetta þannig.

Ég hefði nú viljað fara fram á það við hv. 1. þm. Reykn., formann fjhn., að hann fengi þessu máli frestað. Hann er búinn að boða fund í fjhn. kl. 11 á morgun, og þá væri hægt að ræða nánar um þetta. En fáist hann ekki til þess, legg ég eindregið á móti því, að þessi brtt. verði samþ. eins og hún er hér formuð. Ég tel það mjög óeðlilegt að veita ráðh. vald til þess að ákveða álög á þessi gjöld hverju sinni eftir eigin geðþótta.

ATKVGR.
Brtt. 141 samþ. með 19:5 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., 14. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 146).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er þess efnis að heimila ríkisstj. á árinu 1968 að innheimta ýmis gjöld með viðauka, fyrst og fremst stimpilgjald og leyfisbréfagjöld með allt að 140% viðauka, og gjald af innlendum tollvörum með 50—740% álagi. Þetta frv. er samhljóða heimildum, sem ríkisstj. hafa verið veittar um langt árabil, og sé ég ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um það að öðru leyti en því, að það er þörf á að innheimta þessi gjöld á sama hátt á næsta ári.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn. og vil biðja n. að reyna að hraða störfum sínum, þannig að afgreiðslu frv. geti orðið lokið fyrir jólaleyfi, því að það þarf að hafa tekið gildi fyrir áramót.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 146, n. 216).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Efni þess frv., sem hér liggur fyrir, er það að framlengja heimild til handa hæstv. ríkisstj. til þess að innheimta tiltekin gjöld með viðauka. En slík heimild hefur nú um alllangt skeið verið framlengd frá ári til árs með sérstökum lögum og hefur yfirleitt ekki verið ágreiningur um það hér á hv. Alþingi á undanförnum árum. Af einhverjum ástæðum, sem mér eru ókunnar, þar sem ég var fjarverandi frá þingsetu nokkrar vikur fyrir s.l. jól, hefur málið ekki náð afgreiðslu fyrir áramót, en vonandi kemur það ekki að sök. Eins og nál. á þskj. 216 ber með sér, mælir n. með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt, en einn nm., hv. 5. landsk. þm., hefur þó skrifað undir nál. með fyrirvara, sem ég vænti, að hann geri grein fyrir. Enn fremur var hv. 4. þm. Norðurl. e. fjarstaddur, þegar nál. var afgreitt.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir þetta frv. með fyrirvara, vegna þess að í því felast ákvæði, sem mér er kunnugt um að koma illa við sölu á fiskiskipum. Það hefur reyndar tíðkazt á Alþingi mörg undanfarin ár, að stundaðar hafa verið hér einfaldar handa-

uppréttingar, ef svo mætti segja, þótt útgjöld hefðu í för með sér gagnvart framleiðslunni.

Á s.l. ári fóru fram viðræður fulltrúa ríkisstjórnarinnar og fulltrúa LÍÚ í sambandi við erfiðleika útvegsins. Á þeim fundum var m. a. fjallað um þann kostnaðarauka, sem kemur fram í rekstri fiskiskipa, þegar eigendaskipti verða að skipunum. Fulltrúar útvegsmanna bentu á, að það væri reginmunur á eðli fasteigna og fiskiskipa, aðallega að þrennu leyti:

1) Skip gengju í miklu ríkari mæli kaupum og sölum en fasteignir.

2) Varanleiki fasteigna væri margfalt meiri en fiskiskipa.

3) Veðhæfni fasteigna væri miklu meiri en fiskiskipanna af mörgum ástæðum. T. d. væri engan veginn víst, að verð skips hækkaði með vaxandi dýrtíð, eins og fasteignir gera yfirleitt.

Loks var á það bent, að óvíst væri, að ríkissjóður mundi nokkuð skaðast að ráði á því, þótt gjald þetta, sem er 1%, yrði ekki innheimt með 140% viðauka, þar sem æðimikil brögð mundu vera að því, að menn drægju lýsingu afsala fyrir fiskiskipum vegna kostnaðar við hana, og þekktust dæmi þess, að fiskibátar gengju á milli fleiri en tveggja eigenda, áður en þinglýst væri. Þetta æti sér einmitt stað vegna hinna tíðu eigendaskipta að skipum, en þau hafa verið mjög tíð undanfarin ár, einkum minni fiskiskipa, vegna lélegrar afkomu á þorskveiðum.

Rétt er að leggja áherzlu á, að stimpilgjöld af afsölum fyrir fasteignum eru nú, eða voru, miðuð við fimmfalt fasteignamat, sem er ávallt mun lægra en raunverulegt söluverð. Einnig er rétt að leggja mikla áherzlu á þau vandræði, sem kaupendur og seljendur skipa komust í vegna hins háa stimpilgjalds, sömuleiðis viðskiptabankar viðkomandi aðila, Fiskveiðasjóður Íslands, hin ýmsu bæjarfógeta- og sýslumannsembætti úti um land og síðast en ekki síst skipaskráning ríkisins. Hins vegar mun ég ekki greiða atkvæði á móti þessu frv., en í trausti þess, að viðræður hafi átt sér stað við ráðuneytisstjóra fjmrn. og hæstv. fjmrh. um breytta skipan á stimpilgjöldum og þinglýsingarkostnaði eða a. m. k. framkvæmd þeirra mála varðandi fiskiskip, mun ég sitja hjá við atkvgr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. hefði nú kannske getað sparað sér þessa ræðu, sem ég hef ekkert út á að setja að öðru leyti, en ég vil aðeins upplýsa það hér, að rn. hefur þegar ákveðið að nota ekki þessa heimild varðandi hækkun stimpilgjalds, þegar um er að ræða sölu skráningarskyldra skipa.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed. s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 217).

---

17. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins (stjfrv. um bætur fyrir veiðarfæratjón).

Á 9. fundi í Ed., 30. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins [33. mál] (stjfrv., A. 33).

Á 10. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur af þskj., er frv. þetta flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 11. maí 1967, og eins og segir í aths. við frv., er alveg talið nauðsynlegt að bæta nokkuð það tjón, sem hafði orðið á veiðarfærum hjá útgerðarmönnum á s.l. vetrarvertíð, sem talin er ein með þeim allra erfiðustu vertíðum, sem um langt skeið hafa yfir þjóð vora dunið og margir hafa jafnað heila áratugi aftur í tímann. Þegar kom að því að gera upp við sjómenn á s.l. vori, var ljóst, að vegna hinnar slæmu útkomu á vertíðinni var það fjöldamörgum útgerðarmönnum um megn, og einn aðalliðurinn í þessu getuleysi útgerðarmanna var talið vera það mikla veiðarfæratjón, sem útgerðin hefði orðið fyrir á þeirri vetrarvertíð, sem þá var að ljúka.

Með því að þær 100 millj. kr., sem áætlaðar voru á yfirstandandi ári til verðbóta á ferskfisk, þóttu vera allríflega áætlaðar, þegar hliðsjón var höfð af aflaleysi, ákvað ríkisstj., að taka allt að 12,5 millj. kr. af þessari fjárupphæð til að bæta veiðarfæratjón í trausti þess, að Alþ. félli st á þær ráðstafanir með hliðsjón af því erfiða ástandi, sem hjá útgerðinni ríkti á þessum tíma. Og um það fjallar efni frv., eins og ég sagði, að staðfesta þau brbl., sem nauðsynlegt var talið að gefa út vegna þessara ráðstafana.

Ég hirði ekki um að rekja aðdraganda málsins, en hann var sá, eins og kunnugt er af blaðafréttum, að Landssamband ísl. útvegsmanna sneri sér til ríkisstj. og málalok urðu þau, eins og ég áðan sagði, að ákveðið var að verja allt að 12,5 millj. kr. til að bæta útgerðarmönnum veiðarfæratjón, sem þeir höfðu orðið fyrir á þessari mjög svo erfiðu vetrarvertíð.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 72).

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur komið saman og fjallað um frv. til l. um viðauka við l. nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Við afgreiðslu málsins lágu fyrir nánari upplýsingar um þörfina fyrir þessa 12,5 millj. kr.

fjárveitingu, sem veitt var að beiðni útvegsmanna til að bæta veiðarfæratjón vegna óveðurs, sem gekk yfir landið 17.—28. marz s.l. Við bréfi, sem LÍÚ sendi út, bárust svör frá 268 bátum, sem töldust hafa orðið fyrir mjög alvarlegu veiðarfæratjóni, og nam tjónið að mati LÍÚ allt að 30 millj. kr.

Það varð einnig niðurstaðan á síðustu vetrarvertíð, að aflabrestur var mikill, og varð heildarafli aðeins um 175 þús. tonn, sem var verulega minna heldur en ráð hafði verið fyrir gert. Það þótti því sanngjörn leið að leita til hæstv. ríkisstjórnar um aðstoð og var veitt umrædd fjárhæð, 12,5 millj. kr.

Nm. kynntu sér þessi gögn. N. var sammála um afgreiðslu frv. Allir nm. voru viðstaddir afgreiðslu málsins nema Ólafur Jóhannesson, og nál. liggur hér fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin, viðauka við lög nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Efni frv. er í stuttu máli það, að við l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins verði heimilað það viðbótarákvæði að greiða 12,5 milljónir kr. til útgerðarinnar vegna þess veiðarfæratjóns, sem hún varð fyrir á s.l. vertíð, sér í lagi á þorskanetaflotanum. Frumvarpið var einróma og athugasemdalaust afgreitt frá Ed., og vænti ég þess, að það hljóti skjóta og góða afgreiðslu hér í þessari hv. d.

Ég óska þess, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Nd., 1. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 33, n. 228).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á brbl. og fjallar um bætur til útvegsmanna vegna veiðarfæratjóns, sem varð í óveðri dagana 17.—28. marz 1967. Frv. hlaut einróma samþykkt í Ed., og sjútvn. þessarar hv. d. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Ég skal geta þess, að í sambandi við það tjón, sem hér um ræðir, komu fram skýrslur frá 268 bátum, sem gáfu upp tjón, er nam allt að 30 millj. kr. En aðstoð sú, sem veitt var samkv. brbl., nam 12,5 millj. kr. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en endurtek það, að sjútvn. þessarar hv. d. leggur einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 58. fundi í Nd., 6. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 59. fundi í Nd., 8. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 268).

---

18. Tollskrá o.fl. (stjfrv.).

Á 49. fundi í Ed., 5. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl. [121. mál] (stjfrv., A. 256).

Á 50. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þegar fjárlög voru til lokameðferðar í Alþ. fyrir jól, lýsti ég því yfir, að ríkisstj. hefði hug á því að nota það fé, er kynni að verða aflögu hjá ríkissjóði á árinu 1968, til þess að mæta afleiðingum gengisbreytingarinnar og létta áhrif þeirra fyrir almenning. Var þá jafnframt frá því skýrt, að það sem fyrst og fremst væri haft í huga í þessu sambandi væri tollalækkun á ýmsum nauðsynjavörum, er leitt gæti til þess, að verðlagshækkanir yrðu ekki eins miklar og ella hefði orðið. Það var gert ráð fyrir því, þegar þessi orð voru sögð, að ríkissjóður kynni að hafa á árinu 1968 200—250 millj. kr. til ráðstöfunar, sem var áætlaður greiðsluafgangur ríkissjóðs, miðað við þær útgjaldahorfur, sem voru við afgreiðslu fjárlaga.

Þegar var hafizt handa um undirbúning frv. til tollabreytingar á grundvelli þessarar fjárhæðar, og þegar Alþ. kom saman um miðjan jan. hafði verið undirbúið frv., sem fól í sér 270 milljón króna tekjulækkun hjá ríkissjóði, ef það frv. hefði verið samþ. á Alþingi. En það hafði mjög breytt um varðandi tekjuhorfur ríkissjóðs,

vegna þess, eins og hv. þdm. er kunnugt, að ljóst var, að gera yrði enn frekari ráðstafanir en gengisbreytinguna eina til þess að styrkja hag sjávarútvegsins. Hefur þetta leitt til þess, að framlagningu tollskrárbreytingar hefur seinkað, þar eð ekki var auðið að leggja frv. fyrir Alþ. fyrr en öll kurl voru til grafar komin varðandi styrki til sjávarútvegsins og gert hafði verið upp dæmið, þannig að sýnt yrði, með einhverjum hætti yrði auðið að standa straum af þeim tekjumissi, sem veruleg tollalækkun hefði í för með sér.

Það liggur nú fyrir að auka útgjöld ríkissjóðs á þessu ári vegna sjávarútvegsins. Þau munu nema um 320 millj. kr. Sé gert ráð fyrir, að það komi til frádráttar í fjárveitingu í fjárl. til Fiskveiðasjóðs, mundi engu að síður þurfa að afla rúmlega 290 millj. kr. til þess að ríkissjóður geti staðið straum af skuldbindingum, sem fyrirhugað er að leggja til, að á ríkið verði teknar í sambandi við aðstoð við bátaútveginn og frystihúsin.

Þar sem tekjuhorfur ríkissjóðs fyrir næsta ár bentu ekki til þess, að um gæti orðið að ræða nema um 250 millj. kr. tekjuafgang, er sjáanlegt, að það vantar 40—50 millj. kr. til þess að endar náist saman, enda þótt engin tollabreyting kæmi til, og er þá vert að hafa í huga, að miðað er við tekjuhorfur hjá ríkissjóði miðað við áætlun Efnahagsstofnunarinnar í nóvembermánuði, en síðan hafa horfur allverulega versnað, þannig að sýnt er, að tekjulíkur ríkissjóðs á næsta ári eða árinu í ár eru verri en gert hafði verið ráð fyrir. Það dæmi hefur þó ekki verið endurskoðað, og er þá gengið út frá því, að horfurnar séu svipaðar og þær voru þá. Þessi útkoma leiddi að sjálfsögðu til þess, að taka varð málið í heild til athugunar.

Það þótti mjög nauðsynlegt af eðlilegum ástæðum að koma við tollabreytingu, og af þeim sökum hefur ríkisstj. að því unnið nú síðustu vikurnar að íhuga úrræði til þess, að auðið væri að koma fram allvíðtækri tollalagabreytingu, enda þótt tekjuhorfur ríkissjóðs hafi breytzt svo mjög sem raun ber vitni um. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er niðurstaða þeirra athugana, og er hér lagt til, að samþykktar verði tollalækkanir, sem áætlað er að muni kosta ríkissjóð á yfirstandandi ári um 160 millj. kr., og er það um 110 millj. kr. lægri upphæð en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir í frv. því, sem undirbúið hafði verið í þingbyrjun.

Tollskrárnefnd, sem er föst n. á vegum fjmrn. og skipuð embættismönnum rn., er sérstaklega fara með tollamál, og ýmsum öðrum sérfræðingum í tollamálum frá öðrum stofnunum og ráðuneytum og enn fremur fulltrúum iðnaðar og verzlunar, hefur undirbúið þetta frv. Jafnframt tók fulltrúi frá ASÍ þátt í störfum n. og fulltrúi frá Stéttarsambandi bænda fékk einnig að fylgjast með undirbúningi málsins.

Í grg. frv. eru upp talin þau meginsjónarmið, sem fylgt hefur verið við samningu og undirbúning frv., en höfuðlínan, sem n. var gefin var sú, að það ætti að leggja áherzlu á að lækka tolla á nauðsynjavörum, sem gætu talizt veigamiklar, einkum í vísitölu. Hér er að sjálfsögðu ekki um neina blekkingu að ræða í því efni, vegna þess að miðað er þá við hina nýju vísitölu, sem ég hygg að sé nokkurn veginn samkomulag um að telja nokkuð öruggan mælikvarða á neyzluvenjur almennings nú um þessar mundir, eða að undanförnu, þannig að það ætti að vera nokkuð eðlileg niðurstaða, sem fæst út úr vísitölulækkun eftir þeirri leið, þar eð það séu fyrst og fremst þær vörur, sem taldar eru almennar neyzluvörur, sem hafi áhrif á vísitöluna til lækkunar. Meginsjónarmiðið var sem sagt það, að hér yrði fyrst og fremst leitazt við að lækka tolla á helztu nauðsynjavörum almennings. Þetta er nauðsynlegt að leggja áherzlu á, vegna þess að auðvitað geta ýmis önnur sjónarmið komið til greina í sambandi við breytingar á tollalöggjöf, en þetta var meginsjónarmiðið.

Það var ekki ætlunin með þessu frv. að leysa sérstaklega vandamál iðnaðarins á þann hátt að auka tollvernd iðnvarnings, enda hefur það ekki verið stefnan á undanförnum árum og getur í rauninni ekki orðið stefnan í tollamálum. Engu að síður er rétt að vekja athygli á því, að það er auðvitað um að ræða mjög mikla aukna vernd iðnaðarins í sambandi við gengisbreytinguna sjálfa, og er sú vernd um það bil samsvarandi gengsbreytingunni, eða frá 16—33%, en frv. dregur að sjálfsögðu nokkuð úr þessum verndarauka, talið í prósentum, þegar tollprósentur allar lækka. En því meginsjónarmiði var fylgt varðandi iðnaðinn við undirbúning frv., að tollaprósenturnar yrðu ekki látnar nálgast hvor aðra, þannig að ef um lækkun væri að ræða á fullunninni vöru, yrðu hráefni til viðkomandi iðngreina lækkuð um sömu prósentutölu. En þótt frv. kunni þannig nokkuð að draga úr verndinni, sem iðnaðurinn hefði fengið að óbreyttri tollalöggjöf, þá má reikna það á móti, að vitanlega leiðir lækkun tolla á hráefni til iðnaðarins til þess, að minni fjármagnsþörf verður hjá iðnfyrirtækjunum, og í því er að sjálfsögðu talin mikil hagræðing og bein aðstoð við iðnaðinn. Enn fremur er þess að geta, að sums staðar er beinlínis um aukna tollvernd að ræða í frv., fyrst og fremst í ýmsum greinum vefnaðariðnaðarins. Í sambandi við járnsmíðaiðnaðinn er lagt til að framkvæma verulegar lækkanir á ýmsum helztu hráefnum til þess iðnaðar. Það byggist á því, að járnvöruiðnaðurinn á við mikla erfiðleika að stríða og það kom enda sérstaklega fram ósk um það í tollanefndinni hjá fulltrúa Alþýðusambandsins eða launþegasamtakanna, að reynt yrði að lækka hráefni til járnvöruiðnaðarins, enda þótt hann féllist að sjálfsögðu á það sem eðlilegt sjónarmið, að brýn nauðsyn væri, almennt séð, að leggja áherzlu á lækkun neyzluvörutollanna. En járnvörurnar eru í rauninni sú eina undantekning, sem gerð er frá því meginsjónarmiði, sem ég áðan lýsti og frv. byggist á, að um sé að ræða eingöngu lækkun á helztu nauðsynjavörum almennings og þá að sjálfsögðu sambærilegar lækkanir á hráefnum til þeirra iðngreina, sem frv. tekur til, þannig að aðstaða þeirra verði ekki rýrð.

Ég skal þá víkja nokkrum orðum að því

helzta, sem í frv. felst, og skal leitast við að eyða ekki of löngum tíma í það, enda er í rauninni nægilegt í meginefnum og varðandi öll einstök atriði að vísa til mjög ýtarlegrar grg., sem frv. fylgir, og jafnframt að benda á það, að til hagræðingar fyrir hv. þm. hefur sú tollaprósenta, sem er í gildi núna, verið prentuð við hvert einasta tollskrárnúmer jafnframt þeirri tollprósentu, sem lagt er til að verði lögfest, þannig að mjög auðvelt er um samanburð. Eins og ég gat um, er gert ráð fyrir því, að frv. þetta, ef að lögum verður, hafi í för með sér um 160 millj. kr. tekjurýrnun fyrir ríkissjóð á þessu ári, og gert er ráð fyrir því, að vísitöluáhrif af þessum ráðstöfunum verði um 1,56%. Það er hins vegar fróðlegt að gera sér grein fyrir því, að fyrri till., sem fyrir lágu í sambandi við tollabreytingar, gerðu ráð fyrir sáralítið meiri lækkun vísitölu. Þær 110 millj., sem um var að ræða, leiddu aðeins til um 1.65% lækkunar á vísitölu, sem stafar af því, að þar var um að ræða vörutegundir, sem þótti af ýmsum ástæðum æskilegt að gera tollabreytingar á, en hafa engin afgerandi áhrif á vísitöluna.

Til þess aðeins að gefa nokkra mynd af því, hvaða áhrif frv. hefur í einstökum atriðum, skal ég nefna hér nokkra flokka. Meginbreytingin í frv. er í sambandi við ávexti og ýmsar matvörur, hreinlætisvörur til heimila, ýmis heimilistæki, sjónvarpstæki, útvarpstæki, prjónavélar, spunavélar og eitt og annað slíkt, en langstærsti liðurinn, sem er um %% þessarar breytingar, er fatnaður og þar af leiðandi alls konar tegundir vefnaðarvöru, hráefni til fatagerðar, dúkagerðar og annað þess konar. Til þess að nefna dæmi um þessar breytingar, má á það benda, að t.d. nýjar appelsínur og bananar lækka úr 40% í 15%, þurrkaðir ávextir úr 70% í 40%, niðursoðnir ávextir úr 100% í 50%, te úr 50% í 10%, snyrtivörur ýmiss konar úr 125% í 100%, en það er breyting, sem gerð hefur verið gegnumgangandi í frv., að lækka hæstu tolla úr 125% niður í 100% og eru snyrtivörur í þeim flokki og jafnframt gert ráð fyrir því í sérstakri heimild að ráðh. verði heimilað að lækka tolla á snyrtivörum enn þá meira, en það stafar af því, að hér er um vörur að ræða, sem eru taldar smyglvörur í allstórum stíl og þar af leiðandi æskilegt að lækka verulega tolla á þeim.

Hreinlætisvörur almennt til heimila lækka úr 110% í 80%, leður úr 40% í 20%, tilbúinn fatnaður úr 90% í 65% og ýmsar vörur úr vefnaði, tjöld, svefnpokar o. fl. úr 100% í 80%. Dúkar, aðrir en gólfteppi, lækka úr 50—65% í 40%, garn úr gerviþráðum úr 30%. í 10%, vélar og tæki til sútunar úr 25% í 10% og sjónvarpsviðtæki og útvarpsviðtæki úr 100% í 75%, boltar og rær úr 50% í 35% og plötustafir og prófílar, sem snerta járniðnaðinn, úr 15% í 5%. Þetta er til þess að gefa nokkra ábendingu um það, hvað hér er um að ræða.

Það hefur verið lögð áherzla á það að hagga ekki samræmi í tollskránni og af því leiðir, að það verða gerðar ýmsar breytingar, sem eru til samræmingar við önnur tollskrárnúmer, en falla ekki beint undir þau sjónarmið, sem ég hef verið að ræða um. Þá koma einnig önnur atriði til greina, sem vikið er að í grg. frv. og hafa varð hliðsjón af í sambandi við þetta mál. Í fyrsta lagi, eins og ég gat um, að til viðbótar hinum almennu neyzluvörutollum, sem eru lækkaðir, þurfti að lækka tolla á ýmsum hráefnum, en það hefur verið talið mjög æskilegt til þess að vinna gegn kaupum erlendis að geta lækkað t.d. toll á fatnaði, ekki ofan í 65%, heldur niður í 50%. En þá komum við að einu mjög miklu vandamáli, sem ég skal ekki fara langt út í hér, það yrði of langt mál, en sem stafar af því, að við erum með margar greinar iðnaðar í landinu og framleiðslu, sem einmitt falla undir fataiðnaðinn. Þar undir koma fyrst og fremst skulum við segja saumastofur, sem sauma úr innfluttum dúk eða fataefni. Þar fyrir neðan kemur innlend dúkagerð. Þar fyrir neðan kemur svo innlend garnframleiðsla, þannig að það kom á daginn, að það var engin leið að koma þessari tollalækkun, þó að við hefðum viljað, lengra niður en í 65% á innfluttum, tilbúnum fatnaði vegna hagsmuna þessara mörgu greina, sem við þessa framleiðslu eru riðnar hér innanlands. Og kemur í ljós þarna, að hér er um ærið mikið og flókið vandamál að ræða, þegar á að fara að breyta tollskránni.

Þá var, eins og ég áðan sagði, gert ráð fyrir að lækka hæstu tolla úr 125% í 100%, sem eru nú ærið háir tollar samt. Þá er nú lækkað á ýmsum vörum af tollgæzluástæðum. Það eru t.d., eins og ég gat um, snyrtivörur, dýrir málmar, ilmvötn og eitt og annað slíkt, sem er sáralítið flutt inn af. Það er ekki reiknað með neinni tekjurýrnun af þessum ástæðum, vegna þess að það er reiknað með því, að þetta skili sér í betri tollheimtu.

Þá er enn þess að gæta, að vegna aðildar okkar að GATT-samkomulaginu hefur orðið að gera vissar breytingar á tollskrá. Er þar um tvíþættar breytingar að ræða, annars vegar vissar tollabreytingar, sem leiða af viðræðum okkar innan GATT og samkomulagi við Breta og Bandaríkin, þar sem Íslendingum voru veittar vissar ívilnanir á frystum fiski í Bandaríkjunum og síldarlýsi í Bretlandi. Á móti varð að sjálfsögðu að bjóða vissar tollalækkanir, sem eiga að ganga í gildi á 5 ára bili að vísu, en það vill svo til, að ýmsar þær tollalækkanir falla innan ramma þeirra meginsjónarmiða, sem að var stefnt með tollabreytingunum almennt, þannig að það er talið æskilegt, að þær komi til framkvæmda strax. Sumar eru aftur á móti þess eðlis, að það er hægt að láta þær koma til framkvæmda með venjulegum hætti, og þá er sérstök heimild hér í frv. um, að tollana megi lækka í áföngum í samræmi við þetta samkomulag. Þá er loks í frv. lagt til, að binda megi tolla á allmörgum tollskrárnúmerum. Það er einnig í sambandi við GATT-samkomulagið, en til þess að gerast aðilar að stofnuninni eru aðildarríkin skuldbundin til að lækka ekki tolla á verulegum hluta sins innflutnings. Og þetta ákvæði er sett í sambandi við nauðsyn þess að afla heimildar í þá átt.

Loks er svo þess að geta, að það eru framkvæmdar ýmsar breytingar á tollskránni til samræmingar. Að lokum er svo um að ræða, að

leitað er heimilda til ýmissa aðgerða. Ég sé ekki ástæðu til þess að skýra þær heimildir. Þær eru mjög rækilega skýrðar í grg. frv., en ég vil þó aðeins taka fram, að þ. á m. er um heimild að ræða til að endurgreiða að hluta tolla af hráefni til fataframleiðslu, sem tollafgreitt er eftir 1. jan. 1968. Þetta er nauðsynlegt, vegna þess að það var óumflýjanlegt hjá ýmsum greinum fataiðnaðarins að fá leyst inn hráefni til fatagerðar og auðvitað ósanngjarnt að láta innleysa það með hinum háa tolli, sem að óbreyttri heimild eða l. um það efni hefði orðið að gera, og því er þessarar heimildar leitað.

Það væri ástæða til þess að ræða langtum meira um tollafrv. sjálft, en af því að ég tel mjög æskilegt, að það geti komizt nú til n. og ekki allt of langur tími til umráða, mun ég ekki rekja þær breytingar nánar, nema frekara tilefni gefist til hér í umr. En miðað við það, sem ég sagði í upphafi míns máls, að í rauninni væru horfnar alllar þær tekjur, sem ríkið hefði aflögu til að standa undir fyrirhuguðum tollabreytingum, er að sjálfsögðu eðlilegt, að sú spurning vakni hjá hv. þdm., hvernig sé þá ætlunin að mæta þeim auknu útgjöldum, sem hér er um að ræða, og það er eðlilegt, að ég geri í stórum dráttum grein fyrir því.

Aðalúrræðið, sem ríkisstj. hefur til þess að mæta tekjuþörf vegna þessa frv., er það, að leitað mun verða heimildar Alþingis til þess að draga úr útgjöldum ríkisins á þessu ári, sem nemur um 100 millj. kr. Ég mun á þessu stigi ekki gera frekari grein fyrir því á hvaða sviðum þetta er. Það mál hefur að sjálfsögðu verið kannað. En þessi ráðstöfum mun leiða til þess, að það verður vitanlega í flestum þessum greinum að leita heimildar Alþingis með einhverjum hætti til að draga þannig saman útgjöld ríkissjóðs. En það, sem fyrst og fremst hefur verið haft hér í huga að draga saman, eru ýmis rekstrarútgjöld ríkissjóðs. Að vísu kann *það nokkuð að grípa inn á fjárfestingarútgjöldin* einnig, en þó í miklu minna mæli. Í einstökum atriðum mun verða gerð grein fyrir þessu máli, þegar það kemur hér fyrir Alþ., sem verður eins fljótt og auðið er, en ýmsar þær aðgerðir eru með þeim hætti, að það tekur nokkurn tíma að undirbúa slíkt frv. En þar er sem sagt um að ræða í kringum 100 millj. kr., sem við hugsum okkur að ná með þessum hætti. Því, sem á vantar, hefur verið ætlunin að ná að verulegu leyti með því að hækkað hefur nú verið verð á áfengi og tóbaki um 10%, sem líklegt er að geti gefið um 50 millj. kr. Það lætur því mjög nærri, miðað við þetta frv., að séð sé fyrir tekjum til að mæta þeim lækkunum, sem af þessum breytingum leiða, en það er um leið rétt að leggja á það ríka áherzlu, að það eru engir möguleikar til þess að hafa þessa tollalækkun meiri, nema þá að gera sérstakar ráðstafanir til nýrrar tekjuöflunar. Þetta tel ég nauðsynlegt að taka fram, og sé um að ræða einhverjar breytingar, sem máli skipta, tel ég ekki auðið að framkvæma þær á þessu frv., nema því aðeins að annaðhvort sé séð fyrir nýjum tekjum um leið eða þá að dregið sé úr útgjöldum, sem af frv. leiða í öðrum greinum þess, en í því sambandi vil ég vekja á því sérstaka athygli, að samning nýs frv. er geysimikið vandaverk og það þarf að gæta margra atriða til þess að raska ekki samræmi og skapa vandræði, enda veit ég, að öllum hv. þm. er það vel ljóst, hversu flókið mál það er.

Ég hefði gjarnan viljað, að það hefði verið hægt að verja enn meira fé til tollabreytinga og að ekki hefði komið til þeirra nýju útgjalda, sem ríkið stendur andspænis. En um það þýðir ekki að fást. Ástandið er eins og það er og ekki er hægt að ganga lengra heldur en hér er lagt til. Það vantar enn tekjuöflun fyrir ríkissjóð auk þess, sem ég hef hér greint frá, vegna þess að það eru a.m.k. 50 millj. kr., sem út af standa enn vegna aðstoðarinnar við sjávarútveginn, og það er nú í athugun, með hverjum hætti það bil verður brúað og er einnig að vænta till. um það innan tíðar. En ríkisstj. hefur að sjálfsögðu gert sér grein fyrir, að þeim vanda þarf einnig að mæta.

Ég vil svo að lokum aðeins ítreka þá meginstefnu frv., sem frá upphafi var unnið út frá, og hún var sú, að tollalækkunin miðaði að lækkun neyzluvörutolla og að ekki væri ætlunin að stefna að aukinni tollvernd iðnaðarins, en hins vegar heldur ekki ætlunin að rýra tollvernd hans prósentulega, þannig að lækkanir skyldu gerðar á hráefnum í samræmi við þá lækkun, sem var gerð á fullunninni vöru. Ég legg jafnframt áherzlu á það, að gengisbreytingin sjálf hefur aukið mjög og bætt aðstöðu íslenzks iðnaðar með stóraukinni vernd.

Ég tel, að miðað við horfur í tollamálum og nauðsyn okkar að ná einhverri samstöðu við viðskiptabandalög, séu allar líkur til, að við þurfum að halda áfram breytingu á okkar tollalöggjöf, en ég tel, að það sé eðlilegt, að því meginsjónarmiði verði þar fylgt, sem áður hefur verið skýrt frá og markað, að þar verði um að ræða nauðsynlegan aðlögunartíma fyrir iðnaðinn og *tollabreytingar verði gerðar með nokkurra ára* áætlun. Og þetta er það, sem nú er að unnið. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, breytir í engu þeirri stefnu gagnvart iðnaðinum, og það er að sjálfsögðu sérstætt, vegna þess að það er miðað við það sérstaka ástand, sem hefur leitt af gengisbreytingunni, og hefur því ekki jafnframt verið hægt að taka til heildaryfirvegunar í því framtíðarstefnuna í tollamálunum, heldur er það mál, sem er umfangsmeira og þarf að gefa meiri gaum.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. fjhn. reyni að hraða þessu máli svo sem kostur er á. Vitanlega er ekki hægt að ætlast til annars en menn kynni sér í meginefnum, hvað hér er um að ræða. Það er eðlilegt og sjálfsagt og sanngirniskrafa. En því miður hefur þetta mál dregizt úr hömlu meira en æskilegt hefði verið. Það hefur valdið stórvandræðum varðandi eðlilega tollafgreiðslu vara og það væri því mjög æskilegt, að meðferð þess í þinginu gæti orðið á sem skemmstum tíma. Og ég vildi í því sambandi leyfa mér að óska eftir því, og hef farið fram á það við formann fjhn. Nd., að sú n. ynni með n. þessarar hv. d. að frumathugun málsins. Þeir embættismenn, sem að undirbún-

ingi málsins hafa unnið, eru að sjálfsögðu til ráðstöfunar varðandi allar upplýsingar og rn. mun vitanlega leggja alla áherzlu á að afla allra þeirra upplýsinga, sem hv. þm. kunna að óska í sambandi við meðferð málsins.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það liggur í augum uppi, að það er æskilegt, að afgreiðsla tollalagabreytingar í þinginu taki sem stytztan tíma. Það hefur lengi verið beðið eftir þessari margboðuðu tollalækkun, sem hér sér nú dagsins ljós. Sú bið hefur að sjálfsögðu valdið margvíslegum óþægindum og jafnvel vandræðum, eins og hæstv. fjmrh. vék að. Það er auðvitað æskilegt, að innflytjendur og aðrir fái sem fyrst örugga vitneskju um það, hvar þeir standa í þessum efnum. Þess vegna höfum við framsóknarmenn fallizt á að taka þetta frv. nú þegar til 1. umr., enda þótt því hafi nú fyrst verið útbýtt hér í dag. Og við munum stuðla að því, að það fái skjóta afgreiðslu eftir því, sem unnt er, en vitaskuld verður n. að fá nægilegt ráðrúm til að athuga það og fá nauðsynlegar upplýsingar, eins og líka hæstv. fjmrh. gerði ráð fyrir hér áðan. Í því sambandi verður vitaskuld að hafa það í huga, að stjórnarandstæðingar hafa ekki séð þetta frv. fyrr en í dag og að þeim hefur ekki verið veitt nein aðstaða til þess að fylgjast með undirbúningi þess. Hins vegar má efalaust gera ráð fyrir því, að stjórnarstuðningsþm. hafi fengið að kynna sér þetta frv. allrækilega að undanförnu. Þetta verður að taka með í reikninginn nú við afgreiðslu málsins.

Ég mun ekki á þessu stigi ræða um einstök efnisatriði þessa frv. Hins vegar tel ég rétt að rifja aðeins upp forsögu þess máls, sem hæstv. fjmrh. vék að vísu lítillega að, og jafnframt þykir mér rétt að víkja ofurlítið að því ástandi í efnahags- og atvinnumálum, sem nú blasir við, svo og að þeirri óheillaþróun, sem þar hefur átt sér stað upp á síðkastið.

Við fjárlagaumræður fyrir jólin lýsti hæstv. fjmrh. yfir, að tollar á neyzluvörum yrðu lækkaðir um 250 millj. kr. til þess að létta á mönnum byrðar, er af gengisfellingunni leiddu. Var gert ráð fyrir því, að frv. þess efnis yrði lagt fyrir Alþingi strax og það kæmi saman að þingfrestun lokinni eða um miðjan janúarmánuð. En þingfrestun var að þessu sinni skemmri en oft áður, einmitt vegna þess, að lofaðar tollalækkanir þóttu ekki mega dragast. En í sambandi við sjálfa gengisfellinguna var af stjórnarinnar hálfu talið, að ekki ynnist ráðrúm til að gera þær hliðarráðstafanir, sem venjulega hafa þó verið látnar fylgja gengislækkun og miðað hafa í þá átt að létta nokkuð þær byrðar, sem hver gengisfelling hlýtur að hafa í för með sér fyrir allan almenning. En því var einmitt lofað, að það mál skyldi tekið til athugunar, og fyrsta efndin á því heiti átti einmitt að vera hin lofaða lækkun tolla á neyzluvarningi. Þessi fyrirheit voru ekki aðeins rækilega auglýst hér innanlands, heldur hafa þau verið kynnt öðrum þjóðum, eins og hv. þm. geta gengið úr skugga um, ef þeir fletta því riti, sem lagt er á borðin hjá þeim, Nordisk Kontakt, þar sem einmitt er rækilega skýrt frá þessu fyrirheiti hæstv. fjmrh., að tollar muni verða lækkaðir um 230—250 millj. og þess megi vænta, að frv. þess efnis verði hið fyrsta frv., sem frá stjórnarinnar hálfu liti dagsins ljós eftir þingfrestun. Og það er áreiðanlegt, að í þessu riti birtist ekkert nema það, sem ríkisstj. er þóknanlegt. Það geta hv. þm. sannfært sig um, ef þeir nenna að fylgjast með því, sem þar stendur. En ég skal ekki fara lengra út í það að þessu sinni, nema tilefni gefist til. Þm. bjuggust við því, þegar þeir komu hingað að þingfrestun lokinni, að frv. þetta um tollalækkanir lægi hér á borðum, en sú von brást. Nú hefur að vísu hæstv. fjmrh. upplýst, að frv. hafi reyndar þegar verið samið og það hafi verið tilbúið og samkv. því frv. hefði verið gert ráð fyrir 270 millj. í lækkuðum tollum, en það hafi ekki þótt fært að leggja það þá fram. Það var mikill skaði, því að mikið ánægjulegra hefði verið að sjá það frv. heldur en þetta frv., sem hér liggur fyrir. En frv. sér sem sagt nú fyrst dagsins ljós.

Eins og þegar hefur verið tekið fram og reyndar kom fram hjá hæstv. fjmrh. í framsöguræðu hans er það augljóst mál, að þessi dráttur, sem orðið hefur á framlagningu frv. eftir að svo áveðin fyrirheit höfðu verið gefin um málið og svo ákveðnar ráðagerðir verið uppi um lækkun tolla, hefur valdið truflun á verzlun og viðskiptum með margvíslegar vörur. Þessar ráðagerðir hafa vitaskuld valdið því, að menn hafa ekki látið tollafgreiða þær vörur, sem vonir hafa staðið til, að tollar yrðu lækkaðir á, og af þeim sökum hefur orðið í sumum tilfellum a.m.k. skortur á nauðsynlegum vörum. En vörurnar hafa legið í tollafgreiðslu og krafizt geymslukostnaðar.

En nú er sem sagt þetta frv. loksins borið fram, en þá er það dálitið öðruvísi en lofað var og öðruvísi heldur en það frv. hefur verið samkv. sögn hæstv. fjmrh., sem á sínum tíma var búið að ganga frá. Tollalækkunin samkv. þessu frv. hefur sem sagt lækkað um nær 2/5 frá því, sem lofað var, þar sem tollalækkanir samkv. þessu frv. nema aðeins 159 millj. í stað 250, eins og lofað var. Af þessum 159 millj. eru þó strangt talað, skilst mér, aðeins 86 millj. tollalækkun á neyzluvörum. Þó að lækkun á hráefnum sé tekin með, sem er 49 millj., er þó aðeins um að ræða lækkun, sem nemur 135 millj. kr., sem telja má þá til efnda á því loforði að lækka tolla á neyzluvörum almennings og gera þar með léttbærari byrðarnar af gengislækkuninni. Það er nú hætt við, að það valdi nokkrum vonbrigðum, að tollalækkunin getur ekki að áliti fjmrh. orðið meiri en þetta frv. ber vitni um, því að það er ekki svo lítil breyting frá því, sem lofað var, að tollar á neyzluvarningi skyldu lækkaðir um einar 250 millj. En með þessu er þó vitaskuld ekki nema hálfsögð sagan. Aths. þessa frv. geyma heldur óþægilega játningu, sem hæstv. fjmrh. kom inn á í sinni framsöguræðu hér áðan. Í aths. með lagafrv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við afgreiðslu fjárlaga var því lýst yfir, að það fé, er ríkissjóður hefði til ráðstöfunar um-

fram fjárlagaútgjöld á árinu 1968, yrði notað til að létta almenningi kjaraskerðingu af völdum gengisbreytingarinnar og yrði í því sambandi fyrst og fremst stefnt að lækkun tolla. Frv. það, sem hér er lagt fram, hefur verið samið í beinu framhaldi af þessari ákvörðun. En síðustu vikurnar hafa lagzt stórfelldar nýjar kvaðir á ríkissjóð, svo að ekki er lengur um neinn tekjuafgang að ræða til að mæta tollalækkunum. Ríkisstj. telur hins vegar tollalækkanir svo mikilvægar, að hún telur engu að síður rétt að beita sér fyrir tollalækkunum þeim, er felast í frv. þessu, þótt gera þurfi sérstakar tekjuöflunarráðstafanir til að mæta þeim."

Þetta er mjög athyglisverð játning. Hér er það í fyrsta lagi játað, að því hafi verið heitið, að því fé, sem ríkissjóður hefði til ráðstöfunar að fjárlögum afgreiddum, skyldi varið til þess að létta almenningi kjaraskerðingu af völdum gengisbreytingar. Því var lýst yfir. Það fé var í raun og veru eftir það alls ekki frjálst til ráðstöfunar. Það var búið að binda það fé. Það var búið að binda það með hátíðlegri yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. Það átti að ganga til þessara ákveðnu hluta. Nú kemur hins vegar hæstvirtur fjmrh. og upplýsir það, að þessu sé bara nú þegar búið að ráðstafa, — að það sé búið nú þegar að éta upp eða gleypa allar þær tekjur, sem af gengisfellingunni leiddu fyrir ríkissjóð og leiddu til þess, að áætlað var, að verulegt fé yrði til ráðstöfunar umfram útgjöld samkvæmt fjárlögum. Alþingi hefur ekki ráðstafað þessu fé, ekki enn þá. Hér hefur því vissulega verið rofið það heit, sem gefið hafði verið af hálfu ríkisstj., að nota tiltekna fjárhæð í alveg tilteknu skyni, og sem má segja, að siðferðilega hafi verið alveg jafnskuldbindandi eins og þetta hefði verið bókstaflega samþ. í fjárl.

Það er sagt, að það sé ekkert fé lengur til, til þess að mæta tollalækkunum, og að gera þurfi sérstakar tekjuöflunarráðstafanir til þess að mæta þeim. Það er sem sagt ekki einu sinni fé fyrir hendi til þess að mæta þessum 159 millj., sem tollarnir nú eiga að lækka um. Þó að búið sé að draga frá um 100 millj., þá er sem sagt ekki fé til að mæta þessu, sem tollarnir eiga nú að lækka um, 159 millj. Það þarf að afla fjár til þess að geta staðið við fyrirheitið að þessu leyti til, og þegar menn sjá þetta frv. og sjá þennan boðskap í aths., að það þurfi að gera sérstakar tekjuöflunarráðstafanir til þess að mæta tollalækkunum, þá hljóta þeir að spyrja, hvar eigi að afla þessa fjár. Þeirri spurningu er ekki svarað í aths., sem frv. fylgja, en vitaskuld er þetta spurning, sem menn verða og þurfa að fá rækilega svarað, áður en þeir geta tekið efnislega afstöðu til þessa frv., því að auðvitað gætu þær tekjuöflunaraðferðir verið með þeim hætti, að hér væri um hreinan skripaleik að ræða, ef tollar væru að vísu lækkaðir um 159 millj. kr., en svo væri kannske aftur aflað 159 millj. kr. með meiri eða minni almennum álögum á almenning. Það verður auðvitað ekkert sagt um það, hvort það er nokkurt raunverulegt gagn að þessari ráðgerðu tollabreytingu, sem hér liggur fyrir, nema það sé þá um leið vitað, hvar á að fá það fé, sem á að mæta þessari tollalækkun.

Nú hefur hæstv. fjmrh. nokkuð bætt úr þessum vitneskjuskorti, gerði það í sinni framsöguræðu, en þó með upplýsingum í svo stórum dráttum, að það er náttúrlega erfitt að henda reiður á þeim, nema fyrir liggi miklu nánari upplýsingar um það efni. Hann segir, hæstv. fjmrh., að það muni verða reynt að mæta þessu með því að lækka útgjöld ríkisins um 100 millj. kr. Ég get mjög vel fallizt á þessa leið. Ég álít, að hæstv. ráðh. sé á réttri leið, þegar hann er farinn að ganga inn á sparnaðarveginn. En það skiptir samt höfuðmáli, á hvaða liðum þessi sparnaður er. Um það þarf að fá miklu rækilegri upplýsingar heldur en hæstv. fjmrh. gaf. Það er ekki nóg, þó að hann segði það með almennum orðum, að fyrst og fremst muni þessi sparnaður koma fram á ýmsum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs, en þó að vísu eitthvað á fjárfestingarútgjöldum. Það verða vitaskuld að liggja fyrir miklu nákvæmari upplýsingar um þetta, hve mikið á að spara á rekstrarútgjöldum, hve mikið á fjárfestingarútgjöldum, á hvaða rekstrarútgjöldum á að spara. Ég tel það ákaflega varhugavert spor, ef það væri meiningin t. d. að spara á þeim mjög svo takmörkuðu fjárveitingum, sem nú ganga til verklegra framkvæmda. En það er kannske í sambandi við sumar þær verklegu framkvæmdir hægt að tala að einhverju leyti um einhver rekstrarútgjöld, ég veit það ekki. En það þarf að fá upplýst. Og hvaða rekstrarútgjöld eru það, sem á að spara, á hvaða liðum eru þau?

Hæstv. fjmrh. sagði, að þetta væri vandasamt mál, flókið, og það væri ekki búið, að mér skildist, að gera sér fyllilega grein fyrir því, hvar ætti að spara þetta. Það má vera, að ég hafi misskilið hann að þessu leyti, og ég vona, að ég hafi gert það — það upplýsist allt nánar — því að vitaskuld er lítið vit í að gera svona samþykkt, nema það hafi alveg verið gert upp áður og sé vitað, hvar á að spara þau útgjöld, sem á móti þessu eiga að koma. Að því skal ég nú ekki eyða fleiri orðum. Ég geng út frá því, að hv. n. fái upplýsingar um þetta atriði. En auðvitað hefði það verið æskilegt, að jafnframt þessu frv. hefði komið fram frv. um þennan sparnað, að svo miklu leyti sem breytta löggjöf þarf til þess að draga úr þessum útgjöldum.

Þá á að taka 50 millj. með hækkun á verði áfengis og tóbaks. Þetta er líklega sú tekjuöflun, sem allir verða sammála um. Að vísu virðist þessi tekjuöflunarliður geta stangazt nokkuð á við þá stefnu, sem að öðru leyti gætir í þessu frv. Það hefur nefnilega leikið það orð á — og hafa reyndar orðið talsverð brögð að því að undanförnu, þótt öll hafi ekki heppnazt — að það væri smyglað talsverðu áfengi til landsins. En í þessu frv. er gert ráð fyrir því að lækka m.a. snyrtivörur og ýmsa skartgripi í tolli til þess að reyna að afstýra eða draga úr smygli. Ekki hef ég á móti þessari áfengishækkun, en miðað við þær röksemdir, sem að öðru leyti eru í þessu frv., má náttúrlega spyrja, hvort þessi hækkun hafi ekki í för með sér aukna hættu á smygli á áfengi og tóbaki.

En þá eru enn eftir 50 millj., segir hæstv. ráðh., sem vantar og einhvern veginn þarf að

afla, en hann var ekki viðbúinn því í sinni framsögu hér áðan að gera grein fyrir því, hvernig þeirra 50 millj. skyldi aflað, heldur lét hann nægja að segja, að í athugun væri, hvernig þetta bil, óneitanlega talsvert breiða bil, 50 millj. kr. bil, yrði brúað. Að sjálfsögðu verður hæstv. ráðh. krafinn sagna um það og upplýsinga í n., sem málið fær til meðferðar, hvernig eða hvar eigi að afla tekna til þess að mæta þeim 50 millj., því að auðvitað er það svo, eins og ég sagði áðan, að svo gæti þessu verið háttað, að þarna væri um hreinan skripaleik að ræða, þó að tollalækkanir nokkrar ættu sér stað, ef á móti þeim ætti að einhverju eða öllu leyti að afla tekna með auknum álögum á almenning, sem ég reyndar sé nú ekki, hvar ætti að taka, því að ég held, að flestir brunnar í því efni séu þurrausnir, þannig að það verði ekki auðfundnir neinir álagningarstofnar.

Ég skal ekki fara langt út í að rekja það ástand, sem nú blasir við í atvinnu- og efnahagsmálum, en vil aðeins minna á það, að segja má, að í raun og veru sé hér um hreinan harmleik að ræða, að það skuli vera komið eins og komið er í efnahagsmálum og atvinnumálum, svo skömmu eftir eitt samfelldasta góðæristímabil í sögu þessarar þjóðar. Auðvitað höfum við orðið fyrir miklu áfalli. Því neitar ekki nokkur lifandi maður. Það var ljóst, að við mundum verða fyrir einhverju áfalli strax síðari hluta árs 1966, þegar verðfall varð á þýðingarmiklum útflutningsafurðum. Og það verðfall hélt svo áfram á árinu 1967, og þegar svo þar við bættist, að vetrarvertíðin síðast var léleg, að minnsta kosti miðað við þær vertíðir, sem á undan höfðu farið, mátti öllum skynbærum og hugsandi mönnum, sem þekkingu hafa á þessum málum, vera það ljóst, að það var voði fyrir dyrum, ef ekki væru gerðar viðeigandi ráðstafanir í tæka tíð. Þannig hafði nefnilega verið á málum haldið áður, bæði vegna verðbólguþróunar og hóflausrar fjárfestingar. Þá hafði ekki heldur verið þannig búið að atvinnuvegunum, að þeir gætu á þessu tímabili safnað sér neinum sjóðum og búið sig undir lakari ár. Það var alveg auðsætt, að af þessum sökum hlaut að koma á landsmenn tilfinnanlegur skellur, ef ekki yrði snúizt við vandanum á réttan hátt og í tæka tíð. En hæstv. ríkisstjórn hafðist ekki að, heldur lét reka á reiðanum í þessu efni. Það stóð nefnilega þannig á, að kosningar voru fram undan, og það var ekki heppilegt, að allur sannleikurinn kæmi í ljós þá. Það var að vísu komið á svo kallaðri verðstöðvun. Sú ráðstöfun hefði í sjálfu sér getað verið virðingarverð tilraun, ef til hennar hefði verið stofnað með réttu hugarfari og grundvöllur atvinnuveganna lagaður svo sem þurft hefði, áður en til hennar kom. En það var ekki gert. Hagur atvinnuveganna þá var ekkert rannsakaður. Dýrtíðinni eða réttara sagt vísitölunni var haldið niðri með greiðslum úr ríkissjóði og verðbólguvextinum — hinum raunverulega — leynt þannig fram yfir kosningar.

Þrátt fyrir það gat ekki farið fram hjá ríkisstj., að verðstöðvunin var ekki raunveruleg og henni var auðvitað ljóst, að það hlyti að koma að skuldadögum. Þær staðreyndir, sem við blöstu, voru svo augljósar. En þrátt fyrir þessar augljósu staðreyndir, sem við blöstu, bar ríkisstj. og hennar stuðningsmenn það blákalt fram í kosningabaráttunni s.l. vor, að það væri allt í lagi í efnahagsmálum þjóðarinnar, að þjóðarbúskapurinn stæði á traustum grunni, að með verðstöðvun og gjaldeyrisvarasjóði væri tryggt, að tímabundnir erfiðleikar af völdum verðfalls og minnkandi afla hefðu ekki í för með sér nein varanleg eða veruleg efnahagsleg vandræði, aðeins ef þjóðin þekkti nú sinn vitjunartíma og veitti stjórnarflokkunum enn þá meirihluta á Alþingi. Það er auðvitað enginn, sem telur, að ríkisstj. hefði getað ráðið við verðlækkanir á erlendum mörkuðum og enginn heldur því fram, að stjórnarflokkarnir geti ráðið við það, hvort vel eða illa aflast eða hvort veðráttan er hagstæð eða óhagstæð. En það, sem ríkisstj. er ámælisverð fyrir í þessu sambandi, er að mínum dómi það að hafa ekki snúizt til varnar gegn þessum vanda, sem augljóst var, að mundi steðja að, í tæka tíð. Hún lét eins og ég áðan sagði, allt reka á reiðanum. Verðbólguvextinum var leynt með greiðslum úr ríkissjóði. Innflutningurinn var hóflaus eftir sem áður, gjaldeyrisvarasjóðurinn, sem átti að vera dýrmætur og getur vissulega verið það, var látinn ganga að verulegu leyti til þurrðar. En gegn þessu hefði mátt sporna, ef tiltækum ráðum hefði verið beitt í tæka tíð, ef menn hefðu viljað og þorað að segja sannleikann í þessum efnum fyrir kosningar.

En auðvitað hefur svo sannleikurinn komið í ljós eftir kosningar. Veruleikanum hefur ekki verið hægt að leyna, og það var svo komið á síðari hluta fyrra árs, að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar voru blátt áfram allir að sligast. Stöðvun sjávarútvegs og fiskvinnslustöðva blasti við um áramótin, og miða ég þá við ástandið eins og það blasti við, áður en til gengisfellingar kom. Það er alkunnugt, að í iðnaðinum hafði átt sér stað margvíslegur samdráttur og margar mikilvægar greinar hans voru nær að þrotum komnar eða sumar hverjar alveg komnar í þrot. Um ástandið í landbúnaðinum þarf ekki mikið að ræða. Það hefur nýlega nokkuð verið rætt í þessari hv. d., og ég þarf ekki að bæta við þær upplýsingar, sem þá komu fram t. d. varðandi skuldasöfnun bænda, bæði almennt og sérstaklega um lausaskuldasöfnun þeirra, sem gefur vitaskuld hugmynd um það, hvernig kjör þeirra og hagur hafi staðið eða standi nú. Og það er líka alkunnugt og um það eru til skýrslur, að bændur eru tekjulægsta stétt þjóðfélagsins og fá þó ekki, að því er þeir telja, þá leiðréttingu á kjörum sínum, sem þeir telja sig eiga heimtingu á lögum samkvæmt. Það var þannig alveg ljóst, að þegar Alþingi kom saman s.l. haust, var grundvöllur atvinnuveganna gersamlega brostinn. Þá lagði ríkisstj. fram sitt alþekkta efnahagsmálafrv., sem gerði raunverulega ráð fyrir 750 millj. kr. álögum á almenning, sem átti að taka á sig þá kjaraskerðingu bótalaust. Ekkert af þeirri fjárhæð átti þó að ganga til atvinnuveganna, þrátt fyrir það ástand, sem við blasti í þeim, heldur er henni aðeins ætlað að afstýra væntanlegum greiðsluhalla ríkissjóðs. Vandi atvinnuveganna

átti samkv. margendurteknum ummælum ríkisstj. að bíða þangað til eftir áramót, og ég hygg, að það megi finna ýmis ummæli þeirra frá þeim tíma, þar sem þeir létu það í ljós, að það væri ómögulegt að gera sér grein fyrir því á því stigi, á þeim tíma, hvers atvinnuvegirnir þyrftu með, og svo gæti jafnvel farið, að þeir þyrftu ekki á neinum stuðningi að halda eftir áramót.

Ég skal nú ekki rekja þessa sögu öllu lengur, því að hún er öllum hér í svo fersku minni, að þess gerist ekki þörf að rifja hana upp. Öllum er í fersku minni, hver örlög þessa frv. urðu. En þegar gengi pundsins var fellt, var hér í skyndi snúið við blaðinu og ákveðið, að hér skyldi gera gengisfellingu, ekki þá gengisfellingu, sem var í samræmi við breytingu á gengi pundsins og sem sjálfsagt hefði verið almennt talin óhjákvæmileg, heldur var þá talið rétt að hverfa að því ráði að athuga nú stöðu atvinnuveganna og miða gengislækkunina við það, hvers þeir þyrftu með, og því var ekki sá háttur á hafður hér um gengislækkunina sem viðgekkst víðast hvar annars staðar, að hún væri ákveðin svo til strax eftir fellingu pundsins, heldur var henni skotið á frest, bönkum lokað og um vikuskeið sátu ríkisstj. og hennar færustu menn á fundum og athuguðu málið og krufðu það til mergjar og felldu síðan sinn úrskurð um það, að gengi krónunnar þyrfti að lækka og skyldi lækka um nær 25% eða 24,6%, sem jafngildir um 33% hækkun á erlendum gjaldeyri, og það var látið fylgja með, að þessi gengislækkun væri nú undirbúin með heldur öðrum hætti en aðrar fyrri gengislækkanir. Þá hefði það oftast nær verið svo, að menn hefðu haft heldur ónóg gögn í höndum, þegar þeir þurftu að ákveða gengisfellingar. Nú hefði verið búið að safna upplýsingum og gögnum og allt væri þetta mákvæmlega kannað og útreiknað.

Það þarf nú ekki að rekja það, hvernig þessir útreikningar hafa staðizt. Um það segir m.a. þetta frv. sína sögu. En auðsætt var af ýmsu, að stjórnin taldi þetta nokkuð öruggt, sem um þetta var sagt. Atvinnuvegirnir mundu almennt sleppa með þá gengislækkun, sem ákveðin var. Ekki þyrfti framar þá að styrkja. Ríkissjóðurinn mundi hafa ríkulegar tekjur og um sinn mátti sjá, að menn voru hér með glaðara móti. Já, og það var meira að segja talið, að t.d. sjávarútvegurinn þyrfti ekki að fá að öllu leyti a.m.k. þann gengishagnað, sem yrði á vörum, sem útfluttar yrðu til áramóta. Það átti að taka frá þann hagnað. Honum átti að vísu að verja að verulegu leyti til hagsmuna og þarfa sjávarútvegsins — að vísu ekki beint til sjómannanna, en til sjávarútvegsins samt. Samt þótti nú sjávarútvegurinn það vel á vegi standa, að hann mundi geta séð af, ef ég man rétt, svona um 80 millj. til framtíðarinnar af þessum hagnaði, sem leggja skyldi í sérstakan verðjöfnunarsjóð. Menn voru bjartsýnir og það er alltaf gott að vera bjartsýnn. En það er þó líka gott að vera raunsær. Það kom á daginn, að þessi dæmi öll höfðu ekki verið rétt reiknuð, og ég skal ekki þreyta hv. þdm. á því að rekja þá raunasögu, sem hér hefur gerzt, bæði í sambandi við verðlagningu á sjávarafurðum og upphaf að úthaldi frystihúsa á þessum vetri, en í báðum tilfellum hefur ríkissjóður orðið að hlaupa undir bagga og gefið fyrirheit um það að verja 300—400 millj. kr. í því skyni að koma þessum atvinnugreinum af stað.

Hæstv. fjmrh. talaði um, að það mundu fara um 320 millj. í þessar bætur til sjávarútvegsins, ef ég man rétt, en þar með hygg ég, að hann hafi ekki talið þær uppbætur og fyrirgreiðslur, sem fara til togara. Ég hygg, að það sé algert einsdæmi — það er nú alveg áreiðanlega einsdæmi í sögu okkar Íslendinga og e.t.v. er það einsdæmi í heiminum — að gerð hafi verið jafn mikil gengisfelling og hér var gerð til þess að bjarga atvinnuvegunum og koma þeim á rekstrarhæfan grundvöll, en að einum mánuði eftir þá gengisbreytingu hafi svo orðið að greiða til þessara atvinnugreina, sem vissulega átti að bjarga og að nokkru leyti hefur verið bjargað með gengisfellingunni, 300—400 millj. kr. Ég hygg, að það sé algert einsdæmi. Og þetta er það, sem ég vil kalla raunverulegan harmleik, að það skuli vera þannig komið eftir öll þau góðu ár, sem að undanförnu hafa gengið yfir þessa þjóð, að rekstur framleiðslutækjanna sé í því standi, sem ég hef hér lítillega minnzt á og atburðir síðustu vikna hafa borið vitni um. Gengisfellingunni var ætlað að tryggja rekstur þessara framleiðslutækja.

Það er að sjálfsögðu vandi að ákveða það, hve gengisfelling skuli vera mikil, til þess að hún nægi atvinnuvegunum. Auðvitað höfum við stjórnarandstæðingar enga aðstöðu til þess að gera okkur grein fyrir því, hvort akkúrat þessi upphæð mundi duga eða ekki. Ég vil ekki heldur fullyrða neitt um það, að ef menn hefðu horfzt í augu við allan þennan vanda og séð hann fyrir, eins og hann raunverulega hefur sýnt sig á síðustu dögum, hefðu menn verið reiðubúnir til þess að gera þá gengisbreytingu, sem ein hefði dugað. En það, sem átti að gera, var að skoða allt málið og gera sér grein fyrir þessu og horfast í augu við sannleikann og síðan leita að þeim leiðum, sem færar þóttu til þess að ráða við þann vanda, en ekki grísa á þetta, eins og augljóst er, að gert hefur verið, enda þótt það væri gert undir því yfirskini, að þetta hefði allt verið rækilega kannað og þetta væri byggt á — ja, maður verður næstum því að segja vísindalegum niðurstöðum.

En reyndin var þessi, að frystihúsin treystust ekki af stað eftir áramótin og lokuðu og hafa nú fengið loforð um 200 millj. Frystihúsaeigendur hafa samþykkt, að frystihúsin mættu þá opna, en ég held, að það sé langt frá því, að öll kurl séu komin til grafar. Mér skilst, að frystihúsin hafi alls ekki samþykkt þetta sem reinar endanlegar ákvarðanir frá sinni hálfu, heldur hafi þau samþ. þetta sem grundvöll undir frekari viðræður við ríkisstj., og hver veit nema þau eigi eftir að fá einhverja viðbót í einhverri mynd og þá þarf að sjá fyrir tekjum til þess að mæta því, úr því að hag ríkissjóðs er nú svona komið, að ekkert er þar afgangs til þess að mæta þessum ráðgerðu tollalækkunum, 159 millj. Það er ekkert til þess að mæta þeim, og til þess að mæta þeim þarf að gera þessar ráðstafanir,

sem hér hefur verið gerð grein fyrir, að spara upp á 100 millj. og hækka áfengi og tóbak upp á 50 millj. Samt vantar 50 millj. til viðbótar. Ég hygg, að það sé líka mjög fátítt fyrirbæri, að þannig sé ástatt hjá ríkissjóði rétt eftir að stórfelld gengisfelling fer fram. Ég hygg, að reynslan hafi oftast nær verið sú, að gengisfelling hafi reynzt ríkissjóði tiltölulega ábatasöm ráðstöfun, þótt hún hafi bitnað þungt á ýmsum öðrum.

Ástandið, sem við blasir, er vissulega ekki glæsilegt, eins og sakir standa. Það væri mikil blekking að gera lítið úr þeim vanda. Sjávarútvegurinn og fiskvinnslustöðvarnar eru reknar með miklum fjárgreiðslum úr ríkissjóði og þetta gerist sem sagt að undangenginni stórfelldri gengislækkun, þetta gerist að undangengnum mörgum góðærum í röð, allt fram á árið 1966.

Um erfiðleika iðnaðarins þarf ekki að fjölyrða. Það er rétt, sem fram kom líka, að ég held, hjá hæstv. fjmrh., að sjálfsagt hefur gengisbreytingin rétt hag vissra iðngreina, þó að sú breyting muni samt ekki duga og hafi ekki dugað til þess að leiðrétta hag annarra iðngreina. Og í ýmsum iðngreinum er samdráttur, og það er stöðugt kvartað af hálfu iðnaðarins um vöntun á rekstrarfé og allt er það kunnugt.

Að ástandinu í landbúnaðinum vék ég hér áðan og skal ekki fjölyrða um það, en minni aðeins á þær umr., sem hér hafa farið fram, og sýnt hafa það, að mikil skuldasöfnun hefur átt sér stað hjá landbúnaðinum, og það er öllum kunnugt, sem þau mál þekkja, að talsvert miklum hluta bænda gengur mjög erfiðlega að standa í skilum. Og ég hygg, að þeir sjái alls ekki fram á, að þeir geti staðið í skilum með greiðslu afborgana og vaxta af þeim lánum, sem þeir hafa stofnað til, og auðvitað allra sízt, þegar bætist við hjá þeim sérstaklega erfitt árferði og svo náttúrlega þetta, sem líka hefur verið mikið rætt um og ég skal ekki hafa orð um hér, en aðrir hafa sýnt fram á og rætt mikið, einkanlega í hv. Nd., að verðlagsákvörðun á afurðum bænda hefur — ja, að þeirra dómi a.m.k. — verið algerlega ófullnægjandi á þessu ári.

Ástand atvinnuveganna er þess vegna alvarlegt. En þá er þó ótalið það, sem kannske er allra alvarlegast af þeim staðreyndum, sem nú blasa við, og það er það atvinnuleysi, sem hér hefur gert vart við sig að undanförnu. Allir þeir, sem kynnzt hafa atvinnuleysi og muna þau atvinnuleysisár, sem hér voru t.d. á árunum milli 1930 og 1940, vita það og skilja, að atvinnuleysi er sá mesti bölvaldur, sem við er að glíma. En nú er svo komið, að talið er, að um 2000 manns á öllu landinu séu atvinnulausir, víst nær 500 skráðir hér í Reykjavík, ég man ekki nákvæma tölu, en hitt er nú aftur annars staðar. Þetta hefur vakið athygli. Þetta er alvarlegt. Menn finna fyrir því og það er eftir því tekið, sérstaklega þegar þetta atvinnuleysi á sér stað hér í Reykjavík. Það er þó svo, sannast að segja, að í sumum landshlutum er það nú ekki alveg nýtt fyrirbæri, að vart verði við atvinnuleysi. Því miður hefur það verið þannig t.d. á Norðurlandi nokkur undanfarin ár, að atvinnuleysi hefur gert þar vart við sig mjög tilfinnanlega og mér og ýmsum öðrum, sem um þau mál hafa orðið að fjalla, hefur nú fundizt, að yfirvöld væru of skilningslítil á nauðsyn þess að bæta þar úr. En það er áreiðanlegt, að þegar jafnmikið kveður að atvinnuleysi og hér er, verður ekki fram hjá því gengið. Margir vona, að hér sé um tímabundið atvinnuleysi að einhverju leyti að ræða. Það er vonandi, að svo sé, en það er þó því miður ýmislegt, sem bendir til þess, að svo sé ekki. Það er betra að líta raunsætt á þetta mál og gera ráðstafanir í tæka tíð til þess að vinna bug á atvinnuleysinu.

Hæstv. forsrh. hefur látið það uppi, að einskis yrði látið ófreistað til þess að kveða atvinnuleysi niður, en ekki hef ég nú orðið enn þá var við neinar sérstakar ráðstafanir af ríkisstj. hálfu til þess að útrýma þessu atvinnuleysi.

Það er svo öllum alveg augljóst, hvað fram undan er varðandi verðbólguþróun. Það er alveg augljóst, að það skellur yfir á næstunni ný verðbólgualda. Gegn henni verður ekki staðið. Það er búið að leggja þannig grundvöllinn að henni, að það verður ekki komið í veg fyrir það. Það er alveg fráleitt, að það sé hægt að halda kaupi niðri. Það hljóta að verða kauphækkanir á næstunni. Hag almennings og launastétta er þannig komið. Það var í raun og veru eina hliðarráðstöfunin, sem látin var fylgja gengislækkuninni, þó að einkennilegt væri, að afnumin var verðtrygging launa. Það er auðvitað alveg óhugsandi, að sú ákvörðun standi til langframa. Það getur engin ríkisstj., og þá ekki þessi frekar en aðrar, haldið slíkri ákvörðun uppi á næstunni, eftir þær álögur og áföll, sem almenningur hefur orðið fyrir.

Það er, eins og ég áðan sagði, gott, að menn séu bjartsýnir á réttum tíma. En það er líka jafnnauðsynlegt, að menn séu raunsæir. Og ég verð að segja það, að ég held, að fram undan séu mjög geigvænlegir erfiðleikar, jafnvel kannske lítt yfirstíganlegir erfiðleikar á þessum mörgu sviðum og í þessum mörgu myndum, sem ég hef hér minnzt á. Og það er náttúrlega mjög alvarlegt í því sambandi, þegar ástandið verður svo alvarlegt, að ríkisstjórnin getur ekki staðið við gefin fyrirheit, eins og hér liggur fyrir. Og það er hætt við því, að ríkisstj. fái lítið ráðið við marga af þeim erfiðleikum, sem fram undan eru á næstunni. Henni hefur gengið það illa til þessa, og henni hefur gengið illa að skilja fólk. Henni hefur gengið sorglega illa að skilja fólk, nema talað væri við hana á sérstöku tungumáli. En þegar því hefur verið beitt, hefur hún látið undan síga. Það er leiðinlegt, að grípa þurfi til þess tungumáls. Það er leiðinlegt, að grípa þurfi til þess að láta skipaflotann sigla í höfn, til þess að fá leiðréttingu á kjörum sjómanna. Það er mjög alvarlegt, vil ég segja, frá þjóðfélagsins sjónarmiði, að frystihús skuli telja sig tilneydd að loka til þess að fá kröfum sínum framgengt. En það er eins og það sé svo, að þegar slíkum ráðstöfunum er beitt, þá sé fyrst talað við menn í fullri alvöru. Ég held, að það væri heppilegra fyrir ríkisstj. að tala við menn, áður en þeir grípa til slíkra ráða, og líta með sanngirni á mál manna, áður en þeir telja sig tilneydda að fara þannig í hálfgert

eða algert stríð við stjórnarvöldin í landinu. Það kann ekki góðri lukku að stýra, ef þannig er orðið ástatt í landinu, að svo að segja hver stéttin á fætur annarri stendur í hálfopinberu eða alopinberu stríði við sjálf stjórnarvöldin.

Ég skal nú láta máli mínu lokið. Ég vil þó enn óska eftir því, að hæstv. fjmrh. upplýsi nokkru nánar, í hverju sá sparnaður á að vera fólginn, sem á að mæta þessari tollalækkun að hluta til. Og ég ætla þá ekki að ræða það frekar, fyrr en ég fæ þær nánari upplýsingar. Þær upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf um frv. að öðru leyti, eru náttúrlega góðra gjalda verðar. Hann upplýsti það, að tollalækkun á neyzluvöruvarningnum mundi vera að 2/3 á fatnaðarvörur og hitt mundi vera hvers konar ávextir og matvörur. Um þetta er ekki nema gott eitt að segja. En út í einstaka liði og einstök atriði í þessu frv. mun ég ekki fara, enda er það nú þannig, að það er lítt fallið til þess að ræða það þannig, þar sem þetta er mjög sundurliðað og flókið. Ég vil þó endurtaka það, sem fram hefur reyndar komið í máli mínu áður, að ég tel nú ekki nema að nokkru leyti vera þarna um tollalækkun á neyzluvarningi að ræða. Það getur vel verið, að þær tollalækkanir, sem eru þar til viðbótar, séu rökstuddar og rökstyðjanlegar af öðrum ástæðum. En þær eru ekki til efnda á því fyrirheiti, sem ríkisstj. gaf á sínum tíma um það að létta byrðar almennings. Auðvitað væri hægt að hugsa sér ýmsar aðrar leiðir og aðra stefnu í þessum tollamálum heldur en hér er mörkuð. Hér er stefnt að lækkun alls staðar og lækkaðir tollar á tollhæstu vörunum, að mér skilst úr 125% niður í 100%. Þetta verð ég að setja spurningarmerki við, hvort þarna er um rétta stefnu að ræðu. Frá mínum bæjardyrum séð gæti hitt miklu frekar komið til athugunar að mismuna meir í tolli heldur en gert hefur verið, láta þær vörur, sem stundum eru ónákvæmt kallaðar lúxusvörur, eða við skulum segja miður sjaldgæfar vörur, vera í tollháum flokkum, láta þá, sem efni hafa á því að veita sér slíkar vörur, borga háa tolla, en aftur lækka þá þeim mun meir tolla á neyzluvarningi og nauðsynjavörum. Þetta held ég, að gæti komið til greina.

Ég verð nú að segja, að ég staldra við 4. liðinn hér í hinum almennu aths. með þessu frv., þar sem segir: „Tollalækkanir á ýmsum vörum, sem tíðkazt hefur að ferðamenn, farmenn og flugáhafnir kaupi erlendis og flytji til landsins án tollgreiðslna, svo og vörur, sem ætla má, að brögð séu að smygli á.“

Frá mínu sjónarmiði séð er það ekki alveg geðfelld hugsun að þurfa að láta undan smygli á þennan hátt, að ætla að fara að lækka tollana og reyna með þeim hætti að keppa við smyglarana. Það er ekki sú æskilega löggæzluaðferð, sem þörf er á. Náttúrlega gæti svona aðferð þá einnig verið beitt á öðrum sviðum. Það væri stundum hægt að koma í veg fyrir lögbrot með því að afnema refsiákvæðið, sem við liggur, að gera það frjálst, sem áður var bannað, bara af því að það er svo erfitt að eiga við þetta, hafa hendur í hári þess. En þetta er nú ekki kannske stórfellt atriði og ég skal nú ekki eyða orðum að því frekar. Þetta er eitt þeirra atriða, sem vitaskuld verður fjallað um í n. og þeir skoða þar.

Þá er það þetta með snyrtivörurnar. Ég er satt að segja ekki mjög fróður í búðum hér í Reykjavík. En það verð ég þó að segja, að allmargar snyrtivörubúðir virðast mér vera hér í bæ, ekki sízt við aðalumferðaræðar bæjarins. Og það sýnist, að þær geti þrifizt með einhverjum hætti, svo að ekki sé nú þörf á tollalækkun þeirra vegna á þessum snyrtivörum. Og það virðist svo, að verðlag á snyrtivörum sé heldur ekki það hátt, að enginn geti veitt sér þær, því að þessar snyrtivörubúðir virðast lifa sæmilegu lífi. Það, sem ég hef sem sagt viljað segja með þessu síðasta, er það, að ég vefengi, að frv. sé að öllu leyti byggt á þeirri heildarstefnu, sem það hefði átt að byggja á samkv. fyrirheiti hæstv. ríkisstj. um að lækka tolla á neyzluvörum almennings eða á vörum, þar sem létt gæti verið byrðum af gengislækkuninni. Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar að þessu sinni, herra forseti.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Við þessa 1. umr. frv. til breytingar á tollskrárlögum tek ég að sjálfsögðu ekki afstöðu til einstakra liða eða gr. frv., en í heildina tekið get ég lýst því yfir, að það er mér fagnaðarefni, og munum við Alþb.-menn styðja það að því leyti, sem það miðar að tollalækkunum á nauðsynjavörum, eins og frv. við fljóta yfirsýn ber með sér að til stendur að mestum hluta. En frv. sjálft, undirbúningur þess og vinnubrögð þau, sem uppi eru höfð í sambandi við það, gefa óneitanlega tilefni til þess, að málið sé skoðað á nokkuð víðara sviði, heldur en sjálft frv. gefur beinlínis tilefni til. Við minnumst þess, eins og hæstv. fjmrh. tók hér fram í sinni framsöguræðu, að við afgreiðslu fjárl. var í rauninni gefið fyrirheit um verulegar tollalækkanir á nauðsynjavörum, þar eð afgreiðsla fjárlagafrv. gaf tilefni til þess að meta það svo, að ríkissjóður væri með allmiklar umframtekjur, sem hægt væri að verja í því skyni að lækka tolla á nauðsynjum. Hæstv. fjmrh. nefndi í því sambandi nokkuð hlaupandi tölur, en inni í þeirri tölu, sem hann nefndi, var talan 250 millj. kr., sem ég hygg, að nokkuð almennt hafi verið reiknað með að hlyti að koma fram í því frv., sem boðað var, að ríkisstj. mundi leggja fram þegar að afloknu jólahléi Alþingis, en hefur nú dregizt fram á þennan dag.

Hæstv. ráðh. hefur nú hér í umr. upplýst það, að stjórnin hafi verið búin að láta semja frv. til tollalækkunar, sem gert hafi ráð fyrir því, að tekjur ríkissjóðs af tollum lækkuðu um 270 millj. kr. Því miður er það frv., sem hér liggur fyrir, allt saman minna og mjórra í endann heldur en hið eldra virðist hafa verið. Hér liggur sem sagt fyrir frv., sem gerir ráð fyrir 159 millj. kr. tollalækkun. Hér hafa líka komið fram skýringar á því, hvers vegna þessi tollalækkun hefur rýrnað svo frá því, sem fyrirhugað var, og það liggur í því samkv. upplýsingum ráðh., sem við drögum ekki í efa almennt hér alþm. að því er ég til þekki, að ríkisstj. hefur gefið fyrirheit um greiðslur úr ríkissjóði á þessu yfirstandandi ári

um 300—400 millj., 320 millj. held ég, að ég hafi tekið rétt eftir, að hæstv. forsrh. mat þetta hér í ræðu sinni. Þetta eru uppbótargreiðslur til úvegsins, báta og frystihúsa. Ég verð að gera nokkra aths. við það, að svo skuli vera háttað um hagi og stjórnarháttu okkar þjóðar, að ríkisstj. getur eins og getið þess í framhjáhlaupi hér á Alþingi, að hún hafi skuldbundið ríkissjóð fyrir 320 millj. kr. greiðslu á árinu, skömmu eftir að fjárlög hafa verið samþ. Alþm. hafa þarna hvergi komið nærri, ekki fjallað um málið á einn eða neinn hátt. Þessi tala er að því leyti ekki alveg ný, t. d. fyrir mér, að ég hef séð þessa tölu í blöðum. En fyrir Alþingi hefur hún ekki verið lögð og engin rök, sem Alþ. gæti metið fyrir því, hvort það væri eðlilegt, að ríkissjóður tæki á sig þessar greiðsluskuldbindingar.

Í öðru lagi er vert að minnast þess, að þessar greiðsluskuldbindingar koma rétt í kjölfar fjárlagaafgreiðslu hjá Alþ., og við þá fjárlagaafgreiðslu kom það mjög til tals og umr., að þær tölur, sem þar stóðu, væru allar saman útreiknaðar. Þær hefðu verið vegnar og metnar af sérfræðingum ríkisstj. í efnahagsmálum, af Efnahagsstofnuninni fyrst og fremst. Það hefur sífellt sótt meira og meira í það horf á hinum síðustu tímum, að Alþ. hefur verið látið hafa sem minnst afskipti af málunum. Fyrir það hafa verið lögð af mikilli skyndingu og til mjög hraðrar afgreiðslu margs konar mál, flókin og mikilvæg, og þær upplýsingar, sem Alþ. hefur fengið, eru nánast þær, að Efnahagsstofnunin eða sérfræðingar ríkisstj. telji þar vera á ferðinni hverju sinni þær einu sönnu og réttu tölur, sem ekki tjái að vefengja.

Ég vil alvarlega vara ríkisstj. Íslands við því sem föstum vinnubrögðum að gera hlut Alþ. þannig miklu minni heldur en ætlazt er til í stjórnarskrá landsins, að nota Alþ. svo að segja eingöngu sem stimplunarstofnun til þess að gefa útreikningum sínum eða sinna sérfræðinga lagagildi, án þess að Alþ. fái sjálft eðlilega aðstöðu til að vega og meta það, sem á ferðinni er hverju sinni. Því miður sýnist mér það einnig, að við afgreiðslu þessa frv. ætlist hæstv. ríkisstj. til þess, að þessi sami háttur, sem svo illa hefur gefizt að undanförnu, verði enn viðhafður. Þessar 320 millj. kr., sem ég hef hér aðeins minnzt á og ríkisstj. hefur skuldbundið ríkissjóð til þess að standa skil á til ákveðinna framleiðsluaðila, hvernig eru þær til komnar? Jú, sjálfsagt eru þær nú útreiknaðar af Efnahagsstofnuninni eða einhverjum sérfræðingum ríkisstj., en þær eru þó fyrst og fremst misreikningur þessara aðila frá því á s. l. hausti, að gengi íslenzkrar krónu var breytt. Það var gefið hér í skyn ósparst, þegar gengislækkunin var til umr. á Alþingi, að hún væri reist á traustum rannsóknum, sem framkvæmdar hefðu verið einmitt af þeim sérfræðingum, sem hér koma við sögu enn þá. Og að sú gengisfelling væri miðuð við það, að atvinnuvegir þjóðarinnar gætu haldið áfram snurðulaust. Því miður reyndist þetta ekki vera á rökum reist. Nú er það mannlegt, að mistök séu gerð, en það er jafn sjálfsagt, að þeir, sem mistökin gera, og þeir, sem ábyrgð bera á mistökunum, ég á hér við ríkisstj. Íslands og efnahagssérfræðinga hennar, læri eitthvað af sínum mistökum. Þeir hætti að misþyrma Alþ. með þeim hætti, sem gert hefur verið, að draga málin raunverulega úr höndum þess og láta afgreiða þau að öllu nema forminu til annars staðar.

Það var ekki einasta, að gengisfellingin væri ákveðin og útreiknuð af efnahagssérfræðingum ríkisstj. og hafði hennar samþykki, heldur kom hér líka alllangur og merkur lagabálkur um það, hvernig ætti að ráðstafa þeim gengishagnaði, sem myndaðist við gengisbreytinguna, og Alþingi varð að fara æði fljótt yfir sögu við afgreiðslu þess máls, enda þótt þar væri um að ræða nokkur hundruð milljónir kr., vegna þess að þinginu voru fengnar allar tölur og öll vizka, sem til niðurstaðnanna hafði leitt, upp í hendurnar frá hinum óyggjandi sérfræðingum, sem við vitum nú, að eru ekki eins óyggjandi og þeir hafa stundum verið álitnir.

Ég vil vekja athygli á því, að öll þessi vinnubrögð hafa leitt til þess, að ríkisstj. Íslands hefur nú komið fram algerri nýjung í efnahagsmálum. Sú nýjung liggur í því, að í sömu andránni og gengisbreyting er gerð, gengi íslenzkrar krónu lækkað verulega, er einnig komið á fót nýju uppbótakerfi, og það mun aldrei hafa gerzt í sögunni fyrr, að þetta tvennt gerist í sömu andránni. Ég segi „í sömu andránni“ vegna þess, að þótt liðinn sé milli þessara tveggja atburða kannske 1½ mánuður, hafa framleiðslutæki þjóðarinnar svo að segja ekki hreyft sig þennan tíma eða legið í dauðadái, lömuð. Þau hafa ekki framleitt til handa þjóðinni eitt eða neitt, að kallazt geti, fyrr en báðar ráðstafanirnar voru komnar í kring. Því leyfi ég mér að hafa þetta orðalag um þetta, að gengisbreytingin og nýja uppbótakerfið hafi verið sett á í sömu andránni. Að svo miklu leyti sem tími hefur liðið þarna á milli, hefur hann verið þjóðinni mjög dýr að því leyti, að hún hefur misst af framleiðslu, vegna þess að slík handvömm var á afgreiðslu efnahagsmála af stjórnarinnar hálfu.

Ef við lítum nú örlítið lengra aftur í tímann, til upphafs þeirrar stjórnar eða þess stjórnarsamstarfs, sem nú fer með völd í landinu, þá minnumst við þess, að stjórnin hafði að leiðarsteini, þegar hún hélt út á sína valdabraut, stefnu, sem hún kallaði viðreisn. Og þó að víða hafi nú verið komið við í því riti, sem stjórnin gaf út um ágæti sinnar stefnu, virðist mér þó, að þar hafi verið um þrjá hornsteina að ræða. Þeir voru í fyrsta lagi það, að afnema skyldi uppbætur og niðurgreiðslur, í öðru lagi, að krónan yrði að vera traustur gjaldmiðill og í þriðja lagi, að landsmenn yrðu að gera ráðstafanir til þess að vera sem mest óháðir afkomu sjávarútvegsins og annarra gamalgróinna atvinnuvega í landinu.

Í þessu augnamiði hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir. Það skal að vísu tekið fram, að uppbótakerfið var aldrei afnumið. Það var nokkuð dregið úr því, en afnumið var það ekki. Og ef litið er til hinna síðustu ráðstafana, verður ljóst, að sú stjórn, sem ætlaði að afnema það og setti sér það að marki m. a., hefur síður en svo gert það, heldur hefur hún þvert á móti aukið það svo, að nú mun það vera stærra fyrirferð-

ar en það hefur nokkru sinni verið fyrr. Traust krónunnar virðist ekki heldur vera eins mikið og æskilegt væri að það væri, því að á sínum ferli, sem nú er að komast á áttunda ár, hefur ríkisstj. formlega fellt gengi krónunnar ekki sjaldnar en þrisvar. Og því miður getum við ekki verið örugg um það, að það sé í traustara sessi nú en það var við upphaf stjórnartímabilsins. Stjórn, sem gefið hefur slík fyrirheit og síðan stjórnað á áttunda ár, lengst af við hina mestu árgæzku og raunar lengst af meiri árgæzku en dæmi eru til um í íslenzkri sögu fyrr á árum, og verður svo að standa frammi fyrir því í dag, að allir meginþættir stefnu hennar eru ruslatunnumatur og eiga ekkert raunhæft gildi í þjóðlífinu á Íslandi, hvað ætlar hún að gera? Væri ekki eðlilegt, að hún tæki saman nýjan pésa, hvort sem hann héti nú Viðreisn II eða eitthvað annað, og gæfi út handa þjóðinni og segði, hvernig ástandið er í þjóðmálum eftir þessa 7—8 ára stjórn hennar? Ég vil beina þeim orðum til stjórnarinnar að athuga þetta og hvort það sé ekki eins mikil þörf á því núna, að þjóðin fái að vita um það, hvernig raunverulegt ástand er, eins og það var við upphaf stjórnartímabilsins. Ég fyrir mitt leyti mæli með því, að þetta sé gert.

Herra forseti. Ég vil ekki eiga hlut að því, að afgreiðsla þessa máls sé tafin úr hófi fram. Og með því að ég er ekki reiðubúinn til þess að ræða hér einstaka liði þess, mun ég ekki hafa mál mitt lengra að þessu sinni. En ég vildi gjarna óska eftir því að fá að heyra álit hæstv. ráðh., sem hér hefur mælt fyrir frv., um það, hverjar eru fyrirætlanir ríkisstj. í framtíðinni. Ætlar hún að leggja sér til nýja stefnu? Eða ætlar hún að halda áfram gömlu stefnunni, þó að sýnt sé, að hún geti ekki gefizt þjóðinni öðruvísi en illa, enda þótt gæfa Íslands og landgæði, gæði hafsins eða gæði fiskimiðanna í kringum landið hafi raunar mátt sín svo mikils um skeið, að engin stjórnarstefna, hversu slæm sem hún hefði verið, hefði megnað að koma í veg fyrir góðæri, sem hér var um skeið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 256, n. 270 og 273, 271, 272).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hluta (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til meðferðar frv. það, sem hér liggur fyrir, en eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur hún ekki náð fullri samstöðu um meðferð málsins, þó ekki í þeim skilningi, að allir nm. eru sammála um stuðning við þetta frv. og n. flytur sameiginlega brtt. á þskj. 271, en þrír nm. hafa áskilið sér rétt til þess að flytja frekari brtt., sem ég að vísu hef nú ekki orðið var við, að fram væru komnar, en skila séráliti. Við fjórir, sem stöndum að meiri hl. nál. á þskj. 270, leggjum hins vegar til, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem n. flytur.

Er til viðbótar þessu vil ég aðeins geta um brtt., sem ég hef flutt á þskj. 272. Það er þannig tilkomið, að nokkur erindi bárust, eftir að n. hafði lokið störfum. Ég sendi þessi erindi til umsagnar þeim sérfræðingum, sem unnið hafa að undirbúningi málsins, og töldu þeir, að taka bæri tillit til nokkurra þeirra óska, sem þar komu fram. En þar sem það var þá á síðustu stundu að fá nál. og brtt. í prentun, ef hægt átti að vera að útbýta þeim í tæka tíð, var enginn möguleiki á því að kalla n. saman, né heldur að hafa símasamband við einstaka menn, svo að ég ákvað þá, í samráði við hæstv. fjmrh., að flytja þessar till. sjálfur, en tek það fram, að ég tel víst, að n. hefði öll fallizt á þessar brtt., ef kostur hefði verið á því að bera málið undir hana.

En áður en ég kema að því að ræða þetta frv. efnislega og gera grein fyrir þeim brtt., sem n. hefur flutt, svo og mínum brtt., vil ég af gefnu tilefni í ræðum þeim, sem fluttar voru af hálfu hv. stjórnarandstæðinga við 1. umr. málsins, víkja að aðdraganda þess, að frv. þetta er flutt og þeim tilgangi, sem því er ætlað að þjóna í sambandi við lausn hinna erfiðu vandamála, sen nú er við að etja í atvinnumálum okkar Íslendinga. Þeir tveir hv. stjórnarandstæðingar, sem töluðu við 1. umr. frv. hér í hv. d., þeir hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 6. þm. Sunnl., minntu á það með allmikilli áherzlu, einkum sá fyrrnefndi, að fyrir s.l. jól hefði verið gert ráð fyrir því, að meiri fjármunir mundu verða til ráðstöfunar í þeim tilgangi að lækka tollana og átöldu þá brigðmælgi, sem þeir töldu hafa átt sér stað af hálfu hæstv. ríkisstj. í þessu efni. Þeir töldu, að því hefði verið haldið fram þá af hálfu hæstv. ríkisstj., að ákvörðunin um gengisfellingu hefði verið tekin á grundvelli vísindalegra útreikninga á því, að hún mundi ein nægja til þess að skapa útflutningsframleiðslunni rekstrargrundvöll, þannig að ekki þyrfti að gera ráð fyrir neinum frekari kostnaði ríkissjóðs vegna útflutningsframleiðslunnar.

Nú var ég, eins og flestum hv. þdm. er kunnugt, fjarverandi frá þingsetu í nóv. og des. vegna starfa minna sem einn af fulltrúum Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna, þannig að ég hef aðeins að takmörkuðu leyti getað fylgzt með því, sem þá hefur verið sagt um þessi mál hér á hv. Alþingi. Ég veit þó vel, að út af fyrir sig er rétt með það farið hjá þessum hv. þm., að menn gerðu sér þá vonir um, að allmiklu meiri tekjuafgangur yrði til ráðstöfunar til tollalækkunar en raun varð á, þegar öll kurl komu til grafar varðandi aðstoðarþörf útflutningsframleiðslunnar. Má í rauninni taka dýpra í árinni varðandi þetta atriði, því að sá tekjuafgangur, sem gert hafði verið ráð fyrir að verja til tollalækkunar, reyndist enginn verða vegna nauðsynlegrar aukinnar aðstoðar við sjávarútveginn, eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. frv.

En það kemur mér hins vegar óneitanlega einkennilega fyrir sjónir, sem staðhæft er um þessa vísindalegu útreikninga um það, að gengisfellingin ein myndi nægja til þess að leysa þennan

vanda, sem þá steðjaði að. Ég man nefnilega ekki betur en að þegar verðlagsmálafrv. hæstv. ríkisstj., sem var lagt fram í okt. s. l., var til umr. hér á hv. Alþingi, hafi það hvað eftir annað verið tekið fram af hálfu hæstv. ráðh., þegar hv. stjórnarandstæðingar þá inntu eftir því, hvort ríkisstj. teldi frekari aðgerða en þeirra, sem fólust í frv., þörf í þágu útflutningsframleiðslunnar, og þá hverra, að endanleg niðurstaða þeirra athugana, sem Efnahagsstofnunin hafði þá með höndum á hag útvegsins og frystihúsanna, myndi ekki liggja fyrir fyrr en um áramót, þannig að þá fyrst væri hægt að segja til um það, hverrar aðstoðar væri þörf.

Sams konar orðaskipti munu raunar oftast hafa átt sér stað flest undanfarin ár, því að athuganir Efnahagsstofnunarinnar á hag útflutningsframleiðslunnar hafa jafnan miðazt við ákvörðun fiskverðs, sem tekin er hverju sinni um áramótin. Af þessu leiðir, að sérhverjar þær ákvarðanir, sem teknar voru kringum 20. nóv. varðandi gengisbreytingu, hlutu að verða háðar mikilli óvissu um það, hvort þær nægðu til þess að tryggja útflutningsframleiðslunni rekstrargrundvöll. Hér við bættist óvissa um afurðaverðið, en í des. fór, sem kunnugt er, fram samningagerð við Rússa um sölu á hraðfrystum fiski. Þegar ákvörðunin um gengisbreytinguna var tekin, var reiknað með því afurðaverði, sem þá var, miðað við þann gjaldeyri, sem ekki var felldur með pundinu, og var eðlilegt að gera það, eins og sakir stóðu þá, því verðbreytingar framtíðarinnar fær enginn séð fyrir. En sem kunnugt er, varð veruleg verðlækkun á þeim fiski, sem sala tókst á til Sovétríkjanna, og hér við bættist, að niðurstöður þær, sem Efnahagsstofnunin komst að, en hún hafði um áramót lokið athugunum sínum á afkomu útflutningsframleiðslunnar, reyndust óhagstæðari en búizt hafði verið við, og er þetta tvennt skýring á því, að ekki varð hjá því komizt að veita útflutningsframleiðslunni frekari stuðning en þann, sem í gengisbreytingunni fólst.

Vissulega er það æskilegast, að útflutningsframleiðslan geti staðið á eigin fótum, án opinberra styrkja og uppbóta, en annað mál er, að reynslan hefur sýnt það, að vegna þess hve afkoma einstakra greina útflutningsframleiðslunnar hér á landi er misjöfn, er erfitt að skrá nokkurt eitt gengi íslenzkrar krónu þannig, að það skapi allri útflutningsframleiðslunni rekstrargrundvöll.

Það var t. d. alveg rétt með það farið hjá hv. 6. þm. Sunnl., að þrátt fyrir hinar róttæku ráðstafanir, sem gerðar voru í efnahagsmálum í ársbyrjun 1960, hefur aldrei tekizt að afnema útflutningsuppbætur alveg. Um sama leyti og gengisbreytingarlögin voru fyrir Alþingi, var sett ný löggjöf um verðlagningu landbúnaðarafurða, byggð á víðtæku samkomulagi, sem þá hafði náðst milli fulltrúa bænda, neytenda og ríkisstj., en eitt af meginatriðum þess samkomulags var skuldbinding ríkissjóðs um það að greiða að vissu marki útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, er nauðsynlegt væri til þess að grundvallarverð næðist fyrir afurðir bænda. Ef talið hefði verið öruggt, að gengislækkunin tryggði það, að engra útflutningsuppbóta yrði framar þörf, hefði þetta ákvæði, sem bændur keyptu þá því verði að afsala sér öðrum mikilsverðum rétti, eins og hv. 1. þm. Vesturl. gerði nýlega grein fyrir, er umr. um landbúnaðarmál fóru fram hér í hv. d., hefði réttur inn til útflutningsuppbóta ekki verið þeim neins virði og ekkert slíkt samkomulag tekizt, enda er það missögn ein hjá hv. stjórnarandstöðu, að því hafi nokkru sinni verið lofað, að aldrei skyldi framar verða þörf útflutningsuppbóta, eins og sú síendurtekna missögn stjórnarandstöðunnar, að lofað hefði verið, þegar efnahagslöggjöfin 1960 var sett, að framvegis mundu engar verðhækkanir eiga sér stað umfram þær, sem beint leiddu af gengisbreytingunni.

Það hefði líka blátt áfram verið hlægilegt að lofa því, að allar útflutningsuppbætur skyldu framvegis verða felldar niður, jafnhliða því að verið var þó að semja löggjöf, sem byggðist í rauninni á því, að útflutningsbætur á tilteknar afurðir væru greiddar. En þótt hvorki hafi tekizt að komast hjá öllum útflutningsbótum né stöðva verðbólguna, sannar það að mínu áliti síður en svo, eins og hv. stjórnarandstæðingar vilja vera láta, að allur tilgangur þeirra ráðstafana í efnahagsmálum, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, hafi gersamlega farið út um þúfur.

Mér finnst lengstum hafa verið tilhneiging hjá hv. stjórnarandstöðu til þess að sniðganga það, sem að mínu áliti er þar meginkjarni málsins. En megintilgangur þessara ráðstafana var sá að taka upp nýja hagstjórnarháttu, ef svo mætti segja, ólíka þeim, sem áður voru notaðir. En fyrir viðreisnina, sem svo hefur verið nefnd og með réttu að mínu áliti, voru höftin og hinar pólitísku úthlutunarnefndir svo að segja einu hagstjórnartækin, sem notuð voru. Þá var ekki til Efnahagsstofnun, engar framkvæmdaáætlanir, enginn Seðlabanki, sem hagstjórn hafði með höndum og ekkert hagráð. Seðlabankinn var að vísu til, en hann var ekki notaður sem hagstjórnartæki, þó að til slíks væri að vísu heimild í lögum, heldur var hann nánast heildsölufyrirtæki, sem sá um dreifingu pappírspeninga frá enskri verksmiðju til hérlendra viðskiptabanka og ríkissjóðs, sem aftur sáu um dreifingu í smásölu. En með samræmdum aðgerðum í peningamálum, gengismálum og fjármálum ríkisins hefur svo verið reynt að tryggja slíkt jafnvægi í gjaldeyrisverzlun og öðrum viðskiptum, að þjóðfélagsborgararnir gætu ráðstafað þeim fjármunum, er hver hefði yfir að ráða, til neyzlu eða fjárfestingar skv. eigin vali og þyrftu ekki í því efni að vera háðir geðþótta úthlutunarnefndanna.

Auðvitað hafa þær ráðstafanir, sem gera hefur orðið til þess að slíkt frjálsræði yrði framkvæmanlegt, svo sem háir vextir, takmörkun útlána og sparnaður í rekstri ríkisins, haft sín óþægindi í för með sér, en þau óþægindi hafa, að dómi þeirra, sem stutt hafa stjórnarstefnuna, verið minni en þau, sem haftakerfinu fylgdu, auk þess sem hin nýja stefna skapar ólíkt betri skilyrði fyrir framförum en haftakerfið.

Fyrir síðustu kosningar var að vísu boðuð

hin svonefnda „þriðja leið“ af hálfu hv. framsóknarmanna, en hún átti að vera í því fólgin að losa fólk við allar hömlur í peningamálum og fjármálum, án þess þó að horfið yrði að höftunum að nýju. Ég verð nú að játa það, að ég hef aldrei getað skilið, í hverju þriðja leiðin væri fólgin, þannig að í rauninni sé aðeins um tvær leiðir að velja, haftakerfið eða þær hagstjórnaraðferðir, sem beitt hefur verið, síðan viðreisnin hófst. Ég veit ekki annað en sú sé hin almenna skoðun hagfræðinga. Og ekki alls fyrir löngu a. m. k. virtist svo sem margir í hópi þeirra, sem enn eru framámenn hv. Framsfl., hefðu sömu skoðun. Og þessu til sönnunar vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp stuttan kafla úr fjárlagaræðu, er hv. 1. þm. Austf. flutti haustið 1955. Þá sagði hann m. a:

„Ég vil að lokum minna á nokkur atriði, sem ég tel þýðingarmikil grundvallaratriði í þessum málum.

Ég held, að það skorti mikið á, að menn geri sér almennt grein fyrir því og það margir af þeim, sem mikið tala um frelsi og jafnvægi í atvinnurekstri, viðskiptum og framkvæmdum, hvað gera þarf, til þess að slíkt frelsi og jafnvægi geti staðið stundinni lengur. Ég held, að það skorti mjög skilning á því hér á landi enn þá, að jafnvægi í efnahagslífinu, frelsi í viðskiptum og framkvæmdum verður ekki viðhaldið stundinni lengur með því að hafa allar flóðgáttir opnar, alla enda lausa, ef svo mætti að orði komast. Frelsi í viðskiptum og framkvæmdum verður t.d. ekki til lengdar við haldið, nema tekið sé öruggum tökum á peningamálum og þau tök notuð til þess að styðja þetta frelsi, jafnvel þótt gera þurfi ýmsar ráðstafanir í því skyni, sem verða hlytu til þess, að allir fengju ekki öllu fram komið, sem þeir vildu helzt.

Það er vafalaust vonlítið að viðhalda jafnvægi, stöðugu verðlagi og frjálsum viðskiptum, ef rekstur ríkissjóðs er með greiðsluhalla eða bankarnir auka útlán sín umfram sparifjárinnlög og umfram það, sem framleiðslan eykst á móti. Og þegar efnahags- og atvinnulífið einkennist af miklum athöfnum, fullri atvinnu fyrir alla og jafnvel skorti á vinnuafli, þá er fyrst vonlítið, að jafnvægi eða frelsi haldist eða mögulegt sé að komast hjá stórfelldum höftum í mörgum greinum, ef ekki eru beinlínis gerðar ráðstafanir til þess að vega á móti ofþenslunni með því að draga úr útlánum að tiltölu við innlán eða með öðrum hliðstæðum ráðstöfunum af hendi bankanna eða með því að hafa stórfelldan greiðsluafgang hjá ríkinu, með nýjum álögum, ef þyrfti, sbr. ný dæmi frá Danmörku einmitt um þessi mál, — greiðsluafgang, sem lagður væri til hliðar sem aukinn sparnaður, en ekki notaður fyrr en aftur vottaði fyrir samdrætti í efnahags- og atvinnulífinu.

Það er grundvallarskilyrði frelsis í viðskiptum og framkvæmdum, að ríkisvaldið telji sér jafnskylt að koma í veg fyrir ofþenslu í efnahagskerfinu og hitt að fyrirbyggja kyrrstöðu og atvinnuleysi.

Það er tómt mál að tala um frelsi í viðskiptum og framkvæmdum, ef ekkert er gert til þess að þjóðin fái skilið, hvað gera þarf, hvað verður t. d. á sig að leggja eða neita sér um, til þess að frelsið geti staðizt. Það kemur sem sagt ævinlega upp úr kafinu, að það er allsendis óhugsandi, að hvergi sé neitt aðhald í efnahags- og atvinnulífinu. Það verður einhvers staðar að vera miðlandi afl, ef svo mætti segja. Ef ekki er gengið beint framan að með höftum og notað leyfakerfi, eins og stundum hefur verið gert, en mönnum líkar ekki vel og velflestir telja neyðarúrræði, þá verður þetta miðlandi afl að njóta sín í gegnum bankapólitík ríkisins til þess að vinna gegn jafnvægisleysi í þjóðarbúskapnum.

Hér ber nefnilega allt að sama brunni. Það er ekki meira til ráðstöfunar en aflast. Það er ekki hægt að gera allt í senn, ekki hægt að nota sama fé nema einu sinni. Þetta verða menn að þora að segja og þora að skilja, þora að viðurkenna í orði og verki, bæði þeir, sem stíga fram og bjóðast til þess að sjá fyrir málefnum landsins, ef menn vilja þá til þess kjósa, og ekkert síður allur almenningur í landinu.“

Nú hefur vissulega mikið vatn runnið til sjávar síðan þessi ræða var flutt fyrir 12 árum síðan, en mér er þó ekki kunnugt um annað en að flestallir hagfræðingar hafi í dag svipaðar skoðanir á þessum málum og hv. 1. þm. Austf. hafði þá. Ég sá þess að vísu getið í einu málgagna hv. stjórnarandstöðu nú fyrir helgina, Frjálsri þjóð, að ungur framsóknarmaður, að mér skilst, hafi nýlega gefið út bók um efnahagsmál, er hann nefnir „þriðju leiðina“. Vera má, að þar sé kollvarpað öllum þeim skoðunum, sem fyrrv. form. Framsfl. hélt fram í ræðu þeirri, er ég hef vitnað í, en meðan ég hef ekki lesið umræddа bók og sannfærzt af þeim lestri, mun ég aðhyllast þær skoðanir, sem hv. 1. þm. Austf. tókst að klæða í svo alþýðlegan búning í fjárlagaræðu þeirri, sem ég vitnaði í.

Annars kemur þetta atriði vafalaust að einhverju leyti til umr., þegar rædd verður þáltill. frá hæstv. ríkisstj., sem nú liggur fyrir, um aðild Íslands að GATT, og mun þar koma fram, hverja afstöðu hv. stjórnarandstaða hefur til haftanna, því ég fæ ekki séð, þó að vísu sé heimilað í þessum GATT-samningi að beita innflutningshöftum, hvernig þau myndu verða framkvæmanleg með þeim skilyrðum, sem þar eru sett, a. m. k. ef um víðtæk höft er að ræða. En spurningin um aðildina að GATT snertir líka það mál, sem hér er til umr., eins og fram kemur í grg. fyrir frv.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. viðurkenndi þá miklu erfiðleika, sem nú steðja að íslenzku atvinnulífi vegna verðfalls afurða og aflabrests, og tók fram, að auðvitað gæti enginn kennt hæstv. ríkisstj. um það. Hins vegar átaldi hann hæstv. ríkisstj. fyrir það að hafa ekki haft nægan viðbúnað til að mæta slíku. Mér skildist, að með þessu ætti hann við það, að láðst hefði að safna nægilegum varasjóðum í góðærinu til hinna mögru ára. Flestir munu út af fyrir sig vera sammála um það, að slíkt sé æskilegt, en það er hægara um slíkt að tala en framkvæma það. Það hefði e. t. v. verið hægt með skattaálögum og öðrum slíkum aðgerðum að halda kaupgetu í skefjum og hindra það, að almenningur fengi til ráðstöfunar í þeim mæli, sem raun hefur orðið á, þá aukn-

ingu þjóðarframleiðslunnar, sem hefur átt sér stað, en ekki hefði það orðið vinsælt. Og sízt af öllu tel ég líklegt, að hv. stjórnarandstaða hefði veitt slíkum aðgerðum stuðning.

En það er hægt að gera annað til þess að fyrirbyggja að sams konar sveiflur í þjóðartekjum eigi sér stað í framtíðinni og nú hafa átt sér stað. Það er hægt að vinna að því að renna fleiri stoðum undir íslenzkt atvinnulíf en nú er um að ræða, þannig að við verðum ekki í sama mæli og nú háðir sjávarafla og sveiflum á verðlagi sjávarafurða á heimsmarkaðnum.

Það má e. t. v. álasa hæstv. núv. ríkisstj. og öllum þeim, sem verið höfðu við völd á undanförnum árum, fyrir það að hafa ekki aðhafzt nóg í því efni, en meira hefur þó verið gert af hálfu hæstv. núv. ríkisstj. en nokkurrar annarrar til þess að koma á fót nýjum útflutningsatvinnugreinum, og á ég þar við stóriðjuframkvæmdirnar, sem hv. stjórnarandstaða barðist gegn með hnúum og hnefum, eins og kunnugt er. En meðan við erum ekki lengra komnir í þeim efnum en raun er á, verðum við ofurseldir því, að slíkar sveiflur eigi sér stað í þjóðartekjum sem nú hafa orðið. Því miður forðar því enginn mannlegur máttur, að almenningur verði fyrir kjaraskerðingu í einni eða annarri mynd. Ríkisvaldið og stéttasamtökin eru þar í einum báti að því leyti, að hvorugur aðilinn hefur yfir neinum þeim tækjum að ráða, sem forðað geti slíku. Það, sem þessir aðilar hins vegar geta haft áhrif á, er það, í hvaða myndum kjaraskerðingin verður. Undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, er ekki hægt að tryggja kaupmátt launa, a. m. k. hvað heildina snertir, með samningum um vísitölubundið kaup. Þegar rauntekjur þjóðarheildarinnar minnka, hljóta líka rauntekjur einstaklinganna að skerðast á einn eða annan hátt.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. lét í ljósi áhyggjur um það, að ný verðbólgualda væri framundan og hafði þar, að mér skildist, í huga kröfur þær, sem ASÍ og verkamannasambandið hafa gert um áframhaldandi vísitölubætur á laun. Kom þar glöggt fram, eftir því sem ég skildi það, að hann hefði litla trú á því, að slíkar kröfur, jafnvel þó fram næðu að ganga, leiddu til raunhæfra kjarabóta, heldur aðeins til aukinnar verðbólgu. Eins og ég raunar þegar hef sagt, er ég honum, því miður, að óbreyttum núverandi aðstæðum sammála um það, að kjaraskerðingu almennings verði ekki forðað, hvað sem svo kann að gerast á vinnumarkaðnum. Þó álít ég að vísu, að e. t. v. sé minni hætta á því en oft hefur verið á undanförnum þenslutímum, að kauphækkanir verði að engu gerðar, vegna þess að atvinnurekendur velti þeim af sér yfir í verðlagið. Hin almenna samdráttarhneigð í þjóðarbúskapnum, sem stafar af keðjuverkunum frá hinum minnkandi tekjum í útflutningsatvinnuvegunum, ætti að gera slíkt erfiðara en áður, jafnvel þótt verðlagsyfirvöldin heimiluðu slíkt.

En það er önnur hætta, sem steðjar að, einkum við núverandi aðstæður, og hún er sú, að hækkun kaupgjalds leiði til minni eftirspurnar eftir vinnuafli en ella og auki því atvinnuleysi. Ég er ekki viss um, að allur almenningur, þ. á m. forystumenn launþegasamtakanna, geri sér fyllilega ljós þau breyttu viðhorf, sem í þessu efni hafa skapazt.

Nú veit ég, að einhverjir segja, að ef atvinnuvegirnir séu þess ekki umkomnir að greiða það kaup, sem verkalýðurinn telur viðunandi, eigi ríkisvaldið að koma til skjalanna og brúa það bil, sem þarna er um að ræða. Því miður eru allar slíkar kröfur á hendur ríkisvaldinu þó mjög vanhugsaðar að mínu áliti. Til þess að brúa bilið þarf auðvitað fjármuni, og þeir verða ekki sóttir annað en í vasa borgaranna, en allir þeir, sem aflögufærir eru, eru annaðhvort atvinnurekendur eða launþegar. Það er engum þriðja aðila til að dreifa, sem fær sé um að taka á sig neinar byrðar. Ef peningarnir eru sóttir til atvinnurekenda, gætu þeir auðvitað alveg eins tekið byrðarnar á sig í mynd hærri kaupgreiðslu, en séu skattarnir, sem á eru lagðir til þess að gera atvinnurekendum kleift að greiða hærra kaup, lagðir á launþega, þá þýðir það, að þeir eru sjálfir látnir greiða sér kauphækkanirnar, og slíkt eru ekki raunhæfar kjarabætur, það þarf ekki frekari skýringar við.

Nú má ekki skilja þetta þannig, að ég sé að segja, að stjórnarvöld eigi undir nokkrum kringumstæðum að láta það lönd og leið, ef til alvarlegs atvinnuleysis kæmi. Auðvitað ber þeim ávallt að gera sitt til þess að afstýra slíkri þróun, en allar aðgerðir í þeim efnum hljóta að verða þeim mun torveldari sem kaupgjaldið verður í meira misræmi við afkomu atvinnuveganna. Það er í þessu, sem hættan liggur.

Ég ræði svo ekki frekar hina almennu hlið þessara mála, en vík þá að sjálfu frv. Megintilgangur þess er sá, svo sem fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. og grg. fyrir frv., að draga úr verðhækkunaráhrifum gengislækkunarinnar. Það er gert ráð fyrir, að verðlækkun vegna frv. nemi 1,59% eða rúmlega 3 vísitölustigum samkv. eldri vísitölu. Auðvitað vegur þetta ekki nema nokkuð á móti verðhækkunaráhrifum gengislækkunarinnar. En þess ber þó að gæta, að vafalaust hefði mátt greiða gömlu vísitöluna niður um meira en 3 stig með þeim fjármunum, sem í þessu skyni er fórnað. Ég vil einnig undirstrika það, að þótt tollalækkunin verði allmiklu minni heldur en upphaflega var ráðgert, hefði sú tollalækkun, sem frá var horfið, haft sáralítil frekari áhrif til lækkunar vísitölu. Þá hefur nokkuð verið komið til móts við óskir einstakra iðngreina, sem við sérstaka erfiðleika hafa átt að etja að undanförnu, um lækkun tolla á hráefnum, sem þær nota, og eru veigamestu till. af því tagi um lækkun tolla af hráefnum málmsmíðaiðnaðarins. Hefði auðvitað verið æskilegt að geta gengið lengra í því efni, en fjárhagsafkoma ríkissjóðs leyfir það ekki.

Það sjónarmið kom fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., að stefna bæri að því að mismuna meira í tollum en gert er nú, þannig að hækka tolla á miður þörfum varningi, en lækka hann meira en gert er á nauðsynjum. Þetta hljómar vafalaust vel í margra eyrum, en vandinn er sá að finna mælikvarða á það, hvað sé þarft og hvað óþarft. Meðan byggt var á gömlum vísitölugrundvelli frá tímum, þegar lífskjör þjóðarinnar voru lakari en nú, var gildi einstakra

vörutegunda í grundvellinum nokkur mælikvarði í því efni. En öðru máli gegnir nú, þegar vísitalan byggist á meðalútgjöldum fjölskyldna með háar meðaltekjur, þannig að lúxusvörur verða þungar á metunum. Það gefur auga leið, að ef sú leið, sem hv. þm. benti á, yrði farin, og slíkt kemur auðvitað mjög til álita, ef um varanlega efnahagsörðugleika yrði að ræða, þá væri ekki hægt að nota núverandi vísitölu sem kaupgjaldsvísitölu. Það er ekki hægt að segja það samtímis, að þjóðin verði að neita sér um óþarfa á erfiðleikatímum og krefjast þess svo jafnframt, að sé óþarfinn tollaður eða skattlagður, verði fólk að fá það bætt upp með hækkuðu kaupi, svo að það geti þannig veitt sér jafnmikinn óþarfa og áður. Slíkt stangast augljóslega á. En auðvitað er ekkert því til fyrirstöðu, ef vísitölufyrirkomulagið í launagreiðslum yrði tekið upp að nýju, að kaupgjaldsvísitalan yrði þá annað en verðlagsvísitalan. Svo hefur raunar oft verið áður.

Í sambandi við umr. um hátollun vöru, sem talin er óþörf, má ekki heldur loka augunum fyrir smyglhættunni. Ég er ósammála þeirri skoðun, sem mér virtist koma fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., að ekki megi láta það sjónarmið aftra sér frá því að ákveða tolla í samræmi við það, sem af öðrum ástæðum sé talið æskilegt. Að mínu áliti er það ekki nóg, að lagasetning sé æskileg af einhverjum hugmyndafræðilegum ástæðum. Hún þarf líka að vera framkvæmanleg, og bæði reynsla okkar og grannþjóða okkar hefur sýnt, að bezta vörnin gegn smygli er sú, að ákveða tolla þannig, að smyglið borgi sig ekki.

Það er nærtækt dæmi í þessu sambandi, sem margir hv. þm. kannast við, a. m. k. af þeim, sem nokkra setu hafa átt hér á hv. Alþ., að það var upplýst í sambandi við tollalækkunina 1961, sem þjónaði nú þeim aðaltilgangi að fyrirbyggja smygl, að þá hafði þáv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, beðið hagstofuna að gera athugun á því, hvað hún teldi, að notað væri mikið af kvensokkum, en þá hafði komið í ljós, að samkv. innflutningsskýrslum væri enginn innflutningur af þessari vöru. Nú höfum við sjálfsagt ekki orðið þess varir, að kvenfólkið gengi þá annaðhvort berfætt eða í ullarsokkum, heldur að allar notuðu þessa sokka. En það kom bara ekki fram á innflutningsskýrslum. Auðvitað hlaut sú athugun aldrei að leiða til nákvæmrar niðurstöðu, en hagstofan komst að þeirri niðurstöðu, að það væri mjög mikið magn, sem flutt væri inn af þessari vöru. Þegar tollurinn var svo lækkaður, fór innflutningurinn a. m. k. í verulegum mæli fram eftir eðlilegum leiðum, svo að lækkun á tollinum varð beinlínis til þess að auka tolltekjur ríkissjóðs, því að nú borgaði það sig ekki lengur að smygla þessari vöru í svo stórum stíl sem áður hafði verið, af því að alltaf fylgir því auðvitað áhætta að smygla vöru inn.

En í beinu áframhaldi af því, sem nú hefur verið sagt, vil ég nokkuð víkja að veigamesta lið tollalækkunarinnar. En það er lækkun á fatnaði, bæði fullunninni innfluttri vöru og hráefnum, en þau hafa einnig verið lækkuð í samræmi við það meginsjónarmið frv., að innlendur iðnaður yrði ekki verr settur en áður vegna tollalækkunarinnar. Í sambandi við þá tollalækkun hlýtur þá spurningu að bera á góma, sem rædd er í grg. fyrir frv., hvort ekki væri rétt að hafa tollalækkunina svo mikla, að verulega dragi úr þeim miklu fatnaðarkaupum Íslendinga erlendis, sem vitað er að eiga sér stað. Ef slíkt tækist, yrði af því verulegur gjaldeyrissparnaður, auk þess sem lækka mætti framfærslukostnað meira en ella, án þess að slíkt þyrfti að hafa tolltekjutap fyrir ríkissjóð í för með sér. En eins og grg. frv. ber með sér, hefur þó vegna tillits til innlendrar framleiðslu á hinum ýmsu stigum fatnaðargerðarinnar ekki þótt fært að ganga lengra í þessu efni en frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar er hér um svo stórt mál að ræða að mínu áliti, að mín skoðun er sú, að það beri að kanna til betri hlítar, hvort það sé ókleift af tæknilegum ástæðum að láta innlenda fatnaðargerð fá sína réttmætu hlutdeild í því, ef takast mætti að flytja fatnaðargerðina meira inn í landið, því að velunnarar fataiðnaðarins, eins og raunar annarrar framleiðslu fyrir innlendan markað, verða að gera sér það ljóst, að þessi framleiðsla lifir ekki á hárri tollvernd einni saman, ef fólkið kaupir svo vöruna eftir allt öðrum leiðum, eins og allir vita að á sér stað í þessu efni í mjög stórum stíl.

Þá ætla ég að lokum að víkja fáeinum orðum að þeim brtt., sem fluttar eru af n. í heild, og svo mínum brtt. á eftir. Brtt. frá fjhn., sem hún flytur sameiginlega, eru á þskj. 271.

1. brtt. við 1. gr. er sú, að taka upp toll á kaffi í smásöluumbúðum, 2 kg eða minna. Þetta er gert til að koma til móts við óskir kaffibrennslanna hér innanlands, en þar sem þær verða að greiða talsverðan toll af kaffiumbúðum, mundi þetta þýða, að þær stæðu verr að vígi með sitt kaffi heldur en kaffi, sem flutt er inn í umbúðum, en eins og kunnugt er, er kaffi tollfrjálst. N. taldi rétt að ganga til móts við þetta og flytur því þessa brtt.

2. brtt., að liðurinn „annar pappír“ falli niður, er aðeins til leiðréttingar, því að það voru mistök ein, að þessi liður kom inn í frv.

Varðandi 3. liðinn er um það að ræða, að felld er niður tollalækkun á vissum tegundum af trefjum og garni. Þetta er gert samkv. tilmælum sérfræðinga þeirra, sem undirbjuggu tollafrv., til þess að skapa að þeirra áliti meira samræmi á milli hinna mismunandi teppagerða, sem nú eru starfandi, og enn fremur bentu þeir á það, að ef hinar upphaflegu till. frv. í þessu efni yrðu samþ., væri þar með afnuminn eini votturinn af tollvernd, sem Hampiðjan nýtur, en það er stórt iðnfyrirtæki, eins og kunnugt er, sem hefur átt við allmikla örðugleika að etja.

Þá er 4. till. um það, að hækkun á tolli á fatnaði úr flóka falli niður. Upphaflega hefur verið gert ráð fyrir því, að fatnaður úr flóka yrði tollaður eins og annar fatnaður, þó að það hafi ekki verið áður. En við nánari athugun töldu sérfræðingarnir, að betra væri að hafa þetta óbreytt, svo að hér er um lækkun að ræða.

Hvað snertir 5. liðinn, er fyrsta atriðið þar aðeins tæknilegs eðlis. Þar er ekki um að ræða neina breytingu á tollstiga, en steypustyrktarjárnið verður þá í tveimur tollnúmerum eftirleiðis.

Að öðru leyti eru þær lækkanir, sem hér er um að ræða, taldar í samræmi við aðrar tollalækkanir, sem frv. gerir ráð fyrir járnsmíðaiðnaðinum til handa.

Hvað 6. liðinn snertir, hefur þar verið komið til móts við óskir frá Heyrnarhjálp um að lækka toll á kvikasilfurrafhlöðum fyrir heyrnartæki, og breytingin við 2. gr. er aðeins orðalagsbreyting til þess að gera ákvæðin skýrari.

Þá kem ég að mínum brtt. Þær veigamestu eru till. um lækkun á hráefnum til skógerðar. Erindi hafði borizt frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, en það mun vera eini aðilinn, sem nú rekur skógerð hér á landi. Þessi iðnaður hefur átt við mikla erfiðleika að stríða, og auk þess er það til samræmis við þá reglu, sem fylgt hefur verið um fatnaðariðnaðinn almennt, að hráefni til skógerðar verði lækkuð. Hér er að vísu um dálitið fjárhagsatriði að ræða, vegna þess að töluverður innflutningur á þessu á sér stað, en ég vænti þess, að hv. d. fallist á þau rök, sem ég hef fært fram fyrir þessari brtt., og samþykki hana.

2. brtt. mín er um lækkun á hráefni til miðstöðvarofna. Sérfræðingar þeir, sem undirbúið höfðu tollafrv., féllust á það, að athuguðu máli, að þessi lækkun væri í samræmi við annað, sem að hefði verið gert.

3. brtt. er aðeins leiðrétting á misritun, sem hafði átt sér stað.

Herra forseti. Samkvæmt því, sem ég hef sagt, legg ég til, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem fjhn. flytur á þskj. 271, og svo með þeim brtt., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 272.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Mér hefur nú skilizt, að afgreiðslu þessa máls bæri heldur að hraða í þessari hv. deild og hafði satt að segja gert ráð fyrir því að flytja hér stutta framsöguræðu fyrir því nál., sem ég er frsm. fyrir, en mér sýnist hins vegar af þeim framgangsmáta, sem hefur verið hafður til þessa um málið hér, að það liggi ekki mikið á, og ég mun því leyfa mér að fara um þetta mál nokkrum almennum orðum, áður en ég vík að efni frv. sjálfs.

Annars vil ég gjarnan fyrir mitt leyti nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. 12. þm. Reykv. fyrir það að flytja fyrir okkur viðreisnarræðuna. Það er nokkuð langt síðan hún hefur heyrzt hér á Alþingi og a. m. k. í mínum eyrum var hún ljómandi skemmtileg, þegar hún er skoðuð í ljósi þeirra staðreynda og þeirra viðburða og þeirrar atburðarásar, sem átt hefur sér stað síðan hún var fyrst flutt. Ég sé síður en svo ástæðu til þess að amast við því að fá að heyra hana einu sinni enn og þakka fyrir hana.

Það er annars meira ástandið, sem hér hefur verið áður en viðreisnarstjórnin kom til valda, menn eiga bara erfitt með að hugsa sér það lengur. Þá var t. d. enginn Seðlabanki, það var bara einhver heildsala á peningum, sem seldi pappírsmiða frá Englandi í heildsölu til annarra banka, þvílíkt og annað eins. Þá var engin Efnahagsmálastofnun til þess að reikna út gengislækkanirnar, þær voru bara reiknaðar á hnjánum. Menn geta svo sem ímyndað sér, hvernig útkoman á þeim reikningum hefur verið eða hvaða munur sé núna, þegar vísindaleg tækni er tekin í þjónustu ríkisstj. til þess að reikna út, hver gengislækkunin þurfi að vera, og það er stöðvuð framkvæmd mála hér í viku, til þess að sérfræðingarnir geti skilað álitinu.

Það liggur nú í augum uppi, allra sem hér eru inni, hv. þm., hvernig útreiknigurinn var hjá Efnahagsstofnuninni og sérfræðingum ríkisstj., og menn geta dundað við að gera samanburð á því, hvernig sá útreikningur standist í samanburði við þá útreikninga, sem gerðir voru með gamla laginu, þegar allt var hér á frumstigi. Það var heldur ekkert hagráð til, og hvernig fóru menn að, áður en hagráð kom? Skyldi nú ekki vera munur að styðjast við niðurstöður hagráðs í stjórninni heldur en að hafa bara brjóstvitið, eins og menn urðu að hafa hér áður fyrr? En staðreyndin er bara sú, að þrátt fyrir það, að ekkert af þessum stofnunum, ekkert af þessum hagstjórnartækjum var til, þá tókst bara ekkert verr að stjórna landinu en núna og bara í sumum tilfellum miklu betur, svo að annaðhvort er, að þessi hagstjórnartæki eru ekki eins þörf og af er látið, eða þá að notkun þeirra hefur farið eitthvað óbjörgulega úr hendi. Ég skal ekki gera tilraun til að svara því, hvort heldur það er, sem þessu veldur. Það er talað um, að þetta frv., sem hér er til umr., fjalli um tollalækkun. Það er nú rétt að því leyti til, að þetta frv. fjallar um það að lækka innflutningstolla í % af innfluttri vöru, en í raun réttri er þó hér fyrst og fremst um það að ræða, að lagt er til að skila aftur nokkrum hluta af þeim tekjuauka, sem ríkissjóði barst, þegar síðasta gengislækkun fór fram. Eins og allir hv. þm. vita, var genginu breytt í nóv. s. l. þannig, að gengið var fellt um 24,6%, sem jafngildir 33% verðhækkun á erl. gjaldeyri. Af þessari breytingu leiðir m. a. það, að tekjur ríkissjóðs hljóta að aukast gífurlega af innflutningi varnings til landsins að óbreyttum tollstiga, enda hefur það jafnan verið svo, þegar gengislækkun hefur verið framkvæmd, að þá hafa verið látnar fylgja henni margvíslegar hliðarráðstafanir, sem svo hafa verið kallaðar, og ein af þeim, sem alltaf hefur þá verið talin sjálfsögð, er lækkun tolla, veruleg lækkun innflutningstolla til þess að draga úr óheppilegum áhrifum gengislækkunarinnar á lífskjörin í landinu.

Ég minnist þess ekki að hafa séð það útreiknað af sérfræðingum, hverju þessi áætlaði tekjuauki mundi nema, og ég man ekki, hvort hæstv. fjmrh. talaði um það hér, en ég hef þó heyrt nefndar tölur einhvers staðar í kringum 550 millj. kr. Ég held því ekki fram, að ég sé hér með 100% rétta tölu, en einhvers staðar nálægt því, og mig minnir, að aðflutningsgjaldatekjur á fjárlögum hafi verið ráðgerðar 300 millj. kr. hærri heldur en þær voru í fjárlagafrv. í sinni upphaflegu mynd. Auk þess stóð til að fella niður aðflutningsgjöld að upphæð 250 millj. kr.

Ef þessar tölur eru réttar, sem ég rifja hér upp eftir minni, þá mundi ráðgerð hækkun að óbreyttum tollum hafa numið 550 millj. kr. Ef maður hins vegar miðar við efnahagsmálafrv., sem lagt er fram í upphafi þings og minnzt var

á hér áðan, þá voru ráðgerðar tekjur, sem vantaði í ríkissjóð, 750 millj. kr., en niður átti að fella útflutningsupphætur að upphæð 300 millj. kr., þannig að þar skeikaði 450 millj. kr. En auk þess hafa svo verið teknar upp nýjar upphætur til útflutningsatvinnuveganna eða nýir styrkir, eða hvað menn vilja kalla það, 300—400 millj. Þá mundi þessi upphæð vera eitthvað nálægt 750 millj., og þá er þess að gæta, að fjárlögin hækkuðu í meðförum þingsins um álitlega fjárhæð, þannig að ég hygg, að hvora aðferðina, sem menn nota til að reikna þennan tekjuauka, komist menn að nokkuð svipaðri niðurstöðu. Auðvitað liggur þetta fyrir hjá hæstv. fjmrh. og má vera, að hann hafi upplýst það, þó ég muni það ekki lengur. Þetta efnahagsmálafrv. var dregið til baka, vegna þess að gengislækkunin gerði það óþarft, tekjuaukinn var svo mikill, að það þurfti ekki lengur að afla nýrra tekna. Þó var þetta ekki afturkallað að öllu leyti. Ég man eftir tveim smáálögum nýjum, sem haldið var, þrátt fyrir gengisbreytinguna. Það voru 30 millj. kr. tekjur af eignarskatti vegna nýs mats, sem upp var tekið, og 20 millj. kr. af póst- og símagjöldum.

Þegar þetta var hér til umr., þá minnist ég þess, að nokkrir þm., þ. á m. ég, töldu að þessir póstar væru óþarfir. (Gripið fram í.) Það var heimild, það var tekið upp í öðru atriði í heimildarformi, ég bið afsökunar. En ég minnist þess í sambandi við eignarskattinn, sem ég vænti, að ekki hafi verið felldur niður, að menn töldu hann nokkuð óþarfan, en hæstv. fjmrh. vildi ekki sleppa honum og taldi, að hann yrði að nota til þess að jafna lífskjörin í landinu með stórkostlegri tollalækkun, sem boðuð var innan lands og utan. Það kom öllum saman um, þegar þessi mál voru til umr. þá, að slíkar hliðarráðstafanir væru nú sem fyrr algjörlega nauðsynlegar, vegna þess hvað gengislækkunin mundi hafa mikil verðhækkunaráhrif í för með sér. Og alveg sérstaklega töldu menn þessar hliðarráðstafanir nauðsynlegar nú og nauðsynlegri heldur en oft áður, vegna þess að jafnhliða gengislækkuninni var fellt niður það samband, sem áður hafði verið milli kaupgjalds og verðlags, þannig að eftir lagasetninguna í nóv. s. l. fá menn ekki lengur dýrtíðaraukann uppi borinn í launum sínum sjálfkrafa, heldur verða hér eftir að leita réttar síns á annan hátt.

Ég hygg því, að það sé algert einsdæmi í sögu s. l. ára, að þannig sé að þessum málum staðið, að gengið sé lækkað um 25% eða gjaldeyrir sé hækkaður um 33%, jafnhliða sé felld niður vísitölutrygging launa og hliðarráðstafanirnar hafðar í svo smáum stíl sem hér ber raun vitni.

Skv. margumtöluðum útreikningum sérfræðinga hæstv. ríkisstj. átti hagur ríkissjóðs að batna svo stórkostlega við gengisbreytinguna, að hann átti í fyrsta lagi að duga til þess að jafna fjárlögin, að jafna þessar 750 milljónir að frádregnum þessum 300 millj. útflutningsuppbótum, sem felldar voru niður, og að gefa eftir 250 millj. kr. í tollum. Menn hafa áreiðanlega lagt mikinn trúnað á þennan boðskap, því hvort tveggja var, að hann var sanngjarn og auk þess var því lýst yfir með talsverðu yfirlæti, að aldrei hefðu fyrr legið fyrir jafn nákvæmir útreikningar á högum atvinnuveganna.

Menn minnast þess, að hér á hv. Alþingi var frv. um ráðstafanir vegna gengisbreytingar Seðlabankans látið bíða í vikutíma, meðan verið var að gera þessa útreikninga, meðan sérfræðingar hæstv. ríkisstj. reiknuðu það nótt og dag, hvað gengislækkunin þyrfti að vera mikil umfram gengislækkun pundsins til þess að koma atvinnuvegunum á traustan og heilbrigðan grundvöll, svo notað sé viðreisnarorðalag.

Á þessu tímabili, í þessari síðustu viku nóvembermánaðar, greip um sig, eins og alkunnugt er, mikil kaupgleði, sumir kalla það jafnvel kaupæði. Fólk reif peninga úr bönkunum og sparisjóðunum í stórum stíl til þess að kaupa ýmiss konar varning á lága verðinu og það lá ir því vitanlega enginn. Það er svo aukakapítuli, sem skiptir kannske ekki máli í þessu sambandi, en ég get ekki stillt mig um að geta um, að á sama tíma sem þetta gekk yfir, þá notaði Seðlabankinn og hæstv. ríkisstj. tækifærið til þess að selja nokkuð af óseldum skuldabréfum og spariskírteinum ríkissjóðs, og var jafnvel gengið svo langt að auglýsa það í sjónvarpinu, að þessi skuldabréf væru gengistryggð, sem enginn fótur er þó fyrir. Að vísu er skylt að geta þess, að það var nú borið til baka, en einhverjir hafa kannske verið búnir að kaupa bréfin út frá þessum forsendum. Þannig að enda þótt hv. 12. þm. Reykv. legði sig fram um það hér áðan að sýna fram á það, að útreikningar hæstv. ríkisstj. og sérfræðinga hennar hefðu nú ekki verið fyrst og fremst við það miðaðir að fá útkomu úr þessu dæmi, sem ég var hérna að nefna, þá held ég, að það þýði ekkert að segja okkur það, að það hafi ekki verið tilgangur þessara útreikninga. Það var alveg áreiðanlega verið að reikna það út, hver gengislækkunin þyrfti að vera. Eftir hverju var verið að bíða, ef ekki því? Það þýðir ekkert að koma núna eftir á, eftir að það er búið að sýna sig, að reikningarnir eru tóm vitleysa og segja, að það hefði verið eitthvað annað, sem menn voru að reyna að reikna. Nei, það var þetta, þótt árangurinn sé ekki betri en raun ber vitni.

Eftir þessa umhugsunarvíku kom niðurstaðan, að það væri hægt að endurgreiða eða fella niður tolltekjur um 230—250 millj. kr. Mig minnir, að hæstv. fjmrh. hafi þá nefnt þessa tölu. Síðan hefur hann raunar upplýst, að það hafi verið haft í huga að gera betur og talaði um 270 millj. kr., en ég minnist þess ekki, að hann hafi haft það á orði þá, heldur 230—250 millj. kr. Og það var hægt að gera meira fyrir afganginn af gengisbreytingunni, það var hægt að leggja í sjóði fyrir atvinnuvegina til framtíðarinnar.

Þannig var þá fengin niðurstaða, en fljótlega eftir að hún var birt, tók að syrta í álinn. Sjávarútvegsmenn sýndu fram á það, að þrátt fyrir þessa útreikninga hagspekinganna væri aðstaða þeirra vonlaus eftir gengisbreytinguna, þeir gætu ekki gert út. Bæði útgerðarmennirnir og frystihúsaeigendurnir töldu sig þurfa meira. Og þeir gerðu betur en að telja sig þurfa meira. Þeir sannfærðu, eftir því sem nú er komið á

daginn, sérfræðinga hæstv. ríkisstjórnar og ríkisstj. um það, að þeir þyrftu meira, því að allar götur síðan gengið var fellt hefur staðið í þófi um það, hvaða uppbætur úr ríkissjóði þyrftu til að koma til þess að þessi útflutningsfyrirtæki gætu hafið rekstur sinn á ný. Síðustu tölur, sem birtar hafa verið um það efni, skilst mér að séu rúmar 300 millj. kr. Þessum fjárhæðum skilst mér að hæstv. ríkisstj. sé búin að lofa útflutningsatvinnuvegunum af umframtekjum ríkissjóðs, þessum sem átti að nota til þess að lækka tollana, án þess að hafa nokkurt samráð við Alþ., og nú er svo komið, að allur afgangurinn er uppétinn og meira til. Nú er ekkert eftir í þessa tollalækkun. Það vantar 159 millj. kr. til þess að geta framkvæmt það, sem í þessu frv. segir, og kannske eitthvað betur eftir brtt. hv. 12. þm. Reykv., sem ekki skiptir þó miklu máli, og 50 millj. að auki, samkv. upplýsingum hæstv. fjmrh. Þannig er svo að sjá, að í þessum útreikningum skakki um 400—450 millj. kr. Það var talið hægt að lækka tolla um 250 millj. kr. Nú er það ekki hægt, það vantar um 50 millj. kr. að auki a. m. k. Auk þess er ekkert fé til þess að standa undir þeirri tollalækkun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Þessi tollalækkun, sem frv. fjallar um, byggist á þeirri forsendu fyrst og fremst, eins og hv. frsm. meiri hl. réttilega tók fram, að fatnaður sé ein af brýnustu lífsnauðsynjum manna. Og út frá því sjónarmiði gengur meiri hl. þessara 150 millj. kr. annars vegar til þess að lækka tolla á innfluttum fatnaði — það er 51 millj. kr., sem á að verja í því skyni — og svo hins vegar til þess að jafna aðstöðu innlenda fataiðnaðarins sem þessu svarar — það eru um 49 millj. kr., sem varið er í því skyni — þannig að það eru 100 millj. kr. af þessu frv., sem stafa af lækkuðu verði á fatnaði.

Nú stendur líka til að lækka tolla af ýmsum matvörum um 27 millj. kr. Það er gert í því skyni að draga úr skaðlegum áhrifum gengislækkunarinnar á verðlagið í landinu.

Þá eru 14 millj. kr. sérstaklega ætlaðar til þess að lækka tolla á hráefni til málmsmíða, en eins og kunnugt er, hefur málmiðnaðurinn átt í mjög miklum erfiðleikum að undanförnu í erfiðri samkeppnisaðstöðu við innflutta vöru, sem úr málmum er gerð, og það er reiknað hér með 14 millj. kr. tollalækkun í þessu skyni.

Þá eru hreinlætisvörur, það er lagt til, að tollar af þeim lækki um 4 millj. Það sama er um sjónvörp og útvörp, 4 millj., og svo eru að lokum 9 milljónir kr., sem ráðgert er að falli niður af tekjum ríkissjóðs, vegna lækkunar á hæstu tollum, í samræmi við meginstefnu ríkisstj. í tollamálum, eins og segir í aths., hvað sem kann að vera átt við með þeim orðum, því að þessari meginstefnu hæstv. ríkisstj. í tollamálum er nú satt að segja hálferfitt að gera sér grein fyrir, a. m. k. eins og sakir standa.

Hv. 12. þm. Reykv., frsm. meiri hl., sagði hér áðan, að það skipti svo sem ekki miklu máli, að því er mér skildist, hvort tollalækkunin væri 159 millj. eða 250 millj., vegna þess að sú tollalækkun, sem frá var horfið, hefði haft sáralitla þýðingu til lækkunar vísitölu. Ég óska mjög eftir því að fá nánari útskýringu á þessum orðum, annaðhvort frá hv. 12. þm. Reykv. eða hæstvirtum fjmrh., því að ef til hefðu verið 100 millj. til þess að lækka tollana í viðbót, hefði það vitanlega verið vandalaust verk fyrir hæstv. ríkisstj. og sérfræðinga hennar að verja þeim þannig, að það kæmi að notum til lækkunar á vísitölu. Og ef hæstv. ríkisstj. hefur haft einhverja aðra tollalækkun í huga, sem hún hefur svo horfið frá, hefði hún átt að endurskoða þá afstöðu.

Það hlýtur að skipta fólkið í landinu, sem kaupir innfluttar vörur, ekki svo litlu máli, hvort tollalækkunin er 159 millj. eða 250 millj., en ef það er eitthvað annað, sem hér er átt við, en það sem ég nú segi, þá er gott að fá það upplýst. Hvað var það, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði að lækka tollana svona á, en ekki kom til með að hafa áhrif á verðlagið í landinu og vísitöluna? Það er auðvitað alkunn staðreynd, að íslenzkur iðnaður hefur átt mjög í vök að verjast á undanförnum árum, enda þótt hæstv. iðnmrh. og aðrir hæstv. ráðh. virðist ekki vilja kannast við þá staðreynd.

Það eru 1 eða 2 ár síðan ég flutti hér ásamt öðrum þáltill. um að fram yrði látin fara athugun á því, hvað ylli þeim samdrætti, sem sannanlega var þá orðinn í iðnaði og hefur raunar orðið meiri síðan, og fyrirsjáanlegt var, að yrði meiri. Þessari þáltill. var vel tekið af samtökum iðnaðarmanna, henni var vel tekið af Iðju, félagi verksmiðjufólks, og ég reikna ekki með, að forráðamenn þess félags verði vændir um stjórnarandstöðudekur eða framsóknarmennsku. Þeir lögðu til, að þessi athugun yrði látin fara fram, vegna þess að þeir vissu að hverju fór í iðnaðinum, en þessi till. hefur aldrei fengizt samþ. og ýmsir þeirra, sem hefðu þó átt að þekkja samdráttinn í iðnaðinum, vildu m. a. ekki ljá henni lið.

En þetta frv. gerir svo sem ekki neitt til þess að laga aðstöðu iðnaðarins. Það segir beinlínis í aths. frv., og það hefur verið rakið hér, að tollalækkunin sé jöfnum höndum á tilbúnum innfluttum fatnaði og á hráefnum til iðnaðarins, og keppikefli frv. er, eins og segir á bls. 17 í aths. með frv.:

„Þessi lækkun hráefnatolla miðast við, að samkeppnisaðstaða iðnaðarframleiðslu í landinu gagnvart innfluttum iðnaðarvörum sé ekki lakari, en hún var fyrir gengisfellingu", — að hún sé ekki lakari.

Þá segir, að sýnilegt sé, að ýmsar greinar iðnaðar séu mun betur settar eftir gengisbreytinguna en áður, svo sem umbúðaiðnaður, sumar greinar byggingaiðnaðar, veiðarfæraiðnaður, sútun, húsgagnaiðnaður. Ja, það má vel vera, að gengislækkunin verði þeim að einhverju liði, en þetta tollalagafrv. miðar ekki að því að bæta aðstöðu iðnaðarins, það miðar að því að halda henni óbreyttri. En ég ætla ekki að gera það að neinu sérstöku ágreiningsefni hér frekar en gert var í n. Hv. form. fjhn., 12. þm. Reykv., upplýsti mig um það í fjhn., að fulltrúar frá iðnaðinum hefðu tekið þátt í samningu þessa frv. Ýmist væru þeir meðlimir í tollalaganefnd, eða hefðu verið sérstaklega kvaddir til. Það hefðu að vísu komið fram mjög margar aths. og ábendingar frá þeim, en það hefði verið reynt

að koma til móts við þær eftir beztu getu og þeir mundu ekki bera fram sérstakar kvartanir í þessu efni, og þá situr auðvitað ekki á mér að vera að því, og ég geri það ekki. En ég bara minni á þessa aðstöðu, sem iðnaðurinn er í hér. Hún er náttúrlega engan veginn nógu góð og hefði auðvitað þurft að laga hana, hvort sem það væri gert með tollaráðstöfunum eða einhverju öðru.

Já, hvernig á svo að standa undir þessum tollalækkunum, þegar reikningsgróðinn, sem var talað um hér í nóv. og des., er gufaður upp? Því er ekki að neinu leyti svarað í þessu frv. Það er ekkert, ekki stafur um það í þessu frv., hvernig eigi að mæta þeim tekjumissi, sem ríkissjóður verður fyrir af þessum sökum. Það myndi heldur ekki hafa komið neitt að sök, ef frv. hefði verið borið fram á þeim tíma, þegar fjármagn var til í ríkissjóði, það er vafalaust samið á þeim tíma, það er kannske þess vegna, sem þetta vantar í frv., ég býst kannske við því. Hæstv. fjmrh. fann auðvitað, að hér var galli á gjöf Njarðar, og hann vildi upplýsa þingheim um það, hvernig ætlað væri að afla tekna til þess að standa undir þessu frv. *Og hvernig var það? Ja, það er búið* að hækka verð á áfengi og tóbaki um 10%. 10% af 900 millj. kr. sölu Áfengisverzlunar ríkisins hefði að óbreyttu magni átt að gefa 90 millj. kr. tekjuauka, en hann er áætlaður hér 50 millj. og virðist þá gert ráð fyrir því, að nokkur sölurýrnun verði af þessari hækkun, og er ekki nema gott eitt um það að *segja. Þarna eru þá komnar* 50 millj. af þessum 159, sem vantar. En hvað þá um afganginn? Jú, hæstv. fjmrh. sagði hér við 1. umr. frv. um daginn, að það ætti að draga úr útgjöldum ríkisins á árinu 1968, aðallega rekstrargjöldum — ég held, að þetta sé efnislega rétt, ég hef ekki orðalagið, — um 100 millj. kr.

Það er m. ö. o. samkv. *yfirlýsingu* hæstv. fjmrh. nú unnt að lækka rekstrarliði þeirra fjárlaga, sem hér voru samþ. fyrir 1½ mánuði síðan, um 100 millj. kr. En hvaða liðir eru það, sem á að lækka? Um það hefur ekkert svar fengizt. Ég leyfði mér að bera fram fsp. um það í fjhn., til formanns hennar, hv. 12. þm. Reykv., hvaða liðir þetta væru. *Hann sagðist ekki geta svarað því.* Ráðuneytisstjóri fjmrn. kom á fund n. Einnig hann var spurður þessarar sömu spurningar. Hann vísaði henni algjörlega frá sér. Báðir þessir menn töldu, að eini aðilinn, sem fær væri um að svara þessu, væri hæstv. fjmrh. Þess vegna sendu nokkrir nm. hæstv. fjmrh. þá orðsendingu munnlega að vísu, að þeir óskuðu upplýsinga um það, hvaða liði fjárlaga hann hefði hugsað sér að lækka til þess að mæta þessari tekjurýrnun, og sumir þessara manna a. m. k. lögðu áherzlu á það, að mjög erfitt væri að gera sér grein fyrir málinu, án þess að þessi vitneskja lægi fyrir. Svar kom greitt og fljótt frá hæstv. fjmrh. Það var þess efnis, að hann gæti á engan hátt svarað þessu, það væri ómögulegt að segja um það á þessu stigi, hvaða liðir það væru, sem ætti að lækka, og hv. alþm. yrðu bara að gera svo vel að bíða þangað til stjórnarráðið væri búið að athuga það, hvaða liði nýsamdra og nýafgreiddra fjárlaga skyldi nú skera niður um 100 millj. kr.

En í þessum ummælum, sem ég rifjaði hér upp áðan, þess efnis, að þetta ætti aðallega að vera á rekstrarliðum, er þó nokkur vísbending fólgin, sem sagt sú, að eitthvað eigi þó að taka af fjárfestingunni. *Og satt að segja hélt ég*, að fjárfestingarliðir fjárlaganna væru ekki svo beysnir eftir margendurteknar niðurskurðaraðgerðir hæstv. ríkisstj. á undanförnum árum, að þeir væru aflögufærir. Ég held, að þeir séu það ekki.

En hver eru svo þessi rekstrargjöld sem gætu lækkað? Ég óska mjög eindregið eftir því, núna við þessa umr., að *hægt sé að upplýsa* þm. um það. Það skiptir vissulega miklu máli, hvaða liðir fjárlaga það eru, sem á að skera niður um 100 millj. kr. Hvernig er það t. d. með fjölskyldubætur, eru þær ekki rekstrarliður á fjárlögum? Já, fjárfestingarliður eru þær tæpast, svo að ég býst við, að þær teljist til rekstrarliða. Eru það *kannske þær, sem eiga að lækka um 100 millj.* kr.? Ég skal engu spá um það, en ég segi bara það, að ef það eru t. d. fjölskyldubæturnar eða einhverjir aðrir ámóta liðir, þá er ég ekki viss um, að almenningur í landinu telji þessa tollalækkun þess virði að framkvæma hana, ef hún á að verða gerð t. d. á kostnað fjölskyldubótanna eða *einhverra annarra liða almannatrygginga.* Ég er ekkert að halda því fram að þetta standi til. Þó að það hafi að vísu heyrzt, að þetta hafi komið til umr. í hæstv. ríkisstj., þá dettur mér ekki í hug að halda því fram að óreyndu og án þess að hafa neina vitneskju um það, að það sé einmitt þetta, sem stendur til. En þetta er rekstrarliður, *og samkv. yfirlýsingu* hæstv. fjmrh. er ekkert fram komið enn, sem útilokar, að það sé þessi liður, sem á að lækka.

Mér finnst það satt að segja vera lágmarkskrafa, að mönnum sé gefin einhver hugmynd um það, hvaða breytingar á að gera á nýsömdum fjárlögum, þegar farið er fram á stuðning *þeirra* við *þetta tollalækkunarfrv.* Til eru þeir menn, sem halda því jafnvel fram, að það þurfi ekki að lækka nein rekstrarútgjöld á fjárlögum, vegna þess að þessir útreikningar séu nánast tómar ágizkanir, sem ekkert sé á að byggja. Ég skal nefna hérna dæmi um það, hvernig rökstyðja mætti, að útgjaldaliðir fjárlaga þyrftu jafnvel ekki að lækka. Þegar verið var að áætla á fjárlögum tekjur af innflutningsgjöldum, hvað þau myndu hækka vegna gengisbreytingarinnar, voru teknar inn aðeins 300 millj. kr. eða 17% hækkun á aðflutningsgjöldum, enda þótt verð erlends gjaldeyris og innfluttrar vöru hækkaði um 33%. Nú, gott og vel, þetta er gert, þessi hækkun er aðeins áætluð 17% vegna þess að það á að lækka tollana um 250 millj. Þetta getur verið rétt, 250 millj. geta svarað til afgangsins af verðhækkuninni, þannig að hér sé rétt reiknað. En nú, eftir að þetta frv. er samþ., verður tollalækkunin ekki 250 milljónir, heldur 159 milljónir. Má þá ekki með nokkrum rétti segja, að tolltekjur ríkissjóðs muni hækka um 90 millj. kr. frá því, sem þær eru áætlaðar í fjárlögum, vegna þess hve afslátturinn er minni en upphaflega var ráðgert? Sumum finnst það, og það sýnist nokkuð augljóst, að þannig geti farið, sérstaklega vegna þess, að tollalækkunin kemur fyrst og fremst á nauðsynjar, sem fólk verður að kaupa, án tillits til tollanna og án tillits til verðsins, þannig að það

er ekki líklegt, að eftirspurn og sala á þessum varningi hefði vaxið, þó að tollarnir lækki. Það kann að vera sagt á móti þessum rökstuðningi, að klæðagerð færðist meira inn í landið vegna gengisbreytingarinnar og að þar af leiðandi lækki tolltekjur af þeim ástæðum. Það kann að vera eitthvað til í þessu, en þó virðist eftir aths. frv. að dæma sem komizt sé að annarri niðurstöðu, því að þar segir, þegar búið er að fjalla um lækkanirnar á fatnaði:

„Var talið, að með þeim hætti mundi draga úr innkaupum, sem ferðamenn, farmenn og flugáhafnir gera erlendis á þessum vörum og flytja inn í landið, án þess að til tollgreiðslu komi. Markaður innanlands fyrir fatnað mundi þannig aukast til hagsbóta fyrir verzlun og fatagerð."

Hér er fyrst og fremst talað um tolltekjur, sem annars hefðu glatazt, eða innlenda framleiðslu í stað þeirrar, sem flutt var inn, án þess að ríkissjóður hefði neinar tekjur af. Mér finnst nú, að allir þessir útreikningar séu næsta hæpnir, sem ég hef hér nokkuð komið að, og mér finnst það hæpin vinnubrögð að boða niðurskurð á fjárlögum vegna samþykktar frv., en neita að upplýsa, hvaða liðir það séu, sem lækka ber. Mér finnst það ógeðfelld vinnubrögð, og ég skil ekki, hvaða tilgangi þau eiga að þjóna. Vitanlega hlýtur hæstv. ríkisstj. að vera búin að gera sér grein fyrir því, að hún geti lækkað útgjaldaliði fjárlaga um 100 millj. kr., þegar hún leggur þetta frv. fram. Hvers vegna má þá ekki segja það? Hvers vegna megum við ekki vita, hvaða liðir það eru, sem lækka ber, og hvers vegna mega ekki a. m. k. hv. þm. stjórnarflokkanna vita þetta? En þeir virðast ekki vita það, eða vilja a. m. k. ekki kannast við það.

Þrátt fyrir þessi vinnubrögð, sem mér finnst hæpin, bæði þetta að skera svona niður tollalækkunina, sem búið var að boða og fólk var farið að reikna með, og svo hitt, að vilja ekki upplýsa, hvaða liði eigi að lækka, þá höfum við í minni hl. gert till. um það að samþ. þetta frv. Og það gerum við vegna þess að við vitum, hversu mikil nauðsyn þessi tollalækkun er, hversu mikil nauðsyn það er fyrir almenning í landinu, að verðhækkunaráhrif gengislækkunarinnar verði tekin til baka, þó að ekki sé að fullu, eins og lofað var, þá a. m. k. að þessu leyti. Og við gerum það þá jafnframt í trausti þess, að þessi umrædda endurskoðun fjárlaga, sem nú stendur yfir, láti fyrst og fremst að sparnaði og aukinni ráðdeild í ríkisrekstrinum sjálfum.

Þegar tollskráin hefur verið til meðferðar hér á hv. Alþ. á undanförnum árum, hafa einstakir þm. stjórnarandstöðunnar oft borið fram nokkrar brtt. við tollskrána. Þær brtt. eru að ég held flestar, sjálfsagt allar, þannig vaxnar, að það hefði verið ástæða til þess að taka þær upp hér, þær eiga rétt á sér, að mínum dómi. Við höfum ekki gert þetta núna, vegna þess að við vildum koma til móts við hæstv. fjmrh. og flýta afgreiðslu þessa frv., og heldur ekki vegna þess, að fyrir lá mjög skýr og skorinorð yfirlýsing frá hv. formanni fjhn. um það, að slíkar till. mundu verða felldar, svoleiðis að við töldum þá ekki ástæðu til þess að leggja vinnu í það að þessu sinni að flytja þær. En ég nota þetta tækifæri til þess að undirstrika þær engu að síður og leggja áherzlu á það, að margt af því, sem þar greinir, þarf að ná fram að ganga.

Ég minni t. d. á tollalækkun á hráefni til iðnaðarins. Við þurfum að efla íslenzkan iðnað, eins og ég kom inn á áðan, og það er enginn vafi á því, að ein leiðin til þess er að lækka tolla eða fella niður tolla á því hráefni, sem iðnaðurinn þarf að nota, til þess að gera hann samkeppnisfæran við innfluttar vörur, því að okkur veitir ekkert af því að búa vel að iðnaðinum, vegna þess að hann á í vök að verjast af mörgum ástæðum, og ein ástæðan, og ekki kannske sú sízta er sú, að fólk virðist fremur vilja kaupa það, sem útlent er. Það þarf líka að uppræta þann hugsunarhátt eða draga úr honum, kenna fólki það, að íslenzk vara getur verið fyllilega sambærileg við það, sem bezt gerist annars staðar, og raunar þarf að ganga lengra. Það þarf að koma því inn hjá fólki, að íslenzk vara sé bezt og það sé sjálfsagt fyrir Íslendinga að nota íslenzkar iðnaðarvörur. En til þess að hægt sé að framleiða slíkar vörur, þarf að búa betur að iðnaðinum en gert er í dag.

Ég minni ennfremur á tollalækkun á vélum til landbúnaðarins, til samræmis við vélar, sem notaðar eru í sjávarútvegi. Það sýnist vera sanngirnismál, ekki sízt eins og landbúnaðurinn er á vegi staddur nú og nýlega er búið að rifja upp hér í þessari hv. d., og skal ekkert af því endurtekið af mér.

Þá mætti einnig minna á málmiðnaðinn. Málmiðnaðurinn er mjög tæpt staddur, eins og við vitum hér margir, og mér dettur ekki í hug, að sú tollalækkun upp á 14 millj. kr., sem þetta frv. hefur að geyma, skipti sköpum fyrir málmiðnaðinn. Það dettur mér ekki í hug. Slíkar vonir get ég ekki alið um það, þar þarf meira til að koma.

Ég get sömuleiðis minnt hér á háa tolla af rafknúnum heimilistækjum. Ég hygg, að húsmæður a. m. k. flokki ekki heimilistækin undir óþarfa eða lúxus. Ég hygg, að þau séu á heimilunum talin til nauðsynja. Vitanlega væri æskilegt að bera fram till. til lækkunar á tollum á heimilistækjum, og vitanlega þarf sá tollur að lækka. Það er annað mál, að það er þýðingarlaust að vera að bera fram frv. og till. um tollalækkanir, sem búið er að lýsa yfir af þeim, sem völdin hafa, að verði ekki samþykkt.

Loks minni ég á það, að hér hafa verið fluttar till. um endurgreiðslu tolla af byggingarefni, einhverri tiltekinni fjárhæð af hverri meðalíbúð. Það kann að vera, að það sé erfitt í framkvæmd en byggingarkostnaðurinn er eitt af því, sem við verðum að ráða við, og ein leið til að lækka hann er sú, ef hægt væri að lækka tolla af byggingarefni eða endurgreiða þá á einhvern þann hátt, sem að gagni mætti koma.

Ég ætla nú ekki að hafa þessa upptalningu lengri, en ég bara minni á það, að enda þótt við höfum ekki séð ástæðu til þess að flytja þessar till. að þessu sinni, eru þær geymdar en ekki gleymdar, og nauðsyn þeirra er alveg sú sama og þegar þær voru fyrst fluttar, vegna þess að í þessum málum hefur lítið sem ekkert verið gert.

Það er alveg rétt, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn.

gat um hér, að við, sem undirrituðum nál. minni hl. á þskj. 273, erum einnig meðflm. að brtt. við frv., sem birtar eru á þskj. 271. Þar er, eins og hann gat um, að verulegu leyti um lagfæringar að ræða. Það er árangur þeirra mörgu erinda, sjálfsagt 20 til 30 eða fleiri, frá einstökum aðilum, sem send voru til tollskrárnefndar, eftir að hún hafði lokið störfum, og til okkar í fjhn., eftir að við tókum við málinu. Það eru þau erindi, sem tollskrárnefnd og fjhn. hafa komið sér saman um að fallast á. Ég skal gjarnan staðfesta það, sem hann sagði, að þær brtt., sem hann flytur einn, hv. 12. þm. Reykv., á þskj. 272, eru allar þannig, að a. m. k. ég fyrir mitt leyti hefði gjarnan viljað vera meðflm. að þeim, og ég rengi það ekki á nokkurn hátt, að ástæðan til þess, að hann flytur þær einn, sé sú og sú ein, að erindin hafi borizt það seint til hans, að honum hafi ekki unnizt tími til þess að sýna þau í n. Þetta get ég vel skilið, og ég vil leyfa mér að þakka honum fyrir það, að hann kemur þeim á framfæri, vegna þess að mér hafa verið kynntar a. m. k. tvær af þessum till., og ég hef sannfærzt um það, að þær eru réttlætismál, og því vænti ég þess, að þær fái sömu afgreiðslu eins og þær væru fluttar af fjhn. allri. Enda kom það nú fram hjá hv. 12. þm. Reykv., að hann hafði haft samráð við fjmrh., og ætti þá ekki að þurfa frekari stuðnings við þessar till.

Ég skal svo, herra forseti, ekki eyða meiri tíma d. í að ræða þetta frv., en um það og aðdragandа þess mætti vissulega margt fleira segja, og ég ætla mér ekki að eyða meiri tíma í það núna. Ég held, að ég láti þessi fáu orð nægja að sinni.

Hjalti Haraldsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, að eins og þegar hefur verið lýst, erum við Alþb.-menn samþykkir meginstefnu frv. eins og það liggur fyrir. En þar sem það hefur þegar verið gert ljóst, að ástæður ríkissjóðs eru þannig, að þessar tollalækkanir er ekki hægt að gera öðruvísi en að afla tekna í ríkissjóðinn á einhvern annan hátt og engin skýring gefin á því, hvernig þeirra skuli aflað, vil ég átelja það, að þm. skuli ekki gefnar frekari skýringar á því fyrr en eftir á, svo að þeir hafa enga möguleika á því að meta það, hvort skynsamlegt er að gera þessar lækkanir og láta þá ógerðar þær ráðstafanir, sem á eftir koma og óhjákvæmilega hljóta að valda röskun hjá almenningi. Þessi afstaða okkar til frv. þýðir þess vegna ekki það, að við samþykkjum þar með þær ráðstafanir, sem gerðar kunna að verða til þess að afla ríkissjóði tekna í staðinn.

Ég hefði viljað bera fram ýmsar brtt. við þetta frv., en þar sem því hefur verið lýst yfir, að engar breytingar verði samþykktar aðrar en þær, sem n. hefur þegar gert till. um, sé ég enga ástæðu til þess að tefja málið með slíku, en vona hins vegar, að innan skamms verði tollalöggjöfin í heild tekin til rækilegrar endurskoðunar, því að mér sýnist við lauslega athugun, að ekki veiti af slíku, eins stórgloppótt og hún virðist vera. Og þegar litið er á það frv., sem hér liggir fyrir, og þær breytingar, sem það gerir ráð fyrir, sýnist mér, að þegar sleppir meginbreytingum frv., sem eru í sambandi við vefnaðarvörur, fatnað, matvörur og ýmsar aðrar heimilisvörur, sé hún meira og minna tilviljanakennd og beri fremur keim af því, að einstaklingar og fyrirtæki hafi fengið aðstöðu til þess að ota sínum tota en að um samræmda heildarstefnu í þeim málum sé að ræða. Ég vil t. d. benda á, að engin einasta grein þessa frv. bætir aðstöðu landbúnaðarins að neinu verulegu leyti. Mun þó hæstv. ríkisstj. vera vel kunnugt um það, að þeirri atvinnugrein veitir ekki síður af verulegri aðstoð en öðrum atvinnugreinum.

Ég ætla svo ekki að tefja umr. um þetta frekar að sinni og læt máli mínu lokið.

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. sagði hér í nýlokinni ræðu sinni: „Þetta frv. gerir svo sem ekki neitt til að laga aðstöðu íslenzks iðnaðar.“ Ég er hér ósammála þessum hv. þm. En hann sagði einnig: „Þessi tollalækkun skiptir ekki sköpum fyrir íslenzkan málmiðnað.“ Þessu er ég einnig ósammála og undrar mig þessi umsögn.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir þeim breytingum, sem hér er lagt til að gera á aðflutningsgjöldum. Sérstaklega vil ég þar til nefna gjöld af járni, stáli og öðrum málmum, sem nú er lagt til að lækka úr 15% niður í 5%. Boltar og rær lækka úr 50% niður í 35% og sumar stáltegundir úr 35% niður í 5%. Ég lít á þessar tollalækkanir ekki aðeins sem fjárhagsatriði, heldur einnig sem mikilsverða stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. þess efnis, að ríkisvaldið sé ákveðið í því að standa með og aðstoða íslenzkan járniðnað í erfiðu atvinnuástandi. Ég er viss um, að þetta hefur tilætlaðan árangur. Það er nú stutt á milli stórra átaka, sem verða mega til þess að koma íslenzkum járniðnaði til bættrar aðstöðu. Ég á þar við ákvörðun hæstv. ríkisstj., að smíði strandferðaskipanna skuli framkvæmd á Akureyri. Ég hef heyrt, að Akureyringar líti á þessa ákvörðun mjög fagnandi. Á sama hátt fagna járniðnaðarmenn og málmiðnaðarmenn um allt land þessari ákvörðun um lækkun stál- og járntolla, sem nú eru ráðgerðir. Þessi ákvörðun verður án efa til þess, að skipaviðgerðir og margs konar stálsmíði færist nú meira í eðlilegan farveg og þessi þjónusta verði ekki sótt til erlendra stéttarbræðra, eins og íslenzkir járniðnaðarmenn hafa orðið að horfa upp á að undanförnu.

Önnur stórbreyting, sem frv. þetta gerir ráð fyrir og viðkemur íslenzkum iðnaði, er tollalækkun á fatnaði, úr 90% tolli niður í 65%. Þetta hefur vissulega í för með sér erfiða samkeppnisaðstöðu fyrir íslenzkar fatagerðir, en til að koma þar á móti eru lækkaðir tollar á dúkum til fatagerðar úr 65% og 50% niður í 40%. Þessi ráðstöfun gerir meira en vega á móti lækkun tilbúins innflutts fatnaðar. Sama er að segja um garn úr gerviefnum, sem fellt er nú niður úr 30% og 15% tolli í 10% og ullargarn fint, sem ekki er spunnið í landinu, en notað til vefnaðar og í vélprjón, það er fellt úr 50% tolli í 25%. Hér er um verulegar lækkanir að ræða, sem eiga eftir að koma fram í lækkuðu verðlagi til neytenda. Tollskrárnefnd hefur að sjálfsögðu undirbúið lagafrv. þetta, en í n. þeirri á m. a. sæti framkvæmdastjóri

Félags ísl. iðnrekenda. Í aths. með frv. er þess einnig getið, að fulltrúar bænda og launþega hafi fylgzt með málinu innan n. Má því segja, að samstaða sé með þessar lækkanir, svo langt sem þetta nær. Einnig má segja, að þeir starfsmenn Stjórnarráðsins, sem starfað hafa að þessu máli, hafi sýnt sérstaka sanngirni og tilhliðrunarsemi. Það hefði verið ánægjulegt, ef nú hefði verið hægt að ganga enn lengra með niðurfærslu á tollum margra nauðsynjavara og t. d. margs konar efnivara til bygginga. Upplýst hefur verið við umr. um þetta mál hér í hv. þd., að þetta hafi einnig verið fyrirhugað. Hins vegar viðurkenna allir sanngjarnir menn, að það sérstaka ástand, sem nú er hjá útflutningsatvinnuvegunum, leyfi ekki stærri skammt til lækkunar tolla nú, og í sjálfu sér má það teljast undravert, að tollalækkun þessi skuli nú vera möguleg. Ég vænti, að fyrsta tækifæri verði notað til þess að klífa enn meir niður stigann og fagna þessari byrjun.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. fjhn. fyrir góða afgreiðslu þessa máls, og þá ekki síður til þess að þakka hv. talsmönnum stjórnarandstöðuflokkanna, hvernig þeir hafa tekið á málinu. Ég er í engum efa um það, eins og þeir hafa báðir lýst, að þeir hefðu gjarnan viljað gera hér ýmsar aths. og koma við ýmsum breytingum, eins og við var að búast, þar sem frv. er ekki undirbúið af þeim. Og ég sé því sérstaka ástæðu til þess að þakka þeim fyrir, að þeir hafa látið það hjá líða, þar sem það mundi hafa dregið afgreiðslu þessa máls og torveldað, að það gæti gengið með þeim hraða, sem nauðsynlegur er, því að það skal fúslega játað, að það er búið að taka of langan tíma, þetta mál, af þeim ástæðum, sem ég gerði grein fyrir í minni framræðu um það, vegna þeirra aðstæðubreytinga, sem orðið hafa og hafa leitt til þess, að það hefur orðið að endurskoða frv. í grundvallaratriðum.

Ég hefði vitanlega haft gaman af því að gera aths. við eitt og annað af því, sem fram hefur komið hér, og skýra ýmis atriði betur, sem aths. hafa verið gerðar við varðandi tollamálið sjálft. Ég sé enga ástæðu til þess að fara að ræða sérstaklega um efnahagsástandið eða þær aðstæður, sem hafa skapazt nú eftir áramótin í sambandi við sjávarútveginn, og hvaða orsakir hafa til þess leitt. Þau mál munu koma hér inn í þingið nú alveg á næstunni og verður þá vafalaust það tækifæri notað til þess að ræða efnahagsmálastefnuna og þá þróun, sem hefur orðið í þeim efnum nú að undanförnu og hefur leitt til þess, að óumflýjanlegt verður að leita nú samþykkis Alþ. til þess að veita sjávarútveginum viðbótaraðstoð.

Það er vitanlega rétt, sem var sagt hér af hálfu hv. 3. þm. Norðurl. v., að það er erfitt að ræða þetta mál í öllum atriðum nema hafa mynd þess fyrir sér, bæði í sundurliðaðri aðstoð við sjávarútveginn og einnig þær lækkanir á útgjöldum ríkissjóðs, sem fyrirhugaðar eru til að mæta að verulegu leyti tollabreytingunni. Og ég vil jafnframt taka það fram, að vitanlega hefur ríkisstj. lofað sjávarútveginum þeirri aðstoð, sem um hefur verið rætt, að því tilskildu, að samþykki Alþingis fáist til þess, þannig að sú skuldbinding, sem ríkisstj. hefur gert, er gerð með þeim fyrirvara. Og það mál hlýtur að koma hér til kasta þingsins. Ef Alþ. staðfestir ekki það samkomulag, sem gert hefur verið með þeim fyrirvara, er það að sjálfsögðu úr gildi fallið með þeim afleiðingum, sem það kann að hafa, þannig að enn sem komið er hefur engu fé verið ráðstafað formlega af Alþ. í þessu skyni, þó að ríkisstj. vonist að sjálfsögðu til þess, að þingið geti fallizt á þær röksemdir, sem liggja að baki þeirrar ákvörðunar, sem ríkisstj. hefur tekið og geti fallizt á þau rök, sem liggja til þeirrar niðurstöðu. Hér hefur verið rætt um niðurskurð á ríkisútgjöldum og menn hafa af eðlilegum ástæðum spurt að því, hvort ekki væri hægt að upplýsa, hvað ætti að gera í því efni og enda af sumra hálfu verið tekið fram, að það gæti haft veruleg áhrif á afstöðuna til tollabreytingarinnar, að menn jafnvel myndu vilja fórna henni heldur en skera niður þau útgjöld, sem hugsanlegt væri að skera niður til að mæta þessum tekjumissi, sem af tollabreytingunni leiðir.

Vitanlega hefur þetta sama sjónarmið verið til hliðsjónar hjá ríkisstj., þegar rædd hafa verið hugsanleg úrræði til niðurskurðar á útgjöldum, þannig að það er auðvitað rétt, að sum útgjöld ríkissjóðs eru með þeim hætti, að menn vildu gjarnan fremur halda þeim heldur en tollabreytingunni. Þetta er alveg rétt, og þessu hefur ríkisstj. gert sér grein fyrir, og eins og ég sagði í framræðu minni, er samleikurinn sá, að það er ekkert auðvelt að skera niður útgjöld ríkissjóðs. Ef það væri auðvelt, er þetta auðvitað hrein vanræksla hjá fjmrh. að vera ekki búinn að gera það eða að hafa látið hjá líða að lækka um þessar 100 millj., þegar fjárlög voru til afgreiðslu hér fyrir jólin. Og einmitt þetta er orsökin til þess, að ég er ekki reiðubúinn í einstökum atriðum að gefa hér á þessu stigi málsins yfirlýsingu um það, hvernig þessum niðurskurði útgjalda verði háttað. Það kom ekki til fyrr en eftir áramótin, að það var talið óumflýjanlegt að fara inn á þessa braut og raunar ekki fyrr en séð var, hvernig aðstoðinni við sjávarútveginn yrði háttað, þannig að það hefur ekki unnizt langur tími til þess að undirbúa þennan niðurskurð, og þó að þeim í fljótu bragði kunni að virðast ekki sérlega erfitt að skera niður 100 millj. af fjárlögum, þar sem bein ríkisútgjöld nema á 6. milljarð kr., er það engu að síður svo, að þetta er langt frá því að vera einfalt mál. Og það er þess vegna ekki mögulegt, og vona ég, að hv. þm., þó að þeim þyki leitt að geta ekki fengið slíka grg., skilji það, að mér er það ekki mögulegt í einstökum atriðum nú. Þótt ég að sjálfsögðu hafi gert mér grein fyrir því og ríkisstj., að þetta væri hægt, þá eru ýmis atriði þessa máls enn þá á því athugunarstigi og kunna að leiða til breytinga frá því, sem er í dag, þar til endanleg niðurstaða er fengin, þannig að það verði valdir e. t. v. aðrir liðir, vegna þess að það sýni sig, að óviðráðanlegt sé að gera það, sem við höfum hugsað okkur nú, og því tel ég mér því miður ekki gerlegt að gefa þessa grg.

Þetta vildi ég, að kæmi fram og hins vegar þá jafnframt skýra frá því, að þetta frv. varðandi

niðurskurð ríkisútgjalda verður lagt fyrir Alþ. svo fljótt sem mögulega er hægt að koma því við, því að sjálfsögðu mun það þurfa að koma til kasta þingsins að fá heimild til þess að lækka þau útgjöld fjárlaga, sem til stendur að draga úr.

Að lokum vildi ég svo segja það út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, að þessi tollskrárbreyting er ekki tilviljanakennd og hún er ekki miðuð við það, að neinir einstakir aðilar hafi komið hér að neinum áróðri, það er langt í frá. Hún er miðuð við alveg ákveðin sjónarmið. Það kunna enn að vera ýmsir gallar á tollskránni. Það er mér eins ljóst og hverjum öðrum, að það þarf auðvitað, eins og hann sagði réttilega, að halda áfram endurskoðun hennar og það er það, sem til stendur á næstu árum, að gera víðtækar breytingar á tollakerfinu. En ég vil að það komi greinilega fram, að hér hafi ekki átt sér stað nein óeðlileg tillitssemi við einn eða annan einstakan aðila, heldur hefur heildarsjónarmiðið verið það, eins og reyndar allir hv. þm., sem um þetta mál hafa talað hér hafa staðfest, að það hefur verið leitazt við að ná árangri með þessari takmörkuðu fjárhæð í þá átt að orka sem mest til lækkunar á nauðsynjavörum almennings. Þess vegna hefur ekki verið farið út í hráefnalækkanir nema það, sem þar hefur þurft að gera í beinu sambandi við lækkun á fullunninni vöru. Það hefur ekki verið farið út í vélatolla, hvorki til landbúnaðar né iðnaðar né sjávarútvegs, vegna þess að það út af fyrir sig hefði ekki þjónað þeim tilgangi, sem við erum að stuðla að með þessu, þó að það geti verið full rök fyrir því að gera það miðað við aðrar aðstæður. Og það er út af fyrir sig eðlileg fsp., sem hér kom fram frá hv. 11. þm. Reykv., að það mætti hafa verið, að það hafi verið hægt að fella niður eða það hafa fallið niður um 90 millj. kr., án þess að það hefði veruleg áhrif á vísitölulækkunina, og hvort ekki hefði mátt nota þá fjárhæð til þess að lækka vísitölu meira.

Það er rétt, að í rauninni er breytingin frá upphaflega frv. sáralítil varðandi vísitöluáhrif eða úr 1.65 niður í 1.59, sem lítur fljótt á litið einkennilega út. Það skil ég mætavel. En ástæðan til þess, að breytingin er ekki meiri en þetta, er sú, að eftir að sýnt var, að ekki var hægt að hafa upphæðina svona háa og taka alla þá vöruflokka, sem við hefðum viljað, var farið inn á þá braut að lækka meira ýmsar vörutegundir, sérstaklega matvöruna, heldur en gert hafði verið ráð fyrir, þegar við reiknuðum með 250 millj. kr. ráðstöfunarfé, en til þess liggja aðrar orsakir, að það var ætlunin í þeirri tollabreytingu að lækka ýmsar vörur, sem ekki hafa mikil áhrif á vísitölu. Það eru m. a. pappírsvörur, umbúðir og annað þess konar. Það voru gólfteppi, það voru húsgögn, sem að vissu leyti var þó talið varasamt vegna innlendrar framleiðslu að lækka, sérstaklega húsgögnin. Þetta hefur ekki mikil vísitöluáhrif, en hefði engu að síður verið æskilegt að lækka. Og það var jafnframt ætlunin að lækka almennt heimilistæki. Það er rétt, sem hv. þm. vék að, að það væri æskilegt að gera það. Það hefur því miður ekki nein veruleg vísitöluáhrif. Þá má jafnframt á það benda, af því að hér hefur verið rætt um hagsmuni íslenzks iðnaðar, að það var miklum vanda bundið, vegna þess að viss rafmagnsiðnaður hér í landinu var mjög andsnúinn því, að tollalækkanir væru á innfluttum vörum í þessari grein. Og eins og getið er um í frv., hefðum við gjarnan viljað lækka fatnað meira. Það hefði vissulega verið mjög æskilegt að lækka tilbúinn fatnað meira og raunar jafnvel taka afleiðingunum af því og lækka fataefni meira, en þá kom bara innlendur fatavefnaður og þar fyrir neðan innlend gæruframleiðsla, þannig að það kom á daginn, að það var bara ekki hægt að lækka þetta meira, ef átti að ná saman sæmilegu samkomulagi við iðnaðinn, sem ég tel grundvallaratriði að náist á þessu stigi, svo að ekki þurfi að verða um þetta mál miklar deilur nú.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar, herra forseti, en endurtek þakkir mínar til hv. þm. fyrir það, að þeir skuli hafa reynt að greiða götu málsins eins og raun ber vitni.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Þetta frv. og aðdragandi þess hefur orðið til þess að vekja hér nokkrar umr., sem hafa nú sumpart verið í eldhúsdagsstíl. Menn hafa almennt gert aths. við fjármálaástandið í landinu og það, hvernig ríkisstj. hefur staðið að þeim málum öllum saman. Um þessa hluti fór ég fáeinum orðum við 1. umr. málsins og mun ekki endurtaka neitt af því, og ég er hér kominn eingöngu til þess að gera aths. við eitt atriði í þeim brtt., sem hv. fjhn. d. leggur hér fyrir, og það er 1. liðurinn í þeim brtt., sem frá n. koma. Hann er á þá leið, að kaffi í smásöluumbúðum, 2 kg eða minna, skuli tolla með 10% tolli, þar sem enginn tollur var áður.

Þegar þetta frv. var lagt fyrir, var mjög talað um það, að það vissi á tollalækkun og tilgangur þess væri sá að draga nokkuð úr þeim álögum, nokkuð úr þeirri dýrtíð, sem af gengisbreytingunni hlaut að leiða, alveg sérstaklega með tilliti til þess, að tollurinn yrði miklum mun hærri í krónum talið, ef tollskráin stæði með sömu tollprósentu og áður var. Úr þessu átti að draga, og þetta var yfirlýsing, sem fylgdi frá ríkisstj. hálfu, og hún var talin góðra gjalda verð af stjórnarandstöðunni í þessum efnum. Það kom einnig fram í grg. ríkisstj. um þetta mál, að það væri ekki til þess gert að koma á réttan kjöl iðnaði eða iðngreinum, sem reknar eru í landinu, heldur miðað við það að gera aðstöðu þeirra ekki verri en áður. Undir hvorugt af þessum atriðum, sem voru höfuðforsendur frv., getur það fallið að taka upp að nýju toll á vörum, sem enginn tollur var á áður. Ég vil vekja athygli d. á þessu atriði, og ég leyfi mér að láta í ljós þá hugmynd, að á bak við svona till. muni það fyrst og fremst búa, að hér hefur verið að unnið með miklum hraða, sem við höfum allir, sem til máls höfum tekið um þetta mál hér í d., tekið undir, að við teldum ekki óeðlilegt, að á væri hafður við afgreiðslu þessa máls eins og allt er í pottinn búið.

En ég vil sem sagt ekki láta þessa brtt. fara í gegn hér í þessari d. án þess að d. veiti því athygli, að hér er verið að taka upp nýjan toll, sem

ekki var áður. Og mér finnst það algerlega ósæmandi, ekki sízt í sambandi við þetta frv., sem borið er fram til tollalækkunar. Ég álít, að eðlilegast væri að hv. n. kæmi saman einu sinni enn fyrir atkvgr. um frv. og skoðaði það, hvort henni er það raunverulega alvara að ætla að flétta slíkum málum hér inn í þetta frv., af því að ég hygg, að hér sé frekar um slys að ræða heldur en hitt, að n. finnist þetta viðeigandi. En ef n. sæi ekki ástæðu til þess arna, vil ég skora á þessa hv. þd. að láta málið ekki frá sér fara þannig, að hér hafi verið bætt inn í frv. ríkisstj. lið um nýjan toll á eina almennustu neyzluvöru þjóðarinnar, kaffi, sem hér er greinilega upp tekinn með þessari brtt., og til þrautar, ef ekki koma neinar till. frá n. um að taka þessa till. til baka, ætla ég að biðja hæstv. forseta d. um að bera þennan lið upp sérstaklega, svo að þm. gefist þá kostur á því að greiða atkv. á móti honum, þeim, sem annars fella sig við frv. og samþykkja það að öðru leyti.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hér er nú komið fram yfir venjulegan fundartíma, og ég skal ekki halda hér langa ræðu. Ég ætlaði aðeins að víkja að örfáum atriðum, sem fram hafa komið um málið síðan ég talaði hér áðan. Ég vil þá fyrst leyfa mér að beina örfáum setningum til hv. 7. landsk. þm., sem talaði hér áðan. Hann gerði að umtalsefni þessar tollalækkanir og áhrif þeirra gagnvart iðnaðinum. Ég er náttúrlega ekki maður til þess að ræða málefni iðnaðarins við hann á neinum jafnréttisgrundvelli, þar sem þetta er nú einn helzti iðnrekandi landsins, sem hér á hlut að máli. En ég vil þó gera nokkrar aths. við það, sem hann sagði hér áðan.

Í fyrsta lagi sagði hann, að tollalækkunin á efni til fataiðnaðarins, þ. e. a. s. á hráefninu, gerði meira en vega upp á móti tollalækkun á fullunnum fatnaði. Þetta er alveg ný kenning, sem ég minnist ekki að hafa heyrt fyrr, og hún styðst a. m. k. ekki við það, sem höfundar frv. halda fram, vegna þess að á bls. 17 í frv. er sagt berum orðum, að „þessi lækkun hráefnatolla miðast við, að samkeppnisaðstaða iðnaðarframleiðslu í landinu gagnvart innfluttum iðnaðarvörum sé ekki lakari en hún var fyrir gengisbreytingu".

Ég hygg, að það hafi verið viðmiðunin og að lengra sé ekki gengið í þessum till., eða a. m. k. þykir mér ósennilegt annað en það hefði komið fram, þegar þetta mál hefur verið rætt hér, í framsöguræðu hæstv. fjmrh. og annars staðar, ef hér væri gengið lengra heldur en aths. segja, þá hefði það ekki legið í láginni. Og mín umsögn um þetta atriði var byggð á þessu, á aths. frv. og svo því, að aths. við það höfðu ekki komið fram.

Þá vitnaði hv. 7. landsk. þm. enn fremur í þau orð, sem ég sagði hér áðan, að frv. skipti ekki sköpum fyrir málmiðnaðinn og sagði, að sig furðaði á þeim ummælum. Ja, ég veit náttúrlega ekki svo gerla um það, hversu risavaxnir erfiðleikar málmiðnaðarins hafa verið, en mikið hefur nú verið af þeim látið og margar smiðjur hafa átt í vök að verjast, sumar lokað og aðrar sagt upp fólki. Og ég verð að segja það, að það hefur þá verið gert mikið meira úr þessum erfiðleikum heldur en efni stóðu til, ef tollalækkun úr 15% í 5% skiptir sköpum fyrir þennan iðnað, sérstaklega þegar það er líka haft í huga, að tollprósentan leggst á 33% hærra verð heldur en hún áður gerði. Þessi eftirgjöf tolla, sem frv. fjallar um, nemur 14 millj. kr. og er vafalaust miðuð við þá tolla, sem verða mundu, ef engin tollalækkun hefði átt sér stað, eftir að gengisbreytingin fór fram. Það kann vel að vera, að þessi lagfæring skipti sköpum fyrir málmiðnaðinn. En það leyfi ég mér stórlega að draga í efa, og ég held, að það hefði ekki verið lögð eins mikil áherzla á erfiðleika málmiðnaðarins eins og gert hefur verið, ef það væri eitthvað nálægt 10 millj. kr. viðfangsefni, sem sköpum skiptir, þótt á ári sé. En ekki meira um það.

Hæstv. fjmrh. treysti sér enn þá ekki til þess að upplýsa hv. þm. um það, hvaða rekstrarútgjöld eða fjárfestingarútgjöld ríkissjóðs það eru, sem hæstv. ríkisstj. hefur í huga að draga úr til þess að mæta þessari lækkun. Þetta þykir mér mjög miður farið. Ég viðurkenni það að vísu, að það er vafalaust ekkert auðvelt verk fyrir hann að taka nýafgreidd fjárlög og skera útgjaldaliðina þar niður um 100 millj. kr. Engu að síður hlýtur það að hafa legið fyrir í hæstv. ríkisstj., að þetta væri hægt. Og á hverju er hægt að byggja, að það sé hægt, nema á athugun á þeim liðum, sem hægt er að lækka, og þess vegna finnst mér þessi röksemdafærsla tæpast standast.

Ég hef þá trú og ég ber það traust til hæstv. fjmrh., að hann gefi ekki yfirlýsingu um það á Alþ., að það muni verða lækkuð útgjöld samkv. fjárlögum árið 1968, án þess að vera búinn að athuga það. Vitanlega er hann búinn að athuga það. Annars getur hann ekki gefið þessa yfirlýsingu, og sé hann búinn að athuga það, hlýtur hann að vita, hvaða liðir það eru, sem helzt til greina koma. Það er það, sem ég fór fram á hér áðan að fá upplýst. Annað ekki. Og ég endurtek það, að ég er leiður yfir því, að það skuli ekki fást gleggra svar við þessari spurningu heldur en kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan. Hann sagði, að það væri ekki langur tími, sem hann hefði haft til stefnu til þess að athuga niðurskurð fjárlaga, vegna þess að þessi sérstöku viðfangsefni hefðu ekki komið fram fyrr en eftir áramót. Það er vafalaust rétt. En þessi tími hefur þó nægt honum til þess að staðhæfa það hér á hv. Alþ., að hægt væri og gert mundi að lækka fjárlögin um 100 millj. kr., og sá tími, sem nægir til þess, nægir líka til þess að benda á þá liði, sem lækka á.

Um það atriði, að þær 90 millj. kr. af ráðgerðri tollalækkun, sem ekki var nú hægt að láta koma til framkvæmda, mundu ekki hafa haft mikil áhrif á lækkun vísitölunnar, má vafalaust mjög margt segja. Ég held, að það þýði ekki að halda því fram hér, að það sé ekki hægt að lækka innflutningstolla um 90 millj. kr. á þann hátt, að það hafi áhrif á verðlagið til lækkunar, það þýðir ekkert að halda því fram. Það eru óteljandi liðir í tollskránni af nauðsynjavörum, sem eru tollaðar, og niðurfelling eða lækkun tolla á þeim mundi að sjálfsögðu hafa haft áhrif til lækkunar vísitölunnar, margs konar liðir aðrir en fatnaður, matvara og aðrar nauðsynjar, sem hlýtur að

vera hægt að lækka meira en þetta frv. gerir ráð fyrir, og 90 millj. kr., það er ekki lengi verið að eyða þeim.

Hitt kann svo að vera rétt, að þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. var búin að hugsa sér, væru þess eðlis, að þær hefðu ekki haft mikil áhrif á vísitöluna. Það er vafalaust rétt. Það upplýsti hæstv. fjmrh., og það upplýsti hv. 12. þm. Reykv. og ég sé enga ástæðu til að rengja það, en þá er það bara rangur endi á tollskránni, sem farið er í. Þá átti bara að fara í aðra liði og nota þessar 90 millj. kr. til þess, og það fær enginn mig til að trúa því, og ég held engan mann, að það sé ekki hægt í þessu tolltekjufargani ríkissjóðs að nota 90 millj. kr. á þann hátt, að það lækki vísitöluna. Það held ég að sé alveg fráleit kenning.

Ég skal svo láta þessum umr. lokið. Það er aðeins í sambandi við ummæli hv. síðasta ræðumanns, sem ég sé ástæðu til að taka það fram, að ég gerðist meðflm. að þessari till., um að taka upp 10% toll á umbúðir um innflutt kaffi. Ef þar stendur eitthvað annað, er það ekki með mínu samþykki, og sú ákvörðun mín byggist á því, að það kaffi, sem er framleitt hér í landinu sjálfu, er pakkað í innfluttan pappír, og af honum er greiddur tollur, og ég kem ekki auga á réttmæti þess, að innlendir kaffiframleiðendur greiði toll af sínum umbúðum, en þeir heildsalar, sem flytja inn kaffið í neytendaumbúðum, sleppi við hann. Mér finnst þetta vera rétt, og ég mun greiða atkv. með þessari till., hvort sem hún verður borin fram sérstaklega eða með hinum.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Þó að það væri nú ýmislegt, sem fram kom í framsöguræðu hv. 11. þm. Reykv., sem í sjálfu sér gæfi tilefni til aths., mun ég ekki lengja umræður hér með því að fara út í það, enda mun sjálfsagt hin almenna hlið efnahagsmálanna koma til umr. hér í hv. d. síðar. En ástæðan til að ég stend hér upp er eingöngu sú, að ég vildi gefa nokkru frekari upplýsingar um 1. brtt. fjhn. heldur en ég gerði í framsöguræðu minni. Nú er það að vísu þannig, að hv. 11. þm. Reykv. hefur þegar að verulegu leyti tekið af mér ómakið í því efni. Ég er sammála öllu, sem hann sagði um það atriði, og get vísað til þess. En ég tel þó rétt, fyrst þetta hefur verið rætt sérstaklega og á meðan nánari upplýsingar liggja ekki fyrir, að upplýsa það, að eins og nú er, er 40—50% tollur á umbúðum um kaffi, sem kaffibrennslurnar hér nota. Hins vegar er kaffi tollfrjálst, óháð því, hvort það er flutt inn án umbúða eða í umbúðum, þannig að ef þetta væri óbreytt, mundi vera um það að ræða, að kaffibrennslurnar hefðu beinlínis neikvæða tollvernd, en það þótti okkur ekki sanngjarnt.

Nú hefði auðvitað verið hægt að fara þá leið að fella alveg niður tolla af þessum umbúðum, en það hefði orðið miklu stærra mál, og ég skal ekki segja, hvort það hefði verið hægt af tolltæknilegum ástæðum, því að vera má, að þetta efni sé notað í ýmislegt annað. Eftir því, sem okkur var tjáð í fjhn., þegar þetta mál var rætt þar með sérfræðingum, hefur innflutningur á kaffi í smásöluumbúðum verið tiltölulega lítill, þannig að á vísitölu á kaffiverð ætti þetta ekki að hafa teljandi þýðingu, en það er auðvitað veruleg hætta á því, einmitt vegna gengislækkunarinnar og hins háa tolls, að þessi innflutningur hefði aukizt eða mundi aukast, ef þetta væri óbreytt, og það töldum við óeðlilegt með tilliti til innlendu kaffibrennslanna.

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. 11. þm. Reykv. hefur hér fellt nokkuð úr samhengi það, sem ég sagði áðan. Hann kvaðst efast um það, sem ég sagði, að tollbreyting á fatnaði gerði meira en vega upp á móti lækkun fatnaðarins, og vísaði þar í bls. 17 í grg. með frv. En hann stoppaði í miðri setningu, eða svo til. Ef hann hefði lesið áfram, stendur hér:

„Sýnilegt er, að ýmsar greinar iðnaðar eru mun betur settar eftir gengisbreytinguna en áður“, og þar með einnig vegna þessara breytinga.

Hann skar líka úr samhengi hér annað, sem ég sagði, og efaðist um, að málmiðnaður hefði nokkurn hag af þessari tollabreytingu og taldi hana smávægilega, þar sem hér væri aðeins um 14 millj. að ræða. En það, sem ég sagði hér áðan, var það, að ég liti ekki á þessar tollabreytingar aðeins sem fjárhagsatriði, heldur einnig sem mikilsverða stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. og það er aðalatriðið. Svo skal ég ekki orðlengja þetta meira.

ATKVGR.
Brtt. 271, a. 1 samþ. með 16:1 atkv.
Brtt. 272, 1. a. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 271, a. 2—4 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 272, 1. b. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 271, a. 5 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 272, 2 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 271, a. 6 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 272, 3 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 271, b. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 283).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 61. fundi í Nd., 13. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar, og var frv. útbýtt á fundinum eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir áramótin lýsti ég því

yfir, að ætlunin væri sú að nota þær umframtekjur, sem ríkissjóði kynnu að falla til á árinu 1968, til þess að létta almenningi eftir föngum áhrif gengisbreytingarinnar og þá fyrst og fremst með það í huga að nota meginhluta þeirrar fjárhæðar til lækkunar tolla. Þegar gengið var frá tekjuáætlun fjárlaga eftir gengisbreytinguna, var áætlað, að afgangur kynni að verða allt að 250 millj. kr. á þessu ári, og var reiknað með, að bróðurpartinum af því fé yrði varið til tollalækkana.

Meðan þinghlé var, var unnið að endurskoðun tollskrárinnar með þetta sjónarmið í huga og þing boðað saman fyrr en ella, m. a. til þess að hægt væri að afgreiða tollamálið, enda var þá tilbúið frv. miðað við þá áætlun, sem hafði verið stuðzt við, þegar undirbúningur þess frv. var ráðinn, og var í því frv. gert ráð fyrir tollalækkunum, sem mundu hafa kostað ríkissjóð á þessu ári eða *ársgrundvelli um 270 millj. kr.* Ástæðan til þess, að þetta frv. var aldrei lagt fram, er einfaldlega sú, sem öllum hv. þdm. er kunnug, að gerbreyting varð á tekjuhorfum eða réttara sagt tekjuafgangshorfum ríkissjóðs á þessu tímabili, vegna þess að um áramótin kom í ljós, að gera þyrfti sérstakar ráðstafanir bæði vegna bátaflotans og hraðfrystihúsanna umfram það, sem gengislækkunin rétti hag sjávarútvegsins, þannig að niðurstaðan af þeim athugunum hefur leitt til þess, að ríkisstj. hefur lofað að beita sér fyrir því, að Alþ. fallist á að veita sjávarútvegsins viðbótaraðstoð á þessu ári, sem mun nema um 322 millj. kr.

Það lá í augum uppi, að útilokað var að ráðast í tollalækkanir fyrr en séð væri fyrir endann á þeim athugunum, sem fóru fram á hag sjávarútvegsins. Ég sé ekki ástæðu til að fara hér í þessu máli að ræða orsakir þess, að til þessarar viðbótaraðstoðar þurfti að grípa. Það eru í undirbúningi nú sérstök frv. um það efni til útskýringar á því vandamáli, sem koma munu fyrir Alþ. innan tíðar, og vildi ég því vonast til, að hv. þm. gætu fallizt á að hefja ekki í sambandi við þetta mál almennar umr. um vandamál sjávarútvegsins eða efnahagsmál, nema það sem strengilega er nauðsynlegt til að útskýra viðhorf manna til þessa frv., og skal ég því ekki efna til umræðu um það af minni hálfu. En þessar niðurstöður, þessar 320 millj. kr. rúmar, sem gert er ráð fyrir, að verja þurfi til sjávarútvegsins, hafa að sjálfsögðu valdið því, að ekki varð um að ræða neinn þann tekjuafgang hjá ríkissjóði, sem menn gerðu ráð fyrir, þegar þau orð voru mælt, sem ég áðan sagði, að ég hefði viðhaft hér við lokaumræðu fjárlaga. Hvort menn vilja, eins og sumir hafa sagt, telja það vanefndir eða ekki, það verður hver að leggja út á þann veg, sem honum sýnist, en vitanlega hlýtur hver maður að skilja það, sem á það vill horfa með raunsæi, að þessi orð, sem mælt voru í sambandi við fyrirhugaðar tollabreytingar, byggðust á því viðhorfi, sem þá var, og horfum varðandi tekjuafgang á árinu, miðað við þau útgjöld, sem vitað var, að þá voru líkur til að ríkið þyrfti að standa undir.

Þessi nýju viðhorf hafa að sjálfsögðu leitt til þess, að annað tveggja varð að gera: Að falla frá tollabreytingunum eða þá að gera sérstakar ráðstafanir til þess að mæta þeim, annaðhvort að öllu leyti, eins og upphaflegt frv. miðaði við, eða taka málið til endurskoðunar og íhuga, hvort hægt væri að finna einhverja millileið í þessu máli. Niðurstaðan af þessum athugunum og hugleiðingum öllum er sú, sem felst í því frv. til breytinga á tollskránni, sem hér liggur nú til 1. umr. og felur í sér tollalækkanir, sem á ársgrundvelli mundu nema 159 millj. kr.

Þegar tollskrárnefndinni, sem var falið að undirbúa frv. til breytinga á tollskránni, var fengið og skilgreint sitt verkefni, var það á þeim grundvelli, að n. skyldi í meginefnum stefna að því, að tollabreytingarnar yrðu gerðar á nauðsynjavörum almennings, þeim vörum, sem verka þyngst á vísitölu. Ég hygg, að það sé nokkurn veginn samdóma skoðun manna, að nýja vísitalan sé raunhæft mat á neyzluvenjum almennings í dag, þannig að það feli ekki í sér neina fölsun, þó að áherzla sé lögð á að lækka vísitöluvörurnar, það sé í rauninni nákvæmur — sá nákvæmasti mælikvarði, sem við höfum í dag um það, hvaða vörur það séu, sem almenningur helzt notar, þannig að því meiri sem lækkun vísitölunnar er, því meiri kjarabót sé það fyrir allan almenning.

Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga til þess að skilja það, hvernig þetta frv. er samið. Eftir að nauðsynlegt reyndist að breyta frv. og miða við lægri fjárhæð, var á það lögð áherzla að taka út úr frv. þær breytingar, sem höfðu minnsta þýðingu varðandi neyzluvörurnar, enda kemur það á daginn, að upphaflega frv. miðaði við, að vísitöluáhrifin yrðu 1,65 stig, en frv. eins og það er nú miðar við, að vísitöluáhrifin séu sáralítið minni eða þau séu um 1.59 stig.

Varðandi viðhorfið til íslenzks iðnaðar er það að segja, að frv. er ekki ætlað að raska stöðu hans. Því var ekki ætlað að auka tollvernd iðnaðarins og ekki heldur að draga úr henni. Það er ljóst, að gengisbreytingin út af fyrir sig hefur stóraukið vernd íslenzks iðnaðar, frá 16—33%, þannig að hún hefur stórlega bætt aðstöðu hans, og það var ætlunin að fylgja því meginsjónarmiði í tollalagabreytingunni að gera stöðu iðnaðarins ekki lakari, þannig að þar sem fullunnar vörur hafa verið lækkaðar, hafa hráefni verið lækkuð um sömu prósentutölu, og reyndar er hlutfallið ekki alls staðar það, heldur iðnaðinum meira í hag, því að í ýmsum greinum vefnaðariðnaðarins er beinlínis um aukna tollvernd að ræða. En meginatriði málsins er það, að með þessu frv. var þess enginn kostur að taka afstöðu til vandamála iðnaðarins.

Öllum hv. þdm. er það kunnugt, að tollabreytingar hafa yfirleitt hnigið í þá átt að draga úr tollvernd iðnaðarins. Það er ekki gert heldur með þessu frv. Afstöðuna til iðnaðarins þarf að marka eftir langtíma prógrammi, sem nú er unnið að, og þá gert ráð fyrir því, að tollabreytingar verði í einhverjum ákveðnum áföngum og þá jafnframt gengið út frá því, að lækkun hráefnatolla komi á undan, til þess að iðnaðurinn fái nauðsynleg aðlögunarskilyrði. En þetta frv. er sem sagt enginn þáttur í því vandamáli, og iðnaðurinn hefur í verulegum efnum status

quo miðað við þetta frv. Það hefur verið höfð náin samvinna við samtök iðnaðarins, vegna þess að okkur var ljóst, að það var fyrst og fremst frá þeim aðila, sem búast mátti við gagnrýni, og hafa þeir átt aðild að tollskrárnefndinni, bæði fastafulltrúa þar og einnig sérstaka fulltrúa vegna þessarar athugunar, og ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða það, að eins og niðurstaða frv. er, geti iðnrekendur eftir atvikum sætt sig við þá niðurstöðu, enda hafa ekki komið mótmæli frá þeim varðandi málið. Jafnframt vann fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands með tollskrárnefnd að undirbúningi málsins og fulltrúi frá Stéttarsambandi bænda fékk aðstöðu til þess að fylgjast með allri meðferð málsins.

Sú meginstefna, sem ég áðan gat um, var að taka ekki iðnaðarvandamálin sérstaklega til meðferðar né önnur þau vandamál, sem við er að fást og ekki beint stafa af þessari ástæðu, heldur ýmsum öðrum. Skal ég þar nefna t. d. pappírsvandamálið, bókaútgáfu, umbúðavandamál og annað. Þetta var ætlunin að reyna að leysa, ef við hefðum haft það aukna fé eða þá stærri upphæð til meðferðar, sem ég gat um, en þessum málum voru engin tök á að sinna, eftir að sýnt var, að við yrðum að binda okkur við lægri fjárhæð. En varðandi iðnaðinn hefur þó ein undantekning verið gerð frá þeirri meginreglu að líta ekki sérstaklega á vandamál hans umfram það, sem felst í þeirri sérstöku vernd, sem gengisbreytingin veitir, og það eru vandamál málmiðnaðarins. Það er ljóst, að vandi hans er mjög brýnn, og hefur mikið verið um það rætt á undanförnum mánuðum. Það kom einnig í ljós, að fulltrúi Alþýðusambands Íslands bar sérstaklega fyrir brjósti, að réttur yrði hagur þessarar iðngreinar, þó að það kynni að leiða til þess, að minna fé væri til ráðstöfunar til þess að lækka toll á neyzluvörum, og að öllu athuguðu þótti rétt að taka með í tollabreytinguna ýmsar af helztu nauðsynjavörum járnsmíðaiðnaðarins.

Frv. sjálft var reynt að setja upp eins aðgengilega fyrir hv. þm. og auðið væri og m. a. með því móti, að prentaðar eru á þessu stigi með frv. allar breytingarnar í hverju einstöku tollnúmeri, hverjir hinir eldri tollar eða gildandi tollar eru og síðan till. um hina nýju tollflokka, þannig að það verður mjög auðvelt um samanburð í þessu efni. Meginlækkun frv. er á ýmsum greinum fatnaðar og vefnaðarvöru og eru um 2/3 hlutar af tollalækkuninni á þeim vörum. Annar höfuðflokkur eru ýmiss konar matvæli og í þriðja lagi ýmsar hreinlætisvörur heimilanna. Auk þess eru það svo járnvörur. Jafnframt falla inn í þetta dæmi sérstakar tollabreytingar, sem gera þurfti í sambandi við samninga Íslands á vegum GATT, en þeir samningar og viðræður fóru fram á s. l. ári og leiddu til þess, að það tókst að fá vissar tollalækkanir bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum, en að sjálfsögðu urðum við að bjóða tollabreytingar á móti og meginhluti þeirra tollabreytinga hefur fallið inn í það sjónarmið, sem við höfum fylgt við samningu þessa frv., þannig að þar féllu þessi sjónarmið saman, en að svo miklu leyti sem það er ekki, hefur þurft að taka upp sérstakar heimildir til tollalækkunar á þeim vörum, sem skuldbinding var fyrir að framkvæma lækkun á í sambandi við þær viðræður. Þá er enn fremur leitað heimilda til þess að festa tolla á allverulegum fjölda tollskrárnúmera, sem einnig byggist á aðild okkar að GATT, því að við erum þá skuldbundnir til þess að hækka ekki tolla á mjög mörgum vörum, og eru það gagnkvæm fríðindi, vegna þess að GATT-löndin eru bundin á sama hátt til þess að hækka ekki tolla á vörum gagnvart okkur.

Auk þeirra sjónarmiða, sem ég gat um áðan, að lækka beinlínis tolla á almennum nauðsynjavörum og auk hinnar sérstöku tollalækkunar vegna járnvöruiðnaðarins er gert ráð fyrir tollalækkunum í þá átt að draga úr smygli einmitt á vörum, sem mest hætta er á, að sé smyglað til landsins og mjög erfitt að hafa eftirlit með, svo sem gulli, ýmsum skartvörum og öðru slíku. Það er ekki reiknað með, að þetta hafi áhrif til tekjutaps fyrir ríkið, því að gert er ráð fyrir, að það skili sér þá í betri tollheimtu. Og að lokum er framkvæmd allsherjartollalækkun á hæstu tollflokkum, þannig að hæsta tollprósenta er færð úr 125% niður í 100%. Þetta hefur í för með sér mjög óverulegt tolltap, en þessi tollhæð er algerlega óeðlileg og raunar mjög óeðlilegt að hafa tollinn 100%, en miðað við þá aðstöðu, sem var, var ekki auðið að fara lægra með hæstu tolla en þetta. Ég skal taka það fram, að það var skoðun okkar, að það hefði verið æskilegt að lækka t. d. toll á fatnaði mun meira en gert er ráð fyrir í þessu frv. En þá komum við að vandamáli, sem við mætum raunar í mörgum greinum, þegar um er að ræða spurninguna um lækkun tolla, og það eru vandamál íslenzks iðnaðar. Og hér er einmitt um dæmigert vandamál að ræða, sem er kannske verra viðfangs en nokkrir aðrir vöruflokkar í landinu, og það stafar af því, að hér er um að ræða margþættan íslenzkan iðnað.

Við höfðum hugsað okkur að fara með tolla á tilbúnum fötum niður í 50% úr 90%. Og það var skoðun okkar, að ef farið væri þetta langt niður, þá mundi það draga verulega úr kaupum manna erlendis, sem nú eru geysimikil, eins og allir vita. En það kom á daginn, að þetta var ekki framkvæmanlegt, vegna þess að þá ráku iðngreinarnar sig upp undir, eins og má segja. Þó að við lækkuðum hlutfallslega tolla á innfluttum fataefnum, þá komu til greina hagsmunir dúkagerðanna hér heima, sem mótmæltu því, að sú tollalækkun ætti sér stað, og ef átti að lækka hráefni til þeirra, þá komu mótmæli frá garnframleiðendum þannig að hér var um mjög erfitt vandamál að ræða, og niðurstaðan varð sú, að ekki væri auðið á þessu stigi málsins að koma við frekari tollabreytingum en hér er gert ráð fyrir.

Að öðru leyti hefur verið lögð megináherzla á það, að tollabreytingarnar væru þess eðlis, að þær röskuðu ekki samræmi í tollskránni, og þess vegna hafa ýmis númer verið tekin hér með, sem kannske strangt tekið þjóna ekki því hlutverki, sem ég gat um í upphafi míns máls að væri aðalleiðarvísirinn í samningu þessa frv., en er nauð-

synlegt að taka með til þess að ekki raskist eðlileg hlutföll og samræmi í tollskránni, þannig að ég hygg, að fullyrða megi, að hér sé um að ræða samræmdar aðgerðir, sem ekki eigi að skapa vandræði eða leiða til óeðlilegrar tollflokkunar við aðrar vörur, sem ekki er breytt tollum á.

Ég kem þá að þeim þætti málsins, hvernig áformað er að mæta tekjuþörfinni eða tekjutapinu, sem leiðir af þessu frv., og eins og ég gat um í upphafi, þá varð að gera sérstakar ráðstafanir til tekjuöflunar, vegna þess að ekki aðeins var búið að eyða öllum hugsanlegum greiðsluafgangi ríkissjóðs til aðstoðar við sjávarútveginn, heldur vantar í rauninni 50 millj. kr. þar til viðbótar, auk þess sem mæta verður tekjutapi vegna þessarar löggjafar, þannig að það eru um 200 millj. kr., sem þarf að afla með einhverjum hætti til þess að mæta hinni nýju tekjuþörf ríkissjóðs. Til þess að standa straum af útgjaldaauka vegna þessa frv. er gert ráð fyrir því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs skv. fjárlögum þessa árs um 100 millj. kr. Í annan stað hefur áfengi og tóbak verið hækkað í verði, þannig að gert er ráð fyrir, að það geti skilað til þessara þarfa um 50 millj. kr. Hér er að vísu tæplega um þá upphæð að ræða, sem tollalækkuninni nemur, en er þó það nærri, að ekki þykir ástæða til að vera að elta ólar við það, því varla er nú hægt að áætla það öllu nákvæmara.

Menn munu auðvitað spyrja að því, sem eðlilegt er, hvernig hægt sé að draga úr útgjöldum ríkissjóðs skömmu eftir að fjárlög eru afgreidd, og það er eðlilegt, að það sjónarmið komi fram, og ég hef lýst því í Ed., að vitanlega sé þar ekki um auðveldan hlut að ræða. Ef það væri auðvelt, þá hefði það auðvitað verið mjög vítavert af ríkisstj. og mér þá sérstaklega sem fjmrh. að hafa ekki þegar dregið úr útgjöldum ríkissjóðs um þessar 100 millj. Það er því ljóst, að þessum 100 millj. kr. sparnaði verður ekki náð nema með því að gera allverulegar breytingar á ýmsum liðum fjárlaga frá því, sem nú er, og jafnvel draga úr ýmissi þjónustu og jafnframt að takmarka fjárveitingar til ýmissa hluta, sem telja má æskilegt undir venjulegum aðstæðum, að fé sé veitt til. Hins vegar gefur auga leið, að það verður ekki um annað að ræða, en að hefjast nú handa um mjög víðtæka athugun á möguleikum ríkisins til sparnaðar, ekki aðeins í sambandi við þetta frv., heldur einnig í sambandi við samningu fjárlaga fyrir næsta ár, því það er alveg ljóst, að tekjuhorfur eru það slæmar nú og engar líkur á því, að um slíkan tekjuauka geti orðið að ræða fyrir þjóðarbúið í heild, að ekki þurfi að gera mjög víðtækar ráðstafanir á næsta hausti til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, ef ekki á að þurfa að grípa til verulegra skattahækkana, sem auðvitað er hreint vandamál að gera, eins og sakir standa. Og þetta leiðir af sér það, að menn verða að sjálfsögðu að vera reiðubúnir því, að draga verði úr útgjöldum til ýmissa þeirra þarfa, sem við mundum vafalaust allir undir venjulegum kringumstæðum telja æskilegt að verja fé til.

Ég er ekki reiðubúinn á þessu stigi málsins að gera grein fyrir þessum sparnaði, enda hygg ég, að þm. geri sér ljóst, að þess sé naumast að vænta. Stjórnvöld hafa að sjálfsögðu gert sér grein fyrir því, að þetta væri hægt í meginefnum, en það eru enn þá ýmsir liðir, sem eru í athugun og gera það að verkum, að ég get ekki sundurgreint hér þá liði fjárlaganna, sem ætlunin er að spara á. En fyrst og fremst er ætlunin, að það sé á ýmsum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs, en ekki beinni fjárfestingu, þótt ekki verði að vísu hjá því komizt að einhverju leyti að skerða hana líka.

Frv. um þetta efni mun verða lagt fyrir Alþingi svo fljótt sem auðið er, og verður undirbúningi þess máls hraðað með öllum tiltækum ráðum.

Herra forseti. Eins og ég áðan sagði, hefði ríkisstj. gjarnan viljað verja meira fé til tollabreytinga. Það er brýn nauðsyn að stefna að tollabreytingum til lækkunar, og það verður að sjálfsögðu að halda áfram endurskoðun tollskrárinnar með það fyrir augum. Við höfum allir gert okkur grein fyrir því, að vandamál þjóðarinnar, ekki síst útflutnings hennar, eru m. a. fólgin í tilkomu tollabandalaganna, og við verðum með einhverjum hætti að fá samstarf og samvinnu við þessi bandalög, sem gerist auðvitað ekki á neinn annan veg en þann, að við verðum, ef þau falla frá tolli á okkar vörum, að bjóða fram tollalækkanir á móti af okkar hálfu. Þetta leiðir til þess, að það verður að halda áfram athugun tollamálanna með það í huga að leysa þennan vanda, og eins og ég sagði í upphafi míns máls, er nú meðfram unnið að heildarathugun á því vandamáli í sambandi við þær viðræður, sem öllum hv. þm. er kunnugt um að fara nú fram á vegum nefndar, sem sameiginlega hefur verið tilnefnd af þingflokkunum til þess að athuga, hvort rétt væri, að Ísland gerðist aðili að EFTA.

Ég sé þó ekki ástæðu, herra forseti, til þess að fara fleiri orðum um málið, nema tilefni gefist til. Ég vildi leyfa mér að vænta þess, að þessi hv. d. gæti fallizt á að hraða afgreiðslu málsins svo sem verða má, og helzt á þann hátt, að við gætum afgreitt það hér úr deildinni á fimmtudag. Það er orðið mjög bagalegt, af skiljanlegum ástæðum, hvað afgreiðsla málsins og meðferð hefur dregizt, að vísu ekki hér í þingi, en af þeim ástæðum, sem ég gat um áðan, að það varð að sjá fyrir endann á þessu útgjaldamáli, til þess að hægt væri að gera sér grein fyrir því, hvað við gætum lagt til tollabreytinga.

Í hv. Nd. var mjög ánægjuleg samstaða um málið af allra hálfu. Þar var engin brtt. gerð við frv., þó að menn lýstu því yfir, að þeir hefðu margvísleg áhugamál, sem þeir gjarna hefðu viljað koma fram og teldu nauðsynlegt að taka til athugunar í sambandi við tollamálin yfirleitt, en menn vildu ekki verða til þess að skapa vandræði í sambandi við meðferð þessa sérstaka máls. Og einu brtt., sem þar voru fluttar, voru minni háttar lagfæringar á frv., sem gerðar voru af fjhn. sameiginlega og í samráði við rn. Þar sem nefndirnar hafa að minni ósk unnið saman að undirbúningi málsins og fengið nokkuð rúman tíma til þess í Ed., vildi ég leyfa mér að vænta

þess, að hv. þdm. hér teldu það ekki ósæmilega beiðni af minni hálfu, þótt ég fari fram á þessa hröðu afgreiðslu málsins hér.

Ég leyfi mér þá, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þótt Framsfl. sé samþykkur þessu frv. og muni greiða fyrir skjótri afgreiðslu þess, eins og hann hefur gert áður í ákveðnum málum, sem ríkisstj. flytur, þá verður ekki hjá því komizt við þessa umr. málsins að ræða nokkur atriði, sem snerta það. Ég vildi þá fyrst víkja að þeim misskilningi, sem virðist vera nokkuð almennur, að menn líti á þetta mál eins og um raunverulega tollalækkun sé að ræða á þann veg, að heildartollarnir, sem ríkið leggur á landsmenn, verði lægri í krónutölu heldur en þeir áður voru. Þetta er mikill misskilningur, sem stafar af því, að menn gera sér ekki fyllilega ljóst, að gengislækkunin hafði þau áhrif, að grunnurinn, sem tollarnir eru lagðir á, hækkar yfirleitt um 33% og þannig hækka tollarnir stórkostlega af þeirri ástæðu. Og það, sem hér er verið að gera, er í raun og veru ekki annað en það, að það er verið að gefa eftir nokkurn hluta af þessari hækkun. En þrátt fyrir það verða heildar-tollarnir miklu hærri heldur en þeir áður voru. Lítið dæmi um þetta er það, að skv. fjárlögum og eftir afgreiðslu þessa máls verða áætlaðir heildartollar talsvert hærri á árinu 1968 heldur en 1967, enda þótt sú innflutningsáætlun, sem miðað er við í ár, sé miklu lægri en innflutningsáætlunin, sem fjárlögin 1967 voru byggð á, þannig að ef við afgreiðslu fjárlaganna 1968 hefði verið lögð til grundvallar sama innflutningsáætlun og við afgreiðslu fjárlaganna 1967, þá hefði heildarupphæð tollanna hækkað um mörg hundruð millj. kr. En þrátt fyrir það, að innflutningsáætlunin, sem fjárlögin í ár byggjast á, er stórkostlega skorin niður, verður heildarupphæð tollanna, sem lögð er á á þessu ári, alltaf a. m. k. 100 millj. kr. hærri en hún var í fjárlögum 1967. Það er mjög nauðsynlegt, að menn geri sér grein fyrir þessu, að hér er raunverulega ekki verið að lækka tolla, heldur aðeins að gefa eftir nokkurt brot af þeirri hækkun tollanna, sem hefur hlotizt af gengisfallinu.

Næsta atriði, sem ég vildi víkja að, er það, að meðferð þessa máls er ljós sönnun þess, að núv. ríkisstj. veit minna um efnahagsmál og minna um atvinnumál heldur en nokkur önnur ríkisstj. hefur áður gert í þessu landi. Þó mætti halda, að þessi ríkisstj. hefði betri aðstöðu til að dæma um þessi mál heldur en fyrirrennarar hennar, því að í hennar tíð hafa sprottið upp tvær stofnanir, sem nú kosta í rekstri tugi milljóna, þar sem eru Seðlabankinn og Efnahagsstofnunin, og það á að vera aðalverkefni þessara stofnana að veita ríkisstj. góðar og greinilegar upplýsingar um efnahags- og atvinnumál. Þrátt fyrir rekstur þessara stofnana, sem kostar tugi milljóna á ári, liggur það ljóst fyrir, að núv. ríkisstj. veit minna um efnahagsmál og atvinnumál en nokkur önnur íslenzk ríkisstj. hefur áður gert.

Og þetta er ákaflega auðvelt að sanna, því í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir jólin gerðist atburður, sem ég vil fullyrða að sé alveg einstæður í þingsögunni. Ríkisstj. framkvæmdi þá gengislækkun, eins og kunnugt er, og hún lét þau ummæli falla margsinnis í sambandi við þessa gengisfellingu, að hún væri betur undirbúin heldur en nokkur önnur gengisfelling, sem hér hefði áður átt sér stað. M. a. lét hæstv. fjmrh. mjög ákveðin ummæli falla um þetta efni. Og það var svo byggt á þessari vandlega undirbúnu gengisfellingu við afgreiðslu fjárlaganna, þegar felldar voru niður úr fjárlagafrv. till. um framlög til sérstakra útflutningsuppbóta handa sjávarútveginum, uppbóta, sem skiptu nokkur hundruðum millj. kr. Jafnframt var gengishagnaði sjávarútvegsins ráðstafað með alveg sérstökum hætti, því að talið var, að hann þyrfti ekki lengur á honum að halda frekar en útflutningsuppbótunum úr ríkissjóði, og þessu til viðbótar var gefið alveg ákveðið fyrirheit um, að eftir áramótin yrði lagt fram frv., sem fæli í sér 250 millj. kr. tollalækkun, miðað við það, að tollstigarnir væru óbreyttir.

Sem sagt, ríkisstj. taldi sig hafa alveg örugga vitneskju um það fyrir áramótin, að það mætti fella niður allar útflutningsuppbætur úr fjárlögunum, það mætti ráðstafa gengishagnaði sjávarútvegsins með alveg sérstökum hætti og það væri óhætt að lofa þjóð og þingi 250 millj. kr. tollalækkun. En hvað gerist svo eftir áramótin, hvað gerist svo, þegar þingið kemur saman? Þá lýsir ríkisstj. yfir því, að það sé ekki aðeins ókleift að falla frá útflutningsuppbótunum, heldur verði að taka þær upp í næstum jafnríkum mæli og áður var. Hún tilkynnir það jafnframt, að hún geti ekki staðið við loforð sitt um tollalækkunina, heldur verði hún talsvert miklu minni, 100 millj. kr. minni heldur en lofað var.

Þetta sýnir það glögglega, að ríkisstj. hefur ekki hugmynd um, hvar hún stendur eða hvernig efnahagsmálum og atvinnumálum þjóðarinnar er komið. Hún segir eitt fyrir áramótin og annað eftir áramótin, og enn er hún áreiðanlega þannig stödd, að hún hefur ekki hugmynd um, hvernig þessum málum er varið í raun og veru og hvaða ráðstafanir hún kann að þurfa að gera í sambandi við þau, þegar kemur fram á árið.

Ég held, að með því að benda á þessa reynslu sé alveg hiklaust hægt að fullyrða, að það hefur aldrei verið ríkisstj. í þessu landi, sem hefur vitað eins lítið um efnahagsmál og atvinnumál og núv. ríkisstj. Og það er m. a. þetta algjörlega þekkingarleysi hennar, sem veldur því, að það á að vera komið að hennar endadægri, og hún á að sjá sóma sinn í því að segja af sér, því að stjórn, sem ekki þekkir þau viðfangsefni, sem hún á að fást við, hefur engan rétt til þess að sitja áfram.

En þó tel ég ekki, að það sé þetta, sem sé verst í þessari málsmeðferð ríkisstj. Það tel ég verst í þessari málsmeðferð ríkisstj., að hún hefur gefið ákveðið fyrirheit, ákveðið loforð, sem hún ætlar sér ekki að standa við nema að mjög takmörkuðu leyti.

Það hefur verið sagt og því miður er það sennilega rétt, að virðingu Alþingis og virðingu stjórnmálamanna og virðingu fyrir stjórnmálum hefur yfirleitt heldur verið að hraka á undan-

förnum árum, og í kjölfar þess hefur farið áhugaleysi í sambandi við stjórnmál, ekki sízt hjá ungu fólki. Og það er alveg fullkomin ástæða til þess, að við hér á þessum stað reynum að gera okkur grein fyrir því, hvað það er, sem þessu veldur. Ástæðurnar til þess eru að sjálfsögðu margar og verða ekki útskýrðar í stuttu máli. En það, sem ég hygg, að allir geti verið sammála um, að sé einna veigamest, til þess að borin sé virðing fyrir Alþingi, virðing fyrir ríkisstj., virðing fyrir stjórnmálum og stjórnmálamönnum, er það, að þeir aðilar, sem hér halda uppi merkinu, séu reyndir að því að standa við orð sín, að það megi treysta því, sem þeir lofa, og þeim fyrirheitum, sem þeir gefa. Þegar svo er komið, að þjóðin telur sig ekki lengur geta treyst orðheldni alþingismanna eða orðheldni ríkisstj., þá fer eðlilega í fótspor þess bæði virðingarleysi fyrir þinginu og virðingarleysi fyrir stjórnmálum almennt. Og ef við lítum yfir liðna sögu í þessum efnum, þá verður okkur ljóst, að það var mikið keppikefli stjórnmálamanna hér áður fyrr að standa við þau loforð og þau fyrirheit, sem þeir gáfu. Og ef þeir gátu ekki staðið við þau, þá töldu þeir hyggilegra og réttara af sér að víkja og lofa öðrum að taka við heldur en að verða reyndir að augljósum vanefndum.

Ég minni á það t. d. á sínum tíma, þegar Sigurður Eggerz sagði af sér ráðherramennsku, þegar honum tókst ekki að fá það mál fram, sem hann hafði gert að aðalatriði sinnar ráðherramennsku. Ég minni ennfremur á það, að 1938 fór Haraldur Guðmundsson úr ríkisstj., vegna þess að hann taldi sig þá ekki geta staðið við það, sem hann hafði haldið fram og lofað af hálfu síns flokks. Stefán Jóhann Stefánsson gerði slíkt hið sama árið 1942 og undir forystu hans hafnaði Alþfl. einnig stjórnarþátttöku 1949, þegar hann taldi sig ekki geta staðið við þá stefnu, sem flokkurinn hafði haldið fram og barizt fyrir.

Af hálfu Framsfl. hefur hið sama þrásinnis verið gert. Framsfl. fór úr ríkisstjórn sumarið 1942, þegar hann var ósamþykkur þeirri stefnu í kjördæmamálinu, sem þá var verið að framkvæma og hann vildi ekki bera ábyrgð á. Hann átti einnig þátt í því af sömu ástæðum, að stjórnarsamstaða þriggja flokka var rofin 1949, aftur 1956 og enn fremur því, að vinstri stjórnin rofnaði 1958, vegna þess að hann taldi sig ekki geta komið þeirri stefnu fram, sem hann hafði lofað og taldi, að annaðhvort ætti hann að reyna að framfylgja ellegar þá að víkja úr stjórnarsessi.

En það er annað atvik, sem mér finnst rétt að minna á í þessu sambandi, og sem ég fyrir margra hluta sakir tel eitt hið athyglisverðasta og eftirbreytnisverðasta í þingsögunni varðandi orðheldni, sem ég hef kynnzt eða ég hef lesið um. Og ég álít, að hæstv. fjmrh. ætti alveg sérstaklega að kynna sér þann atburð, vegna þess að aðalsögumaðurinn í því máli var, að ég hygg, sá maður, sem hann vill nú helzt líkjast sem fjmrh., en það var Jón Þorláksson.

Í sambandi við kjördæmabreytinguna, sem gerð var 1932, var gert sérstakt samkomulag milli Alþfl. og Sjálfstfl. og að vísu Framsfl. líka að lokum, en Jón Þorláksson var einn aðalsamningsmaðurinn af hálfu síns flokks. Svo þegar kom að því í framhaldi af þessu á þingi 1933 að setja ný kosningalög í samræmi við þá stjórnarskrárbreytingu, sem áður varð að samþykkja, þá reis upp ágreiningur um eitt atriði. Alþfl.-menn héldu því fram, að þar hefði verið brugðizt ákveðnu samkomulagi um það, hvernig ætti að úthluta uppbótarsætum, og Jón Þorláksson taldi, að skilningur Alþfl. væri réttur, sem hann nú líka vafalaust var. En hins vegar var það stór hluti Sjálfstfl. og minni hlutinn í Framsfl., sem átti þátt í því að breyta kosningalögunum frá því, sem þetta samkomulag hljóðaði um. Og sú breyting var gerð á kosningalögunum í Nd.

Þegar málið kom til Ed., þar sem Jón Þorláksson átti sæti, flutti hann um það að vísu stutta ræðu, en ljósa, eins og hans var vandi, og þetta er að mínum dómi einhver bezta ræða, sem hægt er að finna í þingtíðindunum. Jón komst þar svo að orði, að hann vildi ekki nota neinar hártoganir til þess að hlaupa frá gefnum loforðum. Hann hefði haft það fyrir vana að efna gefin loforð og hann reyndi heldur að efna meira en minna, ef geta stæði til. Hann sagði jafnframt, að hann hefði hugsað sér að skilja svo við þingstörf, að hann héldi þessa reglu líka í opinberu lífi. Og hann kvað enn þá fastara að orði um þetta efni. Hann komst svo að orði, að hann teldi það hrein og bein þingsvik, ef ekki yrði staðið við það samkomulag, sem hafði verið gert við Alþfl. árið áður. Og fyrir atbeina hans fékkst sú breyting á kosningalögunum í Ed., sem fullnægði þessu samkomulagi.

Þegar málið kom svo aftur til Nd., var því breytt þar aftur í hið gagnstæða horf og fór í þeim búningi aftur til Ed. Jón Þorláksson reyndi enn þá að fá þessu breytt og samkomulag haldið, en honum tókst það ekki í það skiptið. Og þá sagði Jón Þorláksson þau orð, sem voru seinustu orðin, sem hann sagði hér á Alþingi: „Ég hef ekki getað fengið samkomulag um það í mínum flokki, að staðið yrði við gerðan samning, og auðvitað tek ég afleiðingunum af því.“ Og Jón Þorláksson tók m. a. afleiðingunum af því á þann hátt, að hann gaf ekki kost á sér til þingmennsku aftur. Að vísu var því haldið fram m. a. að hann gerði það vegna lélegs heilsufars, sem var að vísu rétt, en þeir, sem kunnugir voru, vissu það einnig, að það var þessi ágreiningur hans við flokkinn, sem átti mikinn þátt í því, að hann gaf ekki aftur kost á sér til þingmennsku. Jón Þorláksson vildi þannig í reynd annaðhvort standa við gefin loforð ellegar þá víkja úr stjórn eða þingi. Og það gerði hann líka.

Hvað mundi nú Jón Þorláksson hafa gert skv. þessu, ef hann hefði staðið í sporum hæstv. núverandi fjmrh. og væri búinn að gefa þinginu loforð um það, að komið skyldi fram 250 millj. kr. tollalækkun? Ég er alveg sannfærður um það, og dæmi það af þessum atburði og mörgum fleiri, að undir þeim kringumstæðum hefði Jón Þorláksson valið annaðhvort að koma loforðunum fram ellegar að víkja úr stjórn. Hann hefði ekki látið neinn beygja sig til þess að bregðast loforði, sem hann var búinn að gefa á Alþingi. Og hann mundi hafa haft um það þau orð, sem hann hafði um þessar van-

efndir, sem ég nefndi áðan, að það væru hrein og bein þingsvik að standa ekki við það, sem búið væri að lofa og lýsa yfir.

En það er einmitt þetta, sem er að draga úr áliti á Alþingi, á ríkisstj., stjórnmálamönnum og stjórnmálum yfirleitt, að það bresti svo oft upp á það, að menn geri annað hvort, standi við gefin loforð ellegar víki þá úr sæti. En það eru þessi vinnubrögð, sem við verðum að taka upp aftur, ef við ætlum að endurreisa sæmd þeirra stofnana, Alþingis og ríkisstj., sem við viljum þó vafalaust allir, að sé sem mest. Þess vegna harma ég frá þessu sjónarmiði alveg sérstaklega, að það skuli koma fyrir, að ekki skuli vera staðið við það fyrirheit fullkomlega, sem ríkisstj. gaf hér á Alþingi fyrir jólin um 250 millj. kr. tollalækkun. Ég álít, að þar sé um vöntun á orðheldni að ræða, sem er einn þátturinn í því, að virðingunni fyrir okkar helztu stofnunum fer nú stöðugt hrakandi, og ég álít, að þessar vanefndir séu miklu alvarlegri frá því sjónarmiði heldur en þótt almenningur fái ekki þessa lækkun, sem lofað var. Ég tel hitt miklu hættulegra og miklu fordæmanlegra, að loforðið skuli ekki vera haldið, af þeirri ástæðu einni, að það var búið að gefa það, og undir þeim kringumstæðum á stjórnin annað hvort að gera, að standa við það, sem hún segir, eða að víkja. Þess vegna tel ég, að hér sé um mjög alvarlegt mál að ræða.

En hverjar eru nú afsakanir hæstv. ráðh. fyrir því, að þetta loforð verði ekki haldið? Jú. Afsakanirnar eru þær, að það hafi komið upp seinna, við nánari athugun og betri upplýsingar, að það væri ekki hægt að standa við það. *Upplýsingarnar, sem hefðu verið fyrir hendi,* þegar þetta loforð var gefið, hefðu reynzt rangar. Hæstv. ráðh. hefur verið bankastjóri, og það komu að sjálfsögðu margir menn til hans á þeim árum og fengu hjá honum lán og gengust undir ákveðnar skuldbindingar um það, hvenær það yrði greitt. Hvað hefði ráðh. gert sem bankastjóri, ef þessir menn hefðu svo komið til hans á eftir og sagt: „Þegar ég undirgekkst það að borga lánið, voru upplýsingarnar þessar og þessar, sem ég byggði á, og forsendurnar þessar og þessar. Nú er komið alveg nýtt upp á bátinn, og nú er alveg ómögulegt fyrir mig að standa við það, sem ég hef lofað, og nú verð ég að fá svo og svo mikinn frest til að borga þetta og jafnvel helzt að borga lánið ekki neitt". Hvernig mundu svör bankastjórans þá yfirleitt hafa verið undir þessum kringumstæðum? Ég hygg, að hann hefði a. m. k. undir langflestum kringumstæðum svarað þessu þannig, að hann hefði látið lögtaksmenn taka við málinu og sagt sem svo, að skuldunautarnir yrðu að standa við það, sem þeir væru búnir að lofa. En það er alveg nákvæmlega það sama, sem hefur hent ráðh. hér. Hann hefur gefið loforð. Svo segir hann núna, að hann hafi ekki möguleika til að standa við þetta og þess vegna geti hann ekki efnt það. En ég held, að með því að álykta út frá því, hvernig hann hefði brugðizt við undir slíkum kringumstæðum sem bankastjóri, geti hann vel áttað sig á því, hvort hann er að gera rangt eða rétt í þessum efnum.

Annars held ég, að ef við lítum nánar á þessi mál, sé það ekki nema yfirskinsástæða hjá ráðh., að hann geti ekki haft tollalækkunina 90—100 millj. kr. meiri en hún verður skv. þessu frv. og þar með staðið við það loforð, sem hann gaf Alþingi og þjóðinni. Ég minni aðeins á það í þessu sambandi, að nokkru fyrir áramótin var afgreitt hér á Alþingi sérstakt frv. um ráðstöfun á gengishagnaði sjávarútvegsins, og þessum gengishagnaði var ráðstafað á þann veg, að langmestur hluti hans var tekinn af útgerðarmönnum, sjómönnum og frystihúsaeigendum og lagður í sérstaka opinbera sjóði. Ég hygg, að alltaf um 200 millj. af þessum gengishagnaði fari í sérstaka opinbera sjóði, sem eðlilegt er að aflað sé fjár til með allt öðrum hætti en með því að gera gengishagnaðinn upptækan. Með því að *nota aðeins nokkurn hluta af gengishagnaðinum* á þann veg, að hann gangi beint til útgerðarinnar í einhverju uppbótarformi, var vel hægt að standa við það loforð, að tollalækkunin yrði 250 millj. í staðinn fyrir það, að hún verður ekki samkv. þessu frv. nema 150 millj. Hæstv. ráðh. hafði þannig bæði þennan og marga aðra möguleika til að standa við loforð sitt, ef hann hefði haft nægan vilja á því og nægan áhuga fyrir því að vera orðheldinn eins og fyrirrennari hans, Jón Þorláksson, var. Nei, það sem vantar hér fyrst og fremst er bara nægur vilji *til* þess að standa við þau heit, sem búið er að gefa. Það voru fullir möguleikar til þess, ef stjórnin vildi aðeins íhuga það mál betur og vildi ekki af ofurkappi halda við þeirri ráðstöfun gengishagnaðarins, sem hún var búin að ákveða hér fyrir áramótin og margir ágætir þm. vöruðu *harra þá við að láta koma til framkvæmda.* En í staðinn fyrir það að fara að ráðum þessara manna, kýs hún heldur að bregðast því loforði, sem hún er búin að gefa þingi og þjóð, ég vil segja algerlega að þarflausu.

Ég vil svo um þetta frv. segja það, að það hefði að sjálfsögðu verið æskilegt og nauðsynlegt, að það hefði verið miklu víðtækara og þá að sjálfsögðu í fullu samræmi við það loforð, sem ríkisstj. gaf. Þjóðin hefur núna þörf fyrir meiri tollalækkun heldur en þetta, og alveg sérstaklega hefur iðnaðurinn þörf fyrir meiri tollalækkun en þetta, ef honum á að verða kleift að draga eitthvað úr því atvinnuleysi, sem nú fer óðum vaxandi í bæjum landsins. Atvinnuleysið er núna að sjálfsögðu mál málanna, og það á ekkert að láta ógert til þess að vinna gegn því, og það verður ekki betur gert á annan hátt, eins og nú *standa sakir,* en að draga úr tollaálögum iðnaðarins og gera honum þannig kleift að auka starfsemi sína. Því miður er allt of skammt gengið í þessu frv. í þá átt, og þess vegna getur þetta mál ekki hjálpað eins til þess að draga úr atvinnuleysinu og verða mundi, ef tollalækkanir hjá iðnaðinum hefðu orðið viðtækari og meiri en þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil svo að lokum segja það í sambandi við þetta mál, að mér virðist þekkingarleysi ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum, sem *ég minntist á áðan, koma alveg sérstaklega fram* á þann veg, að hún lætur ógert að vinna gegn atvinnuleysinu. Hún fylgir enn þá stefnu í efnahagsmálum, sem er raunverulega miðuð við það,

sem við köllum ofþenslu, það er að það sé of mikið framboð á vinnumarkaðinum. Ríkisstjórnin fylgir enn þá lánsfjárhöftum, háum vöxtum, og hún er stöðugt að hækka skattana. Þetta getur átt rétt á sér sem þáttur í heildarstefnu, þegar um mikla verðbólgu er að ræða og þegar eftirspurnin eftir vinnuafli er úr hófi fram. Þá er í ýmsum löndum gripið til slíkra ráðstafana innan vissra marka, að hafa nokkur lánsfjárhöft, háa vexti og leggja á nýja skatta, en slík úrræði þykja alls staðar ótæk, þegar um atvinnuleysisástand er að ræða. Þá er það stefna allra hygginna ríkisstjórna að auka útlán til atvinnuveganna, stuðla að aukinni fjárfestingu og draga úr sköttum, jafnvel þótt það geti í sumum tilfellum orðið til þess, að halli verði á ríkisrekstrinum, einnig að lækka vexti. Ekkert af þessu gerir ríkisstjórnin. Þvert á móti heldur hún í slitur af sínum gömlu ráðstöfunum, sem allar eru miðaðar við það, að hér sé ofþensla og of mikil eftirspurn eftir vinnuafli. Það sýnir, ásamt öðru, að ríkisstj. hefur ekki minnstu hugmynd um það, hvernig ástatt er í efnahags- og atvinnumálum landsins eða hvernig á að bregðast við þeim vanda, sem nú er þar um að ræða.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að þessu sinni. Eins og fram hefur komið hér áður, er óeðlilegt að þessu máli sé hraðað nokkuð í gegnum þingið enda munu líka koma önnur frv. hér til meðferðar, þar sem gefst tækifæri til að gera þessum málum nánari skil.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur nú fyrir til umr. um lækkun á tollum til ríkissjóðs, er gott, svo langt sem það nær. Með því er gert ráð fyrir því, eins og hér hefur fram komið í umr., að lækka tolla sem nemur í kringum 160 millj. kr. á ári, sem gæti haft þau áhrif á framfærsluvísitölu, að hún lækkaði um u. þ. b. 1½ stig.

Í sambandi við framlagningu þessa frv. vildi ég segja það, að ég tel, að vinnubrögðum þeim, sem ríkisstj. hefur viðhaft við undirbúning þessa máls, sé verulega áfátt og að þeim beri að finna. Ég hef gert það áður við nokkuð svipað tækifæri. Því er þannig farið og það vita allir hv. alþm., að breytingar á tollskrá eru þess eðlis, að það er ekkert hlaupið að því fyrir einstaka þm. að setja sig inn í þær, svo flóknar sem þær eru og svo flókin sem löggjöfin er um það efni. Því hefur það alltaf þótt nauðsynlegt, að sérstök n. starfaði í alllangan tíma að undirbúningi slíkra breytinga, og ýmsir aðilar hafa verið kallaðir til ráða, og svo hefur jafnan þótt þurfa að kalla eftir því á Alþingi, þegar frv. hefur verið lagt fram til breyt. á tollskrá, að það þyrfti að hraða afgreiðslu málsins og þingnefndir þar að taka sér miklu skemmri tíma til að athuga málið en mörg önnur, þó þm. hafi naumast haft neina aðstöðu til að fylgjast með þeim undirbúningsvinnubrögðum, sem fram hafa farið. Ég tel, að sjálfsagt hefði verið, og sjálfsagt sé í svona tilfellum eins og þessu, að kalla til fulltrúa frá þingflokkunum og hafa þá með í ráðum um þessar flóknu breytingar, sem unnið er að á tollalöggjöfinni, en nú hefur sá háttur verið hafður á, eins og reyndar oft áður, að ríkisstj. hefur aðeins rætt þessi mál við sérstaka n. embættismanna og borið sig eitthvað saman við nokkrar starfsgreinar, eins og samtök verzlunarmanna og iðnaðarmanna og nokkrar fleiri. Og þm. hafa heyrt það af frásögnum þessara aðila, sumum, sem hafa verið að birtast í blöðum löngu áður en málið kom hér inn á Alþingi, hvað til stæði í sambandi við breytingar á tollalöggjöfinni. Þetta eru óeðlileg vinnubrögð að mínum dómi, og það ber að leiðrétta þetta. Og enn einu sinni fer ég fram á það, að þegar til þess kemur, að rétt þykir að breyta tollalöggjöfinni á ný, verði hér hafður á annar háttur en nú hefur verið í þessum efnum, þ. e. að fulltrúar þingflokkanna yrðu kallaðir til, svo að þeir hefðu aðstöðu til að fylgjast með undirbúningi málsins og gætu þá á eðlilegan hátt unnið hraðar að afgreiðslu þess, eftir að það kemur inn í þingið.

Ég sé hins vegar enga ástæðu til þess að tefja á nokkurn hátt afgreiðslu þessa máls hér á Alþingi. Ég tel meira að segja sjálfsagt að reyna að verða við beiðni hæstv. ráðh. um það, að hægt yrði að afgreiða þetta mál hér út úr d. n.k. fimmtudag, þótt sá tími sé auðvitað mjög stuttur fyrir þn. til þess að fjalla um þetta stóra mál. En ég býst við því, að hvort tveggja sé, að ráðið sé í öllum aðalatriðum, hvernig málið skuli afgreitt, og eins er það, að hér er um svo samanslungið og flókið mál að ræða, að það er mjög erfitt að koma þar fram einstökum brtt. og nokkuð vafasamt að gefa sig mikið í það, nema þá eftir allýtarlegan samanburð og athugun. Við Alþb.-menn munum því ekki á neinn hátt tefja fyrir afgreiðslu málsins og viljum ljá því fylgi okkar, því að við teljum, að út af fyrir sig stefni það í rétta átt. En þetta mál er ekki hægt að ræða eingöngu út frá því sjónarmiði, að hér sé um almenna tollalækkun að ræða. Þetta frv. er auðvitað alveg tvímælalaust einn liðurinn í efnahagsmálaaðgerðum ríkisstj. nú á þessum síðustu tímum.

Við vitum, að um það var að ræða, að í byrjun þings í októbermánuði s.l. kom ríkisstj. fram með sínar till. um ráðstafanir í efnahagsmálum. Nokkru síðar kom svo ríkisstj. með till. sínar um gengislækkun og þar stuttu á eftir kom hún með till. um ráðstöfun á gengishagnaði útflutningsatvinnuveganna, og í þessu sambandi var einnig um stórfelldar breytingar á tekjum ríkissjóðs að ræða. Og í beinu samhengi við þetta var svo það, að það þótti rétt og sjálfsagt að lækka nokkuð tollstigana frá því, sem áður hafði verið. Þessi atriði öll hanga því saman, fjalla í rauninni öll um sama meginvandamálið, og það er engin leið að ræða einn þátt þessara mála út af fyrir sig án þess að víkja nokkuð að öðrum þáttum málsins um leið.

Þegar ríkisstj. lagði í októbermánuði s.l. fram efnahagsmálatill. sínar, sem hún kallaði ráðstafanir í efnahagsmálum, gerði hún ráð fyrir því í þeim till., að hægt mundi að leysa aðalvandamál efnahagslífsins á þann hátt, að tekjur ríkissjóðs yrðu auknar um sem næmi 750 millj. kr. frá því, sem verið hafði. Að nokkru leyti átti þetta að gerast með því, að ríkissjóður minnkaði niðurgreiðslur á vöruverði og þannig yrði

létt af ríkissjóði útgjöldum, og að öðru leyti á þann hátt að leggja átti á þjóðina nokkrar nýjar álögur. Þegar ríkisstj. lagði þessar till. fram, spurðum við í stjórnarandstöðunni, hvort hún virkilega héldi, að vandi atvinnulífsins væri ekki meiri en svo, eins og komið var, að aðeins væri um það að ræða, að auka þyrfti nokkuð tekjur ríkissjóðs frá því, sem áður hafði verið gert ráð fyrir, með tekjustofnum hins opinbera. Og þá komu þau svör af hálfu ríkisstj., að það lægi ekkert fyrir um það í októbermánuði, að gera þyrfti neinar sérstakar ráðstafanir til stuðnings útflutningsframleiðslunni. Það yrði að vísu athugað eitthvað síðar, en ekkert lægi fyrir um það, að það þyrfti að veita þar frekari aðstoð en veitt hafði verið áður. Þetta var margundirstrikað hér í umr. og alveg sérstaklega af hæstvirtum forsrh. og þannig stóðu málin allt fram að þeim tíma, að til þess kom, að Bretar felldu gengið á sterlingspundinu í nóvembermánuði. Fram að þeim tíma virtist ríkisstj. líta þannig á vandamál atvinnuveganna, að hægt yrði að komast áfram með þann opinbera stuðning, sem verið hafði, en vandamálin lægju aðallega ríkissjóðsmegin, því að það þyrfti að auka við tekjur ríkissjóðs.

Þegar Bretar felldu síðan gengi sterlingspundsins um miðjan nóvembermánuð, virtist renna upp það ljós fyrir ríkisstj., að það mundi gera talsvert umfram þær till., sem hún hafði áður lagt fram um sérstakar ráðstafanir í efnahagsmálum til stuðnings útflutningsframleiðslunni. Og þá var það, sem hún komst að þeirri niðurstöðu, að það þyrfti að lækka gengi íslenzkrar krónu um 24,6%. Og þá var því lýst yfir, að þessar ráðstafanir hefðu nú verið ákveðnar að nákvæmlega yfirveguðu ráði og þeir, sem ákváðu skráningu gengisins, þ.e.a.s. stjórn Seðlabankans, komust þannig að orði í opinberri tilkynningu um þetta atriði:

„Eftir gengisfellingu sterlingspundsins varð gengisbreyting krónunnar hins vegar ekki lengur umflúin.“

Og var það skoðun Seðlabankans, að við þær aðstæður kæmi ekki annað til mála, en miða hina nýju skráningu við heildaraðstæður í íslenzkum þjóðarbúskap eins og þær eru nú, miða því nýja gengið við það, að hægt verði að reka útflutningsatvinnuvegi þjóðarinnar í heild hallalaust og án styrkja úr ríkissjóði.

Við þetta var hin nýja gengisskráning miðuð og því var lýst yfir af efnahagssérfræðingum ríkisstj. og endurtekið hér á Alþ. í umr., að þeir útreikningar, sem lægju að baki gengisskráningunni nýju, væru þeir nákvæmustu og beztu, sem um hefði verið að ræða í sambandi við ákvörðun á gengi íslenzkrar kr. Nú hefði farið fram mjög nákvæm athugun á afkomu hinna ýmsu þátta sjávarútvegsins og útflutningsframleiðslunnar, og reyndar höfðu alþm. verið upplýstir um það, hvað hinir ýmsu þættir sjávarútvegsins þyrftu í rauninni á mikilli gengislækkun að halda, til þess að þeir væru allvel settir á eftir.

Nú var það svo, að við því var að sjálfsögðu búizt, þegar ríkisstj. hafði ákveðið þessa miklu gengislækkun og birt þessar tilkynningar, að e.t.v. mundi hún nú falla frá fyrri till. um ráðstafanir í efnahagsmálum, þ.e.a.s. þeim ráðstöfunum að ætla að lækka niðurgreiðslur á nauðsynjavörum um yfir 400 millj. kr. á ári og hækka þar með allt verðlag mjög tilfinnanlega í landinu, og hún mundi falla frá því að leggja á ýmsa nýja skatta til tekjuauka fyrir ríkissjóð, falla frá kröfunni um það, að auka þyrfti tekjur ríkissjóðs um 750 millj. kr. á ári, m.a. vegna þess að öllum var ljóst, að með gengislækkuninni mundu tekjur ríkissjóðs aukast mjög verulega, því að um það var auðvitað að ræða, eins og hér var bent á í umr., að við gengisbreytinguna kom það hvort tveggja til, að ríkissjóður gat sparað sér þau útgjöld til útflutningsframleiðslunnar, sem henni höfðu verið greidd áður, en þær bætur námu rúmlega 300 millj. kr., og eins hitt, að tolltekjur ríkissjóðs hlutu að stóraukast eftir hina nýju gengisskráningu.

En þrátt fyrir allt þetta lýsti ríkisstj. því yfir, að hún mundi halda sér við sínar fyrri till. í efnahagsmálunum, þrátt fyrir gengislækkunina. Því var að vísu lýst yfir um leið, að þá mundi fjárhagur ríkissjóðs verða svo rúmur, að hægt væri að skila nokkru af þeim fjármunum til baka aftur, m.a. í lækkun tolla, og gert var ráð fyrir af hæstv. fjmrh., eins og hér hefur komið fram í þessum umr., að þessi upphæð geti numið til lækkunar á tollum í kringum 250 millj. kr.

Þannig voru þessi mál lögð hér fyrir Alþ. Þannig kom fram rökstuðningur fyrir því í sambandi við allar þessar efnahagsmálaaðgerðir, að rétt væri og hægt væri að lækka tollana sem þessari upphæð næmi. En eins og hér hefur verið sagt í þessum umr., stóðu þessar yfirlýsingar sérfræðinga ríkisstj. í efnahagsmálum og ráðh. ekki ýkja lengi, því rétt þegar búið var að ákveða þessi mál hér á Alþ., var setzt að samningaborðinu við forystumenn sjávarútvegsins, og þá kom bara allt annað upp á teninginn. Þá kom í ljós, að þessir útreikningar hinna sérfróðu manna stóðust ekki, þeir stóðust ekki reynsluna. Þá þurfti að gera sérstakan aukasamning við sjútvn. um það, að auk gengislækkunarinnar skyldi nokkrum þáttum sjávarútvegsins greidd nú á þessu ári viðbótarfjárhæð, sem næmi a. m. k. 320 millj. kr. Og þá var sem sagt þannig komið, að þeir fjármunir, sem áttu að vera fyrir hendi til þess að lækka tollana, voru ekki lengur fyrir hendi. Það, sem í tollalækkunina átti að fara, hrökk ekki einu sinni til.

Og nú hefur hæstv. fjmrh. upplýst hér, og segir enda í grg. fyrir því frv., sem hér er um að ræða, að tollalækkunin byggist beinlínis á því, að það þurfi að afla tekna á móti tollalækkuninni. Ja, þegar svo er, þá skiptir vitanlega öllu máli, að það sé gerð full grein fyrir því, hvað á þá í raun og veru að koma í staðinn fyrir þessa tollabreytingu. Jú, það á að lækka tollstigana, þannig að það gæti verið um að ræða tekjulækkun fyrir ríkið, sem nemur í kringum 160 millj. kr. á ári. En það á að afla nýrra tekna á móti, eins og segir í grg. frv., með einum eða öðrum hætti. Hæstv. fjmrh. hefur sagt hér í þessum umr., að ráðgert sé að spara í útgjöldum á fjárlögum yfirstandandi árs sem

nemi í kringum 100 millj. kr., en telur sig hins vegar ekki geta gefið upplýsingar um það hér, í hvaða greinum það sé, sem draga eigi úr útgjöldum.

Í þessum efnum vil ég minna á það, að þegar verið var að afgreiða fjárlög fyrir yfirstandandi ár og einnig í sambandi við umr., sem hér fóru fram um efnahagsmálin, lagði ég allmikla áherzlu á það, að eðlilegt væri, einmitt þegar svo stæði á, að um verulegan samdrátt væri að ræða í þjóðarbúskapnum í heild, að dregið yrði nokkuð úr ýmsum útgjöldum á fjárlögum. Og við Alþb.-menn fluttum nokkrar till. í þessa átt, og við nefndum nokkur dæmi um það, hvað við héldum að spara mætti.

En ég minnist þess, að hæstv. fjmrh. sagði þá, eins og hann hefur sagt jafnan áður og fyrirrennarar hans reyndar á undan, að það væri ekki í neinni grein hægt að spara. Hann sá enga möguleika til þess, að hægt væri að draga úr útgjöldum á fjárlögum. Hann taldi þvert á móti, og stóð að till. um það hér á Alþ., að auka þyrfti verulega við tekjustofna ríkisins frá því, sem áður var. Og með afgreiðslu fjárlaga var beinlínis gert ráð fyrir því, að heildarútgjöld ríkisins og ríkisstofnana yrðu meiri á árinu 1968, en þau voru á árinu 1967.

Út af fyrir sig get ég fagnað því, að ríkisstj. skuli nú vilja endurskoða þessa fyrri afstöðu sína. En það skiptir vitanlega öllu máli í þessum efnum, á hvaða liðum á að spara, hvar á að draga úr útgjöldunum, og ég kann heldur illa við það, að þannig sé staðið að málum hér á Alþ., að lagt sé fram frv. um það að lækka tolla sem nemur 160 millj. kr., og það er rökstutt með því, að það eigi að draga úr ýmsum öðrum útgjöldum hjá ríkinu á móti, en að okkur sé ekki gerð jafnhliða grein fyrir því, í hverju þessi samdráttur í útgjöldum eigi að liggja. Auðvitað er það ekki frambærilegt að leggja málið fyrir Alþ. á þessum grundvelli. Það á vitanlega að gera Alþ. í þessum efnum grein fyrir báðum hliðum málsins, ekki aðeins annarri hliðinni. Vissulega gæti verið um það að ræða, að lagt yrði til af ríkisstj. að lækka ýmis þau útgjöld á fjárlögum, sem meiri hluti þm. teldi þýðingarmeira að halda uppi heldur en nokkurn tíma það, að fá nokkra lækkun á tollstigum á ýmsum þeim vörum, sem hér er fjallað um í þessu frv.

Ég hef minnzt hér nokkuð á samhengi þessara mála, af því það er það, sem ég tel, að hér skipti öllu máli. Því miður hefur hæstv. ríkisstj. staðið þannig að till. sínum um efnahagsmál, — en það frv., sem hér er um að ræða, er aðeins einn angi af þeim till. — hún hefur staðið þannig að þeim að undanförnu, að það hefur ekki verið traustvekjandi. Í þeim umr., sem fram hafa farið um vanda efnahagslífsins að undanförnu, hefur hæstv. ríkisstj. allmjög lagt áherzlu á það, að í þeim efnum væri eingöngu um að ræða óviðráðanleg ytri atvik, sem aðallega hefur komið fram í miklu verðfalli á okkar útflutningsafurðum og í minnkandi sjávarafla, og þetta væru aðalástæðurnar til vandans í okkar efnahagslífi, og stundum hefur hún viljað leggja þetta út á þann veg, að hér væri aðeins um tímabundna erfiðleika að ræða, og í annan tíma hefur þó hið gagnstæða verið sagt, að búast mætti við því, að þetta ástand yrði langvarandi.

Ég hef sagt í umr. um þessi mál, að ég vil ekki á nokkurn hátt draga úr því, að um mikinn vanda er að ræða í okkar efnahagslífi vegna þessara ytri áfalla. Það dregur enginn í efa, sem til þekkir, að þýðingarmiklar útflutningsvörur okkar hafa fallið í verði mjög tilfinnanlega og við höfum orðið þar fyrir nokkurri tekjuskerðingu. Á s.l. ári varð afli nokkru minni heldur en hann hafði orðið mestur áður. Það var auðvitað líka tilfinnanlegt, en þó að afleiðingarnar af þessu séu út af fyrir sig sárar og erfiðar, fer því víðs fjarri, að með því að tilgreina þetta sé skýrt rétt frá þeim vanda, sem við er að glíma varðandi íslenzkt atvinnulíf. Það er alveg óhjákvæmilegt, að ríkisstj. átti sig á því, að vandamál atvinnulífsins nú eiga rætur sínar að rekja til rangrar stjórnarstefnu í mjög þýðingarmiklum atriðum. Og atvinnuvegirnir hafa ekki þolað ytri erfiðleika, sem nú hafa steðjað að, m. a. vegna þess, að að þeim er búið í ýmsum efnum þannig, að ekki fær staðizt, ekki nema í veltiárunum.

Og svo má ekki gleyma því, að þessir ytri erfiðleikar, sem vissulega hafa skollið á okkar atvinnulífi, hafa þegar skollið að verulegu leyti á því fólki, sem vinnur að okkar útflutningsstörfum. Ég minni á það, að nýlega var frá því skýrt í grg., sem birtist frá Fiskifélagi Íslands, að andvirði fiskaflans upp úr sjó á s.l. ári væri rúmlega 800 millj. kr. minna en það var árið á undan. En hvað þýðir þetta? Það þýðir það, að sjómennirnir á fiskiskipaflotanum hafa hlotið í kaup 400 millj. kr. minna á s.l. ári en þeir fengu árið á undan, því að u. þ. b. helmingur aflaverðmætisins upp úr sjó er kaup sjómanna. Það mun láta nærri, að miðað við sjómenn í föstu starfi eða þá, sem er í rauninni hægt að kalla sjómenn að meiri hluta til, miðað við tekjur þeirra, nemi þetta u. þ. b. 100 þús. kr. tekjulækkun frá árinu 1966 til ársins 1967 að meðaltali á alla starfandi sjómenn í landinu. Margir sjómenn hafa auðvitað orðið fyrir því áfalli, að tekjur þeirra hafa lækkað um miklu meiri upphæð en 100 þús. kr. Svipað er að segja um það áfall, sem verkafólk hefur orðið fyrir, t. d. í síldariðnaðinum eða fiskiiðnaðinum almennt. Tekjur þessa fólks hafa minnkað stórlega frá því, sem áður var, m.a. vegna þess að verkefnin hafa orðið minni og verkin hafa verið unnin með allt öðrum hætti, þegar um þennan samdrátt var að ræða. Það er því enginn vafi á því, að verulegan hluta af hinu margumtalaða áfalli bera hinir vinnandi menn og hafa þegar tekið á sig, hinir vinnandi menn í landinu, sjómenn, verkamenn og iðnverkafólk í mjög mörgum greinum. Þetta fólk hefur þegar tekið á sig verulegan hluta af þessu áfalli. Það var því ekki réttmætt eða eðlilegt að gera sérstakar efnahagsráðstafanir á eftir, eins og hæstv. ríkisstj. hefur gert, ráðstafanir, sem færu í þá átt að auka stórlega við dýrtíð í landinu, sem yrði svo til þess, að kaupmáttur hins lækkaða kaups þessa fólks ætti einnig að minnka, þannig að hver króna, sem þessir aðilar fengju, yrði líka verðminni.

Auðvitað hafa framleiðslufyrirtæki okkar í útflutningsframleiðslunni líka orðið fyrir verulegum skakkaföllum. Bátaútvegurinn hefur orðið fyrir skakkaföllum. Verulegur hluti síldariðnaðarins hefur orðið fyrir skakkaföllum og fiskiðnaðurinn almennt hefur orðið fyrir skakkaföllum. Sá vandi, sem hér átti við að glíma í þessum efnum, var að finna lausnina á því, hvernig ætti að leysa vanda þessara aðila, sem höfðu orðið fyrir þessu áfalli. En þessum vanda vildi ríkisstj. svara á þennan hátt: Við þurfum að fá meiri tekjur í ríkissjóð, við þurfum nauðsynlega að eyða fleiri krónum á árinu 1968 heldur en við eyddum á árinu 1967, og ráðstafanir í þá átt voru gerðar. Þetta ber að mínum dómi vott um það, að ríkisstj. hafði ekki og hefur ekki enn áttað sig á eðli vandamálsins. Auðvitað var einnig hægt að grípa til þess ráðs að bæta stöðu útflutningsatvinnuveganna með því að breyta í ýmsum grundvallaratriðum um stefnu í málefnum þeirra. Það var auðvitað engin nauðsyn að halda áfram uppi, þrátt fyrir þetta áfall, sem útflutningsatvinnuvegirnir urðu fyrir, þeirri stefnu að innheimta af flestum lánum, sem til framleiðslunnar fara, 10% vexti, eða eins og gert er í mjög mörgum greinum fiskiskipaflotans, að innheimta 12% vexti ár eftir ár. En þannig er málum háttað, að þegar um vanskil er að ræða, eins og verið hefur hjá miklum hluta bátaflotans, fara dráttarvextirnir upp í 1% á mánuði, og það má því segja, að verulegur hluti af lánum sjávarútvegsins sé stöðugt á 12% vöxtum.

Ég veit, að allir þeir menn, sem eitthvað þekkja til þessara mála, komast að raun um, að það er með öllu útilokað, þegar nokkurt verðfall hefur orðið t. d. á okkar þýðingarmiklu útflutningsvörum, s. s. bræðslusíldarafurðum, þá er með öllu útilokað, miðað við það hráefni, sem hægt er að afla, að hægt sé að halda þeirri pólitík áfram, að reikna skuli af stofnlánum af okkar fiskibátum 10—12% vexti og að meðaltalslánin séu ekki nema til 10 ára. Þegar verið er að gera upp reikninga síldarverksmiðja í landinu eða annarra fiskvinnslustöðva kemur í ljós, að þau lán, sem þessir aðilar eiga að standa undir, eru flest til 8 eða 10 ára og flest með 10% vöxtum. Þetta er allt dregið frá fyrst í byrjun, áður en hægt er að ákveða, hvað þessi fyrirtæki geti gefið mikið fyrir hráefni, og hið sama þarf að gera, þegar verið er að reyna að finna afkomu fiskiskipa. Ég vil í þessu efni, aðeins til þess að skýra svolítið frekar mál mitt, nefna dæmi. Það er fróðlegt fyrir þá alþm., sem vilja setja sig inn í þessi mál, að reikna það dæmi út sjálfir.

Nú er talið, að einn sæmilega fullkominn og góður síldveiðibátur af þeirri tegund, sem við kaupum nú til dags, kosti ekki minna en 20 millj. kr. — eftir gengisbreytinguna kostar hann reyndar nokkru meira. Þau lán, sem alveg óhjákvæmilega þarf að standa undir af slíku skipi, eru ekki undir 14—15 millj. kr., þó að um talsvert myndarlegt eigið framlag hafi verið að ræða. Hér er aðeins verið að ræða um skipið eitt. Þegar svo þarf að greiða upp lánin á 10—12 árum og greiða þá vexti, sem nú eru í gildi, er það ekki lítið fiskmagn, sem þarf að berast að landi, til þess að hægt sé að standa undir vöxtunum og afborgununum einum saman af skipinu. Miðað við það síldarverð t. d., sem var á s.l. ári, mundi um 5 þús. tonna afli eða um 50 þús. tunna veiði, sem þótti nú góð hér í eina tíð, og þótti reyndar góð líka hjá öllum á s.l. ári, ekki gefa meira í bruttóinnlegg en 5—6 millj. kr., sem þýðir það, að sá helmingur, sem fellur í hlut útgerðarinnar, nægir í þessu tilfelli ekki til þess að borga alla vexti og afborganir af skipinu einu saman yfir allt árið, eins og þessu er nú fyrir komið.

Hér er auðvitað um að ræða þá stefnu, sem barin var fram með þeim efnahagsmálakenningum, sem kenndar eru við viðreisnina, að það þyrfti að stytta stofnlánin, stytta lánstímann á stofnlánum fiskiskipa og á stofnlánum til vinnslustöðva sjávarútvegsins. Sú stefna er röng, það á að lengja lánin aftur. Ég minni enn einu sinni á það, að þau fiskiskipalán, sem höfðu verið veitt sem 20 ára lán árum saman, voru færð niður í 15 ár með viðreisnarlögunum og ákveðið var, að þau lán, sem höfðu um langan tíma verið veitt sem 15 ára lán, skyldu færast niður í 12 ár. Jafnhliða þessu voru svo vextirnir stórhækkaðir, og hvers kyns álögum hefur svo verið hrúgað á, sem auðvitað væri auðvelt að létta hér af framleiðslunni, ef skilningur væri á því, að það þyrfti að hlaupa undir bagga með þeim, sem hafa orðið hér fyrir miklum áföllum. Ágætt dæmi um þetta — sem ég hef minnzt á hér einu sinni áður — er sá ótrúlegi skattur, sem lagður er t. d. á fiskiskipakaupendur og nemur nú orðið um hálfri millj. kr. af einu einasta nýju fiskiskipi, sem keypt er til landsins, en sá skattur er þannig til kominn, að þegar hinn erlendi aðili, hin erlenda skipasmíðastöð, veitir um 70% af andvirði skipsins sem lán til 7 ára, þarf að forminu til að leggja hér fram bankaábyrgð á Íslandi fyrir þessu erlenda láni, en Fiskveiðasjóður Íslands, einn ríkasti sjóður í eigu landsmanna, hefur formlega samþykkt að sjá um greiðslu á hinu erlenda láni, yfirtaka það með því láni, sem fiskveiðasjóður ætlar að veita síðar, og standa skilvíslega við allar greiðslur. Fiskveiðasjóður veitir sitt formlega samþykki fyrir því að annast þessar greiðslur, en það þarf að fá viðskiptabanka, í þessu tilfelli Landsbankann eða Útvegsbankann, til þess að senda út eitt skeyti til byggingarstöðvarinnar í Noregi eða í öðrum löndum, þar sem skipið er byggt, um það, að það sé sett bankatrygging fyrir því, að staðið verði í skilum með þetta lán. Og fyrir það, að viðskiptabankinn sendir þetta skeyti, tekur hann nú af 20 millj. kr. skipi svona rúmlega 1/2 millj. kr.

Þó farið hafi verið fram á það að létta þessum aukaálögum af, hefur ekki verið nokkur leið að koma slíku fram, ekki nokkur leið. Þannig mætti telja upp í fjöldamörgum greinum óþarfa útgjöld í mjög ríkum mæli, sem hvíla á útflutningsframleiðslunni og gera auðvitað hag hennar með öllu óbærilegan, þegar á þjátar, þegar erfiðleikarnir sækja að. Það getur verið hægt að standa undir þessu öllu, ef síldarskipin

okkar veiða yfir 100 þús. tunnur á einu einasta ári, og ef verðið á síldarlýsi og síldarmjöli er í algjöru hámarki, en um leið og nokkuð hallar undan, er sú stefna, sem nú hefur verið rekin og er rekin, ekki framkvæmanleg með neinu móti.

Ég hef hér í umr. á Alþ. æ ofan í æ bent á fjöldamarga af þessum kostnaðarliðum, sem hægt væri að létta af útflutningsframleiðslunni og kæmi henni að miklu meiri notum heldur en ýmsar þær kákráðstafanir, sem verið er að framkvæma hér svo að segja árlega. En niðurstaða hinna vísu manna í þessum efnum virðist helzt vera að slá því föstu, að þeir atvinnuvegir, sem við höfum byggt á, og þá einkum og sérstaklega sjávarútvegurinn, séu svo veikir, það sé svo fallvalt að treysta á þá, að við verðum að leita annarra ráða. Og svo kemur hver fyrirlesarinn af öðrum í útvarp eða birtir greinar sínar í blöðum um það, að fangaráðið sé m. a. það, að við fáum útlendinga til þess að koma hér upp atvinnustöðvum til þess að leysa okkar vandamál.

Ég hef fyrir mitt leyti ekkert á móti því, síður en svo, að grundvöllur íslenzks atvinnulífs sé breikkaður, það sé reynt að vinna að því að koma hér upp nýjum atvinnugreinum. Það hefur vissulega *mikið gildi*. En ég hefði gaman af að sjá, hvaða erlent fyrirtæki það er eða hvaða erlendur einkafjármagnseigandi, sem fengist til þess að setja upp nokkurt atvinnufyrirtæki á Íslandi og eiga að ganga undir sömu skilmála með rekstrarskilyrði og t. d. okkar sjávarútvegur verður að ganga undir í dag. Það er nú aldeilis munur að geta stofnað þannig til fyrirtækis, að ekki þurfi að borga einn einasta eyri í toll af öllu því, sem til þess þarf að koma upp atvinnufyrirtækinu. Það eru engin smáræðishlunnindi. Við skulum athuga það, að samkv. þeim tölum, sem fyrir liggja, er þessum málum þannig fyrir komið hjá okkur, að rúmlega þriðji parturinn af þeim gjaldeyri, sem til fellur við útflutning, kemur aftur inn sem beinar innflutningstekjur í ríkissjóð, vegna þess að hér er um svo mikil og almenn innflutningsgjöld að ræða. Og það eru einmitt okkar aðalatvinnuvegir, sem verða að standa undir þessum gjöldum öllum. Þeir verða í rauninni að standa á óbeinan hátt undir rekstri þjóðarbúsins í heild. En þeir erlendu aðilar, sem enn hafa sézt í atvinnurekstri á Íslandi, hafa samið sig undan því að vera á nokkurn hátt háðir því verðlagi, sem hér er um að ræða innanlands. Sannleikur málsins er sá, að þó að okkar aðalútflutningsatvinnuvegur, sjávarútvegurinn, hafi orðið fyrir áfalli á s.l. ári, með því að afurðir, þýðingarmiklar afurðir hafa lækkað í verði, fer því víðs fjarri, að sjávarútvegurinn hafi sem slíkur bilað. Við vitum það, að sú aflaminnkun, sem varð á s.l. ári, varð þó ekki meiri en svo, að heildaraflinn verður að teljast mjög mikill hjá okkur, mjög mikill. Og hefði ekki verið um að ræða alveg óvenju óhagstæða tíð síðustu mánuði ársins, hefði aflinn orðið þétt að því eins mikill og árið á undan. Á því leikur lítill vafi. Og þó að okkar útflutningsvörur hafi fallið nokkuð í verði, er þó ekki hægt að halda því fram, t. d. um frosna fiskinn, að þar sé um neitt nauðungarverð að ræða. Það er tiltölulega hagstætt verð. En það er að vísu ekki eins gott og það, sem við höfðum fengið bezt áður.

Rétt er það, að sjávarútvegurinn hefur ekki bilað hjá okkur. Það er ekki ástæða til þess að gefa hann upp á bátinn þess vegna. En við þurfum að horfast í augu við þann vanda, þegar um efnahagsmál okkar er að ræða, að ýmis meginatriði í þeirri stefnu, sem gilt hefur á undanförnum árum, fá ekki staðizt nema í veltiári. Þeim atriðum þarf að breyta, ef við ætlum að hafa þann afrakstur af þessum atvinnuvegi, sem við getum haft. Og við þurfum auðvitað líka að skilja það, að t. d. okkar sjávarútvegur, svo þýðingarmikill sem hann er, hefur enn þá ekki verið nýttur í íslenzku þjóðarbúi nema að litlum hluta til. Í þeim efnum minni ég t. d. á það, að við Alþb.-menn höfum flutt hér till. um það æ ofan í æ á Alþ., að ríkisvaldið skerist í leikinn og reyni að greiða með ýmsum hætti fyrir þeirri nýju útflutningsgrein, sem tengd er við niðursuðu og niðurlagningu á sjávarafurðum.

Ég var nýlega að sjá það í norsku blaði, að þar voru birtar tölur um útflutning Norðmanna nú á s.l. ári einmitt á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum. Og þá kom það þar í ljós, að útflutningur Norðmanna á s.l. ári á þessum vörum hafði vaxið verulega. En hitt þótti mér þó enn þá merkilegra, að verðmæti þessa útflutnings í Noregi nam talsvert hærri upphæð en útflutningurinn á öllum frystum sjávarafurðum frá Íslandi á heilu ári, og er þó frystiiðnaðurinn langsamlega stærsti og þýðingarmesti liðurinn í okkar útflutningi. M. ö. o., við höfum varla nálgazt það verkefni enn þá að fullvinna okkar sjávarafurðir t.d. í líkingu við það, sem Norðmenn gera til útflutnings. Við eigum allt þetta verkefni eftir. En það þarf vitanlega að leggja talsvert að sér til þess að vinna upp nýja framleiðslugrein. Það verður ekki gert með því að loka lánsstofnunum fyrir tilraunum manna í þá átt að byggja upp þessa atvinnugrein eða bjóða upp á 8—10 ára lán með 10—12% vöxtum eða á þann hátt, að atvinnugreinin verði að standa undir allri þeirri ofsayfirbyggingu, sem íslenzkur sjávarútvegur verður að standa undir nú hjá okkur.

Ég hef nú rætt þetta mál nokkuð hér á víðum grundvelli, og það stafar af því, að ég lít á það frv., sem hér er um að ræða til lækkunar á tollum, sem einn lið í efnahagsmálatill. ríkisstj. Og mér þótti því eðlilegt að benda á það hér um leið, að það eru allar þessar efnahagsmálatill. stjórnarinnar, sem þurfa að takast til endurskoðunar. Það er það, sem máli skiptir. Það er rangt að mínum dómi að ætla að gefast upp við þau vandamál, sem við er að glíma í okkar aðalatvinnuvegum, þó að nokkuð hafi bjátað á, en við þurfum að sveigja stefnuna til meira hagræðis fyrir útflutningsatvinnuvegina heldur en gert hefur verið, og við munum ábyggilega ekki bjarga okkur út úr þessum vandamálum með því að halda okkur í þessa stefnu og ætlast til þess, að útlendingar komi hér inn til okkar og leysi öll okkar vandamál. Því fer fjarri.

Að öðru leyti skal ég svo endurtaka það, að við Alþb.-menn erum fylgjandi þessu frv., svo langt sem það nær til lækkunar á tollum, teljum, að það stefni þannig í rétta átt og munum greiða fyrir því, að það nái hér fram að ganga. En hitt skiptir þó miklu meira máli, að hæstv. ríkisstj. átti sig á því, að hún þarf að breyta um stefnu í ýmsum grundvallaratriðum í efnahagsmálum, ef á að vera hægt að komast út úr þeim vanda, sem við er að glíma í íslenzku atvinnulífi nú í dag.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla aðeins að gera hér smáaths. við þetta frv., en í 2. gr. frv., 5. tölul. segir, að 38. tölul. falli niður. Í aths. með frv. um 2. gr., 5. tölul., segir:

„Lagt er til að fella niður heimild til eftirgjafar í gjöldum af vélum til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings. Um rökstuðning fyrir till. þessari má vísa til grg. með nr. 3 hér að framan, auk þess sem benda má á, að hraðfrystiiðnaðurinn býr við 10 og 15% toll af algengustu vélum sínum.“

Í 3. gr., sem vitnað er til, er lagt til að fella niður heimild til að gefa eftir toll af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á umbúðum um vörur, sem fluttar eru úr landi. Bæði er, að nú þegar er til í landinu mikill vélakostur til umbúðaframleiðslu, og eins hitt, að ákvæði þetta er erfitt og viðkvæmt í framkvæmd. Mér finnst, að það sé nokkur annar rökstuðningur fyrir 3. lið í sambandi við vélar til framleiðslu á umbúðum um vörur, sem fluttar eru úr landi, þar sem nú eru komin tvö fyrirtæki hér, sem framleiða umbúðir um frystar afurðir og aðrar þær afurðir, sem fluttar eru úr landi, og má því segja, að þar sé nægur vélakostur, en hitt finnst mér undarlegra að leggja til að fella niður heimild til eftirgjafar af aðflutningsgjöldum af vélum til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings. Ég verð nú að segja eins og er, að mér finnst, að niðursuðuiðnaðurinn á Íslandi sé bæði ákaflega ungur og einnig sé hann atvinnuvegur, sem hefur átt erfitt uppdráttar, og ég tel nauðsyn á því að reyna heldur að stuðla að því að efla þennan iðnað og það er engan veginn það sama að segja um innflutning á vélum til niðursuðuiðnaðar og vélum til frystiiðnaðarins af þeirri einföldu ástæðu, að fjölmargar vélar, sem frystiiðnaðurinn þarf á að halda, eru framleiddar í landinu sjálfu. En engar vélar, sem niðursuðuiðnaðurinn þarf á að halda, eru framleiddar hér á landi. Ég hygg, að ríkissjóður tapi ákaflega litlum tekjum, þó að þessi tölul. fengi náð fyrir augum Alþ. og fengi að vera þarna áfram, því að með því að taka tollana munu margir þeir, sem nú eru í miklum erfiðleikum, hreinlega hætta við að flytja slíkar vélar inn, og ég hef litið svo á, að þegar þetta ákvæði var tekið upp á sínum tíma, væri ríkissjóður með því að stuðla að því að styrkja á þennan hátt þessa ungu atvinnugrein, sem við sannarlega þurfum að efla í framtíðinni.

Ég ætla ekki að hafa svo öllu fleiri orð um þetta, en ég vil mjög eindregið mælast til þess við þá n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún taki þetta mál til athugunar, þó að það hafi ekki verið gert af fjmrh. í Ed., og ég tel það sanngjarnt og eðlilegt, að ekki sé horfið frá því, sem verið hefur í gildi á undanförnum árum, enda verður ekki sagt með neinum rökum, að þetta hafi verið neitt erfitt í framkvæmd.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar fjárlög fyrir árið 1968 voru afgreidd hér á Alþ. fyrir jólin, var það gert á þann hátt, að greiðslujafnaðaráætlunin stóð nokkurn veginn í járnum, þ. e. a. s. það voru mjög svipaðar upphæðir, sem gert var ráð fyrir, að greiddar yrðu út úr ríkissjóði á árinu, og inn kæmu. En það var þó jafnframt gert ráð fyrir því, að vegna gengisbreytingarinnar yrðu umframtekjur 250 millj. kr. Það var sú tala, sem hæstv. ríkisstj. áætlaði og það var gert ráð fyrir því, að þeirri upphæð, þessum 250 millj. kr., yrði varið til þess að lækka tolla og vega þannig upp á móti hækkun vöruverðs af völdum gengisbreytingarinnar.

Nú hefur það gerzt síðan fjárlög voru afgreidd, sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. í dag, að stjórnarvöld hafa samið við sjávarvöruframleiðslufyrirtækin, en mestur hluti útflutningsvara er frá þeim, um sérstakt framlag úr ríkissjóði til þessarar framleiðslu, sem talið er að nemi, eftir því sem hæstv. ráðh. sagði, 322 millj. kr. Vegna þessa hefur svo hæstv. ríkisstjórn ákveðið, að tollalækkunin verði nokkru minni heldur en gert hafði verið ráð fyrir, þ. e. a. s. um 160 millj. kr. Þegar báðar þessar tölur eru teknar saman, er niðurstaðan sú samkv. því, sem hæstv. ráðh. sagði, að þurft hefur að hækka einkasöluvörur nokkuð, og er áætlað, að tekjur af þeirri hækkun verði um 50 millj. kr., og tollalækkunin ennfremur ráðgerð allverulegri upphæð minni heldur en gert hafði verið ráð fyrir við setningu fjárlaga, en þrátt fyrir það vantar enn eftir því, sem hæstv. ráðh. sagði, um 100 millj. kr. til þess að áætla megi fjárlögin greiðsluhallalaus nú.

Nú var það svo í vetur, þegar um þetta var rætt, að þá greindi hv. þm. nokkuð á um tekjuáætlunina. Og því var af sumum haldið fram, að tekjuaukning ríkissjóðs vegna gengisbreytingarinnar mundi verða meiri heldur en gert var ráð fyrir. En þetta sjónarmið var ekki viðurkennt þá af hæstv. fjmrh. og er ekki, svo að ég hafi heyrt, viðurkennt enn. Það liggur því fyrir samkv. því, sem fram kemur hjá honum, að það vanti kringum 100 millj. kr. í tekjubálk fjárlaga, og hæstv. ráðh. segir, að ætlunin sé að vinna þessar 100 millj. kr. upp með því að lækka einhverja útgjalda- eða útborgunarliði. En hann er enn ekki reiðubúinn til þess að segja hv. þm., hvaða till. hann muni leggja fram eða hæstv. ríkisstj. um lækkun útborgunarliða. Þetta hefur orðið mér tilefni til ýmissa hugleiðinga um þetta mál, og ég vil mjög taka undir það, sem fram kemur í áliti minni hl. fjhn. í hv. Ed., sem var útbýtt hér á fundinum, en þar segir í nál. frá minni hl.: „Það er skoðun okkar undirritaðra, að raunar sé tæpast gerlegt fyrir alþm. að samþykkja slíka breytingu á nýafgreiddum fjárl. án þess að hafa nokkra hugmynd um, hvaða starfsemi það er, sem fórna skal, og ekkert liggur fyrir,

sem tryggi það, að síðari villan verði ekki verri hinni fyrri.“ Ég hygg, að það, sem hv. minni hl. í Ed. á við, minni hl. fjhn., sé rétt, að það hefði verið eðlilegt, að málið lægi þannig fyrir nú, þegar þetta frv. um tollabreytingar er afgreitt, að hv. þm. gætu fengið heildarmynd af þessum lagabreytingum, sem stjórnin hugsar sér að gera, í einu, þ. e. a. s. tollalækkunum og einstökum liðum hennar og þeim till., sem gerðar verða um lækkun einstakra útgjaldaliða.

Alþ. hefur nokkra reynslu af því frá fyrri árum, að þegar þörf þykir á því að draga úr útgjöldum ríkisins, er það venjulega ein tegund útgjalda eða útborgana, sem augu ráðamanna staðnæmast við. Og það eru útgjöld til verklegra framkvæmda. Og ég er að velta því fyrir mér, hvort það komi til greina, að hæstv. ríkisstj. líti svo á, að sú tollalækkun, sem ráð er fyrir gert í frv., geti leitt af sér að hennar dómi lækkun á framlögum til vega, hafnargerða, skólabygginga, rafvæðingar og annarra slíkra framkvæmda, sem miða að uppbyggingu víðs vegar um landið. Eða er það kannske svo, að hæstv. ríkisstj. sé nú orðin þeirrar skoðunar, að tekjuáætluninni frá því í vetur megi breyta? Út af þessu finnst mér ákaflega erfitt á þessu stigi málsins að taka afstöðu til þessa frv. Og ég vil taka það skýrt fram, og það er reyndar í samræmi við það, sem *ég sagði við umr. fjárl.* í vetur, að ég mun ekki líta á samþykkt þessa frv. sem neina viðurkenningu, a. m. k. ekki af minni hálfu, á því, að vegna samþykktar þess verði nauðsynlegt að draga úr framlögum til verklegra framkvæmda. Þetta vil ég, að fram komi nú þegar við þess umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er nú búið að ræða þetta frv., sem hér liggur fyrir, allýtarlega, og sé ég því ekki ástæðu til þess að lengja mikið umr. í sambandi við það. Ég vil þó geta þess, að ég er einn af þeim, sem það olli miklum vonbrigðum, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki treysta sér til að standa við þau fyrirheit, að lækka tollana um 520 millj. eða því sem næst, eins og lofað var fyrir áramótin.

En við nokkrir framsóknarmenn hér í d. fluttum tollalækkunarfrv., sem er á þskj. 200, fyrir jólin, og það var tekið hér til 1. umr. stuttu eftir að þing kom saman nú eftir áramótin. Síðan hefur þetta frv. legið í salti, og ég sé það á þessu frv. á þskj. 256, sem hér er til umr., að ekki er þar gert ráð fyrir að taka neitt af því, sem við lögðum til í vetur. Það er ekki tekið neitt af því upp í þetta frv., og vil ég því lýsa því yfir hér, að við 2. umr. þessa máls mun ég og aðrir þeir, sem að þessu frv. stóðu í vetur, gera brtt. við frv. til þess að reyna á það, hvernig hv. d. er stemmd í þessu máli.

Ég vil benda á það í þessu sambandi, að síðan þetta frv. okkar var lagt fram, hafa fjölmargir bændur spurt mig eftir því, hvort það væri einhver von til þess, að það fengi hér jákvæða afgreiðslu. Og það kemur í ljós hvaðanæva að, sem við höfum haldið fram hér í hv. d., að þannig er ástatt í sveitum landsins, að það er full þörf á því að lækka tolla á þessum vélum, ef nokkur von er um nokkurn innflutning á þessu vori. Ég vil koma þessu hér á framfæri, þannig að hv. d. og n. sé við því búin eða viti það, að við munum taka málið hér upp við 2. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er nú búið að segja æðimargt í þessum umr., sem fróðlegt hefði verið og freistandi að gera að umtalsefni. En ég skal reyna að stilla mig um það. *Ég sagði í upphafi málsins*, að ég vonaðist til, að það drægi ekki óeðlilega meðferð þess, að hér yrði farið að fara út í almennar efnahagsmálaumr. Það er út af fyrir sig ekki að undra, að efnahagsmálin hafi nokkuð borið á góma í þessu sambandi, en ég tel, að það ætti fremur við í sambandi við þau frv., sem væntanleg eru um aðstoð við sjávarútveginn, að ræða hér um orsakir gengisbreytingarinnar og útreikninga, hvort þeir hafi verið réttir eða rangir og hverjum það sé að kenna, heldur en fara að ræða það hér í sambandi við þetta frv. Og ég vil þess vegna ekki fara langt út í þá sálma, þó að vissulega sé æðimargt við það að athuga, sem ýmsir hv. ræðumenn hafa sagt hér í dag um það efni.

Varðandi það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér, 5. þm. Norðurl. e., skilst mér, að frv. hans eða þeirra félaga frá í vetur feli í sér það að *afnema tolla á vissum vélum* til landbúnaðarins, það sé meginefni málsins. Út af fyrir sig væri það gott og blessað, að við gætum afnumið tolla. En málið er nú töluvert flóknara en þetta. Landbúnaðurinn býr við mjög hagstæða tolla miðað við aðrar atvinnugreinar. Ég er ekki að sjá eftir því, síður en svo, en það gefur auga leið, að ef ætti að fara að afnema tolla af vélum til landbúnaðarins, þá kæmi auðvitað bæði sjávarútvegur og iðnaður á eftir, og þá erum við komnir með slíkar fjárhæðir, að það er enginn möguleiki til þess að ráða við það. Þetta veit ég, að hv. þm. — sem glöggur maður — skilur, og ég hef tekið það hér fram og vil aðeins endurtaka það, að vitanlega er ótalmargt, sem maður gjarnan hefði viljað lagfæra og breyta tollum á. En við höfum ekki nema þessa afmörkuðu fjárhæð úr að spila. Um það þýðir ekki að fást. Menn geta harmað það. Ég get *harmað það einnig. Menn geta sagt*, að það sé fyrir sviksemi úr mér, sem ég eigi að biðjast lausnar fyrir. Það kannske breytir út af fyrir sig ekki miklu, ef ég gæti fróað hv. þm., sem talaði um það hér í dag, þá er það mál út af fyrir sig. En það mundi ekki breyta þeirri niðurstöðu, að það eru ekki meiri peningar til, þó að ég þakki honum áhuga hans og umhyggju, sem hann hefur fyrir æru minni, þannig að það er enginn möguleiki til þess að hafa þessa tollabreytingu hærri, og ég álít ekki, að það sé möguleiki að breyta í neinum grundvallaratriðum þeirri samsetningu, sem er á þessu frv. Það er búið að grandskoða það. Hv. Ed. hefur fallizt á það einróma, að það væri ekki óeðlilega valið, eins og það er samansett, og ég vil leyfa mér að vænta þess og treysta því, að hér í hv. Nd. geti menn komizt að sömu niðurstöðu. Ég veit enga möguleika til að banna mönnum að flytja brtt., en það eru auðvitað allir þm., sem hafa

fleiri eða færri áhugamál í huga, sem þeir hafa hins vegar látið hjá líða að blanda inn í þetta mál með hliðsjón af því, að það væri of sérstaks eðlis og nauðsynlegt að koma því í gegn, hvað sem öðrum áhugamálum líði í þessum efnum.

Þetta vildi ég aðeins ítreka hér og láta koma fram.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. vék að því í sinni ræðu, sem ég sannast sagna hef ekkert við að athuga, að það væri mjög erfitt að gera sér grein fyrir því, hvort menn teldu þessa tollabreytingu meira virði heldur en að halda í þau útgjöld ríkissjóðs, sem stæði til að skera niður, og ég geri mér fullkomlega grein fyrir því, að það er eðlilegt, að það sjónarmið komi hér fram, að æskilegt hefði verið, að sundurliðuð grg. lægi fyrir um það, hvaða útgjöld er ætlunin að skera niður eða lækka. Því miður verð ég að endurtaka það, að ég get ekki gefið um þetta sundurliðaðar upplýsingar, og ég kæri mig ekki um að segja hér það, sem ekki fengi örugglega staðizt í því efni, enda hef ég nú verið minntur á það, að það væri bezt að tala varlega, þannig að menn skilji það þá kannske, að ég vilji fara eftir þeim ábendingum siðameistara hér í hv. d., að það mundi ekki þjóna neinum tilgangi. Ég hef sagt það eitt, sem ég vil endurtaka, að það er ætlunin, að í meginefnum verði þetta niðurskurður á ýmsum þeim liðum, sem við getum fremur talið rekstrarliði, þó að vitanlega sé það alltaf álitamál, heldur en fjárfestingarliði eða hina almennu liði, sem við köllum hér venjulega í þinginu verklegar framkvæmdir. Með því get ég ekki fullyrt, að það verði ekki snert. Það skal ég ekkert um segja á þessu stigi. En það er stefna ríkisstj., að meginkjarni þessa niðurskurðar verði fólginn í niðurskurði á því, sem við almennt heimfærum undir rekstrarútgjaldaliði fjárlaga.

Hv. 4. þm. Vestf. benti hér á það, að það væri mjög einkennilegt, að það væri felld niður heimild, sem fyrir stuttu var tekin í lög um það að heimila ríkisstj. að endurgreiða tolla af vélum til niðursuðuiðnaðar til útflutnings. Það er rétt hjá honum, að þetta er út af fyrir sig ekki stórt atriði í tekjum ríkissjóðs. En sannleikurinn er sá, að það er illmögulegt eða ógerlegt að framkvæma þetta, sem ég veit, að allir hv. þm. gera sér grein fyrir. Það eru ýmis fyrirtæki, sem nú þegar hafa fengið mikil hlunnindi í sambandi við þessa niðurfellingu, en það hefur komið í ljós, að framhaldsframkvæmd á þessu er í raun og veru vart hugsanleg með neinni skynsemi.

Eins og hv. þm. sjá, er heimildin bundin við vélar til útflutningsniðursuðu. Nú eru sárafá fyrirtæki hér á Íslandi, sem eru ekki blönduð, þ. e. a. s. framleiða bæði niðursuðuvörur fyrir útlendan og innlendan markað. Og hvernig á nú að fara að, þegar svona er háttað? Við framkvæmum það með eitt fyrirtæki þannig, þessa heimild, að taka hlutfallsskiptingu milli innanlandssölu og utanlandssölu yfir nokkur ár og segja: Við borgum svona og svona mikið af tollunum til baka. Þetta getur vitanlega breytzt mjög frá ári til árs. Við skulum segja, að niðursuðuverksmiðja, sem fær endurgreiðslu á tolli árið 1968, vegna þess að hún framleiðir allt til útflutnings, hætti svo algerlega að flytja úr landi árið 1969. Hún hefur þá fengið tolleftirgjöf, en hættir síðan framleiðslu strax árið eftir. Við getum hugsað okkur annað dæmi. Á árinu 1968 framleiðir ein verksmiðja eingöngu fyrir innlendan markað og hún flytur inn vélar, fær þar af leiðandi ekki tollendurgreiðslu. Næsta ár framleiðir hún eingöngu fyrir erlendan markað. Hvernig á þá að fara að? Ég veit, að menn átta sig á því, að þetta er ekki gert af neinni illgirni eða meinfýsi til niðursuðuiðnaðarins, en ástæðan er beinlínis sú, að við finnum enga glóru í framkvæmd þessa ákvæðis, og það eru alltaf að koma alls konar tæki upp, sem er ákaflega mikið álitamál, hvort á að kalla vélar, og hvort falla undir þetta atriði eða ekki og töluverð rekistefna hefur orðið út af því, hvort eigi að nota þetta ákvæði í því sambandi eða ekki. Og sumt af því eru tæki og vélar, sem má nota í margt annað heldur en þessa niðursuðu. Þetta er ástæðan fyrir því, að lagt er til að fella þessa heimild niður. Ég er að sjálfsögðu ekkert á móti því, að það sé rannsakað í nefnd, hvort hægt er að láta þessa heimild standa. En ég vil aðeins, að menn geri sér grein fyrir því, hversu geysilegir erfiðleikar eru á að framkvæma þetta af nokkru viti.

Hv. 4. þm. Austf. fann mjög að undirbúningi þessa frv. og taldi, að það væri mjög bagalegt að hafa ekki þm., sem fylgdust með undirbúningi svona máls, því að það væri svo flókið. Ég veit nú ekki til, að það hafi nokkurn tíma verið gert, enda er þetta í sannleika sagt mál, sem ríkisstj. verður að marka stefnuna í. Yfirleitt gerast tollskrárbreytingar þannig. Það er rétt hjá hv. þm., að þetta eru mjög tæknileg atriði og því gerast þær yfirleitt þannig, að ríkisstj. leggur ákveðnar línur, sem hún felur síðan tollasérfræðingunum að vinna eftir. Eins og ég sagði, var tollanefndinni nú gefinn sá höfuðleiðarvísir að finna út neyzluvörur almennings, sem hefðu veruleg áhrif á vísitöluna, og miða tollabreytingarnar við það og jafnframt, eins og ég sagði, annar leiðarvísir að raska ekki hlutfallinu milli innflutnings- og iðnaðarhráefna. Svona leiðbeiningar er hægt að gefa. Jafnframt þarf að taka í vissum tilfellum hráefni til járnvöruiðnaðarins. Þetta er leiðarvísir, stefnumörkun, sem hægt er að ákveða, en þetta er að öðru leyti, eins og hv. þm. réttilega sagði, svo flókið mál, tollskráin — að það er auðvitað sérfræðingamál að setja svo þetta dæmi saman, þannig að ég held, að það mundi ekki þjóna miklu að fara að taka þm. í það mál, vegna þess að ríkisstj. hlýtur auðvitað í meginefnum sjálf að marka þessa stefnu, þannig að þm. gætu naumast farið að vinna að tollflokkuninni í einstökum atriðum, þó að þeir væru settir í þessa n. Svona hlýtur þetta að gerast. Það er svo hægt auðvitað í Alþ. að taka ákvörðun um það, hvort menn vilja fylgja þessum prinsipum eða vilja, að öðrum prinsipum sé heldur fylgt, og um það hljóta umræður að snúast á Alþ., en spurningin er ekki um það, hvort eitt undirnúmer í tollskránni er með þessum eða hinum tollinum,

við skulum segja, að töskuhandföng eigi að vera með 40% eða 30% tolli eða rakkrem eða eitthvað slíkt. Ég býst ekki við, að hv. þm. fari beint að skipta sér af þessu, heldur meginstefnumörkuninni í málinu.

Þetta taldi ég rétt aðeins að kæmi fram, til þess að menn áttuðu sig á því, hvernig svona vinnubrögð hljóta að vera að tollskrá, enda hefur þessu alltaf verið, að því er ég bezt veit, framfylgt á þennan hátt. Varðandi útreikningana, sem hér hefur mikið verið talað um, og hversu rangir þeir hafi verið í sambandi við gengisákvörðunina og það, sem síðar hefur gerzt, og hversu það sannist bezt á þeim viðbótarframlögum, sem nú er lagt til að veita til sjávarútvegsins, um það má auðvitað margt segja.

Sannleikurinn er sá, að það hefur í rauninni ekki borið á milli um útreikninga í þessum efnum, heldur vitneskju manna. Ég held, að það hafi ekki verið neinar öfgar að segja það, að í rauninni vissu menn meira og hefðu nákvæmari upplýsingar um marga þætti í afkomu sjávarútvegsins, ekki hvað sízt frystihúsanna og raunar bátaútvegs líka, heldur en áður hefur verið, sem m.a. kemur fram í því, sem hv. þm. er væntanlega kunnugt, að það hefur ekki verið ágreiningsefni milli ríkisstj. og fulltrúa hennar annars vegar og hraðfrystihúsa og bátaútvegs hins vegar, hvernig niðurstöðutölurnar í rauninni væru, þ.e.a.s. hvernig afkoman væri á hverju stigi, eftir því, sem þessir aðilar allir bezt vissu.

En ég held, að menn verði að gera sér grein fyrir því, — þó að þeir kannske ætlist til mikils af ríkisstj. og telji hana vænlega til mikilla afreka — að hún hefur ekki spádómsgáfu og það eru margir hlutir, sem hún ekki veit. T.d. vissi hún ekki í nóvembermánuði, að Rússar mundu um áramót gagngert krefjast lækkunar á þeim afurðum, sem eru seldar til Rússlands, og ég býst við, að það hefði þótt mjög furðuleg spá, ef við hefðum sagt þá, þegar gengisbreytingin varð, að þetta mundi áreiðanlega gerast, og hefðum miðað okkar aðgerðir við það. Ýmislegt í þessu efni hefur þess vegna farið á annan veg en ætlað var, og þó að sagt sé, að við höfum haft þetta góðar og fullkomnar upplýsingar, gerðust nú hlutirnir þannig, eins og þm. er kunnugt, að gengisbreytingin í Bretlandi var ekki tímasett af ríkisstj. hér, heldur kom hún okkur, ja — kannske ekki algerlega á óvart, en þó vissi enginn, að hún mundi gerast á þessum tíma. Og þetta var á þeim tíma, þegar alls ekki var séð fyrir um endanlegar niðurstöður varðandi afkomu sjávarútvegsins á árinu 1967. Menn vissu þá ekki enn, að síldveiði mundi bregðast eins gersamlega eins og hún gerði.

Menn verða auðvitað á hverjum tíma að miða við einhverjar sennilegar líkur, og hefðum við verið allt of svartsýnir, býst ég við, að við hefðum fljótlega heyrt spurt, hvað þessar hrakspár ættu að þýða. Það heyrist oft spurt hvernig standi á því, að við reiknum alltaf með auknu verðfalli. Það sé vitanlegt, að þetta hljóti að hækka. Þvílíkum orðum hefur oft verið slegið fram, og þau eru kannske jafn rétt og ýmsir þeir spádómar, sem við ófullkomnir menn getum á hverjum tíma látið frá okkur fara. En þetta lá nú sem sagt ekki ljósar fyrir heldur en það, að á þessum fáu dögum, sem ætlunin var að fá niðurstöðu í þetta, tókst það ekki til fulls. Auðvitað átti margt eftir að kryfja til mergjar. Bæði var það, eins og ég sagði, að árið var ekki liðið, og endanlegar niðurstöðutölur þess ekki komnar, og auk þess var ekki á þessum fáu dögum hægt að vinna allt það, sem þurfti að vinna út úr reikningum hraðfrystihúsanna. Og það er alveg rétt, það kom á daginn, að vissir útreikningar reyndust rangir, ekki vegna þess, að ekki bæri saman niðurstöðum sérfræðinga ríkisstj. og hraðfrystihúsanna, heldur vegna þess beinlínis, að það kom út við nánari endurskoðun þess máls, að tölurnar voru ekki eins hagstæðar og jafnvel frystihúsamennirnir höfðu gert ráð fyrir sjálfir í sínum reikningum. Þetta verður auðvitað skýrt á sínum tíma, og skal ég ekki lengra út í það fara.

Við getum náttúrlega slegið fram slíkum fullyrðingum sem þeim, að þessi ríkisstj. viti minna um efnahagsmál en nokkur önnur ríkisstj. Ég var ekki alveg viss um, hvort hv. þm. átti við hér á Íslandi eða í heiminum. En það kannske skiptir nú ekki öllu máli. Svona fullyrðingar er auðvitað hægt að bera á borð. Það kynnu nú sumir að hafa látið sér detta í hug á undanförnum mánuðum og árum og jafnvel enn þá í dag við að hlusta á ræður hv. þm., að honum væru nú ekki alveg ljós öll grundvallarlögmál efnahagsmála, án þess að ég skuli fara út í þá sálma. Það væri næsta fróðlegt, en ég skal sleppa því. Og ég skal heldur ekki segja, að hann viti minnst allra manna um þau. Ég veit, að það eru ýmsir aðrir, sem vita enn þá minna. En hitt vildi ég segja, að það væri mjög lofsamlegt, ef hann notaði gáfur sínar betur til að kynna sér þau, af því að ég veit, að hann skilur þessi mál miklu betur heldur en málflutningur hans bendir til. Það er ég alveg viss um. Hann sagði, að innflutningsáætlunin væri miklu lægri heldur en miðað hefði verið við á síðasta ári. Ég veit nú satt að segja ekki, hvað hann felur í orðinu **mikið**. En ef innan við 3% er mikið, fer nú það, sem stærra er, að verða — ja, ég veit ekki, hvaða orð á að nefna um það, — það verður að vera stórkostlegt. Ég mundi segja, og það eru meiri áhyggjur mínar í dag, miðað við ástandið eins og það er, að því miður skili sér alls ekki þær tekjur af innflutningi, sem við gerum ráð fyrir. Við getum auðvitað ekki haldið áfram gegndarlaust að eyða gjaldeyrisvarasjóðnum eða hafa á þriðja milljarð greiðsluhalla eða vöruskiptahalla við útlönd. Það gefur auga leið, það getum við ekki á þessu ári. Og ég er ósköp hræddur um, ef ekki á allt að fara í vandræði, að þá geti það leitt til þess, að það verði að skera innflutninginn meira niður en gert er ráð fyrir í okkar innflutningsáætlun.

Ég skal nú ekki mikið ræða um þann gamansama kafla í ræðu hv. 4. þm. Reykv., sem hafði að geyma lýsingar á hinum háa siðferðisþroska Framsfl. Ég efast ekkert um það, að þeir framsóknarmenn hafa vafalaust vilja eða löngun til þess að vera heiðarlegir. En hvort þeir fara nú

úr ríkisstj. fyrr en þeir mega til, það er svo aftur önnur saga, sem hver verður að hafa sína hugmynd um, og hvort þeir hafi farið úr hemi á undanförnum árum, af því að þeir hafi verið svo ærukærir, að þeir hafi ekki sóma síns vegna getað annað. Ýmsum hefur dottið í hug, að það væri eitthvað annað, sem hefði ráðið. Nú, ég læt svo þeim eftir að dæma um það, sem hafa haft samstarf við Framsfl., hvort þeir hafi fundið sérstaklega til þess í þeirri samvinnu, að framsóknarmenn væru svo heiðarlegir, að þeir væru heiðarlegir umfram aðra flokka hér í þingi og líklegri til að halda uppi heiðri þingsins. Ég held nú sannast sagna, að flestir flokkar hafi dálítið aðra sögu að segja af samvinnu við Framsfl., að hann sé dálítið sérstæður á annan hátt, sem geri hann ekki ákaflega skemmtilegan alltaf í samvinnu, og þar mundi ég segja, að hann væri í sérstöðu meðal allra flokka hér á landi, án þess að ég vilji svo nafngreina — gefa nafn þeirri sérstöðu eða útlista það, hvort hún er fólgin í sérstökum heiðarleik eða ekki.

Eins og ég áðan sagði, sé ég ástæðu til þess, og ætti sennilega að gera það tvisvar, að þakka hv. þm. fyrir þær áhyggjur, sem hann hefur af æru minni, að ég skuli ekki biðjast lausnar fyrir það, að ég geti ekki lækkað tolla um 250 millj. kr., af því að ég hafi sagt það fyrir áramótin, að það væru horfur á því, að við gætum gert það. Það verður hver að hafa sína skoðun um það líka. Það getur vel verið, að ég ætti að segja af mér, ég veit það ekki. Ég er sennilega ekki dómbær þar um. Það eru fáir dómarar í eigin sök.

En varðandi hugleiðingar hans og samlíkingar bankastarfsemi við það, sem hér er að gerast, þá fannst mér það nokkuð langsótt skýring, því að vitanlega er hér um gersamlega ólíka hluti að ræða. Ég veit ekki, hvort ég ætti að borga úr eigin vasa þessar 100 millj. Ég skyldi gjarnan gera það, ef ég ætti þær. En hvernig í ósköpunum á að taka á þessum málum? Við þekkjum það nú, sem erum eitthvað gamalreyndir í pólitíkinni, og þessi hv. þm. ekki síður en aðrir, að auðvitað verða menn að beygja sig fyrir þróuninni í þá átt, að það geta gerzt atvik, sem eru mönnum óviðráðanleg. Ég álít hins vegar, að ef menn bregðast beinlínis því, sem þeir hafa lofað, af sér viðráðanlegum ástæðum, þá sé það sviksemi, þar sem fullkomlega sé ástæða til þess, að menn biðjist lausnar. En þó að það geríst atvik í þjóðfélaginu, sem viðkomandi ráðamönnum eru algerlega óviðráðanleg og komi til ný viðhorf, sem valdi því, að það sé ekki hægt nákvæmlega að framkvæma það, sem gert hafði verið ráð fyrir, þá verður auðvitað að meta það, hvort á heldur að gera.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. heldur því fram, að við eigum þá ekki að styrkja sjávarútveginn, heldur framkvæma tollabreytingu alveg eftir sem áður, eða hvort við eigum að framkvæma tollabreytingu og láta vera sem þessu nemur halla hjá ríkissjóði. Hann nefndi eitt atriði, sem væri hugsanlegt hér, og það væri að taka gengishagnaðinn og nota hann fyrir ríkissjóðinn. Mér er sem ég hefði séð framan í forráðamenn útgerðar og bændasamtaka, ef við hefðum ætlað að fara að taka gengishagnaðinn og láta hann renna í ríkissjóð til tollabreytinga. Það var ein till. í frv., sem upphaflega var lagt fyrir Alþ., um að hluti af þessu skyldi ganga til ríkisábyrgðasjóðs til þess að gera honum mögulegt að hjálpa til við hagræðingu í sjávarútveginum og gefa eftir skuldir, sem þar væru. Það var alger uppreisn gegn því ákvæði, og því var breytt og þm. vildu ekki með neinu móti á það fallast.

Ég skal ekki fara lengra út í þá sálma, en ég vil aðeins að lokum óska hv. þm. þess, að hann haldi áfram að kynna sér skoðanir Jóns heitins Þorlákssonar, þess mæta manns, og ef hann gæti komið hans hugsunarhætti á framfæri við flokk sinn, efast ég ekkert um, að margt yrði öðruvísi og Framsfl. mundi þá breyta um stefnu, sem mundi þá gera það mögulegt að hafa við hann samvinnu með öðrum hætti en hefur verið unnt til þessa.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði hér síðast um Jón Þorláksson, vildi ég nú aðeins segja það, að ég held, að það séu aðrir, sem hafi meiri þörf fyrir það að kynna sér stefnu Jóns Þorlákssonar og stefnufestu heldur en framsóknarmenn. Ég held, að Sjálfstfl. hefði gott af því að rifja upp stefnu Jóns Þorlákssonar og hvernig hann hélt á málum. Ég er alveg sannfærður um það, að ef andi Jóns Þorlákssonar hefði svifið meira yfir vötnunum hjá Sjálfstfl. á undanförnum árum, væri núna öðruvísi ástatt í þessu þjóðfélagi. Og þess vegna má hæstv. ráðh. vel búast við því og flokksbræður hans, að ég sé ekki hættur að minna þá á Jón Þorlákssson, heldur geri það við fleiri tækifæri en þetta.

Hæstv. ráðh. vildi ekki kannast við það, og ég get vel skilið það, að þessi ríkisstj. vissi minna um efnahagsmál en nokkur önnur íslenzk ríkisstj. hefur áður gert. (Gripið fram í.) Já, ég held, að ég hafi nú tekið það a.m.k. einu sinni fram, svo að það hefði átt að nægja. Nú, ég nefndi alveg ákveðið dæmi því til sönnunar. Ég held, að það hafi aldrei áður í þingsögunni gerzt við fjárlagaafgreiðslu hér á Alþingi, að ríkisstj. hafi lagt til og talið það forsvaranlegt og alveg óhætt að fella niður uppbætur til sjávarútvegsins upp á nokkur hundruð milljóna og segja, að sjávarútvegurinn þyrfti þess ekki með, lýsa því jafnframt yfir, að það væri hægt að lækka tollana um 250 millj. og svo strax eftir rúman hálfan mánuð eða rösklega það lýst því yfir, að þetta væri allt saman tóm vitleysa. Ég minnist þess ekki, að það sé hægt að finna nokkurt dæmi um þetta í sögunni. Hæstv. ráðh. veit kannske betur, og hann bendir mér þá á það. Ég held, að ekki þurfi frekar vitnanna við til að sýna það, að það hefur ekki áður verið ríkisstj. hér, sem hefur vitað svona nauðalítið um efnahagsmálin og atvinnumálin eins og þessi ríkisstj., eins og fram kom við afgreiðslu fjárl. rétt fyrir áramótin seinustu. Ég held, að það sé alveg nægilegt að benda á þetta eina dæmi til að sýna það, hve ákaflega skammt þekking ríkisstj. nær í þessum efnum, þrátt fyrir það að hún hafi byggt upp tvær stofnanir, Seðlabankann og Efnahagsstofnunina, sem kosta

marga milljónatugi og eiga fyrst og fremst að hafa það starf með höndum að veita ríkisstj. upplýsingar um þessi mál.

Hæstv. ráðh. var að tala um það, að ég hefði verið með einhverja sérstaka siðaprédikun hér í minni fyrri ræðu. Ég held, að það hafi nú ekki verið nein sérstök siðaprédikun, heldur fyrst og fremst það, sem ráðherrar og alþingismenn og stjórnmálamenn eiga að hafa hugfast, ef þeir leggja nokkuð upp úr því skipulagi, sem við búum við, lýðræðisskipulaginu, því að það byggist að sjálfsögðu meira á því en nokkru öðru, að kjósendur geti treyst því, sem flokkarnir og forsvarsmenn þeirra hafa að segja, því að ef það er ekki neitt að marka, er náttúrlega gersamlega útilokað fyrir menn að átta sig á því, hvern kjósa á við kosningar. Ef ekki er hægt að leggja neitt upp úr þeim loforðum og fyrirheitum, sem þá eru gefin, og ef ekki er hægt t. d. fyrir launastéttirnar að leggja neitt upp úr fyrirheiti eins og því, sem var borið hér fram af hálfu hæstv. ríkisstj. fyrir áramótin, að tollarnir yrðu lækkaðir um 250 millj. kr., og út úr því koma svo 150 millj., heldur þá hæstv. ráðh., að þetta geti skapað nokkurt gagnkvæmt traust, þegar jafnákveðin loforð eru vanefnd á þennan hátt? Nei, við skulum horfast í augu við það, og ég hygg, að hæstv. ráðh. geri sér líka fullkomna grein fyrir því, að það er mikilvægt og nauðsynlegt, að stjórnmálamenn og sérstaklega þeir, sem eru í ráðherrasæti, láti ekkert ógert til að standa við þau loforð, sem þeir hafa gefið.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér í fyrri ræðu minni, að ég álít, að það hefði ekki verið svo erfitt fyrir hæstv. ráðh. að standa við þetta fyrirheit sitt um tollalækkunina, ef hann hefði kært sig um það. Þegar gengishagnaði sjávarútvegsins var ráðstafað hér á þingi rétt fyrir áramótin, var því mjög ákveðið mótmælt bæði af hálfu sjómanna og útgerðarmanna, hvernig það var gert. Í staðinn fyrir að ráðstafa eitthvað í kringum 200 millj. kr. í opinbera sjóði eins og fiskveiðasjóð, vildu sjómenn og útgerðarmenn fá því framgengt, að þetta fé rynni beint til útgerðarmanna, frystihúsanna og sjómannanna, en yrði ekki tekið af þeim og lagt í opinbera sjóði. Og ef það hefði verið gert, ef þessar 200 millj., sem núna fara í fiskveiðasjóð og annan hliðstæðan sjóð, sem verið er að setja á laggirnar, hefðu verið notaðar til þess að borga niður vexti útgerðarinnar, eins og lagt var hér til, og notaðar á annan hátt henni til stuðnings, hefði vel mátt lækka þær uppbætur, sem nú hefur verið samið um við útgerðina, vegna þess að þá var hún raunverulega búin að fá fyrirfram það fé, sem þarna er látið fara í fiskveiðasjóð, til þess að bæta rekstraraðstöðuna á þessu ári. Þetta var ákaflega auðvelt að gera, ef ríkisstj. hafði nokkurn áhuga á því að efna þetta fyrirheit sitt um tollalækkun.

Það er hins vegar greinilegt, hvað af þessu hlýzt: að launastéttirnar, sem hafa verið að reyna samninga við ríkisstj. og reyna að fá hana til þess að gera vissar hliðarráðstafanir, eins og tollalækkun, til þess að draga úr þeirri kjaraskerðingu, sem gengislækkunin veldur, þær hljóta að endurskoða allt sitt ráð að nýju, endurskoða það, hvað mikið er hægt að treysta þessari ríkisstj. og draga svo sínar ályktanir af því og haga sínum framkvæmdum í samræmi við það.

Ég sagði það hér í upphafi, að Framsóknarfl. væri þessu máli fylgjandi, svo langt sem það næði, og að við mundum í samræmi við það stuðla að því, að þetta mál fengi sem skjótasta afgreiðslu í þinginu. Þess vegna skal ég að þessu sinni láta frekari umræður um þetta niður falla, vegna þess að það gefast tækifæri til þess síðar hér á þinginu að koma nánar að þessum málum og minna á það m.a., að hvaða leyti Jón Þorláksson gæti í dag verið Sjálfstfl. til fyrirmyndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 283, n. 289 og 292, 290, 291, 293).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. um tollskrá o.fl., er komið hingað frá hv. Ed. lítillega breytt í minni háttar atriðum frá því, sem það var, er það var lagt fram. Eftir 1. umr. í Ed. voru haldnir um það tveir sameiginlegir fundir fjhn. beggja deilda, og mætti ráðuneytisstjóri fjmrn., sem jafnframt mun vera formaður tollskrárnefndar, sem undirbjó frv., á báðum fundunum. Gerði hann á hinum sameiginlegu fundum n. allýtarlega grein fyrir frv. og svaraði fsp., sem einstaka nm. beindu til hans. Þá gerði ráðuneytisstjórinn einnig grein fyrir þeim erindum, sem til tollskrárnefndar höfðu borizt, eftir að frv. var fullsamið. Einnig fékk tollskrárnefnd til athugunar þau erindi, sem fjhn. Alþ. höfðu borizt, eftir að frv. var lagt fram hér á hv. Alþ. Nokkur þessara erinda tók fjhn. Ed. til greina og flutti í því tilefni brtt. á þskj. 271 og 272. Eru till. á þskj. 271 fluttar af n. sameiginlega, en till. á þskj. 272 af formanni n., hv. 12. þm. Reykv. Er af þessu ljóst, að málið hafði fengið allýtarlega athugun, er því var eftir 1. umr. hér í þessari hv. d. vísað til fjhn. d. N. tók frv. til umr. á fundi sínum í gær, og tel ég, að fram hafi komið, að allir nm. séu út af fyrir sig efnislega sammála frv., en minni hl. áskildi sér rétt til þess að flytja brtt. og tók þá afstöðu að skila séráliti.

Efni frumv. er, eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh., allveruleg tollalækkun á nokkrum helztu nauðsynjavörum almennings í því skyni að vega nokkuð á móti verðhækkunum þessara vara vegna gengisbreytingarinnar.

Þá er í öðru lagi um að ræða lækkun tolla á hráefnum til íslenzks iðnaðar til samræmis við lækkun tolla á hliðstæðum vörum, ef þær eru fluttar inn í landið fullunnar.

Í þriðja lagi er um að ræða lækkun tolla, sem leiðir af aðild Íslands að hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti GATT-landanna.

Og loks er um almenna tollalækkun að ræða í

hæstu tollflokkum, þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að hæstu tollar verði nú 100% í stað 125%, eins og er í gildandi tollalögum. Þetta er í stórum dráttum innihald þessa frumvarps. Auk þess er um ýmsar smávægilegar breytingar að ræða, sem reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegt er að gera, þegar tollskrá er tekin til endurskoðunar. Ég efa ekki, að margir þingmenn og kannske flestir mundu hafa í huga frekari breytingar á tollskránni, ef þeir teldu, að því yrði við komið. En eins og fram kom í framsöguræðu hæstvirts fjármálaráðherra við 1. umræðu um málið, er aðeins um ákveðna fjárhæð að ræða í sambandi við þá tollalækkun, sem fyrirhuguð er, og fyrirfram ákveðið, að hún yrði fyrst og fremst notuð til lækkunar á tollum á nauðsynjavörum almennings. Hafa þm. sýnt fullan skilning á þessum meginatriðum frv. og því ekki flutt við það brtt. svo að nokkru nemi, eins og þó hefði mátt vænta, ef um almenna endurskoðun á tollskránni hefði verið að ræða.

Tollalækkun sú, sem frv. gerir ráð fyrir, mun nema um 150—160 millj. kr. Við afgreiðslu fjárl. í desembermánuði var reiknað með, að nokkuð hærri fjárhæð yrði til ráðstöfunar til lækkunar tolla. Við athugun á rekstrargrundvelli bátaflotans og fiskiðnaðarins nú eftir áramótin kom hins vegar í ljós, að ekki yrði komizt hjá verulegu fjárframlagi úr ríkissjóði, ef útgerð ætti að hefjast með eðlilegum hætti nú á þessari vetrarvertíð. Gerði þetta aðstöðu ríkissjóðs til að mæta fyrirhugaðri tollalækkun að sjálfsögðu mun erfiðari. Ég tel ekki ástæðu til að fara nánar út í þetta atriði, þar sem hæstv. fjmrh. gerði því full skil í framsöguræðu sinni.

Á þskj. 290 flytur fjhn. sameiginlega eina till., eina brtt., en hún er um það, að niður verði felldur 5. tölul. 2. gr. frv. í núgildandi tollalögum er heimild til handa ráðh. að gefa eftir gjöld af vélum til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings. 5. tölul. 2. gr. frv. gerir hins vegar ráð fyrir, að þessi heimild verði felld niður. Í grg. með frv. er þess getið, að þetta ákvæði hafi reynzt erfitt og viðkvæmt í framkvæmd og jafnframt er bent á, að hraðfrystiiðnaðurinn búi við 10—15% toll af algengustu vélum sínum. Hvort tveggja er þetta án efa rétt. Hins vegar telur n., að ábending hv. 4. þm. Vestf., sem kom fram við 1. umr. varðandi þetta atriði, hafi við rök að styðjast og telur n., að niðursuða sjávarafurða til útflutnings, sem fram að þessu hefur átt mjög erfitt uppdráttar hér á landi, gæti orðið, ef vel tekst til, verulegur þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar og gjaldeyrisöflun. Og því sé ekki óeðlilegt, að honum sé veitt sú sérstaða, að ráðh. hafi heimild til, ef hann telur þörf á, að láta fella niður gjöld af nauðsynlegum vélum í þessu sambandi.

Þá flyt ég á þskj. 291 að tilhlutan hæstv. fjmrh. till. um, að 1. tölul. 2. gr. verði niður felldur. Liðurinn hljóðar svo eftir 3. umr. í hv. Ed., með leyfi forseta:

„Að lækka gjöld af ritum á íslenzku, sem hafa menningarlegt gildi, sem svari því, að tollur verði greiddur af bókarefninu.“

Í gildandi tollal. er heimild til handa ráðh. að fella alveg niður þessi gjöld. Samkv. upplýsingum fjmrn. hefur þetta verið þannig í framkvæmd, að ef um hefur verið að ræða bækur vísindalegs eðlis eða fræðslurit, hefur ekki verið krafinn tollur af þeim. Verði till. samþ., verður engin breyting á um heimild til ráðh. í þessu sambandi.

Loks skal ég geta þess, að eftir að n. hafði afgreitt málið, skilað nál. í prentun og brtt. sinni, barst henni ábending um, að tollur af öryggisbeltum í bifreiðar mundi vera í mjög háum tollflokki. Við athugun kom í ljós, að tollskrárnefnd hafði úrskurðað öryggisbelti í bifreiðar í sérstakan tollflokk, 62.0503, og tollur var þar ákveðinn 35%. Það er hinn almenni tollur á varahlutum til bifreiða og véla. Hins vegar er það svo, að í núgildandi tollalögum eru öryggistæki, sem lögboðin eru, og einnig mun það vera um t. d. öryggistæki, sem Slysavarnafélagið flytur inn, að þau eru í nokkru lægri tollflokki eða 20%. Ég hef leyft mér að flytja brtt. í þessu sambandi, lagt hana inn til prentunar, en það hefur ekki náðst að útbýta henni, en ég vil leyfa mér að leggja hana fyrir forseta. Hún er þess efnis, að á þessum flokki, 62.05 03, öryggisbeltum, verði 20% tollur í stað 35% áður.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu lengri.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 294) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Frsm. meiri hl. fjhn. hefur nú fylgt úr hlaði áliti meiri hl. n. fyrir tollskrárfrv. því, sem hér liggur fyrir til umr. og afgreiðslu á þskj. 283, og rætt þá m. a. þær brtt., sem fjhn. sameiginlega hefur komið með á þskj. 290 um það, að 5. tölul. 2. gr. falli niður, en það er ákvæði um heimild til fjmrh. til að gefa eftir tolla af vélum til niðursuðuverksmiðja, er framleiði vörur til útflutnings. Það voru allir sammála í n. og fagna ég því, að þessi till. kom fram.

Þá vil ég einnig lýsa mig samþykkan brtt. á þskj. 291, þar sem er kveðið á um, að tölul. 1. í 2. gr. falli niður. Um brtt. á þskj. 293 um lækkun nokkurra tolla vil ég ekki fjölyrða. 1. flm. mun sjálfsagt gera það hér undir þessum umr. En ég vil með nokkrum orðum ræða álit minni hl. fjhn., sem er á þskj. nr. 292 og útbýtt hefur verið í Nd. Eins og kom fram í ræðu frsm. meiri hl., höfum við skilað tveimur álitum. Fjhn. þessarar hv. d. hefur komið saman til fundar og ræddi frv., en þar sem frv. hafði verið rætt ýtarlega áður á sameiginlegum fundum fjhn. beggja d. og rætt hafði verið við nokkra embættismenn, sem bezt þekktu til frv., þurfti eigi að eyða löngum tíma til að ræða frv. í fjhn. Nd. Enda þótt allir fjhn.-menn séu frv. efnislega sammála, eins og fram hefur komið, var eigi grundvöllur fyrir því eins og málum er nú háttað, að gefa út sameiginlegt nál. og við samanburð álitanna sést, hvað veldur.

Ég gæti að sjálfsögðu flutt hér langa ræðu um þetta tollskrárfrv. og ástand og horfur í efna-

hagsmálum. Fjölyrða mætti hér um efnahagsmálafrv., sem var lagt fram í byrjun þingtímans í haust, og afdrif þess, um gengislækkunarl. og alla útreikningana í sambandi við þau, en ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um allt þetta og lengja hér fundartímann, þótt tilefni sé til, því að hvort tveggja er, að ýtarlegar umr. fóru fram við 1. umr. um tollskrármálið hér í hv. d. í fyrradag, og undir þeim umr. komu fram í ræðum tveggja þm. Framsfl., hv. 4. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. e., sjónarmið og afstaða Framsfl. til þessa máls og til allrar málsmeðferðar. Þess hefur og verið óskað af hæstv. fjmrh., að þessu máli væri hraðað og það afgreitt frá hv. d. nú í dag og er enn þá meiri þörf að hraða því, þar sem sýnilegt er, að það þarf að fara til Ed. og það er vitað, að lagasetningin um umræddar tollalækkanir hefur dregizt um of og hefur verið til skaða fyrir innflytjendur og óhagræðis fyrir ríkissjóð. Með þetta í huga mun ég hafa mál mitt styttra en ella.

Minni hl. fjhn. flytur ekki sem slíkur brtt. við tollskrárfrv., þótt við, sem skipum minni hl., höfum haft ríka löngun til slíkrar tillögugerðar. Þessa ákvörðun tókum við eftir að formaður fjhn. Ed. hafði á fyrsta sameiginlega fundi nefndanna beggja gefið ákveðna yfirlýsingu um það, að hverjar brtt., sem við myndum gera tilraun til að koma með, mundu verða felldar. Það var því alveg óþarfi að vera að leggja vinnu í slíka tillagnagerð.

Engu að síður vil ég leyfa mér að minna á, að þm. Framsfl. hafa á mörgum undanförnum þingum borið fram brtt. við tollskrána. Þeir hafa t. d. lagt til, að tollur á hráefni til iðnaðar yrði lækkaður. Við vitum það, að það þarf að efla íslenzkan iðnað og lækkun tolla á hráefnum iðnaðarins mundi liftryggja hann verulega í náinni framtíð, en samfara slíkum tollalækkunum þarf íslenzka þjóðin öll að vakna til meðvitundar um, að hún sjálf, hver einstaklingur og heildin öll, verður að byggja upp íslenzkan iðnað. Öðruvísi verður það ekki gert, m. a. með því að meta meir íslenzkar framleiðsluvörur en gert er í dag.

Hvaða rök mæla t. d. með því, að við skulum vera að kaupa og neyta sardína frá Portúgal á sama tíma og hægt er að fá þær norðan úr Eyjafirði, og hvaða rök mæla með því, að við skulum vera að leggja okkur til munns norskar fiskbollur á sama tíma og við getum fengið þær keyptar hjá góðu framleiðslufyrirtæki í Kópavogi? Svona mætti lengi spyrja.

Þm. Framsfl. hafa í sambandi við tollamálin á Alþ. lagt til, að tollar á landbúnaðarvélum yrðu lækkaðir til samræmis við vélar, sem notaðar eru í sjávarútvegi. Þessar till. framsóknarmanna um tollalækkanir hafa ekki náð fram að ganga. Ég vil minna á, að þm. Framsfl. hafa oftar en einu sinni lagt til, að lækkaðir yrðu tollar á byggingarefni og rafknúnum heimilistækjum og ýmsum fleiri nauðsynjavörum. En allt hefur verið fellt. Vitanlega væri freistandi að koma með till. til lækkunar tolla á þessum vörum, en við í minni hl. fjhn. gerðum það ekki af ástæðu, sem þegar hefur verið greint frá. Þrátt fyrir þessa stefnu að flytja nú ekki sérstaka brtt. við umrætt frv. og tefja þannig málið, mun Framsfl. síðar gera tilraun til að fá frekari lagfæringu á tollstigum varðandi þá tollflokka, er ég hef minnzt á. Þessi mál eru sem sé ekki gleymd.

Herra forseti. Um leið og ég lýk máli mínu, vil ég undirstrika það, sem áður hefur verið sagt af talsmönnum Framsfl. við 1. umr., sérstaklega varðandi tvö atriði þessa máls. Þm. Framsfl. telja, að við umr. og afgreiðslu l. um heimild handa Seðlabankanum um breytingu á gengi íslenzku krónunnar, hafi ríkisstj. skýlaust lofað þjóðinni tollalækkun, sem næmi allt að 250 millj. kr. Nú reyndist þessi upphæð tæpum 100 millj. kr. lægri. Vörur lækka því ekki í verði eins og heitið hafði verið. Framsfl. telur, að ríkisstj. hafi í þessu tilliti gengið á gefin heit og slíkar aðfarir valdi þjóðinni ekki einvörðungu vonbrigðum og beiskju, heldur beinu tjóni. Þá lýsir Framsfl. óánægju sinni yfir því, að ekki hefur reynzt unnt að fá yfirlýsingar ríkisstj. um það, hvernig ætlunin sé að afla tekna að upphæð rúmlega 100 millj. kr. til að standa undir þessu frv. Okkur er sagt, að það eigi að lækka útgjaldaliði fjárl. um rúmar 100 millj. kr. og sjálfsagt er það eina lausnin. En ekkert svar hefur enn fengizt við spurningum um, hvaða útgjaldaliðir verði lækkaðir eða jafnvel strikaðir út. En í trausti þess, að ekki verði ráðizt á garðinn, þar sem hann er lægstur, munu þm. Framsfl. greiða atkv. með tollskrárfrv. á þskj. 283, því að ekki veitir af að létta af þjóðinni nokkru af þeim auknu byrðum, sem á hana voru lagðar með gengislækkunarlögunum.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Við höfum nú leyft okkur að leggja fram hér brtt. við það frv., sem hér er til umr. Brtt. eru á þskj. 293. Ásamt mér eru flytjendur þessara brtt. hv. 5. þm. Austf., hv. 2. þm. Sunnl., hv. 3. þm. Vesturl., hv. 5. þm. Norðurl. v., hv. 1. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Norðurl. e. En það, sem við leggjum til, er það, að ýmis landbúnaðartæki og vélar verði hér eftir tollfrjáls. En það er í fullu samræmi við það, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, — það er í fullu samræmi við það, sem sjávarútvegurinn hefur á skipum sínum og ýmsum tækjum.

Á þskj. 200 lögðum við fram svipað frv. í vetur, sem er alveg samhljóða þessari brtt. Það kom til umr. hér í hv. d. stuttu eftir að þing kom saman eftir jólafrí. En síðan hefur ekkert frétzt af þessu frv. Eins og við vitum, á landbúnaðurinn nú í miklum erfiðleikum, og þessi brtt. er líka í fullu samræmi við óskir Stéttarsambands bænda, eins og hv. þm. vita. En þar óskuðu þeir eftir, að það yrði felldur niður tollur á þessum tækjum eða lækkaður verulega. Af þeim ástæðum, sem fram hafa komið hér áður og að óskum hæstv. fjmrh. um, að ekki væri verið að lengja hér umr. um þetta mál, ætla ég að taka það til greina og fara ekki að ræða um landbúnaðinn eða stöðu hans nú. Það gefst tækifæri til þess seinna. En ef aðrir fara út í slíkar umr., þá náttúrlega áskil ég mér rétt til að ræða þau mál þá síðar í þessum umr.

Það hefur komið fram á ýmsum fundum, sem bændur hafa haldið nú að undanförnu, að þeir

telja, að vélaliðurinn í verðlagsgrundvellinum sé í raun og veru ekki nema 1/3 af því fjármagni, sem í þessum lið felst. Þegar gengið var fellt í nóvember, varð það náttúrlega til þess, að þessar vélar hækka allverulega og af þeim ástæðum líka finnst okkur full ástæða til þess að láta reyna á það hér í hv. d., hvort þm. líta ekki sömu augum og við á það mál og telji, að full ástæða sé til þess að taka einmitt þetta til endurskoðunar.

Því hefur verið borið við, að þar sem fjármál ríkissjóðs séu mjög bágborin, sé þýðingarlítið eða þýðingarlaust að koma með svona till. En manni virtist nú annað s. l. mánudag, þegar hér var afgreitt mál, sem þá var allumdeilt, og fer ég ekki út í það frekar. En ég vil benda á, að það er stórt atriði í sambandi við verð á landbúnaðarvörum að halda einmitt þessum kostnaðarlið niðri, og það kemur neytendum til góða alveg eins og framleiðendum, og við teljum margir, að einmitt hefði átt og ætti nú að fara meira út á þá braut í sambandi við landbúnaðinn að reyna að lækka rekstrarvörur hans eftir því, sem hægt er, og er þetta eiginlega eitt af þeim sporum, sem við viljum stíga í þá átt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. fjhn. fyrir mjög skjóta og góða afgreiðslu þessa máls og jafnframt að þakka hv. stjórnarandstæðingum hér í d. fyrir það, hversu vel þeir hafa brugðizt við tilmælum mínum um það að hraða afgreiðslu málsins svo sem verða má og blanda ekki inn í það öðrum málum, sem vitanlega bæði eru til staðar af hálfu ýmissa manna úr stjórnarflokkunum og stjórnarandstöðuflokkunum, því að vitanlega eru ýmis atriði tollskrárinnar, sem hafa á undanförnum árum verið hér til umr. og menn hafa talið ástæðu til að breyta.

Ég vil taka það fram, að ég fyrir mitt leyti get algerlega fallizt á þær till., sem hv. frsm. meiri hl. n. lýsti hér og hv. frsm. minni hl. n. tók fram, að hann gæti einnig stutt fyrir sitt leyti. Ég gerði grein fyrir því hér við 1. umr. málsins, að sú ákvörðun að leggja til að fella niður heimildina til að endurgreiða tolla af vélum vegna niðursuðuiðnaðarins, byggðist á því, hversu þar væri um erfitt viðfangsefni að ræða í framkvæmd, þar sem gert væri ráð fyrir, að það væri takmarkað við niðursuðuiðnað til útflutnings. Hins vegar hefur komið fram hér sterkur vilji úr ýmsum áttum fyrir því, að þessi heimild verði áfram í gildi, og það er ekkert atriði fjárhagslega fyrir ríkissjóð, hvort svo er áfram, þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að amast við því, úr því að hv. þm. kjósa það fremur.

Varðandi öryggisbelti í bifreiðar má segja, að það er mál, sem er nokkuð nýtt af nálinni. Frv. um það efni hefur verið til afgreiðslu í Ed. og virðist fylgi þess máls benda til þess, að það muni fá samþykki hér á Alþ. Þá skapast nýtt viðhorf varðandi þessi öryggistæki, og vitanlega er eðlilegt að flokka þessi öryggisbelti undir almenn öryggistæki, en ekki varahluti í bifreiðar, þannig að sú till. er einnig mjög eðlileg.

Varðandi 3. till. um það að fella niður þá heimild frv., sem um það ræðir, að undanþága fyrir tollfrjálsum innflutningi af bókum á íslenzku máli, sem prentaðar eru erlendis, sé við það miðuð, að tollur sé þá greiddur af bókagerðarefninu, þá er það rétt hjá hv. frsm. meiri hl., að með því að fella það ákvæði niður úr frv., verður í því máli, eins og það er framkvæmt nú, ekki um neina breytingu að ræða. Það er hins vegar rétt, að það komi fram, sem öllum hv. þdm. mun vera kunnugt, að þetta bókagerðarmál er mikið vandamál. Það var ætlunin að reyna að leysa það í sambandi við tollabreytingarnar nú, ef við hefðum haft það fé til umráða, sem við vonuðumst til í byrjun, að til ráðstöfunar yrði, en það er um mjög verulegan tekjumissi að ræða, ef farið verður út í að breyta tolli á pappírs- og bókagerðarefni, og saman við það hangir einnig umbúðamálið, þannig að ekki eru tök á að gera það og má þá út af fyrir sig rökstyðja það, að eðlilegt sé, að það verði status quo í því efni og þessi till. því ekki óeðlileg á þessu stigi að breyta í engu þessum bókagerðarmálum.

Um till. þá, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. lýsti hér áðan, um að fella niður tolla af búvélum, skal ég ekki orðlengja og sízt af öllu fara að efna til umr. um hana, því að hann gerði það ekki sjálfur og vildi ekki lengja umr. og þakka ég honum það. Hins vegar vil ég aðeins vekja athygli á því, að þetta er auðvitað eitt af þeim málum, sem þarf að taka til íhugunar, tollamál atvinnuveganna í sambandi við vélar þeirra. Það er ekki langt síðan tollar á landbúnaðarvélum voru almennt lækkaðir úr 35% niður í 10% og þá rökstutt með því, að það væri til samræmis við vélatolla sjávarútvegsins eða útflutningsframleiðslunnar, og það er rétt, að það komi fram hér. Það er rétt hjá honum, að skip eru tollfrjáls, en yfirleitt eru allar vélar til útflutningsframleiðslu tollaðar með 10% tolli eða nákvæmlega þeim tolli, sem á þessum búvélum er nú í dag, þannig að þar er ekki um ósamræmi að ræða, en mjög hætt við, að það kæmi fljótt upp krafa um frekari lækkun á tollum, bæði vélum til sjávarútvegsins og ekki hvað sízt vlum étil iðnaðarins, sem eru yfirleitt í mun hærri tollflokki, ef þessi breyting ein út af fyrir sig yrði gerð, og þetta veit ég, að allir hv. þdm. munu gera sér ljóst. Sú eina heimild, sem við höfum til meðferðar hér í dag, þar sem um er að ræða algera undanþágu á tolli á vélum í þágu sjávarútvegsins, er í sambandi við niðursuðuiðnaðinn, sem lagt er til af hv. fjhn., að áfram gildi, en aðrar vélar, bæði hjá hraðfrystiiðnaðinum og vélar hjá sjávarútveginum yfirleitt að undanskildum bátavélum og skipum, eru með 10% tolli.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um þetta, en endurtek þakkir mínar til hv. þm. í þessari d. fyrir að hafa lagt sitt til þess að hraða afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
Brtt. 294 samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 293, 1 felld með 17:8 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 291 samþ. með 23:2 atkv.
Brtt. 290 samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 293, 2 felld með 18:8 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 295).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Engum tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 295 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Tollskrárfrv. er komið hér aftur til hv. Ed. vegna breytingar, sem á því voru gerðar í Nd. og sem mér þykir rétt að gera hér grein fyrir. Á frv. voru gerðar þar þrjár breytingar. Tvær breytinganna voru við 2. gr. frv., þ. e. a. s. heimildaákvæðin. Fyrri brtt., sem samþ. var í Nd., var þess efnis að fella niður úr frv. ákvæði þess efnis, að heimild til að gefa eftir tolla af innfluttu íslenzku lesmáli væri við það bundin, að tollur yrði þó ætíð greiddur af bókagerðarefni. Ástæðan til þess, að þetta ákvæði var tekið upp í frv. upphaflega frá rn. var sú, að eins og mönnum er kunnugt, eru erlendar bækur, sem inn eru fluttar, tollfrjálsar, en af íslenzkum bókum, sem innfluttar eru, ber hins vegar að greiða 50% toll, og í þriðja lagi er bókagerðarefni tollað. Þetta hefur leitt til þess, eins og menn sjá, að íslenzk bókagerð hefur öfuga tollvernd.

Það var ætlunin að lagfæra þetta í meginefnum með breytingu á tollskránni nú, ef við hefðum getað haft til ráðstöfunar meira fé, en fyrir því var gert ráð í fyrra frv., að pappírsmálin yrðu tekin þar til heildarlagfæringar. Þess var því miður ekki kostur, en eftir stóð aðeins þetta ákvæði, sem var tekið inn í frv., að heimildin til þess að flytja inn íslenzkt mál, sem prentað væri erlendis, væri miðuð við toll af bókagerðarefninu. Það komu hins vegar fram raddir um það, að eðlilegt væri, úr því að þessi pappírsmál hefðu ekki verið tekin upp í heild, að allt málið biði og engin breyting yrði gerð á heimildarákvæðinu eins og það nú er. Þetta féllst Nd. á á þann hátt, að þar var samþ. einróma að fella þetta ákvæði frv. niður, svo að eftir verður þá það, að þetta ákvæði verður framkvæmt eins og það hefur verið framkvæmt til þessa. Bókagerðarmálin í heild bíða seinni tíma.

Í annan stað var í frv. gert ráð fyrir því, að 10% tollur yrði greiddur af vélum til niðursuðuiðnaðarins, eins og sjávarútvegurinn yfirleitt býr við af sínum vélum, þ. e. a. s. að fella niður úr tollskránni heimildina til þess að gefa eftir að fullu tolla af niðursuðuvélum, sem notaðar væru til framleiðslu á niðursuðuvörum til útflutnings. Ég benti á það hér í hv. d. og einnig í Nd., að þetta ákvæði væri mjög erfitt í framkvæmd, vegna þess að flestar verksmiðjur hefðu blandaða framleiðslu og væri því í rauninni illgerlegt að framkvæma ákvæðið. Það kom hins vegar fram í Nd. nokkur andstaða gegn því að fella þetta heimildarákvæði úr lögum og var fallizt á það, þ. e. að fella niður þetta heimildarákvæði úr frv. sjálfu. Samkv. þessu verður sem sagt bæði varðandi bókagerðarmálin og niðursuðuiðnaðinn óbreytt ástand frá því, sem það er nú, með þessari niðurfellingu Nd. á þessum tveimur heimildargr. frv.

Í þriðja lagi kom það fram í Nd., að það væri rétt að taka til sérstakrar athugunar tollflokkun öryggisbelta í bifreiðar. Það frv. er hér til meðferðar einmitt í þessari hv. d. og hefur fengið jákvæða afstöðu hér í d., þannig að gera má ráð fyrir, að frv. verði að l., en með því eru menn skyldaðir til, með vissum takmörkunum þó, að hafa öryggisbelti í sínum bifreiðum, og það má þess vegna gera ráð fyrir, að um nokkurn innflutning geti orðið að ræða á þessum beltum. En sá innflutningur hefur ekki verið til þessa.

Samkv. núgildandi tollskrá mundi þetta vera flokkað undir bifreiðavarahluti, en það þótti sanngjarnt, að öryggisbeltin yrðu flokkuð með svipuðum öryggistækjum, sem væru í mun lægri tollflokki, og þetta var þriðja breytingin, sem gerð var á frv. í hv. Nd. Eins og ég hef lýst, eru engar af þessum breytingum veigamiklar. Tvær þeirra eru efnislega þær, að það verði ekki breytt frá því ástandi, sem nú er, og hef ég fyrir mitt leyti getað fallizt á það, úr því að andróður hefur komið fram gegn því að gera þær breytingar í þessum efnum, sem frv. gerir ráð fyrir. Hvorug þeirra skiptir neinu verulegu máli tekjulega fyrir ríkissjóð, og þriðja brtt., um öryggisbeltin, sýnist mér eðlileg, miðað við þær horfur, sem eru um notkun þessara öryggistækja í bifreiðar.

Ég vildi því leyfa mér að vænta þess, að hv. Ed. geti fallizt á að samþykkja frv. nú, eins og það hefur komið frá Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 296).

---

19. Heimild til að veita Hans Samúelssyni stýrimannsskírteini.

Á 41. fundi í Ed., 17. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa siglingamálaráðherra til að veita Hans Samúelssyni stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum [92. mál] (stjfrv., A. 215).

Á 44. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er um heimild til handa siglingamálaráðherra til að veita Hans Samúelssyni stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum skv. ákvæðum l. nr. 66 frá 17. júlí 1946 og að hann fullnægi siglingatíma einnig skv. þeim sömu lögum.

Erindi þetta var sent, áður en frv. var flutt, skólastjóra Stýrimannaskólans til umsagnar og fylgir jákvæð umsögn hans sem fskj. með frv.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta frv. Efni þess er mjög einfalt og liggur ljóst fyrir, en hitt þykir mér ástæða til að biðja hv. þdm. að hugleiða, hvort sem það verður gert í sambandi við þetta mál eða síðar, að ástæða væri til að endurskoða þessi gömlu lagaákvæði, sem munu hafa gilt frá því nokkuð fyrir 1920, um að sérstaka lagaheimild þurfi til handa hverjum þeim aðila, sem vill komast hjá því að taka próf við íslenzka stýrimannaskólann, jafnvel þótt hann hafi jafngild próf annars staðar frá, svo sem eins og er um þann aðila, sem hér um ræðir. Þetta er ákaflega þungt í meðförum, svo ekki sé sterkara að orði kveðið, og fullkomin ástæða til þess að íhuga, hvort ekki ætti að endurskoða þetta lagaákvæði og binda það þá einhverjum skilyrðum, t. d. að leita yrði umsagnar tiltekinna aðila og jákvæð svör frá þeim að berast, til þess að slík réttindaveiting gæti farið fram. Ég minni á þetta hér, því að ég tel, að það komi mörgum þm. spánskt fyrir sjónir, þegar flytja þarf sérstök frv. um efni sem þetta, en skv. gildandi lagaákvæðum ber að gera það, og það hefur verið gert í þeim tilfellum, sem á hefur þurft að halda. Ég minni aðeins á þetta hér hv. þdm. til umhugsunar, en tel, að það sé fyllilega tímabært að endurskoða þessi lög eða þau ákvæði þeirra, sem gera ráð fyrir sérstakri lagasetningu vegna aðila, sem getur staðizt slíka rannsókn sem þá, sem hér hefur farið fram og ávallt er látin fara fram, því frv. eru yfirleitt ekki flutt, nema jákvæð svör hafi borizt frá hlutaðeigandi aðila, þ. e. a. s. Stýrimannaskóla Íslands.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 215, n. 237).

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Ég get verið ákaflega stuttorður um þetta frv. N. er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir hv. þd.

Ég vil aðeins í þessu sambandi árétta það, sem mig minnir, að hæstv. ráðh. hafi nefnt í framsögu við 1. umr. frv., að e. t. v. kynni að vera ástæða til að breyta löggjöfinni um þetta efni þannig, að ekki þurfi að koma til kasta Alþingis í hvert skipti, sem erlendum manni með fullnægjandi próf eru veitt slík réttindi, og vil ég láta í ljós, að ég er því sammála fyrir mitt leyti, að eðlilegast væri, að ráðh. hefði heimild til, að fengnum umsögnum þar til hæfra aðila, svo sem skólastjóra Stýrimannaskólans, að afgreiða mál eins og þetta, án þess að sérstaka löggjöf þurfi til hverju sinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 59. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 15. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 215, n. 284).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., frv. til l. um heimild handa siglingamálaráðh. til að veita Hans Samúelssyni stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum, er komið frá Ed., en þar mun það hafa verið samþ. shlj. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur haft mál þetta til athugunar og mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Við umr. þessa máls í Ed. kom fram sú skoðun, bæði hjá hæstv. sjútvmrh. og einnig hjá frsm. sjútvn., að rétt væri að taka úr höndum Alþingis það ákvörðunarvald, sem það hefur í sambandi við slíkar heimildir sem þessa. Þetta var nokkuð rætt í sjútvn. þessarar d., án þess að ákvörðun væri tekin í því máli eða menn hefðu látið í ljósi skoðanir sínar, utan máske ég einn, og ég tel rétt að láta það koma hér fram, að ég er algerlega andvígur þessari skoðun. Bæði er það, að erfitt er að sjá, hverjir ættu að fá þetta vald í hendur, hvort það ættu að vera einhverjir embættismenn uppi í rn. eða hvort Alþ. ætlaði að afsala þessum rétti til skólastjóra Stýrimannaskólans eins, sem ég held, að hann persónulega sjálfur kæri sig líklega um og telji ekki rétt, eftir viðtali að dæma, sem ég átti við hann. Það hefði mátt hugsa sér að setja þetta vald í hendur skólanefndar Stýrimannaskólans, ef hún hefði verið til, en það vill nú svo undarlega til með þann skóla, að það hefur ekki ver-

ið skipuð skólanefnd enn fyrir hann. Þar fyrir utan tel ég rétt, að Alþ. taki áfram slíkar ákvarðanir og byggi það m. a. á því, að ég er ekki sammála þeim ágæta manni, skólastjóra Stýrimannaskólans um það, sem kemur fram í bréfi hans, að það próf, sem Hans Samúelsson hefur tekið, jafnist fyllilega á við farmannapróf frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Mér er t.d. ekki kunnugt um það, að við stýrimannaskólann í Marstal í Danmörku sé kennd íslenzka. En við Stýrimannaskólann hér í Reykjavík er þetta fallfag fyrir íslenzka nemendur, þannig að mér finnst, að áður en Alþingi gengi í það að ákveða um slíka framkvæmd þessara mála, séu mörg atriði, sem þarf að taka til athugunar, og eins og er er ég andvígur skoðunum bæði hæstv. sjútvmrh. og frsm. sjútvn. Ed. í sambandi við framkvæmd veitingar slíkra heimilda í framtíðinni. En eins og ég tók fram í byrjun þessarar ræðu minnar, er sjútvn. þessarar hv. d. sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. óbreytts.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Engirn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 330).

---

20. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins (aðstoð við hraðfrystiiðnaðinn).

Á 58. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins [138. mál] (stjfrv., A. 298).

Á 59. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og öllum er kunnugt, hafa þorskveiðar og vinnsla af þorskveiðum notið sérstaks stuðnings af hálfu ríkisins s.l. 4 ár. Upphaflega spratt þörfin á þessum stuðningi af launahækkunum, er áttu sér stað í árslok 1963. Hraðfrystiiðnaðurinn var ekki talinn fær um að standa undir þeirri hækkun launagreiðslna til starfsfólksins né heldur fær um að greiða bátum það fiskverð, sem hefði skapað bátasjómönnum eðlileg kjör í samanburði við þær launahækkanir, sem átt höfðu sér stað hjá verkafólki í landinu.

Stuðningur ríkisvaldsins við hraðfrystiiðnaðinn og við bátaútveginn á árunum 1964 og 1965 var við það miðaður að stuðla að aukinni hagræðingu í iðnaðinum, þannig að hann gæti fljótlega sjálfur orðið fær um að greiða hækkuð laun og hækkað fiskverð. Mikill árangur í aukinni hagræðingu í frystihúsunum náðist á þessum árum bæði vegna nýrra tækja, sem frystihúsin öfluðu sér, og vegna nýrra vinnuaðferða, er spöruðu vinnuafl. Þar við bættist, að verð frystra fiskafurða hækkaði mikið og óvænt, einkum á árinu 1965. Afkoma hraðfrystiiðnaðarins á þessum árum reyndist því, er til kom, miklu betri en búizt hafði verið við, og eru þessi tvö ár sennilega einhver allra beztu ár þessa iðnaðar. Í ársbyrjun 1966 reyndist hins vegar ókleift að afnema þann stuðning, sem veittur hafði verið vegna þeirra launahækkana, sem átt höfðu sér stað á árinu 1965, og þeirrar fiskverðshækkunar, sem sigldi í kjölfar þeirra.

Nú koma einnig til greina erfiðleikar þorskveiða og vinnslu að standast samkeppni við hinar miklu og arðbæru síldveiðar. Áhugi útvegsmanna og sjómanna beindist í vaxandi mæli að síldar- og loðnuveiðum, og átti hið háa verð síldarafurða að sjálfsögðu mestan þátt í þessu. Mikil aukning bátaflotans var öll miðuð við síldveiðar, og verulegur samdráttur varð í þorskveiðum á árinu 1966, án þess að öðrum ástæðum virðist vera til að dreifa en minnkandi sókn.

Reynt var að jafna hér metin að nokkru með lækkun útflutningsgjalda á frystum fiskafurðum og hækkun þeirra á síldarafurðum í ársbyrjun 1966. Fulltrúar hraðfrystiiðnaðarins höfðu staðið að þeirri hækkun fiskverðs um 17%, sem ákveðin var í janúar 1966. En þá hækkun fékk iðnaðurinn ekki uppi borna með auknum stuðningi frá ríkisvaldinu nema að sáralitlu leyti. Var þessi ákvörðun um hækkun fiskverðs tekin á grundvelli þess háa afurðaverðs, sem ríkjandi var um þetta leyti, og í von um nokkra viðbótarhækkun þess síðar á árinu, sem ástæða virtist þá til að búast við.

Það þarf ekki að orðlengja það, sem öllum er nú löngu kunnugt, að á miðju ári 1966 urðu mikil þáttaskil, þegar hófst það verðfall íslenzkra afurða erlendis, sem síðan hefur haldið áfram að því er langflestar og veigamestu afurðirnar snertir og er eitt hið mesta, sem nokkru sinni hefur yfir íslenzkan sjávarútveg dunið. Þetta verðfall kom ekki fram í afkomu frystihúsanna á árinu 1966 nema að nokkru leyti. Eigi að síður gerbreytti það afkomu þeirra frá góðærunum á undan. Þar við bættist, að kaup hafði enn farið nokkuð hækkandi frá veltiárinu 1966 vegna vísitöluhækkana, og allt þar til verðstöðvun kom til framkvæmda og þessar kauphækkanir kölluðu á hækkun fiskverðs um áramótin 1966—1967.

Í byrjun s.l. árs var því enn þörf nýrra og róttækari aðgerða til stuðnings þorskveiðunum og vinnslunni og þá fyrst og fremst til stuðnings hraðfrystiiðnaðinum. Beindust þessar aðgerðir annars vegar að því að létta af fiskvinnslunni þeirri hækkun fiskverðs, sem óhjákvæmileg var, en hins vegar að því að bæta hraðfrystiiðnaðinum að verulegu leyti verðfall afurðanna með stofnun Verðjöfnunarsjóðs frystiiðnaðarins. Jafnframt var augljóst, að iðnaðurinn hlaut að verða að snúast gegn þeim geysilega vanda, sem hann stóð frammi fyrir, með róttækri endurskipulagn-

ingu og hagræðingu og bættri fjárhagslegri uppbyggingu.

Fyrir atbeina ríkisvaldsins var undirbúningur ráðstafana af þessu tagi hafinn snemma á s.l. ári á vegum bankanna og fulltrúa iðnaðarins. Ákvæði 2. gr. frv. þessa verða framkvæmd með sama hætti og endurskipulagningin sjálf, þ.e. í samstarfi og samráði við fulltrúa frystiiðnaðarins.

Það bættist svo enn ofan á þá erfiðleika, sem fyrir voru, að aflabrögð á vetrarvertíð 1967 voru mjög slæm vegna fádæma ógæfta, og skreiðarsölur til Nígeríu stöðvuðust vegna borgarastyrjaldarinnar þar í landi. Afkoma bæði þorskveiða og vinnslunnar í landi og þá ekki síst frystiiðnaðarins reyndist því enn lakari en nokkurn hafði getað grunað í byrjun ársins.

Í aths. við frv. það, sem hér liggur fyrir, er gerð grein fyrir þeim viðhorfum, sem ríkjandi voru varðandi sjávarútveginn og þá einkum hraðfrystiiðnaðinn, þegar *nýtt gengi* íslenzkrar krónu var ákveðið í nóvembermánuði s.l. Ég vil aðeins rifja hér upp fjögur meginatriði þessara röksemda:

1) Afkoma þorskveiðanna í heild og hraðfrystiiðnaðarins sér í lagi gat ekki ráðið úrslitum við ákvörðun hins nýja gengis.

2) Mikil óvissa var ríkjandi í nóvember um verðlagsþróun íslenzkra sjávarafurða á næstunni og er það raunar enn.

3) Mikil óvissa hlaut að vera ríkjandi um afkomuhorfur fiskvinnslunnar, þar til fiskverð hefði verið ákveðið og allar þær upplýsingar lægju fyrir, sem safnað er og unnið úr í sambandi við þá ákvörðun.

4) Á meðan samningum um fiskverð var ólokið, mátti af ríkisvaldsins hálfu ekki með nokkru móti gefa til kynna, hvort eða að hve miklu leyti eðlilegt gat talizt, að þorskveiðar eða vinnsla nytu áfram opinbers stuðnings.

Með tilliti til þessara atriða þarf engan að undra, að *gengisbreytingin hafi ekki getað* tryggt fiskiðnaðinum hallalausan rekstur — en það var raunar vitað frá upphafi, að svo yrði ekki — né heldur að áframhaldandi stuðningur til iðnaðarins hafi nú reynzt nauðsynlegur. Fyrir hitt er svo ekki að synja, að meiri stuðningur hefur nú reynzt nauðsynlegur, en ástæða hefði *virzt til að ætla fyrir nokkrum mánuðum.*

Kemur hér í fyrsta lagi til, að verðþróun íslenzkra afurða hefur haldið áfram að vera mjög óhagstæð, síðan gengisbreytingin var ákveðin, og hefur brugðizt þeim vonum, er virtust vera grundvallaðar af varfærni. Einkum hefur verðlækkun frystra fiskafurða í Sovétríkjunum valdið miklum vonbrigðum og sömuleiðis það, að engin hreyfing er enn upp á við á verði mjöls og lýsis nema síður sé.

Í öðru lagi hefur afkoma frystihúsanna á árinu 1966 — en á henni byggjast allar áætlanir um afkomuna 1968 — reynzt enn lakari en ástæða var til að ætla í nóvembermánuði s.l. Eru skýringar á þessu gefnar í aths. við frv.

Sá stuðningur við hraðfrystihúsin, sem leitað er heimilda til með þessu frv., er af þessum sökum mikill og mun meiri en ástæða virtist til að ætla fyrir fáum mánuðum síðan, að þörf yrði á. Það lætur að líkum, að jafnmikill stuðningur muni krefjast umfangsmikilla fjárhagslegra aðgerða. Hefur þetta þegar komið fram í því, að ekki hefur reynzt unnt að framkvæma jafnmiklar tollalækkanir í kjölfar gengisbreytingarinnar eins og upphaflega hafði verið ráðgert. Sérstaks frv. er og að vænta um aðrar fjárhagslegar aðgerðir.

Það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um heimild til aðstoðar við hraðfrystiiðnaðinn. Er upphæð þessarar aðstoðar samtals 202 millj. kr., en þar af ganga 4 millj. kr. til rækjufrystingar eingöngu. Það er nýmæli í þessu frumvarpi, að sérstaklega skuli ætluð ákveðin upphæð til styrktar rækjufrystingu, en rækjuveiðar eru allþýðingarmiklar á þremur svæðum umhverfis Vestfjarðakjálkann, þ. e. í Arnarfirði, Ísafjarðardjúpi og vestanverðum Húnafóa. Smábátar á þessum stöðum hafa af þeim svo góða atvinnu, að það er þýðingarmikið, að rækjuveiðarnar og rækjuvinnslan geti haldið áfram.

Meginhluti rækjuaflans hefur verið frystur, og hefur verðlag á frystri rækju verið viðunanlegt þar til á síðari hluta ársins 1967, að mikil breyting varð þar á til hins verra. Mikil aukning á framboði á rækju á helztu mörkuðunum varð til þess, að verðlag lækkaði mjög mikið síðari hluta ársins, og hafði það einnig áhrif á það, sem framleitt hafði verið fyrri hluta ársins. Má heita, að rækjur framleiddar á þann hátt, sem verið hefur, þ. e. í tiltölulega stórum umbúðum, séu lítt seljanlegar eða óseljanlegar, og hafa því rækjuframleiðendur orðið að undirbúa breytingar á framleiðslu sinni til þess að geta boðið þá vöru, sem markaðurinn vill kaupa, ef yfirleitt á að vera mögulegt að selja þá framleiðslu. Þessar breytingar hafa reynzt allkostnaðarsamar.

Það er og ljóst, að rækjuframleiðendur geta ekki staðið af sér það mikla áfall, sem verðfallið hefur orðið þeim þrátt fyrir gengislækkunina, *og hefur því þótt óhjákvæmilegt að hafa í þessu* frv. heimild til að greiða allt að 4 millj. kr. á árinu 1968 til að tryggja áframhaldandi framleiðslu frystrar rækju.

Ástæða er til að taka það skýrt fram, að hér er einungis átt við frysta rækju, en ekki aðrar framleiðsluaðferðir. Hefðu þá framleiðendur frystrar rækju svipaða aðstöðu og frystihúsin, en að yfirgnæfandi meiri hluta stunda þessir aðilar ekki aðra framleiðslu á frystri vöru. Ekki er gert ráð fyrir því að greiða neina uppbót til framleiðslu á niðursoðinni rækju, þar sem þar hafa ekki orðið neinar breytingar svipaðar þeim, sem orðið hafa á verðlagi frystu rækjunnar. Hins vegar eru mjög takmarkaðir möguleikar á því að auka skyndilega mikið þá framleiðslu, og er því einnig af þeirri ástæðu mjög æskilegt að greiða fyrir því, að frysting á rækju geti haldið áfram með eðlilegum hætti.

Frv. gerir ráð fyrir 198 millj. kr. aðstoð við hraðfrystiiðnaðinn almennt. Er ætlunin, að sú aðstoð skiptist þannig, að 25 millj. kr. gangi til sérstakrar viðbótar á verði línufisks, sem ákveðið var við verðlagningu fisks í upphafi ársins og er að mestu áframhald sams konar viðbótar, sem greidd hefur verið á undanförnum árum,

en nú verður greidd fleiri mánuði ársins en áður tíðkaðist. Allar vinnslugreinar munu að sjálfsögðu njóta góðs af þessari greiðslu, enda þótt hún sé til komin vegna frystiiðnaðarins.

Meginhluti stuðningsins eða 148 millj. kr. munu verða greiddar hraðfrystihúsum í hlutfalli við verðmæti framleiðslu þeirra á árinu 1968. Er ætlunin, að tæpur þriðjungur þessarar upphæðar eða 45 millj. kr. verði greiddar sem allra fyrst til þess að auðvelda það, að rekstur frystihúsanna geti orðið með sem eðlilegustum hætti á yfirstandandi vetrarvertíð. Af þessum sökum er brýn nauðsyn á því, að sú heimild, sem frv. fer fram á, verði veitt sem allra fyrst, og ég leyfi mér að láta í ljósi þá ósk mína, að nefndir — í fyrsta lagi nefndir beggja d. — vinni að athugun málsins, meðan það er í fyrri d. Við úthlutun þessarar upphæðar er ætlunin að miða við meðalframleiðslu húsanna á árunum 1966 og 1967, en þó eiga aðeins þau hús að koma til greina við úthlutunina, sem nú eru í rekstri eða talið er, að muni verða rekin, þegar endurskipulagningu iðnaðarins er lokið.

Loks mun 25 millj. kr. úthlutað í sambandi við endurskipulagningu iðnaðarins. Er gert ráð fyrir, að það fé verði einkum notað til að leysa vandamál, sem fram koma við endurskipulagninguna hjá þeim húsum, sem hljóta að starfa áfram, en eru verr sett en þau, sem bezta afkomu hafa. Er ætlunin, að Seðlabanki Íslands úthluti þessu fé að fengnu samþykki sjútvmrh. og í samráði við þá tvo viðskiptabanka, sem ásamt Seðlabankanum vinna að endurskipulagningunni, þ. e. Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, og svo sem fyrr greinir einnig í samráði og samstarfi við fulltrúa frystiiðnaðarins sjálfs.

Það eru einkum tvö atriði, sem ég vil að lokum leggja áherzlu á í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir: 1) hversu mikil og brýn nauðsyn er á þeirri aðstoð við hraðfrystiiðnaðinn, sem hér er farið fram á, og 2) hversu þýðingarmikið er, að þessi aðstoð greiði götu þeirra mikilvægu breytinga, sem nauðsynlegar eru í þessum iðnaði, þannig að hann geti með tíð og tíma á nýjan leik staðið á eigin fótum.

Það er eðlilegt, að meðal alþm. og meðal almennings gæti verulegrar tortryggni í garð hraðfrystiiðnaðarins sökum þess, að forystumenn iðnaðarins hafa á undanförnum árum e. t. v. ýkt nokkuð þá erfiðleika, sem hann hefur átt við að etja, og gert það til stuðnings kröfum sínum á hendur stjórnvöldum og í almennum áróðri.

Það hefur líka af hálfu forystumanna iðnaðarins orðið vart verulegrar tregðu. Sem betur fer eru þeir forystumenn fáir, en samt hefur orðið vart þessarar tregðu til þess að horfast í augu við þann raunverulega vanda, sem iðnaðurinn stendur frammi fyrir og takast verður á við með raunhæfum aðgerðum. Í stað þess hefur, svo sem sagan sannar, verið leitað á náðir ríkisvaldsins um aukna aðstoð og það með heldur vafasömum aðferðum, jafnvel hreinum ofbeldisaðgerðum hafa menn beitt málum sínum til stuðnings. Það ætti öllum að vera orðið það ljóst nú, hversu heilladrjúgar slíkar aðferðir eru.

En hraðfrystiiðnaðurinn sem slíkur má ekki gjalda skammsýni nokkurra forystumanna. Það er þjóðarnauðsyn, að þessum iðnaði séu búin þau skilyrði, að hann geti haldið áfram að starfa og dafna. Í því skyni er sú aðstoð, sem hér er farið fram á heimild til að veita, óhjákvæmileg. En það er ekki síður þýðingarmikið, að jafnframt sé iðnaðurinn endurskipulagður og fjárhagsleg uppbygging hans lagfærð. Mun því starfi haldið áfram af fullum krafti næstu mánuði, þannig að þessar uppbætur ættu að geta komið til framkvæmda síðar á þessu ári.

Þá er jafnframt nauðsynlegt að veita hraðfrystiiðnaðinum vernd gegn snöggum verðbreytingum, og frv. um verðjöfnunarsjóð og fyrningarsjóð sjávarútvegsins eru nú í undirbúningi og verða væntanlega lögð fyrir Alþingi innan skamms.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að hafa um frv. fleiri orð. Því fylgir mjög yfirlitsgóð grg. og aths., sem ég læt mér nægja að vísa til. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Ég vil strax í upphafi lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv. og mun ekki tefja fyrir því, en það kom fram hjá hæstv. ráðh., eins og raunar margoft hefur komið fram hér, að sífellt verður að hraða málum, sem þó eru æðiyfirgripsmikil og ástæða væri til fyrir alþm. að kynnast allnáið. Það ber og að sama brunni, að ráðh. minntist á, að það lægi á að fara að greiða upp í fyrir fram veitta aðstoð til frystihúsa á árinu 1968. Eru það 45 millj. kr., sem áætlað er að greiða nú á sama hátt og greitt hefur verið með hagræðingarfé. Nú í æðimarga daga hefur, eftir því sem ég bezt veit, legið tilbúinn listi í Seðlabankanum um, hvaða upphæðir frystihúsin eigi að fá af þessu, en það hefur ekki verið hægt að greiða það út enn þá, af hvaða ástæðum sem það er. Kannske er það af þeirri ástæðu, að þetta frv. er ekki orðið að lögum. Það er sífellt klifað á því, eins og ég gat um áðan, að við þurfum að hraða meðferð þessara mála.

Frv. það, sem hér er lagt fram, er í raun inni staðfesting á því tilboði, sem ríkisstj. gerði hraðfrystiiðnaðinum snemma í janúar, en Alþ. var ekki haft þar með í ráðum. Þetta tilboð var fram komið, til þess að grundvöllur fengist að dómi ríkisstj. fyrir hallalausum rekstri hraðfrystiiðnaðarins á árinu 1968. Alþm. fá oft að lesa það í blöðum, að ríkisstj. hafi tekizt á hendur skuldbindingar, svo að nemi milljónatugum eða milljónahundruðum, áður en það kemur inn í sali Alþingis og áður en alþm. fá um það að fjalla. Þetta er tilkynnt svona utan dagskrár, að við munum eiga von á þessu seint og um síðir. Ég verð að lýsa yfir megnri óánægju minni og fordæma þau vinnubrögð, sem svona eru viðhöfð æ ofan í æ, þegar hlutur Alþingis er sífellt gerður minni en ætlazt er til í stjskr. landsins. Alþ. hlýtur að gera þá kröfu að fá að ræða mál á eðlilegan hátt, áður en þau eru afgreidd og koma til framkvæmda hverju sinni. Alþ. á ekki að vera nein sýndarstofnun til þess að setja einhvern stimpil á vafasama út-

reikninga sérfræðinga eða gefa þeim lagagildi. En ég skal ekki vera mjög margorður, aðeins fara örfáum orðum um þetta frv. og fara þar að vilja hæstv. ráðh., því að ég veit, að það liggur á að afgreiða þetta, ef biðin eftir þessum milljónum fer eftir því, hvort frv. verður fljótt að lögum eða ekki.

Þegar gengi íslenzku krónunnar var breytt á s.l. hausti, var setið í heila viku yfir því að reikna út, hver gengislækkunin þyrfti að vera, svo að aðalatvinnuvegirnir gætu gengið hallalaust og án þess að ríkissjóður veitti þeim nokkra aðstoð. Síðan hefur að vísu verið dregið í land með þetta, að ekki hafi verið hægt að sjá það fyrir og ekki hægt að miða gengisfellinguna við þarfir atvinnuveganna. En að baki þeirrar niðurstöðu, sem birt var í nóvembermánuði í sambandi við gengislækkunina, lágu beztu og nákvæmustu útreikningar, sem fyrir hendi höfðu nokkru sinni verið, að því er látið var að liggja.

Áður en gengisbreytingin var framkvæmd, hafði því margoft verið lýst yfir hér á Alþ., m.a. undir umr. um efnahagsmálatill. frá því í október, að ekkert lægi fyrir um, hvaða ráðstafanir þyrfti að gera til stuðnings útflutningsatvinnuvegunum. Það yrði athugað síðar.

Efnahagsmálatillögurnar, sem sáu dagsins ljós í október voru fyrst og fremst miðaðar við að leysa vanda ríkissjóðs, þ.e. auka tekjur hans um 750 millj. kr., svo að endarnir mæðu þar saman. En vandi atvinnuveganna var óleystur eftir sem áður. Sá vandi, sem þá blasti við í atvinnu- og efnahagsmálum, átti ekki nema að nokkru leyti rót sína að rekja til verðfalls afurðanna 1966 og 1967 eða aflabrests á vetrarvertíð. Auðvitað urðum við fyrir áfalli af þessum sökum, og skal ég sízt neita því eða draga úr því — því neitar enginn. En eftir eitt mesta og samfelldasta góðæristímabil í sögu þjóðarinnar á undanförnum árum áttu atvinnuvegir þjóðarinnar að vera svo undir búnir, að þeir gætu um sinn mætt lakara árferði. En það var nú síður en svo. Málum var svo háttað, að atvinnuvegirnir voru alls vanbúnir að mæta þeim erfiðleikum.

Það var öllum ljóst snemma á síðasta ári — löngu fyrir kosningar — að það voru slíkir erfiðleikar fram undan, að það yrði að gera ráðstafanir í tæka tíð til þess að mæta þeim. Ör verðbólguþróun og hömlulaus fjárfesting hafði bitnað á þessum atvinnuvegum, svo að þeir stóðu mjög höllum fæti, og var því nauðsynlegt að snúast við vandanum strax. En ekkert var aðhafzt, heldur var látið reka á reiðanum fram yfir kosningar. Í kosningabaráttunni var nú aldeilis ekki sá tónn, að eitthvað væri að — síður en svo. Það var allt á mjög traustum grunni — efnahagsmálin í stakasta lagi. Ég vil taka það enn fram, að ég tel ekki, að ríkisstj. geti séð fyrir eða ráðið við verðlækkun afurða á erlendum mörkuðum, enn síður að ríkisstj. geti séð það fyrir, hvort vel eða illa aflast. En ríkisstj. bar að snúast við þessum vanda með öllum tiltækum ráðum, en ekki láta allt reka á reiðanum. Í stað þess að snúast til varnar og takast á við vandann var þjóðinni talin trú um, að allt væri í bezta ástandi. Stjórnarandstæðingarnir væru svartsýnismenn og barlómsmenn, sem héldu því fram gegn betri vitund, að grundvöllur atvinnuveganna væri brostinn. Það tókst að blekkja þjóðina í það sinn og dylja sannleikann fram yfir kosningar. En auðvitað kom kaldur veruleikinn í ljós, þegar kom fram á haustmánuði. Veruleikann, hversu napur, sem hann var, var ekki hægt að dylja. Síðan hefur hver mánuðurinn liðið öðrum erfiðari, og stöðvun sjávarútvegsins blasti við um áramótin þrátt fyrir gengislækkun á s.l. hausti.

Gengislækkunin var ákveðin með tilliti til stöðu atvinnuveganna. Almennt var það talið óhjákvæmilegt að fylgja pundinu. En nú skyldi bíða og athuga stöðu atvinnuveganna vandlega, og færustu sérfræðingar settust niður til að reikna og reikna og kváðu svo loks upp þann úrskurð að lækka þyrfti gengi krónunnar um 24,6%. En þessi gengislækkun væri nú betur undirbúin en hinar fyrri, því að nú hefðu legið fyrir meiri og betri upplýsingar en áður og hægt hefði verið að byggja á traustum gögnum — enn traustari gögnum en fyrr. Áður hefðu menn þurft að reikna þetta, ef svo mætti segja, á hnjám sér. Nú væri einhver munur, því að nú þyrfti ekkert annað en að fletta upp. Nú væru gögn til yfir allt saman. Það þyrfti ekkert annað en að reikna, leggja saman, draga frá, setja síðan punkt og ákveða, hver gengislækkunin skyldi vera. En eitthvað hefur nú skeikað, að því er öllum virðist, eins og nú er orðið ljóst, og þarf ég ekki að vera margorður um það.

Í grg. fyrir þessu frv. segir, að það sé ljóst, að hraðfrystiiðnaðurinn verði rekinn með verulegum halla á árinu 1968, og nýjar upplýsingar bendi til þess, að afkoman verði mun lakari en búizt hafi verið við. Nýjar reikningsskekkjur, að því er virðist, en nú er því bara skellt á frystiiðnaðinn sjálfan. Hann hafði fegrað svo afkomu sína, eftir því sem segir hér í grg., að starfsmenn Efnahagsstofnunarinnar sáu ekki við honum í fyrstu atrennu. Það er kannske mannlegt að kenna öðrum um, en tæplega er það stórmannlegt, þegar því líka er lýst yfir í öðru orðinu, að aldrei hafi legið fyrir jafnglöggar upplýsingar um ástand og hag atvinnuveganna, og hefði því átt að vera hægt að reikna hann út rétt.

Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að kanna þá töflu, sem fylgir þessari grg., né heldur á hvaða gögnum hún er byggð. Væntanlega fær sú n., sem málið fær til meðferðar, að sjá einhver gögn yfir þetta, svo að þm. fái nokkra vitneskju um það, sem Alþ. á að afgreiða. En það virðist þó — af blaðafregnum að dæma — æðimikið bera á milli þess, sem frystiiðnaðurinn telur vera tekjuþörfina, og þess, sem Efnahagsstofnunin ætlar að þurfi, og eins og ég sagði, hef ég ekki haft neina aðstöðu til þess að kanna þetta. En ég vil aðeins minnast á eitt lítið dæmi. Mér skilst, að í sambandi við skreiðarverkunina skakki aðeins á þeim eina lið um 30 millj. kr. á þeim tekjulið, sem Efnahagsstofnunin og sölusamtökin áætla. Efnahagsstofnunin muni áætla um 30 millj. kr. meiri tekjur til frystiiðnaðarins en sölusamtökin vilja viðurkenna. Það virðist vera mjög hæpið að áætla tekjur frá

ári til árs síhækkandi vegna óseljanlegrar vöru, og þar við bætist, að skreiðarverkun hlýtur að dragast stórkostlega saman á þessu ári af augljósum ástæðum, þegar fyrir eru í landinu miklar birgðir af óseljanlegri vöru. Ef þetta er rétt tala, sem við erum að tala um hér — og ég hef ekki aðstæður til að fullyrða um, að þarna skakki 30 millj. — finnst mér slíkur útreikningur vægast sagt nokkuð hæpinn. Ef fleiri liðir eru þannig, þætti mér ekki einkennilegt, þó að einhverjar frekari skekkjur kæmu í ljós. En væntanlega fá alþm. að kanna þetta og sjá, á hverju þessir reikningar byggjast.

Þessar ráðstafanir, sem hér er verið að fjalla um, eru engar ölmusur eða styrkir til sjávarútvegsins eða frystiiðnaðarins. Þessi undirstöðuatvinnuvegur ætlast ekki til annars en að fá að búa við sambærilegan rekstrargrundvöll og þeir atvinnuvegir hafa, sem þjóðinni eru lífsnauðsynlegir. Við hljótum að verða að byggja næstu áratugina okkar aðalgjaldeyrisöflun á sjávarútvegi, og þá verðum við líka að vera menn til að búa svo að þessum atvinnuvegi, að hann geti starfað af þrótti. Ef hann er í erfiðleikum, verða keðjuverkanir í öllu atvinnulífi, og erfiðleikar frystiiðnaðarins ná ákaflega víða. Ég tel það enga goðgá — síður en svo — þó að afkoma þessa undirstöðuatvinnuvegar væri þannig, að hann hefði fyrir afskriftum og einhverjum vöxtum af stofnfé. Hraðfrystiiðnaðurinn þarf á miklu fé að halda. Þróunin í þessum iðnaði, hvað snertir alla tækni, er mjög ör, og það hlýtur alltaf að vera nokkur fjárfesting í sambandi við þetta; það verður ekki umflúið. Það verður þjóðinni alltaf farsælast, ef hún býr svo að þessum atvinnuvegi, að hann starfi af þrótti, en sé ekki reyrður í einhverja heljarfjötra lánsfjárskorts eða skriffinnsku. Ég hef þá trú og vissu, að sjávarútvegurinn hafi aldrei brugðizt þjóðinni, nema þegar forystumenn þjóðarinnar hafa misst trúna á gildi hans fyrir þjóðarbúið.

Hæstv. sjútvmrh. minntist lítillega á það, að það væri verið að vinna að hagræðingu í þessum iðnaði. En hvað líður þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið og átti, eftir því sem talið var á síðustu dögum fyrir kosningar, að vera búið að framkvæma? Öll gögn í sambandi við þetta hafa legið í a. m. k. 7—8 mánuði hjá sérfræðingum. Ég veit ekki betur. Ef það er ekki rétt með farið hjá mér, ætla ég, að hið rétta komi í ljós. Það bólar ekkert á þessum ráðstöfunum enn þá, að því er virðist. Ég hef enga löngun til að gera lítið úr vilja ríkisstj. til þess að gera eitthvað jákvætt í þessu máli. En hitt harma ég mjög, hvað þetta gengur hægt. Það virðist svo sem allt framkvæmdavald í þessu efni sé reyrt í einhverja heljarfjötra sérfræðinga, sem séu svo önnum kafnir, að þeim vinnist ekki tími til þess að sinna bráðnauðsynlegum málum. Vonandi fá þessar ráðstafanir að sjá dagsins ljós mjög fljótlega. Það er mjög þýðingarmikið fyrir þennan iðnað, og það verður þá væntanlega séð um, að þeir, sem eiga að vinna þessi verk — að kanna þessi gögn, sem fyrir liggja — gefi sér tíma til þess að vinna þetta verk, sem ekki þolir neina bið.

Ástand undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar virðist vera mjög bágborið — vægast sagt. Stefnan í efnahagsmálum undanfarinna ára hefur sýnt það mjög ljóslega, að hún hefur ekki staðizt það árferði, sem við höfum búið við. Það mun sjálfsagt einsdæmi, að mánuði eftir gengisfellingu skuli hag útflutningsatvinnuveganna vera svo komið, að þeir séu bókstaflega komnir í þrot, nema til komi stórar fjárhæðir frá ríkissjóði. Það hafa á undanförnum árum verið lögð á þennan atvinnuveg í mjög vaxandi mæli ýmis útgjöld, sem hann fær ekki risið undir, á sama tíma sem verðbólguþróunin hefur bitnað harkalega á útflutningsatvinnuvegunum. Þess vegna er það óhjákvæmilegt að breyta um stefnu í þessum málum og leggja höfuðáherzlu á að endurreisa efnahagslífið og ástand þessara atvinnuvega. Stórstígar framfarir á sviði tækni og þekkingar munu gerbreyta aðstöðu sjávarútvegsins, til þess að hann haldi áfram að vera sá máttarstólpi íslenzku þjóðarinnar, sem hann hefur verið — styrkasta stoðin í íslenzku atvinnulífi, sem sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar mun byggjast á. Þess vegna verðum við að leggja megináherzlu á það að auka fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða og finna nýjar leiðir til aukinnar hagnýtingar náttúruauðæfa okkar bæði til hafs og lands. Þess vegna verður að gera allt, sem hægt er, í sambandi við aukna hagræðingu og framleiðni í sjávarútveginum og í vaxta- og lánamálum, svo að sæmandi sé. Ég verð að segja það, að ég tel það lítt sæmandi fyrir þjóð, sem á svo mikið undir sjávarútveginum, að ætla honum að greiða 10—12% vexti af verulegum hluta af því fé, sem hann þarf að hafa undir höndum.

Ég skal ekki hafa þessi orð miklu fleiri, en endurtek aðeins, að ég vænti þess, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, veiti nm. og alþm. upplýsingar í þessum vandamálum, svo að vitneskja liggi fyrir um, á hverju þetta er byggt, svo að við sjáum, hvaða gögn hafa verið lögð til grundvallar. Sjávarútvegurinn hefur ekki bilað, enda þótt erfiðleikar hafi hrjáð hann undanfarið, og þýðing hans fyrir þjóðarbúið hefur ekki minnkað. Hann hefur aldrei brugðizt, eins og ég sagði áðan, nema þegar forystumenn þjóðarinnar hafa misst sjónar á gildi hans fyrir þjóðarbúið. Efnahagsstefna undanfarinna ára virðist ekki standast nema í metaflaárum, og þess vegna þarf að horfast í augu við þann vanda, sem af því hefur leitt, og breyta um stefnu og búa þannig að undirstöðuatvinnuvegunum, að þeir starfi af þrótti. Ef það verður gert og þýðing sjávarútvegsins fyrir þjóðarbúið réttilega metin, mun atvinnuleysi ekki verða umræðuefni manna á meðal, hvorki hér á Alþ. né annars staðar.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það eru ekki mörg atriði í ræðu hv. 3. þm. Vestf., sem ég þarf að gera aths. við. Flest af því, sem þar kom fram, kom fram í umr. hér fyrir jólahlé í sambandi við gengismálin, og sumum atriðunum hafði ég einnig vikið að í minni framsöguræðu, þannig að óþarft er að endurtaka það aftur hér, og nægir í því efni að vísa til þessara umr. Hv. þm. lagði á það mikla

áherzlu í upphafi máls síns, að hann fordæmdi þau vinnubrögð, sem ríkisstj. hefði viðhaft í þessu máli, þ. e. a. s. í sambandi við samkomulagsviðræður við hraðfrystiiðnaðinn og vélbátaútgerðina, sem átt höfðu sér stað á undanförnum vikum. Ég vil nú minna þennan hv. þm. á það, að núverandi ríkisstj. hefur ekki tekið upp nein nýmæli í þessum efnum. Það eru troðnar slóðir, sem undanfarnar ríkisstj. hafa farið á síðustu áratugum, og með öðrum hætti verður vart að þessum málum staðið. Ég hygg, að það væru vafasamar samningaumleitanir eða samkomulagsumleitanir að hafa þann hátt á, að viðkomandi aðilar væru hér inni í þingsölunum og þar ætti við þá að semja um þessa hluti, enda hafa, eins og ég segi, verið viðhöfð sömu vinnubrögð af öllum flokkum í þessum efnum, og hér er því ekki um neitt nýmæli að ræða.

Ég hef látið hafa það eftir mér — og tel mig geta fært fyrir því góð rök — að traustari gögn hafi nú legið fyrir, þegar umr. fóru fram í Verðlagsráði sjávarútvegsins, til þess að leggja til grundvallar við ákvörðun fiskverðs en nokkru sinni áður hafi verið fyrir hendi, og við þetta stend ég, hvað sem efasemdum hv. þm. í þessu efni líður. Ég skal fúslega taka undir það, sem hann sagðist harma, að gengið hefði hægt, þ. e. a. s. hin margumtalaða endurskipulagning í hraðfrystiiðnaðinum. Ég tek fyllilega undir það, að þetta hefur gengið mun seinna fyrir sig á allan hátt en við hefði verið búizt áður. Verkið hefur einfaldlega reynzt mun viðameira heldur en upphaflega var ætlað, og það er því ekki því um að kenna, að sérfræðingar yfirhlaðnir öðrum störfum komi í veg fyrir, að verkið geti gengið hraðar. Og ég hygg, að það sé rangt eftir síðustu upplýsingum, sem ég hef um þetta, að öll gögn hafi í þessu efni legið fyrir fyrir 7—8 mánuðum. M. a. hefur gagnasöfnun reynzt mun tímafrekari heldur en við var búizt, og tillögugerð í þessum efnum er mjög vandasöm, þannig að verkið hefur í heild reynzt mun viðameira heldur en upphaflega var búizt við, og það er ráðningin á þessum drætti, sem þarna hefur átt sér stað. En eins og ég sagði í minni framsöguræðu, standa nú vonir til þess, að hægt verði — a.m.k. síðari hluta þessa árs — að vinna eftir þessum till.; þær liggi þá fyrir innan mjög skamms tíma, þannig að framkvæmd á þeim ætti að geta hafizt síðari hluta ársins.

Sem dæmi um það, hve stjórnarstefnan væri slæm, nefndi hv. þm. það, að það sæist bezt í íslenzkum sjávarútvegi, að 1—2 mánuðum eftir gengisfellingu væri nánast allt að stöðvast í þessum mikilvæga iðnaði. Ég minntist á það, að það væri útilokað að taka nokkurn einn þátt og láta hann ráða öllu um ákvörðunina um gengisfellinguna, eins og ég benti á. Það varð að taka tillit til margra hluta annarra, eins og m. a. landverkafólks og þeirra kjara, sem almenningur býr við í landinu. Ástand sjávarútvegsins sem heild er heldur ekki hægt að tala um, því að þar er við ákaflega misjafna erfiðleika að etja. Átti að miða gengisfellinguna við þá verkunaraðferðina, sem lakast stóð, eða þá sem skást stóð, eða þá sem var einhvers staðar þarna á milli. Þetta var sá vandi, sem við var að etja, og valið í því efni, tel ég, að hafi verið rétt. Það er vitað mál, að launþegar í landinu hefðu ekki afborið hærri gengisfellingu og kjaraskerðingar, sem henni fylgdu, heldur en þarna var gripið til, og færa þó forystumenn þeirra samtaka nokkuð gild rök að því, að erfitt sé að standa undir þessum kjaraskerðingum, hvað þá ef meiri hefðu orðið.

Ég skal svo að lokum taka undir það, sem hv. ræðumaður sagði, að ég er honum fyllilega sammála um, að sjávarútvegurinn mun áfram verða styrkasta stoð í atvinnulífi þjóðarinnar og hann þarf að efla svo sem kostur er á, en efnahagur þjóðarinnar allrar kemur til með að byggjast að verulegu leyti á afkomu þessarar mikilvægu starfsgreinar um langa framtíð enn, eins og hann hefur gert undanfarna áratugi, og hún verður áfram mikilvægasti hlekkurinn í að tryggja viðunandi afkomu almennings í landinu.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja hérna örfá orð í tilefni af því frv., sem hér er til umr. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og ekki að fara út í þær umr., sem hafa orðið milli hæstv. sjútvmrh. og hv. 3. þm. Vestf. sérstaklega. En hinu er þó ekki hægt að neita og tæplega orða um að bindast, að illa hefur tekizt með það aðalfyrirheit hæstv. ríkisstj. að koma atvinnuvegunum á traustan og heilbrigðan grundvöll. Það sannast enn með flutningi þessa frv., og má segja, að ekki hafi þó þurft frekari sannana við.

Hér er nú til umr. aðstoð til hraðfrystihúsanna um um það bil 200 millj. kr. Hún er þó ekki meiri en svo frá þeirra sjónarmiði séð, að það er tekið fram sérstaklega í aths. með frv., að sú afkoma, sem húsunum með þessu móti er búin á árinu 1968, getur að sjálfsögðu ekki verið framtíðargrundvöllur. Það er m.ö.o. það illa ástatt hjá þessum hraðfrystihúsum, að þessar 200 millj. kr. duga á engan hátt til þess að koma málum þeirra fyrir nema til eins árs og er þá ekki neinu spáð um verðlag eða aðrar aðstæður.

Ástand annarra atvinnuvega hefur nokkrum sinnum verið hér til umr. í hv. d., og lýsingarnar, sem þaðan berast, eru heldur ekki sérstaklega glæsilegar, þannig að hér er sjáanlega mjög illa komið. Nýjar atvinnugreinar hafa ekki nema að mjög óverulegu leyti komið til, þannig að sýnilegt er, að hér verður duglega á að taka, ef á að vera hægt að breyta um til batnaðar.

En það, sem ég vildi aðeins vekja athygli á í sambandi við þetta mál, er það, að ég tók svo eftir hjá hæstv. sjútvmrh. hér áðan, að hann talaði um, að það þyrfti að leggja fram frv. til tekjuöflunar. Nú vita allir hv. dm. það, að þegar gengisbreytingin var gerð síðast, varð veruleg tekjuaukning hjá ríkissjóði. Á fjárl. var það, að mig minnir, eitthvað um 300 millj., sem tekjuaukningin var áætluð vegna aukinna tolltekna, sem leiddu af því, að tollurinn lagðist á hærri grunn heldur en annars var. Við munum það líka, að þessum fjármunum var búið að ákveða að ráðstafa til þess að lækka tolla. Nú er nýverið búið að fjalla um þessa tollalækkun hér

í þessari hv. d., og hv. Alþ. Hún var nú ekki 250 millj., eins og talað hafði verið um, heldur varð hún 160 millj. En það var ekki hægt að standa undir henni af tekjum ríkissjóðs, heldur þurfti að gera sérstakar ráðstafanir til þess vegna þess, eins og segir í grg. með því frv., að á síðustu vikum hafa lagzt stórfelldar nýjar kvaðir á ríkissjóð, svo að ekki er lengur um neinn tekjuafgang að ræða til að mæta tollalækkunum. Þessar 160 millj. kr. tollalækkanir átti að bera uppi á tvennan hátt — með því að afla nýrra tekna af einkasölu áfengis og tóbaks og með því að lækka gjöldin á fjárl. vegna þess, eftir því sem þessi grg. sýnir, að þessar nýju álögur á ríkissjóð voru komnar til sögunnar, og allir vita, hvaða álögur þar er átt við. Þar er átt við þær umbætur, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að semja um við forystumenn sjávarútvegsins undanfarnar vikur og nú sjá dagsins ljós.

Mér kemur það þess vegna mjög spánskt fyrir sjónir, ef það er rétt skilið, að til þess að mæta þessum uppbótum, sem þetta frv. fjallar um — 202 millj. kr., þurfi að gera sérstakar tekjuöflunarráðstafanir, og mig langar þess vegna til þess að spyrja hæstv. sjútvmrh. að því, áður en málið fer lengra, hvort þessi skilningur er réttur. Og ef hann er ekki réttur, hvaða tekjuöflunarráðstafanir var þá hæstv. sjútvmrh. að boða áðan? Ég get ekki skilið það, að tekjur ríkissjóðs á árinu 1968 hafi rýrnað svona stórkostlega, síðan fjárlög voru afgreidd hér rétt fyrir jólin, að ekki sé fjármagn í ríkissjóði á næsta ári til þess að standa undir þessum greiðslum. Það má vera, að hæstv. sjútvmrh. hafi átt við, að frekari ráðstafanir vegna sjávarútvegs eða annarra atvinnuvega þyrfti að gera og fjármagn vantaði vegna þeirra. Það mundi ég geta skilið. En það kemur ekki heim og saman, að ríkissjóður sé þannig á vegi staddur núna, að hann þurfi að gera sérstakar tekjuöflunarráðstafanir til þess að standa undir þessum 202 millj. kr., þegar þess er gætt, að tollalækkanirnar voru afgreiddar á annan hátt. Þetta langaði mig til þess að fá upplýst, annaðhvort núna eða við fyrsta tækifæri.

Ég tek svo alveg undir það, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði hér áðan, að það eru orðin næsta hvimleið vinnubrögð að afgreiða málin úti í bæ og koma svo til Alþ. og biðja það að afgreiða þau í einum grænum hvelli, vegna þess að ráðstafanirnar þoli enga bið. Það er vafalaust alveg rétt, að frystihúsin mörg komast ekki af stað án þess að fá þessar 45 millj. kr., sem ráðgert er að greiða þeim nú strax eftir efni þessa frv. að dæma, og það er vafalaust rétt — og áreiðanlega rétt, — að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. hafa ekki heimild til þess að greiða það úr ríkissjóði án samþykkis Alþ. En eftir hverju var verið að bíða? Er ekki langt síðan þessir samningar voru gerðir — alllangt síðan? Og af hverju voru þeir ekki fluttir strax inn á hv. Alþ. — a. m. k. eftir að þeim var lokið — þó að það kunni að vera, að það hafi verið óheppilegt, meðan á þeim stóð, að afla heimildar Alþ.? Ég held, að það verði að breyta um vinnubrögð í þessu efni — að það verði að ætla Alþ. einhvern hlut að málum og einhvern tíma til að afgreiða þau mál, sem því eru fengin til meðferðar.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er aðeins tilefni þeirrar fsp., sem hv. 11. þm. Reykv. beindi til mín, hvort þær viðbótarfjáraflanir, sem ég vék að í minni framsöguræðu, væru vegna þeirra skuldbindinga, sem í þessu frv. felast. Þá vil ég staðfesta, að það er réttur skilningur; það er vegna þeirra skuldbindinga, sem í þessu frv. felast. Fyrir þeim fjáröflunaraðferðum mun verða gerð grein, þegar frv. um það efni liggur fyrir.

Að öðru leyti vil ég segja, að það er ekki alveg sama hjá sumum hv. þdm., þ.e. stjórnarandstæðingum, hver í hlut á. Þegar ríkisstj. er að undirbúa sín frv., þarf hún nánast lítinn eða engan tíma til þess, en það gegnir öðru máli, þegar frv. liggja fyrir. Ég held, að það væri meira jafnræði að ætla báðum aðilum nokkurn tíma í þessu efni. Ég hef ekki tímasett mínar óskir um afgreiðslu þessa máls. Ég lét einungis í ljósi þær óskir minar, sem ég veit, að ég ber fram fyrir hönd þeirra aðila, sem þarna eiga hlut að máli, að afgreiðslu málsins yrði hraðað svo sem kostur væri á.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar, sem mér koma satt að segja mjög á óvart. Hann upplýsir það, að til þess að standa undir 202 millj. kr. útgjöldum úr ríkissjóði þurfi sérstakar tekjuöflunarráðstafanir. Og þá vil ég leyfa mér að bera fram spurningu — annaðhvort til hans eða einhverra annarra þeirra, sem svör vita við henni: Hvað varð um tekjuauka ríkissjóðs, sem stóð til, að mætti tollalækkununum? Ég held, að hér sé eitthvað meira en lítið skrýtið á ferðinni, sem full ástæða sé til að fá upplýsingar um, áður en lengra er haldið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 298, n. 308).

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og haldið fund með sjútvn. Nd. um málið. Fullt samkomulag varð um það í n. að mæla með samþykkt frv., en þó áskilja einstakir nm. sér rétt til að flytja brtt. um einstök atriði eða fylgja slíkum till., ef fram kunna að koma.

Um eitt atriði hefður n. í heild borið fram brtt. Það breytir í sjálfu sér engu um efni frv., því að þegar við 1. umr. hafði komið fram yfirlýsing hæstv. sjútvmrh. um, að sú aðferð yrði höfð, sem þar greinir. Okkur fannst þó þinglegra og skemmtilegra að ganga þannig frá frv., að það kæmi greinilega í ljós, að til þess væri ætlazt, að samráð yrði haft við hraðfrystiiðnaðinn um úthlutun þeirra 25 millj. kr., sem um ræðir í síðari mgr. 2. gr. frv., en það er hinn sérstaki styrkur, sem er ætlaður hinum svokölluðu

„miðhúsum“ eða þeim húsum, sem hvorki teljast í bezta né lakasta flokki, en er verulegur fjöldi af hraðfrystihúsum landsmanna.

Á þessu stigi málsins sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um efni frv. eða aðdraganda þess. Þau atriði voru rædd hér við 1. umr., en ef tilefni gefst til, kann að vera, að ég taki þátt í slíkri umræðu á síðara stigi.

Ég leyfi mér því að mælast til þess, að frv. verði vísað til 3. umr. með þeirri breytingu, sem sjútvn. hefur lagt til.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í sambandi við þetta frv. Eins og fram kom hjá frsm. og í nál. er sjútvn. sammála um þetta frv., svo langt sem það nær, og sammála þeirri brtt., sem liggur fyrir. En það var í sambandi við 1. gr., sem ég hafði ásamt 5. þm. Reykn. og 3. þm. Norðurl. v. ákveðið að flytja brtt., sem kæmi þó ekki fram fyrr en við 3. umr. Ég vildi lýsa henni hér nú þegar.

Það er brtt. við 1. gr., þar sem talað er um verðbótina. Við teljum, að það muni verða ákaflega erfitt í framkvæmd að ætla að fara að skipta tímabilinu. Það væri eðlilegast að hafa þetta allt árið og líka eðlilegast að línu- og handfærafiskur kæmi þarna til. Það hlýtur að verða nokkuð erfitt í framkvæmd að eiga að fara að greina á milli línu- og handfærafisks á þessum tíma. Það kom fram í n. hjá fleirum, að það mundi verða nær ógerningur að greina þar á milli, þegar bátar reru og væru með einn eða tvo stampa og legðu nokkra lóðarstubba, en fengju svo meiri hlutann af aflanum á færi, en kæmu að landi með eintóman línufisk.

Við höfum sem sagt hugsað okkur að flytja brtt. um, að 60 aura verðuppbót yrði á hvert kg af línu- og handfærafiski allt árið. Ég get getið þess, að persónulega teldi ég, að það væri eðlilegt, að það yrði þá lækkað niður í 50 aura heldur en hafa þessa skiptingu og að 50 aura greiðslan kæmi á línu- og handfærafisk allt árið. Ég vildi aðeins lýsa þessu strax við þessa umr., en brtt. verður lögð fram fyrir 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 308 samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 319).

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt., eins og ég boðaði, ásamt hv. 5. þm. Reykn. og hv. 3. þm. Norðurl. v.

Við, sem þessa till. flytjum, teljum, að það sé eðlilegt, að verðuppbótin 60 aurar á hvert kg af fiski gildi allt árið, en sé ekki felld niður yfir sumarmánuðina. Þessar uppbótagreiðslur samkvæmt frv., eins og kom fram í grg. þess, eru taldar eðlilegar sem þátttaka í kostnaði við línuveiðar vegna þess, hvað þær eru sérstaklega dýrar, og eiga því að létta undir í því efni. Við flm. þessarar brtt. teljum, að uppbótin eigi einnig að ná til færafisks af þeirri einföldu ástæðu, að oft og tíðum má telja nærri óframkvæmanlegt að greina á milli, hvað sé línu- eða færafiskur, þegar bátar róa bæði með línurústúf og handfæri í sjóferðina. Jafnframt á þessi verðuppbót, eins og hún er hugsuð — og ekki síður, ef hún verður greidd allt árið — að leiða af sér aukna hráefnisöflun fyrir frystihúsin og vinnslustöðvarnar, ekki sízt vegs vegar kringum landið, þar sem þessar veiðar eru mest stundaðar á sumrin. Og nú, þegar atvinnuleysið hefur víða gert vart við sig, er það brýn þörf, að hver einasti sjófær bátur verði gerður út og veiti atvinnu við nauðsynlega hráefnisöflun bæði vetur og sumar. Það er beint hagsmunamál þjóðarinnar allrar, að hráefnisöflunin verði aukin og starfstími vinnslustöðvanna verði lengri og þannig aukin dýrmæt gjaldeyrisöflun fyrir þjóðarbúið. Á þetta ber að leggja megináherzlu.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er aðeins um ráðstafanir til bráðabirgða til handa sjávarútveginum, og þær duga skammt til lagfæringar á vandamálum sjávarútvegsins, eins og þau eru í dag. En vandamálum sjávarútvegsins verður ekki mætt á raunhæfari hátt en með aukinni hráefnisöflun. Fyrst er að leysa hráefnisvandamálin bæði hvað snertir frystihúsin og aðrar vinnslustöðvar, síðan er að búa svo um, að vinnslustöðvarnar geti við eðlilegar aðstæður starfað áfram allt árið um kring. Það er athyglisvert, að Norðmenn hafa mætt verðfallinu á útflutningsafurðum — á sama tíma og það hefur dunið yfir okkur — með auknum afla fisks, þannig að útflutningstekjur þeirra voru svipaðar og árið áður, enda þótt verðfallið ætti sér stað. Ýmsir hafa sagt, að markaðsverð á sjávarafurðum okkar sé svo sveiflukennt, að við getum ekki treyst á sjávarútveginn, eins og gert hefur verið. Að sjálfsögðu ráðum við ekki markaðsverðinu, en við getum mætt þessum erfiðleikum með öllum tiltækum ráðum. Við getum skipulagt í upphafi hverrar vertíðar nýtingu aflans miklu betur en gert hefur verið. Við ráðum þó, hvernig aflinn verður nýttur, og við ráðum, hvaða verkunaraðferðum við beitum hverju sinni. Í upphafi vertíðar ætti að gera áætlun miðað við markaðshorfur og haga síðan vinnslu eftir markaðsútliti. Þetta gæti vafalaust forðað okkur frá ýmsum skakkaföllum. Við getum vafalítið dregið úr áhættunni hverju sinni með skipulögðum vinnubrögðum og betri skiptingu aflans eftir verkunaraðferðum. En með auknu aflamagni verðum við að auka markaðsleit og spara ekki í þeim efnum, og þar eigum við mikið verk óunnið.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta. En áður en ég lýk máli mínu, langar mig aðeins til að varpa fram þeirri spurningu, hvort ríkisstj. hafi í huga nokkrar ráðstafanir vegna þeirra miklu birgða af skreið, sem eru hér í landi? Svo að ég víki aftur að Norðmönnum, heyrði ég það í fréttum í gær, að þeir hafa tekið þannig á þessu máli, að þeir hafa ákveðið að greiða 30 millj. norskra kr. til þess að létta skreiðareigendum vaxtabyrðina þann tíma, sem skreiðin liggur óseljanleg í landinu. Ég vildi

aðeins spyrjast fyrir um, hvort nokkrar svipaðar ráðstafanir væru á prjónunum hérna.

Ég vona svo, að hv. d. geti fallizt á að samþykkja þessa brtt. okkar, því að hún er tvímælalaust til bóta. Hún stuðlar að aukinni hráefnisöflun fyrir frystihúsin og vinnslustöðvarnar, og hún veldur því, að það verður óþarfi að fara að rífast um, hvort fiskurinn hafi verið veiddur á línu eða færi, sem oft og tíðum er ógerlegt að sannreyna.

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Ég stend nú aðallega upp til að taka fram smáatriði, sem mér láðist að geta við 2. umræðu málsins, en rétt er að hafa bókað í umr. til að koma í veg fyrir hugsanlega deilu um túlkun laganna. Í 2. gr. er komizt svo að orði: „Fé þetta skal skiptast á milli frystihúsanna í hlutfalli við framleiðslu þeirra á árinu 1968 af frystum fiskafurðum, öðrum en síldarafurðum." Nú er notkun okkar á orðinu „fiskafurðum" svolítið á reiki og af fyrstu setningu 2. gr. mætti kannske álíta, að við litum á rækju sem fiskafurðir, því að þar eru sett sérstök ákvæði um styrki til frystihúsanna vegna frystingar á rækju. Spurningin, sem þá vaknar, er sú, hvað sé um humarinn, og ég vil, að það komi skýrt fram, að það er ekki tilætlunin með þessu frv. að veita styrk til humarvinnslu.

Úr því að ég er staðinn upp, vil ég ennfremur aðeins nefna brtt. þá, sem hér er fram komin frá þremur nm. í sjútvn. Í sjálfu sér má segja, að þetta sé ágæt brtt. — Það væri til bóta að koma þessu í framkvæmd. En það vantar það, sem við á að éta — hvernig eigum við að afla peninganna? Það er sumpart búið og sumpart verið að athuga leiðirnar til að afla fjár til að standast kostnaðinn af framkvæmd frv., eins og það nú liggur fyrir, og án þess að bent sé á leiðir til aukinnar fjáröflunar til að standast kostnaðinn, sem leiddi af samþykkt þessarar brtt. á þskj. 324, sér meiri hl. n. sér ekki fært að fylgja till.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 324, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð að gefnu tilefni til að svara hv. 3. þm. Vestf., þar sem hann spurði um það, hvort ríkisstj. hefði nokkuð hugsað um aðstoð við skreiðarframleiðsluna vegna þeirra birgða, sem óseldar eru í landinu frá s.l. ári. Í sambandi við þetta vil ég aðeins upplýsa, að það er hugsað til skreiðarinnar í sambandi við dreifingu gengishagnaðar, en enn þá hefur ekki verið hægt að meta, hve mikillar aðstoðar þarna væri þörf, og tekur sjálfsagt sinn tíma að meta það til fullnustu, en ég geri ráð fyrir því, að eins og samráð verður haft við þá aðila, sem hraðfrystiiðnaðinum stjórna, um dreifingu gengishagnaðarins, verði haft samráð við skreiðarframleiðendur í þessu efni, þegar þar að kemur.

Varðandi þá brtt., sem hv. þm. flytur ásamt öðrum tveimur hv. þdm., vil ég aðeins undirstrika það, sem frsm. meiri hl. sjútvn. sagði, að á meðan ekki er séð fyrir öllum þeim fjármunum, sem nauðsynlegir eru í sambandi við rekstur þessa aðalatvinnuvegar þjóðarinnar, og erfiðlega gengur að útvega það fé, sé ég ekki, að það sé möguleiki að bæta við það, enda ekki gerðar till. um neinar fjáraflanir í þessu skyni.

ATKVGR.
Brtt. 324 felld með 9:8 atkv.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 67. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 29. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frumvarp það, sem hér um ræðir, er komið frá hv. Ed. og hlaut þar einróma samþykki, eftir að minni háttar breyting hafði verið gerð á 2. gr. frv., síðari mgr., þar sem inn var skotið, að samráð skyldi haft við hraðfrystiiðnaðinn um dreifingu þess fjár, sem gert er ráð fyrir, að fari til endurskipulagningar hraðfrystihúsanna. Efni frv. er ákaflega einfalt og er flutt til staðfestingar á því samkomulagi, sem gert var við vélbátaeigendur annars vegar og hraðfrystiiðnaðinn hins vegar um greiðslu þess fjár, sem ríkisstj. hyggst afla til stuðnings þessum atvinnuvegi. Í trausti þess, að ekki verði um málið mú við 1. umr. miklar umr., skal ég heldur ekki hafa um það lengri framsögu, enda skýrir málið sig sjálft, þó að um bakgrunninn mætti halda langar ræður, sem ég skal að þessu sinni sleppa, nema sérstakt tilefni gefist til.

Ég legg því til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 4. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 319, n. 346, 342, 347).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem hér liggur fyrir, og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Einstakir nm. hafa þó áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Eru nú komnar fram a. m. k. tvær brtt. eftir því sem ég hef séð, sem hv. flm. gera væntanlega grein fyrir.

Frv. er aðeins tvær gr. Í fyrri gr. þess felst heimild til greiðslu sérstakrar verðbótar á línufisk. Er þar gert ráð fyrir, að sú verðbót nemi

30 aurum á hvert kg fisks á tímabilinu 16. maí til 30. september, en 60 aurum á öðrum tímum árs. Til viðbótar þessari greiðslu munu fiskkaupendur greiða 25 aura á hvert kg línufisks. Er hér um sams konar greiðslur að ræða og verið hafa á undanförnum árum, nema hvað hærri greiðslan mun nú ekki aðeins vera í gildi frá 1. október til 31. desember, heldur einnig á tímabilinu 1. janúar til 15. maí. Þá munu verðbætur aðeins greiddar á línufisk, en ekki á línu- og handfærafisk eins og áður. Kostnaðurinn við þessar greiðslur er áætlaður 25 millj. kr.

Samkv. 2. gr. frv. er kveðið á um heimildir til greiðsluaðstoðar við hraðfrystihúsin. Er gert ráð fyrir, að 152 millj. kr. skiptist á milli frystihúsanna í hlutfalli við framleiðslu þeirra á árinu 1968 af öðrum frystum fiskafurðum en síldarafurðum. Þó skulu 4 millj. kr. af þessari upphæð ganga sérstaklega til frystingar á rækju, og er gert ráð fyrir, að Seðlabanki Íslands sjái um úthlutun fjárins í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjútvmrh. setur. Er þetta sami háttur og hafður hefur verið á við úthlutun hagræðingarfjár til frystihúsanna á undanförnum árum.

Þá er í 2. gr. gert ráð fyrir heimild til sérstakrar greiðslu að upphæð 25 millj. kr. í sambandi við endurskipulagningu hraðfrystiiðnaðarins. Skal Seðlabanki Íslands í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands úthluta þessari upphæð til tiltekinna húsa að fengnu samþykki sjútvmrh. Varðandi þetta atriði gerði hv. Ed. eina breytingu á frv., þ. e. a. s. að bætt var orðunum „og fulltrúa hraðfrystiiðnaðarins“ inn í síðari mgr. 2. gr. á eftir orðunum Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Hljóðar þá mgr. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er ríkisstj. heimilt að greiða á árinu 1968 25 millj. kr. til hraðfrystihúsa í sambandi við endurskipulagningu hraðfrystiiðnaðarins. Seðlabanki Íslands úthlutar fé þessu til tiltekinna hraðfrystihúsa í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands og fulltrúa hraðfrystiiðnaðarins, að fengnu samþykki sjútvmrh.“

Í grg. með frv. er rakinn aðdragandi þessa máls, og sé ég ekki ástæðu til þess að endurtaka það, en vil þó vitna stuttlega í grg., með leyfi hæstv. forseta. Þar segir m. a.:

„Um það leyti, sem fiskverðið var ákveðið í byrjun janúar, var orðið ljóst, að af þeim sökum, sem að framan er lýst, mundi ekki vera unnt að reka hraðfrystihúsin á þessu ári nema veruleg opinber aðstoð kæmi til. Fulltrúar ríkisstj. hófu þá viðræður við fulltrúa hraðfrystiiðnaðarins, er lyktaði með því, að ríkisstj. bauðst til þess að beita sér fyrir því, að hraðfrystiiðnaðinum væri veitt fjárhagsleg aðstoð, er næmi samtals 198 millj. kr. Var ætlunin, að 25 millj. kr. af þessari upphæð gengju til greiðslu sérstakra verðbóta á línufisk, er ákveðnar höfðu verið í sambandi við ákvörðun fiskverðs, 148 millj. kr. skiptust á milli húsanna í hlutfalli við framleiðsluverðmæti þeirra á árinu 1968, en 25 millj. kr. væri ráðstafað í sambandi við endurskipulagningu hraðfrystiiðnaðarins. Er í þessu frv. farið fram á heimild Alþ. til þess að inna þessar greiðslur af hendi.“

Eins og sjá má af þessu, er frv. flutt og lagt fyrir Alþ. í beinu framhaldi af þeim samningum við hraðfrystiiðnaðinn, sem þarna er skýrt frá. Þær ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir, eru þegar að nokkru komnar til framkvæmda eða a. m. k. orðnar það undirbúnar, að þær geta komið til framkvæmda strax, þegar Alþ. hefur afgr. frv. Veit ég, að hraðfrystiiðnaðinum er mikil þörf á því, að þessar ráðstafanir verði gerðar, og það mun vera um það fullt samkomulag, að málið nái fram að ganga, eins og kom fram í nál. sjútvn. Er þess vænzt að greitt verði fyrir frv., sem nú er í síðari d., þannig að það hljóti afgreiðslu sem lög frá Alþingi í dag.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 1. þm. Austf. og hv. 1. þm. Vestf. að flytja brtt. við 2. gr. þessa frv., sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Enn fremur leggur ríkissjóður fram á árinu 1968 allt að 15 millj. kr., er verja skal til að greiða vinnslustöðvum, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu, vinnsluuppbætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og á fisk veiddan á vissum tímum árs eftir reglum, sem ráðuneytið setur að fengnum till. Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna.“

Eins og kunnugt er, er rekstraraðstaða frystihúsa mjög misjöfn á ýmsan hátt. M. a. er hún misjöfn að því leyti, að þau fá mismunandi mikið hráefni. Stundum mun minna en þeim er hentugt miðað við vinnslugetu, og einnig er það svo, að það hráefni, sem frystihúsin fá, er mjög misjafnlega dýrt í vinnslu og á sumum stöðum, einkum norðanlands og austan, er tiltölulega mikið í hráefninu af smáfiski, tiltölulega meira en annars staðar. Sá afli verður mun dýrari í vinnslu en hinn. Þegar það kemur til, að sama verð er á hráefninu án tillits til þessa og einnig af öðrum ástæðum, verður vinnslan í þessum frystihúsum dýrari en í öðrum, og það hefur glögglega komið fram undanfarin ár í rekstri þessara húsa, sem hér eiga hlut að máli. Það er reyndar ekki ný saga, að þessi munur á því, hvað hráefnið er dýrt í vinnslu, komi fram hjá frystihúsunum. Það kom einnig fram hér fyrrum fyrir gengisbreytinguna 1960, og þá voru greiddar úr Útflutningssjóði sérbætur á slíkt hráefni til vinnslustöðvanna. Árangurinn af því varð sá, að rekstur margra slíkra frystihúsa varð þá um skeið bærilegur. En þegar gengisbreytingin kom til sögunar 1960, var litið svo á af ýmsum, að hún leysti yfirleitt þau vandamál, sem útvegurinn og fiskvinnslan ætti við að stríða, og þá voru þessar sérbætur felldar niður — þessar vinnslubætur. Það hefur komið glöggt í ljós síðan, að þetta var misráðið og vinnslubótanna var þörf þrátt fyrir gengisbreytinguna.

Við, sem að þessari till. stöndum, höfum bæði fyrr og síðar á þessum tíma og sérstaklega, eftir að farið var að greiða verðuppbætur á sjávarafurðir á ný, flutt till. í þessa átt. Vegna þess að áður hefur verið á þingum mælt fyrir slíkum till., skal ég ekki hafa fleiri orð um þessa till., en ég vil mega vænta þess, að hv. þm. geti

fallizt á að veita ríkisstj. þessa heimild, sem hér er um að ræða. Það er ekki um annað að ræða en heimild til að ráðstafa allt að 15 millj. kr., og með því að greiða þessari heimildartill. atkv. kemur það í ljós, að hv. þm. gera sér ljóst, að þarna sé vandamál fyrir hendi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég flyt hér á sérstöku þskj. tvær brtt. við þetta frv. og skal nú gera nokkra grein fyrir þeim.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir sérstökum aukabótum á línuveiddan fisk. Gert er ráð fyrir því, að meiri hluta ársins verði þarna um að ræða 60 aura á hvert kg af fiski til viðbótar því grundvallarverði, sem ákveðið er af Verðlagsráði og þegar hefur verið tilkynnt. En nokkurn tíma ársins, eða nánar tiltekið frá 16. maí til 30. september, er gert ráð fyrir, að þessar aukaverðbætur nemi aðeins 30 aurum á kg fyrir línuveiddan fisk.

Þessar bætur, sem um er getið í 1. gr., eiga að ná eingöngu til línufisks, en hliðstæðar bætur, sem greiddar hafa verið áður, hafa verið miðaðar við færafisk og línufisk, en þessi fiskur hefur verið tekinn út úr og verðbættur nokkuð sérstaklega.

Ég tel, að sú breyting, sem gerð er á þeim reglum, sem í gildi hafa verið, með ákvæðum þessarar 1. gr., sé óréttlát og röng. Eða hvernig stendur á því, að nú er lagt til að greiða 60 aura aukauppbætur á fiskverð á vetrarvertíðinni, en ekki á vor- og sumarvertíð?

Lengi var það svo, að það þótti rétt að greiða nokkrar aukabætur á fiskverð einmitt á vor- og sumarvertíðum umfram það, sem var á vetrarvertíð, vegna þess að vitað er, að á vetrarvertíðinni er rekstrargrundvöllurinn tiltölulega beztur. Þá er aflavonin mest, og aflinn samkvæmt allri reynslu hefur þá verið mestur. Helzt er þá við því að búast, að reksturinn standi undir sér á þeim tíma, en hins vegar er úthaldstíminn að vorinu og sumrinu tiltölulega veikastur. Aflinn er minni þá og rekstrarafkoman léleg. Hins vegar er það mikilvægt fyrir fiskiðnaðinn í landinu, að nokkur útgerð sé í gangi þennan tíma líka, m. a. til þess að lengja starfstíma frystihúsanna.

En nú er sem sagt reglunni allt í einu snúið við. Nú er ákveðið að greiða sérstakar verðuppbætur sem nema 60 aurum á línuveiddan fisk á vetrarvertíðinni og á haustvertíð, en skilja sérstaklega undan línuúthald yfir vortímann og sumartímann; þá skal greiða aðeins 30 aura á kg í þessar aukaverðbætur. Hvaða rök eru fyrir þessu? Þau koma hvergi fram. Það er vitað, að vorvertíð með línu hefst einkum og sérstaklega á Austurlandi og Norðurlandi um þetta leyti. Aðallínuúthaldið er einmitt að byrja á Austurlandi og Norðurlandi að vorinu til og stendur einnig yfir sumarið. Það virðist þá vera sérstaklega ætlunin að koma illa við þessa aðila með því, að þá skuli þeir verða að búa við lægra fiskverð en annars er almennt ákveðið í landinu. Ég undrast þetta ákvæði mjög og hef ekki getað fengið neinar skýringar á því, hvað liggi hér á bak við. Ekki annað en þetta, sem er svo algengt hér, að þegar ríkisstj. og einhverjir sérfræðingar hennar eru búnir að setja eitthvað saman í frv. og leggja það fyrir Alþ., þá segja jafnvel þeir, sem hafa fjallað um málin í n., þótt þeim sé bent á mistökin í meðferð málsins: „Ja, það er bara ekkert við þessu að gera, það er lagt til að hafa það svona, og svona verður það að vera.“

Ég flyt hér brtt. um það að breyta þessu ákvæði og gera ráð fyrir því, að þessar aukafiskverðsbætur á línuveiddan fisk verði jafnmiklar allt árið, 60 aurar á kg, hvort sem fiskurinn er veiddur á línu að vorinu, sumrinu til, á haustin eða að vetrinum. Ég skal hins vegar alveg hiklaust lýsa því yfir sem minni skoðun, að ég teldi, að það væri þörf á því að hafa þessar aukabætur nokkru meiri yfir vor- og sumartímann en yfir vetrartímann og reyndar einnig nokkuð meiri að haustinu til, þá er yfirleitt veikara úthald.

En þessi regla, sem nú er tekin upp hér, að ætla enn þá hærri bætur yfir vetrarvertíðina en yfir vor- og sumarvertíðina, er alveg fráleit, og hún kemur til með að bitna í framkvæmd alveg sérstaklega á þeim sem gera út á Austurlandi og Norðurlandi, því að það er staðreynd, að á þessum tíma er einmitt hvað mest um línuútgerð frá þessum landshlutum.

Þá legg ég til í minni brtt., að gert verði ráð fyrir því áfram, að þessar aukaverðbætur nái einnig til færafisks. Ég tel alveg fráleitt að ætla þessar aukabætur eingöngu á línuveiddan fisk og í rauninni lítt framkvæmanlegt. Allir vita það, að færafiskurinn er sérstakur úrvalsfiskur, ekkert síður en línufiskurinn, og þess vegna er vitanlega fullt eins mikil ástæða til þess að verðbæta hann eins og að verðbæta línufiskinn.

Stundum er því haldið fram, að línuútgerðin sé miklu kostnaðarsamari en færaútgerð. Rétt er það út af fyrir sig. En vitanlega er líka um það að ræða, að reiknað er með því, og þannig hefur það verið um langan aldur hjá okkur, að línan hefur verið notuð, þótt hún væri kostnaðarsamari en færaútgerðin, vegna þess að hún hefur gefið miklu meiri afla. Ég þekki ekki mörg dæmi þess, að færaútgerð, sem nokkru nemur, sé sérlega ábatasöm í rekstri. Það þykir gott, þegar þeir, sem að slíkri útgerð standa, geta haldið þar sómasamlegu kaupi. Ég tel því fulla ástæðu til þess, að þessar aukaverðbætur á fisk nái einnig til færafisks, eins og þær gerðu áður.

Ég vil líka benda á þau miklu vandkvæði, sem verða á því að framkvæma þetta. Hvað gera smábátarnir, sem gerðir eru út á línu og handfæri svo að segja jöfnum höndum yfir sumartímann allt í kringum landið? Þeir, sem fóru með færin sín á miðin, held ég, að hafi haft með sér allgóðan stubb af línu í bátnum og notað hann kannske í leiðinni, og svo verða þeir sennilega einir til frásagnar um það, hvað er línufiskur og hvað er færafiskur. Sá matsmaður er ekki til á Íslandi, að hann þekki þennan fisk í sundur. Það er þá kannske með þessu verið að knýja fram, að menn segi enn meira ósatt til um þessa hluti alla og framtal sitt en hingað til hefur verið. Ég held, að þetta sé í framkvæmd alveg fráleitt, það eigi ekki að vera

að fara út á þessa braut og það sé réttmætt að hafa þessar aukaverðbætur á færafiskinn ekkert síður en á línufiskinn. Hér er ekki um svo stóra upphæð að ræða, að það geti skipt máli, og ég held líka, að það sé í rauninni alveg ómögulegt að greina þarna á milli.

Mín till. miðar því að því að breyta 1. gr. frv. þannig, að þessar aukaverðbætur verði jafnháar allt árið, en ekki lægri yfir sumarið eins og gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., og þær nái jöfnum höndum til færafisks og línufisks.

Þá vil ég einnig benda á það í þessu sambandi, að raunverulega er hér farið mjög illa með þá aðila, sem stunda færafiskirí. Það hefur verið fullyrt, að reiknað sé með því, að fiskverð eigi að hækka á þessu ári frá því, sem það var í fyrra, svona að meðaltali um 10%, en í ljós kemur við athugun, þegar tekið er tillit til allra aðstæðna, að færafiskurinn hækkar ekki um nein 10%. Hann lækkar í flestum tilfellum í verði frá því, sem áður var. Í bezta falli er um það að ræða að hægt sé að tala um, að það sé óbreytt verð á færafiski, en auðvitað hefur svo tilkostnaðurinn gjörsamlega breytzt frá árinu í fyrra vegna þeirra efnahagsráðstafana, sem gerðar hafa verið. Það á með öðrum orðum að gera hlut þeirra, sem stunda sjó með þessu veiðarfæri, mun lakari en áður var. Ég held, að þetta komi þá niður á þeim, sem sízt skyldi. Og ég held, að þetta verði ekki til þess í framkvæmdinni að örva útgerð á þessu tímabili ársins, sem sérstaklega hefði þó þurft að örva úthaldið á, og það verði ekki til þess að bæta á neinn hátt afkomu frystiiðnaðarins í landinu, en að því átti nú að stefna með þessu frv.

Þá er hin brtt., sem ég flyt hér á þskj. 347. Hún er um það, að ákvæði í 2. gr. frv. taki nokkrum breytingum, en í 2. gr. eru ákvæði um það, að greiða skuli frystihúsunum í landinu á þessu ári 152 millj. kr. í aukagreiðslur og að þessi fjárhæð skuli skiptast milli frystihúsanna eftir framleiðslumagni húsanna á frystum fiskafla. Þó er það ákvæði í gr., að ekki skuli miðað við það framleiðslumagn, sem verður í húsunum í sambandi við frystingu á síldarafurðum; þær eru sem sagt undanþegnar. Ég legg til í minni brtt., að felld verði niður þessi ákvæði um, að frystar síldarafurðir skuli hér ekki taldar með í sambandi við útdeilingu á þessum sérstöku aukaverðbótum. Ég býst við því, að þetta ákvæði sé enn í þessu frv. í framhaldi af því, sem var í l. áður, vegna þess að reiknað hafi verið með því, að útkoman sé mun hagstæðari hjá frystihúsunum við að frysta síld en að frysta ýmsar aðrar fisktegundir, og það má vera, að það hafi verið stundum. Þó á þetta ekki við um allar fisktegundir, síður en svo.

En ég tel alveg augljóst mál, að á þessu ári hlýtur að verða sú breyting, að hráefnisverð — eða verð á nýrri síld til vinnslu — hlýtur að hækka allverulega. Það er ómögulegt, að svo verði haldið á málum, að sú hækkun á saltsíld, sem á sér stað með gengisbreytingunni, verði ekki látin koma fram að verulegu leyti í hækkuðu síldarverði til síldveiðiskipa og síldarsjómanna. Ég reikna þess vegna með því, að síldarverð til söltunar muni verða hækkað talsvert mikið, en af því leiðir það, að engin von er til þess, að síld verði fryst til útflutnings að neinu ráði á þeim tíma, sem söltun síldar yfirleitt fer fram, án þess að frystingin geti einnig borgað þetta hækkaða verð, sem verður á nýju síldinni, því að það verður að vera hliðstætt verð á nýrri síld í frystingu og til söltunar. Það hefur reynslan sýnt okkur. En ef nýja síldin hækkar til söltunar og einnig til frystingar, þá dreg ég mjög í efa, að það eigi sér stað nokkur frysting á síld, sem heitið getur, ef þessar sérstöku aukagreiðslur til frystihúsanna, sem gert er ráð fyrir með þessu frv., eiga ekki að neinu leyti að koma síldarframleiðslunni eða síldarfrystingunni til góða. Afleiðingin yrði því sú að mínum dómi, að vel gæti farið svo — og allar líkur eru til þess, að það fari svo — að það verði fryst miklu minna af síld en efni standa til — m.ö.o. að við nýtum miklu minna af síldinni til þeirrar verkunar, sem mestum peningum skilar fyrir þjóðarbúið, og það er vitanlega óhagstætt.

Ég legg því til í minni brtt., að þessar greiðslur, sem um er að ræða til frystihúsanna, megi einnig koma á þá framleiðslu frystihúsanna, sem er af síldarafurðum — að sjálfsögðu eftir nánari ákvörðun ráðherra þar um — en ef frv. yrði samþykkt eins og það er hér, er þetta alveg bannað, og þá gætum við staðið frammi fyrir því, að vinnslan á þessari síld yrði harla lítil.

Um þessi tvö atriði fjalla nú þessar tvær brtt. mínar, og þá vil ég einnig geta þess, að ég er andvígur síðari mgr. í 2. gr. frv., sem fjallar um það, að greiða skuli 25 millj. kr. með nokkuð sérstökum hætti til frystihúsanna í landinu til svokallaðrar endurskipulagningar. Þó eru ekki í gildi enn nein lög um þessa endurskipulagningu frystiiðnaðarins — engar reglur. Það hefur nokkuð verið fitjað upp á þeim hér á Alþ., en engar reglur settar enn um þetta annað en það, sem hér kemur fram í grg. þessa frv., sem er að mínum dómi næsta hæpið, þ. e. að sagt er frá því, að það sé búið að flokka frystihúsin í landinu í þrjá meginflokka, og gerð nokkur grein fyrir því. Einn flokkurinn er kallaður bezti flokkur. Það eru um 20 frystihús, sem hafa sýnt á einu tilteknu ári bezta rekstrarafkomu. Svo kemur þar annar flokkur, sem er nokkru stærstur, og er kallaður miðflokkur. Í þeim flokki eru 28 frystihús og þykja hafa svona meðalafkomu. Síðan er þriðji flokkurinn, og þar eru 20 frystihús, sem talin eru lökustu frystihúsin. Og í grg. frv. segir m.a. um þessar 25 millj. kr. og útdeilingu þeirra, með leyfi hæstv. forseta:

„Afkoma húsanna í miðið myndi þó vera nokkru betri en 1966, enda gert ráð fyrir, að þau njóti hlutfallslega nokkru meiri aðstoðar en önnur hús. Á hinn bóginn verður að gera ráð fyrir, að rekstur margra lökustu húsanna hætti."

Það er sem sagt boðað, að 25 millj. kr. af því fé, sem þetta frv. fjallar um, á ákveðin stofnun, Seðlabankinn, að útdeila með þeim hætti, að það eru tiltekin frystihús, 28 talsins, í svo nefndum miðflokki, sem eiga að fá þar sérstakan aukaskammt, t. d. umfram það, sem beztu frystihúsin í landinu — þau sem hafa verið bezt rekin — fá. Svo að ekki sé nú minnzt á það, sem

þau í lakasta flokknum fá, sem eiga beinlínis að leggja upp laupana, eftir því sem boðað er. Ég tel alveg fráleitt að ákveða það, að ákveðin stofnun, eins og Seðlabankinn, skuli eiga að fá það vald að deila út 25 millj. kr. svona nokkurn veginn frihendis, því að engar reglur hafa verið settar um það, hvernig ákveða megi, að þetta frystihús fái 1 millj. kr. aukreitis, hitt fái ½ millj. kr., það næsta ⅓ millj. kr. o. s. frv. Síðan er öðrum frystihúsum tilkynnt, að þau fái ekki neitt, því að þau séu svo vel rekin og öðrum tilkynnt, að þau fái ekki neitt, af því að þau eigi raunverulega að gefast upp að fullu og öllu. Þetta tel ég alveg fráleitt. Vissulega kemur til greina að ganga til þess verks, sem kallað hefur verið endurskipulagning frystiiðnaðarins, og reyna að vinna að því, að frystihúsin í landinu séu sem bezt rekin, húsin séu hvorki fleiri né færri en þörf er á, þau séu af þeirri stærð, sem bezt hentar o.s.frv. og þau séu vel rekin. En þegar þetta er orðið þannig, að tekið er eitt ár, miðað er við skattaframtöl frystihúsanna og húsunum skipað í afkomuflokka á þann hátt, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, og síðan á ákveðin stofnun, eins og Seðlabankinn að fá aðstöðu til þess að mismuna húsunum verulega í rekstri með fjárframlögum — ekki lánveitingum, heldur beinum fjárframlögum — þá tel ég vera farið út á hæpna braut. Ég fyrir mitt leyti vil ekki greiða atkv. með svona ákvæði alveg blindandi. Ég vil fá um það reglu fyrir fram, hvernig á að deila þessu fé út, og að það verði gert á þann hátt, að búast megi við því, að þessi iðnaður batni sem heild á eðlilegan hátt frá því sem áður var.

Ég dreg það ekki í efa fyrir mitt leyti, að það kunni að vera nokkur frystihús í landinu, sem að skaðlausu mættu hætta rekstri. Ég held hins vegar, að þau séu ekki mörg, og ég vil alls ekki skrifa undir það, að þau séu 20 eða þar yfir. Ég er hræddur um, að menn eigi eftir að reka sig á það við nánari athugun, að við komumst ekki hjá því að halda í gangi allmörgum frystihúsum í landinu á fámennum stöðum, á meðan þar búa einhverjir sjómenn eða einhverjir þeir, sem sækja sjó, og vilja stunda fiskimiðin umhverfis landið, jafnvel þó að rekstur þeirra frystihúsa geti ekki út af fyrir sig skilað jafngóðum árangri eins og þau hús gera, sem bezt standa að vígi með öflun hráefnis og rekstur almennt séð. Ég held því að það sé alveg tómt mál um að tala á þessu stigi málsins að gera ráð fyrir því að leggja ýmis af þessum frystihúsum niður, jafnvel þó að rekstur þeirra eigi nú í vök að verjast.

Ég hef ekki flutt neina brtt. varðandi síðari mgr. í þessari 2. gr. um þessar 25 millj. kr., sem á að deila út á þennan sérstaka hátt, en ég hef hér lýst minni afstöðu til málsins. Hún miðast fyrst og fremst við það, að ég tel, að hér vanti algjörlega reglur til þess að fara eftir, ef á að deila út upphæð eins og þessari, til þess að hafa einhver áhrif til endurskipulagningar á þessum iðnaði.

Þá hefur verið flutt hér brtt. af þremur framsóknarmönnum á þskj. 342 um það, að ríkissjóður leggi fram á árinu 1968 15 millj. kr., sem verði varið sérstaklega til þess að aðstoða fiskvinnslu á þeim stöðum á landinu, þar sem aðstaðan er erfiðust. Ég fyrir mitt leyti er samþykkur þessari till. Ég tel, að eins og aðstæður eru nú sé mikil þörf á fjárveitingu sem þessari, ef á að halda þeirri fiskvinnslu allri í gangi, sem að mínum dómi er í rauninni alveg óumflýjanlegt að halda í gangi á ýmsum litlum stöðum úti á landi. Ég teldi því mjög æskilegt, að samþ. yrði till., sem gengi í þá átt, sem till. á þskj. 372 er. Ég mundi fyrir mitt leyti greiða þeirri till. atkv.

Að öðru leyti er ég samþykkur þeim meginatriðum í þessu frv., sem hér liggja fyrir. Ég tel, að þær fjárgreiðslur, sem hér er um að ræða til fiskiðnaðarins í landinu, muni í stórum dráttum vera óhjákvæmilegar eins og komið er — það verði ekki undan þeim vikizt. Og ég held, að skiptingin á því fé, sem um er að ræða samkvæmt þessu frv., verði einnig að fara fram í aðalatriðum eins og gert er ráð fyrir í frv., þó að ég geri þær aths., sem ég hef hér gert um nokkur minni atriði málsins.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 347, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar ég talaði hér áðan, hafði hv. 4. þm. Austf. ekki mælt fyrir till. sinni um breytingu á 1. gr. frv., og þess vegna vildi ég ekki þá gera hana að umræðuefni. En erindi mitt hér upp í ræðustólinn að þessu sinni er eingöngu það að lýsa yfir fylgi mínu við þessa till. og mæla með henni fyrir mitt leyti. Mér finnst það satt að segja furðulegt ákvæði, sem er í 1. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að greiða helmingi minna á hvert kg af þeim línufiski, sem veiðist á tímabilinu 16. maí til 30. september, heldur en á hvert kg af þeim fiski, sem veiðist á öðrum tímum ársins. Það fiskmagn, sem hér er um að ræða, er áreiðanlega ekki nema lítill hluti af öllum þeim línufiski, sem veiðist, og þess vegna munar ekki ákaflega miklu fyrir ríkissjóð, þó að greitt sé út á hann einnig. En fyrir þessari mismunun sé ég engin rök. Ég verð einnig að segja það, að mér þykir það einkennilegt, að ekki skuli vera greiddar verðuppbætur á handfærafisk á sama hátt og gert er ráð fyrir, að greitt sé út á línufisk. Ég held, að það sé engin ástæða til þess, að hið opinbera sé að draga úr því, að menn stundi þessar veiðar, sem á margan hátt eru hagkvæmar og veita mörgum atvinnu, þó að þær kannske gefi ekki ákaflega mikið í þjóðarbúið í heild miðað við aðrar veiðar. Ég ætla, að till. sama efnis og till., sem hv. 4. þm. Austf. flytur, hafi verið flutt í hv. Ed. og ekki náð samþykki þar, en ég vildi mega vona, að þetta færi á annan veg nú, og menn gætu fallizt á það, að hér er um eðlilega og sanngjarna breytingu að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 347, 1 felld með 23:13 atkv.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 347, 2 felld með 22:11 atkv.

Brtt. 342 felld með 21:12 atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 352).

---

21. Hækkun á bótum almannatrygginga.

Á 45. fundi í Ed., 23. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginga [100. mál] (stjfrv., A. 227).

Á 47. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar fjárlög voru afgreidd á s.l. hausti, beitti ríkisstj. sér fyrir því, að framlag ríkissjóðs til lífeyristrygginga var hækkað um 31½ millj. kr. frá því, sem það var áætlað í fjárlagafrv. næsta ár á undan, og nam fjárhæð þessi um 10% af hluta ríkissjóðs til annarra útgjalda tryggingganna en fjölskyldubóta. Hefur verið gert ráð fyrir því, að hlutur annarra framlagsaðila hækki um sama hundraðshluta, svo að unnt verði að bæta hlutaðeigandi bótaþegum verðhækkanir, sem gengislækkun íslenzkrar krónu hefur í för með sér, en lagaákvæði um sjálfkrafa breytingar á verðlagsuppbót á bætur hafa nú verið afnumin. Með þessu frv., sem hér er til umr., er lagt til, að bætur lífeyristrygginga — allar bætur aðrar en fjölskyldubætur verði ásamt bótum slysatrygginga og sjúkradagpeningum hækkaðar í samræmi við framangreinda hækkun framlaga til lífeyristrygginga. Í 10% hækkuninni er innifalin sú 3,39% hækkun, sem átti sér stað 1. des. s.l. vegna aukinnar verðlagsuppbótar.

Herra forseti. Ég tel, að frekari skýringar þurfi ekki á þessu frv., og geri það að till. minni, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 227, n. 276).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er verið að staðfesta fyrirheit, sem ríkisstj. gaf við afgreiðslu fjárlaga fyrir jólin, á þá leið að hækka bætur almannatrygginga — aðrar en fjölskyldubætur — um 10% miðað við bótafjárhæðir í nóvembermánuði s.l.

Við afgreiðslu fjárlaganna var þar af leiðandi hækkuð fjárveiting til tryggingamála um 31,5 milljónir af þessum sökum, og skyldi þessi hækkun um 10%, eins og hér í þessu frv. greinir, miðast við það, að hækkunin taki gildi frá 1. jan. 1968. Þær bætur, sem falla undir þetta, eru ellilífeyrir, örorkulífeyrir, barnalífeyrir, mæðralaun, fæðingarstyrkur, ekkjubætur, ekkjulífeyrir og slysabætur. Þetta fyrirheit um þessa hækkun frá 1. jan s.l. er þegar komið til framkvæmda og farið að greiða bætur út samkvæmt því, þótt lögin hafi ekki hlotið afgreiðslu hér.

Í þessu frv. er enn fremur fólgin breyting í 3. mgr. 1. gr. frv., þar sem segir, að bótafjárhæðir almannatrygginga, eins og þær verða eftir gildistöku laga þessara, skulu frá 1. jan. 1968 teljast grunnupphæðir, sbr. lög nr. 70 frá 1967 um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar. Að vísu er það svo, að bætur almannatrygginga eru nú ekki — lögum skv. — bundnar við vísitölu, en þetta ákvæði mun sett til þess að vera við því búinn, ef sá háttur yrði tekinn upp í náinni framtíð, — þá væru grunnupphæðirnar tilbúnar og rétt þótti að binda þær við ákveðin mörk, ef vísitöluuppbætur yrðu síðar ákveðnar.

Þessu máli var vísað til heilbr.- og félmn. d., og n. hefur lagt til einróma, að þetta frv. verði samþ., eins og fram kemur í nál. á þskj. 276.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég stend hér ekki upp til þess að mótmæla þeirri ákvörðun, sem hv. frsm. heilbr.- og félmn. var að lýsa, eða þeim meðmælum, sem hann var að gefa því frv., sem hér er til umræðu. Það er alveg öðru nær. Ég er fyllilega sammála því, að bætur almannatrygginga — aðrar en fjölskyldubætur — verði hækkaðar um 10% frá 1. jan. s.l. Raunar hefur þetta mál hlotið samþykki Alþ. að nokkru leyti, þar sem við fjárlagaafgreiðslu var gert ráð fyrir þessum greiðslum, eins og hv. frsm. sagði, og ég er síður en svo á móti því, að það sé undirbúin ráðstöfun til þess að greiða verðlagsuppbætur á bætur almannatrygginga. Það er vitanlega réttlætismál, sem hlýtur að ná fram að ganga jafnhliða því, að verðlagsuppbætur verði greiddar á laun á ný og horfið frá þeirri stefnu, sem tekin var upp hér í nóvembermánuði s.l.

En það var ekki út af þessu, sem ég kvaddi mér hljóðs, heldur langar mig til þess að nota þetta tækifæri, þegar verið er að fjalla um breytingu á almannatryggingalögunum, til þess að beina einni fsp. til hæstv. félmrh. Þarnig er málið vaxið, að hinn 1. febr. s.l. var samþ. í borgarstjórn Reykjavíkur svo hljóðandi till.:

„Borgarstjórn beinir þeim eindregnu tilmælum til Alþ. og ríkisstj., að þessir aðilar vinni að því, að lögfest verði ákvæði um greiðslu hins opinbera á sjúkrahúskostnaði erlendis hjá þeim aðilum, sem sannanlega geta ekki fengið fullnægjandi læknishjálp hér á landi."

Vitnar borgarstjórn í þessu sambandi til samþykktar borgarráðs 28. okt. 1966, till. Tryggingaráðs frá 8. nóv. 1967 og ályktunar Félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar 21. jan. s.l.

Þegar þessi tillaga var til umræðu í borgarstjórn Reykjavíkur 1. þ. m., flutti flm. hennar,

Kristín Gústafsdóttir, félagsmálaráðgjafi, allýtarlega ræðu, þar sem hún lýsti því, hvernig ástatt er í málum þeirra sjúklinga, sem þurfa að fá læknishjálp erlendis eða sem sagt geta ekki fengið læknishjálp hér á landi. Með leyfi forseta langar mig til að vitna til örfárra setninga úr þeirri ræðu, eins og þær eru birtar í Morgunblaðinu 2. þ. m., en þar segir:

„Komið hefur í ljós, að í hinu íslenzka tryggingakerfi eru þeir ágallar, að sjúkratrygging nær ekki til þeirra, sem þurfa að leita læknishjálpar erlendis. Hefur þetta valdið því, að einstök sjúkdómstilfelli hafa haft í för með sér mikil útgjöld umfram það, sem sjúkratryggingar bæta, og hafa jafnvel valdið alvarlegri röskun á afkomu sjúklings og aðstandenda hans."

Að sjálfsögðu er hér átt við aðgerðir, sem ekki er hægt að gera hér á landi og krefjast sérstakrar og mjög fullkominnar sjúkrahúsaðstöðu og sérhæfingar. Eftir því sem læknavísindin ná lengra, verða meiri möguleikar á að hjálpa sjúklingum, sem áður var vonlaust um, en mikið af þessum framförum byggist á sérhæfingu, sem þarf miklu stærra svið en völ er á hér á landi. Þar af leiðandi er líklegt, að það muni jafnvel færast í vöxt, að íslenzkir sjúklingar þurfi að leita sér aðstoðar erlendis.

Þessi tillaga hafði áður verið til meðferðar í Félagsmálaráði Reykjavíkurborgar og hlotið þar einróma samþykki, og svo fór eins á þessum fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 1. þ. m., þar sem þessi till. var samþ. með öllum atkv. viðstaddra borgarfulltrúa. Nú tel ég víst, að borgarstjóri hafi komið þessari ályktun borgarstjórnar Reykjavíkur á framfæri við Alþ., hæstv. ríkisstj. og hæstv. félmrh., sem þessi mál heyra undir, og mig langar til þess að fá hjá honum upplýsingar um það, ef hægt er, á hvaða stigi þetta mál er nú, því að þurfi lagabreyting að koma til, sýnist mér, að þetta sé gullið tækifæri til þess að koma þessu sanngirnismáli á, þar sem hér er verið að fjalla um breytingu á almannatryggingalögunum hvort sem er. Ég vonast til þess, að hæstv. ráðh. geti upplýst mig um þetta.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í tilefni af þessari fsp. hv. 11. þm. Reykjavíkur tel ég rétt að upplýsa það, að í fyrsta lagi, eins og hann reyndar gat um, hefur Tryggingaráð að undanförnu veitt umtalsverða aðstoð við þá sjúklinga, sem þannig stendur á um, að þurfi að leita læknisaðstoðar erlendis að mati hæfustu lækna hér heima, en um þetta hafa þó ekki verið fastar opinberar reglur. Þess vegna var eftir því óskað á s.l. sumri, að Tryggingaráð fjallaði um þetta mál og gerði ákveðnar till., með hvaða hætti þessum málum yrði haganlegast, öruggast og bezt fyrir komið með hliðsjón af því brýna verkefni, sem þarna var og er fyrir hendi. Tryggingaráð gerði síðan um mánaðamótin — eða ég hygg, að það hafi verið rétt fyrir mánaðamótin nóv.—des. s.l. — till. til reglugerðarbreytinga varðandi samskipti Tryggingastofnunarinnar og sjúkrasamlaganna um þetta efni, þar sem gert var ráð fyrir, að verulegur hluti þessa kostnaðar legðist á viðkomandi sjúkrasamlög og Tryggingastofnunina. Endanlegum umræðum í ríkisstj. um þessar till. var ekki lokið, þegar umrædd till., sem þm. minntist á, barst frá borgarstjórn Reykjavíkur. Eru þessar till. því báðar enn þá til meðferðar hjá ríkisstj., og geri ég ráð fyrir, að strax og ríkisstj. er fullskipuð á ný — en eins og hv. þm. er kunnugt, verða hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. fjarverandi nokkra daga — verði málið afgreitt fljótlega. Ríkisstj. hefur fullan hug á því að afgreiða þetta mál á sem hagkvæmastan hátt fyrir þá aðila, sem þarna eiga hlut að máli, og ég vænti þess, að það dragist aðeins nokkra daga, að endanleg afgreiðsla málsins eigi sér stað.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að halda uppi frekari umr. um þetta mál hér. Ég vil aðeins þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann gaf við fsp. minni. Ég vænti þess, að þetta mál verði ekki lengur látið dragast, og m. a. af þeim ástæðum vona ég, að hæstv. ríkisstj. megi sem fyrst verða fullskipuð á ný, svo að hún geti ráðið fram úr þessum vanda eins og öðrum, sem á hennar herðum hvílir nú.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 63. fundi í Nd., 19. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar fjárl. voru til umr. á s. l. hausti, lýsti ríkisstj. því yfir, að hún mundi beita sér fyrir nauðsynlegri hækkun á fjárlögum til þess að mæta 10% hækkun á tryggingabótum öðrum en fjölskyldubótum. Til efnda á þessum yfirlýsingum er þetta frv. nú flutt og hefur hlotið einróma samþykki hv. Ed. Alþ., og ég leyfi mér að vænta þess, að það fái sams konar afgreiðslu í þessari hv. d. Frv. er mjög einfalt og þarfnast ekki skýringa, en þar er lagt til, eins og ég sagði áðan, að allar aðrar bætur Tryggingastofnunarinnar en fjölskyldubætur verði, ásamt bótum slysatrygginga og sjúkradagpeningum, hækkaðar í samræmi við framangreinda umrædda hækkun framlaga til lífeyristrygginga. Í 10% hækkuninni er innifalin sú 3,39% hækkun, sem átti sér stað 1. des. s.l. vegna aukinnar verðlagsuppbótar.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 227, n. 338).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir. Efni frv. er það, að gert er ráð fyrir, að allar bætur almannatrygginga aðrar en fjölskyldubætur hækki um 10% frá því, sem þær voru í nóv. 1967, en innifalið í þessari 10% hækkun er sú hækkun, sem varð á bótum almannatrygginga 1. des. og nam 3,39 %. Þá gerir frv. einnig ráð fyrir, að bótafjárhæðir almannatrygginga, eins og þær verða eftir gildistöku þessara laga, teljist grunnupphæðir frá og með 1. jan. s.l. Hækkun sú, sem frv. gerir ráð fyrir, mun vera komin til framkvæmda, enda efnislega samþ. á Alþ. með þeirri hækkun, sem tekin var inn á fjárl. þessa árs við afgreiðslu þeirra í des. s.l.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi, hefur heilbr.- og félmn. haft þetta mál til athugunar, en það er okkur sent frá hv. Ed., og leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 365).

---

22. Siglingalög.

Á 7. fundi í Ed., 24. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963 [27. mál] (stjfrv., A. 27).

Á 9. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta um breytingu á gildandi siglingalögum, sem hér er til umr., var flutt á síðasta hv. Alþ., en náði þá eigi fullnaðarafgreiðslu. En eins og í aths. við frv. segir, er það flutt í tilefni af því, að ríkisstj. telur nauðsynlegt vegna íslenzkra hagsmuna, að Ísland gerist aðili að alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. okt. 1957. En jafnframt þessu mun verða á ný borið fram annað frv. um heimild handa ríkisstj. til að staðfesta framangreinda alþjóðasamþykkt fyrir Íslands hönd, en breyting á núgildandi ákvæðum siglingalaganna um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna er skilyrði fyrir því, að Ísland geti gerzt aðili að henni.

Siglingalögin nr. 56 frá 30. nóvember 1914, sem giltu til ársins 1963, voru nánast þýðing á dönskum siglingalögum frá árinu 1892. Um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna voru lögin í samræmi við siglingalög Norðurlandaríkjanna, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, er sett voru þar á tímabilinu frá 1891—1893, og aðalreglan var sú, að á tilteknum kröfum, sem urðu til vegna útgerðar skipa, báru útgerðarmenn aðeins ábyrgð með skipi og farmgjaldi, en ekki öðrum eignum. Hinn 25. ágúst 1924 var í Brüssel sett alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, og var þar ákveðið, að hinar takmörkuðu sjókröfur skyldu útgerðarmenn ábyrgjast með verði skips að viðbættum 10%, sem kæmu í stað farmgjalds. Ábyrgðin skyldi þó ekki fara fram úr 8 sterlingspundum fyrir hverja rúmlest skips, þegar eingöngu væri um eignatjón að ræða, og ekki fram úr 16 sterlingspundum fyrir rúmlest, þegar jafnframt eða eingöngu kæmu til bætur fyrir lífs- eða líkamstjón. Ný alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna var gerð í Brüssel 10. okt. 1957. Þar er í tveimur mikilsverðum atriðum vikið frá reglum alþjóðasamþykktarinnar frá 1924, eins og ég áður minntist á.

Þessi atriði eru: 1) að kröfum þeim, sem útgerðarmenn bera takmarkaða ábyrgð á, er fækkað að miklum mun, sbr. þá umsögn, sem hér er látin fylgja um 3. gr. frv., og 2) að felld er algerlega niður reglan um, að útgerðarmenn ábyrgist sjókröfurnar takmarkað við verð skips að viðbættum 10%. Í stað þess er haldið reglunni um ábyrgð með tiltekinni fjárhæð fyrir hverja rúmlest, en þó þannig breyttri, að í stað 8 og 16 sterlingspunda komi nú 1 þús. frankar fyrir rúmlest, þegar eingöngu er um eignatjón að ræða, en til viðbótar 2100 frankar fyrir rúmlest, eða alls 3100 frankar, þegar jafnframt eða eingöngu er um að tefla bætur fyrir lífs- eða líkamstjón.

Við gerð umræddrar Brüssel-samþykktar 1957 varð niðurstaðan sú, að sett var í samþykktina ákvæði um, að skip undir 300 rúmlestum skuli við ákvörðun ábyrgðar sæta sömu kjörum og 300 rúmlesta skip. Með viðbótarákvæði í fundargerð var aftur á móti ákveðið, að þátttökuríkin geti undanþegið sig þessu ákvæði. Er þeim þá frjálst að haga þessu í löggjöf sinni með öðrum hætti. Hafa mörg þátttökuríkjanna, þ. á m. fyrrgreind Norðurlandaríki, notað sér umrædda undanþáguheimild.

Þegar Norðurlandaríkin breyttu siglingalögum sínum á árinu 1964 til samræmis við hina margræddu Brüssel-samþykkt, var lágmark ábyrgðarfjárhæðar vegna eignatjóns eingöngu ákveðið 150 þús. frankar, sem svarar til 435 þús. ísl. kr., og er þá miðað við, að skip undir 150 rúmlestum hliti sömu reglum og væru þau 150 rúmlestir. En þegar bæta skal lífs- eða líkamstjón, fylgja norrænu lögin Brüssel-samþykktinni, að því er tekur til aukningar ábyrgðarfjárins, og er þá miðað við 300 rúmlestir, enda þótt um minni skip sé að ræða.

Þegar athugað er, að skaðabótakröfur vegna tjóns af völdum íslenzkra skipa, sem um kann að verða dæmt erlendis, geta numið stórfelldum fjárhæðum, væri mjög viðurhlutamikið fyrir Ísland að standa utan umræddra alþjóðasamtaka. Ekki verður annað séð en ábyrgðarreglur samþykktarinnar séu efnislega sanngjarnar og hagkvæmar. Innganga í samtökin mundi skipa Íslandi í flokk með þeim löndum, sem mestar samgöngur eru við á sjó héðan, þ. á m. Norðurlandaríkjunum og Englandi. Einnig er á það að líta, að á yfirstandandi öld hefur verið stefnt að samræmingu norrænnar löggjafar, þar sem því hefur verið við komið, og væri þá spor aftur á bak, ef Ísland viki í siglingalöggjöf sinni í mikilsverðum atriðum frá reglum, sem gilda annars staðar á Norðurlöndum.

Ég tel ekki þörf á því, herra forseti, að ég nefni einstakar greinar frv. Með því eru það skýrar aths., að óþarft er þar um að bæta. Ég legg til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 118).

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Ég get verið ákaflega stuttorður um frv. það, sem hér liggur fyrir. Við höfum í rauninni tekið hlutina í dálítið vafasamri röð, því að fyrsta mál á dagskrá er afleiðing af þriðja máli á dagskránni, þ. e. alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna. Það hefur orðið að ráði, að Ísland aðhylltist þessa alþjóðasamþykkt, og í því tilefni þarf að gera nokkrar breytingar á siglingalögunum, og það eru þær, sem hér eru lagðar fyrir. Þetta mál hefur verið rætt í n., og allir nm. hafa orðið sammála um að leggja til, að frv. verði afgr. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 41. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frumvarp þetta er komið frá hv. Ed. og hlaut þar einróma samþykki. Dagskrárliður nr. 3 á dagskránni í dag er einnig um sama málið, þ. e. um staðfestingu á alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, en nauðsynlegt er að gera í því tilefni breytingar á siglingalögunum.

Siglingalögin, sem eru nr. 56 frá 30. nóv. 1914 og giltu til ársins 1963, eru þýðing á dönskum siglingalögum frá 1892 um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, og voru lögin í samræmi við siglingalög Norðurlandaríkjanna, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, er sett höfðu verið á árunum 1891—1893. Aðalreglan var sú, að á tilteknum kröfum, sem urðu til vegna útgerðar skipa, báru útgerðarmenn aðeins ábyrgð með skipi og farmgjaldi, en ekki öðrum eignum. Hinn 25. ágúst 1924 var í Brüssel sett alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, og var þar ákveðið, að hinar takmörkuðu sjókröfur skyldu útgerðarmenn ábyrgjast með verði skips að viðbættum 10%, sem kæmi í stað farmgjalds. Ábyrgð skyldi þó ekki fara fram úr 8 sterlingspundum fyrir hverja rúmlest skips, þegar eingöngu væri um eignatjón að ræða, og ekki fram úr 16 sterlingspundum fyrir rúmlest, þegar jafnframt eða eingöngu kæmu til bætur fyrir lífs- eða líkamstjón.

Enn ný alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna var svo gerð í Brüssel 10. okt. 1957. Þar er í tveimur mikilsverðum atriðum vikið frá reglum alþjóðasamþykktarinnar 1924: 1) að kröfum þeim, sem útgerðarmenn bera takmarkaða ábyrgð á, er fækkað að miklum mun, sbr. umsögn um 3. gr. í frv. hér, og 2) að felld er algerlega niður reglan um, að útgerðarmenn ábyrgist sjókröfur takmarkað við verð skips að viðbættum 10%. Í stað þess er haldið reglunni um ábyrgð með tiltekinni fjárhæð fyrir hverja rúmlest skips, en þó þannig breyttri, að í stað 8 og 16 sterlingspunda komi 1000 frankar fyrir rúmlest, þegar eingöngu er um að ræða eignatjón, en til viðbótar 2100 frankar fyrir rúmlest, þegar jafnframt eða eingöngu er um að ræða bætur fyrir lífs- eða líkamstjón.

Herra forseti. Ég tel óþarft — á þessu stigi málsins a. m. k. — að fara frekari orðum um efni þessa frv., enda fylgir því mjög glögg og greinargóð grg. ásamt aths. við einstakar gr. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 355, 356).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og ég gat um í sambandi við það frv., sem var til umr. fyrr á fundinum, þarf að gera breytingar á íslenzkum siglingalögum til þess að ákvæði alþjóðasamþykktarinnar, sem kennd er við Brüssel um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, öðlist lagagildi hér á landi. Það frv., sem hér liggur fyrir, miðar að þessu. Ég gat þess áðan í sambandi við hitt málið, að samkv. alþjóðasamþykktinni yrði tekin upp regla um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns, sem miðast annars

vegar við rúmlestatal, en hins vegar við sérstaka mynteiningu. Ég skal nú aðeins reyna að gera grein fyrir, í hverju þetta er fólgið, en ákvæðið um lestatalið og hvernig það skuli reiknað er að finna í 4. gr. frv. síðustu mgr., en þar stendur svo með leyfi hæstv. forseta:

„Með lestatali vélknúinna skipa er átt við nettó rúmlestatal að viðbættu því vélarúmi, sem við ákvörðun á nettó rúmlestatali er dregið frá brúttó rúmlestatali. Um önnur skip er með lestatali átt við nettó rúmlestatal."

Til frekari skýringar á þessu skal ég leyfa mér með örfáum orðum að rifja upp umsögn um þetta atriði, sem sjútvn. fékk á sínum tíma á s.l. ári frá skipaskoðunarstjóra, en hann segir svo m. a. í bréfi til n.:

„Það atriði, sem sjútvn. Nd. óskar að fá nánari skilgreiningu á, er fram tekið í hjálögðu fskj. Ísland er aðili að alþjóðasamþykkt, svonefndri Oslóarsamþykkt, um mælingu skipa. Það lestatal, sem miðað er við í þessum breytta hluta siglingalaganna, er ekki brúttó rúmlest sem stærð skipa langoftast er miðuð við hér á landi, og ekki heldur nettó rúmlest, sem reiknuð er út fyrir hvert skráð vélskip og getið er um í alþjóðamælibréfi þess. Þessu verður þó ekki hægt að breyta hér, þar eð um er að ræða alþjóðaákvæði, sem hér eru tekin upp. Meginatriðið er að tryggja, að notkun orðsins rúmlest í þessu sambandi eða orðið lestatal geti ekki misskilizt sem brúttó rúmlest, og virðist mér það vera nokkuð augljóst af lokamgr. 4. gr. frv."

Til þess að skýra þetta betur hefur skipaskoðunarstjóri að beiðni minni sett upp dæmi um það, hvernig þetta rúmlestatal — í skilningi frv. — er fundið. Og þá gefur hann eftirfarandi skýringu á útreikningum um ákvörðun á nettó rúmlestatali vélskipa:

„Þegar brúttó rúmlestatal skips hefur verið ákveðið, er nettó rúmlestatal þess fundið með því að draga eftirtalið frá brúttó rúmlestatali þess:

a. Frádráttarhæf rými, svo sem íbúðir áhafnar, matsal, setustofur, baðherbergi, salerni, sjúkraklefa, kortaklefa, loftskeytaklefa, ganga að þessum rýmum o.fl.

b. Frádrátt vegna hreyfiafls skipsins: 1) Sé rýmið fyrir hreyfiafl milli 13 og 20% af brúttó rúmlestatali skipsins, skal frádráttur vegna þess vera 32% af brúttó rúmlestatali. 2) Sé rýmið minna en 13% af brúttó rúmlestatali skipsins, skal frádráttur vera 32%, en minnka hlutfallslega við það. 3) Sé rýmið meira en 20% af brúttó rúmlestatali skipsins, skal frádrátturinn vera rúmlestatal vélarúms að viðbættum 75%.

Í 4. gr. frv. síðustu mgr. er átt við það rúmlestatal, sem út kemur, þegar búið er að draga þau rými, sem talin eru undir a-lið hér að framan frá brúttó rúmlestatali skipsins."

Síðan tekur skipaskoðunarstjóri dæmi um þetta. Mæling vélskipsins Brúarfoss samkv. alþjóðamælibréfi er þannig: Rúmlestatal brúttó er 2336,50 lestir, frádráttur samkv. a-lið 478,96 og frádráttur samkv. b-lið 747,68 eða frádráttur samtals 1226,64, en það merkir að nettó rúmlestatal Brúarfoss er 1109,86 rúmlestir. En í skilningi frv. yrði rúmlestatalið þannig: Rúmlestatal brúttó 2336,50 rúmlestir, frádráttur samkv. a-lið 478,96 rúmlestir og rúmlestatal í skilningi frv. 1857,54 rúmlestir. Í þessum útreikningum er miðað við það, að ein rúmlest sé 100 ensk teningsfet eða 2,83 rúmmetrar. Þannig hygg ég, að það þurfi ekki í neinu tilfelli að leika vafi á um stærð skips, þegar reikna skal hámark ábyrgðar, en eins og ég gat um áðan, getur oft — samkv. núgildandi reglu — verið erfitt að reikna út rétt verð skips og farms að viðbættum 10%.

Þá er á hinn bóginn rétt að skýra lítillega frá því, hvað átt er við með þeirri mynteiningu, sem notuð er við útreikninga í þessu sambandi, en það er franki, sem kallaður er Poincaré-franc. Hann tilheyrir ekki myntkerfi neinnar þjóðar, og má t.d. ekki rugla honum saman við franskan eða belgískan franka. Hér er átt við mynteiningu, sem á að innihalda 65,5 mg af gulli með 900/1000 skírleika. Eru 1000 slíkir frankar — miðað við núgildandi gengi á ísl. krónunni — 3780 kr. eða 3,78 kr. í hverjum slíkum franka. Þetta er sem sé sú eining, sem þarna ber að miða við.

Ég skal þá aðeins ræða um tvö eða e.t.v. öllu frekar þrjú atriði, sem sjútvn. staldraði sérstaklega við í athugun sinni á þessu frv. Það er þá í fyrsta lagi takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna gagnvart eigin starfsmönnum. Eins og frv. liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að ábyrgð útgerðarmanna gagnvart eigin starfsmönnum verði einnig takmörkuð. En eins og hv. þdm. munu sjá, ef þeir lesa grg. frv., er farið öðruvísi að í þessu efni á Norðurlöndum. Norðurlöndin hafa ekki tekið upp takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna gagnvart eigin starfsmönnum. Hún gildir aftur á móti gagnvart öðrum mönnum, sem útgerðarmaður kann að þurfa að standa í ábyrgð gagnvart.

Að athuguðu máli og eftir að hafa rætt þetta mál ýtarlega við dr. Þórð Eyjólfsson fannst sjútvn. d. rétt að leggja til, að í þessu efni yrði hér farið sömu leið eins og annars staðar á Norðurlöndum, þannig að ábyrgð útgerðarmanna gagnvart eigin starfsmönnum yrði ekki takmörkuð. Fyrri brtt., sem n. flytur á þskj. 356, lýtur einmitt að þessu atriði, þar sem lagt er til, að 3. gr. frv. breytist í samræmi við þetta.

Síðari brtt., sem n. flytur, er einnig við 3. gr., en í gr. stendur nú í frv.:

„Takmörkun á ábyrgð útgerðarmanns nær ekki til vaxta eða málskostnaðar."

Þetta upplýsti dr. Þórður, að væri tekið upp í frv. eftir Norðurlandalögunum, en hann og n. urðu sammála um, að þetta ákvæði væri alveg óþarft, og því leggjum við til, að þetta ákvæði falli niður. Um það er b-liður till. okkar.

Aðrar brtt. flytur n. ekki við frv., en ég vil geta þess, að við ræddum mjög ýtarlega í n. um, hvernig haga skyldi ákvörðunum um hámarksábyrgð útgerðarmanna, þegar um smáskip væri að ræða. Um þetta atriði segir svo í grg. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Við gerð Brüsselsamþykktarinnar 1957 þótti nauðsyn bera til, að ákveðið yrði tiltekið lágmark ábyrgðarfjárhæðar, þegar um smáskip

væri að tefla. Varð þá annars vegar að taka tillit til, að útgerðarmönnum slíkra skipa yrði ekki íþyngt um of um vátryggingarkostnað, og hins vegar að líta til þess, að þeir, sem fyrir tjóni yrðu af völdum skipanna, ættu aðgang að hæfilegum bótum. Niðurstaðan varð sú, að sett var í samþykktina ákvæði um, að skip undir 300 rúmlestum skuli við ákvörðun ábyrgðar sæta sömu kjörum og 300 rúmlesta skip. Með viðbótarákvæði í fundargerð var aftur á móti ákveðið, að þátttökuríkin geti undanþegið sig þessu ákvæði, og er þeim þá frjálst að haga þessu í löggjöf sinni með öðrum hætti. Hafa mörg þátttökuríki, þ. á m. fyrrgreind Norðurlandaríki, notað sér undanþáguheimildina. Þegar Norðurlandaríkin breyttu siglingalögum sínum árið 1964 til samræmis við Brüsselsamþykktina, var lágmark ábyrgðarfjárhæðar vegna eignatjóns eingöngu ákveðið 150 þús. frankar (sem svarar til 435 þús. ísl. kr.), og er þá miðað við, að skip undir 150 rúmlestum sæti sömu reglum og væru þau 150 rúmlestir." Þetta er ritað fyrir gengisbreytingu. Eftir núverandi gengi svarar það líklega til 600 þús. ísl. kr.

Í þessu efni var það niðurstaða nefndarinnar að vandlega athugðu máli að fara sömu leið, eins og þarna er rakið, að Norðurlöndin hafi farið — sem sé, að sé eingöngu um eignatjón að ræða, reiknist skip, sem eru undir 150 rúmlestum, á sama hátt og 150 rúmlesta skip.

Nefndinni er ljóst, að þetta getur í einstökum tilfellum komið þannig út, að skip sé annaðhvort of hátt eða of lágt í tryggingu, en í þeim tilfellum, þar sem um skaðabótaskyldu getur verið að ræða, þurfa oftast nær eingöngu að koma til viðskipti milli tryggingafélaga, og með hliðsjón af því fannst okkur ekki ástæða til að setja um þetta önnur eða flóknari ákvæði en þau, sem þarna eru í frv.

Nefndinni er að vísu ljóst, að það er hugsanlegt, að skip, sem t. d. þarf ekki að bera nema 3 millj. kr. hámarksábyrgð, valdi tjóni upp á 4 millj. kr. Ef það tjón er á öðru skipi, borgar trygging skipsins, sem tjóninu veldur, allt að 3 millj. kr., en 1 millj. kr. verður þá að koma frá tryggingu hins skipsins. Sömuleiðis er t. d. hugsanlegt, að hámarksábyrgð útgerðarmanns nægi ekki til þess að greiða að fullu tjón á hafnarmannvirkjum. Af því leiðir, eins og sjútvn. bendir á í nál. sínu, að það getur reynzt nauðsynlegt að hafa hafnarmannvirki í tryggingu, enda er það mín skoðun, að slíkt sé sjálfsagður hlutur líka af öðrum ástæðum. Finnst mér sérstök ástæða til að benda á þetta vegna þess, að í mjög mörgum tilfellum munu hafnarmannvirki alls ekki vera tryggð, og alltaf mun reiknað með því, að valdi skip tjóni á hafnarmannvirkjum, borgi trygging viðkomandi skips það tjón að fullu.

Það er þess vegna sérstök ástæða til að vekja athygli á því, að nái þessi lagabreyting fram að ganga, getur reynzt nauðsynlegt að taka upp tryggingar á hafnarmannvirkjum, sem nú eru ekki í tryggingu. Þær tryggingar ættu alls ekki að þurfa að vera mjög dýrar eða óhagstæðar. Á hinn bóginn mun þessi lækkun á takmörkun hámarksábyrgðar útgerðarmanna eða skipaeigenda geta leitt til lækkunar á ábyrgðartryggingum, sem eiga að ná yfir þessa áhættu.

Það varð sem sé niðurstaða n. að vandlega athuguðu máli, að ekki væri ástæða til þess að flytja brtt. varðandi þetta atriði um minni skipin. Eins og frv. liggur fyrir, er í því efni farið nákvæmlega eins að og gert er annars staðar á Norðurlöndum. Það hefur einnig verið þannig, eins og hv. þm. eflaust vita, að ísl. siglingalögin hafa frá byrjun í flestum eða öllum meginatriðum verið sniðin eftir siglingalögum annarra Norðurlandaþjóða. Það er að sjálfsögðu mikilvægt atriði, þegar íslenzkir skipaeigendur eða skipafélög geta lent í því að eiga í einhverjum skiptum vegna skaðabótakrafna við erlend félög, að hér séu í gildi sams konar reglur — eða a.m.k. ekki óhagstæðari en hjá þeim þjóðum, sem við eigum skipti við í þessu tilliti.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að fjölyrða mikið meira um frv., nema sérstakt tilefni gefist til. Ég hef aðallega haldið mig við að ræða þau atriði, sem sjútvn. fjallaði sérstaklega um og gerir brtt. við. Önnur atriði en þau, sem ég hef nefnt, hygg ég, að n. hafi ekki talið ástæðu til að kryfja frekar til mergjar.

Ég legg það svo til, herra forseti, fyrir hönd sjútvn. d., að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem n. flytur á þskj. 356, en bæði þetta frv. til l. um breytingar á siglingalögum og frv. til l. um alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem afgreitt var hér áðan, þurfa að lokinni meðferð í þessari hv. d. að fara enn á ný til Ed., þar sem bæði frv. höfðu áður hlotið afgreiðslu þar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 356, a—b samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
4.—13. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 76. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 369).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 71. fundi í Ed., 18. marz, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 72. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 392).

23. Alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna.

Á 13. fundi í Ed., 7. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. okt. 1957 [45. mál] (stjfrv., A. 47).

Á 14. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um heimild fyrir rikisstj. til að staðfesta alþjóðasamning um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna og gerast aðili að þessari samþykkt.

Þessi samþykkt er frá 10. okt. 1957, en Ísland hefur ekki enn gerzt aðili að henni.

Þetta frv. var flutt hér á Alþingi á síðasta þingi og náði þá ekki fram að ganga — var ekki útrætt, m. a. s. ekki í annarri deildinni. Það var flutt í Nd. og er þess vegna endurflutt hér óbreytt frá því, sem það var, þegar það var borið fram síðast.

Ábyrgð útgerðarmanna á tjónum, sem skip útgerðarmannsins kunna að valda, hefur verið með nokkuð gamaldags hætti hér hjá okkur. Það var á sínum tíma sett inn í siglingalögin, sem sett voru 1914 og giltu til ársins 1963, en ákvæði þeirra laga um þetta mál voru þau, að útgerðarmaður var ábyrgur fyrir tjóni, sem skip hans olli, með andvirði skipsins og farmgjaldi, sem tekið hafði verið fyrir þann farm, sem í skipinu var.

Það hefur reynzt ýmsum aðilum — og í a.m.k. einu tilfelli okkur — ákaflega erfitt að láta ábyrgðina miðast við þetta. Þess vegna hefur verið gerður alþjóðasamningur — fyrst í Brüssel 1904 — þar sem ábyrgð útgerðarmanna var takmörkuð við jafnháa upphæð og andvirði skipsins nam og 10% í viðbót, þó þannig að ábyrgðin skyldi ekki fara fram úr 8 sterlingspundum fyrir hverja rúmlest, þegar aðeins var um eignatjón að ræða, og ekki fram úr 16 sterlingspundum á rúmlest, þegar jafnframt eða eingöngu komu til bætur fyrir líftjón eða líkamstjón.

Norðurlandaþjóðirnar — allar nema Ísland — gerðust aðilar að þessari samþykkt, en Ísland — einhverra hluta vegna — gerði það ekki. Nú hefur þessari alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna verið breytt nokkuð með þessum alþjóðasamningi, sem hér hefur verið lagður fram, svo að kröfurnar, sem gera má til útgerðarmanns, eru að vísu eins og áður miðaðar við verð skipsins að viðbættum 10%, en ábyrgðin er miðuð við tiltekna fjárhæð fyrir hverja rúmlest, þó þannig breyttri, að í stað 8 og 16 sterlingspunda komi 1000 svo kallaðir frankar fyrir rúmlest, þegar eingöngu er um eignatjón að ræða, en til viðbótar 2100 frankar fyrir rúmlest eða samtals 3100 frankar fyrir hverja rúmlest, þegar um hvort tveggja er að ræða — bæði eignatjón og líkamstjón. Þessi franki, sem þarna er nefndur, er ekki raunverulegt myntein ing neinnar þjóðar, heldur er hann skilgreindur sem mynt, sem hafi ákveðið gullinnihald í franka, og lætur nærri, að 1000 slíkir frankar séu taldir jafngilda 24 sterlingspundum. Eftir núverandi gengi íslenzku krónunnar á hverju sterlingspundi ætti einn franki af þessu tagi að samsvara um það bil 2,90 kr.

Þetta kerfi hefur nú verið tekið upp af mörgum, og að því er ég ætla flestum, siglingaþjóðum, og það hefur þess vegna reynzt nauðsynlegt, að Íslendingar gerist aðilar að þessum samningi. Það hefur, eins og ég gat um í upphafi, komið fyrir, að Íslendingar hafa orðið hart úti í þeim tilvikum, þar sem íslenzkt skip hefur valdið tjóni, sem hlutaðeigandi útgerðarmaður hefur átt erfitt með að bæta. Þess vegna er það talið sjálfsagt og nauðsynlegt að takmarka þau kröfuréttindi, sem þeir eiga, er fyrir tjóninu hafa orðið af völdum hins íslenzka skips.

Ég þarf nú ekki að fara nánar út í þetta. Samningurinn er allur í heild prentaður sem fskj. með málinu bæði á ensku og íslenzku. Ég vil þó geta þess, að það, sem tafði fyrir málinu í Nd. í fyrra, var — að því er ég ætla — ekki efni samningsins í sjálfu sér, heldur fyrst og fremst það, að þýðingin á íslenzku þótti ónákvæm. Sú aðferð hefur þó verið valin hér að flytja frv. óbreytt, en skyldi hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, telja, að þar mætti eitthvað betrumbæta, vildi ég leyfa mér að leggja til, að það yrði gert á fyrsta stigi málsins hjá n. og hún gengi úr skugga um, hvort og hvað það væri í íslenzku þýðingunni, sem lagfæra þyrfti. Ég tel, að það megi ekki koma fyrir aftur, að lagfæring á texta verði til þess, að frv. nái ekki fram að ganga.

Þessu frv. þarf svo að fylgja nokkur breyting á siglingalögum til samræmis við samninginn, og frv. í þá átt, hygg ég, að hafi verið borið fram í þessari hv. d. Það heyrir ekki undir mig, heldur sjútvmrh., og vænti ég, að þau — þ.e. frv. — geti nú fylgzt að, svo að málið fái heildarafgreiðslu á þessu þingi. Það eru ekki mjög miklar breytingar, sem á siglingalögunum þarf að gera. Við höfum fengið til þess — og eins til þess að ganga frá þessu frv. — fyrrverandi hæstaréttardómara, dr. Þórð Eyjólfsson, þannig að ég vænti, að fyrir því sé vel séð, að samræmi sé á milli þessa frv. og siglingalaganna.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn., en þar ætla ég, að siglingalagabreytingin sé til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 119).

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Eins og suma dm. kann að reka minni til, var fyrr í dag hér í d. sent til 3. umr. frv. um breytingar á siglingalögum. Það frv. er í rauninni afleiðing af því frv., sem nú liggur fyrir, um

heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna. Þetta er samþykkt, sem er kölluð Brüsselsamþykktin og gerð var þar 10. okt. 1957. Því hygg ég, að það geti varla orðið neinn ágreiningur um það, að við samþykkjum forsenduna, fyrst við höfum þegar samþykkt afleiðinguna af henni, enda tel ég sjálfsagt, að við verðum samferða öðrum norrænum löndum, Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og mörgum fleiri af okkar nágrannalöndum í því að verða aðilar að þessari samþykkt. Um málið varð enginn ágreiningur í sjútvn., og leyfi ég mér að leggja til við hv. d., að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 41. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í fjarveru hæstv. utanrrh. vildi ég einungis staðfesta það, sem ég hef sagt hér áður, að þetta frv. er beinlínis háð því frv., sem ég mælti fyrir hér á undan varðandi siglingalögin, og er jafnframt til staðfestingar þeirri alþjóðasamþykkt, sem ég þar minntist á; verði frumvarpið samþ., veldur það breytingum á ísl. siglingalögunum.
Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði einnig vísað til hv. sjútvn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 47, n. 353, 354).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. okt. 1957, var lagt fram í þessari hv. d. á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Að þessu sinni hefur þetta sama frv. verið lagt fram í hv. Ed. og hlotið afgreiðslu þar. Sjútvn. þessarar hv. d. taldi rétt að taka upp þráðinn, þar sem frá var horfið við athugun málsins í fyrra, en þá hafði verið fengin allýtarleg umsögn um málið frá Íslenzkri endurtryggingu, sem mælti eindregið með því, að Ísland gerðist aðili að umræddri alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna. Einnig hafði farið fram nokkur athugun á þýðingu á alþjóðasamþykktinni, sem fylgir á fskj. með frv., og kom í ljós, að þar þurfti að gera mjög verulegar leiðréttingar. Eftir að málið kom á ný til sjútvn. þessarar d., var unnið að því að fá nýja þýðingu á alþjóðasamþykktinni, og hygg ég, að það hafi nú þannig til tekizt, að vel megi við una. Er það önnur breytingin, sem n. leggur til, að gerð verði í sambandi við þetta þskj., að það komi í fskj. nýr íslenzkur texti á þýðingunni á alþjóðasamþykktinni. Einnig kom í ljós, að í frv. vantaði íslenzkan texta með fyrirvara þeim, sem gerður er af Íslands hálfu um þessa samþykkt. Leggur n. til, að sá fyrirvari verði þannig í íslenzkri þýðingu, með leyfi hæstv. forseta:
„Ríkisstj. Íslands áskilur sér rétt til:
1. að setja í lög landsins sérstök ákvæði, er kveði á um það, með hverjum hætti reglunni um takmarkaða ábyrgð verði beitt, að því er tekur til minni skipa en 300 rúmlesta;
2. að láta alþjóðasamþykkt þessa öðlast gildi annaðhvort á þann hátt að veita henni lagagildi eða með því að taka ákvæði hennar upp í lög landsins í því formi, sem samrýmist slíkum lögum."
Þetta síðasta atriði er mjög mikilvægt, vegna þess að hér er ákveðið að fara þá leið að taka ákvæði alþjóðasamþykktarinnar upp í lög landsins, þannig að hún verður ekki af sjálfu sér að lögum, þó að við staðfestum hana. Ákvæði alþjóðasamþykktarinnar fá því aðeins lagagildi hér á landi samkv. þessu, að þau séu felld inn í íslenzk siglingalög. Þetta er lagt til, að jafnframt verði gert með frv. til l. um breytingu á siglingalögum, sem einnig liggur nú fyrir hv. d.
Um fyrra atriðið í fyrirvaranum, þ. e. með hverjum hætti reglunni um takmarkaða ábyrgð verði beitt, að því er tekur til minni skipa en 300 rúmlesta, mun ég ræða, þegar kemur að því að fjalla um frv. til l. um breyt. á siglingalögunum. Eins og nú hagar samkv. þeim siglingalögum, sem í gildi eru, er ábyrgð útgerðarmanna takmörkuð við tvöfalt andvirði skips og farms að viðbættum 10%. Þessa upphæð getur oft verið erfitt að ákvarða, sérstaklega ef um gömul skip er að ræða og af ýmsum fleiri ástæðum. Ákvæði Brüssel-samþykktarinnar aftur á móti, sem nú er lagt til, að Ísland gerist aðili að, eru um þetta atriði skýr og ótvíræð, því að þar er ábyrgðin miðuð við ákveðnar upphæðir á hverja rúmlest í skipinu.
Þessi breyting mundi þýða það, að gagnvart erlendum aðilum, sem kynnu að eiga kröfur á hendur íslenzkum skipaeigendum, mundi hámarksábyrgðin lækka til muna. Ef tekið er dæmi af 500 lesta skipi, að verðmæti 20 millj. kr., er hámarksábyrgðin samkv. þeim reglum, sem nú gilda, 20 millj. kr. margfaldað með 2,2 eða 44 milljónir kr. Eftir Brüssel-samþykktinni mundi hámarksábyrgð vegna sama skips vera 500 margfaldað með 3100 frönkum — en þar er átt við þá franka, sem við er miðað í samþykktinni og

kalaðir eru Poincaré-frankar — margfaldað enn með 3,78, en það er gengið á þeim franka í ísl. kr. núna eða 5 millj. 890 þús. kr. — eða rétt innan við 6 millj. kr. í staðinn fyrir 44 millj. kr. Það er alveg augljóst af þessu, að þetta getur haft mjög mikla þýðingu fyrir íslenzka hagsmuni, þegar þannig er komið, að íslenzk skip ferðast víða um heimsins höf og geta þess vegna oft lent í árekstrum eða valdið tjóni utan umráðasvæðis okkar, enda mun vera a. m. k. eitt nýlegt dæmi þess, að íslenzkt skip þurfti að greiða fleiri tugi millj. kr. í bætur, af því að við vorum ekki aðilar að Brüssel-samþykktinni.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að fjölyrða meira um alþjóðasamþykktina. Efnislega koma breytingarnar fram, eins og ég gat um, í frv. til l. um breyt. á siglingal., og mun ég síðar víkja að þeim — a. m. k. að því er snertir þær brtt., sem sjútvn. flytur við það frv. Sjútvn. ræddi þetta mál oftar en einu sinni við dr. jur. Þórð Eyjólfsson, sem samdi frv. til l. um breyt. á siglingal., og fékk hjá honum ýmsar greinargóðar upplýsingar og skýringar. Leggur n. einróma til, að frv. um staðfestingu á alþjóðasamþykktinni um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna verði samþ. með þeim breytingum, sem n. stendur öll að og ég hef nú lauslega gert grein fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 354, 1—2 samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 76. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 368).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 71. fundi í Ed., 18. marz, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 72. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 393).

---

24. Iðnlánasjóður.

Á 44. fundi í Ed., 22. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. okt. 1967 [94. mál] (stjfrv., A. 220).

Á 45. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hér er um að ræða tvenns konar breyt. á iðnlánasjóðslögunum, en þó eru breytingarnar hvor af sínu tagi.

Fyrir nokkru bar það á góma milli fyrirsvarsmanna Fél. ísl. iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, að það kynni að vera æskilegt að þeirra áliti að fá til ráðstöfunar nokkurn hluta af iðnlánasjóðsgjaldinu til almennra þarfa fyrir iðnaðinn, en eins og kunnugt er, hefur iðnlánasjóðsgjaldið runnið í Iðnlánasjóð og samkv. ákvæðum laganna að öllu leyti til þess að veita lán, annars vegar út á fasteignir iðnaðarins og til endurskipulagningar iðnreksturs í landinu og hins vegar út á vélakaup. Samkvæmt 1. grein þessa frumvarps er gert ráð fyrir því, að 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi megi frá 1. jan. 1968 verja til að greiða fyrir hagrannsóknum í þágu iðnaðarins og fyrir aðgerðum, sem stuðla að þjóðhagslega hagkvæmari iðnþróun í landinu. Stjórn sjóðsins ráðstafar þessu fé í samráði við þessi félagssamtök iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna.

Í fyrsta lagi hafa samtökin bent á í grg., sem fylgir þessu frv. og er grg. þessara samtaka fyrir þessari till., — því samkv. óskum þeirra er þessi brtt. flutt — að það sé brýn nauðsyn á því að gera ýtarlegar athuganir á starfsgrundvelli einstakra iðngreina ekki síst með tilliti til þeirrar þróunar í markaðsmálum Íslendinga, sem vænta má, að muni eiga sér stað í náinni framtíð, og einnig í framhaldi af því að gera ráðstafanir til þess, að iðngreinirnar verði færari um að aðlagast nýjum markaðsviðhorfum. Samtökin hafa t. d. sérstaklega rætt við iðnmrn. um nauðsyn þess að hefja eins konar herferð — ef svo mætti segja — hjá íslenzkum neytendum fyrir því að nota íslenzkar iðnvörur meira en þeir hafa gert. Nú þekkjum við þetta frá fyrri tíð, að hafðar voru sérstakar vikur — ef svo má orða það — þar sem áróður var rekinn annaðhvort fyrir einhverri verzlunarvöru eða iðnvöru eða einhverju slíku, og þóttu þær stundum gefast vel. Einnig hafa verið haldnar kaupstefnur hjá iðnaðinum 1965, og nefna má einnig hina stóru og myndarlegu iðnsýningu 1966. Allt þetta stuðlar að því að auglýsa varninginn og þá þróun, sem átt hefur sér stað í iðnaðarframleiðslunni hérlendis. Ég tel ekki nokkurn vafa á því, að iðnsýningin 1966 hafi sérstaklega vakið athygli almennings á þeim framförum, sem átt hafa sér stað á mörgum sviðum iðnaðarframleiðslunnar hér á landi, t. d. í fataiðnaði, og hafi almenningi orðið ljóst, að nú væri um að ræða af hálfu ísl. iðnaðar miklu meiri vörugæði en menn almennt höfðu gert sér grein fyrir.

Á haftaárunum hér áður var íslenzk vara, sem bauðst, kannske ekki talin sambærileg við þá erlendu vöru, sem menn að mestu leyti keyptu erlendis á ferðum sínum, en slíkar framfarir hafa átt sér stað í vélabúnaði og framleiðsluháttum hérlendis að á þessu hefur orðið mjög mikil breyting og iðnaðarframleiðslu okkar skilað verulega fram á við í þessum efnum. En sá hængur er á, að slíkri auglýsingastarfsemi sem þessari fylgir það, að hún er tímabundin og

vill oft detta niður til þess að gera fljótt, er frá líður, og því er ekki að neita, að við Íslendingar erum á vissan hátt haldnir nokkurri tilhneigingu — ég hygg, að það sé rétt metið — til þess að kaupa kannske frekar af iðnvarningi það, sem útlent er, en það, sem er innlent. Þetta á ekki aðeins við um okkur Íslendinga, heldur margar aðrar þjóðir — og jafnvel þróuðustu iðnþjóðirnar. Þannig hef ég stundum rekið mig á það t. d. í verzlunum í Bandaríkjunum, að kaupendur hafa beinlínis innt eftir því, hvort til væri vara af þessu tagi, sem væri innflutt. Það virðist að einhverju leyti kitla hégómagirnd manna eða einhverjar slíkar tilfinningar, að þar með sé kannske meiri nýjung á ferð, en ekki endilega það, að varan sé betri en innlenda varan, sem þeir eru vanir að kaupa.

Á hinn bóginn hef ég einnig orðið var við það, að ein þjóð af nágrannaþjóðum okkar, Svíar, er mjög hörð á því að kaupa sína eigin iðnaðarframleiðslu, og kunna að liggja til þess þær orsakir, að þeim hafi lánazt að vekja athygli þjóðarinnar eða almennings á því, hversu mikils virði sé að hagnýta eigin iðnvarning. Að vísu er það svo, að þeir standa mjög framarlega, og iðnvörur þeirra eru kannske í flestum tilfellum alveg sambærilegar við annað, sem inn er flutt.

Ég held þess vegna, að það sé nokkuð mikils virði, að forystumenn í iðnaðinum hér hafi aðstöðu til þess að reka herferð til að opna augu almennings fyrir getu, möguleikum og gæðum ísl. iðnvara, sem eru að mínum dómi meiri, en menn almennt gera sér grein fyrir. Þeir hafa t. d. talað um að hafa slíka auglýsingastarfsemi með nokkru millibili — árstíðabundið — á vorin, haustin og fyrir jól. Hætt er við, að hún detti svolítið niður á milli, en haldi þó stöðugt áfram, og ég hygg, að þetta kynni að gefa nokkuð góða raun, en þetta kostar auðvitað nokkra peninga. En þarna kæmi til greina, að þeir fengju ráðstöfunarfé, sem þá ella skorti, til að leggja m. a. í slíkt. Einnig gæti þetta orðið upphaf að því, að hér yrði sett upp eins konar sýningarmiðstöð fyrir iðnaðinn almennt, en við þekkjum nokkur dæmi þess hér, t. d. í byggingariðnaðinum. Menn vita, að þar geta þeir, hvenær sem er, komið til þess að sjá það, sem er hverju sinni helzt á boðstólum, og allar nýjungar hjá ísl. iðnaði. Þetta er mjög þekkt erlendis og virðist hafa gefið góða raun. Undir slíkt gæti ýtt, að þetta 10% gjald, sem hér er farið fram á af iðnlánasjóðsgjaldinu, rynni til þessara samtaka, sem hér um ræðir, og yrði varið til þessara og annarra aðgerða, sem gert hefur verið ráð fyrir og hafa það sameiginlegt, að vera iðnaðinum almennt til gagns. Það er einnig skoðun fulltrúa þessara samtaka sjálfra, að það kynni að gefa eins góða raun, að 10% af iðnlánasjóðsgjaldinu gengju til slíkra hluta fremur en áfram eingöngu til lánveitinganna. En þetta gæti numið á ársgrundvelli, eins og sakir standa, um 2 millj. kr. Ég vænti þess þess vegna, að hv. d. taki vel í þessar óskir samtaka iðnaðarins með því að fallast á þessar brtt.

f 2. gr. frv. er svo annað mál annars eðlis, þar sem gert er ráð fyrir því, að ríkisstj. sé heimilt að greiða til lánadeildar veiðarfæraiðnaðar allt að 1½ millj. kr. til að bæta innlendum veiðarfæraiðnaði það tjón, sem hann hefur, að mati stjórnar Iðnlánasjóðs, beðið vegna ákvörðunar stjórnarvalda um breytingu á reglum um möskvastærð fiskineta 1963 og 1964. Þetta er mál, sem einnig hefur verið nokkuð lengi til meðferðar og kannske fyrst og fremst í viðræðum fyrirsvarsmanna veiðarfæraiðnaðarins við fjmrn., eins og að líkum lætur. Þetta er nokkrum vanda bundið, en á s.l. hausti var það sameiginleg skoðun okkar fjmrh., að eðlilegt væri og rétt eftir atvikum að verða við þeim óskum, sem hér um ræðir, með þeim hætti að verja úr ríkissjóði allt að 1½ millj. kr., sem að mati stjórnar Iðnlánasjóðs færi til þess að bæta slíkt tjón, þ. e. tjón, sem iðnaðurinn hefur orðið fyrir vegna ráðstafana stjórnarvalda.

Það vill nú svo til, eins og gerð er grein fyrir í grg. við 2. gr., að hér er um að ræða, eins og sakir standa og hv. þm. er kunnugt um, eina veiðarfæragerð, sem þetta tekur til, þ. e. Hampiðjuna. Hampiðjan hefur gert grein fyrir því, eins og þar er nánar tekið fram, að vegna ákvarðana eða reglugerða um breytingu á möskvastærðum hafi hún orðið fyrir verulegum skakkaföllum, þar sem aðrar möskvastærðir hafi verið ákveðnar fyrir hampnetin eða botnvörpur úr manillahampi, en úr gerviefnum. Þegar það hafi orðið uppi á teningnum, hafi skipstjórar kvartað undan því, að fiskur ánetjaðist, eins og þar segir, í hampnetunum til stórra tafa við veiðarnar, en slíkt kom ekki til greina, á meðan möskvastærðir voru hinar sömu í netum úr manillahampi og gerviefnum. Þetta endaði með því, að af þessum sökum var hætt við kaup á þessari gerð netanna, sem fyrst og fremst voru trollnetin eða botnvörpunetin.

Fleiri hafa orðið fyrir svipuðu tjóni — fleiri aðilar en veiðarfæraiðnaður hér á landi. Svipað hefur átt sér stað í Noregi, en mér er tjáð, að Norðmenn hafi m. a. leyst þann vanda með því, að ríkið keypti slík veiðarfæri, sem lögðust upp, og gaf þau svo vanþróuðum þjóðum, sem voru að hefja sínar veiðar. Það gat út af fyrir sig komið þeim að góðu gagni og verið þeim til fullra nota, þó að það væri ekki á veiðisvæðum Norðmanna né heldur okkar Íslendinga. Ekki fannst okkur þetta hins vegar, eins og sakir standa, eðlileg lausn, en hjá Norðmönnum háttar öðruvísi til en hjá okkur. Þar eru greiddir opinberir styrkir til veiðarfærakaupa, en það höfum við aldrei tekið upp. En þetta getur skipt nokkru máli í sambandi við afkomu þessarar einu veiðarfæragerðar, sem hér er um að ræða.

Þá er að sjálfsögðu ekki verið að ræða um það á neinn hátt að bæta það óbeina tjón, sem þessi iðnaður hefur orðið fyrir vegna þessara ákvarðana stjórnarvalda, heldur aðeins beina tjónið, sem af hálfu stjórnenda Hampiðjunnar er metið á tæpa 1½ millj. kr. Það mundi verða skoðað nánar af hálfu Iðnlánasjóðs, áður en ákvarðanir yrðu endanlega teknar, og farið yfir þá hluti gaumgæfilega. En hér er um að ræða, að ríkissjóði væri heimilt að verja til veiðarfæradeildar Iðnlánasjóðs allt að þessari

upphæð, ef það að undangengnu mati teldist eðlilegt. Ég vildi einnig mega vænta þess, að þessari brtt. yrði vel tekið hér í hv. d., og vil að svo mæltu leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og iðnn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 220, n. 307, 311).

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. um Iðnlánasjóð, 94. mál Ed., hefur verið til umsagnar í iðnn. Nefndin skilar áliti á þskj. 307. Hefur n. orðið sammála um að mæla með frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Hv. 4. þm. Sunnl. var fjarverandi við endanlega afgreiðslu málsins. Tveir nm. hafa borið fram brtt. á þskj. 311 um, að framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs verði jafnhátt og framlag iðnaðarins sjálfs, en framlag frá iðnaðinum sjálfum er nú um 20 millj. kr. á ári, en ríkisframlag er 10 millj. kr. Þetta er að sjálfsögðu réttlætismál, en meiri hl. n. hefur þó talið, að ekki sé rétt að íþyngja ríkissjóði nú með þessum auknu útgjöldum.

Í 1. gr. frv. kveður á um það, að 10% af iðnlánasjóðsgjaldi skuli verja á sérstakan hátt, m. a. til fyrirgreiðslu hagrannsókna í þágu íslenzks iðnaðar, og skuli á þann hátt stuðla að hagkvæmri iðnþróun. Eins og fram kemur í grg., er þetta lagafrv. flutt samkv. eindregnum tilmælum Félags ísl. iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, en innan þeirra vébanda er mestur hluti þeirra, sem greiða iðnlánasjóðsgjald. Iðnlánasjóðsgjald nemur nú, eins og fyrr segir, um 20 millj. kr. á ári. Er því hér um fjárhæð að ræða, sem nemur 2 millj. kr. árlega, að því er gert er ráð fyrir í frv.

Það skal tekið fram, að hér er ekki um að ræða fé úr ríkissjóði, heldur hluta af því framlagi, sem iðnaðurinn sjálfur greiðir í sjóðinn. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að stjórn Iðnlánasjóðs ráðstafi þessu fé í samráði við Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna. En eins og fram kemur að nokkru í grg. og fram kom í framsögu hjá hæstv. iðnmrh., er gert ráð fyrir, að þetta fjármagn verði auk framangreinds einnig notað til þess að efla markaðsrannsóknir erlendis og á margvíslegan annan hátt til þess að efla íslenzkan iðnað undir beinni handleiðslu iðnaðarsamtakanna sjálfra bæði hér heima og erlendis. Má því segja, að þessi fjárupphæð, sem að vísu er tekin af framlagi til Iðnlánasjóðs, eigi að koma íslenzkum iðnaði að margvíslegum notum, enda skerðir það ekki útlán sjóðsins nema um 3%, eins og segir í grg. frv.

Iðnlánasjóður hefur mjög verið á dagskrá í hv. Alþ. undanfarin þing, enda hefur orðið stökkbreyting á eflingu sjóðsins hin síðari ár með þeirri nýju löggjöf, sem sjóðnum hefur verið sett og á annan hátt fyrir atbeina hæstv. ríkisstj. Í sambandi við það mál, sem hér um ræðir, leitaði iðnn. upplýsinga um starfsemi Iðnlánasjóðs. Um síðustu áramót námu útlán sjóðsins 294,3 millj. kr., en eigið fé sjóðsins var 141,3 millj. kr. af þeirri upphæð. Útlán á árinu 1967 námu 122,7 millj. kr. Áætlun fyrir 1968 liggur ekki fyrir nema að nokkru leyti, þar sem ekki er vitað um, hversu mikið Framkvæmdasjóður ríkisins leggur sjóðnum til á yfirstandandi ári. Verður fastlega að vænta þess, að sú fjárveiting verði slík, að sjóðurinn hafi ekki minna fjármagn í útlánum nú en á síðasta ári, enda hefur sjóðsstjórnin upplýst, að umsóknir liggi fyrir að upphæð um 80 millj. kr.

Önnur gr. frv. heimilar hæstv. ríkisstj. að greiða til lánadeildar veiðarfæraiðnaðar allt að 1½ millj. kr. til að bæta innlendum veiðarfæraiðnaði tjón vegna ákvarðana um breytingu á reglum um möskvastæðir fiskineta. Gert er ráð fyrir, að hér sé stuðzt við mat Iðnlánasjóðs. Þar sem iðnn. vildi glöggva sig frekar á þessu máli, leitaði hún til þess fyrirtækis, sem þetta ákvæði snertir óskipt, þ. e. Hampiðjunnar í Reykjavík. Sannfærðist n. um það, að hin breytta reglugerð um möskvastærð fiskineta nr. 166 frá 13. sept. 1963 hefur stöðvað sölu þeirra netabirgða, sem til voru í landinu. Einnig er upplýst, að frændur okkar Norðmenn keyptu slíkar netabirgðir af norskum framleiðendum og gáfu til vanþróuðu landanna. Þar sem hér er um að ræða einstakt mál, sem ekki á sinn líka, leggur iðnn. til, að ríkissjóður taki á sig þennan bagga. Eins og segir í 2. gr. frv., er ætlazt til þess, að greiðsla fari fram eftir mati stjórnar Iðnlánasjóðs, en hún hefur með höndum lánadeild veiðarfæraiðnaðar, sem stofnuð var með löggjöf frá síðasta Alþ.

Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 307 og ég hef nú lýst, er lagt til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt og vísað til 3. umr.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 5. þm. Reykn. leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 311 við það frv. til l. um breyt. á l. um Iðnlánasjóð, sem hér er til umr. Áður en ég kem að því að lýsa brtt., vil ég geta þess, sem hv. 7. landsk. þm. var raunar áður búinn að skýra frá, að fullt samkomulag var um það í fjhn. að mæla með frv. í iðnn. svo langt, sem það náði.

Það eru tvö efnisatriði í frv. Annars vegar er það að taka hluta af iðnlánasjóðsgjaldi til þess að nota til hagræðingar í íslenzkum iðnaði. Ég er fyllilega samþykkur því, að hluti af slíkum tekjum geti gert fullt eins mikið gagn notaður á þann hátt, eins og hann gerir, þegar hann er notaður til beinna útlána. Þetta hef ég oft rætt áður, m. a. í sambandi við Byggingarsjóð ríkisins og húsnæðismálastjórn, og er á sömu skoðun og ég hef alltaf verið um það, bæði að því er snertir þá stofnun, svo og Iðnlánasjóð og hvern annan þann sjóð, sem starfar í þágu atvinnuveganna. Það er vissulega þýðingarmest, ef hægt er að auka hagræðingu, og ég hygg, að þetta

frv., þótt skammt gangi, stuðli að því og þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu.

Hitt efnisatriðið er um það, eins og hv. frsm. lýsti raunar, að heimilt væri að greiða til lánadeildar veiðarfæraiðnaðarins allt að 1,5 millj. kr. Mig minnir, að það sé nánar til tekið 1485 þúsund kr., sem eigi að greiða til eins framleiðanda, Hampiðjunnar, vegna þeirrar ákvörðunar ríkisstj. að breyta möskvastærð á fiskinetum, þannig að það magn af veiðarfærum, sem Hampiðjan var búin að framleiða, verður ónýtt og óseljanlegt. Og við höfum verið sannfærðir um það í hv. iðnn., að hér sé um mjög sérstætt atriði að ræða, sem ekki muni koma til með að skapa nokkurt fordæmi fyrir aðra framleiðendur til þess að gera hliðstæðar kröfur á hendur ríkissjóði, og erum fylgjandi því — eða ég er það fyrir mitt leyti í trausti þess.

Sú brtt., sem ég flyt hér ásamt hv. 5. þm. Reykn., er á þá leið, að 2. tölul. 5. gr. l. um Iðnlánasjóð nr. 68 frá 1967 orðist þannig, að framlag ríkissjóðs sé hluti af tekjum Iðnlánasjóðs og sé árlega jafnhátt tekjum, sem sjóðurinn fær af gjaldi því, er iðnaðurinn greiðir samkv. 1. tölul.

Þetta mál er ekki nýtt hér á hv. Alþ. Ég hef áður meðal annarra flutt frv., sem gengur í þessa átt, síðast á þingi 1966. Það hefur ekki náð fram að ganga og er því flutt einu sinni enn. Þessi beiðni er komin frá Iðnþingi, sem undanfarin þrjú skipti, sem það hefur komið saman, hefur gert ályktun, sem gengur í þessa átt. Ég held, að það sé ómótmælanlegt, að iðnaðurinn búi við mikinn lánsfjárskort. Með þessari till. er stefnt að því að rétta örlítið hlut iðnaðarins í þessum efnum, þó engan veginn svo að það geti talizt fullnægjandi — því að mér dettur ekki í hug að halda fram, að þetta sé nema til bráðabirgða. Ég tel mikla þörf á því að taka öll lánamál iðnaðarins til gaumgæfilegrar athugunar með það fyrir augum, að hann fái þá úrlausn, að samkeppnisaðstaða hans verði verulega styrkt að þessu leyti og grundvöllur lagður að raunhæfri endurskipulagningu hans á sem flestum sviðum. Mér finnst þetta sjálfsögð krafa hjá iðnaðarmönnum, ekki sízt vegna þess, að framlög ríkisins til hliðstæðra fjárfestingarsjóða landbúnaðar og sjávarútvegs eru og hafa um langa hríð verið jafnhá framlögum þessara atvinnugreina til sjóðanna.

Hv. 7. landsk. þm. sagði hér áðan, að meiri hl. hv. iðnn. teldi, að hér væri um réttlætismál að ræða, en meiri hl. hefði þó ekki talið rétt að íþyngja ríkissjóði nú á þennan hátt. Sú fjárhæð, sem hér er farið fram á úr ríkissjóði, mun nema miðað við tölur s. l. árs um 10 millj. kr. Iðnlánasjóðsgjaldið, sem iðnaðurinn greiðir, mun vera um 20 millj. kr., en ríkisframlagið 10 millj. kr., þannig að sú hækkun, sem hér er farið fram á, er þá um 10 millj. kr. Það eru 10 millj. kr. af þessum rúmum 6 milljörðum, sem fjárl. fjalla um, og daglega er hér á hv. Alþingi nú fjallað um nýjar greiðslur — stórkostlegar greiðslur svo hundruðum milljóna skiptir — til annarra atvinnugreina, en ekki neitt til þessarar atvinnugreinar, iðnaðarins, sem þó veitir flestu fólki — a. m. k. hér í höfuðstaðnum og raunar víðar — atvinnu.

Sú tollalækkun, sem boðuð var í sambandi við gengislækkunina í nóvembermánuði s. l. hefur nú náð fram að ganga hér á hv. Alþ. Iðnaðurinn batt við þessa tollalækkun talsverðar vonir. Forráðamenn hans héldu eftir því, sem mér er tjáð, að tollalækkunin yrði framkvæmd á þann hátt, að samkeppnisaðstaða iðnaðarins yrði höfð í huga og hún bætt. Þetta var gert, að því er snertir málmiðnaðinn á þann hátt, að tollalækkanir til hans voru áætlaðar 14 millj. kr., en að öðru leyti var þessi tollalækkun að sjálfsögðu í fyrsta lagi miklu minni heldur en lofað var og í öðru lagi á þann hátt gerð, að iðnaðinum kom ekki að haldi, vegna þess að markmiðið, eins og það kom fram í aths. með frv. um tollalækkanirnar, var það og það eitt að sjá til þess, að iðnaðurinn hefði sömu aðstöðu og hann hafði, áður en gengislækkunin var framkvæmd.

Að vísu má búast við því, að gengislækkunin sjálf hafi nokkur áhrif til hins betra fyrir sumar iðngreinar. Ég vil alls ekki loka augunum fyrir því. En ég tel, að þar sem a.m.k. þeir hv. alþm., sem eru í iðnn. þessarar d., telja, að hér sé um réttlætismál að ræða, sé ekki bundinn stærri baggi en svo, að ríkissjóður ætti að geta borið hann, þegar iðnaðurinn — þessi þýðingarmikla atvinnugrein — á í hlut, og ég vonast til þess, að hv. alþm. geti nú, þegar þeir athuga þetta betur, séð sér fært að ljá þessari till. lið.

Eins og hv. frsm. n. sagði hér áðan, mun Iðnlánasjóður á þessu ári hafa til ráðstöfunar um 68,8 millj. kr. samkv. eigin upplýsingum, en lánsbeiðnir munu nú vera fyrirliggjandi hjá sjóðnum — um 80 millj. kr. — auk þess, sem verulegar fjárhæðir hljóta að bætast við á árinu. Þetta er í ársbyrjun, sem við erum að tala um fyrirliggjandi umsóknir, en fjármunirnir eru til ráðstöfunar allt árið. Þó að hér sé um smávægilega fjárhæð að ræða miðað við það, sem stundum er fjallað um hér, mundu þessar 10 millj. kr. þó — ef þær fengjust — gera sjóðnum kleift að ganga þeim mun lengra til móts við réttlátar og sjálfsagðar kröfur iðnrekenda um lán úr Iðnlánasjóði.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 311 felld með 10:6 atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Í þessu frv. felast tvær breytingar á iðnlánasjóðsl.

Sú fyrri er í 1. gr. þess efnis, að varið skuli 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi frá 1. jan. þessa árs til þess að greiða fyrir, eins og þar segir, hagrannsóknum í þágu iðnaðarins og aðgerðum, sem stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu, og skuli stjórn sjóðsins ráðstafa þessu fé í samráði við Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, en þessi brtt. er flutt að beiðni þessara félagasamtaka, eins og gerð er grein fyrir í grg. frv. Þetta mundi verða töluvert framlag árlega, eins og nú er um 2 millj. kr. En það er meginsjónarmið þessara samtaka, að það kunni að vera enn nytsamlegra fyrir iðnaðinn að fá þennan hluta iðnlánasjóðsgjaldsins, sem greitt er af iðnrekstrinum, til sameiginlegra afnota, heldur en þó að útlánin, sem væru þá úr Iðnlánasjóði, yrðu hækkuð árlega sem þessari upphæð nemur. Fyrir þessu gera þessi samtök nánar grein, eins og birtist í aths. við lagafrv. Mér hefur verið gerð grein fyrir því, að Félag ísl. iðnrekenda hyggist leggja út í töluvert umfangsmikla herferð, áróðursherferð fyrir íslenzkum iðnaði, þ.e. til að fá íslenzka neytendur til að leggja sig meira eftir að nota íslenzka iðnaðarframleiðslu heldur en verið hefur fram til þessa. Herferðin á að stuðla að því að styrkja iðnaðinn í samkeppni hans við aðfluttar vörur. Þetta er veigamikið atriði. Þessu fé mun sjálfsagt verða ráðstafað til margra annarra hagnýtra mála almennt fyrir iðnaðinn í samráði við þessi félagasamtök.

Önnur gr. er svo þannig til komin, að það hefur lengi verið í athugun að veita veiðarfæraiðnaðinum nokkra uppreisn vegna tjóna, sem hann er talinn hafa orðið fyrir vegna ráðstafana stjórnarvalda. Var reyndar ætlunin á sínum tíma að fá þessa heimild tekna inn í fjárl., en það fórst fyrir vegna mistaka, og þess vegna er flutt hér frv. um þessa heimild, sem felst í 2. gr. fyrir ríkisstj. til að greiða til veiðarfæraiðnaðar allt að 1½ millj. kr. til að bæta innlendum veiðarfæraiðnaði það tjón, sem hann hefur að mati stjórnar Iðnlánasjóðs beðið vegna ákvarðana stjórnarvalda um breytingu á reglum um möskvastærðir fiskineta 1963 og 1964. Nánar er gerð grein fyrir þessu í aths. um 2. gr.

Það vill svo til, að eina veiðarfæragerðin hér á landi, sem mundi verða þessa aðnjótandi, er Hampiðjan. Það styrkir töluvert aðstöðu hennar í þeim erfiðleikum, sem hún hefur átt við að stríða, og er einn þátturinn í þeim áformum ríkisstj. að gera af sinni hálfu það, sem verða má, til þess að stuðla að eflingu veiðarfæraiðnaðar í landinu almennt.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 220, n. 381, 383).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Frv. þetta felur í sér tvö atriði. Það er annars vegar heimild til þess að verja 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi til hagrannsókna í þágu iðnaðarins og til annarra aðgerða, er stuðla megi að hagkvæmri iðnþróun í landinu. Hitt atriðið er að heimila ríkisstj. að bæta innlendum veiðarfæraiðnaði það tjón, sem hann hefur orðið fyrir vegna ákvarðana stjórnarvalda um breytingu á reglum um möskvastærðir fiskineta.

Um fyrra atriðið er það að segja, að það er flutt vegna tilmæla Félags ísl. iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, sem telja æskilegt að framkvæma margvíslegar athuganir á starfsgrundvelli einstakra iðngreina með meiri hagræðingu fyrir augum. Telja þessir aðilar, að þetta skerði lítið núverandi lánagetu Iðnlánasjóðs, en geti hins vegar orðið einstökum iðngreinum og iðnaðinum í heild að mjög miklu gagni með öðrum hætti. Virðist hér vaka fyrir iðnaðinum að fara svipaða leið og Norðmenn gerðu með stofnun aðlögunarsjóðs norska iðnaðarins, sem við vitum, að hefur gefið mjög góða raun. Gera menn ráð fyrir, að 10% af iðnlánasjóðsgjaldinu nemi um 2 millj. kr. á ári. Má með því fjármagni framkvæma margvíslegar athuganir og aðgerðir, sem einstökum fyrirtækjum eða smærri iðngreinum væri um megn að standa undir, en geta orðið þeim og raunar iðnaðinum í heild til ómetanlegs gagns, eins og reynslan hefur sýnt í Noregi. Þar hafa margvísleg vandamál iðnaðarins verið leyst með sameiginlegum, sérfræðilegum athugunum, aukinni samvinnu og jafnvel samruna smærri fyrirtækja, sem eflt hefur samkeppnisaðstöðu iðnaðarins. Hér kemur margt til greina, svo sem sameiginleg innkaup, sameiginleg dreifing, aukin verkaskipting, markaðskönnun og margt fleira. Líklegt má telja, að sérfræðilegar athuganir af þessu tagi leiði til margvíslegs hagræðis fyrir ísl. iðnað og er iðnmrn. sammála því, að rétt sé að veita þá heimild, sem í frv. felst, og ástæða sé til þess að fagna því, að þessi leið sé farin.

Iðnn. telur eftir atvikum einnig rétt að mæla með samþykkt síðara atriðis frv., þ.e. að heimila ríkisstj. að greiða veiðarfæraiðnaðinum það tjón, sem hann varð fyrir vegna opinberra ráðstafana. Málið er nokkuð sérstætt og verður varla litið á það sem fordæmi fyrir aðra. Veiðarfæraiðnaðurinn er líka alls góðs maklegur, og æskilegt er fyrir fiskveiðiþjóð að stuðla að eflingu hans. Einn nm. var fjarverandi við afgreiðslu málsins, en hinir skrifa allir undir nál. og leggja til, að frv. verði samþ. en áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Ég legg því til, herra forseti, að málið verði samþykkt og því vísað til 3. umr.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Aðalefni þessa frv. er að heimila það, að varið skuli 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi til að greiða fyrir hagrannsóknum í þágu iðnaðarins. Þetta er gert samkv. ósk, sem hefur komið, bæði frá Félagi ísl. iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna. Það er vafalaust, eins og hv. frsm. tók fram, að hér er farið inn á rétta braut og þörf er fyrir þær hagrannsóknir, sem hér er lagt til, að verði unnar. Sá galli er hins vegar á þessari till., að hún kemur til með að skerða það fjármagn, sem Iðnlánasjóður hefur til útlána um þessi 10%.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að iðnaðurinn býr við hinn mesta fjármagnsskort, ekki sízt skort á stofnlánum, og þess vegna kemur það sér mjög illa fyrir hann, að fjár til hagrannsókna þurfi að afla með þessum hætti. Það er sökum þessa, sem við tveir nm. í iðnn., ég og hv. 1. þm. Norðurl. e., flytjum sérstaka brtt., sem gengur í þá átt, að framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs verði árlega jafnhátt tekjum þeim, sem sjóðurinn fær af því gjaldi, sem iðnaðurinn greiðir sjálfur til Iðnlánasjóðs. Sá háttur hefur verið hafður á að undanförnu í sambandi við stofnlánasjóði sjávarútvegs og landbúnaðar, að ríkissjóður greiddi jafnhátt framlag í þessa sjóði og þessir atvinnuvegir sjálfir greiða til þeirra. Það hefur verið farið fram á það hvað eftir annað af hálfu samtaka iðnaðarmanna og iðnrekenda, að slíkt hið sama gilti einnig um Iðnlánasjóð og ríkið greiddi því jafnhátt framlag til sjóðsins og iðnrekendur greiða sjálfir. Um þetta hafa nokkrum sinnum verið fluttar till. hér á Alþ., en það hefur þá komið í ljós eins og oft áður, að hér er ekki meiri hl. fyrir því, að iðnaðurinn búi við sama rétt og aðrir atvinnuvegir; þess vegna hefur þessi till. verið felld.

Það er nú von okkar flm. þessarar till., að hér sé um breytt viðhorf að ræða, ekki sízt vegna þess að í umr., sem fóru fram um iðnaðarmál hér á Alþ. fyrir nokkrum vikum, lýsti hæstv. iðnmrh. yfir því afdráttarlaust, að hann ætlaði sér að berjast fyrir því, að iðnaðurinn byggi ekki við lakari aðstöðu heldur en aðrir atvinnuvegir. Og það er m.a. til þess að reyna það, hvort hæstv. iðnmrh. fylgi nú ekki fram þessari stefnu, sem þessi till. er lögð hér fram.

Ég ætla að þessu sinni ekki að fara að ræða um iðnaðarmál almennt. Ég hygg, að það sé öllum hv. þm. kunnugt, að iðnaðurinn býr við stórfelldan lánsfjárskort — bæði skort á stofnlánum og rekstrarlánum — að um það þurfi ekki nánar að ræða og þess vegna eigi sú till., sem við flytjum hér, ég og hv. 1. þm. Norðurl. e., fullan rétt á sér — þó sérstaklega vegna þess að þetta frv., þótt nauðsynlegt sé, skerðir nokkuð lánsmöguleika Iðnlánasjóðs frá því, sem ella mundi verða.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þessa till. Ég vænti þess, að hún fái góðar undirtektir hjá hv. d. og það komi þannig í ljós vaxandi vilji á því, að iðnaðurinn búi við sömu aðstöðu og sama rétt og aðrir atvinnuvegir.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég þakka fyrir góðar undirtektir undir þetta frv. Það eru aðeins smávægileg atriði, sem ég þarf að víkja að, en það er einkum í sambandi við ræðu hv. 4. þm. Reykv. Hann bendir réttilega á það, að þetta gjald, sem hér er gert ráð fyrir, að gangi til almennra þarfa, skerði útlánamöguleikana, og hann hefur einnig vakið athygli á því, að till. sú, sem hann flytur hér nú ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e., hefur áður verið flutt. Um það segir hann, að það hafi ekki fengizt áður meiri hl. fyrir því, að iðnaðurinn búi við sama rétt og aðrir atvinnuvegir. Þetta vil ég leiðrétta, því að hér er um mikinn misskilning að ræða. Afstaðan til þessarar till. segir ekkert til um það.

Ég hef áður gert grein fyrir afstöðu minni til þessarar till. og skal ekki fara langt út í það, en hv. 4. þm. Reykv. segir, að hún sé m.a. flutt til þess að reyna, hvort ég fylgi fram fyrri yfirlýsingum mínum um, að iðnaðurinn njóti jafnréttis á við aðrar atvinnugreinar. Úr því fæst ekki skorið með atkvgr. um till. eins og þessa. Þá þyrfti að ganga miklu lengra. Þá þyrfti að fara í gegnum öll fjárl. og það, sem við erum að gera hér yfirleitt í þinginu í sambandi við atvinnuvegina, og málið snýst þá um það, hvort við eigum að láta Iðnaðarmálastofnun Íslands hafa sama rétt eins og t.d. Búnaðarfélag Íslands, sem er aðalstofnun bændanna í sambandi við fjárframlög og hefur um 15—16 millj. kr. á fjárl. — nú man ég ekki þessa tölu nákvæmlega — á móti 3—4 millj. kr. eða eitthvað því um líkt til handa Iðnaðarmálastofnun Íslands. Þá kæmi einnig til álita, hvort við ættum að samþykkja að verja á þriðja hundrað millj. kr. til iðnaðarins til þess að bæta upp útfluttar iðnaðarvörur til þess að ná markaðinum erlendis fyrir íslenzkan iðnaðarvarning og svona mætti lengi telja.

Ég mun fylgja fram þeirri stefnu minni, sem ég hef áður lýst yfir, að iðnaðurinn njóti jafnréttis við aðrar atvinnugreinar, og ég vil sízt vera að stuðla að því að ýfa upp nokkurn meting á milli atvinnugreinanna, en endurtek það, að afstaða til slíkrar till. sem þessarar sker engan veginn úr um það.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um það, en vildi aðeins láta þetta koma fram, svo að það valdi ekki neinum misskilningi.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir, að verði þessi till. felld, er gert verr við iðnaðinn a. m. k. í þessu tilfelli en aðra atvinnuvegi. Á því leikur ekki neinn vafi vegna þess, að það gildir sú regla um stofnlánasjóði annarra atvinnugreina, að að svo miklu leyti sem atvinnuvegirnir sjálfir greiða fé í þá, er greitt jafnhátt framlag frá ríkinu. Að vísu sé ég það, að í því frv. um sparnað eða lækkun ríkisútgjalda, sem nú liggur fyrir þinginu, er ætlazt til þess, að hliðstætt framlag til Stofnlánasjóðs sjávarútvegsins eða

Fiskveiðasjóðs verði fellt niður en það er rökstutt með því, að sjóðnum sé séð fyrir tekjum á annan hátt, sem jafngildi alveg þessu framlagi.

Hitt má svo vel vera — og er alveg rétt hjá hæstv. iðnmrh. — að á mörgum öðrum sviðum er gert verr við iðnaðinn, svo að hann býr við lakari kjör en aðrir atvinnuvegir. Ef hann t. d. ætti að öllu leyti að búa við sömu kjör og landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn, ætti það gjald, sem hér er lagt til, að fari til hagrannsókna, að vera borgað beint úr ríkissjóði, vegna þess að ríkissjóður greiðir hliðstæð gjöld fyrir landbúnaðinn — og ég hygg — að einhverju leyti fyrir sjávarútveginn líka.

En ég vil halda því fram, að það sé þó betra að ganga, hvað þetta mál snertir, í átt til jafnréttis til handa iðnaðinum, þó að ekki fáist það fram að öllu leyti. Þess vegna séu það engin rök hjá hæstv. ráðh. að vera á móti þessari till., vegna þess að einnig sé gert verr við iðnaðinn á öðrum sviðum. Það væri þó skárra og gengi í rétta átt, ef hlutur hans væri réttur á þessu sviði, þó að eitthvað annað yrði að bíða, þangað til fullu jafnrétti væri náð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 383 felld með 23:10 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 428).

---

25. Verkamannabústaðir.

Á 45. fundi í Ed., 23. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 21. apríl 1962, um verkamannabústaði [98. mál] (stjfrv., A. 225).

Á 46. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Svo sem hv. alþm. er kunnugt, er fyrir utan hin almennu lán húsnæðismálastjórnar veitt opinber aðstoð í þrenns konar formi til annarra húsbyggjenda. Er þá sérstaklega ætlazt til í öllum þessum tilfellum, að þar sé um efnalítið fólk að ræða, sem njóta skuli sérstakrar fyrirgreiðslu af hálfu þess opinbera eftir þeim hlutaðeigandi lögum, sem við eiga hverju sinni, en þau eru þessi: 1) Lög um verkamannabústaði. 2) Sá kafli l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem gerir ráð fyrir aðstoð við sveitarfélög til byggingar íbúða til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. 3) Þær tilraunir, sem nú er hafnar hér í Reykjavík, til byggingar íbúða á vegum Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, sem gert var ráð fyrir með breytingu á þeim l., sem gerð var hér á síðasta þingi.

Eins og ég sagði áðan, er alls staðar gert ráð fyrir því, að mjög takmarkaður hópur landsmanna geti orðið þessara lána aðnjótandi, þó að það sé almannafé, sem notað er til stuðnings þessum íbúðabyggingum. Áætlað hefur verið, að milli 10-12% landsmanna gætu vegna tekna orðið aðnjótandi þessarar aðstoðar. Af þeim ástæðum í fyrsta lagi, að um almannafé er að ræða og tekjulágu fólki er einkum ætlað að njóta þessarar aðstoðar hefur verið talið af löggjafans hálfu allt frá setningu fyrstu laga um verkamannabústaði árið 1930 til þessa dags, að óeðlilegt væri, að þessar íbúðir gætu komizt á almennan markað, hinn almenna íbúðamarkað. Og þess vegna hafa verið settar mjög strangar reglur um, hverjir skyldu njóta þessarar aðstoðar og eins með hvaða hætti afsal þessara íbúða ætti sér stað, þegar um það er að ræða.

Þessi ströngu ákvæði um afsal íbúðanna og sölu þeirra við eigendaskipti hafa í hugum allra landsmanna verið þau, að forðast bæri, að þessar íbúðir færu á hinn almenna markað vegna þess, hvernig hinn opinberi stuðningur væri til kominn. En með dómi Hæstaréttar frá 30. nóv. 1966 verða þessi ákvæði séð í nokkuð öðru ljósi, og það gerir nauðsynlegan flutning frv. til tryggingar þessu ákvæði laganna, eins og fram kemur á þskj. nr. 225, 98. mál, þar sem um þetta frv. er fjallað, og enn fremur á þskj. nr. 226, 99. mál. Ég tel, að það þurfi ekki langra umr. við um hvorugt þessara mála. Forsendan er sú sama, að vegna þessa dóms er það talið geta orkað tvímælis, hvort þau ákvæði laganna, sem átt hafa að tryggja það, að þessar íbúðir yrðu áfram í eigu eða til ráðstöfunar þess opinbera, héldu því gildi sínu, en dómurinn, eins og ég sagði áðan, styður það mjög, að á þessum ákvæðum sé hert. Það er tilgangur þessara frv. beggja, og hefur verið af hálfu ráðuneytisins haft samstarf eða samráð við lögfræðideild Háskóla Íslands til tryggingar því, að þetta mætti svo haldast sem upphaflega var gert ráð fyrir.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 225, n. 334).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þessu máli var vísað til heilbr.- og félmn. og var niðurstaða n. sú að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. Einn nm., hv. 1. þm. Vesturl., áskildi sér rétt til að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma við málið, og annar nm., hv. 4. þm. Sunnl., var fjarstaddur, þegar málið var afgr.

Þetta mál er ósköp einfalt í sjálfu sér. Nýmæli það, sem felst í þessu frv. til breyt. á l. um verkamannabústaði, kemur fram í síðustu mgr. 1. gr., sem er viðbót við gildandi lög. En í þessari mgr. er tekið fram, að verði íbúð, sem keypt hefur verið af byggingarfélagi seld á nauðungaruppboði samkv. lögum frá 25. maí 1949 um nauðungaruppboð, þá geti stjórn byggingarfélagsins neytt forkaupsréttar síns og krafizt þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð út félaginu til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina. Eins og kunnugt er, þá hafa byggingarfélög verkamanna forkaupsrétt að íbúðum, sem einstaklingar innan byggingarfélagsins vilja selja, og er svo ákveðið í samþykktum allra félaga, að einstaklingur má ekki selja viðkomandi íbúð, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna. Forráðamenn byggingarfélaga verkamanna hafa sennilega staðið í þeirri trú, að með þessu lagaákvæði væri réttur félagsins tryggður eða íbúð yrði aldrei seld öðru vísi en á þann hátt, að félag hefði forkaupsrétt og gæti notið hans.

Nú hefur hins vegar fallið hæstaréttardómur, sem fjallaði um forkaupsrétt til íbúðar, sem byggð var af Reykjavíkurborg til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði. En niðurstaðan af þeim hæstaréttardómi var sú, að forkaupsréttur að slíkum íbúðum gildi einungis, þegar frjáls sala fer fram, en ekki þegar um nauðungarsölu er að ræða samkv. lögum um nauðungaruppboð. Og þeir, sem þessum málum eru kunnugastir, álíta, að þessi hæstaréttardómur hafi tvímælalaust víðtækara gildi heldur en þegar fjallað er um sölu á íbúðum, sem byggðar hafa verið til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði — heldur muni þetta sjálfsagt líka gilda að óbreyttum lögunum, þegar íbúðir í verkamannabústöðum væru seldar. Og því er þetta frv. flutt til þess að tryggja það, að forkaupsréttur byggingarfélaga verkamanna sé öruggur, einnig ef slík íbúð færi á nauðungaruppboð.

Fyrir utan það, að félagið hefur forkaupsrétt, þá gilda alveg sérstakar reglur, sem koma reyndar hérna fram í 1. gr. og eru endurteknar, um það, hvernig seljandi eigi að njóta verðhækkunar á íbúðinni. Ef þetta væri ekki tryggt, að þessi forkaupsréttur næði einnig til þess, þegar íbúð er seld á nauðungaruppboði, þá gæti eigandi slíkrar íbúðar undir vissum kringumstæðum átt tiltölulega auðvelt með það að koma íbúðinni í nauðungarsölu, þó að það væri ekki af brýnum fjárhagsástæðum og þarna opnaðist smuga til þess að sniðganga forkaupsréttarákvæðið.

Því verður að telja, að þessi breyt. á l. um verkamannabústaði að gefnu því tilefni, sem ég minntist á áðan, sé í alla staði eðlileg. Eins og ég gat um í upphafi, þá fjallaði heilbr.- og félmn. um þetta mál, og mælti hún með því, að þetta frv. yrði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 3. umr. Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 70. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 71. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr. Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., 11. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., hefur hv. Ed. afgr. einróma og ágreiningslaust. Frv. er mjög einfalt að efni og tilgangur þess kemur glögglega fram í aths. um frv. En það er fram borið vegna þess, að samkv. niðurstöðu Hæstaréttar frá 30. nóv. 1966 er talið vafasamt, að þau ákvæði í gildandi lögum um sölu íbúða innan verkamannabústaðakerfisins fái staðizt eins og þau hafa hingað til verið framkvæmd. Þess vegna er talið nauðsynlegt að skýra lögin allverulega, og er gert ráð fyrir því í 1. gr. þessa frv., þannig að það fari ekki á milli mála, hvernig þær hugmyndir upphaflega voru, sem lögfestar voru með þeim skilningi, að það væru á því verulegar takmarkanir að selja slíkar íbúðir, sem byggðar eru fyrir almannafé — takmarkanir, sem væru langt umfram það, sem gildir um íbúðir í eigu einstaklinga. Þetta er megininntak þessa frv., og jafnframt er einnig flutt frv., sem síðar mun koma hér fyrir hv. þd., með sams konar ákvæði varðandi lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Ég tel, að frv. þurfi ekki frekari skýringar við, en legg til, herra forseti, að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 225, n. 400).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., fjallar um breyt. á l. um verkamannabústaði og hefur verið afgr. frá Ed. til

Nd. Heilbr.- og félmn. hefur farið yfir frv. og leggur til, að það sé samþ. óbreytt, en tveir nm., Jón Skaftason og Stefán Valgeirsson, áskildu sér rétt til þess að fylgja brtt., ef fram kæmu. Eins og kemur fram af aths. við lagafrumvarpið, er frv. fyrst og fremst fram borið til þess, að það liggi ljóst fyrir, að stjórnir byggingarfélaga, sem byggja eftir lögum um verkamannabústaði, hafi forkaupsrétt að byggingum eða íbúðum, sem seldar yrðu á vegum félaganna, jafnvel þó að þær færu á nauðungaruppboð, en áður — samkv. dómi, sem hér er vitnað í frá Hæstarétti frá 30. nóv. 1966 — kom fram, að þetta mundi ekki öruggt, og frv. er, eins og ég sagði áðan, flutt til þess að taka þarna af öll tvímæli. Nefndin leggur sem sé til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 434).

---

26. Húsnæðismálastofnun ríkisins (stjfrv. um forkaupsrétt).

Á 45. fundi í Ed., 23. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins [99. mál] (stjfrv., A. 226).

Á 46. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og ég gat um í framsöguorðum mínum fyrir því frv., sem næst er á undan á dagskránni, liggja nákvæmlega sömu rök til flutnings þessa frv. eins og frv. um verkamannabústaði, og læt ég mér nægja að vísa til þess, sem ég sagði um það frv.

Ég legg enn fremur til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., 5. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 226, n. 335, 318).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í frv. þessu um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins felast tvö meginatriði.

Í fyrsta lagi að lögfesta það, að sé um endursölu á íbúðum að ræða, sem byggðar eru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði eða endursölu á íbúðum, sem byggðar eru fyrir láglaunafólk í verkalýðsfélögum með allt að 80% lánum, skuli sömu reglur gilda og um endursölu íbúða í verkamannabústöðum samkv. lögum um verkamannabústaði. Endursölureglurnar fyrir íbúðir til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði eru í reglugerð frá 5. sept. 1957, en endursölureglur, að því er varðar íbúðir fyrir láglaunafólk í verkalýðsfélögum, eru í reglugerð um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 28. apríl 1967. Reglurnar um endursölu á þessum tveimur flokkum íbúða eru ekki samhljóða, en þær eru svipaðar í mörgum greinum og grundvallast á líkum sjónarmiðum og fram koma í lögum um verkamannabústaði. Með frv. þessu er því slegið föstu, að sömu reglur skuli gilda um þetta allt saman, þegar eigandaskipti verða á íbúð, og er þá miðað við reglur verkamannabústaðalaganna, sem eru ýtarlegastar og sanngjarnastar í þessum efnum. Þessi samræming er eðlileg, enda er hér í öllum tilvikum um að ræða íbúðir, sem reistar eru með mikilli opinberri aðstoð. Sá ágalli er á aths. við þetta frv., að þessarar samræmingar er þar hvergi getið.

Hitt atriði frv. er að tryggja, að forkaupsréttur sveitarstjórnar, að því er varðar íbúðir til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, og forkaupsréttur Húsnæðismálastofnunar ríkisins, að því er varðar íbúðir fyrir láglaunafólk í verkalýðsfélögum, taki einnig til sölu á nauðungaruppboði. En forkaupsréttur samkv. reglugerðinni frá 5. sept. 1957 hefur ekki náð til nauðungarsölu samkv. niðurstöðu hæstaréttardóms, sem vitnað er til í aths. við frv. Ekki er heldur talið öruggt, að forkaupsréttur sé fyrir hendi samkv. reglugerðinni frá 28. apríl 1967, þegar um nauðungarsölu er að ræða, og því æskilegt að tryggja hann, svo að ekki verði um villzt, með lagabreytingum.

Þessu frv. var vísað til heilbr.- og félmn., og varð það niðurstaða n. að mæla með því, að frv. yrði samþ. Einn nm., hv. 1. þm. Vesturl., áskildi sér þó rétt til að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma við frv., en annar nm., hv. 4. þm. Sunnl., var fjarverandi, þegar málið var afgr. í n.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að gera aths. við efni þessa frv. Ég er því samþykkur að öllu leyti. Hér er, eins og frsm. greindi frá, um eins konar leiðréttingu og samræmingu að ræða á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Eftir að umræddur hæstaréttardómur hefur fallið, þar sem forkaupsréttur er ekki viðurkenndur, þegar nauðungarsala fer fram, þá er eðlilegt, að lögum sé breytt þannig, að forkaupsrétturinn sé ótvíræður. Sama má segja um ákvæði

2. gr. Þau tel ég vera eðlileg líka, þ.e. um forkaupsrétt sveitarfélagsins.

En ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 318 viðaukatill. við þetta frv. Úr því að verið er að breyta lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, þá fannst mér rétt að gefa þm. kost á því að breyta einnig því ákvæði, sem allir eru, að ég held, sammála um, að breyta þurfi. Það er að fella niður vísitöluálag á afborganir og vexti af lánum Húsnæðismálastofnunar. Ég þarf ekki að hafa fyrir þessari till. langa framsögu og mun heldur ekki gera það, vegna þess að ég tel, að hér sé um réttlætismál að ræða, sem eigi víðtækan hljómgrunn hér í þessum sal. Og það byggi ég fyrst og fremst á því, að hæstv. félmrh. tók mjög vel undir það mál, þegar fsp. um húsnæðismál — frá mér og fleirum — var rædd hérna í hv. Sþ. þ. 26. jan s. l. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Af ýmsum ástæðum hafa viðhorfin til vísitölubundinna lána breytzt m. a. vegna þess, að verðlagsuppbót er nú ekki lögbundin við kaupgreiðsluvísitölu. Það er nú í athugun, hvernig bregðast skuli við þessum nýju viðhorfum, en ákvörðun um þetta efni verður ekki tekin, fyrr en þessar athuganir liggja fyrir."

Síðan þessi fsp. var rædd, hafa nú liðið 6 vikur, og það ætti því að hafa gefizt tóm til að athuga mál þetta með hliðsjón af breyttum ástæðum.

En höfuðrökin fyrir því að fella niður vísitölugreiðslur á afborganir og vexti húsnæðislána eru auðvitað fyrst og fremst þau, að ekkert samband — ekkert lögboðið samband a.m.k. — er lengur á milli kaupgjalds og framleiðslukostnaðar. Ég tel víst, að þegar samið var af hálfu verkalýðsfélaganna um þessar álögur á húsnæðislánin, hafi það verið gert í trausti þess, að þetta samband héldist, og a. m. k. voru þessir samningar gerðir á sama tíma og tekið var upp að nýju sambandið milli kaupgjalds og verðlags.

Í öðru lagi mælir það með samþykkt þessarar till., að vegna nýgerðrar gengisfellingar hefur byggingarkostnaður hækkað stórkostlega. Mig minnir, að hæstv. félmrh. hafi í áminnztri ræðu 26. jan. áætlað hækkunina í Breiðholtshverfinu vegna gengislækkunarinnar einnar 12%. Þessi hækkun byggingarkostnaðar skellur nú með fullum þunga á þeim, sem eiga að greiða vísitölulánin, eftir að vísitalan hefur þó verið numin brott af tekjum þeirra og eftir að atvinnuástandið hefur rýrnað svo mjög sem raun ber vitni og er nú á allra vörum.

Í þriðja lagi tel, ég, að það séu rök í þessu máli, að þrátt fyrir samþykkt l. frá Alþ. um verðtryggingu fjárskuldbindinga hafa þau ekki komið til framkvæmda í sambandi við nein önnur lán svo að máli skipti, en þessi húsnæðislán. Og eftir því sem ég bezt veit um þá verðtryggingu, hafa ráðamenn í þeim málum nú algerlega horfið frá því að verðbinda útlán, enda þótt einhverri verðtryggingu sparifjár kunni að verða komið á, verður kostnaði við hana mætt á annan hátt.

Ég tel, að það sé ósanngjarnt, að það séu þeir menn einir, sem hið opinbera er að hjálpa til þess að reisa húsnæði fyrir sig og sína, sem bera þessa viðbót á lán sín og á afborganir og vexti. Og um þetta fjallar a- og b-liður viðaukatill. minnar á þskj. 318. Í a-lið er lagt til að fella niður þriðja málslið c-liðs 7. gr. laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, þar sem þetta ákvæði var tekið upp, og í b-lið er svo gert ráð fyrir því, að þeim lánssamningum, sem þegar hafa verið gerðir við húsbyggjendur, verði breytt á þann hátt, að hækkun eða lækkun á ársgreiðslum samkv. vísitölu falli niður. En c-liður brtt. er um það, að ríkissjóður skuli bæta Húsnæðismálastofnun ríkisins þann tekjumissi, sem hljótast kann af breytingum þeim, sem gerðar verða á lánssamningum samkv. 3. gr. Þetta ákvæði er nauðsynlegt að taka upp líka, ef að þessu verður horfið, vegna þess að byggingarsjóður hefur tekið að láni fé með þessum kjörum og hann getur ekki mætt því án aðstoðar. Þegar skyldusparnaður var lögleiddur hér fyrst, að því er mig minnir 1957, var þegar sett í l. ákvæði um það, að skyldusparnaður ungs fólks skyldi vísitölutryggður, og það er vitanlega sjálfsagt réttlætismál, því að það er ekki hægt að skylda fólk til að spara og rýra sparifé þess á sama hátt og gert er við þá, sem spara af fúsum og frjálsum vilja. Enn fremur hefur byggingarsjóður tekið nokkurt fé að láni með vísitölukjörum, og þetta verður hann að fá bætt.

Ég vil sérstaklega minna á það, áður en ég lýk máli mínu, að það er vitanlega ekki ætlunin með flutningi þessarar tillögu, að vextir af húsnæðislánum verði hækkaðir, þó að vísitöluálagið verði fellt burtu. Það kemur auðvitað að mjög takmörkuðu gagni fyrir þá, sem þessi lán hafa, ef að því ráði verður horfið. Ég legg áherzlu á, að hið opinbera — við, ríkið, ísl. ríkið — verði, eins og alls staðar annars staðar er gert, að tryggja fjármagn til þess að byggja fyrir íbúðir og lána það með þeim kjörum, að fólk geti almennt risið undir því að eiga meðalíbúð.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þetta mál meira en orðið er. Ég vil aðeins leyfa mér að bera fram þá till., vegna þess að hæstv. félmrh. hefur boðað fjarvistir í dag, að þessari umr. verði frestað, ef vera kynni, að hæstv. ráðh. vildi láta í ljós einhverja skoðun á þessu máli nú við 2. umræðu þess.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Ed., 7. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég gat nú ekki verið við fyrri hlutann af þessari umr. Ég var annars staðar í þinginu. En í sambandi við flutning brtt. hv. 11. þm. Reykv., sem hér er til umr., þá vildi ég aðeins lýsa því hér yfir, að ég tel, að það sé mjög óráðlegt að breyta með svo skjótum hætti því ákvæði núverandi lánareglna Húsnæðismálastofnunarinnar, sem er gert ráð fyrir að breyta samkv. till hv. þm. — sér í lagi að því er varðar afborgunarskilmála, vexti og vísitöluákvæði um

verðtryggingu þeirra lána, sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum.

Ég hef lýst því áður hér í umr. í hv. þd., að þetta mál er til sérstakrar athugunar og stendur frumvarpssmíði yfir nú.

En nú stendur yfir samningagerð milli verkalýðssamtakanna og vinnuveitenda. Vegna þessara yfirstandandi vinnudeilna teldi ég mjög óráðlegt að breyta þessu ákvæði nú svo viðkvæmt, sem það er, og til komið á sínum tíma í kjarasamningum verkalýðssamtakanna, eins og hv. þm. er kunnugt.

Af framangreindum ástæðum legg ég eindregið til, að umræddar brtt. verði felldar, en geri ráð fyrir, að ekki þurfi að líða mjög langur tími, þangað til till. ríkisstj. í þessu efni geti séð dagsins ljós.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að undirtektir hæstv. félmrh. undir brtt. þá, sem hér er til umr., valda mér og vafalaust mörgum öðrum miklum vonbrigðum. Þegar húsnæðismálin voru rædd hér á fundi Sþ. ekki alls fyrir löngu, eins og var rifjað upp í fyrri hl. umr., þá gaf hæstv. ráðh. yfirlýsingu, sem flestir skildu á þann veg, að hann væri á því máli, að þessi ákvæði væru orðin ósanngjörn, aðstæður væru breyttar og það bæri að fella þau úr gildi. Nú segir hæstv. ráðh., að það sé óráðlegt að breyta ákvæðum laganna með svo skjótum hætti og að það sé frv. í undirbúningi til þess að breyta þessu.

Það þarf ekkert frv. Það þarf ekkert annað en þá brtt., sem hér hefur verið lögð fram. Málið er ákaflega einfalt. Það var tekið upp með einni grein í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins eftir júní-samkomulagið 1964, og það er alveg eins hægt að fella það niður á sama hátt. Það þarf að mínum dómi enga frumvarpssmíð til þess. Og ef það er bara það, sem stendur á, þá verð ég að segja, að þetta sé ekkert annað en fyrirsláttur — get ekki orðað það öðruvísi.

Brtt. er í þrem liðum: 1) að fella niður í væntanlegum húsnæðismálasamningum ákvæði um vísitölugreiðslur á vexti og afborganir, 2) að fella þau ákvæði niður úr gildandi húsnæðismálasamningum og 3) að sjá byggingarsjóði fyrir tekjum á móti þeim teknamissi, sem hann á þennan hátt verður fyrir. Og ég sé ekki betur en þessi verðlagsvísitöluákvæði á lánin séu afnumin með því að samþykkja þessa brtt. og það sé engin ástæða til þess að velta þessu lengur fyrir sér, ef menn á annað borð vilja gera þetta. Það er mergurinn málsins. Ég og margir aðrir skildum hæstv. félmrh. svo, að hann vildi gera þetta.

Hann sagði, hæstv. ráðh., að þessi breyting gæti orkað á lausn vinnudeilunnar. Það tel ég alveg vafalaust . . . (Gripið fram í.) Ég bið afsökunar, ef ég hef rangt eftir hæstv. ráðh., en mér fannst, að hann talaði um þessi mál í sambandi við lausn vinnudeilunnar, en það er víst bezt að tala varlega. Ég er alveg á því, að þessi mál hafi mikla þýðingu í sambandi við þá vinnudeilu, sem nú stendur yfir. Það er vissulega alveg hárrétt hjá hæstv. félmrh. En markmið okkar allra er alveg vafalaust að leysa þessa vinnudeilu, og ég er alveg viss um það, að þessi niðurfelling ákvæðanna um vísitölu á húsnæðismálalánin getur ekki haft önnur áhrif á vinnudeiluna en þau að greiða fyrir lausn hennar, svo að það finnst mér einnig ástæða til að athuga í sambandi við þessa brtt.

Ég sé enga ástæðu til að ræða þetta í löngu máli. Þetta er einfalt, og skal ég því láta þessi orð nægja.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég fellst alveg á það hjá 11. þm. Reykv., að óþarft er að ræða þetta atriði í löngu máli. Ég vil í upphafi þessara orða minna leiðrétta það, sem hann hafði eftir mér, að ég teldi, að lausn vinnudeilunnar gæti legið í þessu. Orð mín bar að skilja svo — hafi það ekki verið ljóst — að þetta ákvæði varð til á sínum tíma í sambandi við lausn kjaramála og niðurstaðan um það, með hvaða hætti vísitöluálag yrði á lán í framtíðinni, gæti m. a. haft áhrif á gang þessa máls, svo að þar er hlutunum gersamlega snúið við.

Hann talar um, að það sé fyrirsláttur af minni hendi að vilja koma í veg fyrir þessa breytingu nú, þar sem ég hafi látið í það skína í Sþ. fyrir skömmu, að ég teldi, að það ætti að leggja niður vísitöluákvæði á núgildandi húsnæðismálalánum. Það, sem ég sagði í Sþ. á sínum tíma, get ég — afar vel — endurtekið hér enn.

Ég tel, að þetta ákvæði með hliðsjón af breyttum aðstæðum þurfi endurskoðunar við. Ég sagði þá einnig í Sþ., um leið og ég lýsti þessum áhuga mínum fyrir endurskoðun, að það kæmi m.a. af því, að þegar þetta ákvæði var sett í lög á sínum tíma, þá var fyrir því hugsað, að almenn verðtrygging ætti sér stað á lánum til langs tíma. Þetta ákvæði þess frv., sem flutt var sérstaklega um það efni, hefur aldrei komizt í framkvæmd. Það er ein af höfuðástæðunum fyrir því, að ég tel að endurskoða þurfi þetta ákvæði húsnæðismálalaga, en að gera það með svo snöggum og einföldum hætti — að segja bara, að ríkissjóður, sem ekkert hefur á fjárlögum til þeirra hluta, eigi að borga tekjumismuninn. Það er óábyrgari afstaða en svo, að ég hefði trúað því, að hv. þm. stæði að flutningi slíkra till.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 318 felld með 10:9 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Ed., 12. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 74. fundi í Nd., 12. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er nánast samhljóða frv. því um verkamannabústaði, sem vísað var til 2. umr. fyrir örfáum dögum, en þetta frv. fjallar um hliðstæð ákvæði í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Frv. þessi eru bæði flutt, svo sem fram kemur í grg. þeirra, til að tryggja sölurétt þeirra íbúða, sem byggðar eru á vegum þessara kerfa, og til þess að koma í veg fyrir, að íbúðir þær, sem eru smíðaðar á þeirra vegum, geti komizt á almennan sölumarkað, þar sem framboð og eftirspurn ræður verðlagi. Þetta þykir eðlilegt og nauðsynlegt nú vegna nýfallins hæstaréttardóms, sem féll 30. nóv. 1966, en í þeim dómi þykja vera bornar brigður á þessi ákvæði, sem um áraraðir hafa þó gilt og voru í huga manna við setningu þessara laga. Ég tel, að óþarft sé að hafa um frv. fleiri orð, nema sérstakt tilefni gefist til, en legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 82. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 226, n. 401).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég get að mestu vísað til þeirra orða, sem ég mælti hér áðan fyrir frv. til breyt. á l. um verkamannabústaði, þar sem frv. það, sem hér liggur fyrir til breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, lýtur að hinu sama, þ.e. að taka af öll tvímæli um það, að stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar eigi forkaupsrétt að íbúðum, sem eru byggðar samkv. reglum um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, og sömuleiðis að þeim íbúðum, sem eru byggðar eftir reglum um lán til láglaunafólks í verkalýðsfélögum, þegar íbúðirnar eru seldar, jafnvel þó að þær fari á nauðungaruppboð, og vísa ég til aths. um lagafrv., þar sem þetta er nánar skýrt og þm. hafa ugglaust kynnt sér.
Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá Ed. og hefur verið lagt fram í þessari d. Tveir nm., Jón Skaftason og Stefán Valgeirsson, áskildu sér rétt til þess að fylgja brtt., ef fram koma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 435).

---

27. Tímareikningur á Íslandi.

Á 57. fundi í Nd., 5. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um tímareikning á Íslandi [120. mál] (stjfrv., A. 255).

Á 58. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Nd., 8. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ekki alls fyrir löngu barst ríkisstj. erindi frá þeim stjarnfræðingunum dr. Trausta Einarssyni, prófessor, og dr. Þorsteini Sæmundssyni, sem veita forstöðu útgáfu hins íslenzka almanaks, og í því gerðu þeir till. um nýja almenna skipun á tímareikningi á Íslandi. Eftir að ríkisstj. hafði kynnt sér till. þessara vísindamanna, þótti henni eðlilegt að leggja fram þetta frv. á Alþ., þetta frv. til l. um tímareikning á Íslandi, sem byggir á skoðunum þeirra. En við höfum tvenn lög um tímareikning eða ákvörðun tímans, eldri lög frá 1907 og svo lög frá 1917 um heimild handa ráðuneyti Íslands til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, þ.e. að ráðuneytið mætti ákveða hann: Ráðuneyti Íslands heimilast að ákveða með reglugerð breytingu á tímareikningi á Íslandi. Og samkv. þessari heimild í lögum frá 1917 hefur á síðari árum verið hér svokallaður sumartími — eða klukkunni hefur verið flýtt meiri hluta ársins — en annar tími á vetrum.
En samkv. þessu frv. er lagt til samkv. 1. gr., að hvarvetna á Íslandi skuli telja stundir árið um kring eftir miðtíma Greenwich, en það yrði þá íslenzkur staðaltími eða „ standard time“ hér, en sá tími er um leið hinn svokallaði heimstími eða „ universal time“. Þetta mundi þýða í framkvæmd í einföldum orðum það, að sumartíminn, sem við höfum haft mundi gilda allt árið um kring, og miðað við aðrar þjóðir yrði niðurstaðan sú, að Bretar hafa nú ákveðið að taka upp hjá sér einnig breytingu á tímareikningi og samræma sinn tíma Mið-Evróputíma, en við mundum þá allt árið um kring vera einni klukkustund á eftir þessum tíma, en tímabilið alltaf það sama.

Það er talið að ýmsu leyti mikið hagræði að þessu fyrir margra hluta sakir — vegna vísindalegra útreikninga, vegna veðurathugana og vegna samgangna, sérstaklega flugvéla í millilandaflugi og annars slíks. Auk þess er í grg. gerð grein fyrir því, hvaða áhrif þetta hefur á nýtingu birtutímans annars vegar á sumrin og einnig á vetrum, og skal ég ekki fara út í það. Það er, eins og þeir vísindamennirnir gera grein fyrir, ýmislegt, sem mælir með og annað á móti, en þeirra niðurstaða verður þó sú, að þegar á allt er litið, eru fleiri rök, sem hníga að því að taka upp það fyrirkomulag, sem þetta frv. ber með sér.

Ég get getið þess, að af hálfu þessara tveggja manna var gerð eins konar skoðanakönnun í smáum stíl og viðhorf manna hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum kannað, og án þess að ég vilji frekar gera grein fyrir því — því að til þess er ekki ætlazt af hálfu þessara manna — má segja, að í langflestum tilfellum hafi skoðanir manna hnigið að því, að það væri eðlilegra að taka upp þessa skipun heldur en þá, sem við höfum búið við. Hér er um að ræða atriði, sem áður hefur verið ákvarðað í löggjöf, og það er sem sé af hálfu ríkisstj. lagt fyrir þingið.

Ef það kæmi í ljós hér, að meiri hl. þm. væri samþykkur þessu frv., sem hér liggur fyrir, væri æskilegt, að það fengi sæmilega hraða afgreiðslu í þinginu og yrði þá miðað við það, að sumartíminn, sem ákvarðaður yrði í vor venju samkv., yrði sá fasti staðaltími hér — eins og 1. gr. þessa frv., sem þá kynni að geta verið orðin að lögum, mælir fyrir um.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að þessu máli verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 225, n. 315).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um tímareikning á Íslandi og er aðalefni þess, að frá og með 7. apríl n. k. skuli gilda hér jafnt sumar sem vetur svonefndur sumartími eða flýtt klukka. Rökin fyrir þessu er að finna í fskj. með frv., og þar sem þm. hafa vafalaust kynnt sér þau og þetta var sömuleiðis allmikið rakið hér við 1. umr. málsins, sé ég ekki ástæðu til þess að rekja það frekar, en allshn. Nd. hefur fjallað um frv. og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara og vil með örfáum orðum gera grein fyrir honum. Eins og fram kemur í þskj., felst það í þessu frv., að klukkan skuli vera jafnfljót allt árið, og nánar tiltekið felst það í því, að framkvæma skuli þetta á þá leið, að fljóta klukkan, sem hefur verið notuð að sumrinu, eða hennar tímatal skuli einnig gilda að vetrinum, þ.e. að klukkan verði allt árið klukkustund fljótari en hún var hér fyrrum.

Nú er mér það ljóst, eins og öðrum nm., að það kunni að vera til hagræðis að hafa sama tíma allt árið. Hins vegar er ég ekki óhræddur um það, að þetta — að hafa flýtta klukku á vetrum — kunni að verða til nokkurra óþæginda. Hef ég þá sérstaklega í huga lítil börn, sem fara snemma í skóla. Þess vegna hef ég gert þennan fyrirvara. Hann táknar í raun og veru það, að ég vil láta líta svo á, að þessi breyting gildi til reynslu og þetta atriði verði sérstaklega endurskoðað síðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 64. fundi í Ed., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta mál um tímareikning á Íslandi er komið frá Nd., og var um það góð samstaða í þeirri d. Ég leyfi mér því að vænta einnig góðrar samstöðu hér í þessari hv. d. og skjótrar afgreiðslu málsins, en mál þetta er flutt af hálfu ríkisstj. eftir till. þeirra vísindamanna, sem hafa með útreikning tímans að gera, eins og nánar er gerð grein fyrir í grg. þeirra sérfræðinganna dr. Trausta Einarssonar, prófessors, og dr. Þorsteins Sæmundssonar.

Meginefni málsins er að hverfa frá því skipulagi, sem við höfum haft hér að breyta klukkunni tvisvar á ári og taka upp það fyrirkomulag, að sumartíminn, sem svo hefur verið kallaður, verði í gildi hér að staðaldri, en það þýðir það, að klukkunni mundi eftir okkar gamla lagi verða flýtt í vor og sá tími yrði svo áfram staðaltími hér, en það jafngildir því að telja stundir árið um kring eftir miðtíma Greenwich, eins og segir í 1. gr., en miðtími Greenwich er einnig kallaður heimstími, og mundi þá ísl. staðaltími jafnframt samsvara „universal time“, eins og það er orðað. Það er gerð ítarleg grein fyrir þessu máli í fskj., sem fylgja frv., frá þeim vísindamönnum, sem gert hafa till. um þetta til ríkisstj., og vil ég leyfa mér að vitna til þess, því að ég hygg, að það sé ekki mikið álitamál, að kostir þess að breyta til, eins og hér er gert ráð fyrir, séu töluvert þyngri á metunum en þeir ókostir, sem því fylgja og eru nokkrir.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 255, n. 362).

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar frv. til l. um tímareikning á Íslandi, 120. mál. Á þskj. 362 skilar nefndin shlj. áliti og mælir með samþykkt frv. óbreytts. Tveir nm., þeir hv. 4. þm. Sunnl. og hv. 11. þm. Reykv., voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Lagafrv. þetta kveður svo á, að 7. apríl n.k. skuli klukkunni flýtt um eina klukkustund, eins og verið hefur um mörg undanfarin ár samkv. heimild í lögum frá 1917. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að halda þessum breytta tíma áfram sem fastri tímaákvörðun. Í aths. við frv. kemur fram, að lagafrv. þetta er samið að fengnum till. stjörnufræðinganna dr. Trausta Einarssonar og dr. Þorsteins Sæmundssonar, og í fskj. frá þeim kemur fram, að gripið hefur verið til sumartíma víðast hvar í Evrópu og víðar í tveim síðustu heimsstyrjöldum. Í fskj. stjörnufræðinganna eru dregnir fram ótvíræðir kostir þess að hafa sama tímatal allt árið, og eru mörg dæmi þess, að ruglingur hafi hlotizt af með breytingum, eins og verið hefur. Eftir því sem flugið hefur færzt í aukana á Íslandi og einnig vegna margs konar vísindalegra mælinga, sem þarf að gera varðandi veðurathuganir o.fl., hefur þörfin á að hafa óbreytt tímatal allt árið orðið enn meira áberandi.

Herra forseti. Það er álit allshn., að frv. þetta sé til mikils hagræðis, og hún mælir því með samþykkt þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 436).

---

28. Stjórnarskipunarlög (stjfrv.).

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944 [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Ed., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta var samþ. á síðasta Alþ., og í kosningunum í sumar varð ekki vart neins ágreinings um efni þess. Má því telja ljóst, að kosningarnar hafi sýnt þann þjóðarvilja, að sú breyting á stjórnarskránni skuli ná fram að ganga, sem í frv. felst.

Ég tel því sjálfsagt, að frv. verði samþ. á því Alþ., sem nú er hafið. Ég legg til, að frv. verði að aflokinni 1. umr. vísað til hv. allshn. Það er ljóst, að í kjölfar þessa frv. verður að fara fram bæði breyting á kosningalögum og eins nokkrum öðrum lögum varðandi stöðu ungs fólks. Óeðlilegt er að veita þeim kosningarrétt, nema aldurshámark sé lækkað í nokkrum öðrum tilfellum, og er það til athugunar í ríkisstj. að semja slík frv. og bera þau fram, jafnskjótt og tími vinnst til.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 66).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um breytingu á 33. gr. stjórnarskrárinnar á þá lund að lækka aldursmark við kosningar til Alþ. úr 21 ári í 20 ár. Jafnframt felst í frv., að 5 ára búseta í landinu sé ekki skilyrði fyrir kosningarrétti. Á síðasta Alþ. var shlj. frv. borið fram af ríkisstj. og samþ. En þar sem hér er um breytingu á stjórnarskránni að ræða, þarf samþykki tveggja þinga með alþingiskosningum á milli, til þess að breytingin öðlist stjórnskipulegt gildi. Af þeim sökum er þetta frv. flutt hér á nýjan leik.

Hinn 22. apríl 1966 var samþ. á Alþ. þál., er mælti svo fyrir, að gerð skyldi athugun á því, hvort ekki væri tímabært og æskilegt að lækka kosningaraldurinn, og yrðu þá jafnframt endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir í lögum á réttindum unga fólksins. Þessi athugun var síðan framkvæmd af 7 manna nefnd, sem Alþ. kaus. Meginniðurstaðan af athugun þessarar nefndar er svo frv. það, sem hér liggur fyrir.

Hér á landi hefur kosningarréttur til Alþ. miðazt við 21 árs aldur frá því árið 1934, en þá var hann lækkaður úr 25 árum. Í Evrópu og Ameríku hefur þróunin verið í þá átt síðustu áratugina að lækka kosningaraldurinn. Að vísu er hann víðast hvar bundinn við 21 árs aldur nú, en er þó sums staðar kominn niður í 18 ár. Það orkar ekki tvímælis, að unga fólkið nú á dögum gerist virkir þegnar þjóðfélagsins fyrr en áður tíðkaðist. Það fer fyrr að heiman, stofnar fyrr til hjúskapar og heimilis-

halds og sjálfstæðrar atvinnu. Það aflar sér meiri tekna og hefur í reynd sjálfstæðari fjárhag en jafnaldrar þess höfðu fyrir 10—20 árum. Með frv. þessu er réttilega viðurkennt, að tvítugt fólk hafi til að bera þroska og þekkingu til þess að hafa áhrif á gang þjóðmálanna með því að kjósa til Alþ. Þessi niðurstaða styrkist af þeirri staðreynd, að ýmis hagsmunamál unga fólksins eru nú á tímum ofar á baugi í stjórnmálabaráttunni heldur en áður var. Menn greinir að vísu á um það, hvort unga fólkið sjálft óski eftir þessari rýmkun kosningarréttarins. Sumir telja, að unga fólkið sé áhugalítið um stjórnmál. Ég er hins vegar sannfærður um það, að þegar kosningaraldurinn hefur verið á annað borð færður niður, mun þetta unga fólk fullmóta stjórnmálaskoðanir sínar af íhygli og ábyrgðartilfinningu, mæta vel á kjörstað og neyta þess réttar, sem því er veittur.

Í kjölfar þeirra breytinga, sem frv. þetta felur í sér, hljóta að fylgja samsvarandi breytingar á aldurstakmörkum í lögum og réttindum ungs fólks, svo sem lækkun aldursmarks við sveitarstjórnarkosningar og lækkun lögræðisaldurs. Frv. um þessi efni hafa nú fyrir skömmu verið lögð fram hér á Alþ.

Um frv. það, sem hér liggur fyrir til breytinga á stjórnarskránni, hefur náðst víðtæk samstaða stjórnmálaflokkanna. Samþykkt frv. mun tryggja það, að við næstu alþingiskosningar njóti þeir, sem þá eru tvítugir að aldri kosningarréttar og kjörgengis. Frv. þessu var vísað til allshn., og var n. sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ. svo sem fram kemur í nál. á þskj. 66.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 18. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir í dag væntanlega til endanlegrar afgreiðslu í þessari d., er ekki líklegt til að valda stórbyltingum í þjóðlífi Íslendinga. Mér skilst, að árangur þess gæti orðið sá, að fjórða hvert ungmenni í þessu landi fengi að greiða atkv. við alþingiskosningar einu ári fyrr en ella hefði orðið. Þetta er sjálfsagt til bóta og er sízt að lasta það. Ég ætla ekki að fjölyrða um sjálft frv., en mig langar til, fyrst stjórnlög landsins eru á annað borð á dagskrá hjá okkur, að nota tækifærið til að minnast á önnur atriði í sambandi við endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Ég ætla þó ekki að fara að krefja hæstv. ríkisstj. um skýrslu um árangur af starfi þeirra lærðu nefnda, sem settar hafa verið á undanförnum áratugum til almennrar endurskoðunar stjórnarskrárinnar, og þurfa þeir, sem þar eiga hlut að máli, ekki að óttast neitt fjölmæli af minni hálfu í því efni. Ég held líka, að heppilegasta leiðin við endurskoðun stjórnlaga sé ekki sú, sem gefin var bending um með þeirri nefndaskipun, að láta fara fram allsherjarendurskoðun stjórnlaganna, heldur eigi að fara sér hægt, breyta ekki nema einu eða fáum atriðum í senn og taka þau atriði fyrir, þar sem þjóðin finnur, að skórinn kreppir. Ég mun nefna þrjú atriði.

Hið fyrsta var það, að í upphafi Alþ. var á það minnzt, að ríkisstj. mundi hefja athugun á því, hvort rétt væri að koma hér á því skipulagi, að Alþ. yrði ein þingdeild í stað tveggja deilda, sem við nú höfum. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. hafi haft í ýmis önnur horn að líta, svo að hún hafi ef til vill átt erfitt með að koma þessu máli á dagskrá hjá sér. Herra forseti. Ég sé ekki neinn úr ríkisstj. hér á fundi, og ég er að beina máli mínu til hennar. (**Forseti:** Já, já. Ég skal láta ráðh. vita.) Mun ég gera hlé á máli mínu, meðan einhver þeirra er sóttur. (**Forseti:** Það er verið að gera ráðstafanir, til að ráðh. viti um ósk hv. ræðumanns.)

Herra forseti. Það gleður mig að sjá, að stjórnarbekkirnir eru ekki lengur auðir í þessari háu deild, og þess vegna mun ég snúa mér aftur að þeirri fsp., sem ég ætlaði fyrst að gera hér, þ. e. að spyrja hvort nokkuð hafi gerzt í því máli, sem minnzt var á í upphafi funda Alþ. í haust, að athugun yrði látin fara fram á því, hvort henta þætti að koma því skipulagi á, að ein þingdeild yrði hér á Alþ. í stað tveggja, sem við eigum við að búa nú að sinni. Ég er í sjálfu sér ekki að reka á eftir málinu, og ég skil það, að hæstv. ríkisstj. hefur haft í mörg önnur horn að líta, en mér og sumum öðrum er nokkur forvitni á því að vita, hvort flokkarnir hafi skipað fulltrúa til viðræðna um þetta mál.

Annað atriði, sem ég vildi gjarnan minnast á, er það, að endurskoðun á ákvæðum stjórnarskrárinnar um kjördæmaskipunina verður æ meira aðkallandi. Vissulega ávannst mikið með breytingunni 1959, en engan veginn nóg, ef við lítum á borgara þessa lands sem fólk, sem eigi jafnan rétt, hvar sem það er fætt og hvar sem það er búsett.

Kjósendum landsins hafði fjölgað úr tæpum 100 þús. við kosningarnar 1963 í rösklega 107 þús. við síðustu alþingiskosningar eða nákvæmar tiltekið um 7303 kjósendur. Af þessari fjölgun féll langmestur hlutinn á tvö kjördæmi, fyrst og fremst Reykjavík, en þar næst — og ekki langt á eftir — Reykjanes. Í Reykjavík hygg ég, að fjölgunin hafi verið sem næst því, að kjósendum í landinu hefði fjölgað almennt um nærri 7,5%, en í Reykjaneskjördæmi yfir 22%. Í öðrum hlutum landsins var fjölgunin nauðalítil og jafnvel í tveimur kjördæmum minni en engin. Tala kjósenda á hvern kjördæmakjörinn þm. var við síðustu kosningar hér í Reykjavík 3785, á Reykjanesi 3345, í Norðurl. v., á

Vestfjörðum og Vesturlandi að meðaltali 1168, og ef við tökum meðaltalið af Suðurlandi, Austurlandi og Norðurl. e., var það nokkru hærra eða 1368. M. ö.o.: íbúarnir í kjördæmunum þremur vestanlands, Norðurl. v., Vestfjörðum og Vesturlandi hafa þrefaldan kosningarrétt á við okkur, sem erum hér á suðvesturkjálkanum, og í eystri kjördæmunum, þar sem við köllum hér „austan fjalls", á Austurlandi og á Norðurl. e., hafa kjósendur 2½ atkv. hver á móti 1½ hér.

Geta menn fært nokkra skynsamlega ástæðu fyrir þessari mismunun? Geta menn sagt mér, svo að ég taki dæmi af ágætum bónda í mínu kjördæmi, sem fluttist hingað norðan úr hinu fagra Húnaþingi: Hvers vegna á hann að hafa 1 atkv., en fermingarbræður hans, sem búa álíka góðum búum í Þingi eða Vatnsdal, að hafa 3 atkv. miðað við hið eina, sem hann hefur? Þetta er ekki mælt til að hallmæla því fólki, sem býr á þessum stöðum. Það er hvorki verra né betra en við, sem hérna erum. Það er alveg sama fólkið, sama þjóðin. Það, sem ég vil halda fram í þessu efni, er, að það er ekki landslag, sem á að greiða atkv., heldur menn. M. ö. o. allt annað en jafnrétti í þessu efni er trú á stokka og steina — það eru stokkar og steinar, sem eiga að greiða atkv. í staðinn fyrir hið lifandi fólk.

Þetta mál verður að leysa, og því verður haldið vakandi, hvort það verður leyst með því að breyta þingmannafjölda þeirra kjördæma, sem nú eru, eða með því að skipta landinu í einmenningskjördæmi, kann að vera álitamál. Ég væri fyrir mitt leyti til viðtals um hvora leiðina, sem er, en þarna er nauðsyn, að hæstv. ríkisstj. hafi forystuna um endurskoðun, áður en hið nýja ranglæti, sem er að myndast og fer vaxandi með hverju árinu, verður þannig, að með engu móti verði við unað.

Þriðja atriðið, sem ég vil minnast á, er mjög ofarlega á baugi í umræðum manna á meðal þessa stundina. Það er í sambandi við forsetakjör það, sem fer í hönd innan nokkurra mánaða. Við forsetaembættið er, eins og við vitum, mikill tilkostnaður, og koma þó ekki öll kurl til grafar, þegar við lítum í þá grein í landsreikningi, sem kölluð er æðsta stjórn landsins; ef ég kann að lesa reikninginn — og vona ég, að það verði leiðrétt, ef ég hef mislesið — eru kýrnar á Bessastöðum á hærri launum en forsetinn, og það svo miklu munar.

Við höfum verið heppin í þessu landi með þá tvo ágætu menn, sem fyrstir hafa valizt til að gegna þessu virðulega embætti. Þetta eru vitrir og kurteisir menn, sem hafa sómt sér vel á þessum stað og haldið uppi virðuleik hans. En því verður ekki neitað, að verkefnin, sem stjórnarskrá Íslands ætlar forsetanum, eru nauðalítil og sú hætta vofir yfir, að erfitt verði til frambúðar að fá færa menn — og að fá æskilega menn — til að gegna því embætti. Mér er sagt, að að þessu sinni megi þó búast við því, að við fáum að velja um tvo unga og röska sveina, sem munu vera tilbúnir til að fórna sér fyrir þjóðina, en höfum við athugað, hvað við erum að heimta af þessum aumingja mönnum með því að loka þá þarna inni verkefnalausa? Og nú vill svo illa til með báða þessa menn, að þeir hafa báðir lokið doktorsprófi og geta því ekki einu sinni haft það sem tómstundaiðju að búa sig undir þá vegtyllu — hvor þeirra, sem situr þarna næstu árin.

Í þessu sambandi langar mig til að minna á það, að á seinni árum hefur sá — að mínum dómi heppilegi siður — komizt á, að í langflestum tilfellum hefur forsrh. ekki sinnt öðrum rn., og á þetta við, ef ég man rétt, um fjóra forsrh., sem embættinu hafa gegnt síðustu áratugi. Ég tel þetta, eins og málum er farið nú, mjög heppilega aðferð, ekki sízt þegar um samsteypustjórnir er að ræða eins og hætt er við, að við munum eiga við að búa næstu áratugi. Undir þessum kringumstæðum mundi ég álíta, að forsrh. væri engin ofætlun að taka á sig jafnframt þau störf, sem nú eru ætluð forseta landsins.

Ég ber ekki fram á þessu þingi till. um breytingu á stjórnarskránni í þessa átt, en ég álít, að slíka till. þurfi að undirbúa. Það eru fáein vandamál í því sambandi einkum vegna ástands, sem gæti stundum skapazt í stjórnarkreppu eða við fráfall forsrh. o. s. frv., og það ber að skoða í góðu tómi, hvernig heppilegast væri að leysa þau vandamál. Með góðum vilja er ég þess fullviss, að hinu háa Alþ. tækist það vel, og ég skora á hæstv. ríkisstj. að beita sér fyrir því og í sem beztri samvinnu við alla flokka þingsins.

Að svo mæltu er ég tilbúinn, herra forseti, til að leggja mitt litla lóð á vogarskálina, til þess að hið litla frv., sem fyrir deildinni liggur, komist úr deildinni.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður spurði, hvað hæstv. ríkisstj. hefði aðhafzt varðandi það atriði stefnuyfirlýsingar sinnar að stefna að því, að Alþ. yrði framvegis ein þingdeild.

Ríkisstj. hefur rætt þetta mál nokkrum sinnum og ákveðið að hafa um undirbúning þess samráð við formenn þingflokkanna og forseta Alþ. Af þeim viðræðum við formenn stjórnarandstöðuflokkanna og forseta Alþ. hefur enn ekki orðið sakir margvíslegra anna ríkisstj. og þings, en gera má ráð fyrir, að þessu þingi ljúki ekki, án þess að stofnað verði til þessara viðræðna.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er vissulega alveg rétt, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Reykn., að sú endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem boðuð var strax við lýðveldisstofnunina, hefur verið æðilengi á leiðinni og ekkert útlit fyrir, að hún sjái dagsins ljós í náinni framtíð a.m.k. Eins og er, búum við við stjórnarskrána svo til alveg óbreytta frá því sem hún var, þegar við vorum hluti af Danaveldi og í stjórnarskránni stóð „konungur landsins" í staðinn fyrir „forseti" nú. Að vísu hafa verið gerðar nokkrar breytingar á kjördæmaskipuninni, þegar það hefur þótt heppilegt, en engin heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar hefur farið fram.

Nú vill svo vel til, að einn af þm. stjórnarflokkanna hefur gerzt sérstakur talsmaður þess að a.m.k. þrem atriðum í stjórnarskránni yrði breytt, og þá má kannske búast við því, að þessi mál komist á einhvern rekspöl. En ég tel rétt, úr því að farið er að ræða þessi mál hér, að minna á það, að á síðasta Alþ. 1967 var flutt till. til þál. um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Hún var flutt af Karli Kristjánssyni, sem þá átti sæti hér í þessari hv. d., en er nú ekki hér lengur. Í þessari þáltill. er drepið á níu atriði, sem þurfi endurskoðunar við.

Ég skal ekki þreyta hv. dm. með því að rifja upp, hvaða atriði þetta eru að öðru leyti en því, að þau þrjú atriði, sem hv. 4. þm. Reykn. gerði sérstaklega að umtalsefni, er öll þarna að finna. Þessi till. fékk engar undirtektir á síðasta hv. Alþ. Hún var send til nefndar og kom þaðan aldrei aftur, og vitanlega voru það þeir, sem þá studdu hæstv. ríkisstj. hér á Alþ., sem réðu þeirri afstöðu. Þessi till. hefur enn ekki verið flutt að nýju, en síðustu atburðir hér í þessari hv. d. virðast vissulega gefa tilefni til þess, að það verði nú tekið til endurskoðunar, hvort ekki sé rétt að flytja till. að nýju, annaðhvort í sinni upprunalegu mynd eða aðeins breyttá í nokkrum atriðum.

Þessi þrjú atriði, sem hv. 4. þm. Reykn. gerði að umtalsefni eru:

Skipting Alþ. í deildir. Um það segir í þessari þáltill., með leyfi forseta:

„Áreiðanlega orkar mjög tvímælis, að rétt sé að skipta Alþ. í tvær málstofur. Sérstakur grundvöllur var fyrir skiptinguna, meðan ekki var kosið með sama hætti til beggja deildanna.

Tvær málstofur lengja þinghaldið."

Og síðan segir: „Sennilega væri hægt að finna önnur ráð en deildaskiptinguna til að tryggja vandvirkni".

Það er sem sé till. þessa flm., að það verði mjög athugað að leggja deildaskiptinguna niður. Eins og hv. 4. þm. Reykn. vildi gera að sínu máli, eftir því sem mér skildist, og eins og hæstv. menntmrh. tilkynnti raunar, að mundi verða athugað af hálfu ríkisstj., áður en þessu þingi lýkur.

Annað atriðið, sem hv. 4. þm. Reykn. gerði að umtalsefni og er einnig að finna í þessari till., er kjördæmaskipunin. En um hana segir þar í grg., með leyfi forseta:

„Kjördæmaskipunin og þingmannakjörsreglurnar, sem 31. gr. stjórnarskrárinnar segir fyrir um, eru aðalgrundvöllur stjórnmálalífsins í landinu.

Hvort ýtir þessi grundvallarskipan undir samstöðu eða sundurþykki? Og hvort er heppilegra, að slík skipan geri?

Allir geta séð, að hlutfallskosningar í stórum kjördæmum ýta sterklega undir flokkadrátt, og uppbótarsætin, sem þingflokkar hljóta til jöfnunar í ofanálag með útreikningi fyrir allt landið, herða á flokkadrættinum og gera hann að verulegu leyti að blindingsleik.

Afleiðing er líka: Fjórir minnihlutaflokkar á Alþ. Engin skilyrði til að mynda ríkisstj. nema samsteypustjórn með þeim hrossakaupum, er slíkum stjórnarmyndunum fylgja. Varla nokkur hrein lína fyrir kjósandann að átta sig á.

Lýðræðið krefst jafnréttis fyrir þegnana til stjórnarfarsáhrifa, en þarfnast eigi að síður aðhalds til að lenda ekki í sundrungu og glundroða. Hið svonefnda tveggja flokka kerfi virðist henta því bezt. Grundvöllur þess kerfis eru einmenningskjördæmi. Þau leiða af sér það kerfi, en það knýr til heilsteyptara og ábyrgara stjórnarfars. Bretar eru þar til fyrirmyndar.

Áríðandi er að taka þessi málefni, svo fljótt sem unnt er, til endurskoðunar með raunhæfri viðsýni og hefja þau yfir sérhagsmuni flokka og dægurmálaþras."

Nú kom það fram hjá hv. 4. þm. Reykn., að hann gat hugsað sér hvort, sem vera skyldi, meiri jöfnun samkvæmt hlutfallskosningafyrirkomulaginu, sem hér er við haft nú, eða þá að skipta landinu í einmenningskjördæmi.Hvort tveggja er að sjálfsögðu ekki hægt að gera, og menn verða að gera það upp við sig, hvort þeir vilja hafa einmenningskjördæmafyrirkomulag eða hvort þeir ætla sér að halda áfram því hlutfallskosningafyrirkomulagi, sem nú er við haft með uppbótarsætunum og öllu því, sem þessu fyrirkomulagi fylgir. Ég held, að það sé mjög áríðandi, að þm. fari að gera upp hug sinn í þessu efni og að það sé rétt athugað hjá hv. 4. þm. Reykn., að endurskoðun þessa máls megi ekki dragast mikið lengur úr þessu.

Þriðja umræðuefnið var svo forsetaembættið, sem hv. þm. gerði að umtalsefni. Um það er einnig fjallað í áðurnefndri þáltill. á svipaðan veg og hv. þm. einmitt gerði — sem sé að það þurfi að gæta þess að gera stjórnarformið ekki að óþörfu of dýrt og of þungt í vöfunum, og þess vegna er lagt til, að það verði lagt niður, en um það segir svo:

„Í því, sem hér hefur sagt verið, felst síður en svo ádeila á þá forseta, sem hingað til hafa gegnt þeirri háu stöðu á Íslandi. Hér er rætt um embættið, en ekki forsetana. Segja má með sanni, að þeir hafi notið mikilla og verðskuldaðra vinsælda. En þær persónubundnu vinsældir má einmitt alls ekki láta hafa áhrif á mat á stjórnarforminu við endurskoðunina."

Þetta eru þau þrjú atriði, sem mér fannst rétt að minna á úr þessari þáltill., sem flutt var af Karli Kristjánssyni á síðasta Alþ., vegna þess að þau mál hafa nú verið gerð sérstaklega að umtalsefni. Að öðru leyti mun ég ekki ræða það frv., sem hér er á dagskrá, og aðeins minna á það, að það hefur alveg nýlega verið gerð tilraun til þess að fá fram umr. um stjórnarskrána og endurskoðun á henni. Það hefur fram að þessu verið flutt fyrir daufum eyrum, en nú má vænta þess, að a. m. k. sumir úr þingliði stjórnarflokkanna muni vera til viðtals um þessar breytingar, og ber vissulega að fagna því.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta var samþ. á síðasta þingi og ber samkv. stjórnarskránni að leggja það fyrir þetta þing aftur til endanlegrar samþykktar. Svo var gert í upphafi þingsins, en það hefur legið hjá hv. Ed. þangað til núna, og var þó, að því er ég hygg, enginn efnislegur ágreiningur um málið þar. Slíkur ágreiningur kom heldur ekki fram, svo að teljandi væri við alþingiskosningarnar á s. l. sumri, og sýnist því einsætt að afgreiða málið nú, og vildi ég biðja hv. n., sem fær málið til athugunar — í Ed. var það allshn., og legg ég til, að svo verði einnig hér — að afgreiða málið skjótlega, svo að það fái framgang nú. Ella fellur það dautt niður — ef það verður ekki afgr. fyrir þinglok.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 30 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 454).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. Þetta frv. er samhljóða frv., sem samþ. var á síðasta þingi, og er svo lagt á ný fyrir Alþ. samkv. ákvæðum 79. gr. stjórnarskrár lýðveldisins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 468).

---

29. Ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Á 74. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda [158. mál] (stjfrv., A. 359).

Á 75. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þegar ég gerði Alþ. grein fyrir frv. um breytingu á tollskránni, sem fól í sér tollalækkanir, sem námu um 160 millj. kr., skýrði ég frá því, hvaða úrræði ríkisstj. hyggðist hafa til þess að jafna þann halla, sem sýnilega yrði á fjárl. á árinu 1968, miðað við þau fyrirheit, sem ríkisstj. hefði gefið útgerðinni og fiskvinnslustöðvunum um viðbótaraðstoð á þessu ári. Gerði ég þar grein fyrir því, að til þess að jafna hallann, sem yrði hjá ríkissjóði vegna þeirrar aðstoðar og vegna lækkunar tolltekna, sem leiddu af tollalagafrv., mundi verða gerð sérstök ráðstöfun af hálfu ríkisstj. til þess að draga úr ríkisútgjöldum jafnframt því, sem ákveðið var að hækka verð á áfengi og tóbaki og var gert ráð fyrir, að sú tekjuöflun gæti gefið um 40 millj. kr. Til þess að jafna metin að öðru leyti þurfti nálægt 200 millj. kr., sem varð að nást með sparnaði annars vegar og einnig með öðrum ráðstöfunum annaðhvort nýrri tekjuöflun eða þá hliðstæðum ráðstöfunum með einhverjum öðrum hætti til að lækka útgjöld fjárl. Var talið, að þá vantaði þrátt fyrir 100 millj. kr. lækkun ríkisútgjalda, sem var boðuð, um 60 millj. kr. til viðbótar og ekki yrði um annað að ræða en afla þeirra tekna annaðhvort með nýjum skattaálögum eða öðrum ráðstöfunum.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er staðfesting á þessum yfirlýsingum. Þar er annars vegar gert ráð fyrir því að lækka útgjöld ríkissjóðs á þessu ári um 138 millj. kr. samtals að meðtöldu 30 millj. kr. framlagi til Fiskveiðasjóðs, og að auki er gert ráð fyrir því að létta af ríkissjóði á þessu ári fjárlagaútgjöldum, sem nema rúmum 62 millj. kr. Fyrri hluti útgjaldanna, 138 millj. kr., er ætlað, að verði bein lækkun og niðurskurður fjárlagaútgjalda, en síðari upphæðin, 62 millj. kr., er ætlað að verði fjármagnað með lántökum innan ramma framkvæmdaáætlunar ríkisins fyrir árið 1968. Mun ég víkja örlítið að því atriði síðar, en fyrst gera grein fyrir þeim meginsjónarmiðum, sem liggja að baki þeim hreina niðurskurði fjárlagaútgjalda, sem felst í 1. gr. þessa frv.

Áður en ég vík að því, er rétt að gera grein fyrir því formi, sem valið er á frv., sem að sjálfsögðu er mjög óvenjulegt, vegna þess að þarna er í senn verið að lækka útgjöld samkv. fjárl. og auk þess að breyta margháttaðri annarri löggjöf. Það þótti hins vegar augljóst mál, að það væri engin leið að koma þessu fyrir með öðrum hætti. Hitt yrði allt of umfangsmikið og erfitt, ef ætti að fara að leggja fram ótal frv. til að breyta þeim lagaákvæðum, sem þetta frv. hér nær til. Það er enda fordæmi fyrir því, þegar gerðar hafa verið hliðstæðar ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, að þessi leið hafi verið valin, en það var árið 1940. Voru þá gerðar nokkuð hliðstæðar ráðstafanir og hér er um að ræða til lækkunar ríkisútgjalda, og þá var mörgum lögum bæði fjárl. og ýmsum sérlögum breytt með einu frv.

eða einni löggjöf. Þær 138 millj. kr., sem hér er gert ráð fyrir, að útgjöld samkv. fjárl. lækki um, munu ekki að fullu skila sér á þessu ári, vegna þess að ýmsir liðir, sem á að lækka, eru þess eðlis, að það er engin leið að koma þeim sparnaði við samstundis — að svo miklu leyti t.d. sem um er að ræða að fækka starfsmönnum. Það verður ekki gert nema með vissum fyrirvara, og því eru það ekki allir liðirnir, sem skila sér að fullu á þessu ári, þó að meginhluti till. sé þess eðlis, að þeir eigi að geta skilað sér fullkomlega á árinu 1968.

Það meginsjónarmið hefur verið haft í huga við þennan niðurskurð fjárlagaútgjalda að leitast við að binda hann fyrst og fremst við rekstrarútgjöld ríkissjóðs án þess að hagga í neinum verulegum mæli þeirri löggjöf, sem í gildi er um almenna þjónustu ríkisins við borgarana. Og það er leitazt við að ganga ekki inn á svið fjárfestingarframkvæmda, þannig að það er að mjög litlu leyti í þessu frv. um að ræða niðurskurð ríkisframkvæmda. Þær fjárveitingar, sem lagt er til að fella niður og varða fjárfestingu, eru fyrst og fremst fjárveitingar til framkvæmda, sem ekki hefur verið byrjað á og verið er að safna fé til — og er því ekki um að ræða nema lítinn hluta af kostnaði við þá framkvæmd. Við samningu fjárl. fyrir árið 1968 var lögð áherzla á það að reyna að halda öllum útgjaldaliðum í lágmarki, og það hefur því — enda þótt hér sé ekki um að ræða nema á þriðja prósent af heildarútgjöldum ríkissjóðs — reynzt torvelt að framkvæma þennan niðurskurð útgjalda eftir þeim sjónarmiðum, sem ég hef gert grein fyrir. Liggur, held ég, í augum uppi, að hefði það verið auðvelt verk, ætti að vera búið að framkvæma slíka lækkun, og geri ég ráð fyrir, að öllum þm. sé ljóst það sjónarmið. Reynt hefur verið að velja þessa liði þannig, að þetta í rauninni kæmi sem víðast niður. Það eru margir útgjaldaliðir, sem valdir hafa verið, til þess að reyna að hafa þar nokkurt samræmi í og skera ekki meira niður en svo, að ekki væri hægt að segja, að teflt væri í hættu neinni nauðsynlegri framkvæmd á vegum ríkisins.

Ég skal víkja í fáum orðum að þeim einstöku liðum, sem hér er um að ræða. Í 1. lið fyrstu greinar frv. er lagt til að lækka kostnað við stjórnarráð og veizlur ráðh. um 2 millj. kr. Það er gert ráð fyrir, að þetta verði í ýmsum greinum bæði í sambandi við ferðakostnað, nefndakostnað, risnu og ýmsan tilkostnað rn., tækjakaup og annað, og það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess af hálfu allra rn., að þessi lækkun útgjalda yrði raunhæf. Af hálfu ríkisstj. hefur verið ákveðið að beita allri hugsanlegri takmörkun við ferðalög á þessu ári á vegum ríkisins og við risnukostnaðinn, svo sem mest má verða, þannig að ég tel ótvírætt mega fullyrða, að hægt sé að koma við þessum sparnaði.

Í annan stað er lagt til að fella niður framlag til Byggingarsjóðs stjórnarráðshúss. Það er framkvæmd, sem vissulega er hin brýnasta, en er samkynja þeim framkvæmdum, sem ég gat um áðan, eða þeim þeirra, sem ekki er byrjað á, heldur verið að safna í sjóð, og eins og ástatt er núna, þykir rétt að fella niður þetta framlag.

Þriðji liður fyrstu greinar frv. er um að lækka 10 millj. kr. framlag, sem ákveðið er í fjárl. til Viðeyjarstofu, um 4 millj. kr. Það hefur komið í ljós við yfirmat á endurgjaldi fyrir Viðeyjarstofu, að það hefur, sem betur fer, verið lækkað mjög verulega eða úr nálægt 9 millj. kr. í 6 millj. kr., þannig að það er óhætt að gera ráð fyrir, að þetta fé geti sparazt með því móti þó, að ekki verði lagt í það, sem ætlunin var, að hefja viðgerð á Viðeyjarstofu á þessu ári. Þetta leiðir til þess, að þeim framkvæmdum verður að fresta.

Það er lagt til að fresta skipun í tvö prófessorsembætti við Háskólann, í lögfræði og í nútímasagnfræði, þó að fjárveitingar séu á fjárl. til að taka þau upp, og er lagt til, að skipun í þessi embætti verði frestað, þangað til Alþ. ákveður annað.

Gerðar eru till. um ráðstafanir til þess að draga úr skólakostnaði á grundvelli þeirra áætlana, sem gerðar hafa verið í sambandi við nýju skólakostnaðarlögin. Verður um að ræða allverulegan útgjaldaauka fyrir ríkissjóð, þó að ekki verði séð alveg fyrir endann á því enn. Lagt er til í þessu frv. í 4. gr. þess, nánar tiltekið 2. lið, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til þess að koma við aukinni hagkvæmni og aðhaldi í sambandi við notkun þessarar nýju löggjafar, og það þykir mega fullyrða, að sé gætt þar fyllsta aðhalds, megi spara allverulega frá því, sem gert var ráð fyrir. Þetta felur að vísu í sér, að þá er gert ráð fyrir, að ekki verði notaður að fullu réttur skóla til að bæta við kennurum, en það er með öllu óeðlilegt í mörgum tilfellum, að sá réttur sé að fullu notaður. Á því að vera óhætt að gera ráð fyrir verulegum sparnaði á þessum lið, án þess að þurfi að skerða þjónustu skólanna eða draga úr kennslu í þeim.

Þá er gert ráð fyrir því að lækka framlag til skólabygginga um 5 millj. kr., og á það að gerast með þeim hætti, svo sem nánar er gerð grein fyrir í frv., að nota ekki að fullu heimildir til þess að lána fé, sem varið hefur verið til undirbúnings einstakra skólaframkvæmda. Sú heimild hefur verið notuð undanfarin ár að lána á milli skólabygginga, og hefur það verið heimilt samkv. ákvæðum fjárl., þ.e. skólakostnaðarlaga. Þetta hefur verið gert í allríkum mæli, þannig að t.d. á árinu 1967 voru lánaðar samtals 16,8 millj. kr. af geymdum fjárveitingum þess árs vegna skóla, sem ekki var byrjað á. Er því ekki hér um að ræða niðurskurð á neinum framlögum til þeirra skóla, sem eru í byggingu, heldur aðeins skerðingu á heimildinni til þess að lána af því fé, sem varið er til skóla, sem eru á byrjunarstigi. Enda þótt hér verði um að ræða lækkun á því fé, sem ella hefði verið notað til skólabygginga, er rétt að vekja athygli á því, að engu að síður er um að ræða allverulega hækkun á nýbyggingafé skóla, sem raunverulega verður notað á árinu 1968, miðað við árið 1967. Þá var fjárframlag til skólabygginga 92 millj. kr., ef frá var dreginn 10% niðurskurður, sem þá var á þessu

framkvæmdafé. Nú mundi það fé, sem varið verður til skólabygginga í ár — enda þótt þessi heimild verði notuð — nema 108 millj. kr., svo að hækkun til skólabygginga verður 16 millj. kr. þrátt fyrir þessa ráðstöfun.

Gert er ráð fyrir því, að veruleg breyting verði gerð á námsstjórakerfinu. Það hefur oft komið fram sú hugmynd, að réttara væri að fella það skipulag algerlega niður. Það kemur í ljós, að það er ekki fært að gera það vegna þess, að það þarf að halda uppi eftirliti einmitt með framkvæmd skólakostnaðarlaga, og án þess eftirlits er mjög hætt við því, að komið gæti til þess, að ríkissjóður yrði að greiða verulegar upphæðir, sem annars væri hægt að komast hjá að greiða, þannig að það þykir ekki fært að leggja þetta skipulag alveg niður. En gert er ráð fyrir að endurskoða það og talið, að með slíkri endurskoðun, fækkun námsstjóra og breytingu á þessu kerfi muni vera hægt að spara um 2 millj. kr. á ársgrundvelli.

Í frv. er lagt til að gera mjög víðtækar skipulagsbreytingar á fræðslumálastjóraembættinu og yfirstjórn skólakerfisins. Það er gert ráð fyrir því, að fræðslumálastjóraembættið verði sameinað menntmrn. og þeir embættismenn, sem tengdir eru fræðslumálaskrifstofunni, svo sem íþróttafulltrúi, bókafulltrúi og fleiri slíkir embættismenn, verði framvegis starfsmenn menntmrn. Það er ekki á þessu stigi hægt að gera sér grein fyrir, hvaða sparnað þetta kann að hafa í för með sér, en það þykir ótvírætt, að hægt sé að koma við betri vinnubrögðum og hagnýta betur starfskrafta þessara manna, þannig að það geti leitt til beins sparnaðar, þegar þessu skipulagi hefur verið komið á eða þessari endurskipulagningu. En það er, eins og frv. gerir ráð fyrir, ekki lögð fram á þessu stigi nein ákveðin till. um það, hvaða sparnað þetta kunni að leiða af sér, og skipulagsbreyting þessi verður gerð, þegar menntmrh. telur auðið — vegna húsnæðisaðstæðna — að sameina þessar stofnanir, en það mál hefur verið í athugun að undanförnu, og þykir líklegt, að á næstunni sé hægt að leysa þann vanda.

Það er gert ráð fyrir því að lækka framlag til Kennaraskólans um 1 millj. kr., og stafar það af því, að samþ. var fyrir mörgum árum að kaupa bókasafn til þess skóla. Gerður var ákveðinn samningur um það og gert ráð fyrir, að það þyrfti að verja 1 millj. kr. til greiðslu á hluta af verði safnsins á þessu ári, en það þykir nú sýnt, að það sé auðið að fresta því til næsta árs og fella fjárveitinguna niður í ár.

Á þessu þingi var tekið upp í fyrsta sinn framlag til Byggingarsjóðs safnahúss, sem er mikið fyrirtæki og mjög nauðsynlegt að vísu, en um það gildir sama sjónarmið og ég áðan gat um, að fella verður niður á þessu stigi í þetta sinn fjárveitingar til byggingar, þar sem verið er að safna fé í sjóð til hennar og fjárveiting mundi ekki ráða neinum úrslitum um, að hafizt yrði handa á þessu ári. Því er lagt til, að sú fjárveiting verði nú felld niður.

Það er lagt til að lækka fjárveitingu til Þingvalla — endurbóta þar — um 500 þús. kr. Það gefur ekki tilefni til neinna sérstakra skýringa, en þykir auðið að koma við þeim sparnaði.

Í 11. lið fyrstu greinar frv. er gert ráð fyrir að lækka framlag til lögreglustjórnar á Keflavíkurflugvelli um 2 millj. kr. Það hefur stundum borið á góma hér í Alþ., hvort ekki væri rétt að koma við lækkun þess kostnaðar. Það mál hefur verið nokkuð í athugun að undanförnu og hefur leitt til þess, að fært þykir að gera ráð fyrir, að auðið sé að spara með endurskipulagningu á þeirri starfsemi 2 millj. kr. á ársgrundvelli og hafa raunar verið gerðar ráðstafanir nú þegar til þess að framkvæma þann sparnað.

Í sambandi við utanríkisþjónustuna er gert ráð fyrir, að útgjöld verði lækkuð um 3 millj. kr. á þessu ári. Margt hefur verið rætt um utanríkisþjónustuna á undanförnum árum, og skal ég ekki fara langt út í þau mál. Það hafa oft komið fram raddir hér á Alþ. um, að rétt væri að endurskipuleggja hana, og nýlega var hér til meðferðar till. um það efni. Jafnframt hafa komið fram raddir um það oftar en einu sinni, að auðið ætti að vera — og raunar sjálfsagt — að leggja niður ákveðin sendiráð. Það var ætlunin af hálfu ríkisstj. að framkvæma sparnað í utanríkisþjónustunni einmitt með þeim hætti að leggja niður tvö sendiráð — í Noregi og Svíþjóð — þar eð það þótti sýnt, að ætti að leggja niður sendiráð, væru það í rauninni þau sendiráð, sem eðlilegast væri að leggja niður miðað við það greiða samband, sem við höfum við Norðurlöndin. Vegna hinnar nánu samvinnu, sem er á milli norrænna ráðh. í Norðurlandaráði og ótal mörgum norrænum samstarfsnefndum, ætti að vera auðið að hafa eitt sendiráð fyrir Norðurlönd og þá ræðismenn í þessum löndum.

Það þykir hins vegar aldrei viðhlítandi að ákveða að leggja niður sendiráð, nema hafa um það samstarf við þá þjóð, sem stjórnmálasamband hefur verið tekið upp við með þessum hætti, og ríkisstj. leitaði því eftir því við þessar tvær þjóðir, hvort þær hefðu nokkuð við það að athuga, að sendiráðin yrðu lögð niður. Forráðamenn þeirra sögðu að sjálfsögðu, að það væri íslenzku ríkisstj. að ákveða, hvort sendiráðin yrðu lögð niður eða ekki, en hins vegar kom fram hjá þeim mjög mikill leiði — ef við getum orðað það svo — yfir því, að út í slíkt yrði farið, og þeir lögðu ákveðið á það áherzlu, að reynt yrði að komast hjá því, að þetta yrði gert.

Þótti því ekki fært miðað við þessi viðbrögð að framkvæma þennan niðurskurð utanríkisþjónustunnar nú, en hins vegar þótti óumflýjanlegt miðað við allar aðstæður að gera ákveðnar ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við utanríkisþjónustuna og vitanlega nauðsynlegt að koma þar við breyttu skipulagi í mörgum greinum. Á þessu stigi er fyrst og fremst fyrirhugað að kalla heim 5 sendiráðsritara, sem leiðir að sjálfsögðu af sér, að það leggst meira starf á þá, sem eftir verða í þeim sendiráðum, fyrst og fremst sendiherrana. Það verður að ráðast með það og sjá til, hvort ekki tekst

að leysa þann vanda engu að síður í þessum sendiráðum. Hver starfsmaður í utanríkisþjónustunni er dýr. Það eru ekki aðeins laun þeirra, heldur staðaruppbót, sem skiptir á hvern slíkan starfsmann hundruðum þús. á ári — að vísu mismunandi eftir því, hvaða lönd er verið að fjalla um. Hér er um verulegar fjárhæðir að ræða, jafnvel þó að ekki sé verið að fjalla um sendiherrana, heldur sendiráðunautana, sem standa þeim næst, en þessar upphæðir geta leikið frá á 4. hundrað til á 7. hundrað eða um 700 þús. kr. á mann, þ. e. staðaruppbótin, þannig að með þessari ráðstöfun þykir mega gera ráð fyrir þessum sparnaði. Það er að vísu svo, að eigi að segja upp mönnum, eins og ég áðan gat um, tekur það sinn tíma, svo að ekki er þess að vænta, að allur þessi sparnaður skili sér á þessu ári.

Þrettándi liður fyrstu greinar frv. er um það að lækka framlög á þessu ári til Landnáms ríkisins — til nýbýla, svo sem öllum hv. þm. er mætavel kunnugt. Þær aðstæður hafa skapazt í framleiðslu og sölu búvara, að ég hygg, að það sé óhætt að fullyrða, að ekki sé í þágu landbúnaðarins að halda uppi óskertri starfsemi á sviði nýbýlabygginga eða stofnunar nýrra býla, og það sé því á engan hátt óeðlilegt, að gerðar séu ráðstafanir til þess að lækka nokkuð þessi útgjöld, þegar um sparnað er að ræða á útgjöldum ríkisins, úr því að það sýnir sig, að það er ekki til hagsbóta fyrir landbúnaðinn að halda þeirri starfsemi óskertri áfram. Það þykir því fært að leggja til, að framlög til þessara mála verði lækkuð á þessu ári og næsta ári um 7,5 millj. á ári.

Að undanförnu hefur verið í endurskoðun gildandi löggjöf um fiskmat ríkisins, ferskfiskeftirlit og síldarmat ríkisins. Þetta eru allt stofnanir, sem sinna mjög hliðstæðum störfum, og er í rauninni mjög æskilegt að taka upp miklu nánari samvinnu í þessari starfsemi eða samræmingu þessa mats. Það er jafnframt einnig spurning, hvort það á að leggjast að miklum hluta á ríkið eins og hingað til hefur verið. En fyrst og fremst skiptir það máli að endurskoða og endurskipuleggja framkvæmd matsins og samræma það, þannig að ekki sé um neinn tvíverknað að ræða í því efni og yfirstjórn þess sé sem samræmdust. Það má gera ráð fyrir, að á næstunni verði lagt fyrir Alþ. frv. um þessa endurskipulagningu fiskmatsins, en það þykir mega gera ráð fyrir því og að því er stefnt, að þetta geti leitt af sér 4 millj. kr. sparnað á ári.

Í lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins er gert ráð fyrir því, að ríkisframlag sé 50% á móti framlagi frá sjávarútveginum sjálfum. Við athugun á fjárhag sjóðsins og fjárhagsáætlun fyrir þetta ár virðast fjárreiður sjóðsins vera það góðar, að það megi a.m.k. um sinn skera niður framlagið til Aflatryggingasjóðs, þannig að lækkað verði hlutfallið, sem greitt er til sjóðsins úr ríkissjóði, og verði miðað við, að á árinu 1968 verði aðeins þriðjungur greiddur á móti framlagi sjávarútvegsins, og þetta mundi lækka — miðað við þær áætlanir, sem fjárl. eru byggð á — framlag ríkissjóðs um 11 millj. kr.

Þá er lagt til að fella niður framlag til Fiskveiðasjóðs Íslands. Ein af þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. samþykkti að beita sér fyrir varðandi aðstoð við bátaútveginn, var að leggja fram fé til þess að greiða ársgjöld fyrst og fremst af lánum til Fiskveiðasjóðs. Þetta mundi mjög bæta fjárhagsafkomu sjóðsins á þessu ári og tryggja honum meiri tekjur heldur en hann ella hefði haft, ef engar ráðstafanir hefðu verið gerðar í þessu sambandi, því að vanskil á þessum greiðslum hefðu orðið mjög miklar á s.l. ári. Með hliðsjón af þessu þykir auðið að fella niður sérstakt framlag til Fiskveiðasjóðs á þessu ári.

Lagt er til að lækka framlög til Orkustofnunar og Orkusjóðs nokkuð. Þau framlög eru í fjárl. 53,6 millj. kr., og er gert ráð fyrir því að lækka þessar fjárveitingar um 4,5 millj. kr., sem mundu skiptast á milli jarðhitarannsókna og virkjunarrannsókna eða vatnamælinga. Hér er að vísu um mikilvæg viðfangsefni að ræða, en talið, að auðið eigi að vera án þess að skerða verulega þá þjónustu, sem þar um ræðir, að framkvæma slíka lækkun útgjalda til þessara aðila á þessu ári.

Nítjándi liðurinn er um að lækka framlag til löggæzlu um 6,8 millj. kr., og er þar miðað við, að löggæzlukostnaður lækki um sem svarar 5%. Þessi kostnaður er einn af þeim þáttum fjárl., sem hefur mjög aukizt og hækkað ár frá ári. Því er auðvitað ekki að leyna, að hér er um miklar nauðsynjar að ræða og miðað við það ástand, sem við stöndum nú frammi fyrir varðandi hægri umferð og ýmis önnur vandamál, þarf vitanlega að leggja kapp á að halda uppi viðunandi löggæzlu. Engu að síður þykir brýnt að rannsaka miðað við nauðsyn þess að draga úr ríkisútgjöldum, hvort ekki sé hægt að koma við betri hagnýtingu starfsliðs og fjármuna, sem varið er til löggæzlu í landinu, og þar sem hér er, eins og ég sagði, um að ræða aðeins sem svarar 5% af heildarútgjöldum, hefur dómsmrn. talið eðlilegt, að kannað yrði niður í kjölinn, hvort ekki væri hægt að koma við slíkum sparnaði. Hefur dómsmrh. þegar hafið athugun á því, hvort ekki megi koma við slíkum sparnaði, og er unnið að því á vegum dómsmrn. og fjmrn. í samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga, hvernig þessu skipulagi megi breyta með þeim hætti, að það geti leitt til þessa sparnaðar.

En á þessu stigi skal það játað, að ekki hefur verið hægt að koma sér niður á ákveðin úrræði til þess að framkvæma þennan sparnað, heldur er nánast um stefnuyfirlýsingu að ræða, sem lagt verður allt kapp á, að geti orðið að veruleika.

Þá er lagt til að lækka framlag til fangahúsa, ríkisfangelsa og vinnuhæla um 1 millj. kr. 360 þús. kr. Hér er vitanlega einnig um mikið nauðsynjamál að ræða. Lögbundið framlag til ríkisfangelsa er núna 1 millj. kr. á ári, en hins vegar ekkert sérstakt lögbundið framlag til héraðsfangelsa. Nú mun vera geymt fé vegna ríkisfangelsis um 11,4 millj. kr. í árslok 1967. Það er ljóst mál, að verði ráðizt í byggingu ríkisfangelsis, er þar um mikið mannvirki að ræða, sem kosta mun mjög mikið fé. Þess vegna mun það ekki hafa nein úrslitaáhrif á það, hvenær

þetta mikla hús verði byggt, þó að felld verði niður fjárveiting í ár svo sem hér er lagt til, því að það má gera ráð fyrir, að á sínum tíma þurfi að setja það undir framkvæmdaáætlun og fjármagna það að einhverju leyti með lánum, eins og gert hefur verið með aðrar stórbyggingar.

Lagt er til að taka út úr fjárl. 18,4 millj. kr. vegna framkvæmdar laga um hægri umferð. Það var gert ráð fyrir því, að ríkissjóður legði fram þetta fé í ár til framkvæmdar laga um hægri umferð, en hins vegar gert ráð fyrir, að það endurgreiddist á sínum tíma. Þar sem um er að ræða nauðsyn þess að lækka ríkisútgjöld, þykir það mjög eðlilegt að taka þennan lið út og leitast við að fá lán til þess að mæta þessum útgjöldum. Verði það lán síðan endurgreitt af því gjaldi, sem lagt er á bifreiðar í sambandi við öflun fjár til að mæta kostnaði við framkvæmd laga um hægri umferð. Takist ekki með því gjaldi, sem nú er fyrirhugað í lögum, að greiða þann kostnað, sem á fellur vegna framkvæmdar laga um hægri umferð, er að sjálfsögðu ekki um annað að ræða á sínum tíma — ef óumflýjanlegt reynist — en framlengja eitthvað þá gjaldskyldu. Það er sem sé ætlunin, að með því að fella þetta út úr frv. falli þetta ekki á neinu stigi málsins á ríkissjóð.

Á undanförnum árum hefur verið varið töluverðu fé til Almannavarna. Hefur verið lögð áherzla á að safna ýmsum nauðsynlegum birgðum bæði af hjúkrunargögnum og ýmsum öðrum gögnum, fatnaði og öðru slíku, ef til einhverra hörmunga skyldi koma. Það er auðvitað mikil nauðsyn að eiga slíkar birgðir, en miðað við að tekizt hefur að safna töluvert miklum birgðum af þessum nauðsynlegu vörum, þykir fært í ár að leggja til, að fjárveiting til Almannavarna verði að verulegu leyti niður felld eða lækkun til Almannavarna verði sem sé 3 millj. kr. Stendur þá aðeins eftir tæplega 1 millj. kr. til þeirra í fjárl. ársins.

Þá er lagt til að fella niður framlag ríkissjóðs vegna eyðingar meindýra. Það er að vísu ekki há upphæð, en sannast sagna eru þetta útgjöld, sem á engan hátt er eðlilegt, að ríkissjóður taki þátt í, heldur sé það mál sveitarfélaganna, og er gert ráð fyrir, að þau lög séu felld úr gildi, sem áskilja, að ríkið skuli borga þetta gjald.

Lagt er til að fella niður tvö prestsembætti, sem ekki er gert ráð fyrir í prestakallaskipuninni sem slíkri, þ.e. prestsembætti á Keflavíkurflugvelli og í Danmörku, en þessir prestar hafa verið starfandi nú að undanförnu og kostað töluvert fé, en gert er ráð fyrir því, að þessi embætti bæði verði lögð niður.

Þá er gert ráð fyrir því, að Póstur og sími verði að öllu leyti látinn taka að sér kostnað við framkvæmd laga um skyldusparnað og orlofslög. Póstur og sími hefur haft innheimtu þessara gjalda með höndum, og það eru jafnan mjög verulegar fjárhæðir, sem stofnunin hefur í sinni veltu og getur notað sem rekstrarfé vegna þjónustu sinnar í sambandi við þessa innheimtu, þannig að hér er um allveruleg hlunnindi að ræða fyrir stofnunina. Það þykir því mega — miðað við allar aðstæður — gera ráð fyrir því, að stofnunin geti tekið þetta á sig endurgjaldslaust.

Með viðbótaraðstoð þeirri, sem gert er ráð fyrir að veita sjávarútveginum nú, þykir mega gera ráð fyrir því, að skil á ríkisábyrgðarlánum geti orðið töluvert betri heldur en á s. l. ári. Um þetta verður að vísu ekkert sagt með vissu, en framlag til Ríkisábyrgðasjóðs var hækkað mjög verulega í fjárl. ársins 1968 frá því, sem var í fjárl. 1967. Því þykir mega gera ráð fyrir — eða a.m.k. vilja menn treysta því, að lækka megi áætlað framlag til Ríkisábyrgðasjóðs um 10 millj. kr.

Í fjárl. nú er varið 3,6 millj. kr. til endurnýjunar ríkisbifreiða. Það hefur á undanförnum árum verið lagt nokkurt kapp á það, að ríkisbifreiðar væru endurnýjaðar það oft, að ekki væru í gangi bifreiðar, sem væru óeðlilega dýrar í rekstri. Það hefnir sín að sjálfsögðu. Þetta hefur tekizt bærilega, þannig að flestar bifreiðar ríkisins eru ekki mjög gamlar, og þykir því mega gera ráð fyrir — og er raunar nauðsynlegt — að skerða framlag til endurnýjunar sjóðsins á þessu ári um 1 millj. kr.

Það er lagt til að lækka framlag til vitabygginga um 560 þús. kr. Í því felst, að fresta verður að koma upp radíósendistöð á einum stað. Talið er auðið að fresta þessari framkvæmd á þessu ári, þannig að hér er um raunhæfa lækkun að ræða.

Gert er ráð fyrir því, að framlag til Ferðaskrifstofu ríkisins verði fellt niður. Þarna er um tvíþætt framlag að ræða, annars vegar framlag til landkynningar, sem er ½ millj. kr., og hins vegar til að greiða halla á skrifstofunni, sem er tæpar 400 þús. kr. Í fyrsta lagi þykir eðlilegt og sjálfsagt, að Ferðaskrifstofa ríkisins eigi að geta haldið uppi sínum venjulega rekstri hallalaust, eins og aðrar ferðaskrifstofur í landinu, og miðað við þá sérstöku aðstöðu, sem Ferðaskrifstofa ríkisins hefur t.d. varðandi minjagripasölu, sem hún hefur í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli og situr ein að, þykir mega ætlast til þess, að hagnaður af verzlun Ferðaskrifstofunnar gæti gengið til landkynningar. Sérstök fríðindi hafa líka þegar verið veitt þessari verzlun, þannig að ekki ætti að þurfa að óttast, að framlagið til landkynningar félli niður. Vitanlega er það hárrétt, að slíkt framlag má ekki niður falla, því að það er mjög mikils um vert, að auðið sé að vinna með eðlilegum hætti að aukinni landkynningu, þar sem það er auðvitað hin mesta nauðsyn að jafna hinn mikla halla, sem nú er á viðskiptum okkar á þessu sviði og mun á s. l. ári hafa numið a. m. k. 200 millj. kr., sem er munurinn á þeim gjaldeyri, sem skilað hefur verið hér af erlendum ferðamönnum, og þeim gjaldeyri, sem íslenzkir borgarar hafa fengið til að ferðast erlendis.

Þetta eru í stuttu máli ástæðurnar fyrir þeim till., sem hér eru gerðar um lækkun útgjalda ríkissjóðs.

Svo sem ég vék að í upphafi míns máls, er einnig í þessu frv. lagt til að brúa það bil, sem áður hefur verið gerð grein fyrir, að væri milli tekna og útgjalda ríkissjóðs á árinu, ef ekkert sérstakt kæmi

til. Það bil var um 60 millj. kr., sem hefði orðið að brúa annaðhvort með nýjum sköttum eða þá með öðrum ráðstöfunum, þ. e. lækkun útgjalda með einhverjum hætti. Hér er því lagt til, að greiddur verði innan framkvæmdaáætlunar með lántökum kostnaður við byggingarframkvæmdir við þrjá menntaskóla og ríkisspítalana. Í sambandi við fjárlagaundirbúning í haust voru tekin inn í fjárl. allmörg framlög, sem áður hafa verið veitt með lánum á undanförnum árum til ýmissa framkvæmda, bæði skólabygginga og annars. Þetta byggist á því, að menn þóttust sjá fram á, að mjög þröngt yrði á lánamarkaði á árinu 1968. Því yrði mjög hæpið, að hægt yrði að afla lánsfjár til þess að leysa þann vanda, og yrði því að taka framlögin inn í fjárl. sjálf. Hér er að vísu brotið gegn þeirri hugsun, sem lá á bak við það sjónarmið að taka upp beinar fjárveitingar til þessara framkvæmda í stað lána, en miðað við þær erfiðu aðstæður, sem nú eru einnig með öflun fjár til að jafna halla ríkissjóðs og þar eð ríkisstj. telur mjög mikils um vert, að hægt sé að forðast nýjar skattaálögur í þessu skyni, hefur verið horfið að því ráði að reyna engu að síður með einhverjum úrræðum að afla lánsfjár til þess að standa undir þessum tilteknu framkvæmdum. Því er leitað hér heimilda, til þess að annars vegar megi fella fjárveitingarnar úr fjárl. og hins vegar til þess að afla megi lána til framkvæmdanna, en þetta mun að sjálfsögðu koma nánar til kasta þingsins, þegar gerð verður hér grein fyrir framkvæmdaáætlun ársins og aflað heimilda fyrir því, hvernig eigi að fjármagna þær framkvæmdir.

Ég held, herra forseti, að ég hafi þá lokið við að gera grein fyrir þessu máli í einstökum atriðum og þurfi ekki að orðlengja um það, nema frekara tilefni gefist til. Það er vitanlega hægt að segja og það með nokkrum rétti, að mjög slæmt sé og óeðlilegt að þurfa að grípa til aðgerða sem þessara, eftir að fjárl. hafa verið afgreidd; það skal ég fúslega fallast á. Hins vegar hafa, eftir að fjárl. voru afgreidd, skapazt alveg nýjar aðstæður, sem hafa leitt til þess, að ríkisstj. varð að bregðast við þeim vanda með einhverjum hætti og afla annaðhvort nýs fjár eða beinlínis leggja til lækkun á útgjöldum ríkissjóðs til að brúa bilið. Miðað við allar aðstæður, eins og þær eru, hefur þótt eðlilegt að leita allra tiltækilegra úrræða til þess einmitt að mæta vandanum með lækkun útgjalda, og vonast ég til, að hv. þm. geti — miðað við þessar aðstæður — verið mér sammála um það, að sú leið hafi verið rétt, enda þótt menn kunni að vera óánægðir með að þurfa að grípa til slíkra breytinga, stuttu eftir að fjárl. eru afgreidd.

Ég vil svo aðeins að lokum bæta því við — þó að þessar sparnaðaraðgerðir séu fyrst og fremst miðaðar við eitt ár — að það liggur alveg ljóst fyrir, að ekki verður auðvelt að koma saman fjárl. fyrir árið 1969. Eigi ekki að koma til stórfelldra hækkunarálaga á því ári, er alveg ljóst, að það verður að halda áfram athugunum á því, á hvern hátt verði hægt að sporna gegn hækkun ríkisútgjalda og draga beinlínis úr útgjöldum ríkisins á ýmsum sviðum. Ég er hins vegar hræddur um, að þá verði ekki hjá því komizt að ganga lengra en hér er gert, t.d. skerða ýmiss konar löggjöf, sem veitir borgurunum þjónustu, og er það að sjálfsögðu allt umfangsmeira vandamál heldur en auðið var að fást við á þessu stigi. Að þessu mun hins vegar verða unnið, og hefur ríkisstj. í athugun ýmsar hliðar þess máls með það í huga að búa sig sem bezt undir það að mæta þeim vanda, sem við stöndum andspænis við afgreiðslu næstu fjárl.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Nd., 15. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Aðalverkefni hæstv. ríkisstj. undanfarin missiri hefur verið að ýta á undan sér verkefnum og leysa málin til bráðabirgða í það og það skiptið. Hefur þá lítt verið um það hugsað, hvort sú lausn yrði til þess að gera önnur úrlausnaratriði erfiðari síðar. Frv. það á þskj. 359, sem hér liggur fyrir til 1. umr., er einn þáttur í því starfi hæstv. ríkisstj. að ýta vandamálunum á undan sér, en horfast ekki í augu við þau og reyna að leysa þau. Í þessu frv. er ekki að finna neina stefnubreytingu hjá hæstv. ríkisstj. í fjármálum ríkisins, og hér er um engan raunhæfan sparnað að ræða, svo að teljandi sé. Góðæri síðustu ára hefur veitt hæstv. ríkisstj. 2 milljarða kr. í tekjur umfram fjárl. á síðustu 7 árum. Þegar þetta er haft í huga, kemur í ljós, að þessar umframtekjur, sem ríkisstj. hefur haft á þessum síðustu 7 árum, eru sem nemur rúmlega tvennum fjárlögum áranna næst á undan. Á rúmlega 80 árum, eftir að Íslendingar fóru að setja sér fjárl. og fram undir 1960, hækkuðu fjárl. ekki meira en svo, að þau náðu fyrst 1 milljarði við fjárlagaafgreiðslu 1959, en á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hafa fjárl. hækkað svo ört, að þau eru nú komin á 7. milljarð kr.

Hver er ástæðan fyrir því, að hér er verið að gera hálfgerðar neyðarráðstafanir? Ástæðan er sú stefna, sem ríkisstj. hefur fylgt. Stjórnarstefnan, sem hefur verið í því fólgin, að fjármagnið — en ekki maðurinn — hefur ráðið ferðinni. Afleiðingar þessarar stefnu hæstv. ríkisstj. hafa orðið verðbólga og útþensla í ríkiskerfinu. Þetta keyrði þó um þverbak með fjárlagaafgreiðslu 1967, eins og við í stjórnarandstöðunni höfum oft og mörgum sinnum bent á. Við vöruðum við þeirri fjárlagaafgreiðslu, og það hefur sýnt sig, að ekki var vanþörf á, þar sem stórfelldar ráðstafanir voru gerðar í sambandi við fjárl. 1968 og enn á ný er verið að gera ráðstafanir vegna þróunar mála á síðustu árum.

Frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., má skipta í fjóra flokka. Í fyrsta flokknum eru framkvæmdir, sem taka þarf lánsfé til þess að hrinda í framkvæmd. Þessi flokkur er stærstur eða sem svarar 81

millj. kr. eða 40% af heildarmálinu. Í öðrum flokki má nefna framkvæmdir og nauðsynlegan stuðning við atvinnuvegina, sem frestað er með þessu frv., en síðar verður að leysa. Þetta eru sem svarar 78 millj. kr. eða 38,8% af málinu. Í þriðja flokkinn má færa óraunhæfan sparnað eða sýndarmennsku, sem fólgin er í því að breyta áætlun, og mun það hafa mjög lítil áhrif á niðurstöður á útgjöldum fjárl. Þetta eru um 25 millj. kr. eða 12,1% af málinu í heild. Í síðasta flokknum er svo það, sem ég mundi vilja vona, að horfði til sparnaðar. Það eru 16 millj. kr. eða 8,6% af þessu 200 millj. kr. frv. eða 0,3% af rekstrarútgjöldum ríkissjóðs, eins og þau eru áætluð í fjárl. fyrir 1968. Þetta minnir á, þegar smáfuglar eru að tína ber úti í mýri. Í frv., eins og ég áðan sagði, er ekki að finna neinn raunhæfan sparnað. Honum verður ekki komið til leiðar nema með breyttu skipulagi, þar sem stofnunum og starfsmönnum verður fækkað frá því, sem nú er, og algerlega horfið frá þeirri stjórnarstefnu, sem fylgt hefur verið í tíð núverandi valdhafa. En áður en ég vík að frv. frekar vil ég minnast nokkuð á þau vinnubrögð, sem farið er að hafa við fjárlagaafgreiðslu.

Þetta er í þriðja skipti nú á þessu tímabili frá 1964, sem sá háttur er hafður á, að fjárl. er breytt tveimur eða þremur mánuðum eftir að þau eru afgreidd frá hv. Alþ. Þessi háttur í fjárlagaafgreiðslu er með öllu óviðunandi. Það er af því gumað, að fjárl. hafi verið afgreidd fyrir áramót í hvert sinn. En hvað þýðir að afgreiða fjárl. fyrir áramót, þegar hæstv. ríkisstj. tekur sig til nokkrum dögum eftir að þau hafa verið afgreidd og lætur breyta þeim í verulegum atriðum. Það er mikill misskilningur, sem fram kom í ræðu hjá hæstv. fjmrh. hér fyrir nokkrum dögum í sambandi við þál., sem hér var til umr., að þm. mundu ekki fetta fingur út í slík vinnubrögð m.a. vegna þess, að þá væri venjulega horfið að því að skera niður útgjöld fjárl. Hv. þm. er ekki sama, hvernig að fjárlagaafgreiðslu er staðið. Þeir vilja fá að ráða að svo miklu leyti, sem þeir geta, til hvers fjárveitingar fara og reyna að gera það í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, en þessu er öllu gerbreytt með þeim kálfi, sem á eftir kemur.

Ég hef áður vikið að því, að það eru óþolandi vinnubrögð, eins og hér er farið að hafa um hönd ár eftir ár, þar sem svo virðist vera sem beinlínis séu tekin inn á fjárl. ýmis útgjöld, sem síðan er ætlunin að skera niður. Þetta var gert 1965, 1967 og nú aftur 1968, svo að það er að verða fastur liður í störfum hæstv. ríkisstj. að breyta fjárl. tveimur til þremur mánuðum eftir að þau hafa verið afgreidd. Myndin, sem fæst af fjárlagaafgreiðslunni, verður á engan hátt rétt með slíkum vinnubrögðum, og Alþ. á ekki að þola það, að þannig sé með fjárlagaafgreiðsluna farið.

Ég verð líka að segja það, að það hlaut að vera skylda hæstv. ríkisstj. þegar á s.l. hausti að leita svo sem kostur var að leiðum, sem færar væru til þess að draga úr ríkisútgjöldunum, þegar hæstv. ríkisstj. stóð frammi fyrir þeim vanda að fara í verulegan niðurskurð í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, þar sem m.a. var stefnt að því að skera niður fjárveitingar til niðurgreiðslna um 410 millj. kr. og vitað var, að slík ráðstöfun mundi hafa gífurleg áhrif á allt efnahagslíf landsins. Þetta virðist ekki hafa verið gert, fyrst hæstv. ríkisstj. hælir sér af því nú að finna sparnaðarleiðir, sem ekki hafa áður verið fundnar, en ég mun víkja frekar að síðar.

Ég vil líka benda á það í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna fyrir síðustu áramót, að þá var því heitið af hæstv. ríkisstj. að lækka tollana um 250 millj. kr. Hæstv. ríkisstj. taldi sig vera búna að gera sér grein fyrir því, að ríkissjóður mundi þola það, að þessi tekjustofn væri af honum tekinn. Því til sönnunar, að þetta væri framkvæmanlegt, vil ég minna á það, að það var tekið fram af stjórnvöldum, þegar gengisbreytingin var gerð síðast í nóvember, að aldrei hefði gengisbreyting, sem gerð hefði verið á Íslandi, verið jafn vel undirbúin og sú, sem þá var verið að framkvæma. Þetta var síðustu dagana í nóvember, sem gengisbreytingin var gerð, og hvernig á með nokkrum rökum að halda því fram, að síðar hafi komið upp vandi, sem þá var ekki þekktur? Er hægt að halda því fram samtímis, að gengisbreytingin hafi verið vel undirbúin — eins og var látið í veðri vaka — og jafnframt að síðar hafi þurft að gera þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið. Þetta hlýtur að sanna það, að svo illa var frá gengisbreytingunni gengið, að hún þoldi ekki tveggja mánaða tímabil án þess að stórfelldar breytingar yrði að gera í efnahagsmálum, eða þá að hæstv. ríkisstj. hefur við fjárlagaafgreiðsluna stefnt að því að framkvæma það, sem síðan hefur verið gert, þó að því hafi þá verið leynt. Það er með öllu óhugsandi að halda því samtímis fram, að gengisbreytingin hafi verið vel undirbúin og síðan hafi þurft að gera þessar breytingar, sem gerðar hafa verið. Annað tveggja er, að kastað hefur verið í meira lagi höndunum til málsins eða að stefnt virðist að því að framkvæma þetta, eins og síðan hefur verið gert.

Eins og ég sagði hér áðan, hef ég flokkað þetta mál í fjóra þætti. Fyrsti þáttur málsins felur í raun og veru engan sparnað í sér. Eins og ég segi, er aðeins verið að skjóta málum til framtíðarinnar með því að leysa þau með lánum. Það er aðeins verið að geyma seinni tíma að greiða fyrir þau verk, sem fjárl. gerðu ráð fyrir, að yrðu greidd með þeim tekjum, sem nú féllu til. Í þessum flokki eru Landspítalinn með 27 millj. kr., menntaskólarnir með 25,6 millj. kr. og framkvæmd laga um hægri umferð með 18,4 millj. kr. eða samtals 81 millj. kr. Það er yfirlýst af hæstv. ríkisstj. að þessum málaflokkum á að hrinda í framkvæmd, en það á að leysa þau með lánsfé. Í sambandi við þennan þátt vil ég geta þess, að við stjórnarandstæðingar lögðum fram till. um lánsheimildir fyrir ríkisstj. til framkvæmda á vissum málaflokkum, þegar fjárlagaumr. fóru hér fram fyrir síðustu áramót. Hæstv. fjmrh. svaraði því þá til, að það væri nauð-

synlegt að draga úr því nú, að ríkissjóður leysti verkefni sín með lántökum, vegna þess að það mundi þrengja að þeim lánamarkaði, sem atvinnuvegunum veitti ekki af. Það var skoðun hæstv. fjmrh. þá, að ekki mætti ganga of langt inn á lánsfjármarkaðinn vegna fjárfestinganna, til þess að atvinnuvegirnir gætu setið að lánsfé því, sem í umferð væri.

Um þennan þátt málsins vil ég segja það, að á því hefur orðið veruleg breyting í tíð núv. valdhafa, hvernig leysa ætti þau framkvæmdaverkefni, sem ríkissjóði ber að fjármagna, eins og vegamál, hafnamál, sjúkrahús, skólamál og fleiri þess háttar málaflokka. Það var yfirleitt fylgt þeirri stefnu hér áður fyrr að leysa þessi mál nokkuð með samtímis tekjum. T.d. var það föst regla í vegamálunum, að ekki var framkvæmt hraðar en svo, að ríkið gæti lagt til tekjur jafnharðan. Á síðari árum hefur meira og meira verið horfið frá þessari stefnu. Nú er hver framkvæmdin á fætur annarri leyst með lánsfé, og það eru orðnar miklar fjárhæðir, sem framtíðin verður að greiða vegna þeirra framkvæmda, sem nú er verið að koma í verk.

Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér í sambandi við ýmsa fjárfestingarliði, hef ég það fyrir satt, að skuldir vegna Landspítalabyggingarinnar verði orðnar eftir þær lánveitingar, sem nú er veitt heimild til, a.m.k. um 70 millj. kr. Þetta er þó verk, sem ekki er lokið og verður að veita áfram fé til, og sjá hv. þm., hversu það muni vera fyrir framtíðina að endurgreiða þessi lán og veita fé til aukinna framkvæmda. Um héraðssjúkrahús og læknabústaði úti um land er svipaða sögu að segja. Þar eru stórar fjárhæðir ógreiddar af hálfu ríkisins, svo að tugum millj. kr. skiptir. Það orkar ekki tvímælis, að þeir erfiðleikar, sem nú eru í heilbrigðismálum þjóðarinnar, og sú bylting, sem á sér stað m.a. til að fá lækna til þess að sitja í héruðunum, mun leiða til þess, að verulega skipulagsbreytingu verður að gera í þeim málum. Það er ekki hægt að koma þeirri skipulagsbreytingu í framkvæmd, nema ríkissjóður geti lagt verulega fjármuni fram til þess að leysa þau verkefni. Sjá allir, hvernig horfir með lausn þeirra mála, þegar hag ríkissjóðs er nú svo komið, að hann getur ekki lagt fram neina krónu til Landspítalabyggingarinnar, heldur verður að taka það allt að láni.

Það sama er að segja um menntaskólabyggingar. Menntaskólabyggingar hafa að verulegu leyti verið fjármagnaðar með lánsfé á undanförnum árum. Hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir við fjárlagaafgreiðslu á s.l. hausti, að hér yrði að breyta um og ríkið yrði að leggja meira fé fram. Nú er hins vegar horfið að því ráði á árinu 1968, að eingöngu á að byggja fyrir lánsfé í menntaskólunum. Það vita allir, sem til þekkja, að menntaskólar eins og Menntaskólinn í Hamrahlíð og Menntaskólinn á Laugarvatni eru ekkert lokatakmark í byggingum þessara skólastofnana. Skuldir vegna menntaskólanna munu eftir þessa lánsfjárheimild vera orðnar a.m.k. 50—60 millj. kr. Þannig halda áfram að hrúgast upp verkefni handa framtíðinni, þar sem verkin eru nú unnin eingöngu fyrir lánsfé, sem ríkissjóður útvegar sér.

Ef við höldum áfram með skólamálin, vil ég minna á það, að Alþ. hefur samþ. við afgreiðslu fjárl. að veita fé til um 40 skólabygginga og að hefja skuli framkvæmdir við þær flestallar. Þessar skólaframkvæmdir bíða þess, að verkin séu hafin, og það eru hundruð millj. kr., sem ríkissjóður þarf að greiða til þess að koma verkum þessum í framkvæmd. Ég hygg, að það muni ekki oftalið, þó að það sé áætlað, að það sé um ½ milljarður, sem þarf til þess að reisa þær skólabyggingar, sem Alþ. hefur nú samþ. að taka á fjárlög.

Og hvaða afleiðingar hefur þetta í skólakerfi landsins? Á hv. Alþ. fyrir nokkrum árum var allveruleg deila í sambandi við framhaldsskólana, héraðs- og gagnfræðaskólana. Hæstv. menntmrh. hélt því þá fram, að það stæði eingöngu á héruðunum að leysa þessi verkefni, en ekki á ríkissjóði. Hann gaf síðar út tilskipun um það, hvernig farið skyldi með kennsluna í skyldunáminu, þ. e. unglingastigið. Og hvernig var tilskipunin? Hún var þess efnis, að barnaskólar skyldu leysa þennan þátt. En hver er afleiðingin af þessari tilskipun? Afleiðingin er sú, að í flestum heimavistarbarnaskólum a.m.k. hefur þetta orðið til þess að stytta námstíma barnanna í barnaskólunum, sem þó er ekki og var ekki nema helmingur af þeim námstíma, sem börn í þéttbýlinu njóta. Það var stefnt að því í mörgum héruðum að bæta við byggingar heimavistarskólanna til þess að geta aukið þar kennslu og lengt kennslutímann, eins og fólkið í þeim byggðarlögum þráir. En þessi ávörðun hæstv. menntmrh. hefur hins vegar orðið til þess, að sú von hefur að engu orðið og æ meir þrengist að námi barna í heimavistarskólum. Í sumum héruðum landsins er það svo, að enginn skóli er til að kenna unglingastigið. Þrátt fyrir þetta eru hundruð millj. kr., sem ríkið á vangreitt til þess að koma þessum verkefnum áfram, og sjá allir hvert stefnir, þegar þannig er haldið á fjármálum ríkisins, eins og hér hefur verið og er gert.

Það sama er að segja um Kennaraskólann. Skólastjóri Kennaraskólans í Reykjavík kom á fund fjvn. s.l. haust og sýndi með rökum, sem ekki urðu hrakin, að yrði ekki bætt úr húsakosti Kennaraskólans, væri sú stofnun komin í þrot og gæti ekki tekið við nýjum nemendum. Það var álit nm. eftir þann fund, að hér væri mjög alvarlegt mál á ferðinni og að skólastjóri Kennaraskólans, sem væri enginn flysjungur, hefði lagt mál sitt þannig fyrir, að engin ástæða væri til að draga orð hans í efa. En samt er nú horfið að því ráði að reyta af þessari stofnun 1 millj. kr., sem hún átti að nota til þess að koma upp bókasafni handa kennaraefnum í landinu. Það er reisn í framkvæmdum íslenzka ríkisins, þegar þarf að tína ber, eins og 1 millj. kr., hjá eina kennaraskólanum í landinu á fjárl., sem eru á 7. milljarð.

Ég gæti haldið áfram að tala um málefnaflokka, sem ríkið skuldar stórfé til og framtíðin verður að greiða. Það munu vera um 70 millj. kr., sem ógreiddar eru af ríkissjóðsframlögum til þeirra hafna, sem ríkissjóður tekur þátt í að reisa með héruðunum. Auk þess eru stórar fjárhæðir í landshöfnunum, sem ríkissjóður verður einnig að greiða. Sama er að segja um flugvellina. Flugvallaframkvæmdirnar á síðustu árum hafa að verulegu leyti verið unnar fyrir lánsfé. Einnig er svo um raforkuframkvæmdirnar. Þar eru líka verulegar skuldir. Og hvað er verið að gera hér vegna framkvæmdar laga um hægri umferð? Það á að taka lán til þess að leysa það verkefni á árinu 1968, en á fjárl. 1968 eru tekjur, sem teknar eru með skatti og eingöngu ætlaðar til þessarar breytingar, en þær tekjur eiga nú að verða að eyðslueyri hjá ríkissjóði. Það á að nota sér breytinguna til hægri umferðar með því að láta ríkissjóð taka til sín 16—18 millj. kr. 1968. Og hver er afleiðingin? Afleiðingin er engin önnur en sú, að þessi skattur verður framlengdur og bílaeigendur í landinu verða að borga breytinguna til hægri umferðar og leggja ríkissjóði jafnframt til nokkra tugi millj. í eyðslueyri.

Þannig er í öllum greinum sótt eftir nýjum sköttum og þeir misnotaðir á hinn herfilegasta hátt, því að ríkissjóður er búinn að hirða þá í almennan eyðslueyri, fyrr en varir, þó að þeir hafi verið lagðir á í einhverju ákveðnu skyni. Og stórfelldast í þessu öllu saman eru þó kannske vegamálin í landinu. Þar hafa hv. alþm. verið að leggja á nýja skatta undanfarin ár einmitt til handa þessari ríkisstj., eins og ég vék að hér fyrir tveimur dögum. En hvernig er ástandið í vegamálunum í landinu? Ég hafði hugsað mér að ræða þann þátt í sambandi við skýrslu vegamálastjóra, sem var til umr. hér fyrir nokkrum vikum, og ég hafði þá beðið um orðið, en framhald þeirrar umr. hefur ekki farið fram enn. Því ætla ég að víkja að þessu í sambandi við þennan þátt í ráðstöfunum ríkisstj. til að leysa verkefnin með lánsfé.

Nú skuldar Vegagerðin vegna vegaframkvæmda 347 millj. kr. Þessi skuld hækkar um 31 millj. kr. vegna gengisbreytingarinnar. Þá eru skuldirnar alls orðnar 379 millj. kr., og samkv. upplýsingum hæstv. samgmrh. eru vextir af þessum skuldum 28 millj. kr. á árinu 1968. Hvað þýðir þetta? Það þýðir það, að fjárveitingarnar, sem við höfum á vegaáætlun til hraðbrauta, til þjóðbrauta og til landsbrauta, eru 57,6 millj. kr. Það er 8 ára fjárveiting til þeirra, sem fer í að greiða skuldir, sem hvíla á Vegagerðinni núna. Gera menn sér grein fyrir, hvernig ástandið er? Það tekur 8 ár að greiða skuldir vegna þeirra framkvæmda, sem lokið er. Og hafa menn gert sér grein fyrir ástandinu í vegamálunum? Hvar í heiminum er höfuðborg, sem álíka vegur liggur út úr og nú er upp Ártúnsbrekkuna? Og hafa hv. þm. gert sér grein fyrir því, hvað hefði gerzt hér á höfuðborgarsvæðinu, ef flóðin um daginn hefðu rutt Elliðaárbrúnni af? Það munaði ekki miklu, að svo færi. Ástandið í vegamálum okkar kom greinilega í ljós nú í flóðunum, þegar heilir landshlutar hafa verið algerlega einangraðir vegna ástands veganna. Og hafið þið gert ykkur grein fyrir því, hv. alþm., að á árinu 1968 kostuðum við af eigin tekjum þess árs lagningu ½ km úr varanlegu efni. En hvað þýðir þetta? Það þýðir það, að nú eru taldir vera í landinu um 400 km, sem samkv. lögum á að leggja úr varanlegu efni. Það tekur 8 aldir að gera þessa vegi úr varanlegu efni, ef stefna núv. hæstv. ríkisstj. og hæstv. samgmrh. ríkir áfram í landinu. Það tekur hvorki meira né minna en 8 aldir að leysa þessi verkefni. **(EystJ:** Eru það ekki 800 ár?) Það eru 800 ár, og svo kemur hæstv. samgmrh. hér á hv. Alþ. og segir, að það hafi mikið verið gert á árinu 1967.

Svona er ástandið í vegamálunum. Svona er ástandið í hinum ýmsu framkvæmdamálum íslenzku þjóðarinnar eftir mesta góðæristímabil í sögu þjóðarinnar, þegar hæstv. ríkisstj. hafði tvo milljarða úr að spila umfram það, sem hún ætlaði sjálfri sér. Þannig er á málunum haldið, og það þarf því engan að undra, þó að það komi bandormur eftir bandorm til þess að gera bráðabirgðaráðstafanir í þessu eða hinu málinu, þegar svona hefur verið stjórnað.

Þetta var um framkvæmdaflokkinn, sem hæstv. ríkisstj. leysir, hefur leyst og ætlar í auknum mæli að leysa með lántökum.

Þá kem ég næst að þeim þætti, sem felur í sér að fresta fjárveitingu til framkvæmda og atvinnuveganna. Þar verður fyrst fyrir mér bygging stjórnarráðshúss. Það mun hafa verið í upphafi viðreisnartímabilsins, sem hæstv. fyrrv. forsrh., Ólafur Thors, flutti hér á hv. Alþ. till. við fjárlagaafgreiðslu um 1 millj. kr. til stjórnarráðshúss — eina fremur en tvær. Þessi fjárveiting hefur haldizt síðan. Að vísu hefur hún verið skert nokkuð með niðurskurði, 20% niðurskurði og 10% niðurskurði, og nú fyrir nokkrum dögum var hér á hv. Alþ. rætt um það, hvað liði þessari framkvæmd. Svarið við þessu er svo það, að nú á algerlega að strika út af fjárl. þessa fjárhæð. Það vita allir, að þetta er söfnunarfé. Það vita allir, að verði stjórnarráðshús byggt, kostar það stóra fjárhæð. Þess vegna var talið skynsamlegt að standa að málum með þeim hætti að safna fé á fjárl. frá ári til árs til þess að byggja þannig upp sjóð, sem notaður yrði til að reisa stjórnarráðshúsið.

Á árunum kringum 1930 var íslenzka þjóðin svo efnuð, að hún gat byggt Arnarhvol. Síðan var við þá byggingu bætt nokkuð, en þessi framkvæmd er búin að borga sig oft og mörgum sinnum fyrir hið íslenzka ríki. Nú hefur íslenzka ríkið ekki efni á því að láta 1440 þús. kr. standa á fjárl. til stjórnarráðshúss. Mikil er neyðin, en þessi litla upphæð bætir mikið úr!

Þá var það ein framkvæmd, sem átti að verða til þess að halda í heiðri sögu þjóðarinnar, þ. e. að ríkið keypti Viðeyjarstofu og endurbætti það hús. M.a. voru kaupin gerð vegna þess, að húsið væri í niðurníðslu og þjóðinni ekki sæmandi. Nú er ekki

rúm fyrir þá fjárhæð, sem átti að verja til þess að bæta þetta hús, á íslenzkum fjárl. í ár og á að telja hana niður.

Eitt af vandamálum okkar eru fangelsismálin. Það er á allra vitorði, að þar er um að ræða neyðarástand, sem þjóðinni er ekki sæmandi. Raunverulega hefur ekkert verulegt komizt í framkvæmd í fangelsismálum, síðan Litla-Hraun var keypt að undanteknu því húsi, sem byggt er hér inni í Síðumúla í Reykjavík. Það hefur verið nokkrum sinnum rætt hér á hv. Alþ., að úr þessu yrði að bæta, og var álit hæstv. dómsmrh., að hjá því verði ekki komizt að gera verulegar úrbætur í því efni. Veittar voru þó 1360 þús. kr., en ég veit, að það verður ekki mikið byggt af fangelsum fyrir þá fjárhæð. Ég veit einnig, að það verður ekki byggt fangelsi eða bætt úr þeim málum nema fjár verði aflað, annaðhvort með söfnunarfé eða stórátaki, og vel má vera, að ráðamenn síðari tíma haldi það betur á málum að úr þessu megi bæta.

Ég hef rætt um skólabyggingarnar og kennaraskólabygginguna hér fyrr í ræðu minni og þarf ekki að bæta neinu þar við, því að ástandið blasir við augum.

Eitt af því, sem gerðist við fjárlagaafgreiðsluna nú fyrir áramótin síðustu, var það, að komið var inn lítilli fjárhæð til byggingar safnahúss. Það var 1½ millj. kr., og það var ekki laust við, að mönnum fyndist verulega til um, að þarna væri þó verið að vinna að nytsömu og góðu máli, sem nauðsyn væri til að hrinda í framkvæmd. Og þó að hér væri byrjað með lítið væri það spor í rétta átt, og ég man, að hæstv. fjmrh. lét orð falla um þetta. Tveir hv. þm., hv. 4. þm. Reykn. og hv. 6. þm. Reykv., gengu mjög fram í þessu máli og litu á þetta sem sitt afkvæmi. Nú hefur þetta afkvæmi þeirra og annarra áhugamanna um þetta málefni ekki átt lengri framtíð en það á þessu ári, að það mun eiga að deyja í móðurkviði. Það má segja, að það skipti kannske ekki sköpum fyrir málið, hvort fé er veitt til þess 1968 eða 1969. En það var þó talið við fjárlagaafgreiðsluna fyrir 1968 að hér væri gott mál á ferðinni, sem nauðsyn bæri til að veita fé til, til þess að sýna að hverju væri stefnt. Þetta hefur hins vegar ekki hlotið náð fyrir augum hæstv. ríkisstj. nú, þegar hún fór að nota skurðarhnífinn. En þessi og fleiri verkefni bíða framtíðarinnar, og það verður enginn sparnaður fyrir þjóðina, þó að hún geti ekki leyst þau með þeirri tekjuöflun, er hún hefur nú yfir að ráða.

Sama er að segja um lögboðna sjóði eins og Aflatryggingasjóð og Fiskveiðasjóð. Þeir eru stofnsettir með lögum, sem hafa verið afgreidd hér á Alþ. fyrir stuttu, og hefur mikið verið gumað af, hversu vel væri verið að búa að atvinnuvegunum. Og það var ætlun Alþ. þá, að þetta væri lögbundið framlag, sem ríkissjóður ætti að leggja þessum atvinnuvegi til samkv. lögum á hverju ári. Það er út af fyrir sig ekki hægt að rökstyðja það, að gengishagnaðinum, sem atvinnuvegirnir áttu að fá, hafi verið ráðstafað á þann hátt, að það geri það að verkum, að ríkið geti komizt hjá því að greiða þessi framlög nú. Það vita allir hv. þm., að ríkisstj. hæstv. gerði tilraunir til þess að ná verulegum hluta af gengishagnaðinum — meira heldur en henni tókst vegna áhrifa Alþ. En þarna er leið til þess að sækja það aftur að nokkru leyti, sem Alþ. hafði haft af henni.

Sömu sögu er að segja um Landnám ríkisins. Hér er um lögboðið framlag að ræða, og hér er ekki annað að gerast heldur en það, að ríkisstj. er að taka sér heimild til þess að breyta lögum, sem Alþ. hefur sett, og draga úr fjárveitingum til framkvæmdaflokka, sem hefur þó ekki verið stefna Alþ., að gert yrði.

Þá kem ég að Orkustofnuninni. Það er alveg vitanlegt, að Orkusjóður getur ekki leyst aðkallandi verkefni vegna fjárskorts, og við fjárlagaafgreiðslurnar fyrir 1968 gerðum við stjórnarandstæðingar tilraun til þess að fá meira fé handa Orkusjóði vegna brýnna verkefna heldur en fjárl. gerðu ráð fyrir. En hvað hefur svo gerzt? Það, sem er að gerast nú, er það, að hæstv. ríkisstj. er að draga úr þessum litlu fjárveitingum, sem Orkusjóður hefur.

Þriðji þáttur þessa lagafrv., sem hér er til umræðu, var sá, sem ég kallaði, að væri óraunhæfur og sýndarmennska, og þar var um að ræða 24—25 millj. kr. Þar verður fyrst fyrir mér risna hæstv. ríkisstj. og sparnaður í stjórnarráðinu. Nú er mér sagt, að það hafi verið túlkað þannig einhvers staðar úti í frá, að hér væri eingöngu átt við risnu ríkisstj., sem taka ætti þessar 2 millj. kr. af, en svo mun ekki vera, heldur mun hér vera um að ræða það, sem áður hefur verið fært undir annan kostnað rn., og risnuna þar með. Nú má því um það segja, að hefði hæstv. ríkisstj. farið að sýna hyggindi og sparnað í framkvæmd, kom það að fullum notum, þó að þessar 2 millj. kr. hefðu ekki verið settar þarna, því að hér var um áætlaða tölu að ræða, og hefði það þó orðið minna eitt heldur en til var ætlazt. En ég vil líka benda á það, að á s.l. ári — 1966 — jókst gestrisni eða kostnaður við gestrisni ríkisstj. Kostaði hún 50% meira heldur en 1965. Og ég hef litla trú á því, að úr þessu verði dregið, nema það komi af sjálfu sér, að hingað komi færri þjóðhöfðingjar heldur en áður hefur verið, og þannig getur þetta hreyfzt eitthvað til á milli ára. En ég vil geta þess, að þegar ríkisendurskoðendur hafa gert aths. við annan kostnað rn., sem venjulega hefur farið 50—80% og jafnvel 100% fram úr áætlun, þá hefur svar rn. alltaf verið á þessa leið, eins og kemur fram í svari rn. við aths. endurskoðenda ríkisreikningsins 1966, sem er birt hér neðst á bls. 283, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir svo:

„Annar kostnaður ráðuneytanna hefur verið vanáætlaður.“

Og hvað halda hv. alþm., að gerist á árinu 1968, þegar búið er að eyða þessum 2 millj. kr. Þá kemur klausa um það, að annar kostnaður ráðuneytanna hafi verið vanáætlaður og óraunhæft sé að ætla sér

að koma sparnaði þar við. Þessu til viðbótar vil ég svo geta þess, að á fjárl. 1968 hefur fjmrn. 10 millj. kr., sem er óráðstafað og rn. hefur ekki haft fyrr til þess að mæta því, sem upp á kynni að koma, og væri þar hægt að jafna þessar 2 millj. kr., sem ríkisstj. ætlar sér að spara. En reyndar er það svo, að þetta er sett þarna efst á blaðið til þess að gera það bragðbetra, er á eftir kemur, og annað er ekki á bak við það.

Annar liðurinn í þessum málaflokki, sem ég tel óraunhæfan, er áætlun í sambandi við rekstur skólanna skólaárið 1967—1968. Á það er langt liðið og með fjárveitingum þeim eða áætlun í fjárl. 1968 vegna þessara útgjalda á að greiða þennan rekstur. Það er sem sé kostnaðurinn við skólaárið frá 1. sept. 1967 til vors. Það verður engin breyting gerð á þessu, sem hefur veruleg áhrif á þennan útgjaldalið til sparnaðar. Ef þessar 6,6 millj. kr. verða afgangs, er það af því, að áætlunin hefur verið það rúm, að hún leyfir þetta, og það hefði komið nákvæmlega sama út, hvort sem þessi tala var sett hér eða ekki. Það er næstum því furðulegt að halda, að fjárhæð eða áætlun í fjárlagalið, sem er hátt í 200 millj. kr., eins og þessi liður er, sé það nákvæm, að hún geti ekki hreyfzt til um 1—2 millj. kr., en breytingin verður engin, þó að þessi tala sé sett þarna, því að það verður engin skipulagsbreyting gerð á þessu skólaári, sem getur dregið úr kostnaði.

Þá er það utanríkisþjónustan. Það er út af fyrir sig mjög gleðilegt, að hæstv. ríkisstj. skuli nú vera orðið ljóst að draga mætti úr kostnaði þar.

En hvað halda hv. þm., að hæstv. fjmrh. hefði sagt, ef við í minni hl. hefðum komið með þá till. í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna að leggja til, að utanríkisþjónustan í heild lækkaði um 3 millj. kr.? Hæstv. ráðh. hefði sagt, að ekki þýddi að vera með svona sýndarmennsku. Það verða að vera raunhæfar till., sem hv. alþm. leyfa sér að bera fram. Það hefði verið sýndarmennska og óraunhæft, ef við hefðum slegið fram öðru eins og þessu. Og nú er sagt, að það eigi að flytja nokkra sendiráðsritara heim. Mér er spurn: Hvað hefur þetta fólk verið að gera í sendiráðunum? Er búið að setja í sendiráðin fullt af fólki, sem er alveg ónauðsynlegt, og flytja má heim, af því að ríkisstj. langaði til þess að sýna einhverja sparnaðarviðleitni eða í auglýsingaskyni, en sendiráðin starfa áfram eftir sem áður. Þetta er nú meiri játning heldur en ég hefði gert ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. mundi gera, þ. e. að búið væri að setja inn í sendiráðin fólk, sem ætti þar ekkert erindi og hefði þar ekkert starf, og það gerði ekkert til, þó að það væri tekið heim og látið vera hér á kaupi án vinnu. Því er haldið fram, að það, sem eigi að sparast með þessu, sé staðaruppbótin. Nú mun það hins vegar gleymast, að það kostar nokkuð að flytja þetta fólk til. Á árinu 1966 voru nokkrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar fluttir landa á milli, héðan að heiman vestur til Ameríku og austur til Rússlands, og það kostaði 150—160 þús. kr. að flytja hvern einstakan til, svo að nokkrir fjármunir fara í að flytja þetta fólk. En ég dreg það í efa, að hér geti verið um raunhæfan sparnað að ræða. Eða er ef til vill þannig komið, að það sé fullt af fólki úti í okkar sendiráðum, sem hafi þar ekkert að starfa, og flytja megi það hingað heim, og láta það vera verklaust og greiða því kaup. Það sé hagkvæmara til að losna við staðaruppbótina. Ef þetta er svona, er nú ekki að undra, þó að fjármálum íslenzka ríkisins sé illa farið.

Út af sparnaði í sambandi við mötin vildi ég spyrja um það, áður en lengra væri farið, hvort það sé búið að gera þær ráðstafanir, sem þurfi til þess, að hér geti verið um raunhæfan sparnað að ræða. Ég sé ekki enn þá, að það sé búið, og dreg því í efa, að um raunhæfan sparnað verði að ræða.

Í sambandi við orlofs- og skyldusparnaðinn vil ég segja það, að út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga, þó að pósthúsin séu látin inna þessa þjónustu af hendi án endurgjalds. Hins vegar hefur það ekki áhrif á fjárhag ríkisins í heild, því að tekjur þær, sem pósthúsin hafa haft af þessu, hafa verið færðar Póstsjóði til tekna. Það, sem gerist, er að útgjöldin falla niður í þeim lið, þar sem þetta hefur verið fært, en tekjurnar koma á hinni síðunni í ríkisreikningnum, þar sem Póstsjóður er. Raunverulegur sparnaður er þetta ekki, heldur tilfærsla á milli ríkisfyrirtækjanna.

Um Ferðaskrifstofu ríkisins er það að segja, að hún hefur haft þá aðstöðu í nokkur ár, sem hæstv. fjmrh. gat um, að hún hefði. Hún hefur haft sína verzlun á Keflavíkurflugvelli, en þrátt fyrir þetta var hallinn á skrifstofunni 1966 tæpar 700 þús. kr., þó að hún hefði ríkisframlagið og þá aðstöðu, sem hún hefur nú. Það verður þá að verða einhver veruleg breyting á rekstri þessarar stofnunar, ef hún á að þola það að tapa styrknum frá ríkinu, án þess að hallarekstur hennar aukist. Ég verð að segja það, að ég er ekki enn þá farinn að sjá þá breytingu, sem mun leiða þetta af sér. Þess vegna verð ég að segja um þessi atriði, sem ég hef talið hér, að þau eru í meira lagi óraunhæf og heyra undir sýndarmennsku.

Þá kem ég að þeim þættinum, sem ég vona, að sé sparnaður — raunverulegur sparnaður. Hann er að vísu minnstur — 16 millj. kr. Það munar um allt. Allt er hey í harðindum. Þar verður fyrst fyrir mér Háskólinn. Það á ekki að skipa í tvö prófessorsembætti, sem ákveðin voru með lögum fyrir nokkrum árum samkv. 10 ára áætlun um uppbyggingu Háskólans. Það þótti á þeim árum mjög gott mál og var mikið auglýsingamál fyrir hæstv. ríkisstj. Nú er aftur mikils virði að geta sparað þessar 600 þús. kr.

Þá er það fræðslumálaskrifstofan eða námsstjórarnir. Ég vil segja það sem mína skoðun — og það hefur komið fram í ræðum okkar stjórnarandstæðinga hér áður fyrr — að nauðsyn bæri til að endurskoða þetta kerfi og draga mætti úr útgjöldum að okkar dómi í sambandi við þennan lið. Þess vegna er þetta einn af þeim liðum, sem ég viðurkenni sem raunverulegan sparnað. Hins vegar hefði ég álitið, að námsstjórar, sem margir eða

sumir hverjir eru búsettir úti á landi, ættu að vera með smáskrifstofu fyrir sitt svæði. Þeir ættu að endurskoða skólareikningana í sínu umdæmi, og ekki ættu aðrir þættir skólamálanna úr þessum byggðarlögum að fara til yfirstjórnarinnar í Reykjavík heldur en þeir, sem ágreiningur gæti verið um. Það væri hægt að nýta þessa starfskrafta betur með því að skapa þeim aðstöðu úti um land án þess að auka þann kostnað, sem því væri samfara.

Um kostnaðinn við þjóðgarðinn á Þingvöllum og 500 þús. kr., sem þar á að spara, vil ég segja það, að ég er ekki það kunnugur þeim málum, að ég geti sagt um, hvort það sé framkvæmanlegt, en hef gert ráð fyrir því, að svo væri, ef það gengi ekki á það, sem Þingvallanefnd er ætlað að gera.

Þá kem ég að máli, sem er ekki að koma fram hér í fyrsta sinn. Það varðar lögregluna á Keflavíkurflugvelli. Alþb.-menn hafa flutt þing eftir þing brtt. við fjárl. um að draga úr þessum kostnaði eða jafnvel leggja hann niður og hefur hv. þm. Geir Gunnarsson skýrt það mál. Þá hefur það alltaf verið talið glæframál og álitið, að þeir, sem fyrir þessu stæðu, vildu koma á lögleysu og það væri í andstöðu við NATO og annað því um líkt, ef menn væru að þessu. Þetta hefur ekki verið talið gott mál og óraunhæft í meira lagi. Það gleður mig stórum, að það skuli hins vegar vera orðið raunhæft nú, því að kostnaðurinn við framkvæmd á löggæzlu og tollgæzlu þarna var orðinn herfilega mikill, eins og ég mun síðar skýra og kom fram í aths. okkar í minni hl. í haust.

Sama er að segja um löggæzlu í landinu. Hún hefur bólgnað ár frá ári og er orðin geysilega fyrirferðarmikil í fjárl. Nú telur fjmrn., að hægt sé að spara þarna um 6,8 millj. kr. Ég gleðst yfir því, en verð að segja, að ég bjóst við, að á þessu ári yrði það notað til þess að rökstyðja, að þörf væri á þessari fjárhæð. T.d. yrði kostnaður við löggæzlu vegna breytingar á umferðinni frá vinstri til hægri. Til þessarar löggæzlu er ekkert ætlað sérstaklega í fjárl. Taldi ég því, að á þessu ári væri óhægara um vik að draga úr þessum kostnaði við löggæzlu, en það gleður mig stórum að sjá, að sú gagnrýni, sem við höfum haldið uppi, hefur verið á rökum reist og hér hefur verið um algera ofrausn að ræða, fyrst hægt er á því ári, sem á þó að leggja á löggæzluna meira starf en ella, að draga úr kostnaði við hana. Ég verð líka að segja það, eins og komið hefur fram í ræðu hjá mér og í ræðum hér áður á hv. Alþ., að dómsmrn. er orðið of rausnarlegt bæði í sambandi við setudómara og gjafsókn í málum. Ég þykist hafa fyrir því rök, að mat hæstv. dómsmrh. á gjafsókn sé ekki byggt á því, sem lögin segja um það, að meta eigi efnahag og málavöxtu, þegar gjafsókn sé ákvörðuð.

Það gleður mig líka stórum, að hæstv. ríkisstj. fellst nú á það að lækka fjárveitingu til Almannavarna. Þetta var eitt af óskabörnum við fjárlagaafgreiðsluna 1967. Þá hækkaði fjárveiting til þessa fjárlagaliðs um 50%, og var þetta mjög gagnrýnt af okkur. Nú er svo hraustlega að þessu vegið, að af 3,9 millj. kr. fjárveitingu eru þrjár teknar aftur. Það sýnir, að hér hefur verið komið í algert óefni, verið farið að bruðla með ríkisfé og því þörf á leiðréttingu.

Þá eru hér tveir síðustu liðirnir í sparnaðartillögunum á forsíðu þessa frv., þ.e. að fella niður framlag ríkisins til þess að eyða meindýrum, og er þar átt við rottur. **(Gripið fram í:** Hvaða meindýr eru það?) Það eru rottur fyrst og fremst. En um þetta er það að segja, að í aths. við 10. gr. kemur það fram, að það er ekki hægt að láta þetta koma til framkvæmda á árinu 1968, og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp aths. við 10. gr., sem hljóðar svo:

„Lagt er til, að þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við eyðingu á rottum verði lögð niður, en kostnaðurinn framvegis borinn af viðkomandi sveitarfélögum. Á fjárlögum 1968 er gert ráð fyrir 755 þús. kr. fjárveitingu til þessa málefnis, en þar sem kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs er gerð upp eftir á, verður ekki um neinn sparnað að ræða fyrr en á árinu 1969."

Þetta var eitt af þeim atriðum, sem ég hafði fært undir raunhæfan sparnað og verð víst að fara að biðja afsökunar á. En mér er spurn: Af hverju var þá verið að taka þetta inn í 1. gr., fyrst það kemur ekki til framkvæmda 1968? Og svo er með fleiri liði í þessum sparnaðartillögum upp á 138 milljónir, að þeir koma ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1969, þegar ný fjárl. hafa verið samin. Mér segir svo hugur um, að málum sé háttað, eins og ég hef leitt rök að hér á undan, en sennilega eru þó meiri brögð að því en mér virtist í fljótu bragði vera.

Og þá er komið að síðasta þættinum, og það eru prestarnir í Keflavík og í Danmörku. Prestsembættið í Kaupmannahöfn var einu sinni verulegt deiluatriði hjá okkur í sambandi við fjárlagaafgreiðslu. Því var haldið fram af okkur stjórnarandstæðingum, að hér væri hæstv. ríkisstj. að fara inn á verksvið, sem hún ætti ekki að fara inn á. Það væru engin lög til fyrir því að setja þennan prest úti í Kaupmannahöfn. Það væri heldur ekki farið að þessu máli, eins og venja væri til með presta, þ.e. að þeir væru kosnir af sínum söfnuði, heldur væri hann settur þarna niður af hæstv. ríkisstj. án nokkurs tilefnis og til kostnaðarauka. Því var haldið fram af hæstv. ríkisstj. að verulegur kostnaður væri þessu ekki samfara, en málið væri gott.

Nú vil ég ekki í sambandi við þetta mál fara að hnýta í þann mann, sem er prestur í Kaupmannahöfn. Mér er sagt, að hann hafi kynnt sig þar vel og hafi sinnt sjúkum mönnum betur en aðrir starfsmenn sendiráðsins þar ytra. Það getur vel verið, að maðurinn sem slíkur hafi sinnt sínu starfi vel, en framkvæmdin af hálfu hæstv. ríkisstj. var fráleit. Það var fráleitt að vera að búa til prestsembætti, án þess að lög væru um það á Alþ. Það var fráleitt að vera að auka á kostnað við utanríkisþjónustuna — en sú var raunin — með því að búa til þetta starf

þarna úti. Og svo sé ég á þessu frv., að að auki hefur verið kominn prestur á Keflavíkurflugvöll, sem mér var ekki áður kunnugt um, svo að hæstv. ríkisstj. sér þá að sér í þessu, þ. e. í því að hætta við — a. m. k. í bili — að búa til óþörf embætti og greiða embættislaun og annan kostnað við embætti, sem ekki eiga sér stoð í lögum og engin heimild er fyrir að setja á stofn. Þó að þetta séu ekki stórar fjárhæðir, er þó hér spor í rétta átt, sem ber að meta, enda verður að segja, að það er ekki svo mikið, sem út úr þessu frv. kemur, sem hæstv. ríkisstj. á lof skilið fyrir, að hún verður að njóta þess, sem hægt er að láta hana njóta.

Um frv. þetta að öðru leyti vil ég segja það, að ég tel það afar óeðlilegt, að í lögum, sem í daglegu tali hv. þm. eru kölluð bandormur, þ.e. þegar verulegur hluti og meginmál laganna á ekki að gilda nema eitt ár, þar sem þau eru bundin við fjárlagaár, skuli vera teknar inn greinar þar sem breytt er gömlum stofnunum í þjóðfélaginu og þær meðhöndlaðar, eins og þær hafi ekki haft veruleg áhrif. Þar á ég við fræðslumálaskrifstofuna, fjármálaeftirlit skóla, námsstjórakerfið og fræðslumyndasafnið, íþróttafulltrúa og bókafulltrúa. Út af fyrir sig hef ég ekki uppi aths. um það, að þessar stofnanir verði sameinaðar menntmrn., heldur um hitt, hvernig að þessu er farið. Ég álít, að slíkar stofnanir, eins og fræðslumálaskrifstofan, fjármálaeftirlitið og námsstjórakerfið eigi að heyra undir heildarlöggjöf um skólana í landinu og menntamálastofnanirnar. Það er afskaplega óeðlilegt og beinlínis móðgandi fyrir forráðamenn þessara stofnana, að þeim skuli vera slátrað í lögum, sem almennt eru kölluð bandormur og hv. þm. telja, að ekki eigi að standa nema árið, sem þau eru afgreidd. Það eru engin vinnubrögð að fara þannig að.

Nú vil ég samt segja — þó að ég hafi ekkert á móti því að sameina þetta — að það er ekki þar með sagt, að ég treysti því, að í höndum núv. valdhafa verði sparnaður af þessari breytingu enda finnst mér það koma fram í grg. frv., að þeir, sem frv. hafa samið, eru heldur ekki trúaðir á það, því að þeir telja, að af þessari framkvæmd geti ekki orðið, fyrr en búið er að fá það stórt húsnæði, að það hýsi alla þessa starfsemi. Og ef við vitnum eða lítum til annarra sameininga eða skipulagsbreytinga, sem hafa orðið eða átt að verða til sparnaðar, nægir að minna á skattstofurnar til þess að sanna, að það er fjarri því, að um sparnað hafi verið að ræða.

Þess vegna er þessi skipulagsbreyting engin trygging fyrir því, að af sparnaði verði, þó að ég skuli ekki fortaka, að það gæti orðið, ef skynsamlega og vel væri á málum haldið og á annan hátt en gert hefur verið hjá núv. hv. valdhöfum. Þetta er með öllu óþolandi, og hv. Alþ. á ekki að leyfa sér að leggja niður svo gamlar og grónar stofnanir í þjóðlífinu eins og fræðslumálaskrifstofuna með jafnómerkilegum lögum.

Ég vil undirstrika það, að ekki verður um sparnað að ræða í sambandi við þetta lagafrv. og ekki getur orðið um sparnað að ræða í ríkisrekstrinum nema með skipulagsbreytingu, þar sem embættum og stofnunum er fækkað — ekki síst þeim, sem hafa orðið til á síðari árum. Það hefði verið hægt að koma við sparnaði í sambandi við sendiráð, m.a. þegar þau voru laus og enginn sendiherra í þeim og skipa þurfti nýja og það var hægt að komast hjá að fjölga sendiráðunum, eins og gert hefur verið síðustu árin. Það voru aðgerðir, sem leiddu til sparnaðar. En engan þarf að undra, þó að fjármál þjóðarinnar séu komin í þann vanda, sem ég gat um í upphafi máls míns, vegna þeirrar útþenslustefnu, sem ríkisstj. hefur fylgt, og vegna þess sparnaðarleysis, sem gætt hefur í störfum hæstv. ríkisstj.

Ég gat þess í sambandi við fjárlagaafgreiðslu fyrir 1967, að þar væri fjármálum þjóðarinnar stefnt í voða, og það hefur sýnt sig, að svo var. Og ég vil benda á máli mínu til sönnunar, hvernig þróunin hefur verið síðustu árin. Nú er ég löngu hættur að vitna til þess ágæta árs 1958, vegna þess að það er orðið svo fjarlægt og svo erfitt að vitna til þess, því að þá voru svo langtum lægri tölur en nú eru. Ég ætla aðeins að vitna til ársins 1965 til þess, að hv. alþm. geti gert sér grein fyrir því, að það er ekki óeðlilegt, að við stöndum frammi fyrir miklum vandamálum í fjármálum ríkisins. Ég tek hér sem dæmi nokkur embætti til þess að sýna, hvernig þróunin hefur orðið — einmitt nokkur af þeim embættum, sem við gagnrýndum við fjárlagaafgreiðslu 1967, að hefðu fengið of rausnarlega fjárveitingu.

Þar verður fyrst fyrir mér saksóknari. Kostnaður við það embætti var 2,1 millj. kr. 1965, en 1968 er hann 3,6 millj. kr. Hækkunin er 71%. Borgardómaraembættinu í Reykjavík voru ætlaðar 3,7 millj. kr. 1965, en 7,7 millj. kr. 1968. Hækkunin er 108% á þessum þremur árum. Fjárveiting til borgarfógetaembættisins var 3,1 millj. kr., en er 5,3 millj. kr. 1968. Hækkunin er 71%. Sakadómaraembættið fær 6,4 millj. kr. 1965, en 9,5 millj. kr. 1968. Hækkunin er 48%. Bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði kostaði 1965 3,8 millj. kr., en 1968 8,8 millj. kr. Hækkunin er 132%. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík kostaði 3 millj. kr. 1965, en 7,3 millj. kr. 1968. Hækkunin er 143%. Löggæzla og tollgæzla á Keflavíkurflugvelli kostaði 7,5 millj. kr. 1965, en 19 millj. kr. 1968. Hækkunin er 154%. Þarf nokkurn að undra, þótt fjárl. hafi hækkað síðustu árin. Löggæzlan, sem nú á að fara að taka til athugunar, hækkaði. Hún kostaði 40 millj. kr. 1965, en 80 millj. kr. 1968, og hefur hækkað um 100%. Ef við höldum áfram með þetta dæmi og komum að skattstofunum, kemur í ljós að fjárveiting til þeirra var 21 millj. kr. 1965, en 45,7 millj. kr. 1968. Hækkunin er 117%. Tollgæzlan hefur hækkað úr 25,5 millj. kr. 1965 í 44 millj. kr. 1968 eða 73%. Og ýmis kostnaður við löggæzlu, eins og málskostnaður, laun meðdómara og setudómara, hefur hækkað frá 1965 úr 3,3 millj. kr. í 9 millj. kr. 1968 eða 173 %.

Eru hv. alþm. nokkuð hissa á því, þegar kostnaðarliðir hækka frá 70—170% á 3 árum, þó að farið sé að þrengjast á jötunni hjá ríkissjóði? Nei, enginn þarf að efast um það, sem horfði með opnum augum á fjárl. 1967, að svona mundi fara, og ef við höldum áfram að kynna okkur útþensluna í ríkiskerfinu og snúum okkur beint að fjmrn., þá hefur kostnaður við rn. sjálft hækkað um 111% síðan 1965.

Ef menn muna nokkur ár aftur í tímann, þá var fjmrn., eins og það er nú, nokkrar skrifstofur með nokkra starfsmenn. Það hafði sér til aðstoðar hagstofustjóra og síðasta ár vinstri stjórnarinnar efnahagsráðunaut. En hvað hefur nú gerzt í fjmrn.? Þegar verið var að semja fjárl. á þessum árum, kom ráðuneytisstjórinn í fjmrn. og gerði grein fyrir tekjuáætlun og öðru því, er að fjárl. lýtur.

En hvað hefur nú gerzt? Fjmrn. heldur sínum starfskröftum uppi í rn., en komnar eru ótal stofnanir út frá fjmrn. Hagstofan er áfram, en það er komin efnahagsstofnun, sem er stór stofnun með mikið af starfsliði. Á hennar vegum er nú orðið gerð grein fyrir tekjuáætlun fjárl. Það er kominn Seðlabanki, sem er líka stór stofnun, og starfslið hans er kvatt til þegar ráða þarf stærri fjármálum ríkisins til úrslita. Það er komin hagsýslustofnun, sem einnig er að verða stór stofnun. Það er komin tollskrárn., sem búin er að starfa í mörg ár. Það er komin launamálan., og það er kominn Ríkisábyrgðasjóður. Allar þessar stofnanir eru í tengslum við fjmrn. og starfa með rn., gera þessa áætlun og hina, en gamla kerfið, sem ráðh. notuðust við fyrir tíu árum, heldur áfram eftir sem áður.

Eru hv. þm. nokkuð hissa, þó að bandormur þurfi að koma til, eftir að búið er að setja fjárl. fyrir tveim mánuðum, til þess að reyna að draga eitthvað úr því, sem ríkissjóður á að borga, og það er svo gert með því að dreifa verkefnunum til framtíðarinnar? Það er eina lausnin, sem hæstv. núv. ríkisstj. kemur auga á, sér til framdráttar. Og getur svo hæstv. ríkisstj. leyft sér að tala um, að nú fyrst sé kerfisbundið og markvisst unnið að því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs og gæta hagkvæmni í rekstri ríkisins. Er hægt að tala um slíkt á sama tíma og embætti og stofnanir fá auknar fjárveitingar frá 70—170% og einni nýrri stofnun er hlaðið ofan á aðra við hlið fjmrn. Þetta er ekki hægt, og þjóðin vill ekki una því, að slíkt geti átt sér stað.

Herra forseti. Í ræðu minni hér að framan hef ég gert grein fyrir efni þessa frv., sem hér er til 1. umr. Ég hef sýnt fram á það með rökum, að hér er að verulegu leyti um sýndarmennsku að ræða, en þó er málunum að mestu leyti skotið til framtíðarinnar. Ég hef einnig sýnt fram á þá þróun, sem hefur orðið í fjármálum ríkisins — þróun, sem hefur leitt til þess, að nú þarf að vera á ferðinni með hvert vandræðamálið á fætur öðru þrátt fyrir góðæri undanfarinna ára.

Þetta, sem ég hef sagt hér, hefur sýnt, svo að ekki verður með rökum hrakið, að það eina, sem getur leyst úr vandanum, er að endurskoða ríkiskerfið sjálft með það fyrir augum að reyna að draga úr rekstri þess og leggja niður óþarfastofnanir og embætti, sem hafa orðið til á síðustu árum, og reyna að breyta þeim hugsunarhætti, sem hefur skapað það ríkisbákn, sem við eigum nú við að stríða.

Hæstv. fjmrh. sagði hér í framsöguræðu sinni í gær, þegar hann talaði fyrir þessu frv., að erfiðleikarnir væru nokkrir nú, en það mundi þó verða enn erfiðara — verulega erfitt — að koma saman fjárl. fyrir árið 1969. Ég er sannfærður um, að þetta er rétt. Ég er sannfærður um það, að það eru miklir erfiðleikar fram undan í fjármálum íslenzka ríkisins, og það er ekkert nema algjör breyting á stjórnarstefnunni, sem getur leyst þann vanda, sem þar er á ferð.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Við afgreiðslu fjárl. fyrir síðustu áramót ræddi ég nokkuð aðstöðu þá, sem fjvn. er búin við störf sín að fjárl., og vakti athygli á því, hversu mjög skorti á, að n. hafi fullnægjandi aðstöðu til starfa í sambandi við afgreiðslu fjárl. Ég rakti, hvernig nm. standa að jafnaði andspænis gerðum hlutum. Sá skammi tími, sem gefst, frá því fjárlagafrv. er lagt fram, þar til það er afgr., fer að miklu leyti í það að taka ákvarðanir um erindi, sem berast skriflega, og í viðtöl við ýmsa aðila um viðbótarframlög til einstakra liða. Aðstaðan til þess að kanna til hlítar hjá hverri einstakri stofnun og embætti ríkisins, að hve miklu leyti er tiltækt að draga úr rekstrarkostnaði, er miklu verri en skyldi, og n. tekur við fjárlagafrv. fullfrágengnu og prentuðu, og henni er ætlað að handlanga það í gegnum þrjár umr. í þinginu á nokkrum vikum. Síðan er allutverki n. lokið, og hún bíður eftir prentun næsta fjárlagafrv. Störf n. liggja niðri, þar til aðrir hafa fullunnið og mótað næsta fjárlagafrv., og störfum varðandi þau fjárl., sem samþ. hafa verið, er svo fullkomlega lokið, að undanfarin ár hafa stórfelldar breytingar verið gerðar á nýsamþ. fjárl., án þess að fjvn. fjalli um þau að nokkru minnsta leyti. Er þá vandséð, að störf n. þjóni nokkrum tilgangi, meðan svo er háttað jafnt um undirbúning fjárlagafrv. sem um afdrif þeirra fjárl., sem n. er látin fjalla um á umræðustigi.

Á undanförnum árum hefur fjárl. verið gjörbreytt með sérstökum þáltill. varðandi einstaka fjárfestingarliði og næsta fjárlagafrv. verið byggt á hinum skertu framlögum, sem síðan hafa verið rýrð með enn frekari niðurskurði. Að þessu sinni liggur fyrir frv. um breytingu á nýsamþ. fjárl. — og að sjálfsögðu án þess að fjvn. hafi fylgzt nokkuð með undirbúningi þess eða muni fjalla um afgreiðslu frv. Fjárl. voru afgreidd mánuði eftir, að gengislækkun var framkvæmd hinn 24. nóv. s.l., en í grg. Seðlabankans fyrir þeirri ráðstöfun var því mjög skilmerkilega lýst yfir, að hið nýja gengi krónunnar væri miðað við það, að útgerðin yrði rekin hallalaust og án uppbóta og styrkja frá ríkissjóði.

Síðan hafa engin þau atvik gerzt varðandi afkomu þjóðarinnar, sem gæfu í sjálfu sér tilefni til

aukinnar tekjuþarfar ríkissjóðs, ef útreikningar Seðlabankans í sambandi við gengislækkunina hefðu verið réttir og staðhæfingar efnahagssérfræðinganna ekki verið reistar á sandi, en allar ráðstafanir, sem grípa hefur þurft til í efnahagsmálum síðan, svo sem stórfelldir styrkir til fiskvinnslustöðva og útgerðar, staðfesta, að ekkert var að byggja á þeim útreikningum, sem lagðir voru til grundvallar við ákvörðun um nýtt gengi krónunnar og við afgreiðslu fjárl., sem samþ. voru mánuði eftir, að gengislækkunin var framkvæmd. Þess vegna var fyrirheitið um 250 millj. kr. tollalækkanir ekki efnt. Þess vegna eru enn fyrirhugaðar nýjar skattaálögur, og þess vegna hefur hæstv. ríkisstj. með þessu frv. gripið til þess að lögfesta niðurskurð á ýmsum útgjaldaliðum fjárl., sem samþ. voru skömmu fyrir áramót.

Svo hart telur hæstv. ríkisstj. sig nú keyrða, að hún lítur svo á, að jafnvel verði ekki lengur hjá því komizt að sýna — þó að ekki sé nema lítils háttar — viðleitni til lækkunar á rekstrarliðum, og gerir ráð fyrir með frv. þessu nokkrum lækkunum, sem stjórnarliðið hefur fellt á hverju þingi undanfarin ár og þá jafnan dæmt sem sýndarmennsku og ábyrgðarleysi, þegar fulltrúar Alþb. hafa lagt fram till. um niðurskurð á þessum sömu liðum. Má þar nefna lækkun á lögreglukostnaði á Keflavíkurflugvelli, framlagi til Almannavarna og kostnaði við sendiráðin.

En því miður er aðaleinkenni þessa frv. um lækkun ríkisútgjalda það, að lækkanirnar eru að langsamlega minnstu leyti á rekstrarliðum. Annars vegar er um að ræða frestun eða niðurfellingu verklegra framkvæmda, jafnframt því sem ákveðið er að standa undir tilteknum framkvæmdum með lánsfé í stað fjárframlaga úr ríkissjóði, og hins vegar er það ein meginráðstöfun, að verkefnum er velt yfir á aðra aðila í þjóðfélaginu, án þess að með því verði um nokkra minnkun á rekstrarkostnaði að ræða fyrir þjóðina í heild, heldur verður hún aðeins að bera kostnaðinn í annarri mynd. Það er galli á þessu frv., að sé vísað til ákveðinna liða, sem lækka á á fjárl., er aðeins um grunnliði að ræða, en ekki nánar tiltekið um undirliði, svo að í nokkrum tilfellum a.m.k. er ekki unnt að staðhæfa, hvort um verður að ræða lækkun á rekstrarkostnaði eða á fjárfestingu eða hvernig upphæðin kann að skiptast þar á milli, því að í þeim grunnliðum, sem tilgreindir eru, felast undirliðir, sem hafa að geyma ýmist rekstrarkostnað eða gjaldfallinn stofnkostnað.

Ef teknir eru sérstaklega þeir liðir, sem með nokkru öryggi má staðhæfa, að séu einberir rekstrarliðir, þá hygg ég, að lækkun á þeim samkv. frv. nemi um 26 millj. kr. af þeirri 138,2 millj. kr. lækkun á fjárveitingum, sem gert er ráð fyrir í frv. Þeir liðir, sem telja má algjöra rekstrarliði og nema um 26 millj. kr., eru í fyrsta lagi 1. liður 1. gr. frv. um stjórnarráð og risnu ráðh. að upphæð 2 millj. kr. Nafnið á þessum lið er dálítið kyndugt, því að í fjárl. fyrirfinnst hvergi nokkur liður eða undirliður, sem heitir risna ráðh., þó að vissulega muni gert ráð fyrir þeim kostnaði. Þetta er fyrsti liðurinn í frv. og það fyrsta, sem menn reka augun í, er þeir líta á plaggið, svo að nafnið virðist vera valið til þess að vera eins konar gæðastimpill og sérstakur vitnisburður um fórnarlund ráðh. á þrengingartímum í sögu þjóðarinnar. Ef athuguð eru þau númer á undirliðum, sem tilgreind eru með heitinu stjórnarráð og risna ráðh., kemur í ljós, að einungis er um að ræða aðalskrifstofu rn. hvers um sig, en ekki liðinn 1 00 300, sem í fjárl. heitir ríkisstj. og skiptist þar í undirliðina tvo, laun og önnur rekstrargjöld. Þetta bendir til þess, að risna ráðh. sé ekki færð á kostnað við ríkisstj., heldur á skrifstofukostnað hvers rn. um sig, og má það heita kyndug bókfærsla. En hvað um það. Í stjórnarráðskostnaði og risnu ráðh. á að spara 2 millj. kr. á pappírunum a. m. k., en ástæðulaust er fyrir þjóðina að hafa áhyggjur af ráðh. í þessu efni. Eftir sem áður mun áætlaður risnukostnaður nema rúmlega 2 millj. kr. á árinu 1968 eða um þriðjungi millj. á hvern ráðh., þótt þess sé gætt, að útilokað sé að finna þá tölu sérstaklega í fjárl.

Af öðrum liðum, sem teljast til rekstrarkostnaðar, má nefna 4. lið um Háskóla Íslands 575 þús. kr. og 7. lið um fræðslumálaskrifstofuna, námsstjórana og fræðslustjórann í Reykjavík, sem á að lækka um 2 millj. og 40 þús. kr. Síðan kemur 11. liður um lögreglustjórann á Keflavíkurvelli, og er lagt til, að hann lækki um 2 millj. kr. Það liggur alveg ljóst fyrir, að þjóðinni hefðu verið sparaðir tugir millj. kr. á undanförnum árum, ef hæstv. ríkisstj. hefði ekki þrjózkazt við að spara á þessum lið, allt þar til hún hefur komið hag ríkissjóðs í það óefni, sem raun ber vitni. Hvert mannsbarn sér það í hendi sinni, að ekkert hefur gerzt, sem veldur því, að nú sé auðveldara að spara á þessum lið en áður. Þessi ákvörðun nú er einungis staðfesting á því, að undir þessum lið hefur verið ausið út milljónatugum kr. á undanförnum árum algerlega að nauðsynjalausu og af fullkomnu ábyrgðarleysi.

Tólfti liður er utanríkisþjónustan, sem á að lækka um 3 millj. kr. með því að fækka starfsmönnum sendiráða, þó öðrum en sendiherrum. Að sjálfsögðu væri ekkert eðlilegra en að ganga hreint til verks og leggja óþörf sendiráð hreinlega niður. En í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði í gær um viðbrögð ráðamanna meðal þessara þjóða, þar sem þessi sendiráð eru, vildi ég aðeins segja það, að ættum við að bíða eftir því, að þeir lýstu yfir samþykki sínu við þær ráðstafanir, þá verður sjálfsagt dráttur á því, að það fáist frá þeim beint samþykki við slíka hluti. Það eru eðlileg viðbrögð, að þeir maldi í móinn og láti það koma fram, ef þeir eru spurðir, að þeir séu slíkum ráðstöfunum andvígir. En við getum ekki leyft okkur að ausa milljónatugum á ári hverju í óþörf sendiráð á sama tíma og mikið skortir á, að nægilegt fé sé veitt til byggingar sjúkrahúsa, skólamannvirkja og hvers kyns nauðsynlegra framkvæmda. Með því að leggja til

að minnka kostnað við utanríkisþjónustuna um 3 millj. kr. er hæstv. fjmrh. þó byrjaður að fitla við hnífinn, og ég held, að hann ætti ekki að hika við að beita honum af fullri einurð, þar sem þess þarf með.

Næsti liður, sem telst til rekstrarútgjalda, er 14. liður um fiskmat ríkisins og ferskfiskeftirlitið að upphæð 3 millj. kr. Þá kemur 15. liður um síldarmat ríkisins, sem lækka á um 1 millj. kr., og 19. liður um löggæzlu á að lækka um 6,8 millj. kr. Þá kemur 22. liður um Almannavarnir, sem á að lækka um 3 millj. kr. I aths. með frv. stendur þessi yfirlætislausa setning, með leyfi hæstv. forseta: „Með hliðsjón af því, að Almannavarnir hafa nú komið sér upp verulegum birgðum, þykir fært að lækka fjárveitingu til þeirra í ár um 3 millj. kr.“

Alþb. hefur um margra ára skeið lagt til, að lækkaður yrði kostnaður við Almannavarnir, en með litlum árangri. Vitaskuld eru birgðir Almannavarna hvorki meiri né minni nú en þær voru, þegar fjárl. voru afgreidd hinn 20. des. s.l. En hvað um það? Sjálfsagt er talið, að einhverjar skýringar þurfi að fylgja þessari síðbúnu sparnaðarviðleitni.

Tuttugasti og fjórði liður er um presta á Keflavíkurflugvelli og í Danmörku. Þar á að spara 670 þús. kr. með því að leggja niður þessi tvö prestsembætti. Ég er þeirrar skoðunar, að það mætti spara ríkissjóði kostnað við alla presta og það, sem þeim fylgir. Það yrði yfir 50 millj. kr. sparnaður. Það er ekki annað að sjá en hvítasunnumenn, vottar Jehóva, kaþólskir menn og hvað þeir heita nú allir þessir söfnuðir, sjái bærilega um sína starfsemi, án þess að kostnaður við það sé greiddur af almannafé. Því skyldu þeir, sem eru lúterstrúar ekki geta setið við sama borð í þessu efni?

Þá kemur 28. liður um ríkisbifreiðar. Þótt hér sé um fjárfestingarlið að ræða, má þó í vissum skilningi telja þetta sparnað á rekstrarútgjöldum, enda er ekki um varanleg verðmæti að ræða. Síðan kemur 30. liður um framlag til Ferðaskrifstofu ríkisins. Samtals nemur sparnaðaráætlun á þessum rekstarliðum 25 millj. 981 þús. kr.

Um nokkra liði er, eins og ég áður sagði, ekki unnt á þessu stigi að slá föstu, að hve miklu leyti er um að ræða lækkun á fjárfestingu og að hve miklu leyti er um að ræða lækkun á rekstrarkostnaði. Þetta á við um 5. lið 1. gr. frv. um rekstur skóla. Í fjárl. er, að því er tekur til þeirra grunnliða, sem tilgreindir eru í frv., um að ræða auk rekstrarliða fjárfestingarliði, sem nema um 15 millj. kr., vegna ýmissa skóla, t. d. Íþróttakennaraskóla Íslands, Vélskólans, Hjúkrunarskólans og vegna fjögurra iðnskóla, þ.e. þeirra skóla, sem falla undir liðina 101 og 203—246. Fjárfestingarliðir vegna héraðsskóla, sem 5. liður 1. gr. frv. tekur til, nema rúmlega 15 millj. kr., og nema þá fjárfestingarliðir, sem geta fallið undir þennan lið, alls um 30 millj. kr.

Eiga hv. alþm. að líta svo á, að heiti 5. liðar 1. gr. frv., þ.e. rekstur skóla, feli það í sér, að ekki verði hróflað við þeim undirliðum, sem varða fjárfestingu alls að upphæð 30 millj. kr., eða er hluti af þessari 6,6 millj. kr. lækkun, sem lögð er til með þessum 5. lið, tekinn af þessum 30 millj. kr.? Þetta þarf að liggja ljóst fyrir, ef hv. alþm. eiga að vera í raun vissir um, hvað þeir eru að samþykkja.

Sama er að segja um 10. lið, þjóðgarðinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd, sem á að lækka um 500 þús. kr. Í fjárl. skiptist þessi liður í gjaldfallinn stofnkostnað, 600 þús. kr., og rekstarkostnað, 783 þús. kr. Af frv. sést ekki, hvernig þessari lækkun er varið.

Liðir, sem telja má, að eingöngu varði rekstrarkostnað, nema því um 26 millj. kr., en liðir, sem gætu verið blandaðir rekstrar- og fjárfestingarliðir, nema um 7,1 millj. kr.

Um 112 millj. kr. lækkun á ríkisútgjöldunum samkv. þessu frv. felst: 1) í frestun verklegra framkvæmda og 2) í því að velta verkefnum yfir á aðra aðila, sveitarfélög, opinbera sjóði og stofnanir. Auk þess er lagt til, að staðið verði undir 62,6 millj. kr. framkvæmdum með lántökum í stað framlaga úr ríkissjóði. Hinn raunverulegi sparnaður í rekstrarútgjöldum, þótt hann kannske yrði meira en á pappírnum í ríkisbúskapnum, er því harla lítill hluti af því, sem þetta frv. fjallar um.

Stærsti liðurinn í frv. er lækkun um 30 millj. kr. á framlagi til Fiskveiðasjóðs Íslands, og er þá fullkomnuð sú viðleitni hæstv. ríkisstj. að ná inn í ríkissjóð sem mestum hluta þess gengismunar, sem varð vegna verðhækkana á sjávarafurðum, sem framleiddar voru frá gengisbreytingardegi til áramóta og með réttu mátti telja eign útgerðarfélaga og sjómanna. Sá gengismunur var að einum fjórða látinn renna í Fiskveiðasjóð, en nú er það fjármagn, sem sjóðurinn þannig fékk, notað sem rök til þess að fella að fullu niður það 50 millj. kr. ríkisframlag til sjóðsins, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrir árið 1968. Jafngildir þetta að sjálfsögðu upptöku á hluta gengismunarins beint í ríkissjóð.

Þótt sparnaður á rekstrarliðum sé, eins og ég hef rakið, harla lítill huti þeirra heildartalna, sem felast í frv., ber þó vissulega að fagna því, að hæstv. ríkisstj. skuli nú loks vera orðið ljóst, að unnt er að koma við á ýmsum liðum þeim sparnaði, sem hún hefur um margra ára skeið hafnað tillögum um. Ljóst ætti því að vera nú, að milljónatugum króna hefur verið sóað á ýmsum rekstrarliðum á undanförnum árum og þeim milljónum króna verið eytt algerlega að óþörfu. Það er vissulega dýru verði keypt, að hæstv. ríkisstj. skuli fyrst þurfa að koma málum þjóðarinnar og afkomu ríkissjóðs í algert óefni og voða, til þess að hún fáist til að sýna vott af viðleitni í þá átt að draga úr þessari sóun. Og það er slæmt, að hæstv. ríkisstj. skuli engin rök skilja í þessum efnum önnur en þrengingar vegna eigin ófarnaðar og óheillavænlegrar stefnu hennar í þjóðmálum.

Að sjálfsögðu væri unnt að koma við miklu meiri sparnaði á rekstrarliðum en hér er lagt til. En hversu takmarkaðar till. hæstv. ríkisstj. eru um rekstrarsparnað þrátt fyrir slæma afkomu ríkissjóðs og sérstaka þörf á sparnaði, virðist benda til þess, að

hún þurfi að sigla þjóðmálunum enn rækilegar í kaf, áður en hún fæst til þess að viðurkenna þá staðreynd í verki.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mig langaði fyrst að víkja nokkrum orðum að einum liðnum í þessum firnalanga bandormi, sem hæstv. fjmrh. hefur lagt á borð okkar þm. Þar er um að ræða 9. lið frv., sem gerir ráð fyrir, að fjárframlag til safnahúss falli algerlega niður. Þar er aðeins um að ræða 1½ millj. kr. eða rúmlega 1% af þeirri heildarupphæð, sem frv. fjallar um, svo að sumum kann að virðast, að þetta sé minni háttar atriði í þessu frv. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að það málefni, sem þarna er fjallað um, sé e.t.v. veigamesta málefnið, sem þetta frv. snertir. Ég hef nokkrum sinnum áður í vetur vikið að vanda hinna vísindalegu bókasafna á Íslandi og þeirri stórfelldu nauðsyn, að gert sé mikið átak í þeirra þágu, og tel óþarft að rifja þær röksemdir hér upp enn einu sinni. M.a. vék ég að þessu máli í sambandi við afgreiðslu fjárl., en þegar fjárlagafrv. var lagt hér fyrir s.l. haust, var ekki gert ráð fyrir neinu fjárframlagi til bókasafnshúss. Þá vék ég að málinu úr þessum ræðustóli og fór þess á leit við hæstv. fjmrh., að hann legði þessu máli lið. Hæstv. ráðh. tók þessu máli vel og átti ágætan þátt í því, að fjárveiting var tekin upp á fjárl. í fyrsta skipti. En nú á sem sé að fella niður þennan lið á nýjan leik, og þar tel ég, að um sé að ræða miklu alvarlegri niðurskurð en þann, sem bitnar á ýmsum öðrum verkefnum, vegna þess að hér er um að ræða fyrstu fjárveitingu.

Önnur áform þurfa ekki að raskast ýkjamikið, þó að framlög til þeirra séu felld niður í eitt ár. Ef við tökum t.d. stjórnarráðshúsið, þá er búið að leggja fé til þess á fjárl. árum saman, þannig að þar hefur nokkur sjóður myndazt, svo að niðurfelling á framlögum í eitt ár ætti ekki að þurfa að raska áformunum um byggingu þess húss.

En ég óttast mjög, að verði fyrsta fjárveiting til bókasafnshúss felld niður, muni reynast mjög erfitt að koma henni inn á fjárl. á nýjan leik. Af þessu máli er erfið reynsla. Ég vil minna á það, að það tók 10 ár frá því, að Alþ. samþykkti einróma þá stefnuyfirlýsingu, að sameina bæri hin vísindalegu bókasöfn í eitt þjóðbókasafn og þar til fé var veitt til þess verkefnis á fjárl. Og hér er um að ræða svo veigamikinn þátt í menningarþróun á Íslandi, að þetta mál þolir ekki aðra bið í viðbót. Ég mundi telja það allt annars eðlis, þótt hæstv. fjmrh. lækkaði þá fjárveitingu, sem hér er um að ræða niður í 1 millj. kr. eða jafnvel ½ millj. kr., ef verkefnið sjálft fengi aðeins að standa áfram í fjárl. sem skuldbinding til framtíðarinnar. Það bil, sem þannig kynni að myndast, ætti að vera auðvelt að brúa. Ég mundi t.d. treysta mér til þess að benda hæstv. ráðh. á verkefni af þessum sama vettvangi, sem hægt væri að haga á þann hátt, að nokkur sparnaður hlytist af. Ég flyt ekki neinar till. um þetta mál að svo stöddu, og ég fer ekki fram á, að hæstv. ráðh. svari þessum aths. mínum. Ég vildi aðeins mælast til þess við hann, að hann íhugaði þetta mál, hvort ekki væri unnt að hnika því til, án þess að hann teldi erfiðleika hljótast af. Hér er um að ræða mál, sem ekki er neinn ágreiningur um á milli flokka, þannig að ég mundi telja, að hæstv. ráðh. teldi æskilegt, að hægt væri að leysa það í bezta samkomulagi.

Annar liður þessa bandorms, sem mig langar til að víkja að örlítið líka, er það atriði, sem fjallar um lækkun á útgjöldum utanríkisþjónustunnar. Hæstv. ráðh. greindi frá því hér í gær, að það hefði verið samþ. innan ríkisstj. að leggja niður sendiráð í Ósló og Stokkhólmi, ef sú tilhögun mætti ekki allt of mikilli andspyrnu frá ríkisstj. Norðmanna og Svía. Hins vegar hefði reynslan leitt í ljós, að andspyrnan væri svo mikil, að það væri ekki talið framkvæmanlegt.

Ég heyrði í sambandi við fund Norðurlandaráðs í Ósló ræðu, sem forsrh. Norðmanna hélt þar í íslenzka sendiráðinu og fjallaði fyrst og fremst um þetta mál, og það er rétt, að forsrh. Norðmanna lagðist mjög eindregið gegn því, að sendiráð Íslands í Ósló væri lagt niður. Hins vegar vék Borten forsrh. að atriði í ræðu sinni, sem ég veitti athygli og sem mér finnst vert að benda á. Hann sagði, að sú hugmynd hefði komið upp og verið rædd nokkuð, að Norðurlönd öll felldu niður það fyrirkomulag að skiptast gagnkvæmt á sendiherrum. Og ég gat ekki betur heyrt en forsrh. Norðmanna væri hlynntur þessari hugmynd.

Ég tel, að það væri skynsamlegt, að ríkisstj. Íslands tæki þessa hugmynd upp og beitti sér mjög eindregið fyrir henni. Hún er í samræmi við breyttar aðstæður. Hún leggur áherzlu á þá staðreynd, að samskipti Norðurlandaríkja eru orðin önnur en samskipti ríkja yfirleitt um þessar mundir, og auk þess mundi hún hafa í för með sér fyrir okkur verulegan sparnað, sem hægt væri að hagnýta til þess að efla utanríkisþjónustuna á öðrum sviðum, þar sem hún er afar máttlaus. Ég vil hvetja hæstv. ríkisstj. til þess að taka þetta mál upp af alefli innan vébanda norrænnar samvinnu, og þá gæti hugmyndin um að leggja niður þau tvö sendiráð, sem um var rætt, í Ósló og Stokkhólmi, leitt til þess, að lagt væri í miklu víðtækari og skynsamlegri umskipti. Að öðru leyti mun ég ekki við þessa umr. fjalla um fleiri einstök atriði í þessu frv. Hins vegar þykir mér hlýða að fara nokkrum orðum um málið almennt.

Þetta frv. er nýjasti þátturinn í þeim hrakfallabálki hæstv. ríkisstj., sem hófst fyrir alvöru, þegar þing kom saman í haust og hefur einkennzt af því að ríkisstj. og Alþ. hafa verið að vinna sömu verkin upp aftur og aftur í fullkomnu ráðleysi. Ég skal minna á nokkrar staðreyndir.

Þegar þing kom saman í haust, var lagt fram fjárlagafrv. að vanda og enn fremur frv. um efnahagsaðgerðir, sem sagðar voru lausn á efnahagsvandamálum ríkisbúsins. Frv. um efnahagsaðgerðir var sagt það til lofs, að það leysti vanda

efnahagsmálanna, án þess að lækka þyrfti gengið. Og hæstv. forsrh. lagði m. a. s. áherzlu á, að gengislækkun væri ekki lausn á vanda þjóðarbúsins um þessar mundir. Síðan var þetta frv. um efnahagsaðgerðir lagt í salt vegna andstöðu verkalýðshreyfingarinnar, og næst gerðist það, að ríkisstj. snarbreytti um stefnu og framkvæmdi mjög stórfellda gengislækkun þvert ofan í allar fyrri yfirlýsingar sínar. Þá var röðin komin að fjárlagafrv., og vegna gengislækkunarinnar þurfti að breyta svo til hverri tölu í frv.; þar stóð naumast steinn yfir steini. Því var lýst yfir, að gengislækkunin hefði verið reiknuð út nákvæmlega, svo að útflutningsatvinnuvegirnir yrðu reknir án styrkja og uppbóta, og var gengið frá fjárlagafrv. í samræmi við það. Naumast var þó fyrr búið að samþykkja fjárlagafrv. en ríkisstj. vitraðist sú staðreynd, að gengislækkunin næði engan veginn þeim tilgangi, sem henni var ætlaður. Teknir voru upp nýir samningar við útvegsmenn og frystihúsaeigendur og samið um nýja styrki og nýjar uppbætur upp á hundruð millj. kr., sem ekki hafði verið gert ráð fyrir, þegar fjárl. voru samþ. Því þurfti enn að grípa til nýrra efnahagsráðstafana, m. a. endurskoða fjárl. í þriðja skipti með þeim árangri, sem nú blasir við okkur.

Manni verður á að spyrja, hvort hæstv. ríkisstj. muni halda þessari iðju áfram, hvort við eigum von á því að eiga eftir að endurskoða fjárl. nokkrum sinnum enn, áður en þing verður sent heim, og hvort við eigum að samþykkja efnahagsaðgerðir, sem stangast á sitt á hvað. Öll minna þessi vinnubrögð á villta menn, sem hlaupa í ráðleysi sínu á hvað sem er í leit að réttri braut. Og maður hefði fyrirgefið margt, ef hæstv. ríkisstj. hefði að lokum tekizt að hitta á færa leið. En því fer mjög fjarri, að svo hafi verið.

Á meðan á öllu þessu fumi hefur staðið, hefur það öngþveiti, sem blasti við í haust, haldið áfram að magnast og hefur nú leitt yfir þjóðina algert neyðarástand. Eftir stórfellda tekjuskerðingu, atvinnuleysi og óðaverðbólgu hefur verkafólk beitt samtökum sínum sér til varnar í víðtækasta og alvarlegasta verkfalli í sögu þjóðarinnar, og það mætti vera hæstv. ríkisstj. mikið umhugsunarefni, hvernig að þessum stórverkföllum er staðið.

Nú er ekki um það að ræða, að hægt sé að segja, að verkföll þessi séu runnin undan rifjum stjórnarandstæðinga, því að í þessu verkfalli hefur það gerzt, sem sjaldan hefur skeð hér á landi, að um það er enginn pólitískur ágreiningur meðal verkafólks. Síðasta þing Alþýðusambandsins samþykkti einróma ályktun um nauðsyn þeirrar baráttu, sem nú er hafin. Sú ályktun var ítrekuð á þingi Verkamannasambandsins. Í verkföllunum miklu standa verkamenn úr öllum flokkum hlið við hlið. Í samninganefnd verkalýðshreyfingarinnar eru kunnir forystumenn úr öllum stjórnmálaflokkum. Þessi mikla vinnudeila er í rauninni allsherjaruppreisn verkafólks á Íslandi gegn efnahagsástandinu, sem orðið er óþolandi. Víst má segja, að það sé mannlegt, að forystumenn ríkisstj. vilja ekki ræða þetta neyðarástand í áheyrn alþjóðar. En slíkur feluleikur mun engu breyta um örlög ríkisstj. Það er fyrir löngu orðið tímabært, að núv. stjórnarflokkar horfist í augu við veruleikann af fullu raunsæi, að þeir meti stöðu sína í samræmi við þá atburði, sem nú hafa gerzt og dragi óhjákvæmilegar ályktanir af því mati.

Og hver er svo málsvörn ríkisstj.? Hún hefur verið hin sama alla tíð síðan í haust í þau þrjú skipti, sem fjallað hefur verið um nýja gerð fjárl., þ.e. þegar ríkisstj. ætlaði að forða gengislækkun, þegar hún framkvæmdi gengislækkunina til að komast hjá uppbótum og þegar hún réðst í uppbæturnar. Í hvert skipti höfum við fengið að heyra sömu tölurnar um stórfelld efnahagsáföll á síðasta ári, aflabrest og verðlækkanir á útflutningsafurðum okkar.

Ég skal taka það fram, eins og ég hef oft gert áður, að ég hef enga löngun til þess að gera lítið úr þessum örðugleikum. En við skulum ekki heldur mikla þá umfram staðreyndir. Hvernig var efnahagur þjóðarinnar eftir þetta mikla örðugleikaár í fyrra? Samkv. síðustu áætlunum Efnahagsstofnunarinnar voru vergar þjóðartekjur á markaðsverði 23,650 millj. kr. á s.l. ári, þ.e. tæpir 24 milljarðar kr. Meðaltekjur á hvert mannsbarn í landinu voru þannig um 120 þús. kr., þ.e. meðaltekjur á hverja fjölskyldu um ½ millj. kr. Eftir þetta erfiðleikaár vorum við enn þá í hópi auðugustu þjóða í heimi, að því er varðar meðaltekjur á mann. Aðeins örfáar þjóðir stóðu okkur jafnfætis eða framar — allur þorri þjóða langt að baki. Fyrir því eru engin almenn rök, að þjóðfélag með þennan efnahag geti ekki tryggt öllu launafólki sómasamlegar lágmarkstekjur ásamt tryggingu fyrir því, að þær lágmarkstekjur haldist óskertar á verðbólgutímum. Fyrir því eru engin almenn rök, að slíkt þjóðfélag geti ekki tryggt landsmönnum þau lágmarksmannréttindi, sem kallast fullt atvinnuöryggi. Fyrir því eru engin almenn rök, að í slíku þjóðfélagi þurfi undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar að skrimta eins og þurfalingar á náðarbrauði úr ríkissjóði. Fyrir því eru engin almenn rök, að í slíku þjóðfélagi eigi hæstv. fjmrh. í eilífum vandræðum með að ná saman endum fjárl. og verði að endurtaka störf sín æ ofan í æ. Staðreyndirnar um þjóðartekjurnar á erfiðleikaárinu í fyrra eru mikilvægari rök en allar þær tölur, sem yfir okkur hafa verið þuldar síðan í haust. Þær mega vera hverjum landsmanni til sannindamerkis um það, að erfiðleikar ríkisstj. eru fyrst og fremst sjálfskaparvíti, sem þjóðin má ekki una stundinni lengur.

En af hverju stafar þá vandinn? Meginvandinn stafar af því, að hæstv. ríkisstj. neitar að horfast í augu við þá óhjákvæmilegu staðreynd, að stefna hennar hefur beðið algert skipbrot. Sú efnahagsstefna, sem tekin var upp 1960, hefur reynzt þess ómegnug að leysa vandamál íslenzks þjóðfélags. Það er fastheldni við hana, sem hefur magnað örðugleikana mánuð eftir mánuð, þar til þjóðin býr

nú við algert neyðarástand. Hinar fálmkenndu ráðstafanir ríkisstj. hafa ekki fyrst og fremst haft þann tilgang að leysa þau vandamál, sem við blöstu. Forsenda þeirra allra hefur verið örvæntingarfull tilraun til þess að geta haldið viðreisnarstefnunni óbreyttri. Hún virðist vera ríkisstj. ámóta trúartákn og hinar heilögu kýr eru bjargarlausum Indverjum. Ríkisstj. heldur enn fast við það, að stjórnleysi í fjárfestingu og atvinnumálum verði haldið áfram, að erlend fyrirtæki verði að fá að hafa frelsi áfram til þess að taka verkefnin af íslenzkum iðnrekendum, að glundroðinn og sóunin í innflutningi verði að fá að halda áfram og að áætlunarbúskapur sé enn sem fyrr bannhelg hugmynd.

Gjaldþrot hæstv. ríkisstj. stafar af því, að viðhorf hennar til verkefna sinna er viðhorf ofsatrúarmannsins, sem tekur ekkert tillit til veruleikans, heldur einblínir á kreddur sínar. Tökum t.d. það frv., sem hér liggur fyrir. Hæstv. fjmrh. er glöggur maður og einbeittur, og ég dreg ekki í efa, að hann hafi lagt mikla vinnu í að koma þessu frv. saman og hann hafi orðið að vinna bug á margs konar erfiðleikum í því sambandi. Vafalaust er hæstv. ráðh. drjúgur yfir því með sjálfum sér, að honum skuli hafa tekizt að framkvæma bókhaldshagræðingu og sparnað, sem nemur 200 millj. kr. En þegar við erum að ræða um þetta frv. við 1. umr., hefur staðið yfir allsherjarverkfall í nærri tvær vikur, og þjóðhagslegt tjón af þeirri stöðvun nemur mörgum hundruðum millj. kr. Sá sparnaður, sem hæstv. ráðh. vill framkvæma, er aðeins brot af þeirri þjóðfélagslegu sóun, sem efnahagsstefna ríkisstj. hefur leitt yfir þjóðina síðustu vikurnar. Hæstv. ráðh. er í rauninni aðeins að nurla saman aurum, á meðan hann kastar krónunum.

Raunar er það alveg furðulegt, hversu erfiðlega íslenzkum ráðamönnum gengur að horfast í augu við einfaldar staðreyndir. Af hálfu ríkisstj. hefur vinnustöðvunin þann tilgang að reyna að klípa eitthvað utan af réttmætum kröfum verkafólks, þ.e. gera hlut þess minni en það á heimtingu á. En jafnvel þótt stjórnarvöldin nái þeim árangri, sem þau gera sér vonir um þessa dagana, mun hann aðeins nema örlitlu broti af þeim herkostnaði, sem lagður hefur verið á þjóðarheildina síðustu tvær vikurnar. Það hefði verið miklu ódýrara fyrir þjóðarbúið að fallast að fullu á allar kröfur verkalýðssamtakanna átakalaust, og hæstv. fjmrh. hefði gert miklu meira gagn, ef hann hefði kastað sparnaðarfrv. sínu í bréfakörfuna, en flutt í staðinn frv. um verðtryggingu launa.

Það er fyrir löngu kominn tími til, að hv. alþm. átti sig á því, að þau vandamál, sem alvarlegust eru í íslenzku þjóðfélagi, eru afleiðing af stefnu ríkisstj. fyrst og fremst, en ekki af utanaðkomandi ástæðum. Og þar ber að sjálfsögðu langhæst vanda íslenzkra atvinnuvega. Við megum aldrei gleyma þeim alvarlegu staðreyndum, að í tíð núv. ríkisstj. hefur togaraflotinn grotnað niður, þar til aðeins eru eftir fá og úrelt skip. Sá hluti bátaflotans, sem aflar hráefnis handa fiskvinnslustöðvunum, hefur dregizt stórlega saman og úrelzt með þeim afleiðingum, að hráefnisskortur hefur gert skynsamlegan rekstur fiskvinnslustöðvanna óframkvæmanlegan. Í tíð núv. ríkisstj. hefur iðnaðurinn, sem veitir flestum landsmönnum atvinnu, lotið í lægra haldi fyrir erlendum iðnaði, sem notið hefur sérréttinda á markaði hérlendis í skjóli rangrar stjórnarstefnu. Það er þessi vandi íslenzkra atvinnuvega, sem ætti að vera meginviðfangsefni Alþ. nú.

Ráðamenn hafa stundum vikið að því síðustu mánuðina, að þeir hafi jafnvel hug á því að taka erlend lán til þess að leggja vegi eða byggja íbúðir á Íslandi. Vissulega eru það ákaflega brýn verkefni, en haldi atvinnuvegirnir áfram að koðna niður, kemur fljótlega að því, að við höfum hvorki efni á því að aka á vegum né búa í íbúðum á Íslandi.

Endurreisn íslenzkra atvinnuvega er það verkefni, sem nú ber hæst, og það þolir enga bið. Ég er þeirrar skoðunar, að Íslendingar þurfi að taka stórlán erlendis í þeim tilgangi að efla undirstöðuatvinnuvegi sína, endurnýja togaraflotann, stækka bátaflotann með nýsmíði innanlands og utan, skipuleggja fiskiðnaðinn samkv. nútímahugmyndum og hefja skipulagsbundna markaðsleit. Jafnframt ber okkur að komast að niðurstöðu um, hvaða iðnað við viljum hafa hér í landinu allt frá málmiðnaði til neyzluvöruiðnaðar, og veita þeim iðnaði þá aðstöðu, sem hann þarf á að halda, og þá vernd, sem honum er óhjákvæmileg.

Við erum ekkert efnahagsstórveldi, heldur smáríki, og verðum að haga stjórn efnahagsmála í samræmi við þá aðstöðu. En slík stefnubreyting er því aðeins framkvæmanleg, að við fellum niður stjórnleysisviðhorf viðreisnarinnar, þ.e. kreddutrúna á hin svokölluðu frjálsu markaðslögmál, og tökum í staðinn upp áætlunarbúskap í samræmi við íslenzkar aðstæður. Því aðeins, að við eflum undirstöðuatvinnuvegi okkar á markvissan hátt, getur sparnaður og hagsýsluviðleitni fjmrh. komið að gagni. En vilji menn láta svokallaðan sparnað koma í staðinn fyrir framtak í atvinnumálum, sökkva menn aðeins dýpra í ófæruna.

Ég minnist á þessi atriði hér, vegna þess að ég held, að það sé meginnauðsyn, að alþm. og flokkar þeirra taki að endurmeta viðhorf sín af fullri djörfung. Sú tilraun, sem upp var tekin 1960, hefur mistekizt. Reynslan hefur sannað, að sú stefna, sem þá var hafin, hentar ekki íslenzkum aðstæðum. Þeir, sem trúðu á tilraunina í upphafi, eru menn að meiri, ef þeir viðurkenna mistök sín og taka að leiðrétta þau í stað þess að leiða þjóðina æ lengra út í ófæruna með fastheldni við gagnslausar kreddur. Og ég held, að þetta endurmat sé þegar að hefjast innan stjórnarflokkanna, þótt þess sjáist því miður of fá merki á ytra borði stjórnmálaleiðtoganna. Endurmatið meðal almennings kemur glöggt í ljós í verkföllunum miklu, þar sem menn úr öllum flokkum standa hlið við hlið í allsherjaruppreisn gegn stjórnarstefnunni. En endurmatið hefur

einnig komið fram í opinberum málgögnum Alþfl., eins og ég hef minnt á áður hér á Alþ. Enda má Alþfl. vera það ljóst, að þær vonir, sem hann batt við núv. stjórnarsamvinnu og taldi rætast um skeið, eru nú að engu orðnar og að nú er stefnt í öfuga átt við allt það, sem Alþfl. telur tilgang sinn.

Skýrustu merkin um uppreisnina í sjálfu forystuliði Alþfl. eru þau ummæli, sem birtust í Alþýðumanninum á Akureyri fyrir verkföll og ég minntist á í gær. Ég vitnaði þá í þau eftir minni, en mér þykir rétt að hafa þau hér yfir orðrétt, eins og þau eru í blaðinu. Þau birtust 1. marz s. l. á forsíðu. Þar var birt í heild forystugrein, sem birzt hafði í Alþýðublaðinu nokkrum dögum áður, þar sem lýst var fullum stuðningi við kröfu verkalýðssamtakanna um fulla atvinnu og verðtryggingu launa. En inngangur Alþýðumannsins að þessari grein er svohljóðandi með leyfi forseta:

„Eftirfarandi grein birtist í Alþýðublaðinu s.l. miðvikudag sem leiðari blaðsins. Alþýðumaðurinn birtir hana á forsíðu í dag og heitir um leið íslenzkri alþýðu stuðningi sínum í von um, að þjóðargifta afstýri því, að upp renni ný Sturlungaöld Íslands óhamingju að vopni. Alþfl. hefur oft borið klæði á vopnin, sem saga hans sánnar — en ef það reynist eigi unnt nú, eiga ráðh. flokksins að víkja úr ríkisstj. — minnugir þess, að Alþfl. er fyrst og fremst flokkur alþýðunnar."

Ég hef saknað þess að heyra ekki þessa sömu rödd hér frá einhverjum þm. Alþfl. í þingsölunum. Hins vegar veitti ég því athygli í gær, að hv. 9. landsk. þm. bað um orðið, eftir að ég minntist á þessa grein í Alþýðumanninum, en hv. þm. Bragi Sigurjónsson var lengi ritstjóri Alþýðumannsins og er vafalaust sá maður, sem mest áhrif hefur á stefnu þess blaðs. Ég tel víst, að hann hafi viljað úr ræðustóli lýsa stuðningi sínum við þessa afstöðu málgagns síns. En því miður brá svo undarlega við, að hæstv. forseti neitaði þm. um málfrelsi. Ég vil benda hv. þm. á það, að þess væri kostur að koma þessu sjónarmiði á framfæri hér í dag, því að ég vænti þess, að neitun hæstv. forseta tákni það ekki, að tekið hafi verið málfrelsi af þm. til frambúðar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það hefur æðimargt verið sagt hér þessar tvær klukkustundir, síðan umr. um það frv., sem hér er til meðferðar, hófst í dag, og með ýmsum hætti hefur verið lagt út af því. Það var sýnilegt, að málsvari Framsfl., hv. 3. þm. Vesturl., hafði lagt mikla áherzlu á að semja hér frumræðu og safna saman öllu tiltæku, sem hann hefði út á fjármálastjórn ríkisins að setja. Hvort hann hefur verið að búa sig undir það, að vonir Framsfl. kynnu að fara að rætast, þ.e. að það þyrfti að fara að skipta um mann á stóli fjmrh., veit ég ekki, en ósköp er ég hræddur um það, ef svo kynni að fara einhvern tíma í náinni framtíð — sem ég skal ekkert um segja, það veit enginn — að hv. þm. yrði að sinni ósk og hann fengi tækifæri til þess að lifa eftir þeim boðskap, sem hann flutti hér í dag, þá mundi það töluvert þvælast fyrir honum að lifa í anda þeirra orða, sem hann sagði hér. Ég mun nokkuð víkja að ræðu hans á eftir, en áður segja örfá orð um ræður tveggja hv. þm., sem hér töluðu. Talsmaður Alþb. hér, sem einnig er fulltrúi þeirra í fjvn., hv. 6. landsk. þm., talaði mjög í öðrum dúr heldur en fulltrúi Framsfl. — og sannast sagna af mun meira skilningi og réttu mati á því málefni, sem hér er verið að fjalla um — og lagði ekki þá sömu áherzlu og hv. 3. þm. Vesturl. á það að rangfæra flest atriði frv. og finna því allt til foráttu.

Hv. 6. landsk. þm. vék að því í upphafi síns máls, að aðstaða fjvn. til þess að afgreiða fjárl. væri erfið — hún hefði of skamman tíma til þess. Þessi aths. er ósköp eðlileg. Við þekkjum það, sem í fjvn. höfum setið. N. hefur til meðferðar um tveggja mánaða skeið mál, sem verður eftir því, sem árin líða, stöðugt flóknara og umfangsmeira af eðlilegum ástæðum og þess vegna í mörgum greinum erfitt um vik að móta ákveðnar skoðanir á því, hvernig breyta mætti útgjaldaliðum fjárlagafrv.

Það er svo auðvitað önnur saga, að fjárl. markast ákaflega mikið af þeirri efnahagsþróun, sem er í landinu á hverjum tíma, þannig að afgreiðsla fjárl. sjálf getur ekki — nema að nokkru leyti — ráðið þróuninni, heldur er það þróunin, sem hefur áhrif á gerð fjárl. Þetta leiðir auðvitað til þess, að þær breytingar, sem verða á ári hverju í hækkun fjárl., eru í meginatriðum orsök þeirrar efnahagsþ. nar, sem er í þjóðfélaginu. Það er þess vegna í rauninni engin sönnun þess, að raunverulega hafi ríkisbúskapur eða starfsemi ríkisins þanizt út, þó að fjárl. hækki allverulega. Það fer eftir veltunni í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Það, sem kostaði 1 millj. kr. fyrir 4—5 árum, getur vel verið, að kosti 2—3 millj. kr. í dag. Þetta merkir ekki endilega, að fjárl. hafi hækkað raunverulega, sem þessu nemur, eða orðið hafi þessi útgjaldaþensla hjá ríkissjóði. Þetta verður að skoðast með hliðsjón af almenn eltu í þjóðfélaginu, þróun tekna borgaranna og öðru slíku, þannig að almennur talnaflutningur um, að það sýni óstjórnina í fjármálum ríkisins, hvaða hækkanir hafi orðið á fjárl. frá ári til árs, er auðvitað ekki nema ein hlið málsins. Það er svo ótal margt annað, sem þar kemur til greina.

Hitt er svo annað mál, að enda þótt fjvn. hafi takmarkaðan tíma til þess að gegna sínu starfi, vitum við þó, sem setið höfum í þessari n., að vitanlega getur fjvn. vakið athygli á sparnaðaratriðum, ef hún kærir sig um, vegna þess að menn, sem sitja þar árum saman, fá það mikla yfirsýn yfir ríkisbúskapinn, að þeim ætti að vera auðið að koma við ábendingum um það, sem þörf væri á að taka til athugunar í sambandi við rekstur þjóðarbúsins. Þar við bætist, að hv. 3. þm. Vesturl. er jafnframt endurskoðunarmaður ríkisreikninga, svo að ekki eru margir menn, sem hafa betri aðstöðu til þess að koma fram slíkum sjónarmiðum. Hann getur því ekki endalaust látið við það sitja að koma með almennar hugleiðingar án þess að leggja út í að benda á nokkur áþreifanleg atriði um það, hvar eigi að spara.

Það tjóa ekki endalaust almennir þankar um, að það sé óreiða í ríkisrekstrinum og þess vegna verði að taka upp nýja stefnu. Það verði að leggja niður stofnanir og þar fram eftir götunum, en forðast alltaf að benda á, hvað eigi að leggja niður og hvað eigi að spara, vegna þess að hætt er við því, að slíkt geti verið óvinsælt. Svona geta menn ekki endalaust hagað sér, og ég er satt að segja mjög hissa á jafn mætum, ágætum og glöggum manni og þessum hv. þm., að hann skuli geta flutt slíkan æsiboðskap, eins og hann gerði hér í dag, án þess að horfast í augu við þær alvarlegu staðreyndir, sem við stöndum andspænis, og reyna með raunsæjum ábendingum að vekja þá athygli á því, hvað það væri, sem vanrækt hefur verið af minni hálfu sem fjmrh., eða hvað ríkisstj. hefur vanrækt að reyna að skera niður í sambandi við útgjöld fjárl. Þá tjóa ekki almennir þankar um, að það sé ómögulegt við þetta að fást af því, að efnahagsþróunin hafi verið þessi eða hin. Það verður vitanlega að horfa á fjárl. og ríkisbúskapinn, eins og hann er miðað við ríkjandi efnahagsástand. Við verðum að fá þessar tilteknu tekjur, sem ríkissjóður þarf á að halda til að standa undir ríkisbúskapnum miðað við þær aðstæður, sem eru í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Annaðhvort verðum við að fá þessar tekjur eða við verðum að skera niður þá þjónustu, sem við veitum borgurunum. Þetta eru ósköp einföld sannindi og þýðir ekkert að vera að umvefja það almennum þönkum og hugleiðingum um ranga stjórnarstefnu.

Hv. 6. landsk. þm. gerði sér þó grein fyrir þessari skyldu og benti á ákveðin dæmi, þar sem mætti spara. Við getum haft mismunandi skoðanir um það, hvort það sé eðlilegt eða rétt till. að leggja niður allar greiðslur til þjóðkirkjunnar, en það er sjónarmið út af fyrir sig, og það er alltaf hægt að tala um sjónarmið, en almennir þankar og fullyrðingar hrökkva skammt. Með þessu er ég ekki beint að taka undir hans orð um þetta. Ég væri ósköp ásáttur með að geta sparað slíka fjárhæð á fjárl., en það kann að vera, að taka þurfi tillit til ýmissa sjónarmiða, áður en menn geta sætzt á þetta úrræði. En engu að síður er þetta þó till. og úrræði, og allt slíkt er vert að íhuga og ræða.

Hv. þm. spurðist fyrir um það, hvort lækkun rekstrarútgjalda skóla væri að hluta til fjárfesting. Það er ekki ætlunin, að svo sé, og bent er á það í frv. Hv. 3. þm. Vesturl. benti einnig á, að ekki væri allt raunhæfur sparnaður, sem hér væri talað um, vegna þess að sumt af því ætti ekki að hafa sín áhrif fyrr en seinna. Svo er t.d. með þennan sparnað. Það atriði verður fyrst og fremst að taka til meðferðar við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Ætlunin er að fjalla um það mál með nokkuð öðrum hætti heldur en túlka mátti skólakostnaðarlögin nýju — ekki með þeim hætti, að það eigi að skera niður þjónustu skólanna, heldur á þann veg, að við þykjumst sjá við nánari athugun, að hægt sé að koma við ýmiss konar endurskipulagningu og beita þessum lögum kannske að vissu leyti harðneskjulegar er gert var ráð fyrir, en þó með þeim hætti, að hægt væri að draga verulega úr útgjöldum, án þess að það leiði til þess, að ekki sé hægt að halda uppi þeirri fræðslustarfsemi, sem gert er ráð fyrir.

Þessi hv. þm. vék að því — og einnig hv. 3. þm. Vesturl. — að að svo miklu leyti sem hér væri um sparnað að ræða, sem þeir teldu umtalsverðan, væri þetta aðeins sönnun þess, að ríkt hefði óreiða áður í þessum efnum, úr því að hægt væri að fara að spara. Vitanlega er þetta alltaf mikið álitamál og fer eftir atvikum, hvernig á að líta á þetta.

Ég eða hver sá, sem gegnir embætti fjmrh., gæti vafalaust undir það tekið, að við vildum gjarnan á hverjum tíma, að útgjöld ríkissjóðs væru minni. Hins vegar er það svo, að menn hafa uppi margvíslegar óskir um það, í hvað fé sé varið. Rn. hafa hver sín sérsjónarmið varðandi sína málaflokka, og það gengur stundum erfiðlega að hafa allan þann hemil á þeim í þeim efnum, sem fjmrh. á hverjum tíma — hvað, sem hann heitir, og hvaða flokki, sem hann fylgir — kynni að vilja hafa.

Ég man eftir því, að fyrirrennari minn, hv. fyrrv. formaður Framsfl., komst einu sinni svo að orði í ræðu, að hann kenndi fjmrn. við sparnað gagnstætt öðrum rn., sem hann kallaði eyðsluráðuneyti, vegna þess að þau eyddu peningunum, en fjmrn. stæði í ströngu við að reyna að halda í hemilinn á þessari eyðslu. Þetta er að vissu leyti rétt. Það liggur í eðli málsins — án þess að ég vilji fara að deila á mína meðráðh. — að svo lengi sem ekki þarf að beita einhverjum hörkulegum aðgerðum til þess að draga við sig í ríkisbúskapnum, er alltaf viðleitni til þess eða erfiðleikar á því að fá menn til þess að fallast á einstaka till. um, að þarna megi lækka, en þá er gjarnan spurt af hverju er ekki lækkað annars staðar — og þar fram eftir götunum. Þetta þekkjum við allir, sem höfum setið á þingi og einhverja reynslu höfum af þessum málum, þannig að í rauninni er ekki hægt að segja, að það sanni einhverja óhæfilega eyðslu á liðnum árum, þó að ekki hafi verið sparað á þessum eða öðrum lið, sem hér er verið að tala um í þessu frv.

Það er einu sinni svo — alveg eins og í okkar eigin lífi — að menn veita sér ýmsa hluti og telja það ekkert óeðlilegt, meðan menn telja sig hafa efni á því, en draga svo gjarnan við sig — einnig það, sem undir öðrum kringumstæðum er talið nauðsynlegt — þegar að kreppir. Þetta er gamla sagan, og það má kannske segja, að vissu leyti sé það þess vegna kostur, að eitthvað kreppi að, þar sem það geri mönnum ljóst, að stundum verður að horfa meira í krónuna en gert er venjulega. Það er svo annað mál.

Ákvörðunin um að kalla heim fimm sendiráðunauta úr sendiráðunum þarf ekki út af fyrir sig að mínum dómi að sýna, að þarna hafi verið algerlega óþarfir menn, að þessir menn hafi ekki haft ýmis verkefni og þessir menn hafi setið þarna iðjulausir. Ég benti á það, sem Bandaríkjastjórn er nú að gera. Hún hefur fækkað um hundruð — ef ekki þúsundir — manna í sinni utanríkisþjónustu. Ég geri ekki ráð fyrir, að það sé litið svo á þar, að allir þessir menn

hafi verið iðjulausir á undanförnum árum. Þeir hafa haft sín verkefni. Sama er að segja um dönsku stjórnina og brezku stjórnina. Þetta er meðal annarra atriða, sem þessar stjórnir tala um að spara í sinni utanríkisþjónustu og auðvitað leiðir af því, að það verður að draga saman ýmis störf, sem þarna hafa verið unnin. Það verður aukið álag á aðra starfsmenn sendiráðanna — rétt eins og í öðrum stofnunum, ef fækkað er starfsmönnum. Ég get því ekki fallizt á, að þetta merki það, að þarna hafi verið óþarflega margir starfsmenn, sem setið hafi iðjulausir, þó að slíkar ráðstafanir sem þessar séu gerðar.

Varðandi aths. hv. 6. þm. Reykv. í sambandi við utanríkisþjónustuna tel ég hana mjög góðra gjalda verða og sjálfsagt, að hún verði athuguð. Ég vakti einu sinni máls á þessu meðal ýmissa kunningja í Norðurlandaráði — að vísu ekki formlega — en það komst á framfæri sú hugmynd, hvort ekki væri rétt að fella niður öll sendiráð á Norðurlöndum á þann hátt, að skrifstofur Norðurlandaráðs í hverju landi væru reknar að nokkru leyti sem sameiginleg sendiráð fyrir allar þjóðirnar. Með Norðurlandaráði og þingi þess og því beina samstarfi, sem þannig er milli þjóðþinga þessara landa, er komið á nánari tengslum heldur en áður hafa þekkzt milli þessara landa og í rauninni nánari tengslum en milli flestra annarra landa, ef við skiljum undan Efnahagsbandalagið, sem er lengra komið á þessari samvinnubraut. Full ástæða er til að íhuga þessi mál í ljósi þeirra nánu samskipta, sem eru á milli þessara landa, þ. e. hvað ráðh. þeirra hafa orðið nána samvinnu — flestir ráðh. landanna halda hver í sinni starfsgrein fundi a.m.k. einu sinni á ári — og ótal samstarfsnefndir eru starfandi á vegum þessara landa. Tvímælalaust held ég það hljóti að vera þróunin, að þetta horfi á einhvern hátt við eins og hv. þm. minntist á, þó að menn séu ekki reiðubúnir til þess að gera þetta nú, en forsrh. Noregs mun hafa vikið að, að talið væri óheppilegt að framkvæma þetta eins og sakir standa. Hins vegar þykir mér ekki ósennilegt og veit enda af samtölum við ýmsa forystumenn í þessum löndum, að þeir hafa líka áhyggjur af kostnaði við sína utanríkisþjónustu og vildu vafalaust gjarnan hafa tækifæri til þess að draga úr kostnaðinum með því að leggja niður sín sendiráð í þeim löndum, sem þessar óskir hafa borizt frá. Ég tel þetta því allt góðra gjalda vert, og áreiðanlega vill ríkisstj. athuga áfram þetta mál, enda — eins og ég vék að í frumræðu minni hér í gær — minnti ég á það sem hv. þm. er kunnugt, að hér hefur verið til meðferðar till. um endurskipulagningu utanríkisþjónustunnar, og þá kemur þetta mál vafalaust allt á dagskrá með einhverjum hætti.

Ég skal alveg fúslega fallast á það hjá hv. þm., að það, sem hann mælti um safnahúsið, styðst við mörg rök, þannig að vissulega er slæmt að þurfa að fella niður þessa fjárveitingu. En hvort menn geta orðið ásáttir um að gera einhverja breytingu á án þess að hagga frv. að öðru leyti, skal ég ekki segja um á þessu stigi málsins. Það er sjálfsagt að athuga það, en ég veit, að hv. þm. gerir sér grein fyrir því, að eftir að svona frv. hefur verið saman sett, er það ekki auðveldur leikur að taka út úr því einstaka liði, án þess að það leiði þá til þess, að hagga þurfi öðrum. Hvað viðvíkur ábendingu hans um, að hann sé reiðubúinn til að benda á sams konar sparnað á öðru sviði, er það atriði, sem ég er fús til að ræða við hann, og við getum svo athugað það okkar í milli, hvort hugsanlegt er að verða við einhverjum af þeim óskum, án þess að ég þori að fullyrða um það á þessu stigi.

Ég skal ekki lengja fundartímann með því að ræða um hugleiðingar þessa sama hv. þm. um ástandið í efnahagsmálum og erfiðleika okkar. Ýmislegt, sem hann sagði um það, var efnislega rétt rakið, og vissulega er það hárrétt, að undirstaða okkar þjóðarbús er atvinnulífið og að atvinnuvegirnir gangi með eðlilegum hætti. Það getum við verið algerlega sammála um. Hitt er svo annað mál, að ég hygg, að við séum ekki alveg sammála um það, hvernig þessu takmarki verður náð. Um það deila menn. Og um það snúast ekki hvað sízt allar okkar deilur nú um efnahagsmálin — og um það, með hvaða hætti þau verði leyst. Ég er honum ekki sammála um það, að tilraunin frá 1960 hafi mistekizt. Í grundvallaratriðum tókum við þá stefnu í efnahagsmálum, sem nú er fylgt í öllum hinum vestræna heimi og í vaxandi mæli er farið að fylgja í hinum austræna heimi líka á ýmsum sviðum, þó að það sé með öðrum hætti. Og ég hygg, að eins og sakir standa nú sé engin af vestrænum þjóðum, sem hugsi sér að hverfa frá þeirri grundvallarstefnu, og vitanlega á þessi stefna ekkert skylt við þann vanda, sem við stöndum nú andspænis — hvorki við erfiðleika minni bátanna og togaranna né erfiðleika þá, sem skapazt hafa á s.l. ári vegna stórkostlegs samdráttar útflutningstekna okkar. Það á ekkert skylt við þá stefnu, sem við fylgjum í efnahagsmálum. Varðandi það atriði held ég, að það skipti meginmáli, að menn reyni að gera sér rétta grein fyrir eðli þess vanda — það er ég honum alveg sammála um — og þeim erfiðleikum, sem einmitt atvinnuvegirnir standa andspænis vegna þeirra áfalla, sem þeir hafa orðið fyrir, því að hvað sem öðru líður, hafa þjóðartekjur dregizt stórkostlega saman. En áfallið er þó enn þá stórkostlegra í okkar útflutningstekjum, sem skipta meginmáli fyrir alla okkar aðstöðu út á við, þar sem við missum 30% þeirra á einu ári. Þetta hygg ég, að engum manni dyljist — ekki heldur honum.

Það er ekkert undarlegt — miðað við það ástand, sem hefur stöðugt verið að breytast og raunar stöðugt að vaxa eftir því, sem mánuðirnir hafa liðið — þó að það hafi orðið að grípa til nýrra, óvenjulegra aðgerða, sem ekki hafi þekkzt á undanförnum árum, og það hafi kannske ekki liðið langt á milli þess, að þurft hafi að endurskoða þær aðgerðir, sem beitt hefur verið. Ekkert skal ég fullyrða um, nema það verði stuttur tími, þangað til við þurfum að

endurskoða það, sem við erum að tala um í dag. Við vitum ekkert, hver þróunin verður í þessum málum. Við vitum ekki, hversu stórfelld útgjöld fyrir ríkissjóð þeir samningar, sem nú er verið að gera í launamálum, kunna að leiða af sér. Auðvitað verður að taka afleiðingunum af því, og þá verður að gera ráðstafanir með einhverjum hætti, annaðhvort draga saman útgjöld ríkissjóðs eða afla nýrra tekna til að standa undir þeim viðfangsefnum. En ég geri ekki ráð fyrir, að hann geti ætlazt til þess af mér eða ríkisstj. nú, að hún geti nákvæmlega sagt fyrir um, áður en slíkir samningar eru gerðir, hvað þeir leiði til mikils kostnaðar fyrir ríkissjóð, þar sem vitanlega hefur margt af þessu, sem gerzt hefur á undanförnum vikum og mánuðum, verið þess eðlis, að menn hafa ekki haft nokkurn möguleika til að sjá það fyrir. Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þá ræðu.

Það hefði verið mjög fróðlegt að athuga ítarlega ræðu hv. 3. þm. Vesturl.

Að vísu komst hann að þeirri niðurstöðu, að þetta mál væri nauðaómerkilegt og hefði í rauninni efnislega enga þýðingu, þó að það tæki hann rúma klukkustund að komast að þessari niðurstöðu, þannig að það virtist a.m.k. þurfa töluvert mörg orð til þess að kveða frv. í kútinn og sanna, að það væri svona fánýtt. Annars var margt í hans ræðu, sem kom þessu máli lítið við. Það voru almennar hugleiðingar, sem við höfum heyrt frá hans flokki og hann hefur oft flutt hér áður um hækkanir á fjárl. á undanförnum árum og þar fram eftir götunum. Út í þá sálma skal ég ekki fara.

Hann vék að því með nokkuð sérkennilegum útreikningum, hvað það mundi taka margar aldir að framkvæma vissar umbætur í vegamálum. Einn mætur þm. skaut því að mér, að það væri kannske rétt að spyrja að því, hve margar aldir það hefði tekið hjá Framsfl. að vinna sambærilegt afrek í vegamálum, ef átt hefði að fara eftir þeim fjárveitingum, sem voru í hans tíð. Það hefur auðvitað ekki mikla þýðingu að vera að karpa um svona atriði. Vanti svona stórkostlegar upphæðir til þess að gera átök í vegamálum, er það vandamál út af fyrir sig, sem hæstv. samgmrh. hefur manna mest minnzt á hér í Alþ., þ.e. að hann teldi nauðsynlegt að gera þar enn meiri átök, þó að meira hafi verið afrekað í vegamálum en nokkurn tíma áður hefur þekkzt síðustu árin. Og ég vona, að það standi þá ekki á hv. þm. að ljá sitt lið og síns flokks til þess að afla fjár til þessara þarfa. Það tjóar auðvitað ekki að vitna í, að það sé sjálfsagt, að ríkissjóður leggi fram fé, þegar vitað er, að ríkissjóður hefur ekkert fé til að leggja fram, þannig að það verður að horfast í augu við þetta vandamál af alvöru og ábyrgðartilfinningu.

Hv. þm. sagði, að með þessu frv., sem hér væri flutt, væri verið að vísa til framtíðarinnar mörgum verkefnum. Mér skilst, að í því fælist, að annars vegar væri gert ráð fyrir að taka lán — og það er rétt, að vissu leyti er því vísað til framtíðarinnar — og á hinn bóginn væru felld niður framlög til ýmissa þarfa. Væri með því verið að gera þau framlög nauðsynleg síðar. Náttúrlega er þetta svo í meginatriðum, að það er ekkert í fjárl. af framkvæmdum, sem hægt er að fella niður fyrir alla framtíð. Ef svo væri, höfum við tekið upp fjárveitingu til algerlega fráleitra hluta. Það hefur engum dottið í hug, að hætt væri við að byggja stjórnarráð, hætt við að byggja fangahús eða annað þess konar eða hætt við að byggja safnahús. Þetta eru auðvitað verkefni, sem bíða framtíðarinnar. En er það ekki svo, að verði samdráttur í tekjum einstaklinga og auðvitað ekki síður í tekjum þjóða, verða menn að gera svo vel að fresta einhverju til framtíðarinnar. Þá er ekki hægt að gera alla hluti og vitanlega er það ekki stórkostlega merkilegt að uppgötva það, að lækkun ríkisútgjalda og niðurfelling fjárveitinga merki, að verkefnum verði vísað til framtíðarinnar. Það er ekkert að finna upp púðrið að koma auga á það.

Hv. þm. taldi eiginlega sérhverjum lið frv. eitthvað til foráttu. Hann taldi fráleitt að fella niður þær fjárveitingar, sem gert er ráð fyrir í frv., og talaði um, að sumt af þessu væri lögbundið og alveg óhæfa að hreyfa við því — Alþ. væri búið að ákveða þetta. Ég satt að segja skil ekki slík rök. Hér er verið að leggja til, að Alþ. ákveði annað, og hvort það er í þessu frv., sem hann kallaði bandorm, eða einhverju öðru, þá er þetta frv., sem fær eðlilega meðferð á Alþ., og það er einmitt verið að leita eftir heimild Alþ. til þess að fresta þessum ákvörðunum. Það gerðist 1940 — þá hafði Framsfl. stjórnarforystu — og þótti engin óhæfa. Þá voru fluttar sams konar till. og hér er um að ræða — ekki alveg eins — en það var unnið á sambærilegan hátt að því að skera niður ríkisútgjöld. Þar var frestað framlögum samkv. ótal mörgum lögum, og tel ég þetta ekkert hafa verið merkilegt. Það er aðvitað ekki nokkur leið að koma því við hér að fara að breyta þessum lögum öllum hverjum fyrir sig, enda er í mörgum greinum aðeins um bráðabirgðabreytingar að ræða, og það er engu slegið föstu um það, hvað skuli gilda í framtíðinni. Hann lýsti einnig undrun sinni yfir því, að það væri verið að breyta lögum í þessu frv., sem ætti aðeins að gilda til eins árs. Það er nauðsynlegt að breyta sumum þeim lögum nú þegar, vegna þess að það tekur sinn tíma að undirbúa þær sparnaðaraðgerðir, sem af slíku leiða. Þess vegna þarf að fastákveða t.d. útreikninga samkv. l. um fjármál skóla og annað þess konar, sem á að koma fyrir næsta ár. Um það þarf að setja fastar reglur nú.

Hann ræddi mikið um kostnað rn. og helgaði sig sérstaklega fjmrn. Ekki skal ég fara langt út í þá sálma — aðeins taka það fram, að þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að framkvæma þann sparnað eða þá lækkun, sem getið er um í frv., og það er ekkert óraunhæft í því. Það hafa verið vissir erfiðleikar á því á undanförnum árum að fylgjast nákvæmlega með útgjöldum rn., vegna þess að margt af þeim útgjöldum hefur verið á sameiginlegum liðum á 19. gr. fjárl. Nú hefur sú skipan verið

tekin upp, að hvert einstakt rn. hefur ákveðna og takmarkaða fjárveitingu, og það er staðfastur ásetningur hvers ráðh. fyrir sig að halda sig innan ramma þeirrar fjárveitingar. Það hefur verið miklu óljósara á undanförnum árum, eins og ég sagði, og ég tel, að það sé mjög mikil bót að þessari skipulagsbreytingu og geri auðveldara aðhald í þessum efnum. Þær 10 millj. kr., sem hv. þm. sagði, að væri á vegum fjmrh. — að því er mér skildist helzt til þess að geta jafnað upp útgjöld rn. — eru ekki til þess ætlaðar; það er mesti misskilningur. Þessar 10 millj. kr. eru ætlaðar til þess að mæta óvissum útgjöldum. Það hefur alltaf verið slík upphæð fyrir hendi — að vísu mun hærri. Nú hefur því, eins og ég sagði, verið skipt niður á rn. Það kemur hins vegar alltaf fyrir á hverju ári, að ríkið verður að leggja í ýmiss konar útgjöld. Það koma fyrir óvænt atvik, sem valda því, að það verður að vera til eitthvert fé, og þetta er lægri fjárveiting heldur en nokkurn tíma hefur verið áður ætluð í því skyni.

Það eru margar aðrar aths., sem ég hefði gjarnan viljað koma að, en skal sleppa, þar sem ég sé, að það tefur tímann of mikið. Ég skýrði frá því í gær, að væntanlegt væri frv. um endurskipulagningu á fiskmötum. Verður að því stefnt, að sá sparnaður náist, sem þar er gert ráð fyrir.

Hv. þm. taldi sérstaklega viðeigandi að leggja áherzlu á það, hvað útþensla í fjmrn. hafi orðið stórkostleg. Sannast sagna hefur engin útþensla orðið í fjmrn. sem slíku. En hann taldi, að það hefði verið létt af rn. miklu af þeim verkum, sem það hefði átt að sinna á undanförnum árum. Að vissu leyti hefur verið létt verkum af rn. — það er alveg rétt — með vissum stofnunum, sem að vísu eru ekki á vegum rn. nema að takmörkuðu leyti að undanskilinni Hagsýslustofnuninni. Hitt gefur auga leið, að með stórkostlegri aukningu í ríkisbúskapnum, stórkostlega auknum fjármunum, sem er verið að ráðstafa, og margvíslegum nýjum verkefnum, sem til hafa fallið, hefur verið óumflýjanlegt, ef átti að hafa hemil á og eftirlit með þessum málum, að koma hér við betri skipulagningu. Ég held, að hv. þm. hafi sjálfur látið í ljós áður þá skoðun, að tilkoma Hagsýslustofnunarinnar hafi verið eðlileg og gerði miklum mun auðveldara að viðhafa eftirlit með ríkiskerfinu. Þessi skoðun hans kom m.a. fram í till. þeirri, sem hann og fleiri þm. fluttu hér um endurskoðun í ríkisbúskapnum, og þar var einmitt gert ráð fyrir að byggja aðallega á starfi þessarar stofnunar. Mér skildist, að hann hefði ætlazt til þess að vegna stofnunar þessarar væri hægt að fækka um marga menn í fjmrn. Þess hefur ekki verið kostur af þeirri einföldu ástæðu, að það hefur yfirleitt áður lent mikið á ráðuneytisstjóra þessa rn. — og að sumu leyti á einum fulltrúa þess — að undirbúa fjárlagafrv. með þeim hætti, sem gert hefur verið, þar til nú á s. l. ári. Slíkt hefði ekki verið framkvæmanlegt, þar sem það hefði orðið svo mikil vinna, og þetta hefur verið gert meira og minna á hlaupum á stuttum tíma og alls ekki verið hægt að kryfja málin til mergjar, eins og skyldi. Ég efast ekkert um, að þær stofnanir, sem komnar eru upp eins og Efnahagsstofnunin, munu fullkomlega borga sig, þó að þær kosti nokkurt fé, og það hefur reyndar komið í ljós, að ekki hefur staðið á hv. framsóknarmönnum að krefjast alls konar starfa af þessari stofnun bæði hér á Alþ., í hagráði og víðar, þannig að ég hygg, að það sé ekki lengur neitt deiluefni, að þessi stofnun sé bæði þörf og nauðsynleg. Hún hefur hins vegar ekki nema að sáralitlu leyti létt verkefnum af fjmrn. En ég skal ekki fara lengra út í þá sálma.

Það, sem mér finnst einkennilegast í allri þessari löngu ræðu hv. þm., er, að hann skyldi forðast algerlega að horfast á nokkurn hátt í augu við vandann. Eins og ég segi, geri ég nokkuð miklar kröfur til hans bæði vegna þeirrar þekkingar, sem hann hefur á þessum málum, og þeirra hæfileika, sem ég tel hann tvímælalaust hafa til að meta þessi mál rétt, ef hann vill. Því olli þessi ræða mér miklum vonbrigðum, þar sem hann forðast að viðurkenna þann mikla vanda, sem nú er við að glíma, þá nauðsyn, sem er á því að ná með einhverjum hætti saman endum, og ef hann er óánægður með þær till., sem hér eru gerðar, á hann að sýna einhverja viðleitni í þá átt að segja, með hverjum öðrum hætti á að ná þessu fé — eða á e.t.v. alls ekki að ná því? Á að leggja út í auknar skattaálögur? Flokkur hans hefur, að því er mér skilst, talið eðlilega eftir atvikum þá aðstoð við sjávarútveginn, sem veitt hefur verið eða ætlunin er að veita á þessu ári. Einhvern veginn verður að afla fjár til þessarar aðstoðar og það tjóar auðvitað ekki að segja um leið: Við heimtum aukið fé til þessara og annarra framkvæmda. Við heimtum, að það sé staðið við það, sem þeir kalla yfirlýsingar um að lækka tolla miklu meira en hér er gert. Við heimtum, að veitt sé þessi aðstoð til sjávarútvegsins, af því að annað sé óumflýjanlegt. Og það á að gera meira, að því er þeir segja, til þess að veita atvinnuvegunum aðstoð. En á móti á ekki að gera neinar ráðstafanir til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Hvernig í ósköpunum á að brúa þetta bil? Það má ekki gera með lántökum, og mér skilst, að það megi ekki gera það með sköttum. A.m.k. hafa þeir ekki viljað orða það með þeim hætti. Þá fæ ég ekki séð, hvernig er hægt að ætlast til þess, að hægt sé að taka hv. þm. alvarlega, sem ræða málin svona.

Það er í rauninni að eyða tíma sínum til einskis að vera að ræða um slíkan málflutning, og það eina, sem veldur því, eins og ég sagði, að ég geri þetta þó að umræðuefni, er það, að hér á hlut að máli mætur og glöggur maður, sem ég trúi ekki, að sé svo haldinn framsóknarvillu, að hann vilji alls ekki sjá í gegnum moldviðri og blekkingar og reyna að kryfja málin til mergjar með þeirri þekkingu, sem ég veit, að hann hefur, ef hann vill beita henni.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er eins með mig og hæstv. fjmrh., að ég verð að lýsa því yfir, að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með

hann sem hæstv. ráðh. Ég hafði treyst því, að hæstv. fjmrh., Magnús Jónsson, mundi gera sér grein fyrir því, hvaða erindi hann ætti í fjmrn., og hann mundi gera sér grein fyrir því, þegar hann legði fram fjárlagafrv., eins og hann gerði fyrir árið 1967, að ekki yrði komizt hjá því að reyna að hafa alvarleg áhrif á efnahagsstefnu þjóðarinnar, þegar fjárl. hækkuðu um 1 milljarð. Ég treysti því, að hæstv. ráðh. mundi vinna gegn því, að hvert embættið á fætur öðru fengi aukið fjárrými um 30—50% eins og raun varð á, og ég hef sannað það með rökum æ ofan í æ — og staðreyndirnar um fjárlagaþróunina og fjárhagsafkomu ríkissjóðs síðar hafa sannað það — að þessi stefna hans var röng. Ég get lýst því enn yfir, að ég varð fyrir vonbrigðum með hæstv. fjmrh. í þessu efni.

Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði notað öll tiltæk atriði í sambandi við fjárl. og fjármálastjórn, vil ég segja, að það var fjarri því. Ég á mikið í því pokahorni, sem ég mun ekki nota í umræðunum í dag. En það var eitt, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh. og sker alveg úr um viðhorf okkar til þessara mála. Hæstv. fjmrh. sagði, að þróunin í landinu í efnahagsmálunum hefði áhrif á gerð fjárl., en fjárl. hefðu ekki áhrif á þróunina. Í þessu efni eru sjónarmið okkar mismunandi. Mín skoðun er sú, að fjárl. og fjármálastjórn í tíð núv. valdhafa hafi haft veruleg áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar. En hæstv. fjmrh. heldur því hins vegar fram, að efnahagsmálin hafi haft áhrif á fjárl. Það, sem ég hef haldið fram og skal ekki fara að rekja hér nú í löngu máli, er, að þessi stefna hæstv. ríkisstj. að taka alltaf mikið af sköttum, láta skatt fylgja hverju máli og miða alltaf fjárlagaafgreiðsluna við stórfelldan tekjuafgang hefur átt verulegan þátt í, að verðbólga hefur vaðið hér uppi síðustu árin. Það kom fram í ræðu hjá hæstv. forsrh. á flokksráðstefnu þeirra í okt. í fyrrahaust, þar sem hann sagði: „Við höfum reynt öll tiltækileg ráð til þess að forðast verðþenslu.“ Nefndi hann í þessu sambandi háa skatta, mikinn greiðsluafgang, háa vexti og takmörkuð sparifjárútlán, og bætti við: Við höfum reynt allt nema atvinnuleysi, og við erum á móti því. En þessi efnahagsstefna er ekki framkvæmanleg, nema henni fylgi takmörkuð atvinna. Það, sem gerzt hefur hjá núv. hæstv. ríkisstj., er, að síldveiðin og atvinnan í landinu hefur risið gegn þessari stefnu, og þegar þessu lenti saman, varð af sú óðaverðbólga, sem verið hefur. Þetta er staðreynd, og ég veit, að þessir hæstv. ráðh. átta sig á þessu, þó að þeir viðurkenni það ekki hér á hv. Alþ.

Ég vil segja í sambandi við það, sem hæstv. fjmrh. sagði um drauma mína um embætti fjmrh., að það kemur ekkert við mig, og falli það í hlut Framsfl. að velja fjmrh., gerir hann það alveg án tillits til þess, hverjir eru spádómar hæstv. núv. fjmrh. En ég vil segja hæstv. ráðh. það, að ég hef í ræðu minni hér á hv. Alþ. í sambandi við fjárlagaafgreiðslu ár eftir ár bent á vissa liði, sem við teldum, að mætti spara, og við framsóknarmenn höfum bent á þetta í nál. Við höfum gagnrýnt, hvernig að þessum málum væri staðið og þá eyðslu, sem þeim væri samfara, og það hefur verið okkar ábending, að úr útgjöldum mætti draga.

Hitt veit hæstv. ráðh., að tillögugerð okkar í sambandi við fjárl. síðari árin hefur verið mjög takmörkuð. Það hefur verið af vissum ástæðum. Við höfum aldrei lagt svo fram hér brtt. í sambandi við fjárl., að hæstv. stjórnarmeirihluti hafi ekki lýst þeim sem óábyrgum og óraunhæfum. Það hefur verið nákvæmlega sama, hvort það hefur verið till. um útgjöld eða sparnað; það hefur hvort tveggja verið óraunhæft ábyrgðarleysi og ekkert annað. Og við lítum svo á, að valdhafarnir — þeir, sem hafa aðstöðu til að fylgja málunum eftir og geta ráðið því, hvernig á að leysa mál — verði auðvitað að finna þær leiðir, sem völ er á til að draga úr ríkisútgjöldunum. Við getum aðeins gefið ábendingar.

Við fluttum t.d. fyrir nokkrum árum till. um það að fella niður sendiráð. Því var svarað þannig, að það þyrfti að segja þessum mönnum upp, sumum væri ekki hægt að segja upp og sparnaðurinn kæmi ekki í hendi. Við vitnuðum í fyrri fyrirheit stjórnarliða um það, að þeir ætluðu að beita sér fyrir þessu. Þeir hafa haft 10 ár til þess að skoða þetta, og það er nú fyrst fyrir nokkrum dögum, að samþ. er hér á hv. Alþ. till. frá tveimur þm. Framsfl., formanni hans og ritstjóra, um endurskoðun á utanríkisþjónustunni. Það er mjög ánægjulegt, að Alþ. skuli nú átta sig á því, að þetta er nauðsyn og stefnan í utanríkisþjónustunni er algerlega röng. Ég sagði það hér við fjárlagaafgreiðsluna í haust, að hún væri algerlega röng. Það er vonlaust fyrir kotríki eins og okkur að halda uppi sendiherrum hér og þar, sendinefndum og ráðstefnum, eins og við gerum nú. Við verðum að velja aðra hvora stefnuna, og stefnan verður sú, að við fækkum föstu sendiherrunum og tökum ráðstefnurnar. Það verður okkur farsælla.

Við höfum líka bent hér á oft og mörgum sinnum, hvernig útþenslan er í löggæzlunni, t.d. má nefna útþensluna í haust á Keflavíkurflugvelli og annað slíkt. Það hefur verið talið, að þetta væri óraunhæft og við vildum koma á lögleysu í landinu, en það er staðreynd, að þessi mál eru komin út í hreinar öfgar, og þess vegna á að vera hægt, þótt sérstakt verkefni — að dómi hæstv. ráðh. — sé framundan, þ.e. breytingin í umferðarmálunum, að draga úr kostnaði við löggæzlu.

Við gagnrýndum líka tilkomu prestsembættis í Kaupmannahöfn. Það þótti ekki góð latína á þeim dögum, og það var alls ekki talið, að það hefði nein áhrif á ríkisútgjöld. Þetta væru smámunir einir — algerir smámunir. Í raun og veru var þetta ekkert annað en stefnuatriði, þ.e. að ekki skyldi farið að málum eins og gert var með þeirri framkvæmd. Nú er þetta hins vegar talið nokkurs virði.

Ég vil líka minna á það, að við höfum bent á t.d. bifreiðarekstur ríkisins í okkar umr. um fjárl. undanfarin ár. En þá hefur það ekki verið talið framkvæmanlegt að spara á þeim lið eða litið svo á, að ógætni væri í þeirri framkvæmd eða of miklu

eytt. Nú er hins vegar svo komið að hæstv. ríkisstj. áttar sig á því, að hér er hægt að spara.

Hæstv. fjmrh. taldi, að væru vinnubrögð Framsfl. viðhöfð í vegamálum nú og væri miðað við þau eins og þau voru áður, yrði að bíða lengi eftir varanlegum vegum. En ég vil minna þennan hæstv. ráðh. á að á valdaárum Framsfl. var vegakerfið lagt um landið og á þeim árum hafði ríkissjóður ekki þær tekjur af umferðinni, að þær nægðu til þeirra fjármuna, sem úr ríkissjóði voru lagðir til vegamála. Nú hefur ríkissjóður hundruð millj. umfram þær tekjur, og væri nú eins vel staðið að vegamálunum, miðað við umferðina, möguleikana og þörfina og gert var á valdaárum Framsfl., væri fært upp Ártúnsbrekkuna.

Hæstv. fjmrh. sagði, að 1940 hefði verið gefið fordæmi fyrir lagasmíð eins og þessari. Ég vil minna á það, að 1940 var styrjaldarár. Það var fyrsta, heila árið í síðari heimsstyrjöldinni. Á stríðsárum er ýmislegt aðhafzt af hálfu stjórnvalda og í lagasmíði, sem ekki er gert á friðartímum. Það er ekki hægt að bera ástandið í þjóðmálum saman við það, sem var á stríðsárunum um 1940, og hvað sem hæstv. fjmrh. kann um það að segja, er það með öllu óeðlilegt, að gömul stofnun eins og fræðslumálaskrifstofan skuli vera lögð niður í lagasmíð, sem í daglegu tali er nefnd bandormur. Það á að vera í þeim lögum, sem fjalla um fræðslumálin í landinu og annars staðar ekki.

Hæstv. fjmrh. taldi, að ég hefði gert lítið úr þessu frv., en ég hefði þurft meira en klukkustundar ræðu til að skýra afstöðu mína til málsins. Í upphafi máls míns gerði ég grein fyrir málinu, eins og það raunverulega er. Í fyrsta lagi ætti að leysa vandann að nokkru leyti með lántökum til framkvæmda, þ.e. 81 millj. kr. Þetta er staðreynd. Í öðru lagi ætti að fresta framkvæmdum fyrir 78 millj. kr. Þriðja þáttinn gætum við deilt um, ég og hæstv. ráðh. Ég kallaði þann þátt óraunhæfan. Þar var um 25 millj. kr. að ræða. En ég gerði grein fyrir því, og það má um það deila. Og fjórði þátturinn var það, sem ég kallaði sparnað; þar var um 16 millj. kr. að ræða. Það var 0,3% af heildarrekstursútgjöldum fjárl. Þessu gerði ég grein fyrir í upphafi málsins og ræddi svo um, hvers vegna við stæðum nú frammi fyrir þeim vanda að vera að gera slíkar ráðstafanir, eftir að ríkisstj. hefði næstu 6 ár á undan fengið tvo milljarða til ráðstöfunar umfram fjárl. Og ég endurtek það, sem ég þá sagði. Það er vegna rangrar stjórnarstefnu, sem þannig er komið málefnum þjóðarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 359, n. 406, 412 og 414, 405, 413, 415).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. S.l. ár var að sumu leyti mjög erfitt ár fyrir okkur Íslendinga. Miklir erfiðleikar steðjuðu að einum okkar höfuðatvinnuvegi, sjávarútveginum, vegna mjög minnkandi afla og stórkostlegrar lækkunar á verðlagi sjávarafurða á erlendum vettvangi. Þar sem yfir 90% af útflutningi okkar Íslendinga eru sjávarafurðir, hljóta slík áföll að koma mun víðar niður og segja meir til sín heldur en ef útflutningur okkar væri fjölbreyttur og ekki einn atvinnuvegur meginundirstaða útflutningsins.

Þegar Alþ. kom saman s.l. haust, voru ekki orðin ljós öll áhrif þeirrar óheillaþróunar, sem átt hafði sér stað hjá sjávarútveginum frá því síðari hluta árs 1966. Ríkisstj. lagði hins vegar fyrir Alþ. till. í efnahagsmálum, sem fyrst og fremst miðuðu að því, að kleift yrði að afgreiða hallalaus fjárl. En samtímis því var öllum ljóst, að þeir erfiðleikar, sem sjávarútvegurinn hafði átt í, kröfðust sérstakra athugana, og fóru þessar athuganir þá fram á vegum aðila sjálfra og Efnahagsstofnunarinnar. Gert var ráð fyrir því, að að öllu óbreyttu yrðu lagðar fram sérstakar till. til úrlausnar á vanda sjávarútvegsins, þegar hann lægi ljósar fyrir við lok s. l. árs. Jafnvel eftir að Alþ. kom saman, var mikil óvissa í efnahagsmálunum á næstu mánuðum — ekki aðeins hjá okkur Íslendingum, heldur og hjá ýmsum af okkar miklu verzlunar- og viðskiptaþjóðum. Þegar svo Alþ. fjallar um till. ríkisstj., fellur sterlingspundið. Við það breytast mjög allar okkar ráðagerðir, og þá var jafnframt ákveðið að breyta gengi íslenzku krónunnar og miða að því, að gengisfellingin nægði til þess að sjávarútvegurinn og fiskiðnaðurinn yrði rekinn án styrkja. Afgreiðsla Alþ. á fjárl. þessa árs bar þess tvímælalaust merki, að árferðið hafði verið annað 1967 en árin á undan. Alþ. var ljóst, að ýmislegt varð að sitja á hakanum, sem menn ella hefðu óskað, að hægt hefði verið að framkvæma á þessu ári, og gera varð fjárl. þannig úr garði, að greiðsluafgangur yrði fyrir hendi og hægt yrði að nota sem mest af honum til þess að gera þá gengisfellingu, sem í varð að ráðast, léttbærari fyrir landsmenn — sér í lagi þá, sem mest þurftu á því að halda. Gerði ríkisstj. ráð fyrir að leggja fyrir Alþ. frv. til lækkunar á tollum á nauðsynjavörum, sem nú hefur verið gert, og hefur það verið lögfest.

Upp úr áramótum lágu fyrir fullnaðarathuganir á málefnum sjávarútvegsins svo og fyrstu áhrif gengislækkunarinnar, og þá kom í ljós, að ekki varð hjá því komizt að veita fiskvinnslustöðvunum og bátaútveginum sérstaka fjárhagsaðstoð á þessu ári. Féllst ríkisstj. á að beita sér fyrir aðstoð, sem nam 320 millj. kr., til þessara aðila á þessu ári. Því hefur verið haldið fram, að gengisfelling sú, sem gerð var, hafi alls ekki verið nægjanleg. Hins vegar hafa þeir, sem ráðizt hafa á stjórnarstefnuna á þessu þingi, ekki verið sammála um þetta. Sumir hafa talið, að gengisfellingin hefði ekki átt að nema meiru heldur en gengisfellingu pundsins, en aðrir hafa hins vegar talið, að hér hafi ekki verið nóg að gert og meiri gengisfellingu hefði þurft til að koma málum sjávarútvegsins í viðunandi horf. Því er til að svara,

að nokkur atriði hafa komið í ljós, eftir að gengið var ákveðið, sem ekki hafði verið hægt að gera sér grein fyrir við ákvörðun gengisins. Hafa þessi atriði töluvert mikil áhrif á stöðu sjávarútvegsins nú og m.a. orðið þess valdandi að grípa verður til þess að gera sérstakar ráðstafanir vegna sjávarútvegsins á þessu ári.

Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir því við gengisfellinguna, að gengisfelling sterlingspundsins hefði ekki áhrif á verðlag á fisksölu til Sovétríkjanna og þar gæti haldizt óbreytt verð reiknað í pundum. Þetta hefur ekki tekizt og orðið mikil verðlækkun, sem hefur að sjálfsögðu mikil áhrif á íslenzkan sjávarútveg með tilliti til þess magns, sem við seljum til Sovétríkjanna. Í öðru lagi var reiknað með því, að verð á mjöli og lýsi væri í algeru lágmarki og færi fremur hækkandi, en þær vonir hafa brugðizt. Og í þriðja lagi var í bráðabirgðauppgjöri því frá frystihúsunum, sem fyrir lá í nóv. á s.l. ári fyrir árið 1966, ekki gert nægjanlega ráð fyrir því verðfalli, sem átt hafði sér stað, og staða frystihúsanna var því mun lakari heldur en jafnvel þeir sjálfir höfðu gert ráð fyrir.

Þegar heildarathugunum var lokið, eins og ég gat um áðan, upp úr áramótum, lá ljóst fyrir, að frekari aðstoðar var þörf, og ríkisstj. féllst á að beita sér fyrir sérstakri aðstoð að upphæð 320 millj. kr. Þá vaknaði sú spurning, hvernig afla bæri þess fjár. Á fjárl. 1968 voru áætlaðar um 250 millj. kr. í greiðsluafgang, en síðan afgreiðsla fjárl. fór fram hefur Alþ. samþ. tollalækkun, sem nemur um 160 millj. kr., þannig að aðeins er um að ræða 90 millj. kr. af greiðsluafganginum 1968 til ráðstöfunar í þessum efnum. Á það skorti 230 millj. kr. Ákvörðun um verðhækkun á áfengi og tóbaki er talin gefa af sér 40 millj. kr., þannig að um 200 millj. kr. skortir til þess að geta staðið við áðurnefnt loforð ríkisstj. um að beita sér fyrir 320 millj. kr. aðstoð.

Tvær leiðir voru þá færar — sú fyrri skattahækkun, en sú síðari að draga úr útgjöldum ríkisins, þannig að hægt væri að reka ríkissjóð hallalaust, en samt láta í té fyrrgreinda upphæð. Ríkisstj. hefur með frv. því, sem hún hefur lagt fyrir Alþ., lagt til, að síðari leiðin yrði farin, og gerir till. í frv. á þskj. 359 um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda. Hæstv. fjmrh. gerði hér við 1. umr. ítarlega grein fyrir því, í hverju þessar ráðstafanir væru fólgnar, þannig að ég mun aðeins í stuttu máli rekja þær svo og gera grein fyrir brtt., sem meiri hl. fjhn. flytur á þskj. 405, en meiri hl. fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem þar eru fluttar. Minni hl. fjhn. mun gefa út sérstök nál. og gera þar grein fyrir sinni afstöðu til málsins.

Í frv. er sumpart gert ráð fyrir beinni lækkun á rekstrarliðum, þ.e. útgjaldaliðum fjárl., svo og gert ráð fyrir að fjármagna sumar þær framkvæmdir, sem ætlunin er að ráðast í á þessu ári, með lántöku innan framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstj. fyrir árið 1968.

Við 1. gr. frv., þar sem flestir liðir til lækkunar rekstrarútgjalda eru, leggur meiri hl. fjhn. fram eina brtt., þ.e. við 9. tölul., þar sem stendur: Byggingarsjóður safnahúss — 1,5 millj. kr. Þetta er fjárframlagið, sem Alþ. hafði samþ. á fjárl. 1968 til byggingar safnahúss. Hér er um að ræða fyrsta framlag í Byggingarsjóð safnahúss, eins og bent var á hér við 1. umr., en þar voru lögð fram þau rök, að með því að fella algerlega niður þetta framlag væri Alþ. að afturkalla ákvörðun sína. Aðrar lækkanir í byggingarsjóði, sem lagðar eru til í 1. gr., eru hins vegar við framkvæmdir, sem þegar hafa verið ákvarðaðar og þar sem sjóðsmyndanir hafa átt sér stað. Því hefur meiri hl. fjhn. lagt til, að í stað þess að fella niður þennan lið úr fjárl. verði hann lækkaður um 1 millj. kr. og eftir standi 500 þús. kr. sem ákvörðun Alþ. um stofnun sjóðs til safnahúss.

Í öðrum greinum frv er gert ráð fyrir töluverðum skipulagsbreytingum á sviði fræðslumála og m.a. gert ráð fyrir því — þ.e. í 4. gr. — að dregið verði örlítið úr fjárveitingum í sambandi við skólamálin á árinu 1968 og sérstaklega lögð áherzla á betri skipulagningu. Einnig verði við samningu fjárlagafrv. 1969 gerðar athuganir á því fjármagni, sem nú þegar hefur verið lagt til skóla barna- og unglingastigsins, sem gert er ráð fyrir, að hafi ekki fleiri nemendur en 30 og ekki komi til sameining hreppa í skólahverfi. Við flytjum á þskj. 405 brtt. við 4. gr. Það er nánast umritun á síðari málsl. 4. gr., en merkingarmunur er enginn. Hins vegar töldu nm. réttara að gera þessa breytingu, þar sem skýrar kæmi fram, við hvað væri átt.

Í 7. gr. er ákvæði um, að fræðslumálaskrifstofan verði gerð að deild í menntmrn., svo og skulu heyra undir menntmrn. aðrir þeir starfsmenn ríkisins, sem starfa á fræðslumálaskrifstofunni að vísu samkv. öðrum l., svo sem íþróttafulltrúi, bókafulltrúi ríkisins og starfsmenn fræðslumyndasafns ríkisins. Í niðurlagi þessarar gr. er gert ráð fyrir því, að lagabreytingar samkv. þessari gr. komi til framkvæmda, þegar unnt verður að sameina þessar stofnanir og embætti í húsnæði í sömu byggingu. Meiri hl. fjhn. hefur í samráði við hæstv. fjmrh. og menntmrh. flutt brtt., þar sem stendur: „Skipulagsbreytingar samkv. gr. þessari skulu koma til framkvæmda, þegar menntmrh. ákveður.“ Það er að sjálfsögðu engin ástæða til þess að binda slíkar skipulagsbreytingar við það, að hægt sé að hafa húsnæði fyrir þessar stofnanir í einni og sömu byggingu, og því er þessi brtt. flutt.

Aðrar gr. frv. gera m.a. ráð fyrir að fella úr l. þá kvöð á ríkissjóði að ætla árlegt framlag sem eins konar endurgreiðslu úr ríkissjóði vegna eyðingar meindýra.

Í 11. gr. er gert ráð fyrir, að Póstur og sími annist um skyldusparnað án þess að fá fyrir það sérstaka greiðslu, og í 12. gr. er gert ráð fyrir, að framlag til ferðamála falli niður.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. Í nál. á þskj. 406 kemur fram afstaða meiri hl. fjhn., sem leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem fluttar eru á þskj. 405 og ég hef nú gert grein fyrir.

Frsm. 1. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., ber yfirskriftina: „Frv. til l. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.“ Það er í því sambandi ekki ófróðlegt að minnast þess, að útgjöld fjárl. 1959 voru um 1 milljarður kr., en nú eru útgjöld fjárl. komin á 7. milljarð. Það stendur einhvers staðar í þeirri ágætu bók „Viðreisn“, sem allir hv. alþm. og raunar allir landsmenn kannast við, að sýna skuli aðgát í útgjöldum. Og það er sjálfsagt hægt að vera sammála um, að ekki sé seinna vænna að fara að sýna aðgát í útgjöldum, eins og það var orðað á þeim tíma. Og þess vegna hljóta hv. alþm. — eins og aðrir landsmenn raunar — að fagna hverri viðleitni í þá átt að sýna aðgát í útgjöldum og það eins, þó að hún sé veik. En hitt er svo annað mál, að hafi ríkisstj. setið jafnlengi og þessi, án þess að sýna í verki meiri aðgát í útgjöldum, heldur en svo, að fjárl. hafa þanizt út svo sem ég vék að áðan, þá er auðvitað eðlilegt, að menn taki frv. hæstv. ríkisstj. með nokkurri varkárni og vilji skoða þau nokkuð ofan í kjölinn eftir því, sem unnt er á þeim tiltölulega nauma tíma, sem ætlaður er til afgreiðslu þessa máls — eins og raunar venja er hjá hæstv. ríkisstj. um mörg hinna þýðingarmestu og yfirgripsmestu mála, sem hún leggur fram.

Í grg. með þessu frv. segir, að þær upphæðir, sem fjallað er um í 1. gr. þess og nema 138 millj. kr., séu hrein lækkun fjárlagaútgjalda. Í 2. gr. er hins vegar fjallað um það, sem nú heitir að fjármagna framkvæmdir með lánsfé. Þetta er ákaflega snyrtilegt orðalag og er notað hér bæði í frv. og grg. þess og í ræðum einnig. En það heitir líka samkv. yfirskrift frv. að gera ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda — sem sé að fjármagna framkvæmdirnar með lánsfé. Raunar er einnig í 1. gr. frv. að finna atriði, þar sem gert er ráð fyrir að fjármagna framkvæmdir með lánsfé, og rekur maður þá strax augun í, hversu losaralega virðist vera að undirbúningi þessa máls unnið á ýmsan hátt. Það má vera, að fleira sé af þessu tagi, en ég nefni tvo tölul. úr 1. gr. frv., þar sem þetta er svona. Annars vegar nefni ég 18. liðinn um Orkustofnun. Það kemur að vísu ekki fram í grg. frv., að þar eigi að fjármagna með lánsfé, en það var upplýst í fjhn., að það væri ætlunin að nokkru leyti. Einnig nefni ég 21. lið, þar sem er kostnaður af hægri umferð, en þar er tekin út sú fjárhæð, sem ríkissjóði var ætlað að greiða vegna þessara aðgerða, og það er skýrt þannig og kemur fram síðar í frv., að afla eigi láns til að standa undir þeim kostnaði.

Um þessa liði og sérstaklega 18. liðinn um Orkustofnun mætti auðvitað margt segja. Maður getur ekki annað en tekið því með töluverðri tortryggni og ugg, að draga eigi úr fjárveitingu til þeirra aðgerða, sem þessi stofnun hefur með höndum. Þar er annars vegar um að ræða rannsóknir vegna virkjana — og þá fyrst og fremst virkjana fallvatna. Okkur var sagt það í n., að þær rannsóknir væru í raun og veru orðnar það fullkomnar, að þær væru nánast komnar á undan framkvæmdum og mætti vel hægja á þeim. Vel má vera, að þetta sé að einhverju leyti satt, en ég a.m.k. trúi því varlega, og oft hefur það reynzt okkur Austfirðingum svo fyrr og síðar, að rannsóknir og athuganir einmitt á þessu sviði hafa ekki verið á undan tímanum, heldur þvert á móti. Þá er annar þáttur þessara mála, sem lýtur að jarðborunum og rannsókn á jarðhita. Það er einnig mjög varhugavert að mínum dómi að draga úr þeim aðgerðum. Auðvitað er öllum hv. alþm. ljóst — og það dylst engum manni — að í hvert sinn sem slíkar rannsóknir leiða til þess, að hægt er að virkja og taka jarðhitann til nota á einn eða annan hátt, þá er um að ræða stórkostlega þýðingarmikla framkvæmd, sem sparar þjóðinni gjaldeyri í ríkum mæli og er til stórkostlegs hagræðis fyrir þá, er þeirra framkvæmda njóta.

Annars er mjög verulegur hluti þeirra lækkana, sem um ræðir í 1. gr. frv., í því fólginn, að það á að skerða þann stuðning, sem undirstöðuatvinnuvegirnir og fyrst og fremst sjávarútvegurinn hefur notið af almannafé. Þar er einnig um að ræða slíkar aðgerðir varðandi landbúnaðinn, þ.e. í 13. lið, sem fjallar um mjög mikla lækkun á því fé, sem varið hefur verið til starfsemi Landnámsins. Það skal að vísu ekki vefengt í meginatriðum, sem segir í grg. frv., að nú sé þannig ástatt í landbúnaði, að yfirleitt sé ekki ástæða til að ýta undir byggingu nýbýla. En á hitt verður að benda, að ástandið í landbúnaðinum er nú yfirleitt mjög alvarlegt. Bændur og verzlunarfélög þeirra standa frammi fyrir því að finna ráð til þess, að bændur geti keypt áburð í vor með eðlilegum hætti, og auk þess þurfa þeir að geta leyst út óvenjulega mikið magn af fóðurbæti vegna hins erfiða árferðis. Bændurnir sjálfir standa einnig frammi fyrir því, þegar örlítið lengra er horft fram, að sjá fram á enn aukin og stóraukin vandræði og erfiðleika á því að láta enda ná saman, þegar þetta ár verður gert upp. Það er þess vegna, þegar á heildina er litið, síður en svo ástæða til þess að draga úr stuðningi þess opinbera við íslenzkan landbúnað nú. Hitt er annað mál, að það er að okkar dómi, sem skipum 1. minni hl. fjhn., ástæða til þess að breyta nokkuð verkefnum Landnámsins, og að því lýtur brtt. okkar um þetta efni. Og ég vil geta þess hér, að sú brtt. er í samræmi við ályktanir, sem gerðar hafa verið á fundum bændasamtakanna nú fyrir skömmu.

Varðandi þá liði, sem snerta stuðning við sjávarútveginn, er vissulega margs að gæta. Fjórtándi og 15. liður eru um það að lækka framlög til fiskmats og síldarmats um 4 millj. kr. Eftir þeim upplýsingum, sem við fengum í fjhn. um þessi atriði, er hér um að ræða nálægt 50% lækkun á þessum liðum. Það hefur hingað til verið hald manna, að gæðamat á framleiðsluvörum landsmanna — á útflutningsframleiðslunni ekki sízt — skipti mjög miklu máli, þ.e. hvernig það væri framkvæmt og hvernig að því væri staðið. Nú er auðvitað ekki nema gott eitt um það að

segja, að í þessum liðum sé gætt allrar hagsýni. En það virðist með miklum ólíkindum, að nú — eftir að nokkuð er komið fram á nýtt ár — sé allt í einu hægt, án þess að það jafngildi skertri starfsemi á þessu sviði, að minnka um helming kostnað við þessa starfsemi. Það er vikið að þessum liðum í grg. og sagt, að í undirbúningi sé löggjöf um breytta tilhögun á þessum málum. En ekkert er sagt um það í grg., hvenær vænta megi frv. um þá lagabreytingu. Og það er heldur engum getum að því leitt þar, hvenær slíkt frv. gæti orðið að l., og enn síður er það rökstutt, hvenær þau lög gætu farið að verka á þann hátt að draga um helming úr kostnaði við mat á útflutningsvörunum.

Í 16. tölul. er svo rætt um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Þar er lagt til að lækka framlög til hans um 11 millj. kr., og það er sagt, að Aflatryggingasjóður standi það vel, að þetta sé óhætt. Sjóðurinn muni geta haldið uppi eðlilegri starfsemi á þessu ári þrátt fyrir þessa skerðingu. Við, sem skipum 1. minni hl. fjhn., teljum ekki, að það hafi verið færð nægileg rök fyrir þessu til þess, að við getum á þetta fallizt.

Í 17. tölul. er ákvæði um að lækka framlag til Fiskveiðasjóðs Íslands um 30 millj. kr. Þetta er rökstutt á þann hátt, að gerðar hafi verið ráðstafanir til eflingar sjávarútveginum og m.a. alveg sérstaklega til þess að gera útgerðinni fært að greiða af lánum sínum til Fiskveiðasjóðs. Nú er alveg nýlega — aðeins fyrir fáum vikum — búið að gera þessar ráðstafanir, sem þarna er vikið að. Þetta hefur því á sér afar einkennilegan blæ, að mér finnst. Okkur var að sjálfsögðu sagt, að sú aðstoð, sem var látin í té við útveginn, væri miðuð við þarfir hans og mætti með engu móti minni vera. Nú virðist það komið í ljós eftir þessar vikur, að þarna geti útvegurinn gefið til baka 30 millj. kr. Þetta eru dálítið einkennilegar stjórnunaraðgerðir. Þetta er svo sem ekkert meira en hv. alþm. eiga að venjast. Gengið var fellt í nóv. Okkur var sagt það, og það kom alls staðar fram í blöðum og útvarpi, að gengislækkunin hefði verið rækilega undirbúin af Efnahagsstofnuninni og nákvæmlega að því gáð, hvað hún þyrfti að vera mikil til þess fyrst og fremst, að útflutningsframleiðslan gæti haldizt í horfi. Þessar fullyrðingar stóðu fram yfir áramót, og menn fóru heim í jólafrí af Alþ. með þetta veganesti. Svo vita hv. alþm. og öll þjóðin, hvað síðar gerist. Það má því kannske segja, að við þurfum ekkert að undrast það, þó að seinna dæmið hafi ekki verið alveg rétt reiknað og nú sé hægt að taka aftur 30 millj. kr. frá sjávarútveginum.

En þessir liðir, sem varða sjálfa undirstöðuatvinnuvegina, eru í senn svo tortryggilegir og þar er fjallað um svo þýðingarmikla hluti, að 1. minni hl. fjhn. leggur fram brtt., sem m.a. fjalla um þá og raunar þá liði eina í 1. gr. frv., þó að vissulega sé margt við marga aðra liði að athuga. Í 1. gr. er mjög verulegur hluti af þeirri lækkun, sem um ræðir, fenginn á þennan hátt, þ. e. með því að skerða stuðning við undirstöðuatvinnuvegina, en auk þess er þar um ýmsa aðra liði að ræða, þar sem er alveg augljóst, að mjög skortir á nægilegan undirbúning, til þess að vænta megi þess sparnaðar, sem þar er fyrirhugaður.

Og ég vil nú bara spyrja: Hvernig á annað að vera? Fjárl. voru afgreidd örfáum dögum fyrir jól — það er ekki lengra síðan — og þá var auðvitað fullyrt og staðhæft oft og mörgum sinnum af hálfu stjórnarliðsins og af hálfu hæstv. fjmrh., að gætt hefði verið fyllstu ráðdeildar og sparnaðar í sambandi við gerð fjárl. bæði við undirbúning þeirra í rn. og á öðrum þeim stöðum, þar sem að honum er unnið, og við meðferð Alþ. og þá afgreiðslu á frv. þar, sem meiri hl. fjvn. mótaði. Auðvitað var þetta rangt. Þessa hafði ekki verið gætt.

En hitt er svo annað mál, að þess er engan veginn að vænta, að nokkrum vikum síðar sé búið að vinna nokkuð raunhæft í því að draga úr raunverulegum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs. Ýmsir tölul. í 1. gr. bera þess alveg ljóslega merki, ef að er gáð. Ég nefni í því sambandi ákvæðin um lækkun á rekstrarkostnaði skóla barna- og unglingastigsins. Það er ekki hægt að sjá það af grg. og öðrum upplýsingum, að þar sé búið að búa svo um hnúta, að þessi sparnaður verði raunverulegur og að sú upphæð sparist, sem þar er talað um, án þess að skerða í nokkru þjónustu skólanna, en það er staðhæft í grg., að það sé alls ekki ætlunin að draga úr henni.

Annað dæmi vil ég nefna, þar sem raunverulegur sparnaður hefur ekki verið undirbúinn, heldur þvert á móti liggur ljóst fyrir, að hann hafi ekki verið undirbúinn. Það er varðandi almennan löggæzlukostnað. Um þann lið segir beinlínis og skýrum orðum í grg. frv., að ekki sé búið að semja ákveðnar till. um þann samdrátt.

Einnig er gert ráð fyrir, að Ríkisábyrgðasjóður muni komast af með 10 millj. kr. minna en ráðgert er í fjárl. Það er rökstutt með því, að búið sé að gera svo mikið fyrir sjávarútveginn og hann njóti svo mikils hagnaðar af gengislækkuninni og af öðrum þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið hans vegna, að það muni breyta útkomunni frá því, sem áætlað var í fjárl., og bæta hag Ríkisábyrgðasjóðs um 10 millj. kr. Vera má, að þetta standist. Það er auðvitað ekki hægt að fullyrða um það á þessari stundu. En mörgum verður sjálfsagt að spyrja, hvort nýjustu viðreisnaraðgerðir í þágu útgerðarinnar reynist slíkar, að hægt sé með rökum að reikna með því, að þarna verði afgangs 10 millj. kr. miðað við það, sem áætlað var fyrir jól. Og það má þá einnig spyrja: Var í þeim útreikningum, sem þá fóru fram, tekið tillit til þessara 10 millj. kr.? Ég hef auðvitað ekki séð þá útreikninga. En það dreg ég mjög í efa. Heldur ætla ég, að þessar 10 millj. kr. hafi verið fundnar eftir á — bara svona hinsegin — án þess að menn hefðu fyllilega rökstudda ástæðu til þess að gera ráð fyrir, að sú áætlun stæðist, og það er auðvitað margt fleira í 1. gr. þannig, að það orkar mjög tvímælis, að þær tölur, sem þar eru, komi að gagni á þessu fjárlagaári.

Hvernig eru t.d. rotturnar komnar inn í þetta

frv.? Það er gert ráð fyrir tæplega 1 millj. kr. sparnaði á eyðingu meindýra — sérstaklega rottum — en í grg. er það beinlínis tekið fram, að sá sparnaður muni ekki koma að gagni fyrr en á árinu 1969. Af hverju eru þá rotturnar þarna? Þetta er gott dæmi um þau vinnubrögð, sem viðhöfð eru við undirbúning þessa máls og samningu frv. og grg. þess.

Því miður eru ýmsir liðir í 1. gr., sem fyrst og fremst eru settir til að sýnast, en einkum þó liðirnir varðandi Póst og síma, þ. e. 25. og 26. liður gr. En á þeim liðum er samtals gert ráð fyrir að spara 8 millj. 150 þús. kr., þ. e. hætta að greiða kostnað við skyldusparnað og kostnað við framkvæmd orlofslaga. Maður hefði haldið, að Póstur og sími væri ríkisstofnun og að af því leiddi, að séu teknar af Pósti og síma 8 millj. kr. tekjur, verði útkoman hjá Pósti og síma bara 8 millj. kr. verri. Þess vegna sé með engu móti hægt að rökstyðja, að þarna sparist 8 millj. kr. fyrir ríkið, vegna þess að Póstur og sími og ríkissjóður eru fjárhagslega eitt í raun og veru.

Það er auðvitað ekki hægt að verjast þeirri hugsun, að frestanir á nýteknum ákvörðunum Alþ. — sumar koma fram í fjárl. og aðrar hafa verið ákveðnar með sérstökum l. — eru auðvitað mjög óviðfelldnar, svo að ekki sé meira sagt, t.d. frestun á stofnun prófessorsembætta við Háskóla Íslands og frestun á því að leggja fé í Byggingarsjóð safnahúss, enda hefur niðurstaða hæstv. ríkisstj. orðið sú, að varla sé verjandi að fella alveg niður framlag til sjóðsins, þar sem ákvörðun um stofnun hans var tekin við afgreiðslu þessara fjárl. Og í brtt. hv. meiri hl. fjhn. á þskj. 405 er lagt til, að þessi liður skuli ekki lækka um 1 millj. og 500 þús. kr., heldur um 1 millj. kr. Í þessu felst viðurkennig á því, að það sé mjög óeðlilegt að gera slíkar ráðstafanir.

Nú eru auðvitað fáar reglur svo, að ekki séu án undantekninga, og auðvitað getur skapazt það ástand, að breyta þurfi ákvörðunum Alþ. og breyta þurfi fjárl., skömmu eftir að þau hafa verið sett. En það virðist vera að komast á sú hefð hjá þessari hæstv. ríkisstj., að ráðast á fjárl. með breytingum fáum vikum eða mánuðum eftir að þau hafa verið samþ. Þetta er ekkert einsdæmi, heldur hefur þetta verið endurtekið, og að minni hyggju er þetta mjög óeðlileg aðferð. Hún er það í eðli sínu, og hún fer í bága við anda og tilgang stjórnarskrárinnar, sem beinlínis segir, að fjárl. skuli sett fyrir fram fyrir hvert ár. Þessar margendurteknu breytingar á fjárl. sýna það og sanna, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki það vald á efnahagsmálunum, sem ríkisstj. þarf að hafa. Og hún hefur ekki getu eða aðstöðu til að gera sér grein fyrir ástæðunum og gera áætlun fram í tímann — jafnvel ekki einu sinni fyrir hálft ár, hvað þá meira.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að í stað þess að greiða úr ríkissjóði framlög til menntaskólanna á Akureyri, Laugarvatni og í Hamrahlíð og til Landspítalans, þá skuli ríkisstj. heimilað að afla lánsfjár til þeirra með sömu fjárhæðum og stóðu í fjárl. Hér er um enn eina gerbreytingu á nýsamþykktum fjárl. og ræða, og má kannske segja, að nauðsyn brjóti lög. Hvað skal gera á erfiðum tímum? En þá koma menn aftur að því, að þetta er bara ekkert nýtt, og sótt hefur í þetta horf í vaxandi mæli hjá núv. hæstv. ríkisstj., að hlutur verklegra framkvæmda — sá, sem greiddur er beint úr ríkissjóði — fer minnkandi í fjárl., en það fer vaxandi, að til þeirra verklegu framkvæmda, sem þó eru ákveðnar í fjárl., séu tekin lán, sem auðvitað þarf svo að borga aftur fyrr eða síðar. Og einmitt þetta ásamt með tíðum breytingum á nýlega gerðum fjárl. sýnir, að ríkisstj. veldur ekki sínu hlutverki. Hún hefur ekki haft vald á þenslu ríkisbáknsins fremur en efnahagsmálunum almennt. Það var fyrsta boðorð ríkisstj. að koma atvinnuvegum þjóðarinnar og rekstri þeirra á heilbrigðan grundvöll. Engan veginn hefur tekizt að framfylgja því boðorði. Það átti að sýna aðgát í útgjöldum og það hefur ekki tekizt betur en raun ber vitni, heldur hefur þenslan í ríkisbákninu verið gífurleg. Og það þarf áreiðanlega að gæta fullrar varúðar í því að fjármagna með lánsfé í æ vaxandi mæli framkvæmdir, sem ekki beinlínis skila arði og geta þess vegna ekki á þann hátt staðið undir sér sjálfar, þó að bráðnauðsynlegar kunni að vera fyrir þjóðfélagið. Það þarf að gæta fyllstu varúðar í því.

Í 5. gr. frv. og 7. gr. þess eru allróttæk ákvæði um breytta tilhögun á yfirstjórn fræðslumála.

Í 5. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stað ákvæða um námsstjórn í l. nr. 34/1946, um fræðslu barna, l. nr. 48/1946, um gagnfræðanám, l. nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu og l. nr. 49/1967, um skólakostnað komi:

Verja skal 2 millj. kr. á ári til námsstjórnar fyrir allt landið og til framkvæmdar skólakostnaðarl., nr. 49/1967. Skal 300 þús. kr. af þeirri fjárhæð varið til námsstjórnar í einstökum námsgreinum samkv. nánari ákvörðun menntmrn."

Og í 7. gr. segir í 1. lið svo:

„Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í menntmrn., og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við þetta."

Og síðan segir í næsta tölul.:

„Fjármálaeftirlit skóla skal vera deild í menntmrn., og breytast ákvæði IV. kafla l. nr. 49/1967, um skólakostnað, í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er brjóta kunna í bága við þetta."

Og hliðstæð ákvæði eru í 3. tölul., þar sem fjallað er um Fræðslumyndasafn ríkisins, og í 4. tölul., sem fjallar um íþróttafulltrúa. Þar segir, að íþróttalög nr. 49/1956 breytist til samræmis við það, sem áður er ákveðið. Og í niðurlagi þessarar gr. segir svo:

„Lagabreytingar samkv. þessari gr. koma til framkvæmda, þegar unnt verður að sameina þessar stofnanir og embætti í húsnæði í sömu byggingu."

Í 5. gr. og 7. gr. er í fyrsta lagi um það að ræða að fella niður starfsemi námsstjóra í núv. mynd. Það virðist þó ætlunin að setja á vetur — að mér skildist — fjóra námsstjóra. En í stað þess, sem þeir áður hafa haft, fá þeir nú það hlutverk að hagræða

stundaskrám. Nú skal ég ekkert segja um það á þessari stundu, því að til þess brestur mig kunnugleika, hvort þetta er æskilegt. Ég ætla ekki að mæla á móti því, en ég hef heldur enga aðstöðu til þess að samþykkja það fyrir mitt leyti. Í 7. gr. er í 1. tölul. ákveðið að fella með öllu úr gildi lög um fræðslumálastjórn, og skal fræðslumálaskrifstofan vera deild í menntmrn. Nú er þess að gæta — og ég vænti, að öllum hv. alþm. sé það ljóst — að í l. um fræðslumálastjórn eru fjölda mörg ákvæði um tilhögun á stjórn fræðslumálanna í landinu. Með því að fella þessa löggjöf úr gildi með einni setningu, eins og hér er lagt til, falla auðvitað öll þessi ákvæði úr gildi um leið. Og mér skilst, að með þessu móti sé lagt á vald menntmrh., hvernig haga skuli framkvæmd hinna ýmsu þátta, sem um er fjallað í lögum um fræðslumálastjórn og of langt yrði að rekja hér. Mér skilst, að það verði þá á hans valdi alveg, hvernig með þessi mál skuli farið. Í 2., 3. og 4. tölul. þessarar gr. fyrirfinnst alls staðar þetta orðalag: Og breytast lög nr. þetta og þetta í samræmi við það. Hvers konar löggjafarstarfsemi er þetta eiginlega? Hvernig eiga þeir, sem starfa hljóta eftir þessum l. í framtíðinni, að vita, hvað upp er og hvað niður? Vera má, að lögfræðingar verði færir um að skýra það á eftir í einstökum atriðum, hvað það er í a. m. k. þrennum lögum, sem breytast á í samræmi við það, sem koma skal í þessum lögum hérna. Ég veit ekki til þess, að nokkur einstakur alþm. hafi leyft sér að bera fram frv. til l. um breytingu á l. formað þannig. Mér sýnist þetta alveg fráleitt.

Ég hygg líka, að það sé frekar fátítt, að gildistökuákvæði l. sé á þann hátt, sem hv. meiri hl. menntmn. leggur til, þ.e. að l. taki gildi, þegar ráðh. dettur í hug. En meðferð þessara mála í heild, sem fjallað er um í 5. og 7. gr. frv., er ófullnægjandi, þ.e. að ætla að breyta yfirstjórn svo þýðingarmikils málaflokks, eins og menntamálin vissulega eru, með þessum örfáu pennastrikum í þessu frv., án þess, að um þau sé fjallað á þinglegan hátt í menntmn. beggja hv. þd. Ég tel með öllu fráleitt og algerlega óhæfilegt að vinna þannig að þýðingarmiklum málum. Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. fjmrh., að þetta væri ekki alveg upp á það bezta, en hann taldi, að það hefði bara verið svo erfitt að breyta öllum þeim l., sem þurft hefði að breyta. En þessum aðferðum hljótum við eindregið að mótmæla í minni hl. hv. fjhn. og leggja til, að þessar greinar verði hreinlega felldar úr frv. Framar öllu fjallar þetta frv. um sparnað á fjárl. þessa árs, og til þess er það fram sett fyrst og fremst, að endar nái saman á nýafgreiddum fjárl. Að vísu er skotizt úr leið í einstökum greinum, hvað þetta varðar, eins og t.d. um Landnám ríkisins. Ég held, að það sé nú eina greinin, sem gilda á bæði 1968 og 1969. Sama má segja um rotturnar; það er beinlínis tekið fram í grg., að sparnaðurinn á þeim lið komi ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1969, að ég hygg. Við sjáum ekki, að það sé óhjákvæmilegt að hafa hinar róttæku lagabreytingar, sem 5. og 7. gr. fela í sér, inni í þessum l., né heldur, að það sé að bregða fæti fyrir veika sparnaðarviðleitni hæstv. ríkisstj., þó að þessar lagagr. verði hreinlega felldar brott.

Á þskj. 413 eru brtt. 1. minni hl. fjhn., og ég hef vikið nokkuð að þeim nú þegar. Ég vil aðeins rifja það upp, að við leggjum til, að niður falli úr 1. gr. 13. liður um Landnám ríkisins, 16. liður um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins og 17. liður um Fiskveiðasjóð Íslands. Við vildum ekki, þó að við hljótum að gagnrýna mjög ýmsa fleiri liði í 1. gr., flytja víðtækari brtt. við hana, heldur binda okkar till. eingöngu við þá liði, sem beint snerta stuðning við sjálfa undirstöðuatvinnuvegina. Önnur brtt. okkar er um það, að 5. gr. falli niður, og sú 3. um það, að 7. gr. falli niður. En 4. brtt. er um orðun á 8. gr. frv., þar sem fjallað er nánar um framlög til Landnámsins. Við leggjum til, að gr. orðist eins og á þskj. segir, og það er í samræmi við ályktanir frá samtökum bænda og í samræmi við þá skoðun okkar, sem ég lýsti áðan, að þannig sé nú ástatt í íslenzkum landbúnaði, að ekki sé fært að minnka stuðning hins opinbera við hann, þó að eðlilegt sé að hnika til verkefnum og leggja til hliðar þau, sem unnið hefur verið að um langa hríð, en taka upp önnur, sem nú kalla mjög að, og gætu haft mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn.

Að lokum vil ég aðeins segja þetta: Mér virðist frv., sem hér liggur fyrir, vera enn þá eitt dæmi um gjaldþrot stjórnarstefnunnar og ekki það ógleggsta. Á stjórnartímabilinu hefur í efnahagsmálunum verið komið af stað óheillaþróun, og hún er hröð. Ég minni aftur á útþensluna í fjárl. á stjórnartímabilinu. Þessi óheillaþróun var í fullum gangi áður — löngu áður en verðfall á heimsmarkaði og minnkandi afli fóru að segja til sín. Það tókst fyrir kosningar að blekkja margan kjósanda og stöðva sig augnablik á skriðinu með því að notast við tekjuafgang góðæranna og gjaldeyrissjóðinn. Og það var tekið óstinnt upp þá, þegar bent var á blekkingarnar. Hvað hefði stjórnarliðið sagt, ef stjórnarandstæðingar hefðu nákvæmlega séð fyrir atburðarásina frá því t.d., að þing kom saman í haust, og til þessa dags og hefðu nákvæmlega sagt fyrir um hana? Hvað hefði þá verið sagt? Þó að hraði hafi verið í óheillaþróuninni fram á þetta ár, þá hefur hann aukizt enn og margfaldazt. Og allt það, sem gerzt hefur í vetur, t.d. hér á hv. Alþ., þ.e. flutningur efnahagsmálafrv. á sínum tíma, gengislækkunin og það, sem henni fylgdi, ráðstafanir eftir áramótin til bjargar útveginum, verkfallið og afleiðingar þess og að ég tali nú ekki um, ef menn færu að rekja allt það, sem bara nú á síðustu mánuðum hefur komið fram utan þingsala í atvinnulífinu og á ótalmörgum sviðum — hefði þetta allt verið sagt fyrir nokkurn veginn nákvæmlega, eins og það hefur gengið til, fyrir alþingiskosningarnar í vor, held ég, að það hefði komið hljóð úr horni frá stuðningsmönnum núv. hæstv. ríkisstj. Og það þarf áreiðanlega meira til að snúa þessari þróun við og koma hér aftur á eðlilegum háttum, heldur en það frv., sem hér er til umr.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í þessum umr., má líta á þetta frv. ríkisstj. sem einn lið í tillagnagerð hennar á þessum vetri um sérstakar ráðstafanir í efnahagsmálum, en um þau atriði hefur ríkisstj. flutt hér á Alþ. allmargar till. Það var í upphafi þings í októbermánuði, að ríkisstj. lagði fram fjárlagafrv. fyrir árið 1968, og um leið gerði hún grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem hún taldi, að nauðsynlegt væri að gera eins og komið var í efnahagsmálum. Það vakti þá strax nokkra athygli, að till. ríkisstj. í þingbyrjun miðuðust við að auka enn allverulega tekjur ríkissjóðs og við það, að ríkisstj. teldi óhjákvæmilegt að auka talsvert enn á hin almennu ríkisútgjöld.

Efnahagstill. ríkisstj. fólu það í sér, að lagðir yrðu á allmargir nýir skattar eða nokkrar álögur í nýrri mynd, sem talið var, að mundu nema í kringum 350 millj. kr. á ársgrundvelli, en enn fremur fólu þessar till. í sér það, að ríkissjóður drægi úr greiðslum sínum til lækkunar á vöruverði, sem næmi rétt rúmum 400 millj. kr. á ári. Það var svo að skilja á hæstv. ríkisstj., þegar hún lagði fram þessar till., og þegar hún lagði fram sitt fjárlagafrv. fyrir árið 1968, að hún teldi, að komast mætti yfir þá efnahagserfiðleika, sem þá höfðu komið fram, ef farið yrði að þessum ráðum hennar. Í till. ríkisstj. var gert ráð fyrir því, að launþegar í landinu yrðu að taka á sig talsverða kjaraskerðingu. Miðað við þá vísitölu, sem þá var enn í gildi, var talið í útreikningum ríkisstj. sjálfrar, að kjaraskerðingin mundi nema í kringum 7½%. Ríkisstj. lagði á það mikla áherzlu í sínum málflutningi í sambandi við þessar ráðstafanir, að þjóðarbúið sem heild hefði orðið fyrir miklu áfalli á árinu 1967, þjóðartekjurnar yrðu miklu minni en áður og þess vegna yrðu allir að sætta sig við nokkru minni tekjur en áður, því að slíkt væri óhjákvæmilegt. En þó að ríkisstj. hefði uppi þennan málflutning, þá miðaði hún sínar till. við það, að ríkissjóður ætti að fá meiri tekjur en nokkru sinni áður og hann þyrfti að hafa hærri útgjöld en áður.

Bent var á af hálfu okkar stjórnarandstæðinga, að þetta væri mjög óeðlilegt, að ríkisstj. — og alveg sérstaklega fjmrh. — stæði að till. um að krefjast þess, að launþegar allir í landinu, og helzt allir landsmenn, tækju á sig verulega kjaraskerðingu og yrðu að sætta sig við lægri ráðstöfunartekjur en áður, en hann gerði jafnt kröfur um það að fá meiri tekjur til þess að spila burt á vegum ríkissjóðs. En þó að hér væri fundið að þessum till., hnikaði ríkisstj. ekki til sínum ásetningi. Hún hélt sínu striki og fékk fjárl. afgreidd á þeim grundvelli, að gengið var út frá því, að tekjur ríkissjóðs ættu enn að hækka frá því, sem áður var, og útgjöldin enn að aukast. Þegar við Alþb.-menn bentum á það, að miðað við þær aðstæður, sem þá höfðu skapazt, væri alveg óhjákvæmilegt að horfast í augu við þann vanda að reyna að færa nokkuð niður ríkisútgjöldin, sem höfðu farið mjög hækkandi á undanförnum árum, þá komu þau svör frá hæstv. ríkisstj. og alveg sérstaklega frá hæstv. fjmrh. við þessum ábendingum okkar, að ekki væri unnt að koma fram neinum sparnaði í ríkisrekstrinum og till. af okkar hálfu um að reyna að færa niður kostnaðinn á ýmsum sviðum væru óraunhæfar og óframkvæmanlegar.

Í sambandi við þessar umr. benti ég m.a. á það, að útgjöld ríkissjóðs hefðu farið ört hækkandi á undanförnum árum. Þannig má t.d. á það benda, að ríkisútgjöldin öll voru árið 1962 talin 1752 millj. kr. samkv. fjárl., árið 1963 voru þau komin upp í 2198 millj. kr., 1964 upp í 2696 millj. kr., 1965 upp í 3529 millj. kr., 1966 upp í 3800 millj. kr., 1967 upp í 4711 millj. kr. og á fjárlagafrv. ríkisstj. fyrir árið 1968 voru útgjöldin komin nokkuð yfir 5000 millj. kr. — allt á sambærilegum grundvelli. Þó má segja, að á þessum árum hafi hækkunin á ríkisútgjöldunum verið enn meiri en þessar tölur segja til um, því að þýðingarmiklar greiðslur á vegum ríkisins, sem voru taldar með hinum almennu útgjöldum ríkisins árið 1962, eins og öll framlög til vegagerðar og brúarsmíði, sem nú eru í kringum 300 millj. kr. á ári, hafa verið felldar brott; þær voru sem sé taldar með í heildarútgjöldunum 1962, en eru ekki taldar með í útgjöldunum nú 1968, þegar þau eru komin yfir 5000 millj. kr. En á þessu tímabili frá t.d. 1962 til 1968 er því augljóst, að heildarútgjöld ríkissjóðs eins hafa meira en þrefaldazt.

Það hefur lengi verið mín skoðun, að þenslan í ríkissjóði hafi í þessum efnum verið mun meiri en undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar gátu staðið undir með góðu móti. Og þegar það kom einnig til, að undirstöðuatvinnuvegirnir urðu fyrir miklu áfalli, erfiðleikar sóttu að og tekjurnar minnkuðu, var það að mínum dómi alveg fráleitt að ætla sér að halda uppi þeirri stefnu, að enn þá skyldu ríkisútgjöldin almennt séð eiga að hækka. En við þessa meginstefnu var afgreiðsla ríkisstj. á fjárlagafrv. fyrir árið 1968 miðuð. Það skal ég fúslega viðurkenna, að það er alltaf erfitt, eftir að búið er að hækka útgjöld og miða ýmsar ráðstafanir á vegum hins opinbera við há útgjöld, að koma því fram að lækka útgjöldin. En það þurfti að viðurkenna það einmitt við þessar aðstæður, að vinna ætti að lækkun ríkisútgjalda en ekki taka ábendingu okkar Alþb.-manna á þann hátt, sem ríkisstj. því miður gerði, þ.e. að segja, að þetta væri tal um óraunhæfa og óframkvæmanlega hluti, og vísa till. okkar í þessum efnum frá; það var röng stefna.

Ég tel fyrir mitt leyti, að það frv., sem hér liggur nú fyrir frá hv. ríkisstj. um nokkra lækkun á ríkisútgjöldum miðað við það, sem ákveðið var á fjárl., stefni því út af fyrir sig í rétta átt, og frv. sé að þessu leyti lofsvert. Þar sé réttilega tekið á málum, að svo miklu leyti, sem þetta frv. miðar að því að reyna að færa ríkisútgjöldin niður á raunhæfan hátt, en það gerir þetta frv. að talsverðu leyti. Það er að vísu mín skoðun, að í þessu frv. felist engan veginn sú niðurfærsla á útgjöldum ríkisins, sem látið er í veðri vaka af hálfu ríkisstj. í sambandi við flutning þessa máls. Lækkunin á ríkisútgjöldunum er engan veg-

inn svo mikil sem þar er gert ráð fyrir. Auk þess er það auðvitað alltaf svo, að það kann að vera erfitt að fá fulla samstöðu um, á hvaða liðum skuli sparað og á hvaða útgjaldaliðum sé ekki hægt að spara. Þar greinir mig líka nokkuð á við hv. ríkisstj., en þó get ég samþykkt margar af till. hennar, sem koma fram í þessu frv.

Ég gat þess hér í upphafi míns máls, að það mætti í rauninni líta á þetta frv. sem einn lið í tillagnagerð ríkisstj. á þessum vetri í efnahagsmálum. Ég held, að það verði ekki deilt um, að svo sé. Það væri því auðvitað full ástæða til þess að rifja það upp í sambandi við þetta frv., hverjar hafi verið till. ríkisstj. í efnahagsmálum á þessum vetri. Þar hefur gætt mikils stefnuleysis og fálms að mínum dómi — ekki síður en í sambandi við afgreiðslu fjárl. Það kom undir eins í ljós, að óraunhæft reyndist hjá ríkisstj., að till. hennar, sem hún kallaði frv. um efnahagsráðstafanir, dygðu til að leysa þann efnahagsvanda, sem við blasti. Því var það — skömmu eftir að ríkisstj. hafði komið þeim till. á framfæri í þinginu — að hún sá, að þær dugðu ekki; þá var horfið að því ráði að samþykkja hér allmikla gengislækkun. Með þeirri gengislækkun taldi ríkisstj., að allur vandi væri leystur, en það átti auðvitað eftir að koma í ljós tiltölulega fljótlega, að einnig þær till. stjórnarinnar voru ekki nógu traustar.

Skömmu eftir að gengislækkunin var ákveðin til viðbótar við fyrri efnahagsmálatillögur — því að gengislækkunin var ekki látin koma í stað efnahagsmálatill., sem áður höfðu verið lagðar fram — kom í ljós, að vandinn varð ekki leystur með gengislækkunartillögunum, eins og að framkvæmd þeirra var staðið af hálfu ríkisstj. Ríkisstj. var svo viss í sinni sök, þegar hún hafði lagt fram till. um gengislækkun og fengið þær samþykktar, að hún taldi mögulegt að taka af sjávarútveginum — sem gengislækkunin var auðvitað fyrst og fremst gerð fyrir eins og málum var komið — sannanlega og óumdeilanlega eign hans, þ. e. um 400 millj. kr., sem fengust við gengisbreytinguna, og taldi rétt að ráðstafa þessari upphæð til ýmissa aðila, af því að hinn rétti eigandi þyrfti ekki á þessu að halda. Og í þessum efnum gerði ríkisstj. jafnvel till. um það, að nokkuð af þessum svokallaða gengishagnaði ætti að renna til ríkissjóðs. Á það vildi Alþ. auðvitað ekki fallast og breytti þessum till. hennar, þannig að frá því var fallið, að nokkuð af gengishagnaðinum ætti að renna beint í ríkissjóð. En skömmu eftir að þetta hafði verið samþykkt, varð ríkisstj. að takast beinlínis á við vandamálið og eiga samninga við útflutningsatvinnuvegina. Komst hún þá að raun um það, að hennar fyrri uppsetning á dæminu reyndist alröng. Þá varð hún að semja um að greiða nokkrum þáttum útflutningsframleiðslunnar — ekki allri útflutningsframleiðslunni, heldur þeim þáttum, sem eru bundnir við vetrarvertíð — 320 millj. kr. í beint framlag á árinu 1968, og auðvitað röskuðust áætlanir ríkisstj. enn meir við þetta.

Um þetta leyti hafði hv. fjmrh. lýst því yfir hér á Alþ., að hann teldi eftir gengislækkunina, að fjárhagur ríkissjóðs yrði með þeim hætti, að hægt yrði að lækka tolla í landinu um upphæð, sem næmi 250 millj. kr., og hann gaf fyrirheit um það, að svo skyldi verða, vegna þess að auðvitað var augljóst, að tekjur ríkissjóðs áttu að stórhækka vegna hækkandi tolltekna við gengisbreytinguna. En aðeins nokkrum vikum eftir að hv. ráðh. hafði gefið þetta loforð hér á Alþ. varð hann að koma hér fram aftur og játa það, að ekki væri hægt að lækka tollana nema um upphæð, sem næmi 159 millj. kr., vegna þess að fyrri áætlanir stæðust ekki. Ríkisstj. hafði gert áætlanir um, að hægt yrði með þeim almenna rökstuðningi, að þjóðarbúið hefði orðið fyrir áföllum á s.l. ári, að koma fram almennri kauplækkun hjá launþegum í landinu, sem næmu ekki minna en 12%. Hún hafði gert sér vonir um þetta, og við þetta var öll hennar áætlun miðuð. Þetta var auðvitað alveg fráleitt miðað við þær aðstæður sem launafólk í landinu bjó við, en verulegur samdráttur var í atvinnulífinu og minnkandi tekjur af þeim ástæðum.

Auðvitað var það algjör fjarstæða að ætla sér að koma fram beinni kauplækkun miðað við tímaeiningu, sem næmi í kringum 12%. Þessi 12% voru í stórum dráttum þannig til komin, að fyrst hafði verið gert ráð fyrir því, að kaupmáttur launa mundi lækka með efnahagsráðstöfunum ríkisstj. um 7½%, en ríkisstj. féllst á það nokkru síðar að skila til baka af því með hækkun á kaupgreiðsluvísitölu 3,4%; þá voru eftir raunverulega af þessum ráðstöfunum um 4%, allt miðað við gömlu kaupgjaldsvísitöluna. Síðan áætluðu efnahagssérfræðingar ríkisstj., að bein verðhækkun í landinu af gengislækkuninni væri ekki undir 8—9%, og ríkisstj. ætlaði að haga framkvæmd mála þannig, að launþegar fengju enga verðlagsuppbót á laun vegna þeirrar verðhækkunar, sem yrði af gengislækkuninni, og heldur ekki neinar verðlagsuppbætur vegna þess, sem á skorti á vísitölugreiðsluna, sem greidd var 1. des. og nam þá 3,4% eða tæplega því. Hún hafði því gert sínar áætlanir um það, m.a. að því er varðaði framleiðsluna í landinu, að hægt væri að koma fram almennri kauplækkun, sem næmi í kringum 12%.

Afleiðingarnar af þessum ráðstöfunum ríkisstj. urðu svo þessi löngu og kostnaðarsömu verkföll, sem eru nú nýleyst, vegna þess að í þessum efnum var ríkisstj. að reyna að knýja fram það, sem í rauninni var alveg ómögulegt, að hún gæti komið fram. Forystumenn verkalýðssamtakanna í landinu höfðu lýst því yfir bæði hér á Alþ. og utan Alþ. að verkalýðshreyfingin mundi ekki una slíkum ráðstöfunum sem þessum og þetta fengi ekki staðizt, en ríkisstj. skellti skollaeyrum við þessu og hélt sínu striki; afleiðingarnar urðu þau miklu verkföll, sem allir þekkja. Það er alveg augljóst, að vegna verkfallanna hafa framleiðsluatvinnuvegirnir í landinu tekið á sig fjárhagsbyrðar, sem líklega nema ekki lægri upphæð en þeim styrkjum, sem ríkisstj. var búin að lofa framleiðslunni með

samningunum, sem áttu sér stað í janúarmánuði. Þessi dæmi lýsa því auðvitað mjög vel, hve illa hefur yfirleitt tekizt til með ráðagerðir ríkisstj. í efnahagsmálum á þessum vetri. Áætlanir hennar hafa steypzt um koll hver eftir aðra, og fjármunir, sem hún hefur lagt fram til stuðnings framleiðslu, hafa eyðzt upp á örstuttum tíma vegna þeirra ráðstafana, sem ríkisstj. sjálf hefur borið ábyrgð á.

En svo að ég víki aftur beint að þessu frv., sem hér liggur fyrir og ég fyrir mitt leyti tel spor í rétta átt, þó að sporið sé ósköp lítið, þá tel ég, að það, sem ríkisstj. er að byrja á með þessu frv., sé út af fyrir sig rétt og óhjákvæmilegt. Ég held, að það þurfi að draga úr útgjöldum ríkissjóðs miðað við efnahagsástand, sem nú er í okkar landi — og það þurfi að draga þar verulega úr og miklu meira en lagt er til í þessu frv. Ég held einnig, að ríkisstj. ætti í fleiri tilfellum að taka hér tillit til þess, sem við í stjórnarandstöðunni höfum verið að benda henni á. Það er t.d. enginn vafi á, að það væri miklu þýðingarmeira fyrir útflutningsatvinnuvegina, að ríkisstj. féllist á það sjónarmið okkar að reyna að færa nokkuð niður ýmis útgjöld, sem hvíla á útflutningsframleiðslunni og íþyngja henni, heldur en lofa henni því, að hún skuli fá vinnuaflið á lægra verði heldur en ríkisstj. getur raunverulega staðið við að veita útflutningsatvinnuvegunum. Ég hef margsinnis bent á, að það er vitanlega hægt að lækka útgjöld þau, sem á framleiðsluatvinnuvegunum hvíla, í mörgum greinum frá því sem verið hefur, og það er sérstaklega brýn þörf á því að gera það, eins og nú er komið. Framleiðslan gat miklu fremur búið við þessar álögur allar og þessi háu gjöld, meðan allt lék í lyndi, meðan verðlagið var hátt á erlendum mörkuðum og meðan aflinn var í hámarki, en þegar samdráttur verður og þegar erfiðleikarnir vaxa, fær útflutningsframleiðslan vitanlega ekki risið undir þessum háu gjöldum. Það er auðvelt mál fyrir ríkisstj. að vinna að því að létta verulega á útflutningsframleiðslunni með því að lækka vexti til hennar til mikilla muna frá því, sem verið hefur. Þetta væri hægt að gera, og það er í rauninni óhjákvæmilegt að gera þetta. Það væri líka hægt að létta á útgjöldum útflutningsframleiðslunnar með því að lengja ýmis lán, sem útflutningsframleiðslan verður nú að standa skil á, vegna þess að lánstíminn er óeðlilega stuttur og hefur beinlínis verið styttur af hv. ríkisstj. með sérstökum lögum hér frá Alþ. Það eru auðvitað margvísleg önnur útgjöld, sem á útflutningsframleiðslunni hvíla, eins og útflutningsgjaldið á sjávarafurðum, sem er mjög óeðlilegt. Auðvitað ber að lækka slík gjöld, og það mundi hafa miklu meiri áhrif til stuðnings útflutningsframleiðslunni heldur en þær till. ríkisstj., sem ganga í þá átt að lækka hið almenna kaupgjald, sem hún síðan hefur ekki afl til að sjá um að lækki.

Ég vildi þá víkja nokkuð nánar að einstökum liðum í þessu frv. til þess að gera betur grein fyrir afstöðu minni til þeirra og þá um leið gera grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt hér við frv.

Í 1. gr. frv. er að finna samtals 30 tölul., sem allir eiga að miða að því að lækka ríkisútgjöld. Fyrsti liðurinn er um það að lækka nokkuð kostnað í stjórnarráðinu og risnu ráðh., og þar er talað um að lækka þessa kostnaðarliði um 2 millj. kr. Það er mín skoðun, að hér væri hægt að gera mun betur. Hægt væri að lækka þarna allmiklu meir, og það væri vandalítið. Ég hef samt ekki flutt till. um að hækka þennan lið. Ég tel þetta sem sé spor í rétta átt, að dregið sé úr þessum kostnaði sem nemur 2 millj. kr., en ég held, að vandalítið væri að draga úr þessum kostnaði miklu meir en gert er ráð fyrir í frv.

Þá er næst að finna í þessari grein frv. nokkur framlög til ýmissa framkvæmda, eins og til Byggingarsjóðs stjórnarráðshúss, kaupa á Viðeyjarstofu o.fl. Að mínum dómi kemur fyllilega til greina að lækka útgjöld af þessu tagi, þegar harðnar í ári, og það verður að reyna að draga nokkuð úr útgjöldum ríkissjóðs. Ég viðurkenni, að það sé mikil þörf á því að byggja nýtt stjórnarráðshús. Hins vegar er það nokkurn veginn vitað mál, að ekki verður ráðizt í þá framkvæmd strax, og því tel ég fyrir mitt leyti, að það komi vel til greina að lækka þessa liði eitthvað. Ég tel sjálfsagt að lækka áætlunarliðinn í sambandi við kaupin á Viðeyjarstofu. Það sýnir sig, að sá liður á fjárl. var óþarflega hár. Engin þörf var á því að hafa hann jafnháan og gert var ráð fyrir. Ég tel því, að vel megi á þessu ári lækka þessa liði.

Þá er samkv. 5. lið þessarar greinar gert ráð fyrir nokkrum sparnaði í rekstri skóla almennt. Boðað er, að hægt sé að gera þetta án þess að draga úr starfsemi skólanna í sjálfu sér og hægt sé að koma við þessum sparnaði með vissri hagræðingu. Ég hef ekki aðstöðu til þess að dæma um það, en tek þessu fagnandi fyrir mitt leyti og tel alveg sjálfsagt að reyna að koma þessu fram. Ég vona, að það muni takast. Hér er um svo gífurlega mikinn kostnað af hálfu ríkisins að ræða í sambandi við rekstur skóla, að mér þykir ekki ótrúlegt, að það megi takast og með aukinni hagkvæmni megi spara þarna nokkur útgjöld. Hins vegar mæli ég ekki með því, að dregið sé úr framkvæmd kennslumálanna almennt, og tel, að það beri að skoða marga aðra útgjaldaliði, áður en farið er að hreyfa við slíkum liðum.

Þá er samkv. 6. lið gert ráð fyrir því að lækka framlög til skólabygginga um 5 millj. kr. Þar er ekki um háa fjárhæð að ræða, og mér skilst, að þetta eigi ekki að koma að neinni sök, svo að ég er ekki andvígur þessum lið miðað við það ástand, sem ríkjandi er.

Þá er samkv. 7. tölul. gert ráð fyrir því að spara í rekstri fræðslumálaskrifstofunnar, á störfum námsstjóra og fræðslustjórans í Reykjavík upphæð sem nemur rúmum 2 millj. kr. Ég vil ekki leggja dóm á það, að hve miklu leyti námsstjórakerfið hefur komið að gagni að undanförnu. Ég dreg þó nokkuð í efa, að það hafi skilað

tilætluðum árangri, og ég tel einnig, að það sé ástæðulaust, að ríkið standi undir kostnaði af fræðslustjóraembætti í Reykjavík upp á 800—900 þús. kr. á ári, en mér hefur skilizt, að svo væri. Ég held, að þarna sé um hagsmunamál Reykjavíkurborgar að ræða, svo að það sé ósköp eðlilegt, að hún kosti þessa starfsemi, af því að ég held, að starf hans komi líka Reykjavíkurborg fyllilega að fjárhagslegu gagni, og því sé ekki bein ástæða til þess að amast við því, þó að þetta falli niður. Ég lít með fullum skilningi á þessa till., sem er undir 7. tölul.

Þá er samkv. 8. tölul. gert ráð fyrir því, að spara á Kennaraskólanum 1 millj. kr., og sú skýring hefur verið gefin á þessu, að hér sé um það að ræða að fresta greiðslu á kaupum á bókasafni, en greiðslan þurfi ekki nauðsynlega að fara fram á þessu ári. Ég fyrir mitt leyti get — miðað við þessa skýringu — vel fallizt á, að það sé réttmætt að taka upp þennan lið.

Þá er samkv. 9. tölul. lagt til að fella niður framlag til Byggingarsjóðs safnahúss, 1½ millj. kr., en nú hefur verið gerð brtt. í samráði við ráðh. um það, að þarna verði spöruð aðeins 1 millj. kr. og eftir standi fjárveiting í þessu skyni upp á 500 þús. kr. Ég tel miður, að hæstv. ráðh. skuli halda fast við það, að þörf sé á því að taka upp þennan lið í frv. Ég tel, að hér hafi í rauninni verið um stefnuákvörðun að ræða af hálfu þingsins. Hún hafi verið tekin, og það hafi því verið eðlilegt, að þessi fjárveiting hefði staðið. Ríkissjóður hefði ekki þurft að greiða þessa upphæð út, því að ekki hefði verið ráðizt í þessa framkvæmd á árinu; þetta hefði því ekki haft nein áhrif út af fyrir sig á rekstur ríkissjóðs eða hina beinu afkomu á árinu. En þó tel ég mikils um vert, að ráðh. hefur fallizt á að halda þó nokkurri fjárhæð þarna áfram á fjárl. og viðurkenna þar með, að fyrr eða síðar þarf að ráðast í þessa framkvæmd.

Í 11. tölul. er gert ráð fyrir því að spara um 2 millj. kr. á lögreglustjóraembættinu á Keflavíkurflugvelli. Um þetta hef ég flutt hér till. nokkrum sinnum á Alþ. við afgreiðslu fjárl., en þá hafa menn ekki verið við því búnir að fallast á að draga úr þessum löggæzlukostnaði, sem hefur farið hækkandi frá ári til árs, og er nú svo komið, að ríkissjóður er farinn að greiða í löggæzlukostnað á Keflavíkurflugvelli innan girðingar um 9 millj. kr. á ári — bara í löggæzlukostnað — en samtals í tollgæzlu og löggæzlukostnað þar á vellinum rétt um 19 millj. kr. Ég tel, að í þessum efnum sé um algera óþarfaeyðslu að ræða, sem ekki nái nokkurri átt og eigi að færast niður. Ég geri því till. um það, að á þessum lið verði ekki aðeins sparaðar 2 millj. kr., heldur verði sparaðar 4 millj. kr., og teldi það ekki mikið átak fyrir hæstv. ráðh. að koma því fram.

Þá er samkv. 12. lið þessarar gr. lagt til að spara um 3 millj. kr. á utanríkisþjónustunni, en fallið frá þeirri hugmynd að leggja niður sendiráð eða sameina sendiráð, t.d. á Norðurlöndum. Ég geri till. um það, að samkv. þessum lið verði sparaðar 6 millj. kr. í stað þriggja eins og lagt er til í frv. Ég held, að enginn vandi sé að spara á þessum lið það sem ég legg til, og ég álít, að það væri auðveldast að gera það á þann hátt að leggja niður 5 millj. kr. sendiráð hjá NATO í Brüssel, sem að mínum dómi er algerlega óþarft og óeðlilegt. Þurfi að hafa þar sendimann, sýnist mér, að það mjög svo dýra sendiráð, sem við höfum í París, ætti að geta sinnt þeim störfum. Ég held því, að það sé vel hægt eða mjög auðvelt að koma fram mun meiri sparnaði í utanríkisþjónustunni en hæstv. ríkisstj. leggur til með þessu frv., og það væri því fyllilega ástæða til þess að samþykkja mína till. um það.

Þá er gert ráð fyrir því í þessari 1. gr. að spara allverulegar fjárhæðir í sambandi við fiskmat ríkisins og síldarmat ríkisins — eða samtals um 4 millj. kr. Ég skal líka segja það sem mína skoðun, að ég held, að spara megi á þessu þessa upphæð eða nálægt því, en ég hef þó ekki getað fylgzt nákvæmlega með þessu á undanförnum árum. Það er mín skoðun, að vissir þættir fiskmatsins þurfi verulegrar endurskoðunar við. Ég held, að ferskfiskmatið hafi kostað allt of mikið miðað við þann árangur, sem þar hefur fengizt, og það þurfi að endurskipuleggja það verulega. Ég býst líka við, að spara megi nokkuð á síldarmatinu miðað við allar aðstæður, en ég skal nú ekki um það segja, hvort hægt er að spara þar 1 millj. kr. af 2,4 millj. kr. strax á þessu ári. Það dreg ég nokkuð í efa. Þess ber að gæta, að helzt er hægt að koma við sparnaði í ferskfiskmatinu, en það hefur nú sérstakan tekjustofn, þar sem um er að ræða ákveðin útflutningsgjöld af sjávarafurðum, og samkv. fjárlagafrv. þessa árs er gert ráð fyrir, að þessi tekjustofn gefi um 9½ millj. kr. í ríkissjóð til þess að standa undir þessum framkvæmdum. Ég tel það auðvitað alveg fráleitt að ætla að leggja áfram þetta útflutningsgjald á útfluttar sjávarafurðir umfram það, sem kostað verður til ferskfiskmatsins. Sjávarútvegurinn þarf á öllu sínu að halda, eins og reynslan hefur sýnt — ekki sízt eins og nú árar. Vitanlega þarf að vinna að því að létta af ýmsum þeim álögum, sem á honum hvíla, að svo miklu leyti sem þær álögur eru óeðlilegar. Það er mín skoðun, að þetta ferskfisk-útflutningsgjald hafi að verulegu leyti verið óþarft og ætti að hverfa.

Þá er hér lagt til í 16. og 17. lið, að spara skuli útgjöld til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, 11 millj. kr. og til Fiskveiðasjóðs Íslands, 30 millj. kr. Í þessum efnum get ég ekki talað um neinn sparnað. Hér er aðeins um það að ræða, að ríkið ætlar sér að svíkjast um að greiða þær fjárhæðir, sem það á að greiða samkv. l. til þessara þýðingarmiklu stofnana sjávarútvegsins, en það er einmitt þessi undirstöðuatvinnuvegur okkar, sem stendur nú höllum fæti og þarf á öllu sínu að halda. Ég tel, að þessar till. séu óeðlilegar, og ég er á móti þessum till. Ég vil benda á það, að Aflatryggingasjóður mun hafa greitt til sjávarútvegsins á s.l. ári nokkuð yfir 120

millj. kr. í bætur. Í fjárlagafrv. er hins vegar ekki gert ráð fyrir því, að greiðslur á árinu 1968 verði nema rétt í kringum 60 millj. kr. Ég held, að það verði lítill sparnaður í því, þegar til á að taka, ef sjávarútvegurinn verður fyrir einhverjum áföllum eða erfiðleikum, að taka af honum þetta framlag, sem hann átti að hafa samkv. l. Sjávarútvegurinn leggur sjálfur til með ákveðnu útflutningsgjaldi mikið fé í þennan sjóð á hverju ári, og m.a.s. hluti af því, sem hinn almenni sjávarútvegur — báta-útvegurinn — hefur lagt í þennan sjóð, hefur verið tekinn úr sjóðnum til þess að hjálpa togara-útgerðinni yfir þann vanda, sem hún hefur átt við að glíma og hefur verið í rauninni allt annars eðlis heldur en sá vandi, sem stafar einkum af aflaleysi, enda hafa bætur til togaranna verið greiddar eftir allt öðrum reglum. Þessir tveir liðir, 16. og 17. liður í 1. gr. frv., þ.e. greiðslur til Aflatryggingasjóðs og Fiskveiðasjóðs, eru ekki um neinn sparnað í rekstri ríkisins og eru ekki af þeirri tegund, sem ég tala um, þegar ég ræði um sparnað.

Þá er gert ráð fyrir því í 18. tölul. að spara um 4½ millj. kr. á framlögum til Orkustofnunar og Orkusjóðs, og þær upplýsingar hafa verið gefnar, að þessi sparnaður eigi aðallega að koma fram í því, að leggja eigi minna í rannsóknir í sambandi við virkjunarmál, jarðboranir, vatnsmælingar og annað þess háttar. Eg er á móti þessum sparnaði. Ég álít, að við eigum allra sízt að spara fé, sem við leggjum fram til undirstöðurannsókna, sem eru þess eðlis, að þær hljóta að skila okkur verðmætum mjög fljótlega. Ég efast ekkert um að rannsóknir í sambandi við virkjunarframkvæmdir eru þess eðlis, að þær þarf að framkvæma, og ég álít, að við hefðum miklu fremur þurft að eyða meira fé en minna í jarðboranir og reyna jafnframt að losa okkur úr því ófremdarástandi að kaupa til landsins dýr og mikil tæki eins og hinn margumtalaða stóra bor og láta hann svo liggja verkefnalausan tímunum saman. Ég er andvígur þessari till. Ég tel, að hún eigi ekki rétt á sér.

Samkv. 19. tölul. er gert ráð fyrir því að lækka kostnað við löggæzlu í landinu um 6,8 millj. kr., og það er sagt, að þar sé um að ræða um 5% lækkun á löggæzlukostnaðinum. Ég er fyrir mitt leyti samþykkur þessari till., en tel, að þarna ætti að reyna að spara mun meira. Ég tel löggæzlukostnaðinn, sem nú er kominn nokkuð yfir 130 millj. kr. á ári, vera orðinn allt of háan og að vinna eigi að því að færa hann niður. Einnig tel ég, að við vitum mörg dæmi þess, þar sem um er að ræða óeðlilegan kostnað við löggæzluna í landinu. Ég hef því gert till. um það, að sparnaður á þessum lið verði 13,6 millj. kr. í stað 6,8 millj. kr.

Tuttugasti og fyrsti tölul. þessarar gr. er um sparnað í sambandi við hægri umferð, 18,4 millj. kr., þar sem nú er gert ráð fyrir, að tekið verði lán í þessu skyni, en ríkissjóður leggi ekki fé til þessa á þessu ári. Ég er samþykkur þessum lið. Ég álít, að hann eigi líka að falla niður á fjárl. og það hljóti að vera hægt að komast yfir þennan vanda eftir öðrum leiðum.

Tuttugasti og annar liður er um Almannavarnir. Til þeirra er varið samkv. fjárl. 3,9 millj. kr., en lagt er nú til að lækka þessa fjárveitingu um 3 millj. kr., þ.e. spara þarna um 3 millj. kr. Ég er fullkomlega sammála þessari till. Hún er í samræmi við þær till., sem við Alþb.-menn höfum flutt hér ár eftir ár, um að lækka nokkuð framlag til hinna svonefndu Almannavarna, en það er búið að eyða nokkrum tugum millj. kr. á undanförnum árum í þessa starfsemi, sem enginn veit til, að hafi verið til nokkurs gagns. Ég held því, að það sé fullkomlega frambærilegt að draga úr fjárveitingum í þessu skyni um 3 millj. kr. á þessu ári.

Þá er hér lagt til samkv. 24. lið að leggja niður tvö prestsembætti, annað á Keflavíkurflugvelli og hitt í Danmörku. Bæði þessi embætti hafa verið stofnsett með einhliða ákvörðun ríkisstj., og ég tel, að það sé sjálfsagt að leggja þessi tvö embætti niður.

Í 25. og 26. lið, sem eru um framkvæmd orlofslaga og skyldusparnað, er gert ráð fyrir því, að Póstur og sími taki á sig þann vanda, sem þar er um að ræða án sérstakra greiðslna. Á þann hátt er hægt að lækka útgjöldin um 8,1 millj. kr. Ég tel þetta líka rétt. Ég veit, að þetta jafngildir því í sjálfu sér, að Póstur og sími verði að huga að sínum fjármálum. Þetta jafngildir því, að þeir hafi úr rúmlega 8 millj. kr. minna að spila en áður, en ég efast ekkert um það, að í sambandi við þann mikla rekstur hlýtur að vera hægt að draga úr útgjöldum, sem því nemur, án þess að starfsemi stofnunarinnar þurfi á nokkurn hátt að líða við það.

Þá er 27. tölul. um að lækka framlag til Ríkisábyrgðasjóðs um 10 millj. kr. Ég hef ekki aðstöðu til að dæma um það, hvort þetta er raunhæft, en held þó, að miklar líkur ættu að vera á því, að ríkið geti þar sloppið með nokkru lægri upphæð en gert var ráð fyrir í fjárl. og þannig geti þetta fyllilega staðizt.

Þá er 28. tölul. um að lækka framlag til ríkisbifreiða um 1 millj. kr., en samkv. upplýsingum er lagt í svonefndan ríkisbifreiðasjóð nærri 4 millj. kr. á fjárl. Ég held, að það væri alveg vandræðalaust að hækka þennan sparnaðarlið nokkuð, t.d. eins og ég legg til, að sparaðar verði 2 millj. kr. í stað 1 millj. kr. og að þeir ágætu menn, sem njóta þess að hafa bifreiðar ríkisins, geti sætt sig við það, að framlög til bifreiðasjóðs þessa verði ekki nema 2½ millj. kr. á þessu ári.

En samkv. 29. tölul. er lagt til að spara á vitamálum um 560 þús. kr., og samkv. upplýsingum kemur það í ljós, að þessi sparnaður á að vera í því fólginn að fresta enn að koma upp á suðurströnd landsins svonefndum ratsjárspeglum, sem jafngilda vitaþjónustu fyrir sjófarendur og Alþ. hefur gert hér sérstaka samþykkt um, að koma þurfi upp — og hefur í rauninni dregizt alveg óhæfilega hjá vitamálastjórninni og ráðh. vitamála að sjá um að framkvæma. Ég tel með öllu ósæmilegt að leggja til að fella niður þennan lið. Það á að vinna að því að

koma sem allra fyrst upp þessum gagnlegu vitum, og það er í rauninni skammarlegt að gera ráð fyrir því miðað við þær samþykktir, sem gerðar hafa verið hér á Alþ. um þetta, að ætla sér að fella niður þennan lið.

Ég hef nú vikið að flestum þeim liðum, sem máli skipta að mínum dómi í þessari tillagnagerð, og lýst minni afstöðu til þeirra, en ég legg til í mínum till., að auk þessa, sem ég hef vikið að, verði teknir þarna upp tveir nýir sparnaðarliðir. Annar er um það, að hið fasta tillag til Atlantshafsbandalagsins og Þingmannasambands NATO, 2 millj. 652 þús. kr., verði fellt niður. Við þm. Alþb. höfum flutt árlega till. í þessa átt, og ég tel, að við höfum rökstutt það svo, að ekki þurfi að fara um það mörgum orðum — þ.e. að engin ástæða sé til þess, að við séum að greiða þessar upphæðir til þessara stríðssamtaka.

Þá legg ég einnig til, að tekinn verði upp nýr liður svo hljóðandi: Lækka skal almennan rekstrarkostnað ríkisins og ríkisstofnana frá því, sem áætlað er í fjárl. 1968, um 50 millj. kr. Ég vil sem sé leggja þann vanda á hæstv. fjmrh., að hann glími við það að færa niður hin almennu rekstrarútgjöld hjá ríkinu og ríkisstofnunum um 50 millj. kr. á þessu ári. Þetta nemur ekki 1% af heildarútgjöldum, og ég efast ekkert um það, að sé í þetta verk gengið, er auðvelt að koma þessum sparnaði við. Það er hægt að draga úr hinum almenna skrifstofukostnaði og margs konar óþörfum rekstri bæði á vegum opinberra stofnana ríkisins og hjá ríkinu sjálfu, sem þessu nemur, án þess að gagnleg þjónusta við borgara landsins þurfi á nokkurn hátt að líða neitt við það. Það er að vísu mín skoðun, að menn hefðu átt að færa þessa útgjaldaupphæð niður um mun hærri fjárhæð en þetta. Þegar það gerist, að þjóðarbúið verður fyrir miklum áföllum og heildartekjurnar minnka verulega, álít ég, að óhjákvæmilegt sé að huga sérstaklega að því að færa niður ríkisútgjöldin a.m.k. á öllum þeim sviðum, þar sem þau eru ekki alveg knýjandi nauðsyn. Þegar það liggur alveg óumdeilanlega fyrir, að ríkisútgjöldin hafa hækkað meira frá ári til árs á undanförnum árum en annar kostnaður í landinu, þá hvílir þessi skylda með alveg sérstökum þunga á þeim, sem á því bera ábyrgð. Eins og ég segi í mínu nál., geri ég ekki till. um, að þessi niðurfærsla á árinu 1968 verði meiri en 50 millj. kr., af því að ég hef ekki trú á því, að það fáist samþykkt stærri upphæð en þetta. Ég mundi líka sætta mig mjög vel við það, að slík till. fengist samþykkt, því að ég teldi, að hún boðaði nokkuð gott í þessum efnum. Hefði ég hins vegar gert tillögu um hærri upphæð og myndarlegra átak, óttast ég, að menn hefðu alveg bognað fyrir vandanum og ekki treyst sér út í það. En ég hef sem sé von um, þar sem ríkisstj. er farin að hugleiða alvarlega að draga úr ríkisútgjöldum, sbr. þetta frv., að hún kunni að verða til viðtals um að samþykkja till. eins og þessa.

Þá er að víkja hér að nokkrum öðrum gr. þessa frv. Um þær get ég verið fáorður. Ég tel þó, að í þessu frv. séu nokkur atriði, sem þar eigi í rauninni alls ekki heima og mjög óviðfelldið sé að hafa í þessu frv. Undir það flokka ég t.d. 7. gr. Ég tel hana alveg ástæðulausa með öllu í þessu frv. Samkv. henni sparast hvorki eitt né neitt á þessu ári. Ef ríkisstj. vill lýsa því yfir, að það sé hennar stefna að breyta skipulaginu á fræðslumálaskrifstofunni, á störfum íþróttafulltrúa og annarra slíkra, á ríkisstj. að gera það. Hún getur boðað það, og síðan á hún auðvitað að leggja fram frv. um þessi mál á næsta hausti og lögfesta þau frv. fyrir næstu áramót. Það er að taka á þessum málum á eðlilegan hátt. En að vera að flækja inn í þennan bandorm, sem hér liggur fyrir, till. um, að fræðslumálaskrifstofan skuli vera deild í menntmrn., er vægast sagt mjög óeðlilegt. Einnig hefur verið bent á í þessum umr., að eigi þetta að standa óbreytt um einhvern tíma, koma upp margvísleg vandamál.

Samkv. l., sem hafa lengi verið í gildi, hefur fræðslumálastjóri mjög þýðingarmikil, tiltekin verkefni með höndum, og hans embætti hefur um áratugaskeið verið mjög sjálfstætt embætti. Það má segja, að fræðslumálastjóri hafi heyrt beint undir ráðh. Ráðuneytisstjórinn í menntmrn. hefur ekki í raun verið eiginlegur yfirmaður fræðslumálastjóra. Samkv. l. og reglum er það t.d. þannig, að fræðslumálastjóri á að gera sjálfstæðar till. til menntmrh. um skipun kennara í embætti, svo að við tökum aðeins það dæmi. Slíkar till. koma að jafnaði frá hinum ýmsu fræðsluráðum. Og síðan stendur menntmrh. frammi fyrir till. fræðsluráðanna um val á mönnum í embættin, og hann stendur einnig frammi fyrir sjálfstæðum till. og áliti fræðslumálastjóra um það, hvern skuli velja í embættin. En ráðh. hefur úrslitavald til að ákveða, hverjir skuli settir og hverjir skuli skipaðir í embætti. Nú er allt í einu gert ráð fyrir því í þessu frv. á þennan stuttaralega hátt, að embætti fræðslumálastjóra í þeirri mynd, sem það hefur verið, skuli lagt niður, skuli færast inn í menntmrn. og hann skuli starfa þar sem sérstakur fulltrúi og þá væntanlega sem undirmaður ráðuneytisstjórans í menntmrn. Mér sýnist, að þá sé búið að rugla öllu þessu máli frá því, sem gert hefur verið áður ráð fyrir í lögum um stöðu hans og starfssvið, þetta fái í rauninni ekki staðizt og það hljóti að verða ráð fyrir því gert, að lög verði sett um störf fræðslumálastjóra eftir þessa skipulagsbreytingu. En ég vil hins vegar taka það fram, að ég hef ekkert á móti því, að þessi skipulagsbreyting sé gerð. Ég tel, að það komi fyllilega til mála, þó að ég hafi ekki gert mér neina fullnaðargrein fyrir því. En ég tel þann hátt, sem á er hafður í þessu frv., mjög óviðfelldinn og óeðlilegan, og því ætti í rauninni að fella 7. gr. niður.

Ég hef nú gert grein fyrir minni afstöðu til þessa frv. í aðalatriðum. Ég tel sem sé, að frv. stefni í rétta átt, að svo miklu leyti sem það felur í sér ákveðna niðurfærslu á beinum ríkisútgjöldum og miðar að sparnaði. Ég fagna frv. að þessu leyti. En í frv. eru nokkrir liðir, sem ég get ekki fallizt á og ég er and-

vígur, og einnig er blandað inn í frv. nokkrum öðrum efnisatriðum, sem ég er líka óánægður með. Ég hef gert hér grein um leið fyrir þeim till., sem ég flyt hér á sérstöku þskj. — þskj. 415, og vænti þess, að fyrst upp er kominn nokkur áhugi á því að spara í útgjöldum ríkisins, geti menn nú fallizt á það að samþykkja þær till., sem ég flyt þar, ekki stærri eða meiri en þær eru.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er eitt og annað, sem komið hefur fram í ræðum hv. talsmanna minni hl. fjhn., sem hefði verið fróðlegt og freistandi að gera aths. við, en ég skal reyna að lengja ekki þann tíma, sem í þetta fer — enda eru fáir hv. þm. hér viðstaddir — og stofna ekki til langra umr. af þessu tilefni. Ég held, að það sé ljóst, að það var töluvert áberandi munur á málflutningi hv. talsmanna minni hl., því að annar þeirra, hv. 4. þm. Austf., sýndi þó viðleitni til þess að ræða málið eins og það lá fyrir á málefnalegum grundvelli, enda þótt eitt og annað kæmi fram í hans ræðu, sem ég er ósammála; það er allt annað mál. En því miður lét hinn talsmaður minni hl., hv. 5. þm. Austf., undan þeirri freistingu, sem töluvert virðist þjá hv. framsóknarmenn og virðist lengi hafa gert, að vilja ekki horfa á málið, eins og það liggur fyrir, heldur leggja meira upp úr almennu narti um alls konar atriði, finna að öllu, sem fram kemur, án þess að horfast í augu við vandann, sem við er að fást, og leggja sig fram um það eitt að finna allt til foráttu því, sem gert er.

Nú er það eitt út af fyrir sig að finna að þeim till., sem fram koma. Það er ekkert við því að segja. En það verður að ætlast til þess, að hv. þm., sem það gera, sýni einhverja viðleitni í þá átt að benda á, hvað átti að gera annað. Það tjóar auðvitað ekki að segja sem svo, að allt hafi verið í óstjórn og vandræðum, stjórnarstefnan vonlaus og annað þar fram eftir götunum og vegna þess þýði í raun og veru ekki að taka málefnalega á neinu vandamáli eða till. frá ríkisstj., sem fyrir liggja. Þannig er auðvitað ekki hægt að meðhöndla mál. Og þegar þess er gætt, að hv. þm. annað veifið taldi þetta frv. skipta ákaflega litlu máli og hafa ekki í för með sér neina raunverulega efnisbreytingu eða neinn raunhæfan sparnað — en taldi þó ástæðu til þess að finna að flestum einstökum atriðum þess sem ómögulegum — þá finnst manni óneitanlega, að þessar röksemdir, ef röksemdir skyldi kalla, fari að stangast nokkuð á.

Það má auðvitað endalaust um það deila, hvort við hefðum átt að taka þessar lækkanir eða einhverjar aðrar. Um það getum við lengi talað, og það er hægt að rökræða það. En ég held, að það verði með engu móti hægt að komast fram hjá þeirri staðreynd, að okkur vantar þá umræddu fjárhæð, sem hér er talað um — þessar 200 millj. kr. Og þá tjóar auðvitað ekki að hafa á móti öllum þeim sparnaðarleiðum, sem farnar eru, telja þær annaðhvort einskis nýtar eða óhafandi af öðrum ástæðum og finna jafnframt að því, að verið sé að fjármagna með lánum það, sem á vantar. Þetta tjóar ekki, nema því aðeins að menn annaðhvort komi með till. á móti til þess að brúa þetta bil — nýjar sparnaðartill. eða niðurskurðartill. eftir atvikum — eða þá telji það eðlilegt, sem einnig má hugsa sér, að mæta þessum vanda með nýjum sköttum. Í þriðja lagi gæti verið æskilegt að fá fram, hvort menn, sem halda svona málstað fram og hafa í frammi svona málflutning, eru e.t.v. þeirrar skoðunar, að það sé algerlega ástæðulaust að afla þess fjár, sem gert er ráð fyrir að afla nú til aðstoðar útgerðinni. Ef það sjónarmið er fyrir hendi, er skiljanlegt, að menn geti fett fingur út í það, sem er gert, og telji ástæðulaust eða til ills að gera það, sem hér er gert ráð fyrir. En mér skildist hv. þm. efnislega vera á móti meginhluta þess, sem í þessu frv. felst. Þetta tjóar auðvitað ekki. Það er ekki hægt að leyfa sér þá afstöðu í miklu vandamáli, eins og hér er tvímælalaust um að ræða, nema því aðeins að menn séu sjálfum sér samkvæmir og annaðhvort komi með till. til sparnaðar á móti eða leggi til, að skattaálögur séu auknar — eða í þriðja lagi játi, að það sé ástæðulaust að vera að afla þessara tekna, vegna þess að ekki þurfi að leggja í þau auknu útgjöld til aðstoðar sjávarútveginum, sem gert er ráð fyrir. Menn geta með engu öðru móti komizt undan þessum vanda, því að það er ekki hægt að láta ábyrgum mönnum — sem ég efast ekkert um, að hv. þm. vilja vera — líðast að halda bara uppi almennu nöldri og gagnrýni á hvern lið í því, sem lagt er til, en benda ekki á nein úrræði.

Ég verð að játa, að töluvert aðra sögu er að segja um hv. 4. þm. Austf. Hann hafði ýmislegt út á þetta mál að setja, en í meginefnum held ég, að ekki sé of í lagt, að hann hafi talið, að stefnt væri í rétta átt, þó að hann telji, að það hefði kannske mátt gera eitthvað af þessu fyrr. Það er önnur saga, og getum við lengi um það rætt. En að því leyti, sem hann taldi sig ekki geta fallizt á þær till., sem felast í þessu frv., sýndi hann þó ákveðna viðleitni í þá átt að benda á aðra útgjaldaliði fjárl., sem hann teldi, að ætti að fella niður. Þannig að segja má, að hann hafi brúað það bil, sem myndaðist, ef till. hans um að fella út lækkunartill. í frv., yrðu samþykktar. Það er svo annað mál, eins og hann líka réttilega sagði, að auðvitað má endalaust um það deila, hvað sé framkvæmanlegt að gera í þessu efni og mismunandi sjónarmið, sem þar komi til greina.

Það er eitt atriði, sem ég vildi sérstaklega víkja að og kom fram hjá báðum þessum hv. þm. Það var í sambandi við Fiskveiðasjóð. Hv. 4. þm. Austf. taldi, að yrði framlag til Fiskveiðasjóðs og Aflatryggingasjóðs afnumið, væri í rauninni um lögbrot að ræða. Ég get ekki fallizt á það. Það er að vísu rétt, að í Aflatryggingasjóði er gert ráð fyrir ákveðnu framlagi, en það er ekki um neitt slíkt að ræða varðandi Fiskveiðasjóð; framlag til Fiskveiðasjóðs hefur jafnan verið ákveðið af fjárlagagjafanum hverju sinni. Það, sem efnislega skiptir

máli í þessu sambandi og nauðsynlegt er, að hv. þm. geri sér grein fyrir, er að framlagið til Fiskveiðasjóðs var alltaf dregið frá, þegar verið var að ræða um aðstoðina við sjávarútveginn eftir áramótin, þannig að það fer eftir atvikum, hvaða tölu við nefnum. Ég kaus að nefna töluna að meðtöldu fiskveiðasjóðsframlaginu, en fella það síðan burtu í þessum sparnaðartill., vegna þess að það þurfti með einhverjum hætti að fella það út úr fjárl. Það hefur ekki verið komið aftan að neinum í sambandi við Fiskveiðasjóð, því að framlagið var reiknað með í því dæmi, þegar var verið að ræða um aðstoðina við sjávarútveginn eftir áramótin, og alltaf gengið út frá því, að það framlag félli þá niður. Um Aflatryggingasjóð er það að segja, að það er hárrétt, að dálítið er erfitt að segja nákvæmlega til um fjárþörf hans, en miðað við þær áætlanir, sem fyrir lágu, töldum við gerlegt að framkvæma þessa lækkun a.m.k. á þessu ári, hvað sem síðar verður; það kemur allt til endurskoðunar. En hins vegar er tekið fram, að ekki sé ætlunin með þessu að skerða starfsgrundvöll Aflatryggingasjóðs, en auðvitað kann vel að vera, að það þurfi — fyrr en við höldum — að taka það mál til endurskoðunar. Það skal ég ekki fullyrða um, en að sinni höfum við talið, að auðið væri að koma við þessari lækkun.

Báðir hafa hv. þm. haldið uppi verulegri gagnrýni á till. í frv. um breytta skipun og breytta yfirstjórn fræðslumála. Það er vitanlega rétt, að eðlilegast er að endurskoða fræðslulöggjöfina í sambandi við þessa skipulagsbreytingu. Ástæðan til þess, að þetta er tekið í frv. nú, er fyrst og fremst sú, að það tekur töluverðan tíma að vinna að undirbúningi þessa máls. Alþ. þarf að marka stefnuna í þessu máli, þ.e. hvort það sé sátt við það, að þetta verði gert. Menn gera sér alveg grein fyrir því, að það þarf að framkvæma breytingar og endurskoðun á ýmsum lögum, sem í gildi eru, um fræðslumál, svo að hægt sé að vinna þetta betur og segja til um, hvernig þetta endanlega skal hljóða. En það, sem er ætlazt til nú, og í rauninni liggur á, er, að Alþ. marki stefnuna í því, hvort menn geti fallizt á að sameina fræðslumálaskrifstofuna og undirdeildir hennar menntmrn. Ég er ákveðið þeirrar skoðunar, að þetta sé rétt meginstefna og það megi gera ráð fyrir, að þarna sparist töluvert, því að öll þau bréfaskipti, sem eiga sér stað milli fræðslumálaskrifstofu og menntmrn., eru sannast sagna þess eðlis, að þau eru ástæðulaus, en verða að vera, eins og skipulagið er nú, og á þessu verður ekki nein efnisbreyting. Vitanlega hefur fræðslumálastjóri heyrt undir ráðuneytisstjórann í menntmrn.; það fer ekkert á milli mála. Fræðslumálaskrifstofan er ekki sérstök stjórnardeild, þó að það kunni að vera svo sem hv. 4. þm. Austf. sagði, að ýmsar till. hans gangi beint til ráðh., þá fara þær alltaf um hendur ráðuneytisstjórans, eins og till. annarra slíkra embættismanna. Það má á sama hátt segja um vegamálastjóra, að hann geri margar till. til ráðh. — og einnig aðrir yfirmenn framkvæmdastofnana ríkisins, en formlega heyra þeir auðvitað undir rn. og ráðuneytisstjórann, þannig að á því er engin breyting.

Það hefur verið allmikið talað hér um hækkun ríkisútgjalda, og ég skal ekki fara út í þá sálma. Það yrði allt of langt mál. Bent hefur verið á, að þau hafa hækkað mikið á liðnum árum, og vissulega er það rétt. Ég hef áður vakið athygli á því, að til þess að gera sér grein fyrir, hvort þar er um óeðlilega hækkun að ræða, verða menn að skoða þá þróun, sem hefur orðið í peningamálum og fjármálum í þjóðfélaginu á hverjum tíma — bæði aukningu þjóðartekna og hækkun á verðlagi og kaupgjaldi. Allt þetta verður að skoðast, og ætli menn að gera sér grein fyrir því, hvort orðið hafi óeðlileg aukning í ríkiskerfinu, verður í rauninni að skoða þetta eftir þessum hlutföllum og gera sér grein fyrir, hvort ríkið tekur nú hlutfallslega meira af borgurunum miðað við þjóðartekjur heldur en áður hefur verið. Það gefur auga leið — þó að við tölum um sparnað og viljum auðvitað gjarna koma honum við — að það er svo í öllum vaxandi þjóðfélögum, að útgjöldin hljóta að vaxa, vegna þess að þörf er fyrir aukna þjónustu. Sannleikurinn er sá, að eftir því, sem velmegun eykst í hverju þjóðfélagi, vaxa kröfurnar, sem fólkið gerir um fullkomnari þjónustu. Þetta hefur komið í ljós á mörgum sviðum.

Ég hefði haft mikla löngun til þess að fjalla hér nokkuð um ræðu, sem flutt var við 1. umr. þessa máls af hv. 3. þm. Vesturl., þar sem hann fór með ýmsar tölulegar upplýsingar, sem áttu að sanna óhæfilega útþenslu í ríkiskerfinu, en þar sem hann er hér ekki viðstaddur, mun ég ekki fara út í þá sálma. Þær tölur voru út af fyrir sig ekki rangar, en þessar tölur líta út á mismunandi hátt eftir því, á hvaða forsendum þær eru byggðar. Hann sleppti mjög veigamiklum atriðum, sem þurfti að taka til greina í þessu sambandi og gera það að verkum, að þessar hækkanir eru miklum mun minni heldur en hann vildi vera láta. Þótt ég fari ekki út í þá sálma nú, kemst ég þó ekki hjá — til þess að koma í veg fyrir, að það valdi misskilningi — að leiðrétta eitt atriði, sem kom fram í ræðu þessa hv. þm. Það var um niðurfellingu á framlagi til hægri umferðar á þessu ári. Í hans ræðu koma fram sá misskilningur, að hann taldi, að ætlunin væri að taka þessar 18 millj. kr. í ríkissjóð, þannig að hér væri verið að leggja á bílaeigendur gjöld til ríkisins, en hins vegar væri ætlunin með þessu frv. að taka lán til að standa undir þessum gjöldum og láta síðan gjöldin af bílunum standa undir láninu. Þetta er mikill misskilningur. Það eina, sem gerist, er það, að tekið er út úr fjárl. framlag, sem ætlunin var, að ríkissjóður yrði að leggja fram á þessu ári, en átti raunverulega að endurgreiðast ríkissjóði með þessum skatti á bílana, vegna þess að skatturinn á bílana dreifist á fleiri ár, en hins vegar er aðalkostnaðurinn við framkvæmdina einmitt á þessu ári. Ég tel nauðsynlegt, að það komi fram, að ekki er ætlunin að taka svo mikið sem eina kr. í ríkissjóð í sambandi við þessa till. í því frv., sem fyrir liggur. Heldur er ætlunin, að í stað þess, að ríkissjóður láni

þetta í bili, verði það tekið að láni með öðrum hætti. Þetta tel ég ákaflega eðlilegt, úr því að ríkið hefur ekki, eins og sakir standa, efni á að leggja fram þetta fé til aðstoðar.

Varðandi það sjónarmið, að hér sé ríkisstj. að fallast á rök, sem fram hefðu komið á liðnum árum um sparnað af hálfu stjórnarandstæðinga, skal ég ekki fara langt út í þá sálma. Þau rök hafa öll verið almenns eðlis og yfirleitt aldrei bent á neinar ákveðnar till. í því efni nema till., sem nema sáralitlum fjárhæðum, og sannast sagna vitum við það allir, að þetta tal um auðvelda leið til þess að fella niður ríkisútgjöld er auðvitað meira og minna út í loftið. Það er hægt að koma við margvíslegu aðhaldi og sjálfsagt að gera það í öllum greinum. En við sjáum það bara á þessu frv., sem má segja, að sé ekki sérstaklega stórt í sniðum, að menn reka augun í flesta hluti og telja, að þetta hefði ekki átt að gera. Og ég er ósköp hræddur um — þó að við settum saman frv. með allt öðrum liðum úr fjárl. — að nákvæmlega sama gagnrýnin kæmi fram. Af hverju gerðuð þið þetta? Þetta má ómögulega fella niður. Það er hægt að fella eitthvað annað niður. Ég tel, að þetta sé gott, þá erum við yfirleitt ekki með í fjárl. útgjaldaliði, sem hægt er að segja, að séu slíkur óþarfi, að hægt sé að fella þá niður, án þess að það komi við nokkurn.

Ef við viljum viðhafa sparnað, verðum við hins vegar að gera okkur grein fyrir því, að við verðum að vera reiðubúnir til að skera niður einhverja þjónustu. Þó að fjmrh., hvort sem það er ég eða annar, hafi sagt á venjulegum tímum, þegar ekkert sérstakt þrengir að, að erfitt sé að koma við sparnaði, þá stafar það af því, að viðhorfin eru öðruvísi. Og það er eins og annar hv. frsm. minni hl. sagði hér áðan, að þessi vildi halda þessum útgjöldum og annar hinum og erfitt væri að ná saman endum í þessu; það er nákvæmlega það rétta. Þegar menn standa andspænis þeim vanda, sem við er að glíma og allir viðurkenna, horfa menn hins vegar á málin frá öðrum sjónarhóli og gera sér grein fyrir því, að það verður að leggja á sig að skera niður ýmis útgjöld, sem annars væru nytsamleg undir venjulegum kringumstæðum. Og þetta er nákvæmlega það, sem hefur gerzt og er að gerast. Það er alveg ljóst, að við verðum í vaxandi mæli, eins og ég sagði í minni framsöguræðu um þetta mál, að horfast í augu við, að við verðum að halda áfram á þessari braut og það í enn stærri stíl.

Um till. hv. 1. minni hl. fjhn. hef ég ekkert að segja annað en það, að ég tel, að þær komi ekki til álita. Einn liðurinn fjallar um það, að fé það, sem gengur til Landnámsins, skuli notað með allt öðrum hætti. Það er mál út af fyrir sig — sem vel getur verið, að þurfi að hugsa um í sambandi við frambúðarskipun landbúnaðarmála og fjárveitinga til þeirra á næstu árum — hvort féð á að notast til þess eða hins. Ég er alveg sammála hv. 5. þm. Austf. og það gladdi mig raunar að heyra það, að hann sem forustumaður í bændasamtökunum taldi það ekki óeðlilegt að nema nú staðar í stofnun nýbýla. Hins vegar höfum við því miður ekki tök á því, eins og sakir standa, þegar við erum einmitt að leita úrræða til að spara, að ákveða það í þessu frv., að eigi ýmis þau atriði, sem hann taldi hér, eins og fræðslumálin og annað slíkt, ekki heima í frv., þá held ég, að síður eigi hér heima 4. brtt. þeirra um að ákveða nýjar fjárveitingar eða nýja ráðstöfun þessa fjár. Við erum að ræða um möguleika til þess að spara, en ekki um að verja fé til annarra þarfa, þó að ég skuli taka undir, að það, sem í þeirri till. felst, er allt gott og nytsamlegt. Það er önnur saga.

Varðandi till. hv. 4. þm. Austf. get ég vel undir það tekið, að vel sé hugsanlegt, að það sé hægt að spara 4 millj. kr. á lögreglustjórn á Keflavíkurflugvelli í stað 2 millj. kr. En það hefur litla þýðingu að samþykkja slíka till. nú, þegar við sjáum í bili ekki möguleika til að spara með henni. En ég tel alveg sjálfsagt að taka það til nánari athugunar, hvort unnt er að ganga lengra á þessari braut, og það verður tvímælalaust gert, enda þótt það þjóni ekki neinum tilgangi að vera að samþykkja nú auknar lækkunartill., sem við sjáum ekki fram á, að muni skila sér í sparnaði á þessu ári. Það er þá til athugunar framvegis, ef svo má segja.

Hvað utanríkisþjónustunni viðvíkur, get ég persónulega alveg sagt það sama; ég álít, að það geti vel komið til álita að spara meira á utanríkisþjónustunni. En varðandi bæði þá till. og þá næstu, þar sem beinlínis er gengið út frá því að ganga úr Atlantshafsbandalaginu eða fella niður allt framlag til þess og jafnframt að leggja niður sendiráð Íslands hjá NATO, erum við komnir yfir á annan vettvang. Þar er ekki lengur aðeins um að ræða fjárhagslegt atriði, heldur afstöðuna til NATO og utanríkisstefnu Íslendinga, þannig að ég hygg, að hv. þm. geti ekki undrazt það, þó að margir séu ekki reiðubúnir til þess að samþykkja þessa till., þótt þeir vilji aukinn sparnað, ef ekki felst um leið í því ákvörðun um að breyta utanríkisstefnu okkar. Það getum við ekki tekið ákvörðun um í sambandi við þetta frv.

Viðvíkjandi löggæzlunni er ég líka ákaflega hræddur um — þó að ég efnislega geti fallizt á, að sjálfsagt sé að athuga, hvort hægt sé að spara meira — að það reynist jafnvel erfitt að spara þær 6,8 millj. kr., sem við ætlum okkur að spara nú. Bent hefur verið á það, að löggæzluþörf er víða mikil og á þessu ári er sérstaklega hætt við, að hún verði mikil vegna breytingarinnar til hægri umferðar, þannig að ég álít, að það sé algerlega óraunhæft að láta sér koma til hugar, að hægt sé að ganga lengra í þeirri lækkun. Hins vegar gegnir þar sama máli og um áðurnefnd atriði í þessu frv., að ég tel alveg sjálfsagt, að tekið sé til athugunar á þessu ári, hvort hægt sé að ganga lengra á þessari braut, þó að menn séu ekki reiðubúnir til þess að taka þegar jákvæða afstöðu til þessarar upphæðar, því að það tjóar auðvitað ekki að vera að setja inn í frv. alveg óraunhæfar tölur; það býst ég heldur ekki við, að vaki fyrir hv. þm.

Um ríkisbifreiðarnar má segja, að 1—2 millj. kr.

ráði ekki úrslitum. En það þótti ekki rétt að ganga lengra en svo, að hægt væri að koma þessu við með eðlilegu aðhaldi, án þess að það þyrfti að valda með því vandkvæðum á næsta ári eða árum.

Varðandi f-lið till. hv. þm. um að lækka almennt rekstrarkostnað ríkisins og ríkisstofnana um 50 millj. kr., verð ég að segja, að það er út af fyrir sig þakkarvert traust að fá þá yfirlýsingu, að heimild fáist frá þinginu til þess að gera slíkar lækkanir án þess að tilgreina nokkra ákveðna liði. Sennilega má gera ráð fyrir því, að fengi fjmrh. hreint umboð til þess upp á eigin spýtur að strika út það, sem hann vildi, væri hægt að ná 50 millj. kr., en að bæta því við, að þetta sé auðvelt að gera án þess að draga nokkuð úr þjónustu við borgarana — ég trúi því ekki, að jafnreyndur maður og hv. þm. láti sér slíkt til hugar koma, því að það vil ég fullyrða, að sé ekki hægt. Þó að þetta sé ekki nema svo og svo lítill hluti af heildarútgjöldum ríkisins, er þetta allveruleg prósenta af rekstrarkostnaði ríkisins í þrengri merkingu, verulega há prósenta. Ég verð því að játa fúslega, þó að það kannske þyki ekki stórmannlegt af minni hendi, að ég treysti mér ekki til á þessu ári að framkvæma slíkan sparnað, þannig að öruggt verði, að hægt sé að fella niður lækkanir í frv. í trausti þess, að auðið sé að koma við sparnaði sem þessum.

Á undanförnum vikum er búið að athuga alla fjárlagaliði, og þar er ekki hægt að finna í bili úrræði til þess að ganga lengra í sparnaðarátt, nema með því að ráðast annaðhvort á framkvæmdaliði eða draga verulega úr ýmiss konar þjónustu við borgarana. Þetta er alveg ljóst. Út í það höfum við ekki viljað fara á þessu stigi, en ég tek það fram, miðað við þær horfur, sem eru nú, má alveg gera ráð fyrir því, að við verðum að halda áfram á þessari braut, og þá eru vissulega vel þegnar allar góðar till. í því efni fyrir undirbúning næstu fjárl.

Þess vegna vil ég að lokum aðeins segja það, að því miður horfir alls ekki vel um afkomu ríkissjóðs á þessu ári — og í rauninni eins og sakir standa nú mun verr heldur en gert var ráð fyrir, þegar fjárl. voru afgreidd, vegna þess að þær áætlanir, sem þá var byggt á, tekjuáætlanir fjárl., hafa reynzt vera gerðar af óeðlilega mikilli bjartsýni. Það var miðað við hærra verð á okkar afurðum heldur en allar horfur eru á, að verði á þessu ári, nema einhverjar breytingar verði seinni hluta ársins, og það er þess vegna því miður mikil hætta á því, að þær tekjur skili sér ekki, sem gert var ráð fyrir í fjárl., og við getum þar af leiðandi síðar á þessu ári staðið andspænis miklu vandamáli. Við skulum ekki á þessu stigi vera að spá neinu um það, en ég vil aðeins hafa sagt þetta hér, til þess að hv. þm. verði það ljóst, að það er engan veginn öruggt, að ekki þurfi síðar á þessu ári að gera einhverjar frekari ráðstafanir út af tekjuhorfum ríkissjóðs.

Auk þess er rétt að taka það fram, að lausn verkfallanna nú getur beinlínis haft í för með sér og hlýtur að hafa í för með sér verulega útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð. Eins og mönnum er kunnugt, hafa opinberir starfsmenn lagt fram kröfur um launabætur. Ég skal ekkert á þessu stigi segja um það, hvað út úr því dæmi kemur, en miðað við það, að þeir fengju sambærilegar bætur og launþegar fengu núna í kjarasamningum stéttarfélaganna, nemur það töluvert háum fjárhæðum, sem leggjast á ríkið sem aukakostnaður á þessu ári og hvergi er séð fyrir. Og þannig getur auðvitað ýmislegt komið til greina, sem gerir það að verkum, að líta þurfi frekar á þetta mál síðar á árinu. Og þegar stöðugt er verið að gagnrýna ríkisstj. fyrir það, að hún hafi ekki séð fyrir alla hluti miðað við þær margvíslegu breytingar, sem gerzt hafa á síðustu mánuðum, held ég, að allir þeir, sem skoða það mál af nokkurri alvöru og raunsæi, hljóti að sjá, að það var ekki á nokkurs manns færi að sjá fyrir flest af því, sem í þessu efni hefur gerzt.

Svo að ég víki að því, sem hv. 5. þm. Austf. sagði hér áðan í lok sinnar ræðu um það, hvað hefði verið sagt um stjórnarandstæðinga, ef þeir hefðu í sínum kenningum bent á það fyrir nokkrum mánuðum, hvað mundi gerast, þá vil ég aðeins segja, að ég held, að kasta megi þeim bolta til baka og spyrja, hvað hefði verið sagt um okkur í stjórnarliðinu, ef við í haust hefðum farið að flytja þann svartsýnisboðskap, sem hefði reynzt vera raunhæfur nú miðað við allt, sem hefur verið að gerast. Ég er hræddur um, að við hefðum ekki fengið mildari kveðjur frá hv. stjórnarandstæðingum fyrir það, að við værum að flytja einhvern boðskap um hrun. Sannleikurinn er því miður sá, að íslenzka þjóðin hefur gengið síðustu mánuði í gegnum mjög alvarlega þróun, og því miður eru ekki horfur á, að mikil breyting til bóta verði á því næstu mánuði, nema síður sé. Slíkum vanda verður auðvitað að mæta á hverjum tíma, eins og hann blasir við.

Ég álít það enga hneisu fyrir einn né neinn, hvort sem það er ríkisstj. eða aðrir, að með stuttu millibili þurfi að gera nýjar og nýjar ráðstafanir eftir því, sem atvikin sýna okkur, að sé nauðsynlegt. Það mætti gagnrýna ríkisstj. með réttu, ef hún gerði ekki þær ráðstafanir, sem þarf að gera, en ekki fyrir það, þó að hún geri margar ráðstafanir og jafnvel oft á sama árinu, ef aðstæðurnar gera það óumflýjanlegt.

Frsm. 1. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég fæ ekki annað heyrt en ræða hæstv. fjmrh. undirstriki það enn, sem raunar varð séð strax, þegar þetta mál var lagt hér fyrir hv. d., að sparnaðarráðstafanir frv. eru margar næsta lauslega undirbúnar og áreiðanlega er fullkomin óvissa um það, hvort það næst, sem að er stefnt með þessu frv. hæstv. ríkisstj. En ég sé ekki ástæðu til þess að fara hér í neitt verulegt karp eða lengja þessar umr. neitt að ráði. Ég vil þó fara örfáum orðum um málið enn í tilefni af ræðu hæstv. ráðh. áðan.

Hann sagði, að það væri skylda okkar þm. í

stjórnarandstöðunni að horfast í augu við vandann. Sá má nú djarft úr flokki tala, hæstv. ráðh., um að horfast í augu við vandann. Það var bærilega horfzt í augu við vandann af hálfu stjórnarliðsins og þjóðinni sagður sannleikurinn um horfurnar framundan í kosningabaráttunni í vor. Þá var ekki verið að stinga höfðinu í sandinn eða neitt þess háttar af þeirra hálfu. Hvað var þjóðinni sagt þá? Var t.d. ekki í leiðara í höfuðmálgagni flokksins rætt um ýmsa erfiðleika af völdum verðlækkana á erlendum markaði og af völdum minnkandi afla og erfiðrar vetrarvertíðar og sagt berum orðum, að nú hefði vandanum verið bægt frá, þar sem vel hefði verið stjórnað undanfarið? Þetta var víst að horfast í augu við vandann og þá um leið að segja þjóðinni sannleikann um það, hvað fram undan var. Og það var heldur myndarlega horfzt í augu við vandann í byrjun þings, þegar átti að fá samþykki Alþ. til þess að gera þær ráðstafanir, sem fólust í efnahagsmálafrv., sem kom hér fram í þingbyrjun og eingöngu laut að því að tryggja afkomu ríkissjóðs, en allir aðrir þættir vandamálsins voru látnir eiga sig þá. Og þetta átti að gera með þeim aðferðum, sem mönnum eru enn í fersku minni.

Nei, þá var ekki verið að horfast í augu við vandann í heild, heldur var reynt eins og áður að velta honum á undan sér með bráðabirgðaráðstöfunum, sem aðeins leystu lítinn hluta vandamálanna. Og þannig hefur þetta verið einnig síðan, og þegar gengislækkunin var gerð, var raunsæið ekki meira en það, að það gerðist, sem aldrei áður hefur gerzt hér á landi, að strax að gerðri gengislækkun þarf að gera viðbótarráðstafanir vegna útflutningsframleiðslunnar. Og því finnst mér sitja illa á þeim, sem undirbúa þetta mál og standa að þessu frv., sem hér liggur fyrir, að tala um það, að menn þurfi að horfast í augu við vandann, því að þetta frv. er vissulega með sama marki brennt og margar aðrar ráðstafanir hæstv. ríkisstj., að þar er meira og minna um sýndaratriði að ræða.

Ég held því, að hæstv. fjmrh. verði að hafa það, þó að stjórnarandstæðingar leyfi sér að benda á veilurnar í þessu frv. Og ég held, að það hafi verið skynsamlegt hjá hæstv. ráðh. að fara fremur stutt út í það að ræða einstök efnisatriði þess, enda fannst mér ræða hans fremur styðja það, sem ég hélt fram hér áðan og áður hefur komið fram af hálfu stjórnarandstæðinga í þessum umr., að undirbúningur málsins í heild og margra einstakra atriða er ákaflega losaralegur.

Hæstv. ráðh. sagði um þær aðgerðir, sem ráðgerðar eru í frv. varðandi yfirstjórn fræðslumálanna, að það þyrfti að koma fram vilji Alþ. um að gera þá breytingu, sem þar er lagt til, að gerð verði; sá vilji Alþ. þyrfti að koma fram nú, til þess að hægt væri að fara að undirbúa breytinguna á einstökum atriðum. Eins og ég sagði áðan, skal ég engan dóm á það leggja, hverra aðgerða er þörf á þessu sviði: En ég árétta það, sem ég sagði áðan, að þetta er óeðlileg aðferð. Og ég ætti ekki að þurfa að kenna hæstv. ríkisstj. neitt um það, hversu með mál skuli fara, þannig að það fái þinglega og eðlilega afgreiðslu.

Þetta frv. hefur öðrum þræði verið kallað sparnaðarfrv., og með því er væntanlega að einhverju leyti stefnt í sparnaðarátt. En það er ástæða til þess fyrir alla aðila að gera sér grein fyrir því, að töluverður munur er á því, sem menn almennt eiga við, þegar rætt er um sparnað í ríkisrekstri annars vegar og hins vegar ýmsa þætti þess sparnaðar, sem fyrirhugaður er í frv. Þegar menn tala um æskilegan sparnað í ríkisrekstri, eiga menn ekki við það, að dregið sé úr verklegum framkvæmdum, og ekki heldur það, að þær séu fjármagnaðar með lántökum, þótt þær fari fram. Og menn eiga heldur ekki við það, að dregið sé úr hinum allra þýðingarmestu þjónustuaðgerðum né heldur að dregið sé úr stuðningi við undirstöðuatvinnuvegina. En menn ætlast til þess, að sýnd sé aðgát í útgjöldum, eins og það var orðað í viðreisnarbókinni ágætu, og að leitazt sé við að spara á hinum raunverulega rekstrarkostnaði ríkiskerfisins.

Ríkisútgjöldin hafa á þessum fáu árum vaxið gífurlega, og þjóðin á áreiðanlega fyllsta kröfurétt á því, að hér sé brotið blað í þessu efni. Það er auðvitað rétt, sem hæstv. ráðh. sagði hérna áðan, að þetta er ekkert auðvelt, og það eitt að hafa góð orð um sparnað — eins og hæstv. ráðh. gerði hér áðan — er ekki nóg. Það höfum við svo oft heyrt áður af hans munni, og það er ekkert nýtt. En ég held, að það megi eindregið ráðleggja hæstv. ráðh. og ríkisstj. að láta ekki sitja við orðin tóm, hvað þetta snertir, og horfast í augu við vandann á hverjum tíma, því að það hefur svo sannarlega ekki verið gert á undanförnum árum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 81. fundi í Nd., 25. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 359, n. 406, 412 og 414, 405, 413, 415).

ATKVGR.

Brtt. 405,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 415,a felld með 23:8 atkv.
Brtt. 415,b felld með 24:6 atkv.
Brtt. 415,c felld með 25:3 atkv.
Brtt. 413,1 13. tl. falli niður, felld með 23:10 atkv.
Brtt. 413,1 16. tl. falli niður, felld með 22:14 atkv.
Brtt. 413,1 17. tl. falli niður, felld með 22:14 atkv.
Brtt. 415,d felld með 22:4 atkv.
Brtt. 415,e felld með 22:7 atkv.
Brtt. 415,f felld með 22:5 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 405,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 413,2 felld með 22:11 atkv.
5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 413,3 felld með 22:14 atkv.
Brtt. 405,3 samþ. með 22 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 413,4 felld með 21:15 atkv.
8. gr. samþ. með 20:1 atkv.
9.—13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 419).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Þegar fjhn. þessarar hv. d. hafði frv. þetta til meðferðar, barst erindi frá L.Í.Ú., þar sem andmælt var sérstaklega 16. og 17. lið 1. gr. þessa frv. Meiri hl. fjhn. taldi sig ekki geta orðið við þeirri beiðni, sem þar kom fram, en vildi hins vegar láta þess getið, að erindið hefði verið tekið til athugunar í n. Þá var á það bent við meðferð málsins í fjhn. á milli funda, að gera þyrfti breytingu á frv., til þess að 17. liður 1. gr. gæti staðizt, þar sem í l. um Fiskveiðasjóð er gert ráð fyrir framlagi ríkisins þar á móti. Meiri hl. fjhn. hefur því leyft sér að flytja skriflega brtt. við 9. gr., þar sem mundi koma fram, að framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands samkv. c-lið 4. gr. laga frá 3. maí 1966 skuli falla niður á árinu 1968, og flytur meiri hl. fjhn. þessa brtt. við frv.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 427) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það hefur sjálfsagt ekki verið ofsögum af því sagt hér við fyrri umr. um þetta mál, hvernig unnið hefur verið að undirbúningi þess.

Nú á milli umræðna kemur hér erindi frá L.Í.Ú., varðandi Aflatryggingasjóð og Fiskveiðasjóð, og eins og vænta mátti, leggur stjórn Landssambandsins eindregið til, að þessir liðir verði ekki samþykktir, heldur felldir úr frv. Og stjórn L.Í.Ú. beinlínis vefengir það, að unnt sé fyrir fram að gera þær áætlanir um starfsemi Aflatryggingasjóðs á árinu, að á þeim megi byggja niðurfellingu á framlagi til sjóðsins. Nú er búið að kanna það hér í hv. d., hvort unnt sé að fá þessa liði fellda niður. Það hefur ekki tekizt og væntanlega situr við það sama. Hins vegar hefur komið í ljós, að breyta þarf öðrum þessara liða um Fiskveiðasjóðinn, til þess að niðurfellingin öðlist gildi. Og það er svona til viðbótar við annað, sem á hefur verið bent, sýnishorn af þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð eru við undirbúning þessa máls.

Ég benti á það við 2. umr., hversu fáránleg sú afgreiðsla er, að fella þannig niður með einni lagagrein í slíku frv. sem þessu — sem samkv. eðli málsins er fyrst og fremst fjárhagsmál og fer til fjhn. — heila lagabálka eins og lögin um fræðslumálastjórn og breyta öðrum án þess þó að fella orðabreytingarnar inn í l. Hv. þd. féllst ekki á að fella þessa gr. niður, eins og við í 1. minni hl. fjhn. lögðum til. Það mætti kannske spyrja nú, hvað vinnist við samþykkt 7. gr. og hver sé tilgangurinn með því að hafa hana inni í þessu frv. Það er viðurkennt og enginn ágreiningur um það, að með því er ekki stefnt að neinum sparnaði á fjárl. yfirstandandi árs — alls ekki. Og í raun og veru hafa ekki verið lögð hér fram nein rök fyrir því, að sparnaður verði að breytingunni síðar, þegar hún tæki gildi. En eins og ég sagði við 2. umr., þá er ég ekki reiðubúinn að dæma um það mál á þessari stundu og skal ekkert um það segja út af fyrir sig, hvort spara megi eða finna hagkvæmara form á yfirstjórn fræðslumálanna. Ekki er það þó ósennilegt, þegar svo er komið, að fjármálahlið menntamálanna er meðhöndluð á einum þrem eða fjórum stöðum. En það breytir engu varðandi þessa málsmeðferð; hún er óhæfileg. Lagabreytingar varðandi stjórn fræðslumálanna eiga að fá eðlilega meðferð á þinginu, ganga til menntmn. beggja deilda og hljóta sjálfstæða athugun. Það eru tvö mál og í sjálfu sér óskyld, annars vegar hvað hægt er að spara með aukinni hagkvæmni á ýmsum sviðum ríkisrekstrarins og hins vegar á hvern hátt sé eðlilegt og heilbrigt að móta yfirstjórn jafnþýðingarmikils málaflokks og menntamálin eru.

Ég vil leyfa mér varðandi þetta eina atriði að leggja hér fram skriflega brtt. við 7. gr. frv. um, að gr. orðist svo:

Ríkisstj. undirbýr fyrir næsta reglulegt Alþ. frv. um hagkvæma skipan á yfirstjórn fræðslumála.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 429) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera mjög langorður, en ég vil byrja mál mitt með því að taka undir þá skriflegu brtt., sem hv. 5. þm. Austf. bar fram hér áðan. Ég verð að segja, að mér virðast ákvæði 7. gr. í þessu frv. tæplega þingleg, og ég vil leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvort hann telji það tilhlýðilegt að afgreiða þau mál, sem þarna er um að ræða, á þennan hátt og hvort hann vilji ekki beita sér fyrir því, að á það verði fallizt að samþykkja þá brtt., sem hv. 5. þm. Austf. hefur borið fram.

Það var samt ekki þessi gr. frv., sem ég ætlaði aðallega að gera að umtalsefni, heldur 8. gr. frv. Þar segir svo, að á árunum 1968 og 1969 sé ríkisstj. heimilt að lækka hvort ár framlög á fjárl. til landnáms vegna nýbýla o.s.frv. Þetta frv. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda fjallar, eftir því sem ég hef skilið það, um lækkun ríkisútgjalda á árinu 1968. Það stendur í 1. gr., að ríkisstj. sé heimilt að lækka fjárveitingar á eftirtöldum fjárlagaliðum árið 1968 sem hér segir, og svo kemur upptalning í 30 liðum. Nú finnst mér það skjóta nokkuð skökku við, þegar um það er að ræða að lækka ríkisútgjöld samkv. fjárl. á árinu 1968, þá sé í

8. gr. þessa frv. fjallað um ríkisútgjöld á árinu 1969 og breytt ákvæðum gildandi l., að því er það ár varðar. Það er nú svo, að fyrir næstu áramót liggur hér væntanlega fyrir að afgreiða fjárl. ársins 1969, og þá er tækifæri til þess að fjalla um þetta atriði og önnur. En að hafa í þessu frv., sem er um lækkun ríkisútgjalda á árinu 1968, ákvæði, sem varða árið 1969 og breytingu á l., að því er það ár varðar, það finnst mér ekki eiga hér heima. Ég hef því leyft mér að semja skriflega brtt. um þetta efni, sem ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta, þegar ég hef lokið máli mínu. Till. er það, að í stað orðanna „á árunum 1968 og 1969" í 8. gr. komi: Á árinu 1968.

Við 2. umr. þessa máls komu fram brtt. frá hv. minni hl. fjhn. við þessa gr. um, að henni yrði breytt, og jafnframt um, að felldur yrði niður 13. liður 1. gr., sem fjallar um sama efni. Sú till. var felld við 2. umr. Og er það allillt, að svo skuli hafa tekizt til. Um þetta mál segir í grg. á bls. 8 í frv.: „Verði heimild samkv. þessari gr. notuð, leiðir það til þess, að færri nýbýli verða stofnuð en verið hefur að undanförnu. Þróunin í landbúnaðarmálum hefur verið þannig hin síðari ár, að ekki er æskilegt að stuðla að stofnun nýbýla". Rökstuðningur hæstv. fjmrh. fyrir þessu er sem sé sá, að ekki sé æskilegt að stuðla að stofnun nýbýla, eins og sakir standa. Ég vil nota tækifærið til þess að ræða það mál lítið eitt.

Það mun vera rétt, að umsóknir um venjuleg nýbýli, eins og þau hafa tíðkazt með framleiðslu sauðfjárafurða og mjólkurafurða, séu ekki margar eins og nú standa sakir. Og það er mikið talað um að landbúnaðarframleiðslan sé orðin of mikil, þ.e. sú landbúnaðarframleiðsla, sem öðru hverju er flutt út. En er það nú rétt þrátt fyrir þetta, að ekki sé þörf á eða eftirspurn eftir stofnun nýbýla? Þetta hefur hver eftir öðrum nú um þessar mundir, og m.a. er það, eins og ég las upp, tekið upp í þessa grg.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því, að nú síðustu ár hefur verið hafizt handa um stofnun nýrrar tegundar nýbýla. Og það er full þörf á því, að fé sé fyrir hendi til stofnunar þeirra. Hér er ekki um mörg nýbýli að ræða, en stór — stærstu býlin, sem stofnuð hafa verið hér á landi — og í raun og veru ekkert annars eðlis en önnur nýbýli, þó að þau framleiði ekki kjöt eða mjólk. Það var hér fyrrum í löggjöf talað um grasbýli. Með grasbýlum var þá átt við smábýli kauptúna- eða kaupstaðamanna. En hér hafa komið upp í seinni tíð býli, sem í raun og veru má kalla grasbýli — býli, sem framleiða gras, en þessi grasbýli eru ekki smábýli, heldur eru þau stórbýli, og það er nauðsyn. Það hafa þegar verið stofnuð a.m.k. tvö svona býli á Suðurlandi. Þar hefur verið ræktað mikið land. Þetta eru einhver stærstu tún á landinu, og grasið af þessum nýræktum er með sérstökum hætti vélþurrkað og síðan framleitt með vélum úr heyinu heymjöl eða heykögglar. Ég held, að menn ættu að gefa þessari nýlundu meiri gaum. Ég hef átt tal um þetta við þann mann, sem sennilega má telja fróðastan um þetta efni, sem er landnámsstjórinn, og hann hefur haft með höndum forsjá annars þessa býlis. Og það er von hans, að þegar grasbýlið — eins og ég vil kalla Gunnarsholt — hefur komizt í æskilegt horf, verði hægt að framleiða þar grasmjöl eða heymjöl, sem sé samkeppnisfært við erlendan fóðurbæti. Og það er sennilega ekkert smámál, sem þar er um að ræða, ef rétt reynist — og ég hef ekki ástæðu til að efast um — því að þá er þarna í raun og veru verið að skapa óbeint útflutningsmöguleika fyrir samkeppnishæfa vöru, þ.e. það er verið að framleiða á samkeppnishæfu verði vöru, sem hægt er að spara gjaldeyri á. Við flytjum inn núna, að því er talið er a.m.k. í þessum harðari árum upp undir 50 þús. smálestir af erlendu kjarnfóðri eða jafnvel meira. Og ef við getum framleitt innlent kjarnfóður — en þessi grasframleiðsla telst til kjarnfóðurs — getum við losnað við mjög verulegan hluta af þessum innflutningi á kjarnfóðri.

Ég veitti því eftirtekt fyrir nokkru, að fram kom í hv. Ed. till. um þetta mál, sem var þess efnis að skora á ríkisstj. að fela Landnáminu að gangast fyrir stofnun nokkurra grasframleiðslubýla af þessu tagi á Norður- og Austurlandi, og í brtt., sem hv. minni hl. fjhn. bar fram við 8. gr. þessa frv., fólst í raun og veru hið sama. En sú till. var felld, og ég veit ekki, hvernig fer um þáltill. í hv. Ed., þó að hún yrði samþ., þar sem nú er, ef þetta frv. nær samþykki og sérstaklega ef framlagið verður minnkað bæði 1968 og 1969, mjög dregið úr möguleikum til þessarar nýbýlamyndunar. Ég vil bara biðja hæstv. ríkisstj. að athuga það, hvort þarna er ekki heldur lítil búmennska á ferðum og hvort það er nokkuð annars eðlis eða á nokkurn hátt óhagstæðara að verja nýbýlafé til svona nýbýla, þó að þeir heiti ekki bændur, sem á þessum býlum eru, heldur en til einhverra annarra? Og mér er vel kunnugt um það, að það var einmitt þetta, sem vakti fyrir landnámsstjóra, ef lítið yrði um venjulega nýbýlastofnun á þessu ári, að fá möguleika til þess að nota þetta fé við þessa nýbýlamyndun.

Það getur verið, að mönnum komi þetta dálítið spánskt fyrir sjónir — svona til að byrja með — að kalla þetta nýbýli. Venjulega er í því sambandi talað um heykögglaverksmiðjur eða heymjölsverksmiðjur. En hvaða eðlismunur er á því að framleiða gras í því formi, að það geti komið í stað erlends fóðurbætis handa búfé, eða framleiða hvort tveggja, grasið og búféð sjálft eða afurðir þess? Það má segja, að það hafi e.t.v. ekki mikla þýðingu að tala um þetta nú við 3. umr., þegar búið er að fella brtt. við 8. gr., en nái þáltill., sem liggur fyrir hv. Ed., samþykki og verði ekki endilega haldið fast við það að fella í þessu frv. niður framlagið til Landnámsins fyrir árið 1969, sem ég sé nú engin rök fyrir að gera, sýnist mér, að möguleikar kynnu að vera til þess, að eitthvað yrði gert til gagns í þessu efni.

Ég leyfi mér að geta þess í þessu sambandi, að á meðan búnaðarþing var háð núna fyrir nokkru hér

í Reykjavík, kom ég þar nokkrum sinnum og var þar viðstaddur, er umræður fóru fram, og ég var m.a. viðstaddur umræður um þetta mál, sem þar var til meðferðar, þ.e. þessa umræddu framleiðslu á grasi, sem á að geta nokkurn veginn jafngilt innfluttu kjarnfóðri. Og ég varð var við það, að þarna voru á ferðinni merkilegar skýrslur um merkilegar tilraunir og á þessu var mikill áhugi þar, að því er virtist.

Nú skal ég ekki ræða meira um það efni, en ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta skriflega brtt. við 8. gr. um, að þar standi „á árinu 1968" í stað orðanna á árunum 1968 og 1969, og mælist til þess, að hann leiti afbrigða fyrir till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 430) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég get vel skilið það, að ríkisstj. telur sig þurfa að hraða þessu máli, og ég skal heldur ekki verða til þess að tefja fyrir því. Hins vegar er þetta mjög margþætt mál. Það eru ýmsar spurningar, sem vakna í sambandi við það, og þær eru þannig lagaðar, að þær snerta ekki fjmrh. einan. Það eru aðallega tvær fsp., sem ég hefði viljað gera í sambandi við framkvæmd laganna. Önnur þeirra snertir hæstv. forsrh., en hin hæstv. menntmrh., en ég vildi biðja hæstv. forseta að freista þess að athuga, hvort þessir menn séu ekki hér í húsinu. **(Forseti:** Mér er kunnugt um það, að báðir hæstv. ráðh. þurftu að víkja af fundi, þannig að þeir eru ekki staddir í húsinu. Hæstv. fjmrh. er hér staddur á fundinum og mun því sjálfsagt koma skilaboðum eða aths. til ráðh., ef á þyrfti að halda.) Ég dreg það í efa, að ráðh. séu ekki í húsinu, því að þeir voru hér rétt áðan, og ég hygg, að þeir hafi ætlað að vera viðstaddir atkvgr. Séu þeir það ekki, get ég vikið mér að öðrum efnum og rætt nánar um þau í von um það, að þeir kunni að koma á fundinn, því að þm. verða að gera sér það ljóst, að það frv., sem hér liggur fyrir, snertir mörg önnur lög heldur en fjárl. Samfara því eru gerðar breytingar á fjölmörgum lögum öðrum heldur en fjárl., og það er einmitt í sambandi við þessi atriði, sem ég hefði óskað eftir að fá upplýsingar hjá hæstv. ráðh. og þó alveg sérstaklega hjá hæstv. menntmrh. Í þessu frv. er t.d. lagt til að fella alveg niður l. um fræðslumálastjóraembættið, og það eru fjölmörg verkefni, sem hann á að sjá um, og ekki verður séð á þeirri breytingu, sem gerð er á þessum l., hvernig meðferð þeirra mála á að vera háttað í framtíðinni. Ég hefði gjarnan viljað fá upplýsingar hjá hæstv. menntmrh. um það.

Það sýnir sig líka, að þetta frv. hefur verið undirbúið af æðimiklu flaustri og núna liggur fyrir við þessa umr. frá hv. meiri hl. fjhn. till. um að breyta einum lögum enn vegna þessa frv. eða fella inn í þau breytingu á l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins þ.e. það atriði þeirra, sem fjallar um framlag ríkisins til Fiskveiðasjóðs. Inn á þennan fund hafa okkur borizt mjög ákveðin tilmæli frá tveimur deildarbræðrum okkar hér, hv. 10. landsk. þm., Sverri Júlíussyni, og hv. 4. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni. Þeir hafa sem meðlimir í stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna skorað mjög eindregið á Alþ. að fella niður það ákvæði þessa frv., sem fjallar um það, að það tillag, sem er í fjárl. til stofnlánadeildarinnar, verði fellt niður. Ég vil taka mjög eindregið undir þessi tilmæli þeirra, og ég veit, að þessir hv. þm. sem þátttakendur í stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna gera það ekki út í bláinn að mótmæla þessu ákvæði. Þeim er áreiðanlega vel ljóst, hvernig ástatt er í málum sjávarútvegsins. Og það kom líka fram í Morgunblaðinu í gær í grein eftir einn af þeim mönnum, sem þekkir einna bezt til málefna sjávarútvegsins, Einar Sigurðsson. Hann kemst þannig að orði, að það verði að játa það, að þrátt fyrir það mikla góðæri, sem hér hafi verið á undanförnum árum, sé nú þannig komið málefnum sjávarútvegsins, að það fyrsta, sem þurfi að gera fyrir hann, sé að framkvæma skuldaskil, því að öðruvísi verði ekki hægt að halda þessum atvinnuvegi gangandi. Á undanförnum góðærisárum hafi safnazt á sjávarútveginn stórkostlegar lausaskuldir með háum vöxtum, jafnvel með 12% vöxtum, það sé gersamlega útilokað fyrir hann að standa undir þessum lausaskuldum og hann verði þess vegna að fá skuldaskil, ef koma eigi rekstri hans á sæmilegan grundvöll.

Þegar þannig er ástatt um afkomu sjávarútvegsins er það náttúrlega fjarri öllu lagi, að farið sé að gera breytingar á l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins á þann hátt, að það framlag, sem ríkið veitir til lánasjóða hans, sé skorið niður. Ég verð þess vegna að treysta því, að hv. alþm. standi fast með þeim Sverri Júlíussyni og Matthíasi Bjarnasyni í þessu máli og felli þá brtt., sem hér hefur verið borin fram af meiri hl. fjhn. Og ég verð nú að segja það, að mér finnst það heldur skrýtnar undirtektir hjá meiri hl. fjhn., þegar þessir tveir þm., sem vita vel, hvað þeir eru að segja í þessum efnum, bera fram tilmæli um það, að þetta ákvæði sé fellt niður, þá bregzt meiri hl. fjhn. þannig við, að hún herðir á því og gerir það alveg afdráttarlaust, að þetta skuli verða svona; þetta framlag skuli fellt niður.

Sannleikurinn er sennilega sá, að hefðu þessir hv. þm. ekki hreyft þessum mótmælum við stjórn L.Í.Ú. og hefði frv. verið afgreitt eins og það er nú eftir 2. umr., hefði þetta sennilega fallið ógilt, sem stendur í frv. um að fella niður þessar 30 millj. kr. sem eiga að ganga til Fiskveiðasjóðs, vegna þess að eftir sem áður stendur í l. um Fiskveiðasjóð eða stofnlánadeild sjávarútvegsins, að ríkið skuli greiða þetta tillag, þó að þessa tölu vanti í fjárl. En þetta hefur aðstandendum þessa frv. ekki verið ljóst, fyrr en mótmælin komu frá stjórn L.Í.Ú., og þess vegna rjúka þeir til við þessa umr. og gera þá breytingu á l. um stofnlánadeild, að það skuli gert alveg afdráttarlaust að taka þetta framlag af sjávarútveginum, hvað sem það kostar. Mér finnst þarna vera mjög illa brugðizt við tilmælum þeirra hv.

þm., Sverris Júlíussonar og Matthíasar Bjarnasonar, og ég a.m.k. ætla ekki að hafa sama hátt á og meiri hl. fjhn., að hafna þessum tilmælum þeirra, heldur styðja þau mjög eindregið og það m.a. með því að greiða atkv. gegn þeirri till. frá hv. meiri hl. fjhn., sem hún hefur borið fram skriflega við þessa umr. Og ég er satt að segja dálítið hissa á því að sjá mann eins og hv. 3. þm. Sunnl. vera flm. að þessari till., því að hann þekkir vafalaust það vel til sjávarútvegsins — og ekki síst til útgerðarinnar í Vestmannaeyjum, en til hennar vitnar m.a. Einar Sigurðsson í grein sinni, sem ég áðan minntist á — að honum hlýtur að vera ljós nauðsyn þess, að frekar sé aukið lánsfé til sjávarútvegsins en dregið sé úr því. Þess vegna vildi ég m.a. beina því til hans, hvort hann vildi ekki draga til baka stuðning sinn við þessa till., sem hv. meiri hl. fjhn. hefur hér flutt.

En ég vildi annars segja það í sambandi við þessa brtt. hv. meiri hl. fjhn., að þingleg meðferð á þessu máli væri sú, að n. færi ekki að setja þessa brtt. sína inn í þetta frv., heldur flytti sérstakt frv. um breytingu á l. um stofnlánadeild sjávarútvegsins. Þá fengi þetta mál alveg þinglega meðferð, en það er ekki þingleg meðferð að vera að blanda saman óteljandi lögum, eins og hér er gert, og gera breytingar á þeim, og svo eru þeir ráðh., sem þessi mál snerta, ekki viðstaddir, þegar þau er rædd hér í þinginu. Ég sé það, að hæstv. ráðh. koma ekki og forseti gerir litla tilraun til þess að ná í þá, þó að ég hafi sterkan grun um, að þeir séu í húsinu. Ég verð þá að freista þess, hvort hæstv. fjmrh. getur svarað þeim fsp., sem ég ber hér fram, en vænti þá líka, að telji hann sig ekki geta svarað þeim fullkomlega, þá geri hann hlé á umr., þangað til hæstv. menntmrh. er viðstaddur, en það er til hans sem ég vildi beina annarri spurningunni og hinni, sem snertir hæstv. forsrh., get ég kannske komið að síðar.

Það var fyrir nokkru síðan, að rætt var um embættaveitingar í Sþ., og hæstv. menntmrh. gaf þá upplýsingar um það, hvernig hann hagaði veitingu kennaraembætta. Nú er sá háttur hafður á í þessum efnum, að sé kennarastaða eða skólastjórastaða auglýst laus til umsóknar, þá sendir umsækjandi umsókn sína til viðkomandi skólanefndar. Hún lætur svo í ljós álit sitt á umsækjandanum, tilgreinir þann sérstaklega, sem hún óskar eftir, og lætur svo álit sitt ganga til fræðslumálastjóra. Hann lætur svo einnig álit sitt uppi um umsækjendur, hvern hann telur vænlegastan eða heppilegastan til þess að fá stöðuna eða eiga mestan rétt til þess. Stundum er hann sammála skólanefndinni og stundum ekki, og þetta álit þessara beggja aðila fer svo til ráðh. Hæstv. menntmrh. upplýsti það hér á dögunum, þegar rætt var um embættaveitingar á Alþ., að hann hefði fylgt þeirri meginreglu, að þegar skólanefnd og fræðslumálastjóri væru sammála, þá léti hann þá niðurstöðu gilda, en væri það hins vegar þannig, að þessir aðilar væru ósammála, teldi hann sig hafa óbundnar hendur til að veita þeim manni stöðuna, sem hann teldi hæfastan.

Nú á samkv. þessu frv. að fella alveg niður l. um fræðslumálastjórn eða fræðslumálastjóraembættið frá 1930, en samkv. þeim er gert ráð fyrir því, að allt, sem varðar skólamál, eins og t. d. embættaveitingar, sé borið undir fræðslumálastjóra, og ráðh. taki svo sína ákvörðun, þegar álit fræðslumálastjóra liggur fyrir. Eins og þm. er kunnugt og ég áður hef minnzt á, þá á alveg að fella fræðslumálastjóraembættið niður samkv. þessu frv., eða a.m.k. verður fræðslumálastjórinn gerður alveg ósjálfstæður embættismaður innan menntmrn. Þar með er það algjörlega úr sögunni, að hann geti t.d. skilað áliti um stöðuveitingar eins og hann áður gerði, því að fræðslumálastjóri skilaði sérstöku áliti áður um stöðuveitingar, vegna þess að hann var óháður og sjálfstæður embættismaður og hafði allt aðra stöðu en maður, sem verður ekki nema deildarstjóri í menntmrn. eða jafnvel enn þá lægra settur þar — um það veit maður ekkert, eftir að búið er að samþykkja þetta frv. Nú ætlaði ég að spyrja hæstv. menntmrh., hvaða skipan hann hugsaði sér á þessu, eftir að lögin um fræðslumálastjóraembættið væru fallin úr gildi og þar með það hlutverk, sem fræðslumálastjóranum var ætlað. Hvaða aðili á að koma þarna í stað fræðslumálastjóra og segja álit sitt á umsækjendum, eða á enginn að koma í stað hans? Á þetta eingöngu að vera mál skólanefndar og ráðh., og telur ráðh. sig þá, ef svo er komið, ekki meira bundinn af því að fara alveg eftir áliti skólanefndar, sem ég mundi telja, að væri heppilegt og ætti að stefna að? Eða ætlar hann að taka það vald alveg í sínar hendur og sameina í sínum höndum það vald, sem fræðslumálastjóri og ráðh. hafa haft áður. Ég tel, að þetta sé mjög mikilsvert atriði og hafi mikla þýðingu í sambandi við veitingu þessara embætta. Ef hæstv. fjmrh. getur upplýst mig um það, hvaða hátt menntmrh. ætlar að hafa í þessum efnum, þá mun ég að sjálfsögðu sætta mig við svar hans, en telji hann sig ekki geta fullkomlega leyst úr þessari spurningu, vænti ég, að hann greiði fyrir því, að þessari umr. verði frestað, þangað til menntmrh. getur upplýst þetta atriði; það ætti ekki að þurfa að valda neinum töfum á þessu máli.

Hitt atriðið snertir forsrh. Ég get kannske vísað þeirri fsp. einnig til fjmrh., og hann svarað henni, en hún snertir einn lið í þessu frv. Það er hér lagt til að leggja niður það framlag, sem er búið að vera í mörg ár á fjárl. sérstaklega til stjórnarráðsbyggingar. Við ræddum það mál í Sþ. fyrir nokkrum dögum, ég og forsrh., og ég held, að við höfum verið sammála um það, að það mundi bæði vera að því menningarauki og gæti líka orðið til hagræðingar og sparnaðar að koma hér upp sérstakri stjórnarráðsbyggingu í líkingu við það, sem þeir hefðu hugsað sér upphafsmenn þessa máls, Ólafur Thors og Steingrímur Steinþórsson. Í Byggingarsjóði stjórnarráðshúss eru nú þegar um 18 millj. kr., og mér skilst þess vegna, að það ætti ekki endilega að þurfa að verða til þess að tefja fyrir því, að hafizt væri handa um þessa byggingu, þó að framlagið væri fellt niður á þessu ári. Ég vil þess

vegna beina þeirri fsp. til fjmrh., hvort það þurfi að verða til þess, að ekki sé haldið áfram fullum hraða við að hefjast handa um þessa byggingu, þó að þetta framlag verði fellt niður á þessu ári. Ég býst við, að þegar í hana verður ráðizt, verði ekki búið að safna nægilegu fé af framlagi frá ríkinu og taka verði einhvern hluta byggingarkostnaðarins að láni. Það hlýtur að verða gert í sambandi við þessa byggingu, ef smíði hennar á ekki að dragast óendanlega. Spurning mín til ráðh. er sem sé sú, hvort það muni ekki vera ætlunin að halda fyrirhugaðri stjórnarráðsbyggingu áfram með fyrirhuguðum hraða, jafnvel þó að framlagið verði fellt niður á fjárl. þetta eina ár?

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. bar hér fram tvær fsp., aðra í sambandi við 7. gr. frv. um breytt skipulag fræðslumálaskrifstofunnar og hina varðandi stjórnarráðshús og byggingu þess. Viðvíkjandi stjórnarráðshúsinu spurðist hann fyrir um það, hvort niðurfelling þessarar fjárveitingar hefði einhver áhrif í þá átt að fresta framkvæmdum í því máli. Ég tel ekki, að þetta hafi nein áhrif í þá átt, nema því aðeins að haldið verði áfram að fresta þessum greiðslum. Það er búið að safna nokkru fé í Byggingarsjóð stjórnarráðshúss, og eins og hv. þm. sagði, er það bygging, sem kostar geysimikið fé og er mjög ólíklegt, að verði hægt að fjármagna með fjárlagaframlögum jafnóðum og því verki miðar áfram, heldur verði að taka veruleg lán til byggingarinnar, þegar þar að kemur, eða sjá með einhverjum hætti fyrir sérstökum tekjustofni til hennar. Það hefur enn ekki verið tekin nein ákvörðun um það, hvenær eigi að hefjast handa um byggingu þessa húss. Hv. þm. minnti á það, sem hæstv. forsrh. sagði um það mál hér í þinginu fyrir skömmu, og ég hef engu við það að bæta. Það kom mjög skýrt fram hjá hæstv. forsrh., hvað hefur verið unnið að undirbúningi málsins og að till. liggja nú fyrir um hús þetta, án þess þó að ríkisstj. hafi tekið endanlega ákvörðun um það, hvort hún fallist nákvæmlega á þá skipun mála eða þær teikningar, sem fyrir liggja, eða hvort óskað verður einhverra breytinga. Ákvörðun hefur ekki verið endanlega um það tekin. Hins vegar hefur ekki verið gerð enn þá nein áætlun um það, með hvaða hraða skuli unnið að byggingu hússins, ef til kemur, en ég tel, að það þurfi að gera um það nákvæma áætlun, þegar þar að kemur, hvernig eigi að ráða við það fjárhagslega. Ég tel sem sé, að það sé óhætt að fullyrða, að það geti ekki haft nein úrslitaáhrif á það, hvaða tímasetning verður á byggingu stjórnarráðshúss, þó að þetta framlag sé fellt niður nú, og ég er hv. þm. sammála um nauðsyn þess að reisa það hús, þó að það geti alltaf verið álitamál, hvaða sparnað það hefur í för með sér. Það skal ég engu spá um á þessu stigi.

Varðandi 7. gr. þessa frv., sem mikið hefur verið gerð að umtalsefni, hef ég áður sagt, að ástæðan til þess, að þessi ákvæði eru tekin upp í þetta frv., er sú, að talið var nauðsynlegt að fá ákveðna stefnumörkun hjá Alþ. í málinu, þannig að hægt væri að hefja nú undirbúning að þessari skipulagsbreytingu embættanna, fræðslumálastjóraembættisins og þeirra embætta annarra, sem hingað til hafa verið tengd fræðslumálaskrifstofunni. Vegna þessa hefði verið nauðsynlegt að fá stefnuákvörðun um þetta í þessu frv., þar sem það tekur sinn tíma að undirbúa málið, og raunar skiptir það verulegu máli varðandi það, hvort á að hefjast handa um undirbúning þeirra skipulagsbreytinga, sem af því leiða, að þessi stefnuákvörðun fengist. Vitanlega geta það verið margvísleg álitamál, sem koma upp í sambandi við það, hvernig eigi svo að skipa þessum málum í framtíðinni. Það er alveg rétt, sem hv. þm. hafa bent á, að fræðslumálastjórnin lætur mörg svið skólamála til sín taka; vitanlega þarf að endurskoða og athuga þau lög og með hvaða hætti þessum málum verður fyrir komið í þessu nýja skipulagi. Hins vegar er ekki í þessu frv. beinlínis gerð nein till. um að breyta hlutverki fræðslumálastjóraembættisins sem slíks. Það er aðeins gert að deild í rn. í stað þess, að það er nú embætti, sem vitanlega heyrir undir rn. eins og öll slík embætti, þannig að á því á ekki að þurfa að verða veruleg skipulagsbreyting. Ég get í rauninni ekki svarað spurningunni á annan veg en þann, að mér er ekki kunnugt um, að á þessu stigi málsins sé það ætlun hæstv. menntmrh. að breyta í einu né neinu því starfi, sem fræðslumálastjóri hefur unnið. Hvort það verður gert, þegar rækilegar verður unnið úr þessu í lögum, sem um það verða sett og verður hafizt handa um að undirbúa nú, það kemur á daginn á sínum tíma og verður hv. þm. þá ljóst. En eins og ég segi, ég tel ekki, að það sé ætlunin nú að breyta þessu hlutverki fræðslumálastjóra, t.d. í sambandi við umsagnir hans um kennara fyrir næsta haust. Ég býst við, að málið komi að öðru leyti til meðferðar hér á Alþ. á næsta vetri, því að hér er gert ráð fyrir breytingum á mörgum lögum — eins og hv. þm. segja — sem auðvitað þarf að taka fyrir hér með eðlilegum hætti, þegar þar að kemur, og verði það ætlunin í framtíðinni að gera einhverja skipulagsbreytingu varðandi stöðu fræðslumálastjórans sem slíks, mun það koma fram í þeim lögum. En ég tel ekki, að það sé ætlunin að breyta því með þessum lögum.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. var að beina því til mín, hvort ég ekki mundi vilja breyta afstöðu minni frá því á fundi fjhn. í dag til þeirrar till., sem þar var samþ. Ég hygg, að honum sé það alveg fyllilega ljóst, að þetta er allmikil bjartsýni, ef hann heldur, að slíkt mundi verða hugsanlegt.

Hann ræddi aðallega um tvo liði varðandi sjávarútveginn, Aflatryggingasjóð annars vegar og Fiskveiðasjóð hins vegar. Um þetta skal ég taka fram í sambandi við Aflatryggingasjóð, að hæstv. fjmrh. taldi, þegar hann gerði grein fyrir frv. lið fyrir lið, að þeir aðilar, sem það hefðu samið, hefðu

talið, að hægt væri að gera þessa lækkun hjá Aflatryggingasjóði án þess að breyta úthlutunarreglum, þannig að sé það rétt skilið hjá mér, má segja, að það skipti bátaútveginn ekki máli, hvort þarna er áætlað 11 millj. kr. meira eða minna á þessu ári, ef þær sömu reglur, sem gilt hafa, gilda fyrir þetta ár einnig. Nú er það svo með Aflatryggingasjóð, eins og allir vita, sem til þessara mála þekkja, að það er ákaflega erfitt — og útilokað vil ég segja — að segja til fyrir fram í ársbyrjun, hversu mikið fé sjóðurinn þarf að fá til sinnar starfsemi. Það veltur allt á því, hvernig aflast á vetrarvertíð og einnig sumarvertíð, og sé sjóðurinn fær um að starfa eftir þeim reglum, sem hann hefur sett sér, þá hefur það náttúrlega ekki áhrif á rekstur útgerðarinnar sem slíkrar. Ekkert hefur komið fram um það, að til stæði að breyta þeim reglum, sem Aflatryggingasjóður fram að þessu hefur unnið eftir.

Varðandi framlag til Fiskveiðasjóðs, sem hér er lagt til, að fellt verði niður, vil ég segja það, að auðvitað væri það mjög æskilegt — og auðvitað mundu bæði ég og aðrir, sem að þessum málum vinna, óska þess — að það væri á hverju ári sem mest. Hitt liggur alveg ljóst fyrir, og ég held, að alþm. sé það ljóst, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið að undanförnu, hafa verulega bætt rekstrargrundvöll bátaflotans á þessu ári, ef hægt er að miða við eðlileg aflabrögð. Ég tel, að það sé langsamlega veigamesti þátturinn í sambandi við útgerðina, að rekstrargrundvöllur sé á þann veg, að hugsanlegt sé, að flotinn verði rekinn með árangri, ef um eðlileg aflabrögð er að ræða. Að sjálfsögðu er aldrei hægt að gera ráð fyrir því, að flotinn verði rekinn með neinum árangri, ef aflaleysi er eða aflabrestur verður. Það er aldrei hægt að gera neinar áætlanir, ef út frá því ætti að ganga. En ég hygg, að útvegsmenn séu nokkuð sammála um það, að rekstrargrundvöllurinn hafi verið bættur það mikið nú, að eðlileg aflabrögð mundu skapa honum viðunandi rekstrargrundvöll — og jafnvel betri heldur en oft hefur áður verið.

Eins og ég sagði, yrði það auðvitað mjög æskilegt, að framlag ríkissjóðs væri á hverjum tíma sem hæst til Fiskveiðasjóðs. Það gerði hann auðvitað sterkari og færari um að lána, en ég hygg, að aðstaða hans hafi einnig í sambandi við þær aðgerðir, sem átt hafa sér stað undanfarið, verið bætt það mikið, að hann sé ekki síður fær til þess nú en áður að veita lán, og vonandi verður hann ekki á þessu ári síður fær en áður til að veita þau stofnlán, sem honum ber að veita.

Það er á þessum tveimur forsendum, sem ég hef fylgt þeim till., sem fram hafa komið um lækkun á framlagi til sjóðanna, af því að ég tel, að það hafi ekki nein áhrif á rekstur vélbátanna, og treysti því, að Fiskveiðasjóður verði þess umkominn að veita þau stofnlán, sem honum ber, á þessu ári ekki síður en áður, þó að þetta framlag sé fellt niður nú í ár; ég hygg, að öllum þm. sé það ljóst, að aðstaða hans hefur verulega verið styrkt undanfarið.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég verð því miður að segja, að ég er jafnnær um afstöðu menntmrh. eftir svar hæstv. fjmrh., en hitt virtist mér koma fram af svari ráðh., að hann geri sér ekki fullkomlega grein fyrir því, um hvað 7. gr. raunverulega fjallar, því að mér skildist ráðh. tala þannig, að hann reikni með því, að fræðslumálastjórinn haldi áfram og allt verði því eins og ekkert hafi í skorizt, eftir að búið er að samþykkja 7. gr. Þetta er reginmisskilningur hjá ráðh. Ef menn lesa gr., sjá þeir fljótt, í hverju þetta liggur. 1. liður hennar hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í menntmrn., og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við þetta."

L. nr. 35/1930 fjalla um fræðslumálastjóraembættið, og eftir að búið er að nema þessi lög úr gildi, er fræðslumálastjórinn úr sögunni. Þá er fræðslumálastjóraembættið hætt að vera til sem sérstakt embætti, og það er hvergi í l. neitt, sem gerir ráð fyrir því, að slíkt embætti sé hér eða slíkur embættismaður sé hér starfandi eða slík stofnun. Þó að hæstv. menntmrh. velji svo einhverri undirtyllu sinni í menntmrn. þetta nafn, þ. e. að heita fræðslumálastjóri, er ekki nein lagaheimild fyrir því lengur, og sá maður hefur engin völd samkv. l., eins og fræðslumálastjóri hefur nú. Fræðslumálastjóraembættið hjá okkur er búið að vera lengi sjálfstætt embætti, og þeir menn, sem hafa gegnt því, hafa talið sig vera alveg óháða ráðh. og gert till. sínar án tillits til þess, hvort þeir töldu það koma viðkomandi ráðh. betur eða verr, heldur eingöngu lagt dóm á málin frá embættismannslegu sjónarmiði, og þeir gátu gert þetta, vegna þess að þeim bar skylda til þess samkv. l.

Ég sé nú, að hæstv. menntmrh. er kominn, og þá er sennilega bezt að snúa sér að honum með þessa fsp., þó að það kosti það, að ég verði að rifja nokkuð upp aftur af því, sem ég sagði í fyrri ræðu minni. (Gripið fram í.) Nei, nei, það þarf ekkert að spara mér það. Ég tel það ekkert eftir mér.

Ég minnti á það, að hæstv. menntmrh. hefði fyrir nokkru í Sþ. verið að ræða um embættaveitingar, og þá hefði ráðh. upplýst það, að hann hagaði veitingu á kennara- og skólastjóraembættum með þeim hætti, að yrðu skólanefnd og fræðslumálastjóri sammála, léti hann þá niðurstöðu gilda. Aftur á móti þegar þessir aðilar væru ósammála, teldi hann sig hafa nokkurn veginn óbundnar hendur til þess að ráðstafa embættinu. Með því að leggja niður fræðslumálastjóraembættið, eins og lagt er til í 7. gr. frv., hlýtur það að falla niður, að sérstakur embættismaður eins og fræðslumálastjóri geti skilað slíku áliti um umsækjendur, því að ég vona, að hæstv. menntmrh. sé ekki haldinn sömu villunni og fjmrh. Fjmrh. virtist telja, að fræðslumálastjóraembættið héldi áfram að vera til eftir sem áður, eftir að búið væri að fella niður l. nr. 35 frá 1930.

Þetta er mesti misskilningur. Ef við samþykkjum 7. gr. í frv., eins og hún er, og hún verður að l., hættir fræðslumálastjóraembættið að vera til frá þeim degi, sem l. taka gildi. Það er ekki neitt í l. eftir það, sem gerir ráð fyrir, að hér sé starfandi fræðslumálastjóri, og því síður, að það sé nokkuð í l., sem ákveði fræðslumálastjóra nokkurt sérstakt vald. Ef ráðh. ætlar að hafa það fyrirkomulag að færa fræðslumálastjórann eða einhvern slíkan mann inn í menntmrn. og gefa honum þessa nafnbót, er það bara eftir höfði ráðh. sjálfs, en ekki samkv. l., og sá maður hefur að sjálfsögðu allt aðra aðstöðu heldur en fræðslumálastjórinn hefur haft. Þetta er orðin gróin stofnun, og sá maður, sem hefur verið þar ábyrgur, hefur talið sig alveg sjálfstæðan embættismann og skilað áliti um embættaveitingar og annað án tilllits til þess, hvort hann hafi talið, að það kæmi viðkomandi ráðh. betur eða verr. Eftir að slíkur maður er orðinn bara deildarstjóri eða einhver undirtylla í menntmrn., er aðstaða hans í þessum efnum vitanlega orðin allt önnur og alveg ósambærileg og engin lagafyrirmæli til þess að halda slíku áfram, þannig að starfi fræðslumálastjóri hér, eftir að búið er að samþykkja 7. gr., er það eingöngu gert samkv. einhverju, sem stendur í kollinum á hæstv. menntmrh., en ekki eftir neinum l. Hann hefur þá ekkert vald og ekkert valdsumboð. Þess vegna er hér verið að gera meginbreytingar í sambandi við fyrirkomulag embættaveitinga, hvað snertir kennara og skólastjóra.

Ég vildi þess vegna bera fram þá fsp. til menntmrh., hvaða skipan hann hugsaði sér í þessum efnum, eftir að búið er að leggja fræðslumálastjóraembættið niður. Þá eru það bara skólanefndirnar einar, sem hafa umsagnarrétt í þessum efnum, og svo ráðh. og þá er orðin meginbreyting á þessu frá því, sem áður var. Sú trygging, sem fólst þó í því, að hér var borið undir tvo aðila og hæstv. menntmrh. hlýddi úrskurði þeirra, þegar þeir voru sammála, er alveg úr sögunni. Það vald, sem færist í hendur hæstv. menntmrh. samkv. þessu, verður miklu meira heldur en hann hafði áður. Ég vil beina þeirri fsp. til ráðh., hvað hann hyggst gera eða hvernig hann hyggst framkvæma þetta, þegar búið er að leggja fræðslumálastjóraembættið niður. En ég vona, að ráðh. geri sig ekki sekan um sama misskilning og fjmrh. að halda því fram, að fræðslumálastjóri geti verið hér starfandi, eftir að búið er að samþykkja 7. gr. Þá er búið að leggja hans embætti niður. Og ef hæstv. menntmrh. hefði staðið í þeirri trú, að þrátt fyrir afnám þessara l. ætti fræðslumálastjórinn að halda áfram starfi sínu eftir sem áður, þarf hann að haga orðalagi gr. á allt annan veg heldur en nú er.

Ég sé það, að ráðh. er að fletta upp í lagasafni í sambandi við þetta, svo að hann virðist — nei, ég skal ekkert segja um það, hvernig hann hefur hagað undirbúningi þessa máls, en ég vænti hins vegar, að þetta verði til þess, að ráðh. taki þetta mál til endurskoðunar á ný, og þó að það verði kannske ekki hægt að koma því við hér eftir í þessari d. að breyta 7. gr., verði þetta þó til þess, að hún verði lagfærð í hv. Ed.

Ég veit nú ekki, hvort ég þarf að svara mörgum orðum hv. 3. þm. Sunnl. Ég verð hins vegar að játa það, að ég varð fyrir verulegum vonbrigðum með hans ræðu. Ég hafði álitið, vegna þess að hann er kominn úr kaupstað, þar sem útgerð er allmikil, þá hefði hann fullan skilning á því, hvernig afkomu útgerðarinnar er nú háttað, en hann virðist í þeim efnum vera mjög ósammála Einari Sigurðssyni, eða lýsing hans var a.m.k. allt önnur en sú, sem Einar Sigurðsson brá upp í Morgunblaðinu í gær — og áreiðanlega allt önnur heldur en er álit þeirra þingbræðra hans tveggja, hv. þm. Sverris Júlíussonar og Matthíasar Bjarnasonar. Ef þeir hefðu litið eins á málin og hann, mundu þeir ekki hafa verið að senda Alþ. áskorun um að fella niður ákvæði, sem snertir Fiskveiðasjóð í þessu frv. Og þó að ég beri mikla virðingu fyrir þessum hv. þm. og vanmeti ekki þekkingu hans, legg ég í þessum efnum meira upp úr þekkingu þeirra Sverris Júlíussonar og Matthíasar Bjarnasonar, þegar þeir tala um þessi mál sem stjórnarnm. í Landssambandi ísl. útvegsmanna. Og þess vegna er það, að ég ásamt þeim mun ákveðið greiða atkv. gegn þeirri brtt., sem hér liggur fyrir, og treysti því, að aðrir þm. geri slíkt hið sama, þó að mér hafi ekki tekizt að fá hv. 3. þm. Sunnl. til að fylgja þeim Sverri og Matthíasi í þessu máli.

Magnús H. Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þennan fund lengi. Það er nú búið að ganga frá þessum brtt., sem við bárum fram, 1. minni hl. fjhn., hv. 5. þm. Austf. Vilhjálmur Hjálmarsson og ég, og þarf ekki í sjálfu sér meira um þær að ræða. En þetta var að vísu ekki annað en það, sem ég átti von á, að yrði niðurstaðan, þó að það sé hins vegar svo, að mér var það ekki með öllu sársaukalaust sérstaklega í sambandi við síðustu till., að hún skyldi vera lögð svo snarlega undir hnífinn sem raun bar vitni um.

Eins og menn kannske hafa áttað sig á, fjallaði sú till. um það, að Landnám ríkisins fengi að halda áfram þeirri fjárveitingu á fjárl. yfirstandandi árs, sem því er þar ætluð. Það var lagt til, að sú till. yrði felld — þessi fjárveiting yrði felld niður — og það var gert með þeim rökstuðningi, að ætla mætti, að minna yrði um stofnun nýbýla á næstunni en verið hefur um sinn. Ég get út af fyrir sig alveg fallizt á þann rökstuðning fyrir því að fella þetta niður, ef fjárveitingin væri bundin við stofnun nýbýla fyrst og fremst. En vitanlega þarf það engan veginn að vera þannig, og till. okkar hv. 5. þm. Austf. Vilhjálms Hjálmarssonar fjallaði einmitt um það, að fjárveitingunni, sem Landnáminu var ætluð í þessu skyni, yrði varið til annarra framkvæmda á sviði landbúnaðarins, og í sambandi við það flutti ég í hv. Ed. fyrir nokkru, eða á fyrstu dögum mínum hér á hv. Alþ., till. um að skorað væri á ríkisstj. að fela

Landnáminu að hafa forgöngu um í samráði við búnaðarsambönd á vissum landssvæðum að koma upp fóðurbirgðamiðstöðvum í landinu.

Nú er það svo, að við vitum — það er kunnugt öllum hv. alþm. — að mjög verulegur fóðurskortur hefur verið í vissum landshlutum undanfarin haust og það svo, að til hreinna vandræða hefur horft fyrir þá bændur, sem á þessum landssvæðum hafa búið. Það hefur verið brugðizt svo við þessum vanda, að bændum hefur verið útvegað fóður með ærnum erfiðleikum að sjálfsögðu og miklum tilkostnaði, og þar að auki eru slíkar ráðstafanir jafnan ótryggar, því að það er engin trygging fyrir því fyrir fram, að hægt sé að fá nægjanlegt fóður fyrir þá, sem það vantar, annars staðar á landinu. Þess vegna var það, að við vildum beita okkur fyrir því, að komið yrði upp þessum fóðurbirgðamiðstöðvum, og við ætluðum Landnáminu að hafa með höndum þessar framkvæmdir vegna þess, að við töldum, að það væri fyrst og fremst í þess verkahring. Og við ætluðumst til þess, að þær fjárveitingar, sem til Landnámsins rynnu frá ríkisvaldinu, yrðu notaðar í þessu augnamiði. Nú hefur þessi till. verið felld, og það er að sjálfsögðu ekkert við því að segja; það er komið, sem komið er í því efni. En við höfum, af því að svona fór, leyft okkur hér tveir alþm., ég og hv. 5. þm. Norðurl. e. (SV), að bera hér fram, þó að seint sé, brtt. við frv. það, sem hér er til umræðu. Brtt. er við 8. gr. frv. og er þannig, að gr. orðist svo:

„Árið 1968 er ríkisstj. heimilt að fresta árlangt greiðslu framlags á fjárl. um allt að 6 millj. kr. vegna nýbýla samkv. 27. gr. l. nr. 75/1962 og um allt að 1,5 millj. kr. vegna íbúðarhúsa á nýbýlum samkv. 48. gr. l. nr. 75/1962."

Þetta gerum við til þess að reyna á síðustu stundu að bjarga þessu framlagi þannig, að því verði ekki kippt af Landnáminu, heldur fái það að njóta þess síðar, þótt það komi ekki til útborgunar nú. Þetta er tilgangurinn með þessari till.

Ég lofaði hæstv. forseta því að tefja ekki fundinn lengi, og ég skal reyna að standa við það.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 431) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í tilefni af ummælum hv. 4. þm. Reykv. vil ég láta það koma alveg skýrt fram, að það er ekki tilætlunin, að neinar breytingar verði á raunverulegu starfsmannahaldi í menntmrn. eða á vegum þess eða á stöðum einstakra starfsmanna innan rn. eða í tengslum við það í framhaldi af þeirri lagabreytingu, sem hér er um að ræða. Og jafnframt vil ég taka alveg skýrt fram, að það er ekki heldur tilætlunin að gera neinar breytingar á tilhögun embættaveitinga eða undirbúningi þeirra frá því, sem verið hefur. Eftir sem áður mun fræðslumálastjórinn heita fræðslumálastjóri og gegna nákvæmlega sams konar störfum í þágu íslenzkra skólamála og hann gegnir nú í dag. Og ég mun eftir sem áður þrátt fyrir þessa lagabreytingu fylgja nákvæmlega sama hætti og ég hef fylgt varðandi undirbúning að veitingu embætta innan íslenzka skólakerfisins, þannig að í þessum efnum verður engin raunveruleg breyting frá því, sem verið hefur. Sú breyting, sem verður, verður breyting á vinnutilhögun.

Það er eflaust öllum hv. þm. kunnugt, hvernig menntmrn. og skrifstofur í tengslum við það eru nú skipulagðar. Þetta rn. hefur vaxið mjög ört á undanförnum árum og áratugum, eins og eðlilegt er, með vaxandi skólakerfi og vaxandi þýðingu skólanna í landinu. Allir þm. vita væntanlega, að menntmrn. sjálft er til húsa í gamla stjórnarráðinu, en það má segja, að aðalstarfsþættir menntmrn. séu fjórir. Fyrst má nefna gamla rn. sjálft, þ.e. starfsmenn, sem vinna beint undir forystu ráðuneytisstjórans. Annar stærsti þátturinn í starfi rn. er það starf, sem fram fer á fræðslumálaskrifstofunni; hún er inni í Borgartúni. Þá er mikilvæg skrifstofa á vegum rn., sem er fjármálaeftirlit skóla; það er uppi á Laugavegi. Síðan er mjög mikilvæg deild, sem nýlega hefur verið komið á fót, byggingadeild skóla; hún er á Hverfisgötu. Og ráðherrann situr svo í Arnarhvoli — á fimmta staðnum. Það verður að segja, að þessi húsaskipun eða þessi tilhögun er ekki alveg eins og hún gæti hentugust verið. Að því hefur verið unnið um nokkurt skeið undanfarið að sameina allar stofnanir, sem undir rn. heyra og í tengslum við það vinna, á einum stað. M. ö. o. að hætta því fyrirkomulagi, að rn. skrifi fræðslumálastjóra, sendi honum bréf í pósti og fái bréf frá honum aftur í pósti með ýmiss konar tillögugerð. Ætlunin hefur verið, að fræðslumálastjórinn starfi í sams konar beinum tengslum við sinn ráðh. á hverjum tíma eins og ráðuneytisstjórinn og deildarstjórar gera nú. Að þessu hefur verið unnið og að þessu er verið að vinna núna og sú breyting, sem hér er lagt til að gera, er í raun og veru að lögheimila þessa skipulagsbreytingu, þessa nýju vinnutilhögun, sem verið er nú að undirbúa. Það er enginn vafi á því, að að þessu verður stórkostlegur bæði beinn og óbeinn sparnaður, þó að í frv. sé engin tala nefnd um það, hversu mikill sparnaður muni hljótast af þessari breyttu vinnutilhögun, þ.e. að sameina allar deildir rn. á einn stað og hætta bréfaskriftum á milli einstakra deilda í rn.

Ég skal fúslega játa það, að það er ekki venjulegt og það er í sjálfu sér ekki æskilegt að gera breytingar á mörgum l. — jafnvel fella heila lagabálka úr gildi — með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir, að á verði hafður í þessu frv. Það er víðs fjarri mér að gera nokkra tilraun til að bera á móti því; þetta er mjög óvenjuleg aðferð og í sjálfu sér ekki æskileg. En við stöndum hér frammi fyrir mjög óvenjulegum vandamálum — mjög óvenjulegu viðfangsefni — að þurfa snemma á ári að framkvæma lækkun á ríkisútgjöldum um nokkuð á 2. hundrað millj. kr. Slíkt verður ekki gert nema með óvenjulegum aðferðum hvað form lagasetningar snertir.

En eins og hæstv. fjmrh. hefur tekið skýrt fram, er hér um að ræða, að því er mig snertir í þessum efnum, stefnuyfirlýsingu fyrst og fremst — þá stefnuyfirlýsingu, að allar stofnanir, sem starfa fyrir menntmrn., á vegum þess og í tengslum við það, skuli verða ein heild og komast allar undir eitt þak, eins fljótt og mögulegt er. Verði þetta frv. samþ., er þessi stefna viðurkennd af Alþ. sem stefna Alþ. í skipulagi menntmrn., og þá mun ég að sjálfsögðu gera ráðstafanir til þess, að hlutaðeigandi lög verði endurskoðuð og þeim komið í það horf, sem samrýmist þessari stefnu. Langæskilegast, held ég, að sé að setja heildarlöggjöf um stjórnarráðið allt, og yrðu þá að sjálfsögðu þessi ákvæði um menntmrn. aðeins einn þáttur í henni. Ég held, að gera þurfi hliðstæðar skipulagsbreytingar í fleiri rn. heldur en menntmrn. einu. En kannske er rétt að gera tilraun með það og sjá, hvernig hún gefst. Ég er viss um, að hún kemur til með að gefast mjög vel, enda eru allir aðilar í rn. algerlega á einu máli um, að þessi breyting yrði mjög til bóta, og hyggja allir mjög gott til þess að starfa undir því skipulagi, sem felst í þessari stefnumörkun.

Frsm. 1. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta fer nú að verða dálítið torskilið allt saman. Hæstv. menntmrh. byrjaði ræðu sína með því að lýsa því yfir, að hér yrði eiginlega nánast engin breyting, ekki a.m.k. sem neinu máli skiptir, og alls ekki nein skipulagsbreyting. Fræðslumálastjóri yrði fræðslumálastjóri o. s. frv., þó að löggjöfin um fræðslumálastjórn yrði með öllu felld úr gildi. Og mér var farið að sýnast, að þetta mundi reka sig hastarlega á við það, sem hæstv. fjmrh. sagði rétt áðan, þegar hann sagði, að tilgangurinn með 7. gr. væri sá að fá ákveðna og fasta stefnu varðandi yfirstjórn fræðslumálanna. En svo leiðrétti eiginlega hæstv. menntmrh. þetta í lokin með því, að hann tók einmitt upp næstum alveg sama orð, þ.e. hann sagðist þurfa að fá stefnuyfirlýsingu frá Alþ., en eftir því, sem ég bezt gat heyrt á ræðu hans, er stefnuyfirlýsingin fyrst og fremst um það, að þessar stofnanir skuli vera í sama húsi. En ég held, að allir alþm. geti verið sammála um það, að ekki þurfi löggjöf um það, í hvaða húsi starfsmenn menntmrn. eða fræðslumálastjórnarinnar skuli vera.

En megi maður taka þetta alvarlega, sem hefur komið fram hjá hæstv. fjmrh. og í lokin hjá hæstv. menntmrh., að hér eigi að marka ákveðna stefnu í yfirstjórn fræðslumála, þá er þetta ekki nokkur málsmeðferð, enda viðurkenndi hæstv. menntmrh., að hér væri um alveg óvenjulega málsmeðferð að ræða. Hann rökstuddi það með því, að nú þyrfti að spara ríkisútgjöldin, en svo kemur það upp öðrum þræði, að það sparast ekkert í ríkisútgjöldum á þessu ári, sem þarna um ræðir aðallega. En sé þetta rétt hjá hæstv. ráðh., að hér sé um að ræða stefnuákvörðun í yfirstjórn menntamála, á ekki að gera það á þennan hátt, heldur á að fjalla um það í sérstöku frv., sem fengi þinglega meðferð og gengi til viðkomandi n., því að það er tvennt eins og ég sagði áðan í fyrri ræðu nú við þessa umr., útgjöld ríkisins á þessu yfirstandandi fjárlagaári og sparnaður á þeim annars vegar og hins vegar yfirstjórn fræðslumála á Íslandi.

Ég get ekki séð eftir að hafa hlýtt á ræður beggja hæstv. ráðh., að neitt mæli gegn því, að brtt. mín varðandi 7. gr. verði samþ. Auk þess, sem ég hef vikið að um 7. gr., þ. e. að afgreiðsla hennar í þessu formi kemur í veg fyrir, að hún fái þinglega meðferð og fari til réttrar n., þá er greinin að öðru leyti og í einstökum atriðum hálfgerður óskapnaður eins og t.d. það, sem kemur fram á einum þremur stöðum og m.a. í 2. tölul. gr., þar sem segir, að tiltekin lög breytist í samræmi við það, sem hér segir, en breytingin er ekki orðuð inn í lögin. Þetta er engin afgreiðsla, og þetta er hreinn óskapnaður að afgreiða mál svona. Ég held, að sú meðferð væri langskemmtilegust og langeðlilegust, er fram kemur í minni brtt., og samþykkt hennar mundi ekki í nokkru koma í veg fyrir það, að hæstv. menntmrh. gæti safnað saman sinni dreifðu hjörð.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég verð satt að segja alltaf meira og meira undrandi eftir því, sem ég heyri meira frá hæstv. ráðh. um þessi mál. Menntmrh. segir t.d. hér áðan, að það eigi að halda öllu óbreyttu, það eigi að hafa sömu embættismenn áfram og hann geti ekki gert sér grein fyrir, hvort það verði nokkur sparnaður að þessu eða ekki. En hér í frv. er gert ráð fyrir því í 7. lið 1. gr., að það verði 2 millj. kr. sparnaður strax á þessu ári. (**Fjmrh.:** Það er misskilningur . . .) Já, og fræðslumálaskrifstofan er nefnd þar líka. En meginatriðið er þetta, sem hæstv. ráðh. virðist ekki skilja. Hann er að gefa yfirlýsingar um það, að hann ætli að láta fræðslumálastjórann halda áfram og ætli að láta allt þetta kerfi halda áfram þrátt fyrir, að búið sé að samþykkja lög hér á Alþ. um að leggja þetta niður. Það, sem felst í 7. gr. frv., er, að fræðslumálastjóraembættið skuli lagt niður og fræðslumálaskrifstofan. Ef menn lesa lög frá 1930, verður það ljóst, að sé búið að afnema þau, er ekki lengur til neinn fræðslumálastjóri og ekki til lengur nein fræðslumálaskrifstofa. Og ætli hæstv. ráðh. að halda þessu áfram samt eftir sem áður, er það hreint lagabrot — brot á þessum lögum, sem hann hefur verið að beita sér fyrir að fá samþykkt.

Ég held, að hæstv. ráðh. hljóti við nánari athugun þessa máls að gera sér þetta ljóst, að samþykki hann 7. gr. eins og hún er, er hann að binda hendur sínar, og þá verður hann að leggja fræðslumálastjóraembættið niður og fræðslumálaskrifstofuna, vegna þess að það er ekki neinn lagabókstafur fyrir henni lengur — m.a.s. liggur þá fyrir, að þingvilji sé fyrir því að fella þessar stofnanir niður. Ég held, að hæstv. ráðh. hljóti að gera sér þetta ljóst, að láti hann samþykkja 7. gr. óbreytta og ætli hann samt að halda öllu óbreyttu áfram, þá er það hreinlega lagabrot og brot á þeim þingvilja, sem þá hafði komið fram hér á Alþ. Hitt er svo allt annað mál að koma þessum stofnunum

undir sama þak og vinna að aukinni hagræðingu á starfi þeirra. Það er ákaflega vel hægt og vel auðvelt án þess að leggja niður lög frá 1930. Það þarf enga lagabreytingu til þess að hafa þessa stofnun undir sama þaki og samræma skrifstofur þeirra. Það er ekkert annað heldur en bara vinnuatriði í menntmrn. að sjá um það, og er skömm til þess að vita, að ekki skuli vera búið að gera það.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil ekki láta því vera ómótmælt, að hv. þm. sagði, að tilgreind væri ákveðin tala um sparnað af flutningi fræðslumálaskrifstofunnar inn í rn. Þetta er misskilningur. Þær 2 millj. og 40 þús. kr., sem gert er ráð fyrir að spara á þessum lið, er sparnaður við fækkun námsstjóra og afnám tillags til fræðsluskrifstofunnar í Reykjavík nákvæmlega. En það kemur greinilega fram í grg. eða frv. sjálfu, að engin ákveðin tala er nefnd til sem sparnaður, sem muni hljótast af flutningi fræðslumálaskrifstofunnar inn í menntmrn., þ.e. af þeirri breytingu að gera hana að deild í menntmrn. Ef þetta frv. verður samþ., verður fræðslumálastjórinn, sem nú gegnir því embætti, raunverulega deildarstjóri í menntmrn., og hann verður deildarstjóri yfir þeirri deild, sem undirbýr málefni allra skóla annarra en Háskólans, og sá deildarstjóri í menntmrn. mun heita fræðslumálastjóri.

ATKVGR.

Brtt. 429 felld með 21:15 atkv.

Brtt. 431 felld með 21:15 atkv.

Brtt. 430 felld með 21:15 atkv.

Brtt. 427 samþ. með 21:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvJ, PP, BF, BBen, RJ, BrS, EmJ, ÁP, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, EKJ, PS, SI, ÁS, MÁM.

nei: VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EystJ, GeirG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, LJós, MK, SE, MHG, SV.

2 þm. (SP, EðS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., 26. marz, var frv. útbýtt, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 432).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Orsakirnar fyrir því, að þetta frv. til lækkunar ríkisútgjalda er flutt hér, svo skömmu eftir að fjárl. eru afgreidd, eru þær, sem öllum hv. þdm. eru kunnar af margvíslegum umr. um það mál hér í hv. d. í sambandi við ýmis mál, sem fyrir hafa komið eftir áramót. Það kom í ljós við athugun á afkomu sjávarútvegsins um áramótin, að talið var óumflýjanlegt að beita sér fyrir verulegri viðbótaraðstoð sjávarútveginum til handa — bæði bátaútveginum og hraðfrystihúsunum — auk þeirrar fyrirgreiðslu, sem að sjálfsögðu fólst í gengisbreytingunni fyrir sjávarútveginn, og er talið, að þessi aðstoð nemi rúmum 320 millj. kr. Þegar fjárl. voru afgreidd, var gert ráð fyrir því, að greiðsluafgangur, sem að vísu var ekki tekinn í fjárl., mundi geta orðið á árinu 1968 um 250 millj. kr. Ástæðan til þess, að þessi fjárhæð var ekki tekin inn í fjárl. sem greiðsluafgangur, var, að gert var ráð fyrir því, að tollar yrðu lækkaðir sem næmi þessari fjárhæð, þannig að ekki yrði neitt afgangs hjá ríkissjóði, þar eð ríkisstj. lýsti því yfir, að hún vildi nota alla tiltæka möguleika til þess að létta mönnum áhrif gengisbreytingarinnar.

Það er þarflaust að rekja þá sögu til þess að lengja ekki þessar umr., en það var niðurstaðan eftir rækilega athugun, að ráðizt var í að lækka tolla sem nam um 160 millj. kr. tekjutapi fyrir ríkissjóð á þessu ári, og miðað við þá aðstoð, sem sjávarútveginum var lofuð, og að frádregnum þeim greiðsluafgangi, sem talið var að gæti orðið, vantaði um 200 millj. kr. eða réttara sagt um 240 millj. kr. til þess, að endar næðu saman. Sérstök fjáröflun fór fram í sambandi við hækkun á verði áfengis og tóbaks, en að öllum þessum ráðstöfunum gerðum vantaði enn 200 millj. kr., og í þessu frv. er till. til úrlausnar á þeim vanda, hvernig eigi að brúa þetta bil. Það er gert með tvennum hætti annars vegar með því beinlínis að lækka útgjöld, sem gert er ráð fyrir í fjárl., um 138 millj. kr. og hins vegar með því að gera ráð fyrir lántöku að upphæð 62 millj. kr. til þess að afla fjár til tiltekinna ríkisframkvæmda, fyrst og fremst menntaskóla og sjúkrahúsa. Á undanförnum árum hefur töluverðs fjár verið aflað innan framkvæmdaáætlunarinnar með lánum til ríkisframkvæmda. Á s.l. hausti var tekið inn í fjárl. töluvert af þeim fjárhæðum fyrir árið 1968, þar eð sýnt þótti, að mjög þröngt yrði á lánamarkaði á árinu 1968 og því bæri brýna nauðsyn til að íþyngja lánamarkaðnum ekki um of. Var því gert ráð fyrir að draga mjög verulega úr því fé, sem leitað væri eftir á hinum almenna lánamarkaði til ríkisframkvæmda, og í því skyni voru teknar inn í fjárl. allháar fjárhæðir ætlaðar til framkvæmda, sem síðustu tvö árin hafði verið aflað fjár til með lántökum innan framkvæmdaáætlunarinnar.

Þegar við stöðum andspænis þeim vanda að brúa þetta 200 millj. kr. bil og þar sem ekki þótti á þessu stigi auðið að ráðast í frekari lækkun ríkisútgjalda en þetta frv. ber með sér, þá var að sjálfsögðu ekki margra kosta völ, ef átti að brúa þetta bil, sem á vantaði — þessar 60 millj. kr. Í raun og veru var ekki nema um þrjár leiðir að ræða, annaðhvort að fella þessar framkvæmdir niður, sem ekki var mögulegt af mörgum ástæðum, eða að afla til þeirra lánsfjár svo sem hér er lagt til — eða í þriðja lagi, sem var ekki talið gerlegt miðað við allar aðstæður, að ráðast í nýja skattlagningu til þess að afla þessa fjár. Það kann að virðast, að það sé ekki stórt átak að spara 138 millj. kr. á ríkisútgjöldum, sem nema nú um 5000 millj. kr., en með hliðsjón af

því, að við afgreiðslu fjárl. var lögð á það rík áherzla að halda öllum útgjaldaliðum í lágmarki — öllum stofnunum var neitað um fjárveitingar til allrar nýrrar starfsemi og lagt kapp á að gæta þess í hvívetna að halda fjárlagaútgjöldum niðri — hlaut svo að fara, að það yrði jafnvel erfitt verk að lækka ríkisútgjöld um 138 millj. kr. til viðbótar, og vitanlega var ekki hægt nema með ýmsum ráðstöfunum að draga úr þeirri þjónustu, sem ríkið veitir. Í þessu efni var fylgt þeirri meginstefnu annars vegar að lækka ekki að neinu ráði fjárveitingar til verklegra framkvæmda og í hinn staðinn að hagga ekki í grundvallaratriðum þeirri þjónustu, sem ríkið hefur forgöngu um. Það voru því mjög þröngar dyr, sem varð að ganga um til þess að ná þessum 138 millj. kr.

Það er enda rétt að taka það fram, að þessi sparnaður, sem hér er gert ráð fyrir, skilar sér ekki að öllu leyti á þessu ári. Þar sem um er að ræða t.d. uppsögn manna eða fækkun í starfsliði, þá krefst það ákveðins uppsagnarfrests, og sum þessara útgjalda eru með þeim hætti, að ráðstafanir hafa ekki áhrif nema að takmörkuðu leyti á þessu ári og ekki að fullu fyrr en á næsta ári. Þó að frv. sé að vísu í meginatriðum miðað við að leysa vandann á þessu ári, eru sum atriði þess, sem snerta framtíðina, og það byggist á þeirri staðreynd, að það er augljóst mál, að það verður miklum erfiðleikum bundið að koma saman fjárl. fyrir árið 1969. Þess vegna verður að kanna mjög rækilega áfram allar hugsanlegar leiðir til þess að draga enn úr ríkisútgjöldum, ef ekki á að verða óumflýjanlegt að leggja í stórfelldar skattaálögur á næsta hausti, en svo sem ástatt er í þjóðfélaginu miðað við þá tekjurýrnun, sem orðið hefur, er það auðvitað mjög mikilvægt, að reynt sé að halda sem mest óbreyttu hlutfalli þess, sem ríkið tekur af þjóðfélagsborgurum, og því eðlilegast að kanna öll úrræði til þess að lækka útgjöld. Ég ætla ekki að fara að ræða það á þessu stigi málsins, en hins vegar leggja á það áherzlu, að víðtækar sparnaðarráðstafanir í þessu skyni verða auðvitað ekki framkvæmdar nema með því að skerða verulega margvíslega, veigamikla þjónustu, sem ríkið veitir þjóðfélagsborgurunum, og það kann að verða nauðsynlegt að gera. Þó að menn veiti sér eitt og annað og eðlilegt sé talið að geta gert það, á meðan fjárráð eru nóg, verða menn auðvitað að haga útgjöldum sínum eftir aðstæðum hverju sinni og draga þá saman seglin, ef að þrengir.

Það er vitanlega óvenjulegt að breyta fjárl. með þeim hætti, sem hér er gert, en öðruvísi verður það ekki gert, eftir að fjárl. hafa verið afgreidd. Það er einnig að sjálfsögðu mjög óvenjulegt að breyta með einu frv. svo margvíslegum lagaákvæðum sem gert er í þessu frv. hér. Fyrir þessu er eitt fordæmi frá 1940. Þá voru gerðar víðtækar ráðstafanir til sparnaðar og lækkunar útgjalda í fjárl., og það var gert með beinum lögum, þar sem frestað var eða felldar voru niður margvíslegar greiðslur bæði samkv. fjárl. og samkv. sérstökum l. Hefði átt að fara að breyta öllum lögum, sem hér er um fjallað í þessu frv., þá hefði það orðið svo viðamikið, að það var óframkvæmanlegt. Auk þess verður á það að líta, að þó að þessum l. sé víða breytt, er þetta gert sem bráðabirgðabreyting. Það er ekki fastákveðið í mörgum greinum, að þessar lagabreytingar verði til frambúðar — það þarf allt að skoðast nánar og verður auðvitað að gerast í sambandi við undirbúning næstu fjárl., hvað menn geta leyft sér í því efni.

Ég ætla nú ekki að orðlengja mikið um þær einstöku breytingar, sem hér eru gerðar. Þær hafa verið ræddar svo mikið — að vísu ekki í þessari hv. d., svo að það er að sjálfsögðu skylt að ræða þær hér eftir því, sem menn óska eftir — að ég efa ekki, að hv. þm. hafa gert sér til hlítar fulla grein fyrir þeim, og skal ég því láta nægja að fara um þær mjög fáum orðum til þess að lengja ekki ræðu mína um of.

Það er gert ráð fyrir því í fyrsta lagi að lækka framlög til stjórnarráðsins um 2 millj. kr. Þessi lækkun er gerð á ýmsum liðum, annars vegar bæði á risnukostnaði og hins vegar á ýmsum tilkostnaði rn., sem mundi þá ganga út yfir bæði nefndakostnað, ýmsan kostnað við stjórnarráðið, tækjakaup og annað, sem veitt hefur verið fé til. Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir, til þess að þessi sparnaður geti orðið raunhæfur á þessu ári. Þá er í öðru lagi lagt til að fella niður framlag til stjórnarráðshúss. Það hefur verið safnað fé til þess um alllangt árabil, og er nú töluvert í sjóði, en það er ekki áformað að ráðast í þessa framkvæmd á þessu ári og engin endanleg ákvörðun hefur verið um það tekin, hvenær það verður gert. Því hefur verið gripið til þess ráðs í þessu frv., eins og hv. þdm. sjá, að fella niður ekki aðeins þessa fjárveitingu, heldur fella einnig úr nokkrum öðrum liðum fjárveitingar, þar sem verið er að safna í sjóð í sambandi við tilteknar byggingarframkvæmdir, sem ekki er ætlunin að ráðast í á árinu.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að lækka framlag til Viðeyjarstofu um 4 millj. kr. Gert var ráð fyrir 10 millj. kr. fjárveitingu í senn til þess að kaupa þessa eign og til þess að ráðast í viðgerðir, en að sjálfsögðu þarf að gera mikið við húsakost þar. Þetta fé mun nægja til þess að ganga frá kaupunum, en hins vegar verður frestað á þessu ári að ráðast í nokkrar framkvæmdir á Viðeyjarstofu. Þá er lagt til að fella niður fjárveitingu til Háskólans, sem nemur launum handa tveimur prófessorum, sem ekki hafa verið skipaðir, og ákveðið er að leita heimildar til að fresta skipun í þessi embætti, þangað til Alþ. ákveður annað.

Allverulegar breytingar eru gerðar á skólamálum. Í fyrsta lagi er þar um að ræða, að gert er ráð fyrir að lækka rekstrarkostnað skóla um 6,6 millj. kr., en þó án þess að draga úr kennslu, eins og tekið er fram í grg. Rétt er að leggja á það áherzlu, að þetta muni ekki hafa nein veruleg áhrif á fjárl. þessa árs, vegna þess að þau eru við það miðuð að greiða kostnað, sem féll til á s.l. ári, en það, sem þessi tala er við miðuð, er að gera sérstakar ráð-

stafanir til þess að lækka þann tilkostnað, sem áætlað hefur verið, að nýju skólakostnaðarlögin leiddu af sér. Þetta er talið auðið að gera að vísu með verulegu aðhaldi, en með því að gæta þess mjög vendilega, að ekki séu hagnýtt þau réttindi eða heimildir, sem eru til kennararáðninga, nema að svo miklu leyti sem það er óumflýjanlegt. Séu þessar heimildir notaðar út í yztu æsar, þá er þarna um að ræða stórkostlega útgjaldaaukningu, sem fjarstæð er með öllu. Það má nokkurn veginn fullyrða það við nánari athugun á þessu máli, að með sterku aðhaldi á þessu sviði eigi að vera hægt að draga verulega úr þeim kostnaði, sem gert var ráð fyrir, að af þessum nýju skólakostnaðarlögum mundi leiða. Þá er í annan stað varðandi skólana gert ráð fyrir því að lækka þá upphæð, sem er til ráðstöfunar til bygginga á þessu ári, um 5 millj. kr. á framkvæmdaáætlun. Undanfarin ár hefur þetta fé verið lánað til framkvæmda við aðra skóla til að hraða þeim, en þessar lánveitingar verða takmarkaðar á þessu ári, sem nemur umræddum 5 millj. kr. Engu að síður munu framlög til skólabygginga verða mun hærri heldur en á s.l. ári, en þá námu þær um 92 millj. kr. með þeim 10% niðurskurði, sem þá var á slíkum framlögum. Þær mundu miðað við þá lækkun, sem hér er um að ræða, verða 108,2 millj. kr., þannig að raunveruleg aukning skólabyggingafjár á árinu 1968 frá árinu 1967 verður rúmar 16 millj. kr. þrátt fyrir þessa ákvörðun. Þá er gert ráð fyrir í þriðja lagi varðandi fræðslumálin að breyta mjög verulega námsstjórakerfinu og þátttöku ríkisins í kostnaði við fræðslumálastjóraembætttið í Reykjavík. Það er ekki ætlunin að afnema námsstjórakerfið að öllu leyti. Það er nauðsynlegt að hafa eftirlitsnefnd — ekki sízt með framkvæmd skólakostnaðarlaga, og gert er ráð fyrir því, að sú skipulagsbreyting, sem hér er fyrirhuguð, geti á ársgrundvelli numið rúmum 2 millj. kr. sparnaði. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að gera grundvallarbreytingu varðandi yfirstjórn fræðslumálanna, svo sem segir nánar í frv., á þann hátt, að fræðslumálaskrifstofan verði lögð niður sem sérstök stofnun, fræðslumálastjóri og þær deildir aðrar, sem tilheyra fræðslumálaskrifstofunni, verði hér eftir sameinaðar menntmrn. og fræðslumálastjóri verði deildarstjóri í þeirri deild og annist þar þau sömu verkefni og fræðslumálaskrifstofan nú hefur. Ásamt honum færast þangað aðrir þeir starfsmenn fræðslumálaskrifstofunnar, sem tilgreindir eru í frv., bæði íþróttafulltrúi, bókafulltrúi og starfsmenn fjármálaeftirlits skólanna og Fræðslumyndasafns ríkisins. Þetta verði allt deildir í menntmrn. Það er ekki tiltekin í frv. sú fjárhæð, sem við þetta sparast, en athugun virðist ótvírætt leiða í ljós, að af þessu geti orðið allverulegur sparnaður með betri hagnýtingu starfskrafta við að hafa þessa starfsemi alla á einum stað.

Lagt er til að lækka fjárveitingu til Kennaraskólans um 1 millj. kr., sem stafar af því, að ákveðið var að kaupa bókasafn til skólans, gerður var um það samningur og gert ráð fyrir, að borga þyrfti 1 millj. kr. á ári til þeirra framkvæmda, en talið er auðið að fella þá greiðslu niður í ár.

Þá er gert ráð fyrir að lækka framlag til Byggingarsjóðs safnahúss um 1 millj. kr. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir að fella þetta framlag alveg niður, en það komu fram sterkar raddir um það hér á hinu háa Alþ., að æskilegt væri að hafa einhverja fjárhæð þarna því til staðfestingar, að þessi bygging skyldi reist, enda þótt sýnilegt væri að sjálfsögðu, að það hefði ekki nein áhrif á það, hvort byggingin yrði reist fyrr eða seinna, hvort fjárhæðin væri 500 þús. kr. eða 1½ millj. kr. Þetta verður mikið hús, þegar þar að kemur að reisa það, og því aðeins um undirbúningsráðstafanir að ræða nú, en rétt þótti að fallast á það sjónarmið að festa þetta fyrirhugaða hús í fjárl. með einhverri byrjunarfjárveitingu.

Gert er ráð fyrir að lækka framlag til þjóðgarðs á Þingvöllum um ½ millj. kr. Ég sé ekki ástæðu til að ræða það sérstaklega.

Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli hefur löngum verið rætt hér á Alþ. og talið, að kostnaður við það væri óeðlilega mikill. Þessi kostnaður hefur lækkað vegna þess, að undir embættiskostnaðinn þar heyrir tollgæzlan á Keflavíkurflugvelli, sem aukizt hefur verulega á síðustu árum við geysilega aukningu umferðar á vegum Loftleiða og nú síðast Flugfélags Íslands, þar sem starfsemi þessara aðila við utanlandsflugið er á Keflavíkurflugvelli. Það þótti hins vegar rétt að taka þetta til athugunar og rannsaka rækilega, hvort ekki væri hægt að koma hér við einhverjum sparnaði og samdrætti á þessari starfsemi þar, og er talið auðið að lækka þessi útgjöld um 2 millj. kr. Vera kann, að hægt sé að ganga lengra í því efni, og verður haldið áfram að athuga það, en á þessu stigi þykir ekki raunhæft að gera ráð fyrir meiri sparnaði.

Þá er lagt til að lækka framlag til utanríkisþjónustu um 3 millj. kr. Áformað hafði verið að leggja niður tvö sendiráð á Norðurlöndum, í Osló og Stokkhólmi. Það kom hins vegar á daginn, að viðkomandi ríkisstjórnir töldu það mjög miður, að í þetta yrði ráðizt, og á þessu stigi þótti því ekki fært að framkvæma þessar ráðstafanir, en hins vegar er ætlunin að spara þennan tilkostnað með því að kalla heim fimm sendiráðunauta og talið, að sparazt geti á þessu ári um 3 millj. kr. í því sambandi.

Gert er ráð fyrir því að lækka framlag til Landnáms ríkisins allverulega eða um 7,5 millj. kr. á þessu ári og 7,5 millj. kr. á næsta ári. Frekari ákvörðun hefur ekki verið um það tekin. Ég geri ráð fyrir, að ekki sé um það ágreiningur, enda kom það fram í hv. Nd., að þetta teldist út af fyrir sig vera eðlileg ráðstöfun með hliðsjón af því, að ekki væri æskilegt að stuðla að aukningu eða fjölgun nýbýla eins og nú standa sakir með framleiðslu og sölu landbúnaðarvara. Það eina, sem ágreiningur var um í Nd., var, hvort ætti að taka þetta fé og nota það með einhverjum öðrum hætti; það er

önnur saga. Það verður ekki talið mögulegt að gera meðan við erum að leita úrræða til þess að draga úr útgjöldum, heldur verði í bili að fella þetta niður, og eðlilegt sé að gera það, úr því að ekki er talin brýn nauðsyn á að nota það til þeirra þarfa, sem féð hefur beinlínis verið ætlað til.

Þá er gert ráð fyrir því að stefna að því að spara 4 millj. kr. á fiskmati, ferskfiskeftirliti og síldarmati. Það hefur þegar verið — eða nú síðast held ég í gær — útbýtt hér á Alþ. nýju frv. um sameiningu allra þessara mata og endurskipulagningu á yfirstjórn þeirrar starfsemi. Gert er ráð fyrir því, að framkvæmdinni verði hagað á þann veg, að það verði auðið að spara sem svarar þessum fjárhæðum, enda þótt það frv. tilgreini ekki beint nákvæmlega framkvæmdaatriði í því efni. Að því er stefnt með þessari endurskoðun, sem felst í því frv., auk þess sem þar er að sjálfsögðu um að ræða almenna skipulagsbreytingu, sem er talin vera til bóta við framkvæmd þessarar þjónustu.

Lagt er til að breyta hlutfalli því, sem ríkisframlag er greitt eftir til Aflatryggingasjóðs, úr 50% eða úr helmingi í þriðjung á móti framlagi sjávarútvegsins. Þetta er byggt á áætlun, sem gerð var á s. l. hausti um rekstrarafkomu Aflatryggingasjóðs á árinu 1968. Vitanlega er það rétt, að það er mjög erfitt að gera slíkar áætlanir, og þess vegna verður þetta allt að byggjast á líkum, en fjárreiður sjóðsins bentu þó til þess, að það væri auðið að framkvæma slíka lækkun sem hér er um að ræða, án þess að það þyrfti að hafa áhrif á starfsemi sjóðsins. Rétt er að taka fram, að ekki er ætlunin að breyta starfsreglum sjóðsins eða þeim greiðslureglum, sem hann fylgir við úthlutun bóta.

Gert er ráð fyrir því að fella niður framlag til Fiskveiðasjóðs Íslands — 30 millj. kr. Með því var reiknað í sambandi við ráðstafanirnar í þágu sjávarútvegsins, og það er því raunar fyrirkomulagsatriði, hvort þessi niðurfelling á sér stað eða framlagið til sjávarútvegsins er talið 30 millj. kr. lægra. Það var með því reiknað í öllum umr. um þetta mál, að þetta framlag yrði fellt niður á þessu ári og við það er talan um 320 eða 324 millj. kr. til sjávarútvegsins miðuð.

Þá er gert ráð fyrir að lækka framlag til Orkustofnunar og Orkusjóðs um 4,5 millj. kr. Þar er annars vegar um að ræða lækkun á jarðhitarannsóknum og hins vegar á vatnamælingum. Hér er auðvitað um nauðsynlega starfsemi að ræða, en hins vegar talið ógerlegt að gera þetta, án þess að það leiði til einhverra vandræða. Það má á það benda, að heildarfjárveiting til Orkustofnunar er nú 24 millj. kr. og til Orkusjóðs 29 millj. kr., þannig að þar er um samtals 53,6 millj. kr. að ræða, sem greiddar eru til Orkustofnunar og Orkusjóðs á árinu 1968.

Gert er ráð fyrir að lækka framlag til löggæzlu um 6,8 millj. kr., sem svarar til um 5% löggæzlukostnaðar. Það hefur ekki verið endanlega ákveðið, á hvaða liðum þessi lækkun verði, og ég skal ekki fullyrða um það, að það verði að öllu leyti hægt að koma við þessum sparnaði í ár, en að því verður stefnt, og þegar er búið að setja í gang athugun á því, með hvaða hætti verði tiltækilegast að ná fram þessum sparnaði. Tilkostnaður við löggæzlu hefur vaxið mikið á undanförnum árum, en þar er fyrst og fremst um að ræða, að það hafa verið sett ný lög um löggæzlu eða lögreglumenn, sem hafa aukið stórlega þátttöku ríkisins í löggæzlukostnaði sveitarfélaga. Mjög hefur verið sótt að sveitarfélögunum, eins og hv. þdm. allir vita, um að efla löggæzluna og fá aukna aðstoð frá ríkinu í því sambandi, en hins vegar er hér um það veigamikinn útgjaldalið að ræða, að það þykir sjálfsagt og eðlilegt að kanna það til hlítar, hvort ekki er hægt með endurskipulagningu, án þess að það valdi tjóni í löggæzlunni, að stefna að því að draga eitthvað úr útgjöldum við þessa þjónustu.

Þá er gert ráð fyrir að lækka framlag til byggingar fangahúsa og ríkisfangelsa um 1 millj. 360 þús. kr. Lögbundið framlag til ríkisfangelsa er 1 millj. kr., en ekkert lögbundið framlag er til héraðsfangahúsa. Nú hefur þegar verið tilkynnt um fjárveitingu vegna ríkisfangelsis um 11,4 millj. kr. Þetta er auðvitað framkvæmd, sem nauðsynlegt er að ráðast í sem fyrst, en þetta verður mikið mannvirki, þegar hafizt verður handa um að byggja það. Auðvitað mun það ekki ráða neinum úrslitum um, hvenær í það verður ráðizt, hvort þessi fjárveiting verður veitt í ár eða ekki, enda þarf að gera sérstakar ráðstafanir til þess að afla fjár með einhverjum hætti til byggingarinnar, þegar tekið verður til við hana.

Lagt er til að fella niður framlag til hægri umferðar, 18,4 millj. kr. Í lögum um hægri umferð er gert ráð fyrir að afla fjár til þeirrar breytingar með sérstöku gjaldi á bifreiðar, sem dreifist á visst árabil. Kostnaðurinn við framkvæmdina fellur hins vegar til að verulegu leyti á þessu ári, og það er því nauðsynlegt að afla verulega aukins fjár til þess að standa straum af þeim kostnaði. Það þykir hins vegar mjög eðlilegt, úr því að ríkissjóður þarf að draga saman seglin með sín útgjöld, að létta af honum þeirri kvöð, sem ætlunin var að leggja á hann og taka að láni þessar 18,4 millj. kr. og það er ekki reynt að leysa það mál með öðrum hætti, þar sem það var, hvort sem er, ekki ætlunin, að ríkissjóður legði endanlega fram þetta fé.

Gert er ráð fyrir að lækka mjög verulega framlag til Almannavarna eða um 3 millj. kr., og verður þá aðeins eftir fé til þess að standa straum af rekstrarkostnaði þeirrar starfsemi. Almannavarnir hafa á undanförnum árum safnað að sér ýmiss konar birgðum. Í það hefur þetta fé verið notað, og talið er hægt að lækka þetta framlag, sem þessu nemur, á þessu ári.

Þá er gert ráð fyrir, að framlag ríkisins til eyðingar meindýra falli niður og það verði mál sveitarfélaganna eingöngu. Ekki er hægt að telja neitt eðlilegt við það, að það sé sérstakt framlag frá ríkinu í þessu sambandi, en hins vegar er rétt að taka það fram, að þetta hefur ekki áhrif á þessu ári,

vegna þess að það kemur ekki til fyrr en á árinu 1969. Framlagið er greitt eftir á og er sett hér í þetta frv. með hliðsjón af því, að það er, eins og ég sagði hér í upphafi míns máls, ekki eingöngu miðað við árið 1968, heldur einnig árið 1969.

Gert er ráð fyrir að leggja niður tvö prestsembætti á Keflavíkurflugvelli og í Danmörku. Þessi embætti eru hvorugt innan ramma prestakallaskipunarinnar, en hafa verið sett á stofn á undanförnum árum, og það þykir eðlilegt — þó að þetta geti verið gott og nauðsynlegt og sé það — að gera þá breytingu, sem hér er lagt til, þ.e. að fella þessi embætti niður, eins og sakir standa.

Þá er gert ráð fyrir að leggja það á Póst og síma að taka að sér framkvæmd skyldusparnaðar og framkvæmd orlofslaga. Það hefur að vísu verið verulegt deilumál undanfarin ár. Póstur og sími hefur aldrei talið sig fá nægilega greiðslu til að standa undir þessum kostnaði, en það hefur verið deilumál, enda erfitt að reikna það nákvæmlega út. Það er hins vegar alveg ljóst, að Póstur og sími hefur í veltu sinni mjög miklar fjárhæðir á hverjum tíma einmitt vegna þessarar þjónustu, sem léttir mjög rekstrarfjárútvegun þessarar stofnunar, þannig að á því sviði hefur stofnunin veruleg hlunnindi af þessari þjónustu. Það þykir því ekki óeðlilegt, að hægt sé að gera ráð fyrir, að stofnunin geti tekið þetta að sér og létt þessu af ríkissjóði.

Einnig er gert ráð fyrir, að ætla megi, að framlag til Ríkisábyrgðasjóðs geti orðið 10 millj. kr. lægra á þessu ári en áætlað er í fjárl. Fjárveitingin var hækkuð mjög verulega í fjárl. þessa árs með hliðsjón af þeim miklu erfiðleikum, sem fyrst og fremst sjávarútvegurinn átti við að stríða, og með hliðsjón af vaxandi vanskilum á s.l. ári. Auðvitað er ekkert hægt að fullyrða um þetta efni, en þær ráðstafanir, sem gerðar eru nú til þess að bæta aðstöðu sjávarútvegsins m.a. til þess að standa í skilum með sínar lánsskuldbindingar, ættu að geta leitt til þess, að vænta mætti meiri skilvísi á ríkisábyrgðasjóðslánum, þannig að reikna mætti með, að eitthvað létti á ríkissjóði vegna vanskila, sem ella hefðu orðið á þessum lánum.

Gert er ráð fyrir að lækka framlag til kaupa á ríkisbifreiðum úr 3,6 í 2,6 millj. kr. Á undanförnum árum hafa þær bifreiðar verið endurnýjaðar töluvert. Hins vegar hefur þeirri stefnu verið fylgt síðustu tvö árin, að engin fjölgun hefur átt sér stað í slíkum bifreiðakosti, og unnið hefur verið að því að setja fastar reglur um bifreiðaeign ríkisins — embættismanna sérstaklega — hverjir skuli hljóta þau hlunnindi, og þeirri athugun er nú lokið. Á hinn bóginn hefur þótt rétt að stefna að því að halda ekki við gömlum bifreiðum. Það hefur reynzt vera mjög dýrt, og þess vegna hefur verið leitazt við að endurnýja þessar bifreiðar nokkuð oft. Þær eru flestar nokkuð nýjar af nálinni, þannig að það þykir mega gera ráð fyrir því að skerða þetta framlag, án þess að það þurfi að hafa áhrif til hins verra á endurnýjun bifreiða.

Þá er gerð nokkur lækkun á framlagi til vitamála, sem er miðuð við það að fresta einni framkvæmd, sem á að vera auðið að fresta. Þessi frestun mundi hafa í för með sér nokkra lækkun.

Loks er gert ráð fyrir því, að framlag til Ferðaskrifstofu ríkisins verði lagt niður þ. á m. fjárveiting til landkynningar — 500 þús. kr. Þetta byggist ekki á því, að menn hafi ekki opin augun fyrir nauðsyn þess að stuðla að landkynningu, heldur á því að það er annars vegar talið eðlilegt, að Ferðaskrifstofa ríkisins geti með sinni venjulegu starfsemi staðið straum af hinum almenna rekstri sínum, og hins vegar er byggt á því sjónarmiði, að sú verzlunarstarfsemi, sem Ferðaskrifstofan hefur, skilar verulegum hagnaði. Eðlilegt er því talið, að sá hagnaður renni einmitt til landkynningarinnar. Aðstaða Ferðaskrifstofunnar hefur einmitt á þessu sviði verið bætt mjög verulega á þessu ári með minjagripaverzlun á Keflavíkurflugvelli, og nýlega hefur verið gerð ráðstöfun til að bæta aðstöðu Ferðaskrifstofunnar enn meira með því, að ákveðið hefur verið að krefjast ekki söluskatts af þeim munum, sem seldir eru í þessari verzlun. Við þetta fær Ferðaskrifstofan töluvert meira fé, þannig að ekki þykir óraunhæft að reikna með, að hægt sé að lækka framlagið til hennar svo sem hér er gert ráð fyrir.

Ég hef áður gert grein fyrir ákvæðum l. um lántökur og sé ekki ástæðu til þess að gera það, nema frekara tilefni gefist til.

Síðari gr. frv., sem ég hef ekki sérstaklega rætt um, tel ég heldur ekki ástæðu til að gera að umtalsefni vegna þess, að þær eru aðeins til þess að gera lögmætar þær ráðstafanir, sem getið er um í 1. gr., og fela í sér breytingar á lagafyrirmælum, sem nauðsynlegt er að breyta, til þess að gera þann sparnað mögulegan í ýmsum atriðum, sem ég hef nú vikið að.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til þess að þreyta hv. þdm. á lengri framsögu um málið, en er að sjálfsögðu fús til þess að gefa allar þær upplýsingar, sem þörf er á, og einnig mun að sjálfsögðu hv. n., sem fær málið til meðferðar, geta fengið þær skýringar, sem auðið er að veita á einstökum atriðum frv. Ég vildi leyfa mér að fara þess á leit við hv. n., að hún reyndi að hraða svo afgreiðslu málsins, að við gætum lokið afgreiðslu þess, ef mögulegt væri, á fimmtudag, en það veltur að sjálfsögðu á velvilja allra hv. nm., að það sé auðið. Ég legg þá til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. og aths. þessa frv., fjallar það um annars vegar að taka út af fjárl. 1968 138 millj. kr. og hins vegar að fjármagna með lántökum innan ramma framkvæmdaáætlunarinnar framkvæmdir við menntaskóla og ríkisspítala, sem nema 62,6 millj. kr. á yfirstandandi ári. Með þessu

móti á að létta á fjárl. 1968 um 200 millj. kr. í því skyni, eins og sagt hefur verið, að unnt sé að koma við sérstakri aðstoð við bátaútveginn og fiskvinnslustöðvarnar til viðbótar við þá hagræðingu, sem þessir aðilar væntanlega fengu við þá gengislækkun, sem framkvæmd var í nóvembermánuði s.l.

Og ég verð að biðja hæstv. fjmrh. að virða a.m.k. mér til vorkunnar, þó að ég taki öllum þessum útreikningum hæstv. ríkisstj. og sérfræðinganna með hæfilegum fyrirvara. Það er í allan vetur búið að hringla með þetta vesalings fjárlagafrv. Okkur er þessi saga vafalaust öllum í fersku minni, en hún er í stuttu máli eitthvað á þá leið, að þegar Alþ. kom saman í haust, lá á borðum þm. allmyndarleg bók, fjárlagafrv. fyrir 1968, en jafnframt þessu var svo lagt fram frv. um efnahagsráðstafanir. Samkv. því átti ýmist að afla nýrra tekna eða fella niður ríkisútgjöld, sem námu 750 millj. kr. Þannig átti að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum á næsta ári. Og þegar þetta var sagt, þóttist hæstv. ríkisstj. ætla sér að standa við stóru orðin frá því í kosningunum í vor, þ.e. að standa vörð um gjaldmiðilinn; gengislækkun yrði ekki framkvæmd, enda skyldu þeir, sem fyrir henni stæðu, fá að kenna á henni fyrst og fremst, ef til hennar kæmi. Svona var þessi kenning orðuð í vor. Það var sem sé nákvæmlega reiknað út, að það væri 750 millj. kr. bil, sem þyrfti að brúa. Á þessum málflutningi var þó auðvitað augljós galli — sem sé sá, að vanda atvinnuveganna var ýtt til hliðar. Menn létust ekki sjá hann í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu. Töfrabragðasnillingar ríkisstj. höguðu sér eins og paulæfðir „kabarett"-skemmtikraftar og töluðu um eitthvað annað til að leiða athyglina frá því, sem raunverulega var að gerast.

Þetta var í okt., þegar þingið kom saman.

Í nóv. var svo framkvæmd mjög stórfelld gengislækkun. Verð erlends gjaldeyris var að öllum jafnaði hækkað um 33,6% — eða þess gjaldeyris, sem ekki var lækkaður í verði á sama tíma — og enn kom þessi töframaður fram á sviðið til þess að tilkynna þjóðinni, að aldrei í sögu landsins hefðu aðrir eins útreikningar legið fyrir til að byggja á nákvæma gengislækkun. Gengislækkunin þurfti að vera 25,4% alveg upp á brot úr prósentu, til þess að hægt væri að reka útflutningsatvinnuvegina styrkja- og hallalaust. Svokölluðum gengishagnaði var ráðstafað hingað og þangað, m.a. til þess að byggja upp framtíðarsjóði fyrir atvinnuvegina, væntanlega af því að atvinnuvegirnir þyrftu ekki á þessum fjármunum að halda í svipinn; þeir gætu lagt þá til hliðar til að byggja upp fyrir framtíðina.

Samkv. þessum útreikningum var svo fjárlagafrv. afgr. sem lög í des. s.l., og jafnframt — eða svona um leið var sambandið milli kaupgjalds og verðlags fellt úr lögum, en til þess að draga úr áhrifum gengislækkunarinnar á lífskjörin var lofað tollalækkun, sem átti að verða 250 — 270 millj. kr. og bæta upp eða a.m.k. draga úr annars vegar áhrifum gengislækkunarinnar og hins vegar því, að nú skyldi ekki lengur greidd verðlagsuppbót á laun.

En svo kom jan. Þá komust sérfræðingar hæstv. ríkisstj. að því, að gengislækkunin dugði ekki. Forráðamenn útvegsins og hraðfrystihúsanna sannfærðu sérfræðingana um, að dæmið gengi ekki upp. Sjávarútveginn vantaði meira fé, og hraðfrystihúsin vantaði meira fé, og þegar niðurstöður þessara útreikninga lágu fyrir, kom í ljós, að 320 millj. kr. vantaði til þess, að þessi atvinnuvegur gæti starfað á ný.

Þar sem þessi staðreynd var viðurkennd í jan., þá var unnið að því í febr. að setja lög um aðstoð við hraðfrystihúsin upp á 202 millj. kr. og lofa stuðningi vegna fiskverðsins — um 120 millj. kr. eða eitthvað nálægt því. Þá var enn fremur í þeim mánuði unnið að því að framkvæma tollalækkun hæstv. ríkisstj. Hún varð að vísu ekki 250 millj. kr. — þaðan af síður 270 millj. kr., eins og sumir höfðu gert sér von um. Áætluð varð hún 159 millj. kr. Jafnframt var eins og hæstv. fjmrh. sagði áðan, verð á áfengi hækkað um 10% — og mig minnir nú, að í febr. hafi verið talið, að það mundi gefa 50 millj. kr auknar tekjur, en nú er talað um 40 millj. kr. tekjur. Vera má, að salan hafi minnkað þannig, að þessi áætlunarfjárhæð lækki af þeim sökum. Ég skal engan dóm leggja á það, enda má það svo sem einu gilda í þessu sambandi.

Nú er kominn marz, og þá eru það fjárl. enn á ný, sem þarf að taka til gagngerðrar endurskoðunar, og þetta frv., sem hér um ræðir, er eins og áður segir, flutt til þess að létta á fjárl. um 200 millj. kr. til þess að brúa það bil, sem þarna hefur skapazt, eins og hæstv. ráðh. komst að orði.

Það skemmtilega og góða við þetta allt saman er það að enn þá eru þessar tölur alltaf jafnhárnákvæmar. Þrátt fyrir till. um meiri sparnað á sumum liðum kemur það í ljós, að slíkt er alls ekki hægt; það er nákvæmlega þetta, sem hægt er að gera, og ekki hægt að hnika því til. Það sýnir afgreiðslu á þeim brtt., sem fluttar voru í hv. Nd. og ekki fengu hljómgrunn þar. Og mér finnst þetta minna mig á það, að hér sé sjónhverfingamaður — svo að ég haldi þeirri líkingu áfram — að reyna að blekkja áhorfendur, löngu eftir að áhorfendur hafa séð gegnum alla galdrana; það er ekki skemmtilegur þáttur.

Löngum hefur viljað brenna við, að hverjum þyki sinn fugl fagur. Það er einnig svo með hæstv. fjmrh. — ekkert síður þann, sem nú situr, heldur en aðra. Þeim hefur löngum þótt fjárlagafrv., eins og það hefur frá þeim komið, vera þannig úr garði gert, að sem allra minnst þyrfti að breyta því. Þegar fjárlagafrv. fyrir 1968 var hér til meðferðar í haust, var það sama uppi á teningnum. Þá var það mjög nákvæmt og vel undirbúið af hagsýslustjóra og fjmrh. og öllum þessum sérfræðingum, sem hæstv. ráðh. hefur sér til hægri handar, þegar þarf að fara með tölur. Þá var ekki hlustað á það sparnaðarhjal,

sem maður og maður var þó að halda hér uppi og jafnvel að bera fram till. um. Það voru taldar óraunhæfar og óframkvæmanlegar till., sem yrði að afgreiða sem markleysu.

Nú hefur — sem betur fer, vildi ég segja — þó komið í ljós, að dálítið er hægt að spara. Það er kannske ekki alveg eins mikið og sumir hafa viljað vera láta í sambandi við þetta frv., en nokkur sparnaðarviðleitni skýtur upp kollinum í þessu frv., og það er alveg sjálfsagt að virða það og meta. Ég skal fyrstur manna klappa fyrir hæstv. fjmrh., þegar honum hefur tekizt að koma fram raunhæfum sparnaði, en það veit ég, að hann vill. Ég efast ekkert um, að hæstv. fjmrh. vill halda vel á almannafé, og ég vil láta hann njóta fyllsta sannmælis um það, en náttúrlega ekki fyrr en það hefur verið framkvæmt, því að fyrr er ekkert að þakka. Ég veit, að fyrr ætlast hann ekki til neins þakklætis fyrir þau störf. En þetta frv. verðum við að skoða, til þess er það lagt hér fram, og reyna að gera okkur grein fyrir því, hvað sé raunhæfur sparnaður í þessum till. Ég mun nú leyfa mér að athuga þetta frv. örlítið nánar, bæði að því er snertir sparnaðinn í 1. og 2. gr. og önnur ákvæði frv. eftir því, sem mér finnst tilefni vera til.

Mig langar til að byrja á því að minnast á það, sem 2. gr. frv. fjallar um. Eins og hæstv. ráðh. sagði hér áðan og greint er frá í aths. frv., er um það að ræða, að hluti af tilteknum framkvæmdum, skólum og sjúkrahúsum, sem samkv. fjárlagafrv. í upphaflegri mynd var ætlazt til, að yrði kostað af fé úr ríkissjóði, verði nú fjármagnaður samkv. framkvæmdaáætlun. Þeir, sem hafa starfað í bönkum, kannast dálítið við þessa fjármögnun samkv. framkvæmdaáætlun. Ég man ekki vel, hvað það eru mörg ár síðan, að bankastjórar hér í Reykjavík og grenndinni voru kallaðir til viðtals við hæstv. bankamálaráðherra, þar sem erindi hans var að gera við þá svokallaða frjálsa samninga um það, að þeir legðu fram fjármagn til þess að standa undir ríkisframkvæmdum samkv. framkvæmdaáætlun; þetta var fyrir nokkrum árum.

Þessir samningar tókust, og síðan hafa bankarnir keypt ríkisskuldabréf eða ríkistryggð skuldabréf fyrir 10% af sparifjármynduninni ár hvert. Þessar fjárhæðir hafa verið misháar auðvitað, eins og gefur að skilja. Ætli þær hafi ekki verið árið 1966 eitthvað um 90 millj. kr. en árið 1967 voru þær miklu lægri vegna þess, að sparifjármyndunin dróst þá saman, en ég ímynda mér, að þær hafi verið um 50—60 millj. kr. Þessar kvaðir eru lagðar á bankana til viðbótar þeirri almennu sparifjárbindingu, sem oft hefur verið rædd hér á hv. Alþ., þ.e. 30% af nýju sparifé, sem bönkunum er gert að geyma á bundnum reikningum í Seðlabankanum. Auk þess hefur ríkissjóður að undanförnu aflað sér lagaheimildar til þess að gefa út spariskírteini og skuldabréf með kjörum, sem bankarnir hafa ekki getað eða mátt taka þátt í og ekki getað staðið undir að fjármagna með afborgunum og greiðslum miðað við vísitölu.

Þessi binding eða bréfakaup vegna innlendra framkvæmdalána eru mjög erfitt bindingarform fyrir bankana — jafnvel verra en sjálf almenna sparifjárbindingin, vegna þess að þessi bréf eru yfirleitt til langs tíma — 15 ára gjarnan — og bankarnir fá ekkert til baka af þessu fé, þó að innistæður þeirra minnki. Aftur á móti er almennu bindingunni þó þannig fyrir komið, að verði sparifjárlækkun í einhverjum tilteknum banka, þá skilar þó Seðlabankinn aftur bundna fénu í næsta mánuði; það hefur oft komið fyrir. Ég hygg, að það hafi komið fyrir í flestum bönkum, a.m.k. hefur það komið fyrir í þeim banka, sem ég starfa við. Það dregur vitanlega svolítið úr þeim miklu erfiðleikum, sem skapast hjá peningastofnunum, þegar ráðstöfunarfjármagnið minnkar. En þessi framkvæmdalán greiðast sem sé á umsömdum tíma, þ.e. 15 árum.

Hins vegar er rétt að geta þess, að framkvæmdalánin eru með skaplegri vaxtakjörum en almenna bindingin. Almenna bindingin er náttúrlega með óheyrilega hörðum vaxtakjörum fyrir bankana, þar sem vaxtakjörin eru aðeins 1% fyrir ofan meðalinnlánsvexti í viðkomandi banka, í flestum 8% í stað 10%, sem bankarnir geta fengið á almennum markaði, og er að gera rekstraraðstöðu a.m.k. minni bankanna algjörlega ómögulega. Vera má, að stórir ríkisbankar þoli þetta, sem hafa hundruð millj. af eigin fé til þess að standa undir kostnaði sínum. En þeir bankar, sem eru að byrja starfsemi sína, hafa ekki neitt slíkt, og þeir þola ekki þessi kjör. Ég vonast til þess, að hæstv. fjmrh., sem þekkir þessi mál mjög vel, vilji beita áhrifum sínum til þess að koma einhverjum lagfæringum á í þessu, þó að það sé annað mál en er hér til umr., ég veit, að hann hefur fullan hug á því. Það er þess vegna ekki nema von, að hæstv. fjmrh., sem þekkir aðstöðu bankanna, tali um það, eins og hann minntist á hér áðan, að menn hafi haft grun um, þegar fjárlagafrv. var samið upphaflega, að það mundi vera ærið þröngt á lánamarkaði hjá lánastofnunum á árinu 1968 og þess vegna hefði hæstv. ríkisstj. ætlað að fjármagna sumar af þessum framkvæmdum með ríkisfé, en ekki með lánsfé, sem aflað væri á þann hátt, sem ég var nú að lýsa.

En því miður finnst mér, að þessi síðasta breyting bendi alveg eindregið í þá átt, að enn á ný — einu sinni enn — muni forráðamenn bankanna hér í Reykjavík og nágrenni verða kallaðir á fund einhvers hæstv. ráðh. og beðnir um að semja um það einu sinni enn að leggja 10% eða hvað það nú verður af nýju sparifé í framkvæmdaáætlunina.

Hvernig sem það verður, er það þó alveg ljóst, að þarna er ekki um neinn sparnað að ræða. Þarna er um að ræða lántökur í stað ríkisframlags. En það eru samt eftir 138 millj. kr. í þessu frv., sem ætti þá að vera sparnaður, eftir því sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, en það er bara ekki alveg rétt. Þetta er ekki allt saman sparnaður. Það eru fleiri lántökur í þessu frv. en þær, sem nú voru greindar. T. d. er í 21. lið 1. gr. fjallað um framkvæmd umferðar-

breytingarinnar frá vinstri til hægri; þær 18.4 millj. kr., sem felldar eru út af fjárl., eiga að nást með lánsfé. Samkv. 3. gr. frv. er heimilt að afla láns — nákvæmlega sömu upphæðar — til þess að mæta þessum sparnaði, svo að þegar af þessari ástæðu verður að draga hér frá 18.4 millj. kr., og því er ekki hægt að tala um sparnað að því leyti, en samt eru eftir 120 millj. kr. — dálaglegur skildingur.

Það verður því miður að kroppa dálítið meira í þennan póst, því að 25. og 26. liður 1. gr. fjalla um kostnað við skylduspamað og kostnað við framkvæmd orlofslaga. Ráðgert var að greiða póst- og símamálastjórninni úr ríkissjóði fyrir að hafa þessa framkvæmd með höndum. Samkv. þessu frv. fellur sú greiðsla niður, og þessi kostnaður verður eftir sem áður greiddur af Pósti og síma — hann verður m. ö. o. greiddur af þeim hluta ríkistekna, sem Póstur og sími innheimtir. Ekki er þetta neinn sparnaður; þetta eru sömu tölurnar. Þær eru greiddar af öðrum ríkistekjum heldur en þeim, sem fjárlagfrv. fjallar sérstaklega um. Þetta er bókhaldsatriði, en ekki sparnaðaratriði; það hljóta allir þm. að sjá og ekki sízt hæstv. fjmrh., sem veit þetta vitanlega manna bezt. Þessir tveir liðir eru rúmar 8 millj. kr., og þeir verða þá líka að dragast frá.

En það eru samt 112 millj. kr. eftir. Af þessum 112 millj. kr. er um það bil helmingur, sem er framlag hins opinbera í sjóði atvinnuveganna — ýmsa sjóði atvinnuveganna. Tveir af þessum liðum a. m. k. eru hreinir áætlunarliðir. Það fjármagn til Ríkisábyrgðasjóðs, sem þarf, verður lagt fram, og niðurstaðan úr dæminu breytist ekkert, þó að við í bjartsýni okkar áætlum, að við getum sparað hér 10 millj. kr. Ríkissjóður verður að standa skil á þessum greiðslum að fullu, þegar þar að kemur, eftir öðrum reglum heldur en þeim, sem hér er talað um. Hvað hinum sjóðnum viðvíkur, Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins — það er að vísu ekki alveg rétt, að þar sé um áætlunarupphæð að ræða, ég tek það nú aftur — er ætlunin að lækka hlut ríkissjóðs úr helmingi í þriðjung. Hæstv. ráðh. gat þess hér áðan alveg sérstaklega, að reglum um greiðslur úr þessum sjóðum stæði ekki til að breyta. Það hlýtur þá vitanlega að þýða það, að þeim fjárhæðum, sem þarf að greiða úr sjóðnum verður að standa skil á, og eins og ég sagði um Ríkisábyrgðasjóð, þá er hér um áætlaða fjárhæð að ræða. Vel má vera, að þessi áætlun sé rétt, og sízt skal ég harma það, ef svo væri, en vissa fyrir því er vitanlega engin.

Þrjátíu millj. kr. af þessum hluta frv. eru framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs, sem hefur staðið í lögum árum saman og nú stendur til að fella niður. Vel má vera, að það sé skoðun hæstv. ríkisstj., að hún sé búin að gera svo mikið fyrir sjávarútveginn, að það sé óhætt og fært að fella þetta framlag niður. Mér fannst það koma fram hjá hæstv. fjmrh. En annað er að heyra á forráðamönnum þessarar atvinnugreinar, því að mér skilst — ég hef að vísu ekki getað fengið að sjá það bréf — að til hæstv. fjhn. Nd. hafi í gær borizt harðort mótmælabréf frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, þar sem því er mótmælt, að þetta framlag sé fellt niður, og talað um, að það sé full þörf á því að halda því óbreyttu. Ég býst við því og verð að segja það, að manni heyrist ástand atvinnuveganna a. m. k. vera þannig — og þá þessa atvinnuvegar ekki síður en annarra — að það sé full þörf á allri þeirri aðstoð, sem lögleidd hefur verið til þeirra, og þess vegna sé það misráðið og eigi eftir að hefna sín að fella þessar greiðslur niður.

Þegar verið var að semja um kaup og kjör síðast, var hljóðið afskaplega dauft í þeim, sem sátu atvinnurekenda megin við borðið. Ég tók eftir því t. d., að í Morgunblaðinu, dagana eftir að verkfallinu lauk, voru mörg viðtöl við forystumenn þessara atvinnuvega, þar sem þeir báru sig hörmulega og sumir gengu m. a. s. svo langt að segja, að hver hækkun, sem samið væri um, yrði að koma úr ríkissjóði eða annars staðar frá — sjálfir gætu þeir ekkert á sig tekið. Kannske er þetta bara ástæðulaus barlómur, sem ekki er vert að hlusta á, og mér sýnist að sú ráðstöfun að leggja niður ríkisframlagið, sem staðið hefur árum saman til Fiskveiðasjóðs, beri vott um það, að þannig sé litið á á æðstu stöðum.

Ég ætla ekki að rekja þessa liði hvern fyrir sig. Eftir að ég er búinn að tala um það, sem hér hefur verið nefnt, þá eru samt eftir 61 millj. kr., sem á að spara á yfirstandandi fjárlagaári eða þyrfti að spara á þessu fjárlagaári til þess að ná endum saman. Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. sagði það æðioft í sinni framsöguræðu, að þetta mundi ekki koma að liði á þessu ári. Ég ætla ekki að fara að telja það upp, hvaða liðir það voru. Sumt af því voru smáir liðir, en það er náttúrlega skylt að taka viljann fyrir verkið, og sá sparnaður kemur að gagni, sem ráðgerður er núna, þó að það verði ekki fyrr en síðar, en hann jafnar náttúrlega ekki dæmið á fjárl. 1968.

Það er auðvitað alltaf mikið matsatriði og erfitt — það skal ég fúslega viðurkenna — að ætla sér að ákveða, þegar á að fara að spara, hvað á að fella niður. Það kemur alltaf illa við einhvern, þegar greiðslur, sem staðið hafa á fjárl., eru felldar niður, og ég ætla ekkert að fara að deila á hæstv. fjmrh. fyrir þær till., sem hann gerir hér til sparnaðar. Sumar þeirra eru alveg sjálfsagðar, og þarf engan rökstuðning fyrir þeim, t. d. eins og það að lækka stjórnarráðskostnaðinn, risnuna og nefndakostnaðinn. Ef það er hægt að lækka hann um 2 millj. kr., þá er það sjálfsagt og hefði átt að vera búið að því áður. Og það er enginn heldur að deila á það, að ekki séu keyptar ríkisbifreiðar eða reknar fyrir 1 millj. kr. minna heldur en gert var á s. l. ári. Úr því að hæstv. ráðh. telja sér kleift að komast leiðar sinnar fyrir 2,6 millj. kr. á þessu ári og aðrir þeir, sem þessara bifreiða njóta, þá er það góðra gjalda vert og virðingarvert. Og þannig eru náttúrlega nokkrir liðir í þessu frv., sem sjálfsagt er að taka vel.

Ég vil þó aðeins leyfa mér að benda á, að af þessari 61 millj. kr., sem eru eftir, eru 16.7 millj. kr. — eða núna 16.2 — ætlaðar menntamálunum í landinu í einni eða annarri mynd. Háskólinn á að lækka um 575 þús. kr.; það á að fresta að skipa þar í

prófessorsembætti, sem mér skilst, að hafi verið liður í 10 ára áætlun Háskólans, sem verður þá einu árinu lengri eða svo. Á rekstri skóla á að spara 6.6 millj. kr., á skólabyggingum 5 millj. kr., á fræðslumálaskrifstofunni 2 millj. kr., á Kennaraskólanum 1 millj. kr. og á safnahúsinu 1 millj. kr.

En ég nefni þessi mál alveg sérstaklega vegna þess, að ég óttast það, að við séum að dragast aftur úr nágrannaþjóðum okkar í menntamálum þrátt fyrir allt okkar fræðslukerfi og þrátt fyrir það vissulega töluvert mikla fjármagn, sem til þessara mála er varið. Í heiminum nú er það menntunin, sem hefur úrslitaáhrif á hag og afkomu þjóðanna. Okkur er það blátt áfram lífsnauðsyn að fá börnum okkar góða og raunhæfa menntun til þess að geta hagnýtt auðlindir landsins og staðizt samkeppnina við aðrar þjóðir. Nú er það fyrst og fremst sérhæfingin, sem gildir, ekki þetta gamla: Löngum var ég læknir minn, lögfræðingur, prestur o. s. frv., heldur sérhæfingin. Það var einu sinni gott að vera þúsund þjala smiður, og það var einu sinni nauðsynlegt að vera það til þess að geta lifað, en nú er það sérhæfingin fyrst og fremst, sem áherzlu verður að leggja á.

Ég sá það um daginn í erlendri bók eða blaði, að það eru fleiri en Íslendingar, sem þurfa að gera sér grein fyrir því, hvers virði menntunin er, að allar Evrópuþjóðir þurfa að átta sig á því, að þær eru ekki fyrst og fremst í efnahagsstríði við auðlindir Bandaríkjamanna, heldur menntunina í því landi — og ekki bara þessa háskólamenntun, sem okkur þykir mikið varið í og er góð, heldur einnig og ekki síður ýmsa tæknilega menntun. Því var haldið fram, að Bandaríkjamenn væru langt á undan öðrum þjóðum í slíkri sérhæfingarmenntun, Rússar kæmu þar næstir og þó langt á eftir og Bretar væru svo skástir hér í V-Evrópu. Ég skal viðurkenna það, að mér og sjálfsagt mörgum öðrum þykir þessi einhæfa menntun heldur hvimleið. Við viljum helzt vera jafnvígir bæði á raunvísindi og húmanisk fræði, en í lífsbaráttu þjóðanna ræður sérhæfingin óhugnanlega miklu; við verðum að gera okkur grein fyrir þessu. Þetta styður svo hvað annað, eins og sagt var í þessari grein, sem ég áðan minntist á. Vegna velmegunarinnar, sem bandarísk menntun hefur skapað þar í landi, sogast færustu vísindamenn annarra landa þangað, og þannig breikkar bilið jafnt og þétt. Ýmsar þjóðir hér í nágrenni okkar vita þetta og eru að reyna að gera ráðstafanir til þess að mæta þessum vanda. Mér er sagt, að í Noregi hafi verið gert stórátak í aukinni menntun að undanförnu, og þannig kann það að vera víðar, ég er ekki svo kunnugur því. En við þurfum að endurskoða skólakerfið.

M. a. o.: Hvað líður þessari margumtöluðu endurskoðun skólakerfisins? Nú á að breyta til á fræðsluskrifstofunni, hjá íþróttafulltrúa og öðrum starfsmönnum við þessi mál, en hvað líður sjálfri endurskoðuninni á skólalöggjöfinni og á námsefninu? Ég veit, að við fengum ný skólakostnaðarlög; mér er kunnugt um það. Við ætlum að fara að breyta þeim núna og ég hef ekki gleymt því, en ég á hér fyrst og fremst við, hvort við þurfum ekki að endurskipuleggja námsefnið og kennsluaðferðirnar og taka upp nýtízkuaðferðir í þessum efnum; ég held það. Ég veit það, að þeir, sem eiga börn í skóla hér í Reykjavík a. m. k. — það er mér kunnugt af eigin raun — eru ekkert ánægðir með það, hvernig kennslan er og hvernig fyrirkomulagið er í skólunum. Það er t. d. til engrar fyrirmyndar að hafa stundaskrána þannig, að börnin þurfa að fara að heiman kl. 8 eða 9 á morgnana og koma ekki heim fyrr en kl. 7—8 á kvöldin, eins og dæmi eru um og ég get nefnt, ef á þarf að halda. Og þannig mætti fleira til tína. Ég er ekkert að segja það, að þeir sem starfa að fræðslumálunum hér og hæstv. ráðh. þar með taldir, vilji ekki vel í þessum efnum, en ég vil bara vara við því, að við förum að spara á þessum málum, ef við getum komið sparnaði við annars staðar — a. m. k. ef sá sparnaður þarf að kosta það, að við slökum á kröfunum; við höfum ekki efni á því. Það er gott að hagræða skólamálunum, eins og talað er um í þessu frv. og spara á þann hátt, ef það er hægt, en ég óttast, að það komi niður á menntuninni, og þá borgar sá sparnaður sig illa.

Og hvernig er með námsaðstöðuna úti á landi, úr því að farið er að tala um þetta? Hún er náttúrlega engan veginn nógu góð. Ég vék að því, að foreldrar hér í Reykjavík væru óánægðir. Það eru þó alveg smámunir á móti því, sem maður heyrir víða utan af landi, þar sem menntunaraðstaðan er engin, þegar komið er upp fyrir skyldunám og kannske tæplega það. Og nú sýnist manni, að með þessu frv. eigi að minnka eða draga úr starfsemi þeirra manna, sem þó helzt hafa haft það verkefni að fylgjast með því, að menntunaraðstaðan úti á landi væri ekki lakari en hún þyrfti að vera samkv. lögunum. Nú á að draga úr fjárveitingum til námsstjórakerfisins og flytja alla námsstjórana inn í menntmrn. Ég skal ekki segja, hvernig þessum málum á að skipa í framtíðinni, en ég óttast, að þetta verði ekki til bóta.

Þá langar mig til að minnast hér aðeins örfáum orðum á 14. og 15. lið, en þeir fjalla um mat á síld og öðrum fiski. Hér á að spara 4 millj. kr. eða um helming fjárveitingarinnar. Ég hef séð, að það var lagt fram hér frv. í gær um eftirlit á mati á fiski og fiskafurðum. Það er samið af n., sem tók til starfa 14. sept 1960, svo að það er nú ekki flanað að neinu og mætti ætla, að hér væru vel ígrundaðar till. á ferðinni, og ég býst við, að þær séu það; ég vonast a. m. k. til þess. Á grundvelli þessa frv., skilst mér svo, að eigi að koma við áður alveg óþekktri hagræðingu í því að meta fisk og aðrar sjávarafurðir. Það getur vel verið, að þetta sé hægt — ég þekki þetta ekki svo, en mig langar bara til þess að minna á það, hversu nauðsynlegt það er fyrir okkur að halda uppi vönduðu gæðaeftirliti á þeirri útflutningsvöru, sem héðan fer. Það er mjög nauðsynlegt fyrir okkur að afla markaða, og það hefur

talsvert verið gert til þess — þó ekki nærri nóg. En það er líka nauðsynlegt — og ekkert síður — að halda þeim mörkuðum, sem búið er að afla. En hvernig hefur það tekizt? Engan veginn nógu vel, og það tekst fyrst og fremst ekki, vegna þess að kaupendur hafa ekki getað treyst því, að varan sé eins góð og hún á að vera. Menn vita ekki, hvað þeir eru að kaupa oft og einatt, þegar þeir eru að festa kaup á þessum vörum, og meðan íslenzk framleiðsla, hvort sem hún raunverulega er ætluð til útflutnings eða innanlandsneyzlu, er ekki vegna eigin krafna, ef svo mætti segja, alltaf nægilega góð, þá verður hið opinbera að halda uppi þessu eftirliti. Það er að mínum dómi algjörlega nauðsynlegt. Ég er ekkert að segja, að þetta sé endilega einhver ólæknandi þjóðarlöstur hjá okkur að geta ekki ástundað vöruvöndun. Ég veit, að í sumum greinum er það gert, en þess er bara að gæta, að margar af þessum framleiðslugreinum eru nýjar og sumar eru starfræktar í tilraunaskyni, og það er ekki rétt gagnvart öðrum heldur að leyfa hverjum sem er að spilla fyrir sölumöguleikum ísl. afurða með óvandaðri vöru. Sumir, og vafalaust margir, leggja áherzlu á að selja alltaf fyrsta flokks vöru, en það er bara ekki nóg, ef við hliðina á þeim er selt sem ísl. framleiðsla eitthvað annað, sem ekki stenzt kröfurnar og spillir sölumöguleikum allrar framleiðslunnar. Það er nauðsynlegt að hafa gát á þessum málum. Þetta frv. er nýframborið, eins og ég áðan minntist á, og það er vel mögulegt — ég skal ekkert mótmæla því að svo stöddu — að það hafi fundizt upp svo stórfelld hagfræði í fiskmati og síldarmati, að hægt sé að fella niður helminginn af þeim fjárveitingum, sem til þess eru ætlaðar; það er gott, ef svo verður.

Þá langar mig til þess að víkja örfáum orðum að 12. lið, sem fjallar um utanríkisþjónustuna. Utanríkisþjónustan og sendiráð Íslands erlendis eru auðvitað margrætt mál hér á hv. Alþ. Það er eitt af því, sem mörgum hefur komið fyrst í hug, þegar þeir hafa ætlað sér að leggja fram sparnaðartill. við fjárl. bæði nú og löngu fyrr. Það er mín skoðun, að við þurfum fyrst og fremst markaðsráðunauta. Við þurfum fyrst og fremst menn, sem afla okkur markaða, og viðhalda þeim og selja íslenzkar vörur erlendis og afla þeim álits. Hvort við köllum þessa menn sendiherra eða eitthvað annað, það er algjört aukaatriði. Það er þetta, sem þessir menn þurfa fyrst og fremst að leggja rækt við. Það hefur verið upplýst hér, að komið hafi til tals að leggja niður sendiráð okkar í Ósló og Stokkhólmi. Hæstv. fjmrh. upplýsti áðan, að þetta hefði komið til tals. Það voru menn raunar búnir að frétta, því að í sjónvarpi frá Ósló var einmitt frá því skýrt, að íslenzkir valdhafar hefðu haft þetta fast í huga, en þá hefðu komið upp ákveðin mótmæli frá valdamönnum þessara þjóða — og þá alveg sérstaklega Per Borten forsrh. Norðmanna — og þeir hefðu tekið þessu mjög illa. Fréttir bárust jafnframt af því, að sú hugmynd hefði skotið upp kollinum — ég veit ekki, hvort það var á þingi Norðurlandaráðs eða einhverjum aukaþingum í sambandi við það — að Norðurlöndin öll gætu og ættu að hætta að skiptast á gagnkvæmum sendiherrum. Séu ríkisstj. annars staðar á Norðurlöndum reiðubúnar að ræða þetta, finnst mér, að við ættum að taka þetta mál upp í fullri alvöru. Það mundi henta okkar sparnaðarþörf ágætlega að geta lagt niður þrjú sendiráð á Norðurlöndum í fullri vinsemd við þær ríkisstj., sem þar sitja. Við höfum Norðurlandaráð. Það heldur þing á hverju ári og samþykkir hinar merkustu till., eins og allir alþm. þekkja, og þar gæti náttúrlega verið ákjósanlegur vettvangur fyrir forystumenn Norðurlandanna að skiptast á skoðunum — ekkert síður þó að sendiráðin væru lögð niður, heldur einmitt miklu fremur. Auk þess eru samgöngur nokkuð tíðar orðnar milli þessara vina- og bræðraþjóða. Þetta er því athyglisverð hugmynd, sem ég býst fastlega við, að hæstv. ríkisstj. hljóti að taka til athugunar og reyna að koma í framkvæmd.

En það er víðar en hér og annars staðar á Norðurlöndum, sem það er hugleitt að fella niður sendiráð. Og mig langar til þess að sýna það og sanna með því að benda á grein, sem birtist þann 10. marz s. l. í blaðinu „Sunday Express" í London. Þar er verið að skrifa um nýgerðar breytingar eða skipanir Breta í sendiherrastöðurnar í Washington og París. Það var hr. John Freeman, sem var skipaður sendiherra í Washington, og tengdasonur Winstons Churchills — hvað heitir hann nú aftur — Christopher Soames, sem var skipaður sendiherra í París. Og þegar höfundur greinarinnar er búinn að gera þessum sendiherrum nokkur skil, þá kemur þessi kafli, sem mig langar til þess að lesa hér í eigin þýðingu, með leyfi hæstv. forseta:

„Sendiráðin höfðu einu sinni tilgang. Það var að koma á framfæri skilaboðum á milli ríkisstjórna, sem ekki var hægt að senda eftir neinum öðrum leiðum, einnig að gefa skýrslur um önnur ríki og hvað þau væru að gera. Þessi verkefni eru nú eins úrelt og það mundi vera að geyma hesta í bílskúrnum. Ef hr. Wilson vill koma skilaboðum til Johnsons forseta, getur hann notað símann. Ef Wilson af einhverjum misskilningi skyldi langa til að tala við de Gaulle, gæti hann flogið til Parísar og náð heim í kvöldmatinn. Nú geta engin áríðandi skilaboð farið um sendiherrana, og önnur skilaboð er ekki ómaksins vert að senda. Ef hr. Wilson eða hver, sem vera skal, vill vita, hvað er að gerast í franskri eða ameríkskri pólitík, þarf hann ekki að bíða eftir skýrslum frá sendiherra sínum. Í dagblöðunum fær hann skýrslur, sem eru a. m. k. eins vel skrifaðar og oftast nær byggðar á meiri þekkingu. Hvers vegna stokkum við ekki upp í þessari utanríkisþjónustu? Að vísu þyrftum við fyrsta kastið að greiða dálagleg eftirlaun, en þessi tilgangslausa eyðsla mundi samt einhvern tíma taka enda. Ég býst við, að við þyrftum á nokkrum konsúlum að halda til að hugsa um skipreika sjómenn og vegalausa ferðalanga, og sjálfsagt er, að þeir, sem hefðu áhuga á að halda boð á eigin kostnað, ættu að mega gera það í nafni drottning-

arinnar. Sannarlega væri það ekki svo vitlaus hugmynd að halda uppboð á eftirsóttustu sendiherraembættunum. Það er misskilningur að halda það, að staða Bretlands sé undir einstaklingsbundnum verðleikum nokkurra sendiherra komin eða íburðarmiklum veizlum, sem þeir halda. Staða Bretlands byggist á atriðum eins og því að geta lagt fram eða útvegað réttar vörur á réttum tíma. Hún byggist á réttri efnahagsstefnu og traustum efnahag. Séum við sterk, þurfum við enga sendiherra, en séum við veik, koma engir sendiherrar að nokkru gagni. Þetta vita allir og játa í kyrrþey; samt er hin fányta eyðsla látin halda áfram. Flestir þeir, sem afskipti hafa af opinberum málum, lifa í voninni um að hljóta vel þroskaðan ávöxt að launum fyrr eða síðar og hika þess vegna við að minnka framboðið á þeim."

Ég skal ekkert segja um það, hvort þessi síðasti kafli á við hér. Ég tel það satt að segja mjög vafasamt, en hann virðist eiga við í Bretlandi. En þessi grein sýnir það, að það er alls ekki fráleit hugmynd, sem menn eru að velta fyrir sér hér, að hætta eða draga verulega úr þessum sendiherraskiptum. Hæstv. ríkisstj. hefur sýnt virðingarverða viðleitni í því að byrja á því að draga úr þessu með því að ætla að kalla heim 5 sendiráðunauta og spara á því 3 millj. kr. á þessu ári. Það er ágætt.

Bæði um það og annan sparnað í þessu frv. vil ég bara segja að vonandi kemur hann ríkissjóði að notum, án þess að tjón hljótist af fyrir þá starfsemi, sem fyrir sparnaðinum verður. Þetta frv. er kallað bandormur í daglegu tali vegna þess, hvernig það er byggt upp. Það er alveg rétt, að þetta er ekki einsdæmi. Það var bandormur hér 1940, og síðan hafa nokkur frv. verið borin fram og lög sett, sem eru eins upp byggð, þ. e. þau fjalla um breytingu á mörgum lögum. Og flestar af þessum gr. eru eins og hæstv. fjmrh. gat um, afleiðing þeirra breytinga, sem samkv. 1. og 2. gr. verða á fjárveitingum til ýmissa liða á fjárl. 1968. Þannig fjallar 3. gr. t. d. um lántöku vegna hægri umferðar, 5. gr. um námsstjórana og 4. gr. um lán af geymdum fjárveitingum o. s. frv.

En svo koma nokkrar greinar, sem virðast alls ekki eiga þar heima, eins og skrattinn úr sauðarleggnum, ef svo mætti segja. Þannig er t. d. í 7. gr. allt í einu farið að fjalla um framtíðarskipulag fræðslumálanna — ekki bara fyrir fjárlagaárið 1968 og 1969 eins og ein önnur grein, heldur til frambúðar. Og eftir því sem mér heyrðist hér í gær var aðalröksemdafærslan fyrir því, að þessi breyting þyrfti að koma í þessu frv., sú, að hæstv. menntmrh. virðist skorta lagaheimild til að sameina undir einu þaki ýmsa af þessum þáttum starfseminnar. Ég tel, að ekki þurfi lög til þess að flytja fræðslumálastjóra innan úr Borgartúni, íþróttafulltrúa úr Arnarhvoli og fjármálaeftirlitið af Laugavegi undir eitt þak, ef það þak væri einhvers staðar að finna. Ég býst við því, að þessi sameining hafi fyrst og fremst ekki verið framkvæmd vegna þess, að það er ekkert húsnæði til. Í upphaflega frv. var ráðgert, að þessi breyting tæki gildi, þegar húsnæði hefði fengizt. Það mun sennilega vera einsdæmi í lögum, að gildisdagur þeirra sé miðaður við húsnæðisástandið, en einu sinni verður allt fyrst. Þessu er nú búið að breyta. Þetta var lagað í Nd., og enda vitanlega ekki hægt að láta þetta sjást. En þessi breyting er vægast sagt mjög einkennileg, og ég hlustaði aðeins í gær á báða ráðh., hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh., leiða rök að því, hvers vegna þessi breyting væri nauðsynleg. Ég botnaði satt að segja heldur lítið í þeim málflutningi, því að í öðru orðinu var það sagt, að það mundi engin breyting verða, fræðslumálastjóri yrði áfram fræðslumálastjóri og gerði allt, sem hann hefur gert, sömuleiðis íþróttafulltrúi o. s. frv., en samt átti að leiða af þessu heljarmikinn sparnað — að vísu ekki á þessu ári, en á næsta ári og þaðan í frá. Það getur vel verið, að það megi endurskipuleggja margt í þessum málum; ég skal ekkert draga úr því. Ég hef ekki kunnugleika á því, svo að það getur verið. Sjálfsagt væri það til mikilla bóta að hafa þessa starfsemi alla undir einu þaki. En til þess þarf vitanlega enga lagabreytingu. Mér hefði þótt mjög æskilegt, að ekki sé meira sagt, að það væri nú upplýst, þótt seint sé, hvernig á að koma þessum málum fyrir eftir breytinguna. Það er talað um það í frv., að l. frá 1930 um fræðslumálastjóraembættið eigi að falla niður, og það á að gera miklar breytingar á skólakostnaðarlögunum, þessum nýju frá því í vor, sem þá þóttu nú ágæt. Er þá ætlunin með þessu að setja ný lög, sem koma í stað þessara laga síðar, og ef það er ætlunin af hverju er það þá ekki gert núna? Eða á framvegis að skipa þessum málum eftir geðþótta hæstv. menntmrh., eins og öðrum þræði mátti skilja á ræðu hans í gær? Á fræðslumálastjórinn að sinna þeim verkefnum, sem honum eru samkv. l. frá 1930 nr. 35 falin og þar eru talin upp sem afmarkað verksvið, eða á hann að vera starfsmaður hæstv. menntmrh. og vinna þau verk, sem hann felur honum? Þetta er vissulega spurning, sem nokkurs virði er að fá svarað, og mér finnst satt að segja ótrúlegt annað en þeir hv. þm., sem ætla sér a. m. k., að samþykkja þessa breytingu og bera ábyrgð á henni, vilji fá að vita, hvað þeir eru að gera og hvernig þessu á að vera varið. Það mundi mér a. m. k. þykja eðlilegt ef ég ætlaði að takast á hendur slíka ábyrgð.

Svipaðs eðlis eru ákvæðin í 8. gr., sem fjalla um það að fella niður framlagið til Landnáms ríkisins; þau eiga að gilda til tveggja ára. Ég skil satt að segja ekki þörfina á því að tiltaka tvö ár. Það verða væntanlega samin fjárl. fyrir 1969 eða frv. að fjárl. og þá hægurinn hjá, held ég, að sleppa þessari fjárveitingu, ef það verður tilætlun valdamanna þá, að landnámið skuli annað árið verða af þessum peningum. Nóg um það, hvort landnám eigi að halda áfram að fá fjárveitinguna eins og nú hagar til í landbúnaði — út í það skal ég ekki fara og alls ekki deila við hæstv. fjmrh. um það. Eins og hann vék að, þá hefur verið bent á það í hv. Nd., að full þörf væri fyrir þessa fjárveitingu til skyldra fram-

kvæmda, t. d. til að reisa nýbýli og til þess að auka fóðuröflun og draga þannig úr innflutningi fóðurbætis, sem er ákaflega dýr og er, eftir því sem mér skilst, landbúnaðinum nú mjög þungur í skauti. En eins og ég sagði hér áðan, þá ætla ég ekki að deila við hæstv. ráðh. um það, hvaða liðir það eru, sem felldir verða niður. Það er matsatriði, og vitanlega ræður hann því hvaða liðir það eru, sem hann telur mesta ástæðu til þess að farga.

Ég vil þá ekki víkja að fleiri liðum frv. Mig langar aðeins, áður en ég lýk máli mínu, að minna á það, að í aths. við 1. gr. er talað um það, að ókleift hafi reynzt að framkvæma svo mikla lækkun fjárveitinga, án þess að um nokkra skerðingu þjónustu á ýmsum sviðum sé að ræða, og þar segir, að þó hafi tekizt í meginatriðum að haga fyrirhugaðri útgjaldalækkun svo, að hvorki sé haggað meginstefnu varðandi þjónustu ríksins né að nokkru ráði dregið úr verklegum framkvæmdum. Það er sérstaklega orðið „meginstefna“ þarna, sem ég hnaut um, þegar ég var að lesa þessar aths. Það er nokkuð „ flott“, finnst mér, að geta enn talað um meginstefnu í þeim fjárl., sem búið er að velta og snúa eins oft og þessum. En þó má vel vera, að þetta sé alveg rétt, og ég hygg, að það sé alveg rétt, sem þarna segir, að meginstefnunni sé haldið, þ. e. þeirri meginstefnu hæstv. ríkisstj. að neita nú sem löngum fyrr að kannast við þá óhrekjanlegu staðreynd, að efnahagsstefna hennar hefur ekki ráðið við það að leysa vanda ísl. efnahagsmála. Meðan góðærið hélzt, meðan aflabrögð jukust ár frá ári og verðlagið erlendis fór yfirleitt hækkandi á útflutningsvörum okkar, þá gat þetta gengið, en strax og fór að blása á móti, þá strandaði skútan. Og síðan í fyrra hefur blásið á móti. Það er alveg rétt; ég hef enga löngun til þess að gera lítið úr því.

En þrátt fyrir þennan mótblástur eru kjör hér og þjóðartekjur enn þá mjög háar samkv. þeim skýrslum, sem eru nýjastar, eins og t. d. þessu blaði þarna frá Efnahagsstofnuninni í París. Árið 1966 vorum við með 1810 dollara neyzlu á mann og í öllum þeim löndum, sem þar er greint frá og neyzlan rakin, þá er það aðeins eitt land, Bandaríkin, sem eru hærri. Öll hin, sem þarna er vitnað í, eru lægri og sum þeirra miklu lægri, t. d. Noregur með 1100 dollara á mann, svo að eitthvað sé tekið af því, sem næst okkur er. Mig minnir, að ég hafi einhvers staðar séð það, að Efnahagsstofnunin hér áætli þjóðartekjurnar 24 milljarða kr. og meðaltekjur hverrar fjölskyldu þá um ½ millj. kr. á ári.

Meðan þessu fer fram, þá er náttúrlega mjög alvarlegt, að atvinnuvegirnir skuli ramba á heljarþröminni og alþýða manna skuli þurfa að fara í löng og erfið verkföll til þess að fá skerta vísitölu á mánaðarlaun upp að 10 þús. kr. Er ekki eitthvað annað bogið í slíku þjóðfélagi heldur en það, að þetta verkafólk fái of há laun? Og er ekki kominn tími til þess að draga eitthvað úr þeirri óhófseyðslu, sem hækkar meðaltal eyðslunnar svona gífurlega, að við erum næsthæstir af öllum þeim þjóðum, sem þessi stofnun hefur athugað?

Já, er ekki kominn tími til þess, að hér sé stjórnað í stað þess að láta reka á reiðanum eins og gert hefur verið? Ég er viss um, að hæstv. ráðh. mundu ekki aðeins skapa sér aukið álit og vinsældir, sem þeir gætu kannske vel bætt svolitlu á sig af, heldur mundu þeir einnig vinna landi og þjóð ómetanlegt gagn, ef þeir spyrntu nú við fótum og viðurkenndu það, sem allir vita, að stefna þeirra er röng og skaðleg, og færu að framkvæma það, sem þeim var falið í kosningunum í vor, að hafa forustu og hætta þessum fálmkenndu bráðabirgðaráðstöfunum, sem m. a. lýsa sér í þessari 3. útgáfu fjárl. fyrir árið 1968. Ég held það, og ég vildi með mikilli vinsemd beina þessari ráðleggingu, ef ég mætti gerast svo djarfur, til hæstv. ráðh. Það verður áreiðanlega ekki illa tekið upp, þó að það komi einhvers staðar við. Það er ekki hægt að stjórna án þess að koma einhvers staðar við m.a.s. í þeirri viðleitni sem hér er til umr., þ. e. sparnaði upp á 60—70 millj. kr., og hæstv. fjmrh. gat réttilega um að kæmi einhvers staðar við. Það eru ekki allir ánægðir, sem fyrir því verða. Það er alveg rétt. En samt hygg ég, að þjóðin sem heild sé ánægð með þá viðleitni, sem hér kemur fram. Því lengra sem haldið verður á þeirri braut, því betra fyrir okkur alla og þá ráðh. ekkert síður.

Við munum ekki, framsóknarmenn hér í þessari hv. d., hindra hæstv. ríkisstj. í þeim góðu áformum, sem hún kann að hafa í sparnaðaráttina. Við munum ekki tefja þetta frv., og ég tel alveg víst, að við munum starfa að því eins og eftir verður leitað, að þetta frv. geti orðið að l. Ég mun a. m. k. gera mitt til þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 432, n. 441 og 446, 447).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft mál það, sem hér liggur fyrir, til meðferðar, en eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur hún ekki náð samstöðu um afstöðu til þess. Við fjórir nm., sem stöndum að meirihlutaálitinu á þskj. 441, mælum með því, að það verði samþykkt. Tveir þeirra nm., sem að meirihlutaálitinu standa, hafa þó skrifað undir það með fyrirvara, og skil ég afstöðu þeirra á þann hátt, að þeir séu samþ. frv. að meginefni til, en áskilji sér rétt til aths. við einstaka liði þess og eftir atvikum til þess að flytja eða fylgja brtt. við frv. Tveir nm. hafa hins vegar skilað séráliti, og einn nm. var fjarstaddur afgreiðslu málsins vegna veikinda.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða einstaka liði þessa frv., en vísa í því efni til grg. fyrir því og framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins. Á frv. þetta ber að líta sem lið í þeim ráðstöfunum,

sem gerðar hafa verið á þessum vetri af hálfu hæstv. ríkisstj. til þess að mæta þeim mikla vanda, sem að hefur steðjað í efnahagsmálum þjóðarinnar, og er því í sjálfu sér ekki óeðlilegt, að þau beri á góma almennt við meðferð þessa máls, en ég mun þó ekki lengja umr. um málið með því að ræða þessa almennu hlið þessara mála að öðru leyti en því að gera hér nokkrar aths. við ræðu hv. 11. þm. Reykv. við 1. umr. málsins. Þó að ræða hv. þm. væri að meginefni hófleg og málefnaleg voru ýmis atriði í henni, sem mér finnst, að ekki megi vera óleiðrétt, en harma það að öðru leyti, að hv. þm. er ekki viðstaddur á þessum fundi enn þá, en við því er ekki neitt að gera. En ég tek það fram, að þær aths., sem ég hér mun gera við ræðu þessa hv. þm. við 1. umr. málsins, eru algerlega á mína eigin ábyrgð, þannig að aðrir þeirra nm., sem að meirihlutaálitinu standa, bera þar ekki ábyrgð á.

Hv. þm. hélt sig við sama heygarðshornið og hv. stjórnarandstæðingar hafa svo oft gert, síðan þing kom saman eftir nýárið, þegar hann talaði um hina skökku útreikninga, sem gerðir hefðu verið, er ákvörðun var tekin um nýja gengisskráningu í nóv. s. l. Þó að ég fjallaði að vísu ekki um þau mál á sínum tíma, er það mín skoðun, að fullyrðingin um slíka reikningsskekkju sé úr lausu lofti gripin. Ekkert liggur fyrir um það, að þeir útreikningar hefðu ekki að fullu staðizt að óbreyttum þeim forsendum, sem eðlilegt var að byggja á á þeim tíma, sem gengisskráningin var ákveðin. En hins vegar breyttust þessar forsendur, eins og kunnugt er, síðar í óhag, bæði að því er snerti afurðaverð og afkomu frystihúsanna, þannig að gengislækkunin náði skemmra til lausnar vandamálum útflutningsatvinnuveganna en menn höfðu gert sér vonir um, þegar hún var ákveðin, og hefur sú saga raunar svo oft verið nánar rakin í umr. hér á hv. Alþ., að ég tel óþarft að gera það einu sinni enn.

Það er nú einu sinni svo, að í efnahagsmálum eru ekki til nein töfraúrræði, sem leyst geti allan vanda í eitt skipti fyrir öll og á hverju sem gengur, enda hafa slík úrræði aldrei verið boðuð af neinum í sambandi við þær efnahagsráðstafanir sem gerðar hafa verið í vetur. Og ég dreg líka mjög í efa — jafnvel þótt kunnugt hefði verið um hina óhagstæðu þróun í afurðasölumálum og hina óhagstæðu afkomu frystihúsanna á þeim tíma, þegar gengisskráningin var ákvörðuð — að hún hefði, jafnvel þótt slík vitneskja hefði þá legið fyrir, verið ákveðin önnur en raun varð á. Öllum er nú í fersku minni, til hverra átaka þær verðhækkanir, sem gengislækkunin olli hafa leitt á vinnumarkaðinum, og hvað hefði þá orðið, ef hún hefði orðið enn þá meiri. Minni gengislækkun hefði hins vegar gert óhjákvæmilegar stórfelldar, nýjar skattaálögur til greiðslu meiri uppbóta á útflutningsafurðir, og tel ég ólíklegt, að vandinn í efnahagsmálunum hefði orðið minni, ef til slíks hefði komið, en hann nú er.

Hv. 11. þm. Reykv. taldi, að till. þær sem í frv. felast, væru að verulegu leyti fremur sýndartill. en raunverulegar sparnaðarráðstafanir, sumpart vegna þess að lántökur væru látnar koma í stað tekjuöflunar og loks væri í sumum tilvikum aðeins um breytingar áætlunarupphæðar að ræða. Það hefur nú í rauninni engin tilraun verið gerð til þess að draga fjöður yfir það, að þetta á við um ýmsa liði till., en ég sé ekkert óeðlilegt við það, að slíkar leiðir séu að einhverju leyti farnar, eins og aðstæður eru nú, til þess að koma jafnvægi á í ríkisbúskapnum.

Hvað fyrsta atriðið snertir, þ. e. að sparnaðartill. geti ekki komið að fullu til framkvæmda á þessu ári, má á það benda, að það er ekkert aðalatriði að tryggja hallalausan ríkisbúskap á hverju einstöku ári, enda tæpast unnt vegna þeirra sveiflna, sem þjóðarbúskapur okkar er undirorpinn. En hins vegar verður að gera þá kröfu til gætilegrar fjármálastjórnar, að komið sé í veg fyrir varanleg áhrif þenslu og verðbólgu á hallann á ríkisbúskapnum.

Hvað annað atriðið, lántökurnar, snertir, finnst mér það fullkomlega verjandi undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, að taka að einhverju leyti lán til framkvæmda, sem að öðru leyti eru þess eðlis, að fjáröflun til þeirra með þeim hætti megi teljast eðlileg; útgjöld vegna hægri umferðar eru einmitt dæmi um það. Hér er um að ræða útgjöld í eitt skipti fyrir öll vegna umbóta í umferðarmálum, og má telja eðlilegt að dreifa þeim á fleiri ár í stað þess að greiða þau að fullu með rekstrartekjum eins árs, þegar ríkissjóður á líka við sérstaka örðugleika að etja eins og nú er.

Hvað snertir þriðja atriðið, sem hv. þm. nefndi, þ. e. að breytt sé áætlunarupphæðum, er það auðvitað rétt, að raunhæfur sparnaður getur slíkt ekki talizt út af fyrir sig, en að því leyti sem ný athugun á einstökum útgjaldaliðum fjárl. hefur leitt til þess, að fært hefur þótt að lækka þá liði eitthvað, má líta á það sem ráðstöfun tekjuafgangs, *sem ella hefði orðið, og getur slíkt ekki talizt óeðlilegt*, enda er hér raunar ekki um stóra liði að ræða miðað við heildarfjárhæð þessa frv.

Hv. þm. varaði við þeim sparnaði í skóla- og menntamálum, sem fyrirhugaður er, og benti á þýðingu menntunar og sérhæfingar fyrir efnahagslegar framfarir. Um þetta er ég honum í rauninni algjörlega sammála, að þáttur menntunarinnar í aukningu framleiðsluafkasta verður vart ofmetinn. En í því sambandi ber þó að hafa það hugfast, að sé rætt um mikilvægi menntunarinnar í þessu sambandi, er það, sem máli skiptir, hvers konar menntun áherzla er lögð á, fremur en hitt, hverju heildarútgjöldin til menntamála nema. Hv. þm. minntist réttilega á hin miklu framleiðsluafköst í Bandaríkjunum í þessu sambandi og á þann þátt, sem sérhæfing og menntun er talin eiga í þeim. Nú er ég ekki viss um, að Bandaríkin leggi í meiri kostnað við skólamál að tiltölu en t. d. ýmsar þjóðir Vestur-Evrópu, en þeir leggja megináherzlu á þá menntun, sem mesta þýðingu hefur fyrir framleiðsluafköstin, svo sem tækni, vissar greinar raunvísinda, skipulagningu o. fl. Hin svonefndu húmanisku fræði, sem lengst af hafa verið uppistaðan í okkar skólakerfi, hafa í þessu

sambandi miklu minni þýðingu, þó að ég vilji sízt halda því fram, að slík menntun hafi ekki gildi í sjálfu sér.

Hv. þm. vitnaði í lok ræðu sinnar í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar, sem liggur hér á borðum okkar þm., þar sem talið er, að neyzlan á mann sé meiri hér á landi en í nokkru öðru aðildarríki stofnunarinnar að Bandaríkjunum undanskildum. Taldi hv. þm. mál til þess komið að fara að stjórna, eins og hann orðaði það, og draga úr þeirri óhóflegu eyðslu, sem verið hefði hér að undanförnu. Hér kem ég að því, sem ég tel í rauninni það athyglisverðasta, sem fram kom í ræðu hv. þm. — því að mér finnst að því leyti ástæða til þess að fagna þeim viðhorfum, sem fram koma í þessum ummælum — að það hefur einmitt verið kjarni þess boðskapar, sem hæstv. ríkisstj. hefur flutt þjóðinni undanfarna mánuði, að vegna þeirra áfalla, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir, sé óhjákvæmilegt að minnka neyzluna eða m. ö. o. að skerða kjörin, sem auðvitað er það sama. Hins vegar hefur það ef til vill verið skyssa hjá hæstv. ríkisstj. að fara ekki í smiðju til hv. þm. til þess að orða þetta á þann veg, að sem bezt láti í eyrum, því að kjaraskerðing er ekki fallegt orð, en að minnka þurfi neyzlu eða eyðslu á erfiðleikatímum, lætur vafalaust miklu betur í eyrum flestra; auðvitað er þetta það sama, en aðeins orðað á mismunandi hátt. Og menn taki eftir því, að hér er um að ræða önnur viðhorf hjá hv. þm., þegar hann talar um nauðsyn kjaraskerðingar — að vísu orðað öðruvísi — heldur en þau viðhorf, sem hans flokkur virðist hafa haft að undanförnu til þessara mála, því að því hefur einmitt verið neitað, að þeir erfiðleikar, sem nú væri við að etja, gerðu nauðsynlega kjaraskerðingu af nokkru tagi. Því hefur jafnvel verið haldið fram og verið aðalatriði í málflutningi flokksins, að það hafi verið ósvinna á sínum tíma, þegar lög um verðtryggingu launa voru afnumin fyrir s. l. áramót. Þau hefðu átt að standa óbreytt, svo að þannig hefði átt að lögbinda það, að kjör allra launþega, sem eru meginþorri þjóðarinnar, mættu ekki rýrna. Og nú er það þannig samkv. l., eins og kunnugt er, að kjör fjölmennustu atvinnurekendastéttar landsins — bændanna — eru tengd kjörum verkalýðsins.

Í þessu sambandi má minna á það, að í rauninni væru efnahagsmálin ákaflega auðveld úrlausnar, ef það væri hægt, þegar þjóðarbúskapurinn verður fyrir verulegum áföllum, að lögfesta bara, að kjörin skuli alls ekki rýrna, en ég hygg, að hv. framsóknarmönnum sé það í rauninni jafnljóst og okkur hinum, að svo auðleyst eru vandamálin ekki og að slík lagafyrirmæli væru ekki líkleg til að ná tilgangi sínum, ef raunhæfan grundvöll fyrir slíku vantaði. Slíkt mundi annaðhvort leiða til óstöðvandi verðbólguþróunar eða atvinnuleysis og sennilega til hvors tveggja.

Nú hygg ég, að hv. þm muni sízt af öllu neita því, að ekki hafi hitt og þetta verið gert undanfarna mánuði til þess að minnka neyzluna eða skerða kjörin, hvort orðalagið, sem menn nú vilja velja. Gengið hefur verið lækkað, sem hlýtur að draga úr innflutningi neyzluvarnings, ferðalögum til útlanda og annarri gjaldeyrisnotkun. Áfengi og tóbak hefur verið hækkað, og dregið hefur verið úr niðurgreiðslum o. s. frv., en allt þetta hlýtur að draga verulega úr neyzlu auk þess, sem keðjuverkandi samdráttur í tekjum vegna minni eftirspurnar eftir vinnuafli dregur auðvitað líka úr neyzlunni. Um hitt má auðvitað alltaf deila, hvort kjaraskerðingin komi réttlátlega niður. Ekki tel ég þó vafa á því, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, bitna meira á efnafólki en hinum efnaminni, þó að hjá hinu verði auðvitað ekki komizt, að ráðstafanir af því tagi, sem hér er um að ræða, hljóti einnig að bitna á efnaminna fólki. Þó að flestir séu sammála um það út af fyrir sig, að byrðarnar eigi fremur að leggja á breiðu bökin, eins og það er orðað, þegar þjóðarbúið verður fyrir áföllum, þá er það nú einu sinni svo, að breiðu bökin eru svo miklu færri en þau mjóu, að sé þungi byrðanna verulegur, þá verður ekki hjá því komizt að leggja hann að einhverju leyti á mjóu bökin líka. Neyzla efnafólks er heldur ekki svo frábrugðin neyzlu hinna efnaminni, að allar ráðstafanir til þess að draga úr neyzlunni hljóti ekki að einhverju leyti að bitna á báðum. Annars ber, eins og ég sagði, að fagna þessari viðurkenningu hv. varaform. Framsfl. á því, að kjaraskerðing sé óhjákvæmileg, þó að ég hafi, eins og ég áður sagði, hingað til ekki orðið var við aðra afstöðu þeirra framsóknarmanna til þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið til þess að draga úr neyzlu og gjaldeyrisnotkun, en þá, að slíkar ráðstafanir væru með öllu óþarfar og ástæðulausar.

Hitt var mér ekki með öllu ljóst, hvað hv. þm. var að fara, þegar hann talaði um, að þeirri kjaraskerðingu, sem hann viðurkenndi, að nauðsynleg væri, þyrfti að stjórna, eins og hann orðaði það. Það hafa þegar, eins og ég benti á, verið gerðar allvíðtækar ráðstafanir til þess að draga úr innflutningi og annarri gjaldeyrisnotkun. Er ekki vafi á því, að áhrifa þessara aðgerða á innflutning hlýtur að fara að gæta mjög á síðari hluta þessa árs og jafnvel fyrr.

Vera má þó, að frekari ráðstafana í þessu efni kunni að verða þörf, áður en yfir lýkur. En eigi ekki að hverfa frá þeirri stefnu í viðskiptamálum, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt frá því, að hún kom til valda fyrir rúmum átta árum, þá verða slíkar hömlur að vera almenns eðlis, en ekki í þeirri mynd, að horfið verði á ný að leyfaúthlutuninni, sem var aðalhagstjórnartækið, ef svo mætti segja, fyrir valdatíð núv. hæstv. ríkisstj., þannig að hafi hv. þm. haft það í huga, er hann talaði um nauðsyn meiri stjórnar, þá vona ég a. m. k., að hæstv. ríkisstj. megi áfram bera gæfu til þess að grípa ekki til þeirra úrræða á hverju, sem gengur. En ástæðurnar til þess, að ég tel slíkar ráðstafanir ekki til bjargráða þrátt fyrir þá örðugleika, sem nú er við að etja, eru þrenns konar:

Í fyrsta lagi er ólíklegt, að þær nái þeim tilgangi að skapa nokkurt jafnvægi í gjaldeyrisviðskiptum

eins og viðhorfin eru nú. Greiðar og auknar samgöngur við útlönd mundu gera það miklu auðveldara að fara í kringum innflutningshöft og aðrar beinar hömlur á gjaldeyrisviðskiptum en var t. d. á haftaárunum fyrir stríð og fyrst eftir stríðið.

Í öðru lagi má telja víst, að í kjölfar þess, að slíkar hömlur yrðu teknar upp, mundi þegar í stað sigla umfangsmikill svartur gjaldeyrismarkaður með þeim álitshnekki fyrir landið og þeirri spillingu, er af honum leiddi. Annað atriði er það, að langvarandi reynsla af leyfaúthlutunarfyrirkomulaginu um nær 30 ára skeið eða nær óslitið á tímabilinu frá 1930—1960 var ekki með þeim hætti, að slíkt sé hvatning til þess að taka slíkt fyrirkomulag upp að nýju. Úthlutunarnefndirnar voru að jafnaði skipaðar fulltrúum þeirra stjórnmálaflokka, sem með völdin fóru. Mátti telja það eðlilegt, því að nefndirnar voru, eins og ég sagði, aðaltækið, sem beitt var á þessum tíma til þess að stjórna efnahagsmálunum. Þessir fulltrúar stjórnmálaflokkanna litu svo á, að það væri meginhlutverk sitt að berjast fyrir sem mestum leyfaveitingum til handa fyrirtækjum og einstaklingum, sem studdu þeirra flokk. Nefndirnar voru því óneitanlega búkollur fyrir okkar flokka, því að menn gátu ekki vænzt þess, að neinn berðist fyrir umsóknum þeirra, hvort heldur var fyrir innflutningsleyfi, ferðagjaldeyrisleyfi, leyfi til þess að kaupa bíl eða jeppa eða fjárfestingarleyfi til þess að byggja íbúðarhús eða jafnvel fjós, nema greidd hefðu verið refjalaust gjöld til flokkssjóða og áskriftagjöld til blaða flokksins, og munum við, sem sæti eigum hér á hv. Alþ. að vísu vera sammála um, að þetta hafi verið kostur þessa skipulags.

Ég býst ekki við, án þess að ég sé kunnugur fjárreiðum nokkurs stjórnmálaflokks, hvorki míns eigin né annarra, að þær standi yfirleitt með þeim blóma hjá neinum flokki, að menn telji vanþörf á aðhaldi fyrir stuðningsmenn flokksins, til þess að menn greiði sín gjöld til flokkanna og styrki þá á annan hátt, og vissulega voru úthlutunarnefndirnar mikið aðhald í þessum efnum. Það er kannske engin tilviljun, að farið er að tala um blaðadauðann og aðra örðugleika á því að halda gangandi stjórnmálablöðum og jafnvel stjórnmálaflokkum af fjárhagsástæðum, eftir að innflutningsverzlunin og gjaldeyrisverzlunin var gefin frjáls. Nú skyldi maður sízt af öllu ætla það, að minni búsorgir eins og það hefur verið orðað, eða auknar þjóðartekjur, geri menn ófúsari til þess að greiða sín framlög til hugsjónabaráttunnar. Nei, ætli þetta eigi ekki rót sína að rekja til þess, að það aðhald, sem úthlutunarnefndirnar áður sköpuðu í þessu sambandi, er nú ekki fyrir hendi.

Þó að við allir teljum þetta sjálfsagt kosti á skipulaginu, má ekki loka augunum fyrir því, að það hafði líka sína ranghverfu. Hún var sú, að öllum skynsamlegum efnahagslegum sjónarmiðum var í rauninni varpað fyrir borð með þessu fyrirkomulagi. Ekkert tillit var tekið til þess, hvort innflutningsfyrirtækin gerðu hagstæð innkaup fyrir þjóðarbúið, þegar leyfunum var úthlutað, en frelsi í innflutningsverzluninni tryggir einmitt svo sem slíkt yfirleitt verður tryggt, að það verða sjálfkrafa þeir, sem flytja inn ódýrastar vörur, sem að innflutningsverzluninni sitja. Fyrir land, sem er svo mjög háð utanríkisviðskiptum sem Ísland, hlýtur slíkt að vera mikils virði.

En í þriðja lagi er það í rauninni skilyrði fyrir því, að þjóð sé hlutgengur aðili að efnahagssamstarfi þjóða í milli, að ekki sé beitt beinum gjaldeyrishömlum, og leiðir slíkt raunar af því, að slík samvinna þjónar að jafnaði þeim megintilgangi að tryggja sem frjálsust viðskipti þjóða á milli. Nýlega var samþ. í einu hljóði hér á hv. Alþ. heimild til handa hæstv. ríkisstj., til þess að Ísland gerist aðili að GATT, en GATT-samningarnir takmarka einmitt mjög heimild aðildarríkjanna til þess að beita innflutningshöftum, og að því leyti sem slíkt er heimilað, þá er gert ráð fyrir framkvæmd þeirra með mjög ólíkum hætti og þeim, sem ávallt var á hafður, er höftum var beitt hér á landi.

En sæmilegt jafnvægi í ríkisbúskapnum er skilyrði þess, að jafnvægi geti einnig ríkt í þjóðarbúskapnum í heild. Og þó að sá sparnaður, sem ráðgerður er með þessu frv., sé auðvitað ekki stór hluti ríkisútgjaldanna í heild, þá hygg ég samt, að þrátt fyrir ágreining, sem vafalaust er fyrir hendi, um einstaka liði frv., sé varla ágreiningur um það hér í hv. d., að hér sé um að ræða spor í rétta átt. Því ber engan veginn að neita, að með samþykkt frv. er skert ýmiss konar þjónusta hins opinbera við borgarana, sem æskilegt væri að geta veitt og enginn ágreiningur væri sennilega um, að bæri að veita, ef betur áraði. En jafnframt ber á það að líta — þar sem allir virðast nú sammála um, að þjóðin verði að herða ólina, þannig að neyzlu einstaklinganna verði að minnka — að Alþ. ber, að mínu áliti, siðferðileg skylda til þess að sýna nokkurn lit á því að draga einnig úr neyzlu hins opinbera eða samneyzlunni, sem sumir nefna svo, þó að um hitt megi auðvitað deila, hvort nóg sé að gert í því efni með samþykkt þessa frv.

Frsm. minni hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að lengja þessar umr. mikið, en ég heyrði það á hv. síðasta ræðumanni að hann virðist ekki vera sama sinnis og við gáfum í skyn á síðasta fundi hér, þegar þetta var til umræðu, þ. e. að við mundum ekki lengja umr. mikið, því að hann hélt hér erindi, sem var að mörgu leyti víðs fjarri því, sem þetta frv. fjallar um, og það er efni í langa svarræðu út af fyrir sig, en það mun nú sjálfsagt gefast tækifæri til þess, þótt síðar verði og mun ég ekki fara neitt út í það.

Frv. það, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, til lækkunar á ríkisútgjöldum hefur verið lítillega rætt í fjhn. Með þessu frv. er fyrirhugað að lögfesta lækkun á ýmsum útgjaldaliðum, nýsamþykkta, enda þótt till. frá stjórnarandstæðingum um sömu útgjaldaliði væru kolfelldar við fjárlagaafgreiðsluna. Þá voru þær lækkunartill. taldar

sýndarmennska ein og ábyrgðarleysi, en nú eru þær góðra gjalda verðar og að sjálfsögðu taldar til dyggða. Þó að ég ætli ekki að tefja þessar umr. lengi, þá mun ég fara nokkrum orðum um þessar till. hér, sem eru nokkurs konar aukaútgáfa fjárl. fyrir árið 1968. Gengislækkunin var framkvæmd í nóv. s. l. Í grg. sérfræðinga þeirra, er um það mál fjölluðu, var því skýrt og afdráttarlaust lýst yfir, að hið nýja gengi væri við það miðað, að útgerð og fiskvinnsla yrði starfrækt án uppbóta eða framlaga frá ríkissjóði. Að baki þessum upplýsingum var talin liggja sú bezta vitneskja um ástand atvinnuveganna, sem nokkru sinni hefði verið fyrir hendi, en því miður hafa staðhæfingar og útreikningar um, að hið nýja gengi leysti allan vanda, reynzt markleysa. Allar þær ráðstafanir, sem síðar hefur þurft að gera, sanna það áþreifanlega, að á útreikningunum var ekkert að byggja. Þess vegna urðu tollalækkanir 160 millj. kr. í stað 250 millj. kr., eins og talað var um. Þess vegna þarf að leggja á nýjar álögur og þess vegna er þetta frv. komið fram hér til að lögfesta niðurskurð á fjárl. Enda kemur það fram í aths., sem þessu frv. fylgja, að síðari athuganir hafa leitt í ljós, að ríkisstj. hefur talið óumflýjanlegt að beita sér fyrir sérstakri fjárhagsaðstoð við bátaútveg og fiskvinnslustöðvar á þessu ári. Frá því að gengið var fellt í lok nóv. og fram í jan. þegar samningar voru gerðir við fiskiðnaðinn, hafði þó ekkert það gerzt varðandi afkomu þjóðarinnar, sem gaf sérstakt tilefni til aukinnar tekjuþarfar ríkissjóðs, ef útreikningar þeirra vísu manna í sambandi við gengislækkunina hefðu verið réttir. En það virðist hafa verið öðru nær. Þær upplýsingar, sem á var byggt, voru ekki eins glöggar eða greinargóðar, eins og af var látið.

En hvað sem annars má segja um aðdraganda þessa máls, hljóta menn að fagna þeirri viðleitni, sem sýnd er hér í sparnaðarátt, enda þótt raunverulegur sparnaður sé kannske ekki svo mikill hluti þessa frv., þá er sjálfsagt að viðurkenna viðleitnina. Ég mun ekki rekja hverja einstaka grein eða hvern lið frv. hér. Það hefur áður verið gert og ekki ástæða til að endurtaka það allt saman. Ég er heldur ekki svo kunnugur þessum málum, og við lestur þessa frv. virðist mér vera sá galli á því, að sé vísað til einstakra ákveðinna liða, sem lækka á í fjárl. er ekki tiltekið um undirliði, svo að ekki er hægt að sjá, hvort verið er að ræða um lækkun á rekstrarkostnaði eða fjárfestingu — a. m. k. ekki fyrir þá, sem ekki eru því kunnugri völundarhúsi fjárl.

Frv. þessu má skipta í nokkra þætti. Í fyrsta lagi þann þáttinn, sem leysa á með lánsfé, þ. e. framkvæmd laga um hægri umferð, sem talið er samkv. 3. gr. frv., að þurfi að vera 18.4 millj. kr., og framkvæmdir við menntaskólana og Landspítalann, sem 2. gr. fjallar um. Samtals er þetta 81 millj. kr. Þarna fylgir og með heimild til lántöku fyrir ríkissjóð að upphæð 62 millj. kr. vegna skólanna og Landspítalans og heimild til fjáröflunar vegna laganna um hægri umferð. Þessum málaflokkum á að koma í framkvæmd. Það er yfirlýst af hálfu ríkisstj. Nú skal heimil lántaka, og virðist þó sú skoðun, sem kom fram af hálfu ríkisstj. við afgreiðslu fjárl., að ekki væri rétt að þrengja hinn almenna lánamarkað atvinnuveganna með lántökum ríkissjóðs, ekki eiga minni rétt á sér í dag en í des. s. l. Þá taldi ríkisstj. lántökuleiðina ófæra eða illfæra; nú er hún fær að dómi ríkisstj. Ef lántökuleiðin var illfær í des., þá er hún algjörlega ófær í dag að minni hyggju; ástand þessara mála er þannig. En svona geta menn, að því er virðist, litið ástandið misjöfnum augum.

Þá kemur annar flokkur, sem er um 77 millj. kr. Í þeim flokki ber mest á þeim upphæðum, sem fella á niður, t. d. framlag til Fiskveiðasjóðs 30 millj. kr., Aflatryggingasjóðs 11 millj. kr. og 10 millj. kr. til Ríkisábyrgðasjóðs.

Varðandi þessa liði er það að segja, að afkoma bátaútvegsins er þannig, að mikill hluti bátaflotans liggur nú undir uppboði vegna vanskila undanfarinna ára við Fiskveiðasjóð. Nú þegar — eða hinn 1. apríl — mun Fiskveiðasjóður auglýsa uppboðin, ef marka má tilkynningar sjóðsins, og það er meginhluti bátaflotans, sem fellur undir þetta. Fiskveiðasjóður hefur haft minni tekjur en búizt var við, þar sem miklu færri aðilar gátu samið við sjóðinn á síðasta ári og komið lánum sínum í lag en reiknað hafði verið með. Þess vegna má búast við því, að það reynist erfitt að vera án þess framlags frá Fiskveiðasjóði. Hjá Fiskveiðasjóði lágu um s. l. áramót óafgreiddar lánabeiðnir upp á 120 millj. kr. Virðist því sjóðurinn hafa nægt verkefni, þó að hann fengi þessa peninga. Hins vegar er það alveg rétt, sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., að sú ráðstöfun að leggja fram fé í stofnfjársjóð fiskiskipa — og frv. um það hefur verið lagt fram — mun mjög bæta afkomu Fiskveiðasjóðs og einnig vera til góðs fyrir bátaútveginn. Persónulega finnst mér það vera mjög til bóta og raunhæf ráðstöfun til handa bátaútveginum. En stofnfjársjóðurinn á ekki að hafa áhrif að minni hyggju nema frá ársbyrjun 1968. Sá sjóður á ekki að sinna fyrri tíma vanskilum, svo ógreiddar afborganir og vextir frá fyrri tímum eru eftir sem áður í vanskilum og óinnheimt.

Um framlagið til Aflatryggingasjóðs er það að segja, að ekki eru nokkrar líkur til þess, að sjóðurinn gæti verið án þessa framlags. Það er að vísu gert ráð fyrir því í aths. við frv., að fjárhagur sjóðsins hafi reynzt svo góður við athugun, að hann gæti verið án þessa. Ég held, að það sé á misskilningi byggt. Fyrir þessu þingi liggja hér ákveðin mótmæli frá L. Í. Ú. gegn því, að fjárveiting þessi verði felld niður. Þau mótmæli eru af kunnugum gefin, og ég tel, að sjóðurinn geti alls ekki verið án þessa framlags. Ef afli verður svipaður og í fyrra, mun sjóðurinn ekki geta, þó að hann fengi þetta framlag, sinnt sínu hlutverki — hvað þá ef afli minnkar. Þar sem ég þekki til, a. m. k. í Vestfirðingafjórðungi, er afli mun minni, og hlýtur því að þurfa að koma til bóta úr Aflatryggingasjóði vegna þess landsfjórðungs. Þannig að sá sparnaður, sem þetta á að

gefa, virðist tæplega vera fyrir hendi, því að ríkissjóður mun verða að útvega fé til sjóðsins, hvað svo sem líður tölum í þessu frv. hér, og ég tel, að það liggi óhjákvæmilega fyrir, að sjóðurinn geti ekki verið án þessa framlags.

Um framlagið til Ríkisábyrgðasjóðs gegnir nokkuð svipuðu máli, að því er ég tel. Á þessu ári munu að öllum líkindum allverulegar greiðslur hugsanlega falla á Ríkisábyrgðasjóð, enda þótt staða bátaútvegsins skáni eitthvað gagnvart Fiskveiðasjóði, hefur það lítil sem engin áhrif gagnvart Ríkisábyrgðasjóði. Bæði er það, að mjög fáir bátar eru með ríkisábyrgðarlán, og ekki síður hitt, að fiskiðnaðurinn á allur í svo miklum erfiðleikum, að óhjákvæmilegt er annað frá mínu sjónarmiði en að fara í „konverteringu" á lausaskuldum, þ. e. að koma lausaskuldum fiskiðnaðarins í fast form með lengingu lána, og jafnvel að fara í skuldaskil. Það mundi alveg vafalaust þurfa að koma til einhverra eftirgjafa hjá Ríkisábyrgðasjóði. Það hljómar kannske svolítið einkennilega eftir allt góðæristímabilið að tala um skuldaskil, en ég er alveg sannfærður um, eins og málum er háttað, að þetta hlýtur að koma, og því fyrr sem farið er í þetta, því betra. Fjöldamargir reyndir atorkumenn, sem hafa staðið í fararbroddi í fiskiðnaði og útvegi á undanförnum áratugum, eru bókstaflega að brotna niður í daglegum erfiðleikum við það að halda þessu gangandi. Slíkt ástand getur ekki gengið; það má ekki halda helztu mjólkurkú þjóðfélagsins í svelti. Ég skal ekki hér vera að kenna einum eða neinum um þetta ástand. Það sjá þetta allir, og þá er að viðurkenna vandann og takast á við hann. Það verður ekki umflúið frá mínu sjónarmiði.

Um skólamálin og menntamálin er það að segja, að enda þótt skólabyggingar hafi risið upp undanfarið fyrir lánsfé, hlýtur að koma að því, að ríkið verði að leggja fram meira fé en áður. Það eru þegar mjög verulegar skuldir vegna skólabygginga. Það kom fram við síðustu afgreiðslu fjárl., að ríkisstj. hyggðist breyta hér um og leggja fram meira fé. Nú er horfið frá því. Ég vildi þó vona, að þær ráðstafanir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, yrðu ekki til þess að torvelda meira en orðið er skyldunám barna í dreifbýlinu, sem þegar njóta sums staðar ekki nema hluta af skólatíma barnanna í þéttbýlinu. Ég óttast, að þær breytingar, sem gera á samkv. frv. þessu, verði til þess að torvelda eða minnka þá fyrirgreiðslu, sem skólamál dreifbýlisins hafa notið fyrir atbeina fræðslumálaskrifstofunnar, þó að fyrir liggi yfirlýsingar ráðh. um það, að þar skuli ekki neitt skert. Þjóðin hefur ekki efni á því að minnka þá aðstoð, sem dreifbýlið hefur fengið í skólamálum, jafnvel þó að fjármál ríkisins séu erfið.

Í þriðja þætti þessa frv., sem ég hef minnzt á, eru ýmsir liðir, t. d. risna ríkisstj., sparnaður í stjórnarráði, utanríkisþjónusta, skyldusparnaður, orlofsframkvæmdir o. fl. Að sjálfsögðu ber að fagna því, eins og ég áðan sagði, ef um raunverulegan sparnað er að ræða, og vonandi verður það að sumu leyti, en að öðru leyti er hér um tilfærslu að ræða milli liða, t. d. milli Pósts og síma annars vegar og ríkissjóðs hins vegar í sambandi við sparimerki og skyldusparnað. Þessi leið hefur sjálfsagt verið til fyrr, þó að mönnum hafi ekki dottið í hug að fara hana, en það er gott að framkvæma þetta, úr því að það er fyrir hendi.

Í fjórða þætti þessa frv. eru svo þeir þættir, þar sem um raunverulegan sparnað er að ræða eða vonir standa til, að sé um raunverulegan sparnað að ræða. Sú upphæð er þó engan veginn svo stór hluti þessa frv., sem látið hefur verið í veðri vaka. Í þessum flokki eru prófessorsembætti við Háskólann, fræðslumálaskrifstofan og námsstjórarnir, þjóðgarðurinn á Þingvöllum, löggæzlan á Keflavíkurflugvelli, eyðing meindýra, prestsembætti í Kaupmannahöfn o. fl. Sá sparnaður, sem fram kemur í þessu, er góðra gjalda verður svo langt sem hann nær, og þeim till. munum við fylgja. Mörg atriði þessa frv. eru þess eðlis, að þau geta ekki leitt til sparnaðar á yfirstandandi fjárhagsári af augljósum ástæðum. Önnur eru þess eðlis, að ekki er unnt að gera sér grein fyrir, hvernig umræddum niðurskurði verður hagað. Þannig er t. d. um löggæzlukostnað á Keflavíkurflugvelli, enda kemur það fram í aths. við frv. Ég gat áðan um Aflatryggingasjóðinn, og því hefur verið lýst yfir, að ekki verður dregið úr starfsemi sjóðsins að neinu leyti. Sama gildir um skóla- og fræðslumálin. Þar á ekki að draga neitt úr þrátt fyrir breytingar og samdrátt. Reynslan sker úr um þetta, en það má auðvitað endalaust deila um þær tölur, sem í þessu frv. standa. En ákaflega held ég, að það sé létt í vasa, þó að t. d. sezt sé niður við skrifborð og tölum breytt, en ekkert annað gert.

Á þskj. 447 höfum við flutt nokkrar brtt. við 13. lið 1. gr. um Landnám ríkisins, við 16. lið 1. gr. um Aflatryggingasjóð og 17. lið 1. gr. um Fiskveiðasjóð. Við flytjum aðeins brtt. við þá liði, sem snerta undirstöðuatvinnuvegina. Við teljum ekki þannig ástatt um hag þeirra og afkomu, að unnt sé nú að draga úr stuðningi við þá, þó að breytt sé um verkefni eða önnur lögð til hliðar og ný tekin upp, sem gætu haft mjög mikla þýðingu fyrir atvinnugreinina.

Mér virðist frv. það, sem hér liggur fyrir, bera vott um, að að því hafi verið unnið á nokkuð yfirborðskenndan hátt. Að sumu leyti stefnir það í rétta átt, og því ber að fagna. Að töluverðu leyti gerir frv. ráð fyrir, að miklu sé skotið á frest til framtíðarinnar og ýtt á undan sér. Þó er viðurkennt, að svo illa sem gekk að koma saman fjárl. fyrir árið 1968 muni þó reynast enn erfiðara að koma fjárl. saman næsta haust.

Að sjálfsögðu hlýtur að vera hægt að koma við meiri sparnaði í rekstrarliðum en hér er lagt til, en úr því að einu sinni er nú gerð tilraun til að spara, er þess að vænta, að áfram verði haldið á þeirri braut, en til þess þarf þó áreiðanlega að taka betur

á en gert hefur verið hér í þessu frv. Herra forseti. Ég skal svo ekki orðlengja þetta meira og læt máli mínu lokið.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og nál. 441 ber með sér ritaði ég undir með fyrirvara, og vil ég skýra það nokkuð hvers vegna. Mikið hefur verið rætt um sparnað í rekstri ríkisins og ekki að ástæðulausu, og lof sé hæstv. fjmrh. fyrir allan raunhæfan sparnað, sem hægt er að koma í framkvæmd. Það sem ég var óánægður með í þróun þessara mála, sem við höfum heyrt hér lýst áður, var sú breyting, sem talin var nauðsynleg á framlagi ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands. Það lá ljóst fyrir, að um áramót voru lánsloforð Fiskveiðasjóðs nærri 120 millj. kr. og því yrði það mikið vandamál, hvernig Fiskveiðasjóður gæti staðið við þær skuldbindingar, sem hann hefur tekið að sér, því að það mun fara saman, að verði ekki hægt að útvega Fiskveiðasjóði með einhverju móti lánsfé á móti þeim tekjum, sem hann hefur átt von á, þá kann að verða atvinnuleysi í skipasmíði hér innanlands sennilega fyrst og fremst, og það veit ég, að er ekki tilgangur hæstv. ríkisstj.

Í öðru lagi vil ég benda á það, að bátaflotinn, sem hefur vegna útflutningsgjaldanna þá kvöð að útvega Fiskveiðasjóði ákveðna tekjuupphæð á hverju ári, sem mun vera um 40 millj. kr., er ekki undanþeginn þessari kvöð þetta ár, þótt erfiðleikar steðji að. Mér persónulega finnst ekki ósanngjarnt að beina því til hæstv. ráðh., að þeir komi því til leiðar, að það fé, sem kemur inn vegna þessa útflutningsgjalds fyrir þetta ár, verði notað að einhverju leyti eða mestöllu leyti til að létta vanskilagreiðslur, vexti og afborganir, sem bátaflotinn á við að eiga nú, því að því er ekki að leyna, að svo að að segja hver bátur landsmanna hefur fengið á sig tilkynningu um uppboð núna 1. apríl. Og þó að tilkynningin ein út af fyrir sig geri ekki mikið tjón, þá er slík kvöð venjulegum, samvizkusömum manni mjög hvimleið og til lengdar næstum óþolandi. Ég vildi því beina því mjög eindregið til hæstv. ráðh., að þeir beiti sér fyrir því, að vel verði unnið að því, að Fiskveiðasjóði verði séð fyrir lánsmöguleikum og lán útvegað, því að ella horfir til vandræða með báta í smíðum og fyrir þá, sem hafa hugsað sér að láta smíða báta. Það liggur fyrir hér á dagskrá d. í dag að ræða um aukna lánsmöguleika til dráttarbrauta, til þess að léttara verði að smíða skip hér innanlands, og vissulega hefur hæstv. ríkisstj. gert verulegt átak í þá átt að auka skipasmíði innanlands, sem er rétt og lofsverð stefna.

Í þriðja lagi vil ég taka undir það, sem frsm. meiri hl. fjhn. minntist á hér áðan, að nauðsyn er á ýmiss konar sparnaði, og mig langar að beina því til hæstv. fjmrh., af því að frv. ber það ekki með sér: Hvað um sparnað í utanlandsferðum ríkisstarfsmanna á þessu ári? Það væri ekki úr vegi að gera lítils háttar grein fyrir því, hvernig ríkisstj. hyggst draga úr kostnaði við utanlandsferðir.

Ég mun í trausti þess, að unnið verði að því að útvega Fiskveiðasjóði nauðsynlegt lánsfé, ekki vera á móti þeirri breytingu, sem gerð er á framlagi ríkissjóðs fyrir árið 1968.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr., en nokkur orð, sem hv. 1. ræðumaður í dag, frsm. meiri hl. fjhn., lét hér falla, voru þess eðlis, að ég vil ekki láta þau hér fram hjá fara, án þess að þeim sé mótmælt. Ég mun þó minnugur þess fyrirheits, sem við gáfum við upphaf 1. umr. málsins, þ. e. að við framsóknarmenn mundum reyna að greiða fyrir þessu máli, eftir því sem hægt væri, ekki fara hér með mjög langt mál, enda þótt ræða hv. frsm. meiri hl. gæfi vissulega tilefni til alllangra umr. Sú ræða var þannig upp byggð, að hún átti að verulegu leyti að vera svar við ræðu, sem hv. 11. þm. Reykv. flutti hér við 1. umr. þessa máls, en að öðru leyti var ræðan um efni, sem þetta frv. fjallar ekki um. Ég mun ekki hér fara að svara sérstaklega fyrir hönd hv. 11. þm. Reykv. Ég veit, að hann mun eiga þess kost að hafa sama háttinn á eins og hv. frsm. meiri hl. að geyma sér að svara þessari ræðu, þangað til við 3. umr. Ég hefði að vísu haldið, að það væru venjulegri hættir að svara ræðum við hverja umr. fyrir sig, en þetta má sjálfsagt við hafa — og ekki meira um það.

En ég mun aðeins víkja hér að hugleiðingum hv. frsm. meiri hl. um gjaldeyris- og innflutningsmál og um leyfi og höft, sem honum varð ákaflega tíðrætt um. Ég held, að hv. 11. þm. Reykv. hafi ekki gefið neitt tilefni til þess að ræða þau mál svo almennt og á þann hátt, sem hv. frsm. meiri hl. gerði. En sannleikurinn er sá, að það er eins og sumir menn hafi fengið leyfi og höft svo á heilann, að þeir geti helzt ekki haldið ræðu án þess að vera að tala um þau. En ég ætla ekki að fara mikið út í það að ræða innflutningsmál eða um það almennt, hvort það sé skynsamlegt eða eðlilegt að hafa stjórn á innflutningi. Það hlýtur að sjálfsögðu að fara eftir atvikum og ýmsum aðstæðum, hvort það er réttmætt eða ekki. Ég geri ekki ráð fyrir því, að neinn stjórnmálamaður eða stjórnmálaflokkur óski eftir höftum, sem svo eru kölluð, haftanna vegna, en hitt er annað mál, að þær aðstæður geta verið fyrir hendi, að hvaða stjórnmálaflokkur, sem er, neyðist til þess, telji það óhjákvæmilegt og telji það réttmætt að grípa til innflutningslöggjafar og innflutningshafta. Það hafa hv. flokksmenn hv. frsm. meiri hl. gert á ýmsum tímum ekkert síður en aðrir, og ef ég veit rétt, mun það hafa verið ráðh. Sjálfstfl. — sem þá hét raunar íhaldsflokkur — Magnús heitinn Guðmundsson, sem fyrstur beitti sér fyrir því, að sett væri innflutningslöggjöf hér og innflutningshöft tekin upp. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að hann hafi gert það, vegna þess að hann hafi verið sérstakur fylgismaður þess, heldur hafi hann horfið að því ráði vegna þeirra aðstæðna, sem voru fyrir hendi á þeim tíma.

Ég veit heldur ekki betur en þau stærstu höft, sem hér hafa verið sett, hafi verið, þegar stjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar sat hér að völdum og þegar stjórn þessara mála — viðskiptamálanna — var í höndum sjálfstæðismanna. Ég held það hafi aldrei verið jafnmikil haftalöggjöf hér á landi og meðan fjárhagsráð var við lýði og viðskiptanefnd, og meiri hl. í þeim n. höfðu einmitt sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn, og formaður í fjárhagsráði var ágætur sjálfstæðismaður. Þessu ætti hv. frsm. meiri hl. ekki að gleyma, og allra síst ætti hann að gleyma því, áður en hann ber fram jafnalvarlegar og órökstuddar getsakir í garð þeirra manna, sem hafa séð um stjórn þessara mála, eins og hann gerði hér áðan og er fyrst og fremst orsök þess, að ég stóð hér upp. Ég vildi ekki láta þau ummæli hér fram hjá fara án þess að þeim væri mótmælt, en hann lagði út af því og fór um það mörgum orðum, að leyfisveitingar og höft hefðu verið sérstakar búkollur fyrir stjórnmálaflokkana og okkar flokka, eins og hann orðaði það, og flokksgjöld hefðu þá verið greidd betur en nú ætti sér stað. Ekki mundi hafa farið að bera á blaðadauða og erfiðleikum blaða, fyrr en horfið hefði verið frá því að hafa höft og veita innflutningsleyfi, og hann taldi, að nefndir, sem úthlutuðu ýmsum vörum, sem hann taldi upp, hefðu gert mikið gagn í þessu sambandi.

Hvað er hv. þm. að segja þarna? Hvaða ásakanir er hann að bera á þá menn, sem hafa setið í þessum nefndum? Það er hver sínum hnútum kunnugastur. Ég þekki til í mínum flokki. Ég veit ekki til þess, að þeir menn, sem hafa starfað á vegum Framsfl. og setið hafa í þessum nefndum hafi bundið úthlutun leyfa eða atkvæði sitt með úthlutun leyfa neinum þeim skilyrðum, að greidd væru einhver gjöld í flokkssjóði eða einhver blöð væru studd. Sú reynsla, sem hv. þm. er þar að lýsa, hlýtur að eiga við einhvers staðar annars staðar. En ég verð þó að segja það, að mér dettur ekki í hug að beina því að þeim mörgu ágætu sjálfstæðismönnum, sem setið hafa í þessum ráðum eða nefndum, sem hafa starfað að þessum málum, að þeir hafi haldið á þann hátt á málunum. Það má segja, að mér sé málið persónulega skylt. Ég átti sjálfur því láni eða óláni að fagna að sitja um skeið í viðskiptaráði á sinni tíð með ágætum sjálfstæðismönnum og mönnum úr öðrum flokkum. Ég mótmæli algerlega þessum getsökum og tel þær alveg ómaklegar í garð þeirra manna, sem hafa farið með stjórn þessara mála og ekki eru hér staddir og ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér.

Það er ekki heldur þannig, að það sé allt frjálst enn þá í þessu þjóðfélagi, þannig að hægt sé bara að rétta upp höndina og þá fái maður það, sem beðið er um. Ég veit ekki betur t. d. en það sé mikill lánsfjárskortur. Ég veit ekki betur en það sitji núna á biðstofum bankastjóra svipaður hópur manna og áður sat á biðstofum hjá innflutningsnefnd. Ég held, að þeir verði að sækja um lán og þeir fái margir hverjir ekki það, sem um er beðið, og það sé engin greið leið til að fá lán. Vill hv. þm. halda því fram, að bankastjórar bindi úthlutun lána einhverjum þvílíkum skilyrðum, sem hann var að tala um. Nei, ég álít þær ásakanir, sem hv. þm. fór hér með í sambandi við þessi mál, algerlega fordæmanlegar.

Hitt er svo allt annað mál, hvort það er þörf á því að hafa stjórn á innflutningsmálum og gjaldeyrismálum. Ég hygg, að margir í þessu þjóðfélagi séu þeirrar skoðunar, að við þær aðstæður, sem nú er við að búa, og við þau áföll, sem útflutningsatvinnuvegirnir hafa orðið fyrir og allir eru sammála um, að séu alvarleg, þá geti vel komið til greina að hafa eitthvað meiri stjórn á innflutningsmálunum heldur en verið hefur. Ég hygg, að þeir séu nokkuð margir í þessu þjóðfélagi, sem eru þeirrar skoðunar, að það sakaði ekki. Og ég hygg að ástandið í sumum iðngreinum sé t. d. þannig, að það geti komið til álita fyrr en síðar að veita þeim meiri vernd með einhverjum hætti heldur en nú á sér stað. Þessi söngur um það, að það séu framsóknarmenn, sem séu sérstakir áhugamenn um innflutningshöft og því um líkt, er orðin allt of úreltur söngur til þess að ætla að fara að kyrja hann í sölum Alþ., og ég vil ráðleggja hv. þm. að hætta við þann söng, því að sannleikurinn er þessi eins og ég hef sagt, að það eru vitaskuld allir flokkar, sem hafa gripið til innflutningshafta og gripið til þess að hafa stjórn á þessum málum. Þeir hafa auðvitað engir þeirra gert það af sérstakri ást á höftum, heldur hafa þeir gert það, vegna þess að aðstæðurnar voru þannig, að þeir töldu sig tilneydda.

Annað atriði, sem hv. þm. gerði sér tíðrætt um, var verðtrygging launa og afnám l. um verðtryggingu launa í nóv. s. l. Hann virtist þar telja sig vera að svara hv. 11. þm. Reykv., sem hafði látið það í ljós, að meðaltekjur á mann hér virtust sýna það, að eitthvað mætti draga úr eyðslu einhvers staðar, en þá kom hv. frsm. meiri hl. og sagði sem svo, að framsóknarmenn hefðu samt viljað láta gilda áfram verðtryggingu á launum, og þá skildist mér hann halda því fram, að hefði svo verið, hefði alls ekki komið fram nein kjararýrnun hjá neinum — ekki hjá launamönnum. Ég held, að þessi hugsun sé byggð á mjög miklum misskilningi. Verðtrygging á laun tryggir það ekki, að það verði ekki kjaraskerðing hjá neinum. Verðtrygging launa var miðuð við svokölluð vísitöluútgjöld tiltekinna fjölskyldna, og verðtryggingin tryggir það, að laun hennar eða kaupmáttur hennar tekna rýrni ekki, en þau kaup, sem hún gerir, eða þær vörur, sem hún kaupir eru samsettar með tilteknum hætti. Vöruinnkaup annarrar fjölskyldu eru auðvitað saman sett með allt öðrum hætti. Það er auðvitað allt annað, hvort um er að ræða vísitölufjölskyldu, sem hefur — við skulum segja — 6—700 þús. króna laun á ári. Fjölskylda með 6—700 þús. kr. laun veitir sér allt annað heldur en vísitölufjölskyldan, og þess vegna er hægt og ósköp auðvelt að koma við margvíslegri kjaraskerðingu

varðandi þessa háteknafjölskyldu, sem hún fær ekki uppi borið í verðtryggingu launa. Þess vegna hefði auðvitað verið hægt að draga úr eyðslu og koma við kjaraskerðingu þannig hjá ýmsum, þó að l. um verðtryggingu hefðu staðið áfram óbreytt. En hv. þm. varð ákaflega tíðrætt um þessa verðtryggingu. Nú er ekki langt síðan, að hér var flutt þáltill. um að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir að taka aftur í l. verðtryggingu á laun í mjög takmörkuðum mæli til þess að leysa það verkfall, sem þá stóð hér yfir. Þá brá svo einkennilega við, að hv. stjórnarsinnar vildu alls ekki ræða það mál. Ég geri ráð fyrir, að hv. frsm. meiri hl. fjhn. hafi ekki verið einn í hópi þeirra, sem ekki vildu ræða þessi mál, því að hann virtist hafa svo mikið um þau að segja, og það var slæmt, að hann skyldi ekki geta komið að þessari ræðu sinni í þeim umr., sem þá hefðu átt að fara fram að réttu lagi.

En til viðbótar því, sem ég sagði um verðtryggingu launa, vil ég segja það, að það stendur nokkurn veginn alveg ljóst, að afnám verðtryggingarlaganna í nóv. s. l. var orsök verkfallsins. Verkfallið hefur náttúrlega haft margvíslegar afleiðingar, sem ekki skulu raktar hér, en eitt er víst, að það hefur valdið þjóðinni í heild tjóni, sem nemur mörgum hundruðum millj. kr., og þjóðin í heild verður lengi að vinna það tjón upp. Ég held því fram, að það hefði borgað sig betur fyrir þjóðarbúið að fallast þegar í stað á þá þáltill., sem við fluttum um að lögbjóða það að greiða verðtryggingu á allra lægstu þurftarlaun — á laun, sem næmu um 10—11 þús. kr. á mánuði, — þegar þar við bættist, að kröfur verkalýðsfélaganna eða tilboð voru á þá lund, að þau vildu sætta sig við að fá þessar vísitölubætur á þessi laun í áföngum. Ég held því fram, að það geti enginn með neinni sanngirni ætlast til þess, að menn með um 130 þús. kr. árslaun geti tekið á sig kjararýrnun gengisfellingarinnar. Þess vegna voru þessar kröfur, sem verkalýðsfélögin settu fram, sanngjarnar og hófsamar, og því átti að ganga að þeim án tafar og afstýra þannig því mikla tjóni, sem af verkfallinu hlauzt fyrir þjóðarbúið.

Eins og ég áðan sagði, ætla ég ekki að öðru leyti að fara út í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn., því að ég geri ráð fyrir því, að 11. þm. Reykv. muni svara þeim atriðum, sem að honum var sérstaklega beint, en þessi atriði, sem ég hef minnzt á sérstaklega — þær getsakir, sem hann var uppi með í garð þeirra manna, sem hafa fengizt við það að starfa í ýmiss konar innflutningsnefndum og gjaldeyrisnefndum á undanförnum árum — vildi ég ekki láta ómótmælt, og í öðru lagi vildi ég ekki láta ómótmælt ummælum hans um verðtryggingu launa.

En úr því að ég stóð hér upp á annað borð, ætla ég aðeins að víkja að einu atriði í þessu frv., sem ég hefði þó ekki annars gert, og verð þá að segja það, að ég varð í því efni fyrir nokkrum vonbrigðum með starf meiri hl. fjhn. Ég hafði gert mér vonir um, að meiri hl. fjhn. mundi leggja það til að fella niður 7. gr. í frv., af því að ég veit, að í fjhn. sitja þingvanir menn og miklir rökhyggjumenn. Þær vonir mínar hafa því miður ekki rætzt. 7. gr. stendur hér enn í frv., en hún er í fyrsta lagi þess efnis, sem hv. dm. vita, að fræðslumálaskrifstofan skuli vera deild í menntmrn. og jafnframt falli þá úr gildi l. um fræðslumálastjóra og fræðslumálastjórn, og í öðru lagi, að fjármálaeftirlit skóla skuli vera deild í menntmrn. og ákvæði IV. kafla l. nr. 49/1967 um skólakostnað breytist í samræmi við það. Fræðslumyndasafn skuli vera deild í menntmrn., og bókafulltrúi ríkisins skuli vera starfsmaður í menntmrn. Mér finnst þetta ákvæði mikill vanskapningur í þessu frv., og mér finnst, að það geti ekki átt hér heima með nokkru móti.

Þetta frv. heitir: „Frv. til laga um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda“, og það er að langmestu leyti að sjálfsögðu um að lækka ríkisútgjöld. Í raun og veru mætti heldur segja, að réttasta heitið á þessum l. hefði verið: Frv. um breytingu á fjárl., því að það er fyrst og fremst um að lækka tiltekin ríkisútgjöld á þessu ári — á þeim tíma, sem þessi fjárl. eiga að gilda. Það er ekkert við því að segja. Það form hefur áður þekkzt, að frestað væri um sinn framkvæmd ýmissa l. til þess að spara ríkisútgjöld, en svo kemur bara þessi 7. gr. eins og skrattinn úr sauðarleggnum — verður maður að segja — inn í þetta frv. og fjallar ekki um neina lækkun á ríkisútgjöldum, heldur um gerbreytta skipun á stjórn fræðslu- og skólamála. Nú er það kerfi, sem þarna á að breyta, ekki neinn unglingur, ef svo má segja, vegna þess að fræðslumálastjóraembættið er orðið líklega 60 ára gamalt. Því hefur að vísu verið eitthvað breytt, en skipan þeirra mála á því tímabili og þau l., sem um það fjalla nú, eru, eins og þarna segir, frá 1930. En með þessu á sem sé að fella alveg niður l., sem gilda um skipun þessara mála, og skipun þessara mála á að öllu leyti að verða ólögákveðin, og þetta á aðeins í framtíðinni að heyra undir menntmrn., sem líka er algerlega ólögákveðin stofnun, þannig að ráðh. á í framtíðinni að geta skipað þessum málum algerlega að sinni vild og fræðslumálastjóri á væntanlega hér eftir að vera eða heita deildarstjóri í menntmrn.

Það er ekkert óeðlilegt við það, þó að það þurfi að gera breytingu á skipun á stjórn fræðslumála, og það væri ekkert óeðlilegt við það, þó að þessi lagasetning, sem er orðin nær 40 ára að aldri, þyrfti einhverra breytinga við. Og ég vil alls ekkert segja um það, hvort það er fráleit skipun á þessum málum að skipa þeim á þann veg að nema burt þetta millistigsstjórnarvald, sem þarna hefur verið, fræðslumálastjórann og fræðslumálaskrifstofuna, og tengja þessi mál alveg inn í menntmrn. Ég vil ekki segja neitt um það. En ég vil segja það, að athugun á því máli á að fara venjulega þinglega leið, áður en horfið er að þeirri skipun. Það frv. á ekki fjmrh. að bera fram, og hann á ekki að mæla fyrir því frv. Fyrir því frv. á menntmrh. að mæla. Hann á að flytja þau rök, sem liggja til þvílíkrar skipulagsbreytingar á æðstu stjórn menntamálanna. Og hér á þingi á hv. fjhn. ekki að fjalla

um þau mál. Það er til önnur nefnd hér á þessu þingi, sem á að fjalla um þau mál. Það er menntmn. Með því að hafa þann hátt á, sem hér er ætlazt til, er alveg gengið á svig við allar venjulegar þingvenjur. Og það er náttúrlega alveg óheyrilegt, að hæstv. menntmrh. skuli bara ekki láta sjá sig, þegar verið er að ræða um að gerbreyta stjórnkerfi á fræðslumálum landsins. Hann hefur þó ekki talið eftir sér að mæla fyrir minni málum hér, verð ég að segja. Þetta er bara mál, sem honum kemur ekkert við. Hann lætur fjmrh. um það að leggja niður þessa skipun þessara mála.

Hér er ekki um neitt sparnaðarmál að ræða á þessu ári. Það er viðurkennt. Það ber því enga nauðsyn til þess að hafa þetta mál inni í þessu frv. Ef nauðsyn er á því að gera þessa skipulagsbreytingu, er tækifæri til þess að gera það með venjulegum hætti, bera fram lagafrv. um það og fá það afgr. hér á þinginu, en í þessum sparnaðarbálki á það ekki heima, enda er gerð grein fyrir því í aths. með frv., að þess muni ekki að vænta, að sparnaður verði af þessari skipulagsbreytingu á þessu ári. Það er að vísu sagt, að slík endurskipulagning ætti auk þess að leiða til útgjaldalækkunar, en ekki er neitt fullyrt um það, enda verð ég að draga það í efa, því að náttúrlega hljóta þeir menn, sem að þessu starfa, að halda sínum launum áfram, þó að þeim verði gefin einhver önnur heiti og fræðslumálastjóri verði t. d. lækkaður niður í það að vera deildarstjóri. Hann hlýtur þó að halda sínum fræðslumálastjóralaunum, meðan hans nýtur við, og sama er um aðra þá menn, sem að þessum málum starfa. En þar segir samt: Slík endurskipulagning ætti auk þess að leiða til útgjaldalækkunar, en ekki hefur sú lækkun verið áætluð, þar sem óvíst er, hvenær fæst húsnæði, sem rúmar alla starfsemina. En það eru m. a. rökin, skilst manni, og undir því átti gildistaka þessa ákvæðis að vera komin, að hægt sé að sameina þessa starfsemi alla undir sama þaki.

Eins og ég hef áður sagt, getur vel verið, að það sé réttmæt skipun í framtíðinni að færa þessa starfsemi inn í menntmrn. En ef það er svo, þá hlýtur sú spurning að vakna, hvort þær röksemdir eigi ekki einnig við á öðrum sviðum. Og hvers vegna eru þá ekki aðrar stofnanir teknar inn í þetta frv. og sameinaðar þeim rn., sem þær heyra undir? Ég nefni sem dæmi landlæknisembættið og landlæknisskrifstofuna. Ég hygg, að það væri ekkert fjarri lagi að sameina þá stofnun heilbrmrn. og það stendur nú, að ég held, þeim mun betur á í því efni, að hún er undir sama þaki og heilbrmrn., þannig að hægt væri að láta það koma til framkvæmda strax. Hvers vegna er það þá ekki tekið hér í þetta frv., ef menn vilja fara að vinna að þessum málum á þennan hátt? Mundi það þykja bragarbót að færa vegamálaskrifstofuna inn í samgmrn.? Vegamálaskrifstofan kostar vissulega mikið fé. Kannske væri hægt að spara eitthvað með því að sameina hana samgmrn.; ég skal ekkert um það segja. En þannig mætti vissulega lengi halda áfram. Það getur komið til athugunar, þegar verið er að tala um hagræðingu og sparnað, að sameina ríkisstofnanir og færa sum millistigsstjórnvöldin, af því að þetta er allt heldur einfalt hér hjá okkur, beint inn í rn., en það á bara ekki að gera það með þessum hætti. Það á að gera með lögum, sem fjalla um þær stofnanir. Það er líka ákaflega erfitt að sjá, hvernig á að framkvæma þetta, því að í ýmsum öðrum lögum en þarna er vitnað til, er gert ráð fyrir fræðslumálastjórn og gert ráð fyrir því, að hún hafi tiltekin hlutverk með hendi, t. d. á hún að vera ráðgefandi í ýmsum efnum fyrir menntmrn.? Það þyrfti að vera eitthvað ákveðið um það, hvernig ætti að skipa þeim málum. Ég gæti að sjálfsögðu talað miklu lengur um þetta og fært fram miklu fleiri rök fyrir því, að þetta á alls ekki heima í þessu frv. og það kostar fjmrh. ekki nokkurn skapaðan hlut að láta strika þetta ákvæði út úr frv. Það er hvort tveggja, eins og sagt hefur verið, að það kemur ekki til með að spara neitt á þessu ári og jafnframt er þess kostur að koma lagasetningu fram um þetta í sérstökum lögum á þessu þingi; má gera það með þeim hætti, ef þörf þætti á því.

Ég hygg, að það hafi eitthvað borið á góma, bandormar hafi hér áður séð dagsins ljós, og kannske hefur verið nefnt í því sambandi, að það hafi verið sett lög um 1940, sem gengu undir nafninu bandormur. Það er rétt. Það voru sett tvenn lög á því ári, l. nr. 5/1940 um bráðabirgðabreytingu nokkurra l. — og þar var breytt mjög mörgum lögum, en sú breyting var einungis um að fresta framkvæmd þeirra l., sem þar voru talin á árinu 1940 — og samsvarandi l. eða hliðstæð voru svo sett í árslok 1940 um að fresta framkvæmd nokkurra l. á árinu 1941. Ekkert ákvæði er í þeim bandormum, sem svipi á nokkurn hátt til þessa ákvæðis um fræðslumálaskrifstofuna og aðrar þær stofnanir, sem nefndar eru í 7. gr. Ég ætla því, að það finnist alls engin fordæmi í lagasetningu hliðstæð því, sem hér á sér stað. Ég þekki þau ekki, og ég bið þá hæstv. fjmrh. að benda á það, hvar þau sé að finna. Ég verð að beina fyrirspurn til hans, enda þótt mér fyndist, að það væri eðlilegra, að menntmrh. fengi að glíma við það viðfangsefni.

Ég hef reynt að færa fram nokkur rök fyrir því, að þetta ákvæði frv. ætti að fella niður. Ég veit, að það þýðir ekkert að vera að reyna að rökstyðja þetta frekar, því að rök hafa hér ekkert að segja, en hins vegar vildi ég nú beina því til hæstv. fjmrh., sem ber ábyrgð á þessu frv., að reyna að koma vitinu fyrir hæstv. menntmrh., þannig að hann fáist til þess að draga þetta ákvæði út úr frv., því að það er honum ekki til sæmdar að skipa þessum málum á þann veg og það er þinginu til vansæmdar að afgreiða málið á þennan veg.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Þó að ég óski síður en svo eftir því að lengja þessar umr. meira en nauðsynlegt er, get ég samt ekki látið hjá líða að svara í stuttu máli einstökum atriðum í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., sem hér talaði á undan mér, þar sem mér fundust þau á mis-

skilningi byggð. Það vakti nokkra athygli mína, að mér fannst, að hv. þm. túlkaði ræðu hv. 11. þm. Reykv. á óhugðnæmari hátt en ég hafði gert í minni ræðu. Það er að vísu rétt, að ég minntist hér á höftin og færði rök fyrir því, að ekki væri ráðlegt að grípa til þeirra eins og aðstæður eru nú í efnahagsmálum okkar, og tilefnið var það, að hv. 11. þm. Reykv. hafði talað um að stjórna þyrfti neyzlunni. Hins vegar setti ég ákveðið spurningarmerki við það, hvort hann hefði þar haft innflutningshöft í huga, en svo virðist sem hv. 3. þm. Norðurl. v. hafi lagt þann skilning í orð hv. þm., því að hann flutti hér varnarræðu fyrir innflutningsnefnd og aðrar úthlutunarnefndir, sem hér hafa starfað. Einmitt í því sambandi vil ég leiðrétta það, að það bar engan veginn að skilja orð mín þannig, að það hefði verið venja í úthlutunarnefndum að gera það, að menn greiddu blöð flokksins, leggðu fram í flokkssjóði o. s. frv., beinlínis að skilyrði fyrir því, að menn fengju leyfi fyrir innflutningi eða öðru slíku.

Hitt stend ég við, og það finnst mér ekki óeðlilegt með tilliti til þess, að það voru yfirleitt pólitískir fulltrúar, sem sátu í þessum nefndum, að þeir höfðu allmikla hliðsjón af því, hvern lit þau fyrirtæki og einstaklingar bæru, sem um leyfin sóttu. Ekki þannig að skilja, að þessir menn hafi sagt við umsækjendurna: Góði minn. Þú verður að sýna kvittun fyrir því, að þú hafir greitt blað flokksins o. s. frv. Það býst ég ekki við, að hafi verið gert. En af því að almenningur hafði grun um það, að pólitík væri þarna á ferðinni, hafa flestir talið það vænlegast til þess að fá sínum erindum framgengt að minna þessa menn á það, hvað þeir hefðu gert fyrir sinn flokk, og sagt: Ert þú ekki fulltrúi okkar flokks í þessu ráði eða þessari nefnd? Get ég vænzt trausts af öðrum heldur en þér? Ef þetta beit ekki á viðkomandi nm., þá var það úrræði fyrir hendi að snúa sér til einhvers ráðherra eða frammámanns fyrir flokkinn, minna hann á gott starf í þágu flokksins og biðja hann að beita áhrifum sínum við þessa pótintáta, sem þarna sátu í nefnd., og ég hugsa, að margir hafi orðið við þeirri beiðni.

Hins vegar vil ég taka það fram, að þegar um þetta er rætt, þá er það fjarri mér að leggja nokkurt mat á það, hvort fulltrúi eins flokks eða annars hafi sýnt þar meiri pólitíska hlutdrægni. Ég hugsa, að hér hafi allir fylgt nokkurn vegin sömu leikreglu. Nú er auðvitað erfitt að færa fyrir því tölulegar sannanir, hvað mikilli pólitískri hlutdrægni hafi verið beitt við úthlutun þessara leyfa, en ég vil nú samt benda hv. 3. þm. Norðurl. v. á gagnmerkt rit eftir ekki ómerkari mann en hv. 1. þm. Norðurl. e., Gísla Guðmundsson, en það er saga Sambandsins, sem gefin var út í tilefni af 40 ára afmæli þess 1942 eða svo. Þar eru tölur, sem sýna það, hversu stórkostlegur vöxtur var í viðskiptaveltu Sambandsins á árunum skömmu fyrir heimsstyrjöldina síðari jafnhliða því, sem samdráttur var í öllum öðrum greinum atvinnulífsins, og mér finnst, að þetta hljóti að verða ákaflega örðugt að skýra á annan hátt heldur en þann, að Samband íslenzkra samvinnufélaga hafi á þessum tíma notið algerrar sérstöðu, hvað snerti veitingu innflutningsleyfa. Ekki má taka þetta þannig, að ég sé í sjálfu sér að ásaka þá, sem þá höfðu meiri hl. í þessum nefndum, fyrir það að hafa sýnt þar meiri hlutdrægni heldur en aðrir. Þetta var sem sé leikregla, sem allir fylgdu.

Þetta er að mínu áliti óskylt máli því, sem hv. þm. nefndi í sambandi við lánveitingar bankanna. Hann sagði sem svo, að þá mætti alveg eins segja, að bankastjórarnir og aðrir þeir, sem veita lán, hlytu að sýna samsvarandi pólitíska hlutdrægni, en hér er í rauninni óskyldu saman að jafna. Það eru ekki til neinar vísindalegar reglur, sem hægt er að fylgja við úthlutun innflutningsleyfa, a. m. k. þekki ég þær ekki. Þar er það, eins og hv. 11. þm. Reykv. komst réttilega að orði fyrir nokkru hér í hv. d., brjóstvitið eitt, sem verður að ráða. En hvað snertir ákvörðun um, hvort lána skuli vissum aðilum, þá eru — og ég vænti þess ekki að bankastjórar, sem hér eiga sæti, mótmæli því — fastar reglur, sem fylgt er um það, að viðkomandi aðili setji viðunandi tryggingu fyrir láninu, og aðrar reglur, sem þar eru til, svo að hér er óskyldum hlutum saman að jafna.

Að vissu leyti kom mér þá á óvart, að svo virtist sem hv. 3. þm. Norðurl. v. teldi, að stjórn á innflutningi og neyzlu hlyti að vera fólgin í því að haftakerfið yrði tekið upp að nýju. Nú má stjórna slíku að mínu áliti á annan og miklu betri hátt eftir öðrum leiðum. Ég mundi frekar vilja tala um óstjórn á innflutningi í sambandi við haftakerfið, eins og það hefur verið framkvæmt hér á landi, og mér finnst, að það komi að ýmsu leyti í bág við það, sem af hálfu hv. Framsfl. hefur verið haldið fram áður í þessum efnum. Einu sinni var talað um hina leiðina svonefndu, en þegar því var haldið fram af sumum andstæðingum Framsfl., að með því væri átt við að endurvekja haftakerfið að nýju, þá var tekið upp nafnið „þriðja leiðin“ til þess að undirstrika það, að hin leiðin þýddi ekki, að það ætti að hverfa að haftakerfinu að nýju. Eins og ég minntist á í framsöguræðu minni, hafa hv. framsóknarmenn eins og aðrir staðið að því að samþykkja heimild til handa ríkisstj. til þess, að Ísland gerist aðili að GATT, en möguleikarnir á því að beita innflutningshöftum eru mjög takmarkaðir, ef fylgja á reglum þeirrar stofnunar. En það er auðvitað mál hv. framsóknarmanna, hvernig þeir túlka sína stefnu.

Að lokum vildi ég aðeins minnast á verðtryggingu launa, sem hv. þm. gerði hér að umtalsefni, vegna þess að þar þótti mér gæta allmikils misskilnings hjá honum. Það var síður en svo mín hugsun að halda því fram, að með því að láta lög um verðtryggingu launa — eins og þau eru að mínu áliti ranglega nefnd — standa óbreytt, þá hefði verið komið í veg fyrir, að nokkur kjaraskerðing gæti átt sér stað. Ef svo væri, teldi ég, að það hefði verið misráðið að afnema þessi lög nokkurn tíma. En ég benti aðeins á það, að minnki rauntekjur þjóðarinnar, er heldur ekki hægt að halda uppi rauntekjum einstaklinganna í þjóðfélaginu, hvorki með því að hafa í gildi lög um svokall-

aða verðtryggingu eða með öðru móti.

Einnig fannst mér það misskilningur hjá hv. þm., þegar hann talaði um það, að þar sem verðtrygging launa væri miðuð við ákveðna vísitölufjölskyldu, gæti það vel samrýmzt að afnema þá verðtryggingu og það, að skert væru kjör þeirra, sem hefðu meiri tekjur heldur en vísitölufjölskyldan. Nú er rétt að hafa það í huga, að hin svokallaða vísitölufjölskylda — miðað við núverandi grundvöll — er mjög sæmilega efnum búin eða hefur um það bil 20 þús. kr. tekjur á mánuði — um það bil tvöfaldar þær tekjur, sem verkamaður, sem aðeins lifir af dagvinnu, hefur yfir að ráða. Þannig að nú er svo komið, að ýmis útgjöld, sem almennt hafa verið kölluð óþarfi hingað til, eins og útgjöld vegna einkabifreiða, skemmtiferðalaga til útlanda o. fl., vega sitt í vísitölunni að ógleymdu áfengi og tóbaki, sem nú er orðið þar allstór liður. Þetta er þó kannske ekki aðalatriðið, heldur hitt, að vísitöluákvæðin, eins og þau voru áður en samningarnir voru gerðir, gengu yfirleitt út á það, að öll laun áttu að hækka í sama hlutfalli, einnig laun þeirra, sem höfðu meira en 20 þús. kr. í laun á mánuði.

Þó að fleira væri í rauninni í ræðu hv. þm., sem tilefni gæfi til aths., þá læt ég þetta nægja.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Frv. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, sem hér hefur legið fyrir og verið allmikið rætt, er dálítið sérstætt að því leyti, að ekki hefur fyrr sézt frá stjórninni nein veruleg viðleitni í þá átt að spara útgjöld ríkisins, og að því leyti, að hér er gert ráð fyrir að stemma stigu við þeim útgjöldum, sem óþörf kunna að vera. Er þetta frv. vissulega lofsvert í augum okkar stjórnarandstæðinga, sem lengi höfum reynt að koma nokkrum sparnaði til leiðar með tillögugerð við afgreiðslu fjárl. og höfum ævinlega fengið þau svör af hálfu forsvarsmanna ríkisstj., að till. okkar væru óraunhæfar, og yrðu þær samþ., væri svo og svo mikil vá fyrir dyrum þjóðarinnar. Þegar við höfum lagt til að spara t. d. í löggæzlukostnaði, hefur svarið verið, að þá mundi allt vaða hér uppi í óeirðum og lögleysu, og þannig hafa okkar sparnaðartill. stig af stigi verið felldar lið fyrir lið og ár eftir ár með slíkum röksemdafærslum. Það er okkur að sjálfsögðu fagnaðarefni, þegar frá stjórninni sjálfri kemur plagg um það, að nú sé hún búin að átta sig á því, að ekki hafi þetta allt verið vitleysa, sem við vorum að leggja til, og röksemdafærslan fyrir sparnaðinum er nú öll í hina áttina — sem sé sú, að það sé hægt að gera þetta, án þess að það snerti þjóðlífið nokkurn skapaðan hlut. Hversu rétt þetta kann að reynast, vitum við auðvitað ekki, enda ber grg. það með sér í ýmsum efnum, að ríkisstj. telur, að ekki muni verða um raunhæfan sparnað af sumum einstökum liðum frv. að ræða — ekki fyrst um sinn, kannske síðar. En ég endurtek það, að ég tel það lofsvert og sjálfsagt, að ríkisstj. skuli á þeim tímum, sem nú eru — tímum, sem hafa kreppt að atvinnulífi þjóðarinnar og dregið úr fjárráðum bæði einstaklinga og opinberra aðila — sýna viðleitni í því að reyna að draga saman útgjöldin. Það vil ég undirstrika, og að því leyti, sem mér sýnist, að um raunhæfar till. í þá átt sé að ræða, fylgi ég frv. heils hugar og allra frekast, ef það skyldi nú líka reynast rétt, sem haldið er fram, að þetta verði þó ekki til þess að minnka þjónustu þjóðfélagsins við þegnana.

Hitt er svo annað mál, sem ég vil vekja athygli á hér og raunar hefur verið gert einkum af hv. 3. þm. Norðurl. v., að það er með öllu óviðeigandi að blanda inn í þetta frv. sparnaði á útgjöldum ríkissjóðs í fræðslumálum og stjórn þeirra, án þess að þeir liðir gefi von um nokkurn minnsta sparnað á þessu ári. Hv. ræðumaður, 3. þm. Norðurl. v., tók hér allrækilega til meðferðar 7. gr. þessa lagafrv., þar sem gert er ráð fyrir að leggja niður fræðslumálaskrifstofuna, fjármálaeftirlit skóla, Fræðslumyndasafn ríkisins, íþróttafulltrúastarf og bókafulltrúastarf og gera þessi störf öll að liðum í menntmrn. Ég er ekkert að mótmæla þeirri hugmynd út af fyrir sig, en til þess arna þarf lagasetningu, og hana þarf að ræða á Alþ. sem slíka. En þegar svo er klykkt út með því í þessu sparnaðarfrv., að ekki muni verða af þessu sparnaður að svo komnu, eru fallin fyrir mínum hugskotssjónum öll rök með því að samþykkja þessar gr.

Þá vil ég aðeins víkja að annarri gr. í þessu frv., sem mér finnst bera vott um nokkuð sérstæða lagasmíð eða frumvarpssmíð af ríkisstj. hálfu. Eins og menn munu muna, tafðist þing á s. l. vetri um nokkra daga vegna þeirrar síðustu lagasetningar, sem hér var gerð á því ári, en það voru lög um skólakostnað. Mér skilst, að það hafi verið talið, að mikið lægi við, að þessi lög gætu komizt á áður en þingi væri lokið í fyrra. Svo var líka gert, og í síðustu gr. þess frv., sem nú er reyndar orðið að lögum, segir í 29. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu vera komin að fullu til framkvæmda 1. sept. 1968.“ Raunin hefur hins vegar orðið sú, að svo virðist ekki sem orðið hafi nein alvarleg skakkaföll í íslenzku þjóðfélagi, þó að samþykkt þessara laga hefði eitthvað dregizt, því að þessi lög hafa ekki verið látin taka gildi enn þá, en með samþykkt þeirra voru sveitarfélögum landsins í rauninni gefnar alrangar upplýsingar um skólahald og kostnað við það á s. l. ári. Og nú við afgreiðslu fjárl. var því hreinlega lýst yfir, að þau mundu ekki taka gildi fyrr en 1. sept. 1968, þ. e. í haust, svo sem eins og 1½ ári síðar en l. voru samþykkt.

En það er reyndar ekki alveg víst, að svo verði, þ. e. að þau komi til framkvæmda þá, eins og þau voru hugsuð í upphafi. Ég sé ekki betur heldur en í þessu frv., sem við erum hér að ræða, séu nokkrir tilburðir hafðir til þess að koma fram því, sem stjórnin hlýtur að álíta endurbætur eða breytingar á þessum l., því að 4. gr. í frv. um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda er annað tveggja alger markleysa, sem ég raunar hallast að, að hún muni vera eða þá hún er skoðuð sem breyting á skóla-

kostnaðarlögunum. Ég vil leyfa mér að fara yfir þessa 4. gr. málsl. fyrir málsl. og skoða, hvað í þessu felst og hvaða ástæða kynni að vera til þess að lögleiða þetta. Frá mínum bæjardyrum séð er ekkert — bókstaflega ekkert — í gr., sem ríkisstj. hefði ekki getað framkvæmt sjálf án nokkurrar nýrrar lagasetningar. Í upphafi gr. segir svo:

„Ákvæði 13. gr. l. nr. 49/1967 um heimild til að veita lán af geymdum fjárveitingum vegna skólamannvirkja skulu fjárlagaárið 1968 framkvæmd þannig, að samanlagðar greiðslur úr ríkissjóði, að lánum meðtöldum, skulu vera 5 millj. kr. lægri en fjárveitingar 1968 að viðbættu geymdu fé frá fyrri árum og frádregnum fyrirframgreiðslum af fjárveitingum 1968."

Þessi liður hefur verið margsinnis túlkaður af hæstv. fjmrh. á þá lund, að hér sé eingöngu um það að ræða, að lán af geymdu fé muni verða dregin saman um 5 millj. kr. Ég sé heldur ekki annað en ríkisstj. hefði getað gert þetta án þess að til kæmi nokkur ný lagasetning. Það er ekkert í l., sem fyrirskipar ríkisstj., að hún skuli lána þetta fé, heldur einungis heimild til þess og ekki meira.

Ef við höldum áfram og lítum á næsta málsl.:

„Við gerð þeirrar árlegu framkvæmdaáætlunar, sem samkv. 4. gr. sömu l. skal fylgja till. til fjárveitinga 1969, þar sem röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust að áliti menntmrn., skal sérstaklega taka til athugunar fjárveitingar til barna- og unglingastigsskóla, sem ekki eru enn komnir á framkvæmdaáætlun, ef væntanlegur nemendafjöldi er minni en 30, komi ekki til sameininga hreppa í skólahverfi." Menntmrn. ræður því algerlega sjálft, hvað það á að álíta, að eigi að sitja fyrir. Það getur svo raðað á framkvæmdaáætlun eða til fjvn. þeim óskum um fjárveitingu, að skólar með færri nemendum en 30 verði þar síðast á blaði eða ekkert á blaði. Ekki þurfti að breyta l., til þess að stjórnin gæti það.

Og ef áfram er haldið: „Við afgreiðslu fjárl. 1969 skal leggja fyrir Alþ. till. um meðferð geymdra fjárveitinga vegna slíkra skóla." Skyldi stjórnin ekki geta þetta, þegar kemur að því að framkvæma eða lögfesta fjárl. fyrir árið 1969 án þess að afla sér lagaheimildar um það á þessum grundvelli? Þetta var um fyrri lið. Það eru tveir tölul. í 4. gr.; þetta var hinn fyrri.

En lítum síðan á hinn síðari. Þar segir fyrst í 1. málsl.:

„Við setningu reglugerðar um framkvæmd l. nr. 49/1967, um skólakostnað, skal setja ákvæði um hagkvæmt skipulag stundaskrár og aðra hagræðingu, er lækkað geti kostnað að óbreyttri þjónustu skólanna."

Já, það er ókomin reglugerð um þessi lög, þó að þau séu nú um það bil ársgömul. Hún mun vera í samningu hjá rn. sjálfu, og hér er sem sé ríkisstj. að fara fram á það, að Alþ. segi rn. fyrir um, hvernig sú reglugerð á að vera. Ég hef stundum staðið í því hér að álasa ríkisstj. fyrir að taka ákvarðanir utan þings um ýmsa hluti, sem eðlilegt væri, að Alþ. fjallaði um. Ég minntist þess t. d. í vetur, að mér fannst það ekki alls kostar viðeigandi, að þm. læsu það í blöðum og vissu það þá fyrst úr dagblöðum bæjarins, að mánuði eftir, að fjárl. höfðu verið samþ., hafði ríkisstj. skuldbundið ríkissjóð fyrir greiðslum, sem námu 320 millj. kr., án þess að spyrja Alþ. ráða um þetta. Það fannst mér óviðurkvæmilegt. Það var mál, sem Alþ. vissulega hefði átt að fjalla um — ekki sem orðinn hlut heldur áður en til slíkra skuldbindinga kom. En að Alþ., sem samþykkti lög í fyrra, skuli nú samþykkja önnur lög um það, hvernig viðkomandi rn. — í þessu tilfelli menntmrn. — eigi að haga reglugerðarákvæðum við þessi sömu lög, það get ég ekki skoðað nema annað tveggja sem markleysu eða sem hreint vantraust af fjmrn. hálfu á menntmrn. Og það kann vel að vera, að það hafi við rök að styðjast, en heldur finnst mér það óviðurkvæmilegt að leggja fram vantraust með þessum hætti.

Áfram er haldið og lesi ég 2. málsl. úr þessum 2. tölul. 4. gr. l., þá segir þar:

„Skólastjórar skulu, fyrir 15. apríl 1968 eða annan þann dag, sem rn. ákveður, gera áætlun um nemendafjölda, fjölda reiknaðra stunda á kennslumánuði og áætlun um kostnað ríkissjóðs skólaárið 1. sept. 1968 til 31. ágúst 1969."

Hver þörf var á þessu, getum við séð, ef við lítum í sjálf skólakostnaðarlögin. Í 18. gr. þeirra segir svo í upphafi: „Skólastjórar skulu í byrjun hvers almanaksárs gera áætlun um nemendafjölda, fjölda reiknaðra stunda á kennslumánuði og áætlaðan kostnað ríkissjóðs næsta skólaár samkv. III. kafla l."

Þetta er nákvæmlega það sama, sem áður er búið að lögfesta í l. um skólakostnað, og er hér af einhverjum ástæðum endurtekið, rétt eins og hæstv. fjmrh. sé dálítið hræddur um það, að hæstv. menntmrh. sé búinn að gleyma þessu og ekki veiti af að minna hann á það með nýjum lögum.

Og ef haldið er enn áfram, og athugaður er 3. málsl. 4. gr., er hann þannig:

„Áætlanir þessar skulu endurskoðaðar af menntmrn. í samræmi við ákvæði skólakostnaðarlaga og reglugerðar."

Reglugerðar, sem að vísu er ekki til enn þá og hefur alls ekki verið gefin út. En ég á ákaflega bágt með að hugsa mér það, að það hafi nokkurn tíma vakað fyrir þeim, sem settu skólakostnaðarl., að skólastjórarnir væru svo einráðir um áætlanagerð, að áætlanir væru lög upp frá því og þær yrðu ekki endurskoðaðar. En hér ber enn að sama brunni, að fjmrn. virðist ekki telja það tryggt, að menntmrn. framkvæmi neina endurskoðun á þessum áætlanagerðum skólastjóranna, nema það sé sérstaklega minnt á það með nýjum lögum. En þá er enn komið að því, að þar finnst mér vera dálítill óþarfi á ferðum, ef mál — sem fjmrn. gæti afgr. með nótu, sem send yrði upp á 2. hæð eða 3. hæð eða bara upp á hæðina fyrir ofan aðsetur sjálfs fjmrn. til þess að minna menntmrn. á sína skyldu — þarf endilega að fara gegnum Alþ. og þrjár umr. þar í hvorri d. og

staðfestast af forseta Íslands til þess, að tryggt megi teljast, að menntmrh. muni eftir því.

Og þá er ég kominn að niðurlagi þessarar 4. gr. Þar segir svo:

„Eigi skal setja eða skipa kennara fyrir skólaárið 1968/1969 umfram tölu fastra kennara 1967/1968, fyrr en áætlun skólastjóra um kennaraþörf hefur hlotið samþykki menntmrn."

Menntmrn. má sem sé ekki setja kennara samkv. áætlun, fyrr en það sjálft er búið að fjalla um áætlunina og telja hana á rökum reista. Það má sem sé ekki framkvæma hlutinn, nema það samþykki hann sjálft. Hér er um dálítið einstæða lagasmíð að ræða, og mig hefði langað til þess að spyrja hæstv. fjmrh., sem hér er forsvarsmaður þessa frv., enda mun það runnið undan rifjum fjmrn., um það, hvort menntmrh. hefði aldrei fjallað um t. d. þessa gr. frv., áður en það var lagt fram.

Mér fyndist þess vegna eðlilegt varðandi þessa 4. gr., að þessi hv. þd. gerði annað tveggja að lofa henni að róa eða breyta henni. Það er enginn sparnaður í henni í krónum talið og heldur engin áætlun gerð um það af rn. hálfu, þ. e. af fjmrn. hálfu, að þetta gefi neinn sparnað, a. m. k. ekki á þessu ári, nema ef telja mætti þessar 5 millj. kr., sem ráðgert er að lána ekki. En eins og ég hef áður vikið að, tel ég enga þörf á því að lögbinda það, því að rn. hefur það að sjálfsögðu í hendi sér, hvort það lánar fé út frá sér eða ekki alveg eins og hver annar bankastjóri. Hann þarf ekkert lagaboð um það, að hann skuli ekki lána einhverjum tilteknum aðila. Hann getur ákveðið það sjálfur án þess að lög komi til. Að öllu þessu athuguðu tel ég sem sé, að eðlilegast væri, að þessi gr. yrði felld, en telji hv. Ed. Alþ. ástæðu til að hafa hana, fyndist mér, að það ætti að byrja hana svolítið öðruvísi en hún byrjar. Það ætti að setja yfir hana þessa yfirskrift: „Menntmrh. hafi hugfast, að . . . " o. s. frv. En ég fyrir mitt leyti, þó að ég sé ekki stuðningsmaður núv. ríkisstj., hef enga sérstaka ástæðu til þess að samþykkja vítur eða vantraust á hæstv. núv. menntmrh., og þess vegna mun ég greiða atkv. gegn gr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrst að þakka hv. fjhn. fyrir mjög skjóta afgreiðslu þessa máls og þakka hv. fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna í n. fyrir það, hve vel og drengilega þeir hafa tekið ósk minni um að reyna að hraða þessu máli. Ég ætla ekki að lengja mikið þessar umr. hér og skal halda mig algerlega við frv. og ræða aðeins viss atriði, sem hafa komið fram í sambandi við það og ég tel ekki viðeigandi annað en gera nokkuð að umtalsefni, m. a. til að svara ýmsum hugleiðingum, sem komið hafa fram frá hv. þdm. varðandi þau atriði.

Það hefur komið fram viss gagnrýni á það eða efasemdir um það, að þetta frv. mundi skila öllum þeim sparnaði, sem gert er ráð fyrir. Ég tók það fram í framsöguræðu minni, að það væri ekki gert ráð fyrir, að hann kæmi að fullu til skila, enda eru sum atriði frv. þannig, að það er beinlínis gengið út frá því, að það skili ekki sparnaði fyrr en á næsta ári. Það er hins vegar talið nauðsynlegt að gera þær ráðstafanir nú, vegna þess að það þarf vissan undirbúning, til þess að einmitt slíkur sparnaður náist, og ég hef bent á það, að það sé engum efa bundið eins og allar horfur eru nú, að það verði mikið vandamál að koma fjárl. saman fyrir næsta ár og því tvímælalaust nauðsyn að halda áfram að kanna öll hugsanleg úrræði til þess að koma við enn meiri sparnaði heldur en hér er gert ráð fyrir. Það er auðvitað alveg rétt, sem hv. frsm. minni hl. fjhn. sagði, að það er létt í vasa að breyta tölum, ef ekkert annað er gert. Það erum við alveg sammála um. En það er trú mín, að meginhlutinn af þeim fjárhæðum, sem hér er um að ræða, muni þó koma til skila á þessu ári, þannig að það verði tiltölulega lágar upphæðir, sem ekki komi til með að skila sér í beinum sparnaði, og það eru þá fjárhæðir, sem hefur verið reiknað með, að ekki gætu nema að nokkru leyti skilað sér á árinu.

Það kom fram hjá hv. 3. þm. Vestf., sem eðlilegt var frá honum sem bankastjóra, að hann væri mjög kvíðinn vegna þeirrar hugmyndar að ætla að fjármagna með lánum yfir 62 millj. kr., sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og hann taldi það einkennilegt, að ríkisstj. hefði horfið frá þeirri skoðun sinni, sem ég hefði lýst við fjárlagaumr., að það væri sýnilegt, að þeir erfiðleikar væru á lánsfjármarkaði í landinu, að nauðsynlegt hefði verið að taka inn í fjárl. auknar fjárveitingar einmitt til þess að fjármagna ýmsar ríkisframkvæmdir með beinum framlögum ríkisins, en ekki lánum. Ég skal hugga hann með því, að það hefur ekkert breytzt skoðun mín í þessu efni, og í sambandi við framkvæmdaáætlunina, sem mun verða gerð grein fyrir hér á Alþ. innan skamms, mun það koma í ljós, hvaða hugmyndir menn hafa um fjáröflun til ríkisframkvæmda og til framkvæmdasjóðanna. Hugmyndin með því að leggja nú inn á þá braut, sem ekki var talin fær í haust, þ. e. að taka lán til ýmissa ríkisframkvæmda, er byggð á því, að auðið verði að afla fjár með öðrum hætti heldur en að leggja það beint á bankakerfið, eins og gert hefur verið síðustu ár að mestu leyti. Þannig að ég tel, að þrátt fyrir þessa breytingu, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., merki það ekki neina hugmynd um auknar álögur á bankakerfið, sem er alveg hárrétt, að á áreiðanlega við mikla erfiðleika að stríða við að veita nauðsynlega lánafyrirgreiðslu til framleiðslunnar, eins og nú standa sakir.

Fiskveiðasjóð hefur hér nokkuð borið á góma. Ég tók það fram við 1. umr. þessa máls, að í öllum viðræðum eftir áramótin um aðstoð við útgerðina yrði gengið út frá því, að framlag til Fiskveiðasjóðs félli niður. Auðvitað var hægt að haga þeirri aðstoð með öðrum hætti og hafa hana lægri, sem næmi þessum 30 millj. kr. til Fiskveiðasjóðs, en það var talið eðlilegra að fara þá leið, sem farin var, m. a. með hliðsjón af því, sem hér kom fram hjá hv. 5. landsk. þm., að með þeim hætti að hafa beint

framlag í stofnfjársjóðinn hærra, væri einmitt hægt að ná betur þeim tilgangi, sem hann gat um, heldur en með því að halda fjárveitingunni til Fiskveiðasjóðs í fjárl. og hafa þá framlagið til stofnfjársjóðsins lægra. Það er einmitt í beinu samræmi við það að ná í ríkari mæli þeim tilgangi, sem mér skildist á honum, að hann teldi mikla nauðsyn að gefa sérstakan gaum að nú, og skal ég ekki draga í efa, að svo sé. Það er alveg hárrétt hjá honum, að Fiskveiðasjóður á við mikla erfiðleika að stríða, og þess vegna væri það kannske nokkuð mikið álag á hann til viðbótar, ef ætti að taka einnig hluta útgerðarinnar og breyta honum í aðstoðarlán með þeim hætti sem hann vék að. Um það skal ég ekkert að öðru leyti segja á þessu stigi. Það er mál, sem er eðlilegast að ræða í sambandi við frv. um stofnfjársjóðinn, hvaða hugmyndir menn hafa uppi um það efni. Og geri ég ráð fyrir, að hæstv. sjútvmrh. muni þá geta tekið það til meðferðar með eðlilegum hætti. En hvað viðvíkur þessu frv. hér, er ekkert fastákveðið um stefnumörkun varðandi þetta atriði, heldur aðeins verið að framkvæma ráðstöfun, sem gert var ráð fyrir, að mundi verða framkvæmd í öllum viðræðum við útgerðina í sambandi við aðstoðina eftir áramótin.

Vitanlega verður Fiskveiðasjóður að hafa fé til þess að standa undir sínum skuldbindingum, og þær skuldbindingar hafa farið vaxandi með gengisbreytingunni vegna þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á erlendum lánum. Það er alveg ljóst.

Til þess að mæta hluta af þeim vanda var gert ráð fyrir að verja töluverðum hluta gengishagnaðarins einmitt til Fiskveiðasjóðs með það í huga, að hann gæti staðið undir hækkunum á þessum lánum. Sömuleiðis tel ég rétt, að það komi fram einmitt vegna fsp. hv. þm., að það er gert ráð fyrir því í framkvæmdaáætlun, að það verði aflað allverulegs lánsfjár til Fiskveiðasjóðs, þannig að það hefur fullkomlega verið hafður í huga sá vandi, sem Fiskveiðasjóður á við að glíma. Vitanlega væri engin vanþörf á því að hafa þessar 30 millj. kr. og jafnvel mun hærri fjárhæð, því að vandi Fiskveiðasjóðs er mikill. En hins vegar lít ég svo á, að Fiskveiðasjóður sé sterkur sjóður, sem á mjög mikið eigið fé, þannig að sé hægt með einhverjum hætti að afla honum lána, getur hann ósköp vel tekið þau lán án nokkurrar áhættu fyrir sig um sína afkomu. Vegna þessa þarf það ekki að vera neitt eðlilegt út af fyrir sig, að ríkið leggi sem bein og óafturkræf framlög svo og svo stórar fjárhæðir til sjóðsins, ef séð er fyrir fjárhagsvanda hans með öðrum hætti. Ég get alveg tekið undir allar almennar hugleiðingar hv. þm. um það mikla vandamál, sem Fiskveiðasjóður á við að glíma, og þá erfiðleika, sem útgerðin stendur í nú. En ég vænti þess aðeins, að hann geti fallizt á, að það sé ekki eðlilegt sjónarmið að blanda því beinlínis saman við þetta frv., heldur taka það upp í sambandi við stofnfjársjóðinn.

Varðandi Aflatryggingasjóð er það alveg rétt, að það er erfitt að meta fjárhag og fjárreiður þess sjóðs. Sjóðsstjórnin hefur ekki talið mögulegt að gera um þetta áætlun. Hins vegar bentu áætlanir, sem hafa þó verið gerðar og hafa beztar legið fyrir um fjárhagsafkomu sjóðsins á þessu ári, til þess, að fjárreiður sjóðsins gætu orðið það ríflegar, að það væri hægt að gera þessa breytingu fyrir þetta ár. Ég hef hins vegar tekið það skýrt fram, að það sé ekki ætlunin að breyta reglum um úthlutun fjár úr Aflatryggingasjóði, þannig að ef svo illa færi, að það yrði ekki hægt að mæta þeim skuldbindingum sjóðsins, yrði að sjálfsögðu með einhverjum hætti að afla honum fjár til þess að standa straum af þessum skuldbindingum núna. Það þarf auðvitað ekki endilega að breyta þeirri hugsun, sem hér liggur að baki, því að undir venjulegum kringumstæðum hefur Aflatryggingasjóður yfir mjög miklu fé að ráða, þannig að hægt væri að hugsa sér, að mögulegt yrði að ná saman endum með því að afla sjóðnum einhvers fjár með bráðabirgðaráðstöfunum, ef þess reynist þörf á þessu ári.

Um Ríkisábyrgðasjóðinn er auðvitað mjög erfitt að segja. Framlagið til Ríkisábyrgðasjóðs reyndist á s. l. ári þurfa að vera 75 millj. kr. Höfuðvandinn, sem þá var við að glíma, var að vísu ekki sjávarútvegurinn, heldur erfiðleikar hjá Flugfélagi Íslands, sem leiddi til þess, að Ríkisábyrgðasjóður varð að greiða milli 20—30 millj. kr. af lánum Flugfélagsins vegna þotunnar nú fyrir áramótin. Það var það, sem réð úrslitum um hina mjög bágbornu afkomu Ríkisábyrgðasjóðs að þessu leyti eða versnandi hag hans. Hvað gerist í þessum efnum á þessu ári, skal ég ekkert um segja, en það mál er allt í mjög rækilegri athugun, og auðvitað verður ekki með neinu móti við það unað, að Ríkisábyrgðasjóður taki á sig stórfelld áföll af þessari ástæðu. Það er rétt, að bátarnir sem slíkir eru ekki þungur baggi á Ríkisábyrgðasjóði, og þó að greitt sé til Fiskveiðasjóðs, tryggir það ekki nema að litlu leyti hag Ríkisábyrgðasjóðs, en lán til frystihúsanna, sem hafa verið aukin verulega, létta hins vegar undir þetta að því leyti, að það er venja að skuldajafna, ef komin eru vanskil á ríkisábyrgðarlán, þannig að ég mundi álíta þær aðgerðir, sem gerðar hafa verið frystihúsunum í hag, þess eðlis, að það ætti að gefa vonir um, að Ríkisábyrgðasjóður kæmist betur af, og á því er það byggt að það er talið fært að lækka þessa upphæð, þannig að framlagið til Ríkisábyrgðasjóðs verði þó ekki hærra en útgjöldin raunverulega urðu árið 1967.

Hv. 3. þm. Vestf. sagði, að með þessu frv. virtist vera horfið frá því að leggja meira fé til skólabygginga, sem væri mikil nauðsyn og hefur verið lýst yfir, að væri stefnt að. Þetta er nú ekki alveg rétt. Enda þótt ekki verði lánaðar umræddar 5 millj. kr. af geymdu fé, eru framlög til skólabygginga engu að síður allverulega hærri nú á árinu 1968 en þau voru á árinu 1967. Á það hefur verið bent af hv. 6. þm. Sunnl., að 4. gr. væri ástæðulaus. Það væri hægt að spara umræddar 5 millj. kr. af geymdu fé, og það væri jafnframt hægt að koma við þeim ströngu reglum um framkvæmd

skólakostnaðarl., sem í gr. er um fjallað. Strangt tekið má segja, að þetta sé rétt. En það hefur verið venja hingað til að lána allt það fé, sem hefur verið geymt af fjárveitingum vegna annarra skóla. Því þykir okkur mjög mikilvægt að fá ákveðna viljayfirlýsingu Alþ. um það, að fallizt sé á, að þessum takmörkunum verði beitt, og jafnframt að fá viljayfirlýsingu um það, að rétt sé að reyna að framkvæma það strengilega nýju skólakostnaðarl., að hægt verði að koma við þeim sparnaði, sem gert er ráð fyrir í frv., í áætlunum, sem gerðar hafa verið fyrir fram með hliðsjón af nýju skólakostnaðarl. Það er hægt að framkvæma þau l. með ýmsum hætti, og það er alveg rétt, að vafalaust er það að meginhluta reglugerðarákvæði, hvernig þau eru framkvæmd; það getur leikið á verulegum fjárhæðum. En ég held, að það sé ekki hægt að segja, að það sé óþinglegt á neinn hátt, þó að ríkisstj. vilji fá stuðning Alþ. í því, hvaða meginstefnu skuli fylgt í þeim efnum, því að um það má vissulega deila, hvaða framkvæmd eigi að hafa á lögunum, þannig að ég get ekki séð, að þessi lagagr. sé á neinn hátt óeðlileg.

Varðandi fræðslumálastjóraembættið, sem margumdeilt hefur verið bæði í Nd. og í þessari hv. d., og það, hversu óeðlilegt væri að fara að blanda fjmrh. í menntamál, get ég alveg tekið undir það, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að menntmrh. mundi vafalaust vera fær um að sjá um þau sjálfur. En hins vegar hef ég kannske ekkert á móti því einstöku sinnum að fjalla líka um menntamál. Það getur verið gaman að fást við þau svona í stöku tilfellum, þó að það þyki kannske ekki hrós fyrir mig, býst ég við, eftir skoðunum hv. þm. að dæma að standa sem ábyrgur fyrir þeirri till., sem hér er gerð. Því hefur verið lýst yfir, að ástæðan fyrir því, að þessi till. er tekin inn í þetta frv., sé sú, að ríkisstj. vilji fá stefnumörkun um þetta atriði, og það er vitanlega misskilningur, að í þessu felist eingöngu það, að það sé verið að sameina þetta undir einu þaki og þar af leiðandi þurfi enga breytingu. Ætlunin er, að hér verði gerð allveruleg skipulagsbreyting. Að vísu hefur það ekki verið ákveðið í einstökum atriðum, hvernig sú breyting verði gerð, heldur er hér verið að leita eftir viljayfirlýsingu um það, að í grundvallaratriðum megi gera þessar breyt., og þá þarf vitanlega að taka til meðferðar ýmis lög í framhaldi af þessari ákvörðun, sem eru þess eðlis, eins og hv. þm. réttilega sagði, að það þarf að gera sér grein fyrir því, hvort ekki sé þar þörf lagabreytinga í ýmsum greinum. En þessi ákvörðun út af fyrir sig finnst mér vera meira formlegs eðlis. Það er ekki ætlunin með því, eins og menntmrh. hefur sjálfur lýst yfir, að breyta tilhögun yfirstjórnar fræðslumálanna í neinum grundvallaratriðum, heldur er þetta gert af hagkvæmnisástæðum, og orsökin til þess, að þetta er tekið hér í frv., eru ekki till. um ýmis önnur embætti, sem hv. þm. vék að og vissulega getur komið til álita að gera sams konar skipulagsbreytingu á, heldur er orsökin sú, að þetta hefur verið til meðferðar um skeið — einmitt þessi skipulagsbreyting, þannig að hún hefur verið undirbúin töluvert, og athugun þess máls virðist ótvírætt leiða í ljós, að þetta sé hagkvæmt að gera og það muni vera auðið að koma þessu í framkvæmd innan mjög skamms tíma. Þess vegna er óskað eftir því í þessu frv., að þessi stefnumörkun fáist, og ástæðan til þess, að þetta er tekið í frv. um sparnað, er ekki sízt sú, að það er ákveðin skoðun okkar, að þetta geti leitt til töluverðs sparnaðar, þó að ekki sé hægt að nefna ákveðnar tölur í því sambandi.

Hv. 5. landsk. þm. spurðist sérstaklega fyrir um það, hver væri ætlun ríkisstj. varðandi kostnað við utanlandsferðir á þessu ári. Ég get fúslega upplýst það, að ætlun ríkisstj. er að reyna að takmarka þær ferðir svo sem frekast er unnt, og viss þáttur ferðakostnaðar og stærsti þáttur hans er skráður á kostnað við stjórnarráðið, vegna þess að allar opinberar sendinefndir eru færðar á kostnað rn., og það hefur ekki hvað sízt verið áformað, að sú lækkun, sem er á fjárveitingu til stjórnarráðsins, verði gerð með því að draga úr sendiferðum til útlanda á þessu ári. Það eru auðvitað margar sendiferðir, sem ekki verður með neinu móti komizt hjá, og viðskiptasamningar og ýmis önnur tilfelli þess eðlis, að það er ekki nokkur leið að komast hjá að senda menn til útlanda, en það er ákveðinn ásetningur að takmarka þessar ferðir í ár, svo sem frekast er unnt.

Ég held svo, herra forseti, að það séu ekki fleiri atriði, sem ég hef ástæðu til að ræða um. Eins og ég áðan sagði, vil ég ekki fara að blanda mér hér í almennar deilur um efnahagsmál. Það er vissulega hægt margt um það að segja, en ég vil ekki af minni hálfu fara að lengja umr. að því leyti og vil því þess vegna strengilega halda mig við frv. og þær aths., sem komið hafa fram við það, en ítreka að lokum aðeins þakkir mínar til hv. fjhn. og talsmanna hennar hér fyrir að hafa hraðað málinu, svo sem ég bar fram ósk um.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. út af síðustu ræðu hv. 12. þm. Reykv. Hann sagði í sinni ræðu, að ég hefði túlkað ræðu hv. 11. þm. Reykv. og lagt í hana heldur leiðinlegan skilning. Þetta er alger misskilningur. Ég tók það einmitt skýrt fram, að hv. 11. þm. Reykv. hefði alls ekki í sinni ræðu minnzt neitt á innflutningshöft og gjaldeyrismál eða þau efni, sem alllangur kafli ræðu hv. 12. þm. Reykv. fjallaði um. Það var hann, hv. 12. þm. Reykv., sem byrjaði að ræða hér um innflutningshöft og kenna þau sérstaklega við Framsfl. Ég hef nú vísað þeim ásökunum heim til föðurhúsanna og minnt hann á, að það eru sjálfstæðismenn ekki síður en aðrir, sem hafa staðið að þeim höftum. Ég hefði þó ekki farið að eltast við að svara því, sem hann sagði um það, ef hann hefði ekki jafnframt í sinni ræðu veitzt alveg sérstaklega að þeim mönnum, sem hafa farið með þessi mál á hverjum tíma, og sakað þá beinlínis um að hafa misnotað sína stöðu í pólitískum til-

gangi. Það var ekki hægt að skilja ræðu hv. þm. á aðra lund, og því vildi ég ekki una.

Nú kom hv. 12. þm. og vildi gera iðrun og yfirbót og sagðist alls ekki hafa meint þetta. Sín orð hefði ekki átt að skilja á þá lund. Hann hefði ekki viljað segja það, að menn hefðu t. d. komið til innflutningsnefndar og þá hefðu nm. sagt við umsækjendurna: „Heyrðu góði. Hvað hefur þú borgað í flokkssjóðinn? Sýndu mér kvittunina" — eða eitthvað því um líkt. Nei, það sagðist hann ekki hafa viljað segja, og ef hv. þm. hefði nú hætt þarna og ekki sagt meira, hefði verið hægt að taka þessa iðrun nokkuð gilda, en hv. þm. hafði bara sýnilega ekki skipt um skoðun í þessu efni. Hann hélt áfram og vildi halda því fram, að þrátt fyrir allt, þó að þessi háttur hefði ekki verið á þessu, hefði alltaf verið pólitík þarna á ferðinni. Þeir, sem hefðu komið að sækja um einhver leyfi — hverjir sem þeir svo sem voru, mundu gjarnan hafa minnt þá nm. á það — eða nefndarmanninn, að þeir hefðu gert svo og svo mikið fyrir flokkinn, borgað svo og svo mikið fyrir flokkinn og lagt í flokkssjóð. Ef nm. hefði gefið leyfið, þá var allt í lagi, en ef hann hefði eitthvað þráazt við, ekki viljað sinna þessu kvabbi, hefðu þessir umsækjendur kannske verið til með að tala við einhverja pótintáta, og þeir pótintátar hefðu svo kannske hnippt í nefndarmanninn eða nefndarmennina. (**Gripið fram í:** Voru það ekki nm., sem voru pótintátarnir?) Nei. (**Gripið fram í:** Jú, ég held það.) Ég hef þá misskilið þetta eitthvað. Ég skildi nefnilega hv. ræðumann þannig að hann teldi þá ekki pótintátana, heldur hefðu það verið ráðh. eða einhverjir, sem þessir umsækjendur hefðu leitað til, ef nm. hefðu verið með einhverja þrjózku. En hvað sem um það er, þá stóð það fast hjá hv. ræðumanni, og frá því vildi hann ekki víkja, að þarna hefði verið pólitík og spilling á ferðinni og menn hefðu misnotað þetta. (Gripið fram í.) Þetta hefðu verið leikreglur, sem allir fylgdu.

Ég hef svarað fyrir mig og minn flokk, að ég kannast alls ekki við þessi vinnubrögð. Ég læt hann um það, hver reynsla hans er í þessu efni. Hann hefur sjálfur setið í n., sem hafa farið með úthlutun og ákvarðanir og hann situr enn í einni slíkri þýðingarmikilli n., að því er ég bezt veit. Það er nefnilega ekki frelsi á öllum sviðum þrátt fyrir allt. Hér eru talsvert ströng verðlagshöft í gildi, og það er verðlagsnefnd, sem fer með ákvörðunarvald í því efni, og áreiðanlega snerta ákvarðanir hennar ákaflega mikið hagsmuni þeirra, sem hafa með þau mál að gera, en það eru seljendur ýmissa vara og þjónustu. Ég er ekki kunnugur þeim störfum þar, en ég leyfi mér mjög að efast um, að það hafi nokkurn tíma nokkur maður komið til hv. 12. þm. Reykv. í sambandi við verðlagsmál og minnt hann á það, að hann væri í sama flokki og hann ætlaðist til þess, að hann sinnti sérstaklega sínum málum vegna þess. Ég hef starfað í nefndinni, og mín reynsla af því er sú, að menn komi alls ekki þannig fram.

En það er fróðlegt að heyra, hver reynsla hv. þm. er í þessu. Hann virðist svo ákveðinn í þessari skoðun sinni, að það mætti ætla, að hann hefði í þessu efni við einhverja persónulega reynslu að styðjast.

Hann nefndi ekki í ræðu sinni nein einstök dæmi til stuðnings þeirri skoðun sinni, að þessar n. hefðu misnotað sitt vald, nema eitt — aðeins eitt dæmi — vildi hann tíunda, sem vott um pólitíska hlutdrægni. Það var það, að á árum áður — fyrir 1940, að ég ætla — hefði hlutur Sambands ísl. samvinnufélaga farið vaxandi í innflutningnum. Það hlyti að bera vott um pólitíska hlutdrægni. Það þykir mér einkennileg kenning. Ég vil ætla, að það eigi að taka tillit til vilja manna um það, hvar þeir vilji verzla. Og ég geri ráð fyrir því, að hafi þær breytingar átt sér stað í þessu efni, sem hv. þm. vildi vera láta, þá hafi þær einmitt byggzt á því, að félagsmannatala þeirra stórjókst. Það var t. d. á þeim árum myndað mjög stórt kaupfélag hér í Reykjavík, þar sem áður hafði ekkert kaupfélag verið. Það var náttúrlega ekkert óeðlilegt, þó að það þyrfti að fá einhvern innflutning eða innflutningsleyfi, og það er ekkert óeðlilegt, þó að það hafi einhver áhrif í þá átt að breyta hlutföllunum í þessu. Nei, ég skora á hv. þm., ef hann vill halda fast við þessa skoðun að nefna ákveðnari dæmi um að pólitísk misnotkun hafi átt sér stað á þessum vettvangi.

Hv. þm. sagði að það væri alveg út í hött hjá mér að bera saman innflutningsnefnd og alls konar úthlutunarnefndir og banka og bankalán. Það væru ekki til neinar vísindalegar reglur um úthlutun innflutningsleyfa. Það er alveg rétt. En mér er spurn: Eru til einhverjar vísindalegar reglur um úthlutun bankalána? Hann skírskotaði til þeirra ágætu bankastjóra, sem eiga sæti í deildinni. Skyldu þeir geta gert grein fyrir þeim úthlutunarreglum, sem eru við úthlutun bankalána? Hann sagði, að það væri engin hætta þar, því að bankalán væru tryggð. Bankalán eru nú misjafnlega tryggð. Mörg bankalán eru tryggð þannig, að menn skrifa bara upp á víxil, og það getur kannske stundum verið álitamál, hve góð þau nöfn eru, þannig að ég hefði nú haldið, að það yrði talsvert undir mati bankastjóra komið hverju sinni, hvort lán væri veitt eða ekki.

Hann sagði, að það gæti verið margs konar stjórn á innflutningi, en ég sæi þar ekkert nema haftakerfi. Þar er algerlega snúið við hlutunum. Auðvitað má hafa margs konar stjórn á innflutningi. Ég hef aldrei gerzt talsmaður fyrir haftakerfi — alls ekki. Ég hef bara mótmælt því, að þetta haftakerfi, ef menn vilja gefa því það nafn, hafi verið misnotað á þann hátt, sem hv. þm. vildi gefa í skyn. En að sjálfsögðu eru til mismunandi aðferðir — ýmsar aðferðir — til þess að hafa stjórn á þessum málum, og mér dettur ekki í hug að staðhæfa neitt um það, hvernig eigi að stjórna þessum málum, en hitt sagði ég sem mína skoðun, að miðað við þær aðstæður, sem nú eru fyrir hendi,

mundi ekkert síður vera ástæða til þess nú en stundum áður að hafa eitthvað meiri stjórn á þessum málum heldur en raun ber vitni. Og ég verð að segja það, að heyri maður tölur þær, sem lesnar eru, um halla á gjaldeyrisviðskiptum frá einum mánuði til annars, þá má það undarlegt vera, ef það hvarflar ekki að þeim mönnum, sem fara með stjórn þessara mála, að eitthvað þurfi að sinna þeim með öðrum hætti en áður hefur verið gert.

Hann minntist aðeins á verðtryggingu launa, og ég skal ekki fara langt út í það. Það er auðvitað rétt, sem hann sagði, að minnki tekjur þjóðarinnar í heild, hlýtur kjaraskerðing að koma fram hjá einstaklingum; það er ekkert deilumál. En það er höfuðatriðið, þegar heildartekjur þjóðar minnka, hvar — hjá hvaða einstaklingum — sú kjararýrnun á að koma niður. Ég hélt því fram og held því fram, að þeir einstaklingar, sem ekki hafa í árstekjur nema eitthvað um 130 þús. kr. á ári, séu ekki til þess færir að taka á sig nokkra kjaraskerðingu, því að það er satt að segja mínum skilningi ofvaxið, hvernig menn geta farið að því að lifa af þeim launum. Ég vildi ekki láta segja mér að gera það og tel ég mig þó ekki meiri óhófsmann en gengur og gerist. En það var einmitt það, sem um var að ræða t. d. í síðasta verkfalli, að það var ekki talið fært að greiða fulla vísitöluuppbót á slík laun — ekki á 10 þús. kr. mánaðarlaun, og þannig lauk því verkfalli, að það varð að gefa eftir 2.44 stig af vísitölu á þessi laun. Ég tel það engum til sóma, og ég verð að segja það, að ég veit, að atvinnuvegirnir standa illa, en ég held, að það mundi vera hægt að hagræða með ýmiss konar ráðstöfunum t. d. ýmsum þjónustuframkvæmdum atvinnuveganna, sem mundu svara til þessara 2.44 stiga á þessi laun, sem ættu þó að koma í áföngum, eins og um var samið. Ég held þess vegna, að það hafi ekki verið nein goðgá að lögfesta verðtryggingu á þau laun. Náttúrlega er gott, að þessu verkfalli lauk, og náttúrlega verða þeir, sem þar áttu hlut að máli og höfðu umboð til þess að semja, að ráða því, hvað þeir sömdu um, en ég vil segja það sem mína skoðun, að þjóðfélaginu hefði ekki átt að vera það ofraun að gjalda fulla vísitöluuppbót á 10 þús. kr. mánaðarlaun. Ég verð líka að segja það, að treysti þjóðfélagið sér ekki til þess, er hæpið, að það geti kallast velferðarþjóðfélag, en hitt er svo auðvitað, að þegar á móti blæs, hljóta þeir að taka á sig kjaraskerðinguna, sem betur mega, og verða að sætta sig við það.

Þessar umr. hafa verið í raun og veru alveg utan við það umræðuefni, sem hér átti að fjalla um, þ. e. frv., en það var hv. 12. þm. Reykv. sem innleiddi þær, en ekki ég. Viðvíkjandi svörum þeim, sem hæstv. fjmrh. gaf, varðandi þær aths., sem ég hafði gert, sérstaklega varðandi 7. gr. vil ég segja þetta. Hann sagði, hæstv. ráðh., að menn yrðu að virða það sér til vorkunnar, þó að hann hefði gaman af því að skjótast í það að fást við menntamál öðru hverju, og skal það nú gert, en hins vegar fundust mér svörin vera nokkuð stuttaraleg og bera þess merki að honum hefði ekki unnizt tími til þess frá fjármálunum að setja sig nægilega vel inn í þessi efni, þ. e. menntamálin í þessu frv. Hann sagði raunar, að það væri eiginlega ekkert í þessu annað en það, að stjórnin vildi fá stefnuyfirlýsingu þingsins í þessu máli, en stefnuyfirlýsing er venjulega fengin með þál., en ekki með lagasetningu. Það er sjálfsagt ekkert því til fyrirstöðu að fá samþykkta þál. um þetta efni og athugun á þessu máli. Nei, þál. er stefnuyfirlýsing, en lög eru lög. Lögin breyta; það er munurinn. En þess vegna er hér um að ræða annað og meira en viljayfirlýsingu. Hér er um ákvörðun að ræða — ákvörðun, sem að vísu á að vera háð síðari ákvörðun ráðh., þegar tekizt hefur að fá sameiginlegt húsnæði fyrir þessar stofnanir.

Ég ætla ekki að segja neitt sérstakt meira, svo að það gerir sjálfsagt ekkert til, þó að það fari fram hjá hæstv. fjmrh., en ég vil segja það hæstv. forseta, að það er ákaflega óviðkunnanlegt, að hæstv. menntmrh. skuli ekki gefa sér tíma til þess að vera við þessar umr. og svara fsp., sem menn kynnu að vilja bera upp í sambandi við þessi mál. Hann var hér áðan, en menn eru fljótir í förum.

Það er ekki rétt túlkun, sem hæstv. fjmrh. gaf, að hér væri aðeins um viljayfirlýsingu að ræða. Þetta er ákvörðun um að fella úr gildi l. um fræðslumálastjórn og ýmis fleiri l. Hæstv. fjmrh. sagði, að þessi mál hefðu verið athuguð og menn væru á því, að það þyrfti stefnubreytingu í þeim efnum. Gott og vel. Þá er að halda þeirri athugun áfram og athuga, hvaða stefnu eigi að taka í þessum málum. Hann sagði, að það væri alls ekki mótað og það yrði að taka ákvörðun um það síðar. Það væri í raun og veru ekki ætlunin með þessu að breyta neitt til um yfirstjórn fræðslumálanna í grundvallaratriðum. Þetta stangast bara algerlega á við það, sem segir í frv. Það eru felld alveg niður þau l., sem gilda um þessi mál, og ekkert annað kemur í staðinn. Þetta er mergur málsins. Og þó að sú efnisbreyting kunni að eiga rétt á sér að athuguðu máli, á að halda áfram að athuga það mál og komast að niðurstöðu um það, hvert á að halda, áður en farið er að fella þau l. niður, sem um málefnið fjalla. Það er sú eðlilega leið, sem fara á í þessum efnum.

Hér er algerlega farið aftan að hlutunum og farið inn á nýja braut — leiðinlega braut, ómyndarlega braut, sem ekki er séð, hvert leiðir, ef slíku fordæmi sem þessu yrði fylgt í framtíðinni. Og það er auðvitað algerlega óforsvaranlegt og í ósamræmi við alla starfsháttu á þingi hér, að breytt sé löggjöfinni, sem fjallar um yfirstjórn fræðslumálanna í landinu, án þess að menntmn. fái um það að fjalla. Það vill svo til, að menntmn. þessarar hv. d. hefur ekki verið ofhlaðin störfum hér á þessu þingi. Ég hygg, að ég muni það rétt, að fyrsta málið, sem til hennar var vísað, var mál, sem var vísað til hennar hér í dag, um dýravernd. Það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert, að hún fái það málefni til meðferðar, en ég hefði nú haldið, að ekki skipti minna máli, að hún fjallaði um menntun barnanna og unglinganna í landinu. Nei, það á hún ekkert að

hafa með að gera — það á að fara fram hjá henni. Það hefði þó verið lágmarkskrafa, að fjhn. hefði kvatt menntmn. til viðræðna og þessar n. hefðu fjallað saman um málið, en svo mikið er ekki við haft. Ég geng út frá því sem vísu, að fjhn. hafi ekki afgr. þetta mál án þess að kalla á sinn fund fræðslumálastjóra, eftirlitsmann fjármála skóla, íþróttafulltrúa og bókasafnsfulltrúa. Ég tók samt ekki eftir, að það kæmi fram í nál. fjhn., að það hefði verið gert, en ég vil beina þeirri spurningu til hv. frsm. meiri hl. n., hvort þeim hafi ekki verið gefið færi á að tjá sig, áður en þessi grundvallarbreyting, sem hér er um að ræða, væri gerð á starfsemi þeirra, skipulagi þeirra embætta og þeirra réttarstöðu. Ég hygg, að það sé nokkuð föst venja og í samræmi við eðlilega starfsháttu að bera slík mál sem þessi undir þessa aðila, og ég geng út frá því sem vísu, að svo hafi verið gert, en ég óska eftir því að fá það sérstaklega upplýst hvort málið er raunverulega afgr., án þess að leitað hafi verið umsagnar þessara aðila og án þess að þeir hafi verið kvaddir á fund n. Ef málið krefst svo skjótrar afgreiðslu, að ekki þótti fært að bíða eftir skriflegri umsögn frá þeim, þá er hægurinn hjá að kalla þá á fund n.

Hæstv. fjmrh. er ekki kominn. Ég hefði viljað ítreka það, sem ég áður sagði, og bera fram til hans bænaskrá, því að ég veit, að það þýðir ekkert að reyna að fá menntmrh. til að falla frá þessu, og það er þinginu í heild til minnkunar að láta svona lagasetningu fara frá sér. Og ég fullyrði það, að það mun verða erfitt að finna fordæmi fyrir þvílíku, enda gerði hæstv. fjmrh. ekki tilraun til þess að benda á neitt fordæmi fyrir slíku. Ég mundi telja þann skerf hæstv. fjmrh. til menntamála mjög merkan, ef honum tækist að leiða hæstv. menntmrh. frá villu síns vegar í þessu efni og fá hann til að fara eftir venjulegum leiðum við afgreiðslu máls sem þessa.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég átti þess ekki kost að hlýða á fyrri hluta þessarar umr. hér fyrr í dag. En þegar ég loksins gat mætt hér, var mér fljótlega sagt frá því, að ræða, sem ég hélt hér við 1. umr. um þetta mál, hefði sætt nokkurri gagnrýni, sem ég er ekkert að biðjast undan. Nú hef ég fengið leyfi til þess hjá starfsmönnum vélritunar hér á hv. Alþ. að hlýða á þessa ræðu hv. 12. þm. Reykv., og mér þykir viðeigandi að svara þeim aths. með nokkrum orðum. Ég ætla ekki að blanda mér mikið í þær umr., sem síðar hafa orðið, um túlkun á því, sem ég sagði hér við 1. umr. Ég hygg, að það verði að hafa það, hvaða merkingu menn leggja í það, og ekkert af því ætla ég að taka aftur eða reyna að útskýra. Ég held, að það hafi verið nokkuð skýrt.

Hv. 12. þm. Reykv. byrjaði á því að tala um það, að ég hefði eins og aðrir stjórnarandstæðingar gert mikið úr því, að útreikningar, sem lagðir voru til grundvallar nýafstaðinni gengisfellingu, hefðu verið rangir. Og hann taldi, að þessi ummæli mín og annarra stjórnarandstæðinga væru mjög orðum aukin og raunar úr lausu lofti gripin, vegna þess að aðstæður hefðu svo mikið breytzt frá því, að gengislækkun var ákveðin, þangað til aðstoðin við sjávarútveginn kom til, og m. a. hefði afkoma hraðfrystihúsanna mikið breytzt á þeim tíma. Ég get ekki fallizt á, að þarna geti verið um mikla breytingu að ræða vegna þess fyrst og fremst, hversu stuttur tími þarna líður á milli. Eins og við allir munum, var gengislækkunin gerð um 20. nóv. Ég man ekki alveg nákvæmlega dagsetninguna; það skiptir e. t. v. ekki máli. Fjárl. voru svo afgreidd á grundvelli þessara nýju upplýsinga, stokkuð upp, endurskoðuð og samþ. rétt fyrir jólin, þ. e. 20. des. En nýárið var rétt í garð gengið, þegar alþm. lásu það í blöðum og heyrðu það í útvarpinu, að ríkisstj. hæstv. hefði lofað sjávarútveginum verulegri aðstoð á þessu ári. Ég get ekki fallizt á það, að þarna hafi orðið svo mikil breyting, að hún réttlæti þennan mikla skakka, sem hefur komið í ljós á útreikningunum. Ég veit það vel, að það er rétt, sem hv. 12. þm. Reykv. tók fram, að hann var ekki viðstaddur þessa útreikninga, og ég tel víst, að þeir hefðu verið réttari, ef hans kunnáttu og þekkingar hefði notið við í þeim efnum. Hann var þá erlendis. Hann um það, hvaða álit hann hefur á því. Það er mín skoðun.

En í framhaldi af þessu sagði hv. 12. þm. Reykv. nokkuð athyglisverða setningu að mínum dómi. Hann sagði, að jafnvel þótt þessar breyttu forsendur hefðu verið fyrir hendi, þegar gengislækkunin var ákveðin, mundu menn þrátt fyrir það hafa ákveðið gengislækkunina þá, sem hún varð, og talaði um það, að það hefði verið alveg nægilega erfitt að fá fólk til að sætta sig við þessa gengislækkun, þó að hún hefði ekki verið höfð meiri, og minni gengislækkun hefði vitanlega kallað á meiri aðstoð úr opinberum sjóðum. Mér er þá bara spurn: Hvað var verið að reikna þessa viku, sem Alþ. mátti ekki minnast á gengislækkunina? Hvað var verið að reikna hjá sérfræðingum hæstv. ríkisstj.? Var verið að reikna það, hvað fólk mundi sætta sig við, að gengislækkunin yrði? Það er í fyrsta skipti, sem ég heyri þá skýringu. Nei, það var verið að reikna það, hvað útflutningsatvinnuvegirnir kæmust af með minnsta gengisfellingu. Það er það, sem verið var að reikna, og það eru þeir útreikningar, sem voru skakkir. Og þess vegna vil ég halda því fram enn og aftur, að ég hef ekkert — og sama má held ég segja um aðra stjórnarandstæðinga, sem ég hef hlustað á — ofmælt í þessu efni. Útreikningarnir voru bandvitlausir, eins og sýnir sig á því, að hálfum öðrum mánuði eftir, að gengislækkunin er framkvæmd á þessum grundvelli, þarf að ákveða 320 millj. kr. nýja aðstoð til einnar greinar útflutningsframleiðslunnar, sjávarútvegsins. Ég geri alveg ráð fyrir því, að það séu ekki öll kurl komin til grafar í þessu efni. Hvernig er t. d. með þennan litla útflutningsiðnað, sem hér hefur verið? Dugir honum gengisfellingin? Hvernig er með útflutning á landbúnaðarvörum? Er ekki það verð allt of lágt? Það hefur ekki borið

hér á góma og ekki verið rætt, og engar till. um aðstoð við þessa atvinnuvegi hafa verið lagðar fram enn þá, en þinghaldið er nú ekki búið.

Þá sagði hv. 12. þm. Reykv., að ég hefði viljað taka það mjög sterklega fram, að mikið af þessum sparnaðartill. væru sýndartill. Ég fór ekki mjög nákvæmlega út í einstaka liði frv. En fyrst það ber á góma, get ég svo sem vel sagt það sem mína skoðun, að mjög mikið af þessum svokallaða sparnaði er ekki raunverulegur sparnaður. Það er alveg rétt, enda féllst hv. 12. þm. Reykv. á það. Það er t. d. ekki sparnaður á ríkisútgjöldunum að taka lán til að standa undir kostnaði. Þetta erum við allir sammála um. Frv. fjallar um 200 millj. kr., sem á að taka út af fjárl., til þess að ekki verði á þeim greiðsluhalli. Þar af eru 81 millj. kr. hreinar lántökur. Ekki er það sparnaður. Það á að halda uppi sömu starfsemi og ráðgerð var á fjárl., en í stað þess að greiða það af venjulegum ríkistekjum á að taka lán til að standa undir þessum framkvæmdum. Það eru skólarnir, það eru sjúkrahúsin og það er framkvæmd hægri umferðar. Það á að fella niður greiðslur til þriggja opinberra sjóða, Fiskveiðasjóðs, Hlutatryggingasjóðs eða Aflatryggingasjóðs, eins og hann er kallaður nú, og Ríkisábyrgðasjóðs, um 51 millj. kr. Það má náttúrlega kalla þetta sparnað í fyrstu lotu. En ekki er þó hægt að fullyrða, um hvaða sparnað er að ræða, fyrr en þessi dæmi hafa verið gerð upp. Það hefur hæstv. fjmrh. sjálfur tekið fram — síðast hér í síðustu ræðu núna rétt áðan, að vitanlega verði að mæta þeirri fjárþörf, sem þessir sjóðir standa frammi fyrir. Það er bara ekki vitað, hver hún er nú, og menn gera sér vonir um, að hún verði ekki eins mikil og á s. l. ári, og þess vegna er talið fært að áætla upphæðina lægri. Auðvitað lækka útgjöldin á fjárl. á þeirri stóru bók, sem heitir fjárl. Íslands 1968. En ríkisútgjöldin 1968 lækka ekkert. Þetta hefur hæstv. fjmrh. sjálfur staðfest. Að vísu gegnir nokkuð sérstöku ... (Gripið fram í.) Það gegnir að vísu nokkuð sérstöku máli um Fiskveiðasjóð, en þetta er rétt um Ríkisábyrgðasjóð og Aflatryggingasjóð. Ég var rétt ókominn að því, að um Fiskveiðasjóð gegnir nokkuð öðru máli, en þó hygg ég, að það hafi komi fram hjá hæstv. ráðh. áðan, að hans vandamál yrði að leysa. Það var að vísu talað um lántökur í því sambandi, og þá er enn þá komið að því að fresta því að standa undir byrðunum með því að taka lán og dreifa því á komandi ár. En ég hygg, að vanda Fiskveiðasjóðs verði að leysa og hann verði leystur. Ég held, að það sem ég segi um þetta sé rétt.

Þá eru t. d. þarna greiðslur til Pósts og síma, eins og ég minntist á hér við 1. umr. Það er hreint bókhaldsatriði, hvar þau útgjöld eru skráð, hvort það er greitt af þeim tekjum ríkissjóðs, sem Póstur og sími innheimtir, eða hvort það er greitt af öðrum ríkistekjum.

Það er vitanlega gott að gera nákvæmar áætlanir um ríkisútgjöldin, og ég hef ekkert á móti því, ef það er byggt á rökum og hægt að sýna það, að útgjöldin verði minni heldur en þau voru áætluð í fjárl.; þá er sjálfsagt að leiðrétta það. Að þessu vék hv. 12. þm. Reykv. líka og því, að verið gæti, að þessi sparnaður skilaði sér ekki á þessu ári, og í framhaldi af því sagði hann, að það væri ekkert aðalatriði að tryggja hallalausan ríkisbúskap, a.m.k. svona í eitt ár. Þetta er sjálfsagt kenning, sem margur hagfræðingur fylgir og flytur, og ég hef oft heyrt þessa kenningu. En ef þetta er kenning hæstv. fjmrh., því að ég tel mig hafa hlustað á hann lýsa því hér yfir oftar en einu sinni, að það væri sín ófrávíkjanlega stefna að afgreiða ekki fjárl. með greiðsluhalla, og ég er alveg sama sinnis í því, þó að það skipti ekki neinu máli í þessu sambandi. En hv. 12. þm. Reykv. hefur sem sé aðra skoðun. Hann telur ekkert athugavert við það, þó að fjárl. komi út með halla. Það er náttúrlega enginn vandi að lækka fjárl. mikið og spara miklu meira á þeim, ef mönnum er alveg sama um það, þó að dæmið komi allt öðruvísi út, ef útgjöldin standa, og það komi út margfaldur halli. En það er, held ég ekki það, sem við erum að keppa hér að.

Ég tek alveg undir það með hv. 12. þm. Reykv., að það sé verjandi að taka lán, þegar árferðið er eins og það er. Það er vissulega verjandi að taka lán og lækka þannig útgjöldin í bili. En það leysir náttúrlega engan vanda til frambúðar. Það þarf að standa undir þessum lánum, og það þarf að greiða þessi lán, og því meira sem við tökum af lánum nú til þess að koma saman fjárl. 1968, þeim mun erfiðara verður dæmið 1969 og þau ár, sem við eigum eftir að fjalla um þetta einhverjir okkar, eins og líka hæstv. fjmrh. hefur greinilega þungar áhyggjur af, og ég lái honum það ekki. Ég hef ekki hér á þessum stað eða stundu yfirlit um það, hvað mikið af framkvæmdum ríkisins hefur verið fjármagnað með lánsfé á undanförnum árum og það í þessum góðærum, sem við höfum lifað. En það er geysimikið. Undir þessum lánum verður framtíðin að standa. Það var fyrir nokkrum árum t. d. aukið heilmikið fé til vega, en á sama tíma hafa verið tekin mikil lán til vega, þó að framkvæmdir hafi orðið að margra dómi of litlar í þeim efnum, þá hefur talsverðum fjármunum verið varið í þetta. Afleiðingin af þessum lántökum til veganna skilst mér vera sú, að langsamlega mest af þessum auknu tekjum Vegasjóðs gengur nú til þess að standa undir vöxtum og afborgunum af lánum, og það er sama og ekkert fjármagn fyrir hendi til að leggja í nýjar framkvæmdir, og svona er þetta á fleiri sviðum. Það er auðvitað verjandi að taka lán; ég er ekkert að hafa á móti því. En menn verða náttúrlega að gera sér það ljóst, að þessar lántökur nú leggja byrðar á framtíðina, og það er óheppilegt, að svo skuli hafa til tekizt, að þegar ríkistekjur hafa verið jafnmiklar og raun ber vitni undanfarin ár, hafi samt sem áður þurft að fjármagna jafnmikinn hluta framkvæmdanna með lánum — og ekki sízt, þegar breyting verður á því. Þess vegna voru þeir áreiðanlega margir, sem fögnuðu þeirri stefnubreytingu, sem kom fram hjá hæstv. ríkisstj., þegar hún tók inn í fjárlagafrv. núna nokkrar fjárhæðir —

62 millj. kr. — til þess að leggja í byggingar skóla og sjúkrahúsa í stað þess að fjármagna það með lánum. Og það er með talsverðri eftirsjón, er ég viss um, sem margir horfa á eftir þessum liðum út af fjárl. á ný og eiga von á því, að einnig þetta verði fjármagnað með lánsfé.

Ég tók eftir því áðan, að hæstv. fjmrh. gat um það, að alþm. mundu fá að sjá framkvæmdaáætlun ríkissjóðs, áður en þingi lyki, og þær till. eða hugmyndir, sem hæstv. ríkisstj. hefur um það, á hvern hátt fjár yrði aflað til þeirrar framkvæmdaáætlunar. Ég fagna því, að sá háttur verður á hafður, og þó alveg sérstaklega þeirri yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að fjármögnun framkvæmdaáætlunarinnar að þessu sinni verði ekki eins þungbær bankakerfinu í landinu og verið hefur. En óneitanlega bíða menn — eða a. m. k. ég — með óþreyju eftir því að sjá, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að afla þessa fjármagns, án þess að það komi eins illa við bankana og verið hefur, því að það er ekki nóg tillitssemi við bankana, þó að þeim sé ekki beinlínis gert að leggja í framkvæmdaáætlunina, ef fjár verður aflað eins og gert hefur verið að hluta fram að þessu með sölu spariskírteina, sem eru með þeim kjörum, að bankarnir geta ekki keppt við þau. Þá kemur það vitanlega niður á sparifénu, sem í bönkunum er, og rýrir möguleika bankanna til að greiða úr málefnum viðskiptamanna sinna.

Hv. 12. þm. Reykv. sagði, að það mætti líta á umframgreiðslur, sem verða vegna lækkunar áætlana, sem nokkurs konar ráðstöfun tekjuafgangs. Ég er mjög á sömu skoðun og hann um það, að Alþ. ætti að hafa í ríkari mæli hönd í bagga með ráðstöfun tekjuafgangs ríkissjóðs heldur en verið hefur á undanförnum árum. Tekjuafgangur ríkissjóðs hefur sum árin undanfarið a. m. k. verið gífurlega mikill, og það hefur ekki alltaf verið spurt um álit Alþ. á ráðstöfun hans. En það mætti svo sannarlega gera.

Annars var margt í ræðu hv. 12. þm. Reykv., sem ég felldi mig vel við. Sérstaklega fannst mér kaflinn, þar sem hann talaði almennt um menntamálin, vera byggður á víðsýni og þekkingu, eins og vænta mátti af þeim hv. þm. Þar vorum við mikið sammála um nauðsyn þess að efla og bæta menntun hér á landi, og ég er viss um, að hann horfir með söknuði á eftir þeim fjárveitingum, sem nú falla fyrir sparnaðarráðstöfun hæstv. ríkisstj. Ég hef ekki neinar upplýsingar um það, hvað Bandaríkjamenn verja miklum hluta t. d. þjóðarteknanna til menntamála. Og það er vitanlega alveg rétt, sem hv. þm. sagði og ég kom aðeins að í ræðu minni við 1. umr., að menntunin þar er miklu einhæfari heldur en hér. En allt um það varð það niðurstaða mín um daginn — og er það enn, og ég get gjarnan ítrekað það — að við þurfum að stórauka þessa menntun til þess að halda í við aðrar þjóðir. Um það eru sjálfsagt allir hv. alþm. sammála, og ég vona, að þessi lækkun á fjárveitingum til menntamála jafngildi ekki minni tækifærum fyrir æskulýð landsins til þess að afla sér þessarar nauðsynlegu menntunar. Svo var aftur annað í ræðu hv. 12. þm. Reykv., sem mér líkaði ekki eins vel, og það var, þegar hann talaði um það, að hann skildi það bara alls ekki, hvað það væri, sem ég ætti við, þegar ég talaði um að stjórna. Það er náttúrlega mjög slæmt, ef það eru fleiri í þingliði hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokka, sem skilja ekki þetta hugtak. Það hafa spunnizt nokkrar umr. hér um þetta, og menn hafa lagt hver sinn skilning í þessi orð. Eins og ég sagði áðan, ætla ég ekki að fara að gera það neitt sérstaklega að umtalsefni. En hv. 12. þm. Reykv. sagði, að kjarni boðskapar ríkisstj. undanfarna mánuði hefði einmitt verið að skerða kjörin eða minnka eyðsluna, og ég er alveg sammála því, að kjarni boðskaparins hefur verið að skerða kjörin og framkvæmdin hefur líka stuðlað að því. Hv. þm. nefndi þau málsatvik, sem þessu valda, gengislækkun og skerðingu á vísitölu auk ýmissa fleiri smærri atriða, sem þarna skipta einnig máli. Ég hef aldrei neitað því, að erfiðleikar þeir, sem landið hefur orðið að þola undanfarna mánuði í verðlagi vegna verðfalls og minnkandi afla, hljóta að baka landsmönnum kjaraskerðingu. Og það er alveg ljóst, að talsverð kjaraskerðing var þegar komin, án þess að hæstv. ríkisstj. ætti þar nokkurn hlut að með því minnkandi verðlagi á sjávarafla, sem af þessum ástæðum leiddi, minnkandi atvinnu, sem fylgdi í kjölfar þess, og annarra þeirra ástæðna, sem verðfallið og aflaminnkunin óhjákvæmilega orsökuðu. En til viðbótar þessari kjaraskerðingu kom svo kjaraskerðing hæstv. ríkisstj. með þeim tveimur hagstjórnartækjum, sem síðast var beitt, gengislækkun og afnámi sambandsins milli vísitölunnar og kaupsins.

Það er ekki um það að deila þess vegna, að kjaraskerðingin verði einhver, en ég held, að það, sem okkur ber þá einna helzt á milli, sé, hvar kjaraskerðingin eigi að lenda, þ. e. hverjir eigi að taka á sig kjaraskerðinguna. Og ég var þeirrar skoðunar og er enn, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. undirstrikaði rækilega hér áðan, að kjaraskerðingin eigi ekki að vera fyrst og fremst fólgin í því, að fólk, sem hefur 10 þús. kr. mánaðarlaun og þar fyrir neðan, fái ekki fulla vísitöluuppbót á laun sín. Ég tel, að kjaraskerðingin eigi að lenda annars staðar og það hljóti að vera til — og það vitum við allir, að eru til — ráð, sem geta beint kjaraskerðingunni þangað. Þetta er það, sem ég átti við fyrst og fremst, þegar ég talaði um, að það ætti að fara að stjórna. Ég held, að ég hafi sagt það hérna við 1. umr. Ég finn það að vísu ekki í ræðunni í svipinn, en ég man það, að ég sagði, að það væri eitthvað annað bogið við efnahagskerfið hérna heldur en það, að fólk, sem hefði 10 þús. kr. mánaðarlaun og minna, geti ekki fengið fulla verðtryggingu á þau laun. Og við það skal ég standa, hvar sem vera skal. Það hlýtur að verða að líta annað, þegar á að fara að laga meinsemdina í íslenzku efnahagslífi. Og það er það, sem fólk ætlast til, að hæstv. ríkisstj. geri og hvaða ríkisstj., sem

vera skal — ekki bara hæstv. ríkisstj. Það hlýtur að vera meginverkefni allra ríkisstj. og þá þessarar líka, og ég tel, eins og ég sagði hér við 1. umr., að það hlutverk hafi verið vanrækt. Ég tel það; það er mín skoðun.

En það kom svo fram skýring á því, hvað við var átt, síðar í ræðu hv. 12. þm. Reykv., og það var að ekki má leggja niður stefnuna. Það verður að halda áfram sömu stefnu. Og þetta ber allt að sama brunni, hvernig sem allt veltist og hve illa sem gengur að ráða við vandamálin, þá verður að halda meginstefnuna í heiðri. Þetta er sami kjarni og ég vék aðeins að við 1. umr. og það kemur fram í aths. með fjárlagafrv. og er lögð á það höfuðáherzla þar. Það var svo endurtekið af hv. 12. þm. Reykv., og allar framkvæmdir miðast við þetta.

Vitanlega er fjöldi af leiðum, sem hægt er að fara til þess að hafa stjórn á málum, önnur en sú að hafa skömmtunarskrifstofu og það leyfafargan, sem því fylgir. Ég ætlaði mér ekkert að fara að mæla bót því ástandi, sem var hér á árunum, þegar allir þurftu að sækja um leyfi til allra hluta. Það var ekkert sérstaklega eftirsóknarvert. En ég vil bara minna á það, eins og raunar var gert hér áðan, að þrátt fyrir svokallað frelsi, sem við höfum búið við núna í 8 ár, megum við ekki gera hvað, sem vera skal. Það er ýmislegt bannað. Það eru ýmis höft á samskiptum manna þrátt fyrir svokallað viðskiptafrelsi, og ég hygg, að það þurfi ekki að telja það upp hér fyrir hv. þm. Menn vita vel, hvað við er átt. Það er stórkostleg fjármagnsskömmtun framkvæmd í bönkum landsins og ekki eftir neinum ákveðnum vísindalegum aðferðum. Og það er ýmislegt, sem er að sjálfsögðu bannað. Það er úthlutað lóðum, og við þekkjum það svolítið sumir. Það er verðlagseftirlit og ákvæði þar um. Það er m. a. s. ekki heimilt að flytja inn sumar tegundir af varningi þrátt fyrir allt frelsið. Það er t. d. ekki heimilt að flytja inn landbúnaðarvörur. Ég er ekki að segja, að við höfum neitt við það að gera, en það er bannað í viðskiptafrelsinu. Og hver segir til um það, hvað á að vera bannað og hvað leyft? Er nokkuð meira að banna það að flytja inn bakaríistertur eða tertubotna — eða hvað það er kallað — heldur en banna að flytja inn kjöt eða osta? Hvaða munur er á því? Þannig mætti náttúrlega lengi telja. Þetta er allt saman matsatriði, og það verður engin ríkisstj. svo vel stæð, að hún geti leyft öllum allt. Það þekkist hvergi.

Hann talaði, hv. þm., um, að mikil spilling hefði fylgt leyfakerfinu. Það má vel vera, að svo hafi verið. En finnst mönnum engin spilling vera í þjóðfélaginu nú? Er þjóðfélagið hér algerlega laust við það, sem kallað er spilling? Ég held ekki. Ég held, að sumir hv. þdm. hafi m. a. s. talað um mjög mikla spillingu og jafnvel heila bófaflokka, sem þrifust hér í þessu frelsi, sem við búum við. Og það er vafalaust alveg rétt. Það eru vafalaust til alls konar samtök, sem hafa ýmsa miður góða hluti á stefnuskrá sinni, þó að ég þekki það ekki mikið af eigin reynd. En spilling er vissulega hér, og það er alltaf verið að koma upp um þessa spillingu annað veifið. Kannske tekst að uppræta hana; ég veit það ekki. Það væri óskandi. En ég er ekkert viss um, að spillingin hafi verið meiri þrátt fyrir allt, þegar skömmtunartímabilið var. Ég er ekkert að kenna hæstv. ríkisstj. um þetta. Það er sjálfsagt margt fleira, sem kemur þar til greina. Við höfum haft mikið af peningum undir höndum og hagað okkur, eins og nýríkir menn oft gera, þ. e. farið óvarlega með þá og látið mikið eftir okkur. Hæstv. ríkisstj. er þar ekki ein á báti — alls ekki. En ég held, að það sé því miður alveg rangt að halda því fram, að öll spilling hafi horfið, um leið og hætt var að úthluta leyfum fyrir gjaldeyri uppi á Skólavörðustíg. Það getur vel verið, að eitt af því, sem fylgdi leyfakerfinu, hafi verið það, að menn hafi ekki hugsað neitt um að gera hagstæðari innkaup, en það hafi nú breytzt. En ég held, að innkaup séu upp og ofan enn þann dag í dag, og ég held, að ýmislegt af varningi, sem hér liggur t. d. í haugum í vörugeymsluhúsum skipafélaganna, hefði alveg eins mátt vera ókeypt.

En hvað sem þessu öllu líður, skal ég endurtaka það, sem ég sagði við 1. umr., að ég vil síður en svo gera lítið úr þessari sparnaðarviðleitni hæstv. ríkisstj. Ég tel hana mjög góðra gjalda verða og skal verða fyrstur manna til þess að fagna því, þegar búið er að koma einhverju — þó að ekki væri nema einhverju — af þessu í framkvæmd. En út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði bæði hér áðan og fyrr, finnst mér satt að segja þessi hagsýsla og sparnaðurinn, sem af henni átti að leiða, vera ákaflega seinvirkt. Ég man ekki, hvenær fyrst voru sett fram sparnaðarloforðin. Það var hæstv. fyrrv. fjmrh., sem gerði það. Þau voru 59, ef ég má teysta á minnið í því efni. Hvað skyldu mörg af þeim hafa verið framkvæmd enn þá? Það eru einhver kannske, en þau eru afskaplega fá. Einhvers staðar stendur, að það sé seintekinn gróði að hafa hestakaup við Sumarliða póst og það ætlar að sannast hjá hæstv. ríkisstj., að glíman við sparnaðinn verður erfið. T. d. sagði hæstv. fjmrh. hér við 1. umr., að það ætti að gera tilraun með að lækka kostnað við löggæzlu. Það væri nú reynandi að gera þá tilraun að lækka þessa fjárveitingu og treysta á það, að hægt yrði að halda uppi lögum og rétti, þó að hún lækkaði svona. En þetta var ákaflega varfærnislegt orðalag, og það skein alveg í gegn óttinn við, að þetta yrði ekki framkvæmanlegt, þegar til kom. En hvað skyldi hagsýslan segja um þetta? Liggur ekki álit hagsýslustjóra og þeirra stofnana, sem hann veitir forstöðu, fyrir um eitthvað af þessum sparnaðartill.?

Þegar svo hv. 5. landsk. þm., sem þekkir erfiðleika útgerðarinnar vel, vék að því í sinni ræðu áðan að ástandið væri hvergi nærri gott hjá flotanum, m. a. mundu vel flestir — ef ekki allir — bátar, ef ég hef tekið rétt eftir, verða auglýstir á nauðungaruppboði núna alveg á næstunni vegna greiðslufalls á skuldum þeirra við Fiskveiðasjóð, þá gat hæstv. fjmrh. náttúrlega ekki annað en viðurkennt, að

þetta væri rétt, en þá var enn og aftur talað um bráðabirgðaráðstafanir. Hæstv. ráðh. sagði, ef ég hef tekið rétt eftir, að það yrði þá að útvega Aflatryggingasjóði það fjármagn, sem þyrfti, með bráðabirgðaráðstöfunum. En þar held ég, að sé komið alveg að kjarna þessa máls og fleiri mála fjárhagslegs eðlis, sem hafa verið til meðferðar hér á hv. Alþ. undanfarna mánuði. Það eru bráðabirgðaráðstafanir. Það á að bíða eftir einhverjum happdrættisvinningi, eftir því, að aflinn glæðist, og eftir því, að verðlagið hækki, og halda öllu gangandi með bráðabirgðaráðstöfunum á meðan og sitja svo, eins og ekkert hafi í skorizt. Fjárlagaafgreiðslan er flutt inn í þingið í mörgum hlutum og nú er sagt í dag, að það séu ekki einu sinni allir partarnir komnir fram enn, það sé von á meiru og jafnvel nýrri skattlagningu; ég skal ekkert segja, hvað það er. Ég veit það ekki. En svona hefur þetta nú gengið. Og enn er treyst á bráðabirgðaráðstafanir, ef rekur upp á sker.

Ég ætlaði svo að minnast örlítið á þær brtt., sem ég hef flutt hér ásamt hv. 3. þm. Vestf. Hann gerði grein fyrir þeim, og ég þarf ekki að fara langt út í það. En þær eru sem sé í því fólgnar og í því einu að halda áfram þeim stuðningi við atvinnuvegina, sem ráðgert er að fella niður. Það er hægt að lýsa þeim í einni setningu, þ. e. að hætta við að fella niður framlagið til Fiskveiðasjóðs, hætta við að fella niður framlagið til Aflatryggingasjóðs, hætta við að fella niður framlagið til Ríkisábyrgðasjóðs og hætta við að fella niður framlagið til Landnámsins.

Ég leyfði mér að varpa fram þeirri spurningu hér við 1. umr., hvernig yrði hagað framkvæmd l. um fræðslumálastjóraembættið eftir þessa breytingu, hvort það væri væntanleg ný lagasetning, sem ég held nánast, að hljóti að vera, eða hvort hæstv. menntmrh. ætlaði að hafa þessa menn, fræðslumálastjóra, íþróttafulltrúa, fjármálaeftirlitsmann skóla og bókasafnsfulltrúa sem starfsmenn í rn. og fela þeim þau verkefni, sem honum sýndist í það og það skiptið. Við þessu höfum við ekkert svar fengið. Hæstv. menntmrh. hefur ekki gefið sér tíma til þess að mæta hér við þessa umr. í þessari hv. d. væntanlega vegna þess, að hann hefur ekkert um þetta að segja. Honum er þá vafalaust alveg sama, hvernig þessum málum er fyrir komið, en ég tek undir þær raddir, sem hér hafa heyrzt um það, að þessi afgreiðsla er bæði mjög óvenjuleg og óviðkunnanleg. Og ég hef fram undir þetta verið að vonast til þess, að einhver svör yrðu gefin við þessum fsp., en verði það ekki, býst ég við, að ég muni við 3. umr. gera tilraun til þess að fá hæstv. ríkisstj. til þess að falla frá svo lítt hugsaðri lagabreytingu með því að bera fram brtt. við 7. gr. eitthvað svipað því, sem gert var í hv. Nd. um daginn, þannig að Alþ. fæli ríkisstj. að undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþ. frv. um hagkvæma skipan fræðslumála. Ég er síður en svo því mótfallinn, að þessi mál verði tekin til endurskoðunar. Ef það er álit þeirra manna, sem starfa að þeim og bezt þekkja til og hæstv. ráðh., að það sé hægt að koma þarna við sparnaði, þá eigum við að gera það. Og það má kannske segja, að það sé að deila um keisarans skegg, með hvaða hætti það sé gert. En hér eru felld niður lög, án þess að nokkuð komi í staðinn, og það er það, sem ég hef fyrst og fremst við þessa málsmeðferð að athuga. Það á að fella niður heilan lagabálk um fræðslumálastjóraskrifstofuna, án þess að nokkuð komi í staðinn og án þess að hæstv. ráðh. hafi viljað lýsa því yfir, að þeir mundu beita sér fyrir lagasetningu um þetta efni eða svör hafi fengizt við því, hvaða meðferð er fyrirhuguð í þessu efni. Og ég held, að það sé lágmarkskrafa alþm., þegar það er nú upplýst, að af þessari breytingu muni enginn sparnaður verða á yfirstandandi ári, að þessum l. verði breytt með venjulegum hætti, þegar engin nauðsyn rekur til þess að breyta þeim með bandormi. Það má segja, að ýmis ákvæði önnur í frv. verði að vera þarna vegna þess, að fjárveitingarnar eru felldar niður og þess vegna sé það eðlilegt, að svona frv. fjalli um margs konar lög, og það verður að hafa það, vegna þess að það leiðir af eðli málsins, þó að það sé ekkert æskilegt að fá svona frv. til meðferðar. En ég tel algeran óþarfa að fara að setja inn í þetta frv. ákvæði til breytingar á l., sem engin þörf er á vegna sparnaðartill., og þannig er einmitt ástatt um þessar breytingar á fræðslumálastarfseminni.

Ég skal svo, herra forseti, ekki þreyta hv. þdm. á lengri ræðu um þetta mál, en mér fannst ég mega til að gera nokkrar aths. að gefnu tilefni.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Hér hafa verið haldnar langar og margar merkar ræður um það viðfangsefni, sem hér þarf að leysa, og kemur þar til kasta bæði ríkisstj. hæstv. og alþjóðar og sízt vil ég bregða fæti fyrir þá almennu sparnaðarviðleitni, sem hæstv. ríkisstj. sýnir með því frv., sem hér liggur fyrir til umr.

Ég vil leyfa mér að bera hér fram till., sem er skrifleg og fjallar um 24. tölul. 1. gr. frv., prestsembætti í Kaupmannahöfn. Lagt er til í frv., að fjárveiting til þessa prestsembættis verði felld niður. En þó að ekki felist mikils háttar breyting í brtt. minni við frv., þar sem ég legg til, að felldar verði þarna niður úr sparnaðinum 400 þús. kr., þá er málefnið mér mjög ofarlega í huga, og ég tel það hið merkasta. En svo sem kunnugt er hv. þm., hefur verið starfrækt um nokkurra ára bil íslenzkt prestsembætti í Kaupmannahöfn, og svo vel hefur til tekizt, að í það hefur að minni hyggju og margra annarra valizt hinn ágætasti maður. Af þessu embætti hefur fengizt þessi fáu ár, sem það hefur verið rekið þarna úti, mjög góð reynsla, að því er ég bezt veit. Fyrst og fremst hefur þetta starf, sem þarna hefur verið unnið, tengt saman landa okkar í Kaupmannahöfn, sem eru æðimargir — ætli þeir skipti ekki nokkrum þúsundum, og ég hef heyrt á mörgum þeirra, hversu þeim hafi komið þetta vel og embættið sé þeim mikilvægt, ekki aðeins að því er varðar hina venjulegu prestþjónustu, sem hefur verið innt af hendi með ágætum fyrir þessa landa

okkar marga, sem á hafa þurft að halda, heldur hefur og þetta embætti verið tvíþætt, annars vegar prestsembætti og hins vegar almenn fyrirgreiðsla og þjónusta. Og þá vil ég geta sérstaklega þeirrar þjónustu, sem hefur verið innt af höndum við sjúka, unga og aldraða, sem hafa þurft að fara til Kaupmannahafnar til að leita sér læknishjálpar umfram þá hjálp, sem var hægt að veita hér á landi. Og um það, hvernig presturinn okkar í Kaupmannahöfn hefur vikizt undir, þegar leitað hefur verið til hans eru margar og fallegar frásagnir, og ég persónulega hef notið mikils hagræðis í sambandi við þjónustustarf hans. Ég veit það líka, að presturinn hefur unnið ekki aðeins af einlægum áhuga, heldur oft lagt fram af sinni hálfu fjármuni auk annars erfiðis og fyrirhafnar til þess að greiða sem bezt fyrir löndum okkar, sem oft hafa verið illa á sig komnir.

Þannig tel ég, að öll þessi þjónusta, sem hefur verið unnin á vegum þessa embættis úti í Kaupmannahöfn, hafi verið til ómetanlegs hagræðis fyrir ekki aðeins þá, sem voru hjálparþurfi, heldur einnig fyrir þeirra aðstandendur. Og um þetta, eins og ég segi, eru margar og fallegar skýrslur. Ég leyfi mér að efast um, að önnur og í raun og veru veglegri og manneskjulegri þjónusta hafi verið unnin almennt á vegum hinnar íslenzku prestastéttar en einmitt þarna úti í Kaupmannahöfn, þegar allir þættir þessa starfs hafa verið skoðaðir. En eins og ég sagði, ætla ég ekki að hafa mörg orð um þetta, en mér finnst, að þarna sé ráðizt á garðinn, þar sem jafnvel kannske sízt skyldi. Ég vil taka það alveg sérstaklega fram, að það, sem ég segi hér um prestsstarfið úti í Kaupmannahöfn, á að sjálfsögðu við þennan mann, sem upphaflega tókst á hendur að þjónusta þar og er enn í starfinu — eða ég veit ekki betur, því að vissulega fer gildi slíks embættis eins og annarra mjög eftir því, hverjir hafa það á hendi og hvernig það er rækt. Ég ætla ekki að hafa þetta öllu lengra mál, en ég verð að taka það fram, að eftir því, sem lagt er til í frv., sýnast mér ekki svo fastar skorður reistar einstökum sparnaðarliðum, að ekki mætti á einhverjum öðrum liðum við koma, ef vel er að gáð, viðbótarsparnaði, sem næmi þeim kostnaði, sem er við prestsembættið í Kaupmannahöfn. Og loks er þess að geta, eins og hefur komið fram í orðum mínum, að þetta er tilfinningamál margra ágætra manna, sem hafa notið þessarar þjónustu og mér persónulega er það dálítið viðkvæmt mál, ef sá prestur, sem hefur unnið í þessu starfi, á að hverfa úr því við svo búið.

Eins og ég gat um, er brtt. mín við 24. tölul. 1. gr. og hljóðar á þá leið, að í stað 670 þús. kr. komi 249 þús. kr., og það þýðir, að sparnaðurinn miðast einungis við prestsembættið á Keflavíkurflugvelli. Þar er ég ekki kunnugur, og það er ekki endilega víst, að það sé svo nauðsynlegt og sízt alls eins nauðsynlegt og í Kaupmannahöfn. Það þori ég alveg að fullyrða. Brtt. þessi er skrifleg, og bið ég hér með herra forseta að veita henni viðtöku. Jafnframt væri æskilegt, ef þessi till. fengi náð fyrir augum hv. dm. innan um allan sparnaðinn og háu fjárhæðirnar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 457) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég get lýst mikilli ánægju minni yfir þeirri ræðu sem hv. 4. þm. Sunnl. flutti hér, og það er vissulega allt rétt, sem hann sagði um reynsluna af þeim manni, sem gegnt hefur prestsþjónustustarfi úti í Kaupmannahöfn fyrir Íslendinga á vegum sendiráðsins, og ekki nema ánægjulegt að heyra, að menn hafi fundið fyrir því, að þar hafi verið unnið gott starf. Ekki hvað sízt er ánægjulegt að heyra slíka ræðu, vegna þess að ég man ekki til, frá því að þetta embætti var sett á laggirnar, að ég hafi lent í fjárlagaumr. eða nokkrum umr. um fjármál ríkisins, án þess að það væri nefnt sem glöggt dæmi um bruðl ríkisstj. og fásinnu í myndun nýrra embætta að setja upp prestsembætti í Kaupmannahöfn. (**Gripið fram í:** Það var aðeins í fyrstu.) Ja, það kann að vera og betur að svo væri. Hins vegar hefur þá sú skoðun ekki verið afturkölluð fyrr en hjá hv. þm. hér í dag, og má segja, að það sé betra seint en aldrei. Og ég hef sem sé síður en svo neitt við ræðu hans að athuga, því að allt er þetta áreiðanlega hárrétt. Og þetta getur auðvitað gefið okkur nokkra hugmynd um það, að margvísleg þjónusta — og ég vil segja flest sú þjónusta, sem ríkið heldur uppi jafnvel þar, sem mönnum finnst fráleitast í fyrstu — hefur auðvitað sitt gildi, og þegar menn eru farnir að venjast einni og annarri þjónustu, þá sjá auðvitað margir eftir henni. Hefði aldrei verið sett upp prestsembætti í Kaupmannahöfn, hefði náttúrlega enginn sennilega um það talað og þá ekki komið í ljós, að þarna væri hægt að vinna mikið og gott starf sem vissulega hefur verið þar unnið. Og það er alveg hárrétt, sem hv. þm. sagði, að starf eins og það, sem þarna hefur verið unnið, byggist auðvitað að svo að segja öllu leyti á því, hvaða maður það er, sem í það velst.

Enda þótt ég geti fallizt á öll þessi sjónarmið, verð ég því miður að segja, að ég get ekki fallizt á till. Það er auðvitað alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það er endalaust hægt að spyrja, af hverju ekki sé hægt að spara á einhverjum öðrum lið.

Sumir hv. þm. hafa sagt, að þetta frv. hafi sýnilega verið sett saman af lítilli yfirvegun. Ekki skal ég gera of mikið úr því starfi, sem hjá okkur liggur að baki því. Það situr ekki á mér að gera það. En ég vil aðeins segja það eitt, að það hefur ekki verið einfalt mál að koma því saman og mæta þeirri gagnrýni, sem auðvitað kemur alltaf úr öllum áttum, jafnt frá stjórnarliði sem annars staðar að. Af hverju þurfti að taka þennan lið? Af hverju var ekki hægt að taka einhvern annan? Þetta er kannske það, sem erfiðast er við að koma við sparnaði, jafnvel þó að það séu ekki stærri upp-

hæðir en hér er um að ræða. Það er þetta óendanlega vandamál, að einn ber þetta fyrir brjósti og annar annað, og það er svo ákaflega fátt — ég vil segja sem betur fer — í okkar fjárl. í dag, sem enginn ber fyrir brjósti, enda væri það mjög slæmt og sýndi þá, að hér væri alger óreiða, ef svo væri. A. m. k. hefur ekki tekizt í sambandi við þennan sparnað yfirleitt að finna neinn lið, sem nokkru máli skiptir, sem einhver ber ekki fyrir brjósti. Þess vegna verð ég því miður að segja það, eftir að þetta mál hefur verið allt skoðað niður í kjölinn, að það er ákaflega erfitt að koma við nokkrum breytingum á því og allra sízt þannig, að hægt sé á síðustu stundu að fara að gera breytingu með það í huga að mæta slíkri breytingu með því að nema burtu einhvern annan útgjaldalið. Það er ástæðan fyrir því, að ég tel ekki annað auðið en framkvæma þennan sparnað, sem um er að ræða.

Auðvitað má líka segja, að á erfiðleikatímum sé ákaflega erfitt að koma því við að hafa starfandi presta erlendis, þó að það geti verið ágætt að geta veitt Íslendingum þjónustu á þessu sviði sem öðrum, og reynslan er sú — og ég veit, að það er rétt hjá hv. þm., að það er auðvitað viðkvæmnismál, að þessi mæti maður hefur veitt fjölda manna hina prýðilegustu þjónustu. En ég orðlengi ekki frekar um þetta. Mér þykir vænt um, að þessi ræða hefur verið flutt og viðurkenning fengizt fyrir því, að það hafi síður en svo verið neitt glapræði að stofna þetta embætti, en því miður sé ég ekki möguleika á því, að við förum að breyta þeim fyrirætlunum, sem hafa verið gerðar í þessu efni, enda hafa ráðstafanir þegar verið gerðar til þess, að þessi skipulagsbreyting nái fram að ganga.

ATKVGR.
Brtt. 447,1 felld með 10:6 atkv.
Brtt. 457 felld með 10:2 atkv.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EggÞ, JónÁ, JÁH, JÞ, MJ, ÓB, PB, StG, AuA, JR.
EÁ, ÓlJ, PÞ, ÁB, BGuðbj, BFB greiddu ekki atkv.
4 þm. (BJ, GilsG, KGuðj, SvG) fjarstaddir.
2.—3. gr. samþ. með 10:1 atkv.
4. gr. samþ. með 10:4 atkv.
Brtt. 447,2 felld með 10:6 atkv.
5. gr. samþ. með 10:4 atkv.
6. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 447,3 felld með 10:1 atkv.
7. gr. samþ. með 10:4 atkv.
Brtt. 447,4 felld með 10:1 atkv.
8. gr. samþ. með 10:1 atkv.
9. gr. samþ. með 10:4 atkv.
10.—13. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það er búið að ræða þetta frv. mjög mikið bæði við 1. og 2. umr. í þessari hv. d., enda er frv. mjög víðtækt, þar sem mjög mörg atriði koma til greina, og er því ekki óeðlilegt, að menn hafi margt við það að athuga. Að meginefni er þetta frv. miðað við það að draga nokkuð úr útgjöldum ríkisins á árinu 1968 á þann hátt að lækka á því ári greiðslur, sem ákveðnar hafa verið í fjárl. þessa árs. Það getur verið álitamál, þegar í þetta er ráðizt, hvaða leiðir eigi að koma þar til greina, og ætla ég mér ekki að fjölyrða um það eða gera sérstakar aths. við 1. gr. frv., sem er víðtækust að þessu leyti.

Það hefur verið vitnað til þess, að fordæmi séu í löggjöf um lagasmíð með þessu sniði, og hefur þá verið vitnað til l. frá 1940. Ég vil leyfa mér að ítreka það, sem kom fram við 2. umr. hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að þau l., sem sett voru með þessu sniði og gengu undir nafninu bandormur undir árslok 1939 og voru staðfest sem l. nr. 5 1940, fjölluðu eingöngu um vissar ráðstafanir eða frestun á vissum framkvæmdum á árinu 1940. Þau voru svo takmörkuð við það eina ár, að það þótti nauðsynlegt að setja samsvarandi l. aftur síðar á árinu 1940, þar sem hliðstæðar ráðstafanir voru ákveðnar fyrir árið 1941, en þá eingöngu bundnar við fjárlagaár. Það sem gerir þetta mál sérkennilegt að þessu leyti, er, að smeygt er inn í þetta mál ákvæðum, sem ekki eru bundin við árið 1968 og leiða ekki af sér sparnað á því ári, þó að meginefni þess sé um lækkun á gjöldum á árinu 1968. Á þetta hafa aðrir ræðumenn rækilega bent, og þarf ég ekki í sjálfu sér að geta um þetta. Þessa verður vart á nokkrum stöðum í þessu frv., en það er þó sérstaklega 7. gr. þess, sem virðist alls ekki eiga heima í þessu frv. á þann hátt, sem nú er frá henni gengið.

Í 7. gr. þessa frv. segir ótvírætt, að fræðslumálaskrifstofan skuli vera deild í menntmrn. og jafnframt skuli falla úr gildi l. nr. 35/1930 um fræðslumálastjórn og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við þetta. Það er tekið fram að ákvæði þessarar gr. komi raunar til framkvæmda, þegar ráðh. ákveður, en eftir að búið er að samþykkja, að l. um fræðslumálastjórn falli úr gildi, eru þau ekki grundvöllur fyrir ákvörðunum ráðh. eða fyrir starfi fræðslumálastjóra. Nú kveða þessi l., sem á að fella úr gildi, á um embættisstöðu fræðslumálastjóra, og samkv. þeim l. hefur verið sett reglugerð, þar sem þetta er útfært nokkru nánar en í l. sjálfum.

Nú liggur það í augum uppi, að reglugerð, sem sett er samkv. l., getur ekki haft gildi, eftir að búið er að fella l. sjálf niður, sem reglugerðin er grundvölluð á. Ég held, að það sé ótvírætt, að með niðurfellingu l. falli reglugerðin, sem sett er samkv. þeim, úr gildi sjálfkrafa.

Ég vildi leyfa mér að benda hv. þd. á nokkur ákvæði, sem eru í reglugerðinni, um störf, sem fræðslumálastjórinn á að annast. Þar segir m. a., að fræðslumálastjóri stýri framkvæmdum í kennslu- og skólamálum undir yfirstjórn menntmrn. og hann hafi í hendi fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem rn.

felur honum sérstaklega. Fræðslumálastjóri skal í umboði rn. auglýsa með hæfilegum umsóknarfresti kennarastöður þær, sem lausar eru og ráðstafa á. Skulu umsóknirnar stílaðar til rn., en sendar skólanefnd og fræðslumálastjóra. Er fræðslumálastjóra skylt samkv. þeim l. og reglugerð, sem ég vitna hér til, að láta fylgja umsögn sína til rn. um þær umsóknir, sem hann kallar eftir. Fræðslumálastjóri á að gera till. til menntmrn. um ráðningu farkennara, þar sem til þeirrar ráðstöfunar er gripið. Fræðslumálastjóri á að gera till. til menntmrn. um skipan prófdómenda við framhaldsskóla, sem undir menntmrn. heyra, nema Háskóla Íslands. Fræðslumálastjóri gerir till. til rn. um skipun skólanefndarformanna, bæði er aðalskipanir fara fram og eins, ef sæti verður laust milli aðalskipana. Fræðslumálastjóri skal árlega gera till. til menntmrn. um byggingu skólahúsa og skólastjórabústaða og fjárframlög úr ríkissjóði til þeirra bygginga. Þetta eru aðeins nokkur verkefni, sem fræðslumálastjóra eru falin samkv. þeim l., sem nú á að fella niður, og þeirri reglugerð, sem samkv. þeim l. hefur verið sett. Og ég endurtek það, að ég tel, að reglugerð hafi ekki gildi, eftir að l., sem hún er grundvölluð á og sett samkvæmt, eru felld niður af hv. Alþ. Það er því alveg augljóst mál, að með þeim lagaákvæðum, sem nú eru í gildi, er fræðslumálastjóra og skrifstofu hans mörkuð nokkuð sjálfstæð staða gagnvart menntmrn., þó að hún starfi vitanlega undir yfirstjórn rn., og fræðslumálastjóra er beinlínis lögð sú skylda á herðar að afgreiða sjálfstætt ýmis erindi til rn.

En í þessari stuttu lagagrein er gengið svo langt, að ég tel það ekki viðunandi, þar sem greinin alls ekki á heima í þessu frv., sem hér er fjallað um, og það mundi í engu raska þeim sparnaðartill., sem hæstv. fjmrh. beitir sér fyrir, þó að þessi 7. gr. yrði felld niður eða henni breytt.

Ég vil leyfa mér við þessa síðustu umr. í þessari hv. deild að bera fram brtt. við 7. gr. frv. Brtt. er of seint fram borin og er skrifleg, og vil ég biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni, en till. er á þá leið, að 7. gr. frv. orðist þannig:

„Ríkisstj. undirbýr fyrir næsta reglulegt Alþ. frv. um hagkvæma skipan á yfirstjórn fræðslumála.“

Verði þessi till. samþ., er málið tekið upp á þann hátt, að ríkisstj. fær fyrirmæli um að láta vinna að þeirri skipulagsbreytingu, sem hér er stefnt að, og undirbúa hana, en þá mundi málið koma til kasta Alþ. í eðlilegri mynd næsta haust, og þá yrði fjallað um það í báðum d. og menntmn., svo sem sjálfsagt má telja um málefni eins og þetta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 469) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Við umr. um þetta mál á síðdegisfundi í gær mælti ég nokkur orð og þóttist þar sýna fram á það með rökum, að 4. gr. í þessu frv. væri ekki viðkomandi sparnaði á útgjöldum ríkisins, heldur væri hún eingöngu áminning til menntmrh. um það, hvernig hann ætti að haga störfum sínum. Þó að það standi máske einhverjum nær en mér að halda því fram, að menntmrh. sé vel hæfur í starfi, tók ég það fram þá og tek það fram enn, að þrátt fyrir stjórnarandstöðu mína sé ég ekki ástæðu til þess að samþykkja með þessum hætti sérstaklega vantraust á menntmrh., og lýsti ég þá yfir, að ég mundi greiða atkv. gegn þessari 4. gr. Nú hagaði hins vegar málum svo til í gær, að ég gat ekki verið viðstaddur atkvgr., og kom engin till. fram um 4. gr. Þess vegna leyfi ég mér að bera nú fram brtt. við frv. þess efnis, að 4. gr. þess falli niður, og bið ég forseta hér með um að leita afbrigða fyrir till., sem er skrifleg og of seint fram komin, þannig að hún geti komið hér til umr. og atkvgr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 470) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Rétt fyrir jólin voru samþ. fjárl. Síðan eru liðnir þrír mánuðir, sem er venjulegur lánatími víxla nú á dögum. Það er engu líkara en hæstv. fjmrh. finnist hann vera enn þá bankastjóri, sem láni út peninga til skamms tíma, því að það er orðin föst venja að láta fjárl. ekki gilda að öllu leyti nema í nokkra mánuði. Hæstv. fjmrh. hefur af sínum alkunna stórhug og hyggjuviti tekizt að gefa sömu gjöfina á jólum og páskum! Hann hefur samþ. fjárveitingar fyrir jól til ýmissa aðila, og tekið þær aftur eftir skamman tíma og veitt þær öðrum. Fjárlagaárið hefur stytzt frá því, sem áður var, og að því, er sumt varðar innan fjárl.

Tvennt vil ég minna á, um leið og frv. þetta er til umr. Í fyrsta lagi vil ég minna á það, að menntmrn. hefur nokkrum sinnum sent skólastjórum, skólanefndum og fræðsluráðum bréf þess efnis, að ákvæðum l. um hámark skólaskyldu skyldi fullnægt, og rn. hefur látið það fylgja með, að ekki mundi standa á ríkisvaldinu að gera sitt til þess að sjá um, að þetta mætti takast. Í fjármálaráðherratíð hæstv. fjmrh. er búið að skerða fjárveitingar til skólabygginga um 30%, fyrst um 20% og síðan um 10%, og nú er búið að skerða, að mér skilst, fjárframlög til skólamannvirkja um sem næst 20 millj. kr. samkv. því frv., sem hér liggur fyrir. Enn fremur var á s. l. ári Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skertur um 10%. Allt hefur þetta orðið til þess að torvelda framkvæmdir hjá sveitarfélögum til þess að geta fullnægt skólaskyldunni. Mér finnst þetta vítavert af ráðamönnum þjóðarinnar, hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh., að leyfa sér slíka hegðun, eins og átt hefur sér stað ár eftir ár í þessum efnum, þ.e. að veita fé af skornum skammti til menningarmála, naga síðan af öllum fjárveitingum, sem fengizt hafa í þessu skyni, eftir skamman tíma og eyðileggja þar með allar áætlanir, sem búið er að gera. Þetta er vítaverð framkoma gagnvart æskunni og hennar framtíð í landinu auk þess sem þetta skapar stór-

kostlegt misræmi í landinu. Það er ekki nóg með að hafa ríkisstarfsmenn í framboðum til Alþ. og útvega þeim menn á ríkiskaupi til starfa, á meðan þeir eru í þeim störfum og líka, ef þeir eru svo lánsamir að ná í stóla innan Alþ., þótt ekki sé nema skamman tíma. Þetta kostar líka sitt fé fyrir ríkið, og mætti hæstv. fjmrh. gjarnan hugleiða það, hvort hann gæti ekki sparað með þessu frv. á þessu sviði frekar en á ýmsum öðrum sviðum.

Mér finnst það ekki bera vott um menningu að lofa og standa ekki við gefin fyrirheit, enda þótt háskólalærðir frambjóðendur, ráðh. og alþm., eigi þar í hlut. Hæstv. fjmrh. má gjarnan hugleiða þessi mál betur, ef hann meinar eitthvað með sparnaði. Þá er víðar hægt að bera niður en þar, sem nú er gert, og færa betri rök fyrir því heldur en hér er gert.

Ég vil minna á það, að í þessu frv. er gert ráð fyrir að fella niður framlög til Landnáms ríkisins. Þótt færa megi rök fyrir því, að ekki sé þörf á stofnun nýbýla í landinu eins og sakir standa, þá er hitt vitað mál og ætti einnig að vera hæstv. fjmrh. ljóst, að sé litið á aðstöðu landbúnaðarins nú, þarf landbúnaðurinn á þessu fjármagni að halda og það, þótt meira væri. Auk þess, sem árferði er með lakara móti, hefur stjórnarstefnan leitt til margvíslegra örðugleika hjá bændastéttinni. Margir bændur eiga í erfiðleikum með að fá fjármagn til fóðurkaupa á þessum vetri og næsta vori og ekki sýnilegt, að þeir geti komizt yfir fjármagn til þess að kaupa áburð á næsta vori. Bankapólitíkin er og hefur verið harðsvíruð gegn grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar. Undirstaða landbúnaðarins er ræktun og gras, meiri ræktun og meira gras.

Hæstv. landbrh. er þekktur fyrir loforð og stórhug í garð landbúnaðarins. Anzi hefur hann lagzt lágt að liggja undir hæstv. fjmrh. í þessum efnum á sama tíma og ísar og harðindi veðráttunnar herja á bændur og stjórnvöld landsins synja bændum um allt, sem þeir og þeirra samtök fara fram á til bjargar öðrum grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar, sem bjargað hefur þjóðinni oft og mörgum sinnum frá hungri og dauða.

Ferill þessara þriggja ráðh., sem ég hef hér nefnt, er einstæður vegna loforða, mikilla vanefnda og úrræðaleysis gagnvart vandamálum bænda og þess fólks, sem stendur í fremstu víglínu atvinnulífsins. Þetta vil ég, að komi fram og vil ekki láta ómótmælt þeim vinnubrögðum, sem eru að skapa sér hefð hjá hæstv. fjmrh., þ. e. að láta samþykkja fjárveitingar og skerða þær eftir nokkra mánuði — sem sé að leika það ár eftir ár að gefa jólagjafir, taka þær aftur og gefa síðan í páskagjafir.

ATKVGR.

Brtt. 470 felld með 10:8 atkv.

Brtt. 469 felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, PÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, EÁ, GilsG, KGuðj.

nei: PB, StG, AuA, EggÞ, JónÁ, JÁH, JÞ, MJ, ÓB, JR.

2 þm. (SvG, BJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Ég er í sjálfu sér ekkert andvígur þessari till., en hún á bara ekki heima í þessu frv. Ef hún kemur fram þinglega sem sjálfstæð till., er ég alveg til viðtals um að greiða henni atkv. En ég segi nei við henni á þessum stað.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 472).

30. Dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar.

Á 63. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva [137. mál] (stjfrv., A. 297).

Á sama fundi og á 64. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 22. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Á síðustu árum hafa verið gerð veruleg átök í þá átt að koma upp dráttarbrautum og skipasmíðastöðvum í senn til þess að geta veitt skipastól landsmanna þjónustuviðgerðir og þó ekki síður til þess á síðustu árum að koma hér fótum undir skipasmíðaiðnað. Einkum hefur þar verið um að ræða að koma upp aðstöðu hér og þar um landið til þess að byggja stálskip og raunar einnig fiskiskip af öðrum gerðum. Að þessu hefur verið unnið eftir fastri áætlun síðustu árin og ákveðnar fyrirætlanir gerðar um það, hvernig auðið væri að koma þessum fyrirtækjum upp, og ýmiss konar aðstoð verið veitt til fyrirgreiðslu í sambandi við lántökur og ríkisábyrgðir.

Á árinu 1965 var leitað heimildar Alþ. til að ábyrgjast 30 millj. kr. lán vegna byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva í samræmi við þá áætlun, sem lá fyrir um eflingu þessara mannvirkja, og var sú heimild samþ. hér á Alþ. Var þá miðað við það, að ábyrgzt væri allt að 60% af kostnaðarverði þessara framkvæmda. Síðan þetta gerðist, hefur kostnaður við þessi mannvirki farið verulega fram úr áætlun af ýmsum ástæðum, og það er því þannig ástatt nú, að það vantar verulega á, að hægt sé að veita ríkisábyrgð, þótt byggt sé á grundvelli þeirrar hugsunar, sem í umræddu l. fólst, þ. e. um 60% af kostnaðarverði og hefur því ríkisstj. ákveðið að leggja

til við Alþ., að veitt verði viðbótarábyrgðarheimild allt að 40 millj. kr., sem er nokkru hærri fjárhæð en áætlað hefur verið, að kosta muni að koma þessum mannvirkjum upp, þ. e. miðað við þau 60% fjárhæðarinnar, sem lagt er til að veita ábyrgð fyrir. Það er jafnframt rétt að taka það fram, að þessi tala er miðuð við það eitt að ljúka þeim mannvirkjum á sviði dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, sem nú er í framkvæmd, og er þar fyrst og fremst um að ræða þær stöðvar, sem eru á vegum einkaaðila og raunar eingöngu, vegna þess að dráttarbautir, sem eru á vegum hafnargerða, sem er allvíða á landinu, njóta aðstoðar samkv. hafnalögum, og þarf þess vegna ekki að koma til nein sérstök heimild til ríkisábyrgðar fyrir þær.

Mér þykir hins vegar rétt, að það komi fram hér við þessa 1. umr. málsins, að því var komið á framfæri af samtökum eigenda skipasmíðastöðva og dráttarbrauta — en eigendur þessara mannvirkja hafa nú myndað sameiginlegt félag, sem var mjög æskileg og skynsamleg ráðstöfun, vegna þess að hér er raunverulega um sambærilegar framkvæmdir og samkynja að ræða, — að það væri ekki nægilegt fyrir þessa aðila að fá umræddda 60% ábyrgð, heldur þyrfti meira að koma til, og var þá vitnað til þess, að þær dráttarbrautir, sem væru byggðar á vegum sveitarfélaga sem hafnarmannvirki, fengju miklu meiri aðstoð. Var því í erindi til fjmrn. um þetta mál óskað eftir tvennu, sem má segja, að væri hægt að velja á milli: 1) að þessar stöðvar fengju 20% ríkisstyrk eða 2) að ábyrgðarheimildin yrði hækkuð í 80%. Mér sýnist það augljóst mál, að það væri, eins og til þessara mannvirkja er stofnað, óeðlilegt með öllu og skapaði enda mjög hættulegt fordæmi, ef ætti að fara að veita beinan ríkisstyrk til framkvæmdanna, þannig að það komi ekki til álita. Hins vegar getur það vitanlega verið álitamál, hvort rétt væri að teygja sig lengra, þannig að veitt væri ábyrgð — ríkisábyrgð — fyrir eitthvað hærri fjárhæð en 60%, jafnvel allt að 80%. Fyrir því eru viss fordæmi, t.d. í sambandi við vissar síldarverksmiðjur, þó ekki nema stöku síldarverksmiðjur, þ. e. þær, sem hafa átt við mesta erfiðleika að stríða og hafa verið byggðar á smástöðum á nokkrum stöðum á landinu. En hins vegar er það meginregla, sem gildir um ríkisábyrgðir almennt og er t. d. um ríkisábyrgðir í þágu fiskvinnslustöðva, sláturhúsa og annarra slíkra mannvirkja, að miðað er við 60%. Af þessum sökum þótti ekki rétt á þessu stigi málsins að miða frv. við annað en venjulega prósentutölu — 60% eins og gert er í l. frá 1965 um ríkisábyrgðarheimildina, sem þá var veitt í sambandi við skipasmíðastöðvar og dráttarbrautir. Ég tel hins vegar rétt, að sú hv. n., sem fær mál þetta til athugunar, rannsaki það, hvort það gætu verið rök fyrir því að veita hér eitthvað hærri ábyrgð, og hefði þá um það samráð við fjmrn. og Ríkisábyrgðasjóð eftir atvikum. En ég legg á það ríka áherzlu, að menn geri sér grein fyrir því um leið, að það er ekki auðið — þó að mönnum kunni að þykja sem það væri rétt að ganga þarna lengra til móts við eigendur skipasmíðastöðva til að leysa hinn brýna vanda þeirra, sem tvímælalaust er fyrir hendi hjá ýmsum þeirra a. m. k. — nema því aðeins að menn séu reiðubúnir til þess að taka þetta mál út úr, og tel ég það ekki réttlæta það, að farið verði yfir 60% almennt í ríkisábyrgð, því að það tel ég mjög óvarlegt og ekki hægt að taka slíka áhættu á ríkissjóð almennt. En ég vil sem sé gjarnan beina því til n., að hún taki ábyrgðarprósentuna til sérstakrar athugunar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, herra forseti, að orðlengja frekar um málið. Það er mjög einfalt í sniðum, og vildi ég mega leyfa mér að vænta þess, að hv. d. mundi hraða því eftir föngum, vegna þess að tilmæli um ábyrgðir frá skipasmíðastöðvunum bíða afgreiðslu, og það er ekki hægt að veita þær, vegna þess að fyrri ábyrgðarheimildin er þrotin. Æskilegt væri því að leitast við að afgreiða málið sem fyrst frá deildinni.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að að umr. þessari lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 297, n. 326, 327).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 297 um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva. N. leggur einróma til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem fram koma á þskj. 327. Er þar um tvær breytingar að ræða.

Í fyrsta lagi er lagt til, að heimild til að veita ríkisábyrgð í sambandi við dráttarbrautir verði nokkuð rýmkuð — eða úr 40 millj. kr. í 50 millj. kr. Eins og fram kemur í aths. með frv., er gert ráð fyrir, að um 35 millj. kr. af þeim 40 millj. kr., sem nefndar eru í frv., muni ganga til að veita ríkisábyrgðir í sambandi við þær framkvæmdir, sem þegar eru í gangi og vitað eru um. En eins og reynslan hefur sýnt undanfarið, vill það verða svo, að áætlanir um stærri framkvæmdir vilja í mörgum tilfellum nokkuð fara fram úr áætlun. Einnig leit n. svo á, að eðlilegt væri, að einhver heimild væri fyrir hendi til að veita ríkisábyrgð. Ef einhvers staðar kæmu fram óskir um það, að bætt yrði aðstaða til byggingar dráttarbrautar eða til byggingar skipa í dráttarbrautum, þá yrði það að sjálfsögðu skoðað og metið og væri þá einnig fyrir hendi heimild fyrir ríkisábyrgð í því sambandi.

Í öðru lagi leggur n. til, að við 1. gr. komi nýr málsl., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef sérstaklega stendur á að dómi ráðh., má upphæð ríkisábyrgðar nema allt að 80%, enda séu fyrir hendi fullnægjandi tryggingar.“

Í sambandi við byggingu dráttarbrauta er

aðstaðan nokkuð misjöfn. Ef um er að ræða, að sveitarfélag byggir dráttarbrautir, er heimild samkv. hafnal. um, að slíkar framkvæmdir séu gerðar styrkhæfar allt að 40%, og einnig um, að þeim verði veitt ríkisábyrgð allt að 60%. Þó að n. flytji þessa till., ætlast hún til, að reglan um 60% ríkisábyrgð verði hin almenna regla, en þetta ákvæði verði aðeins notað, ef þannig stendur á að dómi ráðherra, að nauðsynlegt sé að veita hærri ríkisábyrgð, en almenna reglan verði þó eftir sem áður um aðeins 60% ríkisábyrgð.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þegar ég talaði fyrir þessu frv. við 1. umr. málsins skýrði ég frá því, að frá félagi eigenda dráttarbrauta og skipasmíðastöðva hefði komið ósk um það, að veitt yrði aukin fyrirgreiðsla annaðhvort með beinum styrkjum eða með hækkun á ríkisábyrgðarheimild. Ég óskaði þá eftir því, að hv. n. athugaði málið frá þeim sjónarhóli, hvort hún teldi auðið að hækka ríkisábyrgðarheimildina, en lýsti hins vegar yfir, að það væri mín skoðun, að ógerlegt væri að fara út í beinar styrkveitingar til einkaaðila í sambandi við þessar framkvæmdir. Ég er algjörlega ásáttur með 2. málsl. í brtt. þeirri, sem hv. n. flytur, ekki hvað sízt með hliðsjón af þeim skýringum, sem hv. frsm. n. lét fylgja till. um það, hvernig bæri að skilja þessa heimild og að það bæri að beita henni mjög varlega; það samrýmist algjörlega minni skoðun um það efni.

Varðandi 1. málsl. í brtt. n. um að hækka heildarábyrgðarheimildina úr 40 millj. kr. í 50 millj. kr. vil ég taka fram, að ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga. Það hefur enga efnislega þýðingu, hvort upphæðin er 40 eða 50 millj. kr. En ég vil þó láta koma fram, að ég álít, að fyrst og fremst beri að leggja áherzlu á að nota þessa heimild í sambandi við þær dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar, sem verið er að vinna að í samræmi við þá framkvæmdaáætlun á þessum vettvangi, sem gengið var frá fyrir fáum árum og unnið hefur verið eftir; þetta frv. er fyrst og fremst miðað við að ljúka þeim framkvæmdum. Ég segi þetta vegna þess, að það liggur alveg ljóst fyrir, að skipasmíðar og starfsemi dráttarbrauta er ýmsum erfiðleikum háð. Hér er um dýrar framkvæmdir að ræða, og það veltur á miklu, að ekki sé farið út í meiri framkvæmdir á þessu sviði en svo, að þessar stöðvar hafi nægileg verkefni. Og ég vil því taka það fram í tilefni af þessari hækkun ábyrgðarheimildarinnar, að ég tel, að það þurfi að kanna mjög rækilega — þó að koma kunni fram óskir um það frá einhverjum aðilum til viðbótar þeim, sem nú eru að vinna að þessum framkvæmdum — hvort tiltækilegt sé fyrst og fremst með hliðsjón af hagsmunum þeirra stöðva og dráttarbrauta, sem verið er að koma upp og lagðar hafa verið í miklar fjárhæðir, að fjölga fyrirtækjum á þessu sviði. Vitanlega er ekki með því sagt, að það kunni ekki að vera nauðsynlegt og æskilegt að gera það, en ég álít, að þar þurfi til að koma rækileg skoðun á öllum aðstæðum, áður en sú ákvörðun yrði tekin að veita þá fyrirgreiðslu í því sambandi, sem gert er ráð fyrir í þessum l. að veita þeim aðilum, sem vinna nú að þessum framkvæmdum í sambandi við fyrrnefnda áætlun.

Þetta taldi ég rétt, að kæmi fram, þ. e. að ég mundi skilja þessa heimild — þrátt fyrir hækkun hennar — fyrst og fremst svo, að ætlunin væri, að hún yrði notuð til þess að ljúka þessum framkvæmdum, sem verið er að vinna að, og henni mundi ekki — af minni hálfu a. m. k. — verða beitt, þó að fram kæmu óskir um auknar framkvæmdir á þessu sviði, nema það félli saman við það, sem yrði við nánari athugun talið skynsamlegt með hliðsjón af rekstraraðstöðu þessara fyrirtækja í landinu og þeirri nauðsyn, sem á því væri að auka framkvæmdir á því sviði.

ATKVGR.
Brtt. 327 samþ. með 28 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 397).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 74. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Á síðustu árum hefur verið unnið að mjög umfangsmikilli uppbyggingu skipasmíðaiðnaðarins í landinu og í sambandi við það að uppbyggingu skipasmíðastöðva og dráttarbrauta. Hefur verið unnið að þessu eftir áætlun, sem um þessa uppbyggingu var gerð fyrir nokkrum árum, og ýmsar ráðstafanir gerðar til þess að greiða fyrir fjáröflun til framkvæmdanna. Einn þáttur þeirrar aðstoðar er fólginn í ríkisábyrgðum, sem veittar hafa verið vegna byggingarframkvæmda þessara. Með l. frá 1965 var ríkisstj. heimilað að ábyrgjast allt að 30 millj. kr. lán í þessu skyni.

Nú hefur komið í ljós, að þörf muni vera ríkisábyrgðarheimildar til viðbótar, þar eð framkvæmdir þessar hafa orðið kostnaðarsamari en gert var ráð fyrir í upphafi, og er áætlað miðað við þær tölur, sem nú liggja fyrir, að þörf muni vera á um 35 millj. kr. viðbótarábyrgðarheimild, þó að gert sé ráð fyrir, að ábyrgðir yrðu veittar eftir sömu reglum og gert var eftir hinum fyrri l., sem ég nefndi. Það hefur hins vegar komið í ljós, að komið hafa fram óskir um að veita aukna fyrirgreiðslu í vissum tilvikum, þar sem við allverulega erfiðleika hefur

verið að stríða við að koma þessum mannvirkjum upp. Var því af hálfu samtaka eigenda dráttarbrauta og skipasmíðastöðva leitað eftir því við ríkisstj. eða fjmrn., að það beitti sér fyrir því að hækka ábyrgðarheimildarfjárhæðina úr 60% í 80% af kostnaðarverði framkvæmda, en þó öllu fremur, að veittur yrði beinn styrkur til þeirra fyrirtækja í þessari grein, sem ekki falla undir hafnal., þ. e. þær dráttarbrautir, sem ekki falla undir hafnargerðir. Það hefur ekki þótt mögulegt að mæla með því að veita einkafyrirtækjum slíkan ríkisstyrk. Hins vegar þótti rétt, að skoðað væri nánar, hvort ástæða þætti til að hækka ábyrgðarhlutfallið. Ég lagði á það áherzlu í hv. Nd., að ég teldi mikils um vert, að það skapaði ekki fordæmi og áfram yrði sú almenna regla að veita 60% ríkisábyrgð. Fallizt var á það í meginefnum í hv. Nd., en talið rétt að veita samt ríkisstj. heimild til þess að hækka þessa tölu í 80%, ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi að dómi ráðh. og hægt væri að setja fullnægjandi tryggingar, en tekið var fram af talsmanni n. í Nd. — n. stóð sameiginlega að þessari till. — að ætlazt væri til, að þetta yrði notað með varúð.

Þá var jafnframt hækkuð ábyrgðarheimildin úr 40 millj. kr. í 50 millj. kr. Það út af fyrir sig skiptir engu máli. Segja má, að það saki ekki að hafa ábyrgðarheimildina eitthvað rýmri, ef kostnaður kynni enn að fara fram úr áætlun. En ég tók það fram í Nd. og vil einnig láta það koma fram hér, að ég lít svo á, að enda þótt þessi tala hafi verið hækkuð, verði lög þessi fyrst og fremst miðuð við að veita aðstoð þeim dráttarbrautum og skipasmíðastöðvum, sem eru í byggingu samkv. áætlun, sem gerð hefur verið um það og ég vék að. Með því er ekki sagt, að fleiri aðilar geti ekki komið til greina, en ég álít, að það sé tvímælalaust nauðsyn, að það mál sé skoðað rækilega niður í kjölinn. Það verður að reyna að tryggja það, að þær dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar, sem nú eru byggðar eða er verið að ljúka, hafi nægileg verkefni til að geta staðið undir skuldbindingum sínum og það tjóar ekki að hleypa af stað viðbótarframkvæmdum, nema sýnt sé, að það verði ekki til þess að grafa undan þeim fyrirtækjum í þessari grein, sem nú er verið að koma upp. Það er þjóðfélagsleg nauðsyn.

Ég vonast til að hv. Ed. geti fallizt á að afgreiða frv. með því sniði og þeirri breyt., sem á því var gerð í hv. Nd. Það liggur nokkuð á að afgreiða málið, vegna þess að ríkisábyrgðarheimildin, sem til var í l. — 30 millj. kr., er þrotin, og stendur þegar á því að geta afgreitt viðbótarheimildir. Þess vegna vildi ég leyfa mér að beina því til hv. n., sem fær þetta til meðferðar, að freista þess að afgreiða málið, svo fljótt sem verða má.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 29. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 397, n. 445).

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Fjhn. hefur komið saman og fjallað um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva. Eins og fram kemur á þskj. 445, var n. sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 397, þ. e. að standi sérstaklega á, sé unnt að dómi ráðh. að auka ríkisábyrgðina allt að 80%, enda séu fyrir hendi fullnægjandi tryggingar. Hin almenna regla er, að lánsupphæð sé miðuð við 60% af kostnaðarverði framkvæmda á hverjum stað. Ég vil rétt drepa á, að í dráttarbrautum eru nú bundnar fast að 200 millj. kr., og talið er, að nauðsynlegar viðbætur hjá þremur dráttarbrautum og tveimur skipasmíðastöðvum muni kosta fast að 100 millj. kr. Í dráttarbrautum og skipasmíðastöðvum verður því, þegar þessum áfanga er náð, bundið fjármagn fast að 300 millj. kr. Það er engum vafa undirorpið, að mikil nauðsyn er á, að lánsfjárfyrirgreiðsla verði eins mikil og mögulegt er. Ef miðað er við 12 ára lánsfjártíma og 9% vexti, er árlegur fjármagnskostnaður við 300 millj. kr. fjármagnsbindingu um 41 millj. kr. á ári. Til þess að dráttarbrautir hér og skipasmíðastöðvar geti búið við góðan rekstur og verið samkeppnishæfar við nágranna okkar, sem hafa tvímælalaust meiri möguleika til að fjármagna sínar framkvæmdir en við, er nauðsynlegt, að þeim sé gefinn kostur á sem hagkvæmustum lánum, og ber að þakka þann vilja, sem hæstv. ríkisstj. sýnir í þessu efni með því að gefa kost á því, að unnt sé að lána allt að 80% heildarkostnaðarverðs.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Ég er að efni til sammála þeirri till., sem hér er fram borin af n., enda á ég sennilega meiri þátt en nokkur þeirra nm., sem skrifuðu undir nál., í því að breyta nál. í skynsamlegra horf í meðförum Nd. En ég vil gera fsp. um það, hvað svona orðalag eigi að þýða eins og það, sem er í nál.: „Fjarstaddir voru Pétur Benediktsson og Björn Jónsson. Sveinn Guðmundsson var forfallaður.“ Var Sveinn Guðmundsson þá á nefndarfundi, en þannig á sig kominn, að hann gæti ekki sinnt málinu? Samkv. mínum kunnugleika af hv. 7. landsk. þm. gæti þetta ekki komið fyrir hann. Ég skal vera góðviljaður í garð þeirra fjögurra manna, sem undir þetta skrifa, og ætla, að þeir meini, að hann hafi boðað forföll. Ef þeir meina það, ættu þeir að segja það, en þeir geta ekki kveðið upp þann dóm, að hann hafi verið forfallaður og að við hinir tveir höfum skrópað á nefndarfundi án lögmætra ástæðna, hvernig sem á því stóð að öðru leyti, að við komum ekki þarna, og ég vil, herra forseti, að þér vitið, að svona fjölmæli kann ég ekki við í þskj.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég skal taka á mig minn þátt í þessu. Þegar fundur var settur, lá fyrir, að Sveinn Guðmundsson hafði boðað forföll vegna veikinda, en mér bárust ekki til eyrna neinar aðrar tilkynningar. Það gat auðvitað legið ljóst fyrir, að aðrir nm. gætu ekki komið vegna einhverra anna eða veikinda, en segja má, að svona orðalag sé kannske klaufalegt og verði þá að skrifast á minn reikning sem viðvanings í þessum stíl á þskj., en forföll boðaði Sveinn vegna veikinda, og það á ekkert skylt við það, að verið sé að sneiða að hinum á niðrandi hátt, þó að þeir hafi verið fjarstaddir. Ég held, að hv. þm. hafi ekki þurft að skilja þetta þannig. Það var ekki ætlun, held ég, neins okkar nm. að sneiða að þeim á einn eða annan hátt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 475).

31. Dýravernd.

Á 70. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21/1957, um dýravernd [152. mál] (stjfrv., A. 341).

Á 71. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 73. fundi í Nd., 11. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Efni þessa frv. er, að óheimilt skuli vera að reka hvali á land, nema fullvíst sé, að unnt sé að hagnýta þá til matar eða á annan hátt. Jafnframt er svo kveðið á í frv. að við deyðingu slíkra hvala skuli nota eins mannúðlegar aðferðir og unnt er. Upphaf þessa máls er, að Samband dýraverndunarfélaga Íslands sneri sér til sjútvmrn. með tilmælum um, að endurskoðuð yrðu l. um hvalveiðar frá 1949, en framkvæmd þeirra l. heyrir undir sjútvmrn. Hins vegar leiddi athugun í ljós, að þau l. fjalla um hvalveiðar sem atvinnurekstur almennt. Samkv. þeim l. má banna að veiða tilteknar hvaltegundir, en þau heimila hins vegar ekki bann við þeirri veiðiaðferð að reka hvali á land. Heimild til slíks yrði að vera í dýraverndunarl., en dýraverndunarl. heyra undir menntmrn. Ríkisstj. þykir eðlilegt, að svo skuli kveðið á í dýraverndunarl., að óleyfilegt sé að reka hvali á land, nema fullvíst sé, að unnt sé að hagnýta þá til matar eða á annan hátt. Í þessu frv. felst ekki bann við því að reka hvali á land, ef vissa er fyrir því eða líkur á, að hagnýta megi veiðina. Þau taka einungis til þess, að ekki sé hægt að hagnýta veiðina, og þá er talið eðlilegt og raunar sjálfsagt að banna þessa veiðiaðferð. Ég hygg, að með þessu sé þetta einfalda mál fullskýrt, og vildi leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 341, n. 399).

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Menntmn. hefur rætt þetta frv. á fundi sínum. Það er stjfrv. borið fram að tilmælum Sambands dýraverndunarfélaga Íslands. En eftir að frv. var hér til 1. umr., barst n. erindi frá Sambandi dýraverndunarfélaganna um breytingu á því. Þeir gerðu í raun og veru aðaltill. um það, að breytingin yrði sú, að óheimilt væri að reka hvali á land. En þeir settu einnig fram varatill., sem menntmn. hefur orðið sammála um að mæla með. Í seinni mgr. 1. gr. segir svo: „Við rekstur og deyðingu slíkra hvala skal nota eins mannúðlegar aðferðir og unnt er.“ Samband dýraverndunarfélaganna hefur lagt til, að þessi mgr. orðist svo: „Við rekstur hvala skal nota eins mannúðlegar aðferðir og unnt er, og við deyðingu þeirra skal beita lagvopnum og aðferðum, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð.“
Þetta er sú breyting, sem menntmn. hefur orðið sammála um að mæla með. Að öðru leyti liggur málið ljóst fyrir, og ég held, að það sé ekki ástæða til frekari umr. um það.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það kemur greinilega fram af þeim fskj., sem frv. þessu fylgja, hvernig eða af hvaða ástæðu það er fram borið. Samband dýraverndunarfélaga Íslands hefur farið fram á það, að lög yrðu sett um það, að rekstur hvala á land yrði bannaður, en þar er án efa átt við hinn svokallaða grindhval eða grindhvalarekstur. Sjútvmrn. telur þetta ekki heyra undir verksvið sitt, þar sem rn. fjalli aðallega um þau lög, sem kveða á um hvalveiðar sem fastan atvinnurekstur og bann við rekstri hvala á land heyri undir dýraverndunarl. Sjútvmrn. hefur því sent þetta til menntmrn. Umsögn, sem menntmrn. hefur fengið frá dr. Finni Guðmundssyni, er á þann veg, að hann mælir ekki með því, að rekstur hvala á land sé bannaður, heldur leggur það til, að nokkuð vægara

verði farið í þetta og leyfilegt verði að reka hval á land, ef ljóst liggi fyrir, að hægt sé að nota hann í mat eða vinna afurðir úr honum, eins og fram kemur í grg. hans.

Ég verð að segja, að ég hef ekki áttað mig á því til fulls, hvort nokkur ástæða er til annars heldur en banna rekstur hvala á land, eins og Samband dýraverndunarfélaganna fer fram á. Ég hef einu sinni séð vöðu af grindhval reka á land í Vestmannaeyjahöfn, eins og vitnað er til í erindi dýraverndunarfélaganna. Ég hygg, að hvorki ég né aðrir, sem á þær aðfarir horfðu, mundum vilja sjá það aftur. Eins og ég vitnaði til, kemur það fram hjá dr. Finni Guðmundssyni, að hans umsögn byggist á því, að hann vill ekki láta banna mönnum að reka hval á land og nýta hann sér til matar eða kannske vinna eitthvað úr honum. En það, sem ég hygg, að þarna komi ekki fram, er það, sem sennilega fæstum er kunnugt um, sem ekki hafa séð grindhvalavöðu rekna á land, að það er ákaflega erfitt að dæma um það, þó að menn vilji kannske reka eitt, tvö eða þrjú dýr á land og nýta þau til matar eða slíks, hvað menn raunverulega eru að gera. Þegar grindhvalavaðan var á sínum tíma rekin inn í Vestmannaeyjahöfn, héldu allir, að þar væri aðeins um fáeina hvali að ræða. Það voru þeir hvalir sem mönnum sýndust vaða, og mennirnir í bátunum héldu, að þeir væru að reka inn. Þegar vaðan kom inn í höfnina, voru þetta ekki fáein stykki, heldur fleiri hundruð — ef ekki þúsundir — hvala, sem kom í ljós, að voru í þessari vöðu. Ég hef síðar kynnzt því, að svona er það, þar sem vöður eru reknar á land eins og t. d. við Færeyjar. Það er aðeins lítill hluti, sem menn raunverulega sjá eða verða varir við. Vaðan er venjulega mörgum sinnum stærri heldur en hún sýnist vera. Náttúrlega þekkja Færeyingar þetta, þar sem þeir eru þessu vanir, en ég hygg, að Íslendingar eigi ákaflega erfitt með að átta sig á því, hvað þeir raunverulega eru að gera, ef þeir takast á hendur að reka grindhval á land. Ég get svona í fljótu bragði ekki áttað mig á því, hvort rekstur grindhvala á land hér geti verið mikilvægur fyrir okkur atvinnulega séð, þ. e. að þær afurðir, sem kynnu að fást af honum, séu svo aðkallandi búbót, að þetta sé nauðsynlegt. Það gefst nú tími til að skoða málið betur fyrir 3. umr., en ég hygg, að það væri langsamlega skynsamlegast af Alþ., að verða hreinlega við beiðni dýraverndunarfélaganna og banna rekstur hvala á land — að banna það algjörlega, að hvalur yrði rekinn hér á land.

Um deyðingaraðferðina skal ég ekki dæma. Ég hef ekki nægа þekkingu á því, hvort það er hægt að nota aðrar aðferðir heldur en voru þekktar, þ. e. að deyða hval með lagvopni. Þetta var gert í það skipti, sem ég vitnaði hér til áðan í Vestmannaeyjahöfn, þegar hvalur var rekinn þar inn. Þá var ráðizt á þau dýr, sem voru landföst og jafnvel þau, sem á sundi voru, með lagvopnum. Ég verð að segja það, að það þyrfti að vera hægt að lóga þessum dýrum á annan hátt. Þetta er einhver sú ógeðslegasta aðferð, sem ég hef nokkurn tíma séð við að aflífa nokkurt dýr, og það er, eins og farið er að, þegar verið er að aflífa stóra grindhvalavöðu með eggjárnum eða lagvopnum. Ég tel, að vissulega þurfi að skoða einmitt kannske þetta betur, ef það á að leyfa að reka þessi dýr á land, þ.e. hvort það eru ekki til aðrar mildari aðfarir heldur en að ráðast á þessar skepnur, sem eru með heitu blóði, eins og allir vita, með lagvopnum og aflífa þær þannig eða ætla að aflífa þær þannig, því að raunin verður náttúrlega sú í þeim handagangi, sem í sambandi við hvalavöður verður, að þau dýr eru miklu fleiri, sem sleppa kannske særð undan þessum vopnum, heldur en þau, sem lógað er eins og ætlazt var til. Ég vildi vekja máls á þessu við þessa umr., af því að ég hef, eins og ég sagði í upphafi, einu sinni séð þessar aðfarir, og mig langar ekki að upplifa þær aftur.

ATKVGR.
Brtt. 399 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 433).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 433, n. 502).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Eins og fram kemur í aths. við þetta lagafrv., er það flutt vegna tilmæla frá Sambandi dýraverndunarfélaga. Ósk Sambandsins var reyndar sú, að lagt yrði algert bann við rekstri hvala á land, en hins vegar felst það ekki í frv., hvorki eins og það upphaflega var né heldur eins og það er eftir breyt., sem á því hefur orðið í Nd., en hins vegar eru býsna ströng ákvæði um skilyrði þess, að leyfilegt sé að reka hvali á land.

Meðan þetta frv. var til meðferðar í hv. Nd., barst menntmn. þeirrar d. erindi frá Sambandi dýraverndunarfélaga, og það var reyndar aðalefni þess erindis, að rekstur hvala á land yrði bannaður,

en varatill. var einnig frá Sambandinu um orðalag á niðurlagi 1. gr. frv., og tók menntmn. varatill. upp og flutti sem brtt. við 1. gr. frv. Var sú brtt. samþ., og liggur nú 1. gr. frv., þannig breytt, fyrir á þskj. 399. Menntmn. þessarar d. hefur haft frv. til athugunar og mælir með samþ. þess, en eins og fram kemur í nál. á þskj. 502, var einn nm., hv. 5. þm. Reykn., fjarverandi, þegar málið var afgr. í n.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 533).

32. Ríkisreikningurinn 1966.

Á 63. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1966 [140. mál] (stjfrv., A. 300).

Á 64. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., 22. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt til að leita staðfestingar og samþykktar á ríkisreikningnum fyrir árið 1966. Ríkisreikningnum var útbýtt hér á borð hv. þm. í þingbyrjun, en þá án aths. endurskoðenda, því að endurskoðun reikningsins var þá ekki lokið. Hefur verið lagt allt kapp á að hraða þeirri endurskoðun með þeim árangri, að reikningurinn liggur nú hér fyrir endurskoðaður að fullu, og eru birtar með reikningnum í fyrsta lagi aths. yfirskoðunarmanna, í öðru lagi svör rn. við aths. og í þriðja lagi till. yfirskoðunarmanna Alþ. um, hvernig þeir telja, að fara beri með þær aths., sem þeir hafa gert. Áður hefur Alþ. verið gerð rækileg grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1966, bæði útgjöldum og tekjum, og sé ég ekki ástæðu til að fara að endurtaka þá sögu hér. Ég sé heldur ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að fara að ræða aths. yfirskoðunarmanna né svörin við þeim eða úrskurði þeirra, heldur sé rétt, að málið gangi fyrst til n. og síðan verði það rætt við 2. umr., ef hv. n. þykir ástæða til þess að taka einhverja af þessum aths. sérstaklega til frekari athugunar og umræðu.

Ég vil því leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Mér þykir hlýða við þessa 1. umr. um ríkisreikninginn fyrir árið 1966 að gera nokkra grein fyrir afstöðu okkar, er að endurskoðun ríkisreikningsins unnum. Vil ég taka fram þegar í upphafi, að við höfum fylgt þeirri stefnu, sem hefur verið venja síðustu ára, að endurskoðunin hefur ekki verið miðuð við pólitíska afstöðu endurskoðendanna til hæstv. ríkisstj. heldur fyrst og fremst við venjulega endurskoðun á reikningum án pólitísks mats. Við höfum talið, að þau vinnubrögð væru í alla staði heppilegri og farsælli fyrir þessi störf.

Þær aths., sem við höfum gert við ríkisreikninginn og prentaðar eru, eins og hæstv. fjmrh. benti á, gefa að vísu ekki tilefni til mikillar umr. Þó þykir mér rétt að vekja athygli á nokkrum þeirra.

Fyrsta aths. okkar er sú, eins og venja hefur verið, að farið hefur verið nokkrum orðum um eftirstöðvar til næsta árs af óinnheimtum tekjum ársins, sem var að líða. Nokkur vöxtur hefur verið í þessum eftirstöðvum hin síðari ár og verulegur á árinu 1966. Af hálfu ríkisendurskoðunarinnar er að vísu gerð grein fyrir því, hvernig á þessu standi, en þó er sjáanlegt, að innheimta hefur gengið verr á því ári en verið hefur undanfarin ár, og má gera ráð fyrir því, eins og nú horfir, að meira sæki í þetta horf. Hins vegar er það nauðsynlegt fyrir ríkissjóð eins og aðra, er innheimtu stunda, að vel sé fylgt eftir innheimtu á ríkisgjöldunum, og leggjum við áherzlu á það.

Annað atriði, sem ég vildi víkja nokkru nánar að, eru skil innheimtumanna ríkissjóðs við ríkissjóð. Eins og kemur fram í því upppgjöri, sem ríkissjóður gerir, og þeim upplýsingum, sem við höfum fengið hjá ríkisbókhaldinu, er nokkuð útistandandi hjá innheimtumönnum af því, sem þeir telja sig vera búna að innheimta. Samkv. lista, sem við fengum frá ríkisbókhaldinu, hafði dregizt nokkuð að skila því á árinu 1967, sem talið var innheimt í árslok 1966. Hér fannst okkur vera um að ræða mál, sem þyrfti athugunar við, og eins og fram kemur í svörum ríkisbókhaldsins við aths. yfirskoðunarmanna um þetta, er ástæðan m. a. sú, að innheimtumenn ríkissjóðs afhenda í sínum skilagreinum reikninga, sem ríkissjóður á að endurgreiða þeim, en þessir reikningar eru ekki færðir þeim til tekna fyrr en ári seinna — eða ef til vill ekki það. Þess vegna lítur þetta þannig út samkv. þeim upplýsingum, sem bókhaldið gefur, að hjá þessum innheimtumönnum séu nokkrar fjárhæðir útistandandi, sem þeir áttu að vera búnir að skila og eru að vísu búnir að skila, þó að það sé ekki fært. Við teljum, að það sé mjög óheppilegt að hafa þennan hátt á og það sé óeðlilegt að telja, að innheimtumenn ríkissjóðs liggi með fjárhæðir, sem þeir eru búnir að inna af höndum með því að greiða reikninga, sem embættin eiga að greiða, en ríkissjóður viðurkennir

ekki. Meðal þeirra reikninga, sem hafa verið tilgreindir í þessum tilvikum, eru greiðslur þær, sem sýslumenn þurfa að inna af hendi vegna minka- og refaveiða, en ríkissjóður hefur hins vegar ekki endurgreitt þeim, vegna þess að lægri fjárhæð er áætluð í fjárl. til þeirra greiðslna en raun ber vitni um. Okkur finnst, eins og þetta horfir við frá sjónarmiði endurskoðunarinnar, að ekki sé rétt að farið af hálfu ríkissjóðs gagnvart þessum innheimtumönnum og breyta þurfi þar um og viðurkenna þá reikninga, sem þeir hafa heimild til að greiða. Verði það að gerast, jafnvel þó að um umframgreiðslur sé að ræða hjá ríkissjóði.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, að samkv. svörum póst- og símamálastjórnarinnar við aths. um reikninga útistandandi hjá þeirri stofnun, telur Póstur og sími sig eiga inni hjá ríkissjóði um 10 millj. kr. vegna kostnaðar við fyrirgreiðslu á orlofs- og sparimerkjum. Hins vegar viðurkennir fjmrn. ekki, að Póstur og sími eigi þessa fjárhæð inni, og telur, að greiðslur þessarar stofnunar fyrir þessi störf geti ekki og eigi ekki að vera önnur en þau, sem ætlazt sé til á fjárl. hverju sinni. Hér er um nokkra fjárhæð að ræða eða eign þessarar stofnunar, og það er með öllu óeðlilegt og óæskilegt, að um þetta sé deila. Rn. og þessi stofnun verða að gera út um það, hver hin raunverulega greiðsla eigi að vera, svo að stofnunin sé ekki að telja sér til eigna innistæður hjá ríkissjóði, sem þar fást ekki viðurkenndar.

Þá var það á árinu 1966, að halli var á ríkisútvarpinu, þ. e. hljóðvarpsdeildinni — rúmar 10 millj. kr. Í svörum stofnunarinnar við þessari aths. er í raun og veru ekki að finna neina skýringu á því, hver er ástæðan fyrir þessum halla, þar sem gert var ráð fyrir því á fjárl., að þau verk, sem þar eru tilgreind, yrðu greidd af rekstrarfé stofnunarinnar, en ekki á annan hátt. Það hefur áður verið gerð aths. við það, hvað það gengi seint hjá ríkisútvarpinu að innheimta afnotagjöld og látið var í ljósi af hálfu endurskoðunarinnar, að sum af þessum gömlu afnotagjöldum hlytu að vera töpuð eða miklar líkur væru til þess, enda hefur það reynzt svo, þar sem á árinu 1966 hafa verið afskrifaðar 1½ millj. kr. af afnotagjöldum ríkisútvarpsins sem tapað fé. Er ekki hægt að sjá á svörum stofnunarinnar, að til séu nein ráð til þess að bæta úr þessum rekstrarhalla ríkisútvarpsins, sem átti sér stað bæði 1965 og þó sérstaklega 1966. Það getur auðvitað ekki gengið, að sú stofnun sé — fremur en aðrar ríkisstofnanir — rekin með halla, án þess að framlög frá ríkissjóði komi þá til. Nú hefur ekki verið stefnt að því með þessa ríkisstofnun, og er það því eðlilegt, að stjórnendur stofnunarinnar geri sér grein fyrir þeim kostnaði, sem þarf til að reka hana, en svo virðist ekki hafa verið gert. Þá kemur það einnig í ljós í svari ríkisútvarpsins við aths., að innheimta afnotagjalda á árinu 1967 hefur ekki gengið svo vel sem skyldi og tekjur ríkisútvarpsins af hækkuðum auglýsingatöxtum hafa heldur ekki gefið góða raun. Hér verður því að horfast í augu við þá staðreynd, að stefna sú, sem fylgt hefur verið síðustu árin um fjárhag þessarar ríkisstofnunar, getur ekki átt neina framtíð fyrir sér, ef vel á að fara.

Í sambandi við bókhald bændaskólanna var gerð aths. af hálfu endurskoðunarmanna. M. a. var það, að Bændaskólinn á Hólum hafði ekki skilað ársreikningi sínum fyrir árið 1966, þegar ríkisreikningurinn var prentaður, og er það með öllu óviðunandi, að ríkisstofnanir haldi þannig á, að þær hafi ekki skilað reikningum sínum, áður en ríkisreikningur er að fullu gerður. Í öðru lagi má nefna bókhald Bændaskólans á Hvanneyri, sem er mjög umfangsmikið vegna mikils búrekstrar, skóla með framhaldsmenntun búfræðinga, sem þar er, og nýrrar skólabyggingar. Hér er því um umfangsmikinn rekstur að ræða að dómi endurskoðunarmanna, og er of mikið blandað saman einstökum þáttum, svo að óljós er kostnaður við hvern einn þátt, og teljum við hina mestu nauðsyn, að unnið verði að því að gera þetta bókhald gleggra en það er nú.

Nokkur undanfarin ár hefur verið gerð aths. í sambandi við viðskipti vita- og hafnamálaskrifstofunnar. Nú hefur bókhald hennar — og sérstaklega þessar viðskiptaskuldir — verið tekið til sérstakrar meðferðar. Kemur þá í ljós, sem að vísu mátti gera ráð fyrir, að eitthvað af þessum skuldum er tapað, en eins og horfir, er þar ekki um verulegar fjárhæðir að ræða, en að því er unnið að ganga í að búa betur um hnútana í þessu máli en tíðkazt hefur og tryggja innheimtu á eignum þessarar stofnunar.

Nokkrar aths. voru gerðar við rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins, og ég hef áður hér á hv. Alþ. vikið að rekstri á sumarhótelum þessarar stofnunar. Það er mín skoðun, að rekstur á sumarhótelum Ferðaskrifstofu ríkisins orki að verulegu leyti tvímælis. Það er ljóst, að þessi stofnun heldur uppi hótelum í skólunum með ríkisframlagi í 2—3 beztu mánuði ársins, keppir þannig við venjuleg hótel, sem starfrækt eru í viðkomandi héruðum, og nýtur bezta árstímans til hótelstarfseminnar. Svo bera þessi venjulegu hótel skarðan hlut frá borði, þegar bezt gegnir, en verða að taka á sig hallann af „dauða“ tímanum í hótelrekstrinum. Það er mjög hæpið, að það eigi að nota ríkisfé til þess að keppa við hótel, sem starfrækt eru með venjulegu móti í þeim héruðum, þar sem þau eru fyrir hendi.

Aths. var gerð við annan kostnað rn., sem fór á þessu ári, eins og oft hefur átt sér stað áður, nokkuð verulega fram úr áætlun fjárl., en í svari rn. er gefin skýring á þessum umframgreiðslum, og mun ég ekki gera þær sérstaklega að umtalsefni hér.

Um ferðakostnað á vegum utanrrn., sem fór verulega fram úr áætlun fjárl., er fengin sú skýring af hálfu rn. að á þann lið sé færður kostnaður vegna sendiráða, sem raunverulega séu rn. óviðkomandi, og er með öllu óeðlilegt, að þannig sé færslu hagað.

Ég tel mig muna það rétt, að það hafi komið fram í ræðu hæstv. fjmrh., þegar hann lagði fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1968, að kostnaður við málflutning væri orðinn verulega hár og þyrfti að gæta hófs í þeim kostnaði sem og öðrum rekstrar-

útgjöldum. Þessi liður fór um 1 millj. kr. fram úr áætlun fjárlagaárið 1961 og var brúttó rúmar 6 millj. kr. í stað 4.5 millj. kr., en endurgreiðslur urðu heldur meiri heldur en gert hafði verið ráð fyrir. Í sambandi við þetta var gerð fsp. um, hvernig með skyldi farið, þegar rn. ákvæði gagnsókn í máli, og eru svör rn. birt þar. Samkv. mati okkar endurskoðunarmanna virðist nokkurs frjálslyndis gæta í meðferð þess háttar í málskostnaði ríkisins, að gjafsókn sé veitt, án þess að hægt sé að finna, að þau rök, sem greind eru í svari rn., nægi þar til skýringar. Ég vil undirstrika það, að það er alveg óeðlilegt, að ríkissjóður taki að sér að kosta deilumál manna, þegar fjárhagur þeirra, sem að málunum standa, er þannig, að eðlilegt er, að þeir ættu að geta staðið sjálfir undir kostnaði, og ekki er sjáanlegt heldur, að nauðsyn bæri til málssóknarinnar, ef hlutaðeigandi aðili hefði ekki sjálfur fjárhagslegt bolmagn til þess. Ég vil því undirstrika það, að nauðsyn ber til, að þess sé gætt, að ríkissjóður sé ekki að taka á sig óþarfakostnað vegna málssóknar þeirra aðila, sem honum eru alveg óviðkomandi.

Að lokum vil ég svo geta þess, vegna þess að það hefur stundum valdið hér nokkrum deilum á hv. Alþ., að ríkisendurskoðunin hefur ekki að fullu verið búin að ljúka endurskoðun á reikningum, áður en yfirendurskoðun hefur átt sér stað á ríkisreikningi. Það er svo að þessu sinni, svo sem áður hefur verið, að ríkisendurskoðunin hefur ekki lokið að endurskoða alla reikninga ríkisstofnana, sem eru tilfærðir í ríkisreikningnum. Yfirskoðunarmenn hafa samt gengið frá sinni endurskoðun á þessu máli og skrifað undir reikninginn, og hafa þeir lagt áherzlu á það við ríkisendurskoðunina. Mun verða reynt að fylgja því fast eftir framvegis, að endurskoðun ríkisreiknings hvers árs verði lokið næsta ár á eftir, þ. e. að endurskoðun verði lokið þannig, að það safnist ekki fyrir á milli ára. Og komi eitthvað fram í þeim reikningum, sem ríkisendurskoðunin hefur ekki fulllokið endurskoðun á, áskilja yfirskoðunarmenn sér rétt til þess að athuga það mál síðar. Hins vegar hefur það verið regla ríkisendurskoðunarinnar að láta alla hina stærri reikninga, þ. e. reikninga stærri stofnana og ríkisfyrirtækja, ganga fyrir, en þá minni sitja á hakanum, og lagt verður kapp á það, að ekki verði dregið ára á milli að endurskoða þá.

Að öðru leyti mun ég ekki gera frekari aths. við ríkisreikninginn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hef ekkert að athuga við það, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði um ríkisreikninginn, en hann er, sem kunnugt er, einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, og ég sé ástæðu til þess að þakka honum og öðrum yfirskoðunarmönnum fyrir sitt starf. Þeir hafa gengið rösklega í það að endurskoða reikninginn og gert það mögulegt að leggja hann fram svo snemma. Ég tel það jafnframt vera rétta stefnu, sem ég hygg, að hafi verið fylgt af öllum yfirskoðunarmönnum alla tíð, að vera ekki að blanda inn í yfirskoðunarstarfið pólitískum sérsjónarmiðum um það, hvernig ríkisbúskapinn hefði átt að reka í meginefnum, heldur halda sér að því að gera aths. við hin einstöku atriði ríkisreiknings miðað við fjárl. og finna að því, ef ekki er þar haldið á sem skyldi varðandi einstaka liði. Ég hef tekið það fram, síðan ég tók við þessu starfi, að mér væri ekki nema þökk í því, að yfirskoðunarmenn kæmu í aths. sínum eða jafnvel persónulega eða bréflega á framfæri við mig aths. og ábendingum, sem þeir teldu einhverju varða og sem endurskoðun þeirra leiddi í ljós, því að vitanlega er það mér mikils virði, að yfirskoðunarmennirnir einmitt leggi sig fram um það að skoða málin ofan í kjölinn hlutdrægnislaust, en efnislega og raunsætt, og hiki ekki við að koma með ábendingar um það, sem þeir telja, að mætti betur fara.

Það voru aðeins nokkur orð um þau atriði, sem hv. þm. minntist á, sem ég vildi segja hér til frekari skýringar af minni hálfu. Hann ræddi um það, að það hefðu safnazt saman auknar eftirstöðvar á árinu 1966, og einnig munu þær verða á árinu 1967 allverulegar. Þetta er alveg rétt. Meginástæðan er sú, eins og hv. þm. er öllum kunnugt, að það var tekin upp ný skipan við að loka ríkisreikningnum. Nú er öllu bókhaldi lokað um áramót. Áður var þessu haldið opnu fram eftir ári — jafnvel í nokkra mánuði — og var þá bókað sem tekjur fyrra árs það, sem var verið að innheimta á þessum mánuðum. Nú er þetta ekki gert að öðru leyti en því, að söluskattur er færður inn á árið á undan, enda þótt ekki sé lokið við að innheimta hann að fullu fyrr en í febrúar næsta ár. Þetta er óumflýjanlegt, vegna þess að ella yrði svo geysileg sveifla á hag ríkissjóðs miðað við það ár, sem þessi breyting ætti sér stað, vegna þess að síðasti ársfjórðungur í söluskatti gefur alltaf langmestar tekjur. T. d. á s. l. ári mun söluskattur á þriðja ársfjórðungi hafa numið allmikið á fjórða hundrað millj. kr., þannig að það hefur ekki verið talið auðið annað en að bókfæra það á það ár, sem hann var á lagður, en ekki miða við innheimtuár.

Ég vil aðeins láta það koma fram hér og taka undir það, sem hv. þm. sagði, að það er auðvitað hin brýnasta nauðsyn að hafa innheimtuna í sem beztu lagi, og enda þótt hér sé um skýringu að ræða, sem er eðlileg og þarf að hafa til hliðsjónar, þegar borið er saman við fyrri ár, er ég sammála því, að það er of mikið um eftirstöðvar og þær hafa eðlilega farið vaxandi miðað við það, að þær tekjur, sem inn þarf að heimta á hverju ári, hafa hækkað mjög verulega ár frá ári. Á s. l. ári var lögð á það höfuðáherzla við innheimtumenn að gera nú harða hríð að innheimtunni, og ég hygg, að það sé óhætt að fullyrða, að innheimtumenn hafa lagt sig mjög vel fram um allt land á s. l. ári, enda þótt það kannske hafi ekki skilað þeim árangri sem skyldi, vegna þess að hagur atvinnuveganna á árinu 1967 var, sem öllum þm. er kunnugt, á margan hátt mjög erfiður og við því að búast, að erfitt yrði um innheimtu. Auk þess er því ekki að leyna, að

reglurnar, sem gilda um útsvör, og það skilyrði til að fá þau dregin frá við álagningu útsvara næsta árs er, að þau hafi verið að fullu greidd fyrir áramót, veldur því, að menn láta sitja í fyrirrúmi að greiða útsvörin, en ekki skattana, svo að þetta auðvitað kemur niður á ríkissjóði og innheimtumönnum ríkissjóðs, þannig að þeir geta ekki sýnt eins góða útkomu af þessum ástæðum. Ef að þrengir, láta menn auðvitað útsvörin sitja fyrir. En ég tel það rétt, að það komi fram, að lögð hefur verið á það rík áherzla að bæta hér um. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að það er auðvitað undirstöðuatriði fyrir afkomu ríkissjóðs, að álagðir skattar séu ekki látnir standa úti.

Stærra átak hefur verið gert í þessum efnum í sambandi við tolla og beitt mun harðari aðferð við innheimtu þeirra. Því miður hefur það átt sér stað allvíða út um land, að vörur hafa verið afhentar heimildarlaust, án þess að tollar hafi verið greiddir. En nú hafa verið við hafðar mjög róttækar aðgerðir og hótað öllum þeim viðurlögum, sem hægt er að beita, ef þessu verði ekki kippt í lag. Þetta á sér ekki stað í Reykjavík né á ýmsum öðrum stöðum, og því fjarstæðara er það, að slík mismunun eigi sér stað annars staðar á landinu. En það hefur þokazt mjög í þá átt á s. l. ári, að þetta komist í samt lag, og ég vonast til, að það haldi áfram og þessu verði að verulegu leyti kippt í lag.

Það er einnig rétt hjá hv. þm., að það er vandamál við uppgjör við sýslumenn, að þeir eru með ýmiss konar reikninga, sem þeir framvísa og sumir hverjir eru þess eðlis, að það eru ekki fjárveitingar fyrir þeim. Þetta er vandamál, sem veldur því misræmi, sem hann vék að, og ég tel sjálfsagt, að það verði tekið til athugunar. Uppgjör við sýslumenn vegna ýmissa greiðslna, sem þeir hafa innt af höndum hefur verið tekið til rækilegrar athugunar í dómsmrn., þ. e. hvernig mætti koma í veg fyrir það, að þeir inni af höndum greiðslur, sem ekki er talið hægt að viðurkenna, að séu gjaldskyldar fyrir ríkið á því ári, sem um ræðir. Því miður hefur það viljað brenna við, að sýslumenn hafa greitt úr sjóði sínum kostnað, t. d. við embættisbústaði sína, sem ekki hefur verið veitt fé til, og er það vitanlega algerlega heimildarlaust að greiða úr sjóði af ríkistekjum á þennan hátt. Með þessum hætti hefur safnazt fyrir kostnaður upp á nokkrar millj. kr. hjá embættunum að mestu leyti vegna viðgerða og framkvæmda á embættisbústöðum, sem talið hefur verið nauðsynlegt að gera, en fé hefur ekki verið veitt til, og er vitanleg ekki heimilt að greiða með þessum hætti. En ég hygg, að það sé óhætt að fullyrða, að ráðstafanir hafa verið gerðar til að slíkt endurtaki sig ekki.

Ég skal ekki fara hér langt út í ágreininginn við Póst og síma um greiðslur vegna skyldusparnaðar. Þeir færa mjög verulega fjárhæð sem eign hjá sér og skuld ríkissjóðs vegna skyldusparnaðarins. Þetta hefur verið deilumál í mörg ár. Það hefur verið litið svo á í félmrn., sem er í rauninni aðili að þessu máli, að það væri óeðlilega há upphæð, sem Póstur og sími krefðist fyrir þessa þjónustu, og það hefur ekki fengizt um þetta úrskurður. Segja má, að það væri eðlilegast, að sá endanlegi úrskurður kæmi þá frá fjvn. Alþ. og að lokum eftir atvikum, þ. e. hvort rétt væri að taka þetta til greina eða ekki, en fjmrn. hefur ekki fyrir sitt leyti viljað fallast á þetta sem skuld, vegna þess að það hefur talið, að það, sem Alþ. veitti á hverjum tíma, bæri að líta á sem fullnaðargreiðslu fyrir þessa þjónustu. En það er alveg hárrétt, að auðvitað þarf að fá botn í þetta mál og sjálfsagt og skylt er að reyna að komast að niðurstöðu í því, svo að það sé þar með úr sögunni.

Um útvarpið skal ég ekki langt mál ræða. Það er rétt, að þar hefur orðið halli á s. l. ári, sem útvarpið skýrir í sínu svari — kannske ekki á fullnægjandi hátt, eins og hv. þm. sagði, um það skal ég ekkert segja. En ég skal taka undir það, að í fyrsta lagi er það auðvitað nauðsynlegt, að þessi stofnun sé rekin hallalaust, og í öðru lagi held ég, að það sé ekki of mikið sagt, þó að fullyrt sé, að innheimta hjá stofnuninni hefur ekki verið í nægilega góðu lagi, og það er auðvitað hin brýnasta nauðsyn, að því máli sé komið í viðhlítandi horf.

Um Ferðaskrifstofu ríkisins vil ég ekki margt segja. Ég ætla, að það sé ýmislegt, sem er hægt að setja út á hennar starfsemi í heild. Ekki það út af fyrir sig, að þeir menn, sem hana reka, reki hana svo illa, heldur það, hvort hún yfirleitt eigi að vera byggð upp á þeim grundvelli, sem hún starfar á, og ég er hv. þm. sammála um það, að þó að það sé sennilega eitt það bezta í hennar starfsemi að koma upp þessum sumarhótelum, getur það auðvitað verið álitamál, hvort þau eigi að vera á vegum Ferðaskrifstofunnar eða hvort þau eigi að vera starfrækt í sambandi við venjuleg hótel eða frá einhverjum aðilum á þeim stöðum, þar sem þeim hefur verið komið upp. Það var gerð sérstök áætlun um að búa skólana húsgögnum á þann hátt, að þessi húsgögn eru í rauninni í eigu ríkisins og voru lögð til í þeim tilgangi, að skólarnir væru aftur notaðir sem gistiheimili á sumrin, þannig að það hefur í rauninni verið óumflýjanlegt, að það væri einhver opinber aðili, sem hefði þessa starfsemi með höndum, eins og til hennar var stofnað, enda er hér um opinberar stofnanir að ræða, þ.e. skóla, sem er kannske dálítið erfitt að leigja einstaklingum. En ég álít, að þetta allt saman þurfi athugunar við og starfsemi Ferðaskrifstofunnar yfirleitt þurfi að koma til endurskoðunar miðað við þær breytingar, sem orðið hafa í ferðamálum.

Um annan kostnað rn. skal ég ekki fjölyrða. Hann hefur farið fram úr áætlun og hefur því miður oft áður gert það, og ég álít, að það beri brýna nauðsyn til þess — sannarlega ekki síður með þennan kostnað en annan — að leggja áherzlu á, að honum verði haldið innan eðlilegra marka. Það hefur verð gerð sú skipulagsbreyting í þessum efnum, að búið er að deila öllum kostnaði rn. niður á einstök rn. Áður var þetta á sameiginlegum kostnaðarliðum, sem kannske hefur dregið nokkuð úr aðhaldi, þannig að hvert rn. er nú algerlega

ábyrgt fyrir því, sem það eyðir, og það leynir sér ekki með neinu móti. Það verður ekki bókað annars staðar en á þess reikning, ef einhver sá kostnaðarliður, sem undir það heyrir og ákveðið fé hefur verið veitt til, fer fram úr áætlun. Lögð hefur verið áherzla á nú um áramótin að miða við þessa breyttu skipan, þ. e. að rn. gerðu strax kostnaðaráætlun fyrir allt árið og síðan yrði einhver maður í rn. — væntanlega ráðuneytisstjóri — gerður ábyrgur fyrir því að fylgjast með því, að þessi kostnaður færi ekki fram úr því fé, sem veitt er.

Um málskostnað og gjafsókn vil ég alveg taka undir það, sem hv. þm. sagði og vék að í minni fjárlagaræðu í haust. Þessi liður hefur hækkað mjög mikið á undanförnum árum. Gjafsóknarmálum hefur fjölgað mjög verulega. Um það eru engar ákveðnar reglur, heldur er það á valdi dómsmrn. að veita gjafsókn. Það hafa farið fram umr. um það á milli fjmrn. og dómsmrn., hvort ekki væri hægt að koma hér á ákveðnari kröfum og veita meira aðhald í þessum gjafsóknarmálum. Ætlunin er, að gjafsókn sé veitt, ef um er að ræða aðila, sem efnahags vegna eiga annars erfitt með að reka réttar síns, eða um er að ræða mál, þar sem menn eru að fá úrskurð um einhverjar stjórnvaldsathafnir, sem geta orkað tvímælis. Þá hefur það þótt sanngjarnt í ýmsum tilfellum að veita slíka gjafsókn. Og það er fullur vilji fyrir því hjá dómsmrn. að spyrna hér við fótum og fækka þessum gjafsóknarleiðum. Það er annar þáttur í þessu máli, sem einnig hefur verið vaxandi áhyggjuefni hjá okkur, og það er málskostnaður. Það er alltaf á hverju ári mikill fjöldi mála, sem ríkið stendur í. Sjaldnast er það nú sóknaraðili, heldur varnaraðili, og ræður því litlu um það, hvað það stendur í mörgum málum. Það er vegna skaðabóta og ótal margs, sem hinir og aðrir aðilar fara í mál við ríkið. Skal ég ekkert um það segja, hvað rétt eða rangt er í því að taka mjög vægilega á málskostnaði í þessum málum, jafnvel þó að sá, sem fer í mál við ríkið, tapi sínu máli, þá virðist vera mikil tilhneiging til þess að láta skellinn heldur falla á ríkið. Það er kannske sjónarmið út af fyrir sig, að sá eigi að bera kostnað, sem bakið hefur breiðara, og það virðist nú æðioft svo, að það þyki ekki nema eðlilegt sjónarmið, að ríkið sé látið borga brúsann, þar sem hægt er að koma því við. Um þetta hafa rn. náttúrlega ekkert að segja. Þetta eru úrskurðir dómstóla og ekki okkar að leyfa okkur að gagnrýna þær niðurstöður.

En í sambandi við þetta má nefna annað vandamál, og það er málskostnaðarkrafa þeirra lögmanna, sem flytja mál fyrir ríkið. Það er mikið vandamál, vegna þess að þarna er oft um að ræða greiðslur, sem geta hlaupið á hundruðum þús. kr. Sama er að segja um matsgerðir, sem ríkið lætur framkvæma. Þar er oft um að ræða mjög hæfilegar kröfur og sannleikurinn er sá, að það vill oft verða svo bæði með þetta og ýmislegt annað. Við skulum taka t.d. vinnu ýmissa sérfræðinga, arkitekta og eitt og annað slíkt. Þegar ríkið á í hlut eru venjulega reikningar hafðir í hámarki, þó að af þeim sé slegið, þegar einkaaðilar eiga hlut að máli. Þetta hefur valdið því, að við höfum ærið mikið íhugað, hvort hægt er að finna einhverja úrlausn á þessu máli. Ég minntist á það — ég hygg í fjárlagaræðu minni — að mér fyndist vel geta komið til álita að ráða sérstakan ríkislögmann, sem annaðist málflutning fyrir ríkið og hefði þá fyrir það ákveðna þóknun. Þetta er svipað fyrirkomulag og Reykjavíkurborg hefur. Hún hefur sérstakan borgarlögmann, sem ég hygg, að hafi reynzt vel. Úr þessu hefur ekki orðið enn þá. Hins vegar hefur verið ákveðin sú skipan á þessum málum — og á það einnig við um greiðslu nefndakostnaðar, sem er töluvert vandamál á hverjum tíma, þegar nefndir eru skipaðar og reikningar koma síðan eftir á, sem eru æðimisjafnlega háir stundum eftir því, hverjir í n. sitja — til bráðabirgða, að allir, sem taka að sér málflutning fyrir ríkið, matsstörf eða nefndarstörf, verði háðir því, að þeir beygi sig undir úrskurð, sem gefinn verði að starfi loknu af sérstökum trúnaðarmönnum, sem valdir hafa verið til þess að fara yfir slíkar kröfur og leitast við að samræma þær. Hvort það tekst að lagfæra þetta mál með þessum hætti, skal ég ekki um segja, en það er þó a. m. k. viðleitni í þá átt að reyna að hafa samræmi í þessum greiðslum og sjá til þess, að ekki séu settir upp alveg óhæfilegir reikningar og menn standi bara andspænis því eftir á að verða að gera svo vel að borga það, sem upp er sett.

Ég held svo ekki, herra forseti, að það hafi verið fleira, sem gaf tilefni til hugleiðinga í sambandi við orð hv. 3. þm. Vesturl. Eins og ég sagði í upphafi míns máls, er ég ekki á neinn hátt að gagnrýna það, sem hann sagði hér, heldur get ég tekið undir það allt og tel aðeins, að það hafi verið rétt, að þetta kæmi fram til frekari skýringar á ýmsum þeim atriðum, sem hann minntist á.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær umr., sem hér hafa farið fram, en aðeins beina einni fsp. til hæstv. fjmrh. Ég sé hér á rekstrarreikningi, að tekjur hafa orðið verulega hærri á árinu heldur en áætlað var í fjárl. Mér sýnist, að tekjurnar hafi farið nær 900 millj. kr. fram úr áætlun. Það staðfestir það, sem oft hefur verið haldið fram hér, að það er veruleg tilhneiging til þess að áætla tekjurnar lægri heldur en þær verða í raun og veru, en um það atriði ætla ég ekki að ræða nánar að þessu sinni. Þá leiðir rekstrarreikningurinn það einnig í ljós, að það hefur orðið verulegur rekstrarhagnaður á árinu, sem stafar af því, hve miklar umframtekjurnar urðu eða nálægt 800 millj. kr. Það, sem mig langar til að fá upplýst hjá hæstv. ráðh., er það, hvort hann gæti gefið upplýsingar um það nú, hvernig þessum rekstrarhagnaði hefði verið ráðstafað, hvort það sé búið að ráðstafa honum að mestu eða öllu leyti eða hvort eitthvað af honum sé geymslufé og einnig samkv. hvaða lögum eða heimildum honum hefði verið ráðstafað, ef búið væri að því. Ég veit það að vísu,

að verulegum hluta af þessum afgangi hefur verið ráðstafað til niðurborgana á síðasta ári, en ég reikna þó ekki með því, að allur afgangurinn hafi runnið þangað. En mér þætti sem sé æskilegt, ef hæstv. ráðh. gæti upplýst það nú, hvernig þessum rekstrarafgangi hafi verið ráðstafað og hvort búið sé að gera það að fullu og öllu.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Því miður hef ég ekki fyrir mér allar tölur til þess að geta skýrt þetta mál og bjó mig ekki undir það. Eins og ég sagði í upphafi, hefur verið gerð áður nákvæm grein fyrir því, hver varð heildarniðurstaða í útkomu ársins 1966 — bæði tekjuhlið og gjaldahlið, þ. e. hvaða ástæður voru fyrir því, að bæði tekjur og gjöld fóru fram úr áætlun. Fyrir þessu gerði ég rækilega grein í fjárlagaræðunni í haust og gæti vitanlega, ef mér ynnist tími til, sótt hana og gert hv. þm. grein fyrir því máli, eins og það er.

En það er eitt, sem ég vildi vekja athygli á, sem var misskilningur hjá hv. þm. Það var alveg rétt, að tekjur fóru á 9. hundrað millj. kr. fram úr áætlun á rekstrarreikningi. En þá þarf náttúrlega að draga þar frá ótalmarga liði, m. a. alla fjárfestingarliði, þannig að muni ég rétt, var rekstrarhagnaður ríkissjóðs talinn vera eitthvað á 5. hundrað millj. kr. Þegar það mál var gert upp, var gengið út frá því, að greiddur yrði halli áranna 1964 og 1965. Halli ársins 1964 var um 250 millj. kr., og halli ársins 1965 var um 90 millj. kr., þannig að það var ekki ýkjamikið, sem var til ráðstöfunar að öðru leyti. En því miður komu einnig, eins og hv. þm. sagði, til viðbótarniðurgreiðslur, og þegar dæmið að lokum var gert upp, sem ég hygg, að hv. þm. reki minni til, var ég í rauninni gagnrýndur fyrir það — og kannske á nokkurn hátt með réttu, að það væri gat á fjárl. fyrir árið 1967, þar sem ekki væri gert ráð fyrir niðurgreiðslunum nema 10 mánuði ársins. Ástæðan var sú, að dæmið gekk ekki upp eins og það stóð miðað við tekjuafgang ársins 1966 og miðað við það, sem vitað var, að var halli fyrri ára. Það, sem þá var eftir til ráðstöfunar, nægði ekki til að brúa bilið til áramóta, þannig að það vantaði um 50 millj. kr. Og þetta er alveg rétt. Án þess að ég geti, eins og ég hef sagt, farið nákvæmlega út í það, nema skoða það betur, svo að ég sé ekki að fara með villandi tölur. Það veit ég, að hv. þm. vill ekki knýja mig til að fara að gera hér. Ég vil ekki treysta svo á minni mitt. En ég held, að með því einu að minna á þetta, sem fram kom í umr. um málið, komi glöggt í ljós, að þarna hafi ekki verið um að ræða neinn afgang, sem standi upp á okkur að ráðstafa, og því miður er gallinn sá, að þessi tekjuafgangur var í rauninni aldrei fyrir hendi, þannig að hann væri inni á reikningi okkar í Seðlabankanum. Um áramótin var ekki nema um 90 millj. kr. innistæða á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum. Og í Seðlabankanum hefur þessi rekstrarafgangur ríkissjóðs alltaf verið gerður upp á annan hátt heldur en gert hefur verið í ríkisreikningi. Í Seðlabankanum hefur þetta verið gert með þeim hætti að segja, að það væri ekki raunverulegur afgangur hjá ríkissjóði, nema hann væri handbær um áramót. Og ég vil jafnframt til viðbótar geta þess, að til þess að gera upp þessa gömlu skuld við Seðlabankann frá árunum 1964 og 1965 var reiknað með, að við yrðum að nota einnig 100 millj. kr., sem höfðu verið lagðar til hliðar af greiðsluafgangi ársins 1963. Öðruvísi var ekki hægt að gera þetta dæmi upp, og engu að síður vantaði þó, að því er talið var, þegar við vorum að lokum að gera upp fjárlagadæmið fyrir 1967 og höfðum þennan greiðsluafgang í huga, um 50 millj. kr., til þess að endar næðu saman.

En ég vil sem sé, hvað sem þessum 800 millj. kr. viðvíkur, biðja hv. þm. að athuga það, að þar eru ekki öll kurl komin til grafar, þannig að þar er aðeins rekstrarafgangur, en ekki greiðsluafgangur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 300, n. 440).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1966. N. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ., en þrír nm. skrifa þó undir þetta nál. með fyrirvara. Með nál. er prentuð, eins og hv. þm. sjá, skýrsla ríkisendurskoðunar til yfirskoðunarmanna ríkisreikninga, og af þessari skýrslu má sjá, hvað ólokið var að endurskoða af reikningum þann 22. des. s. l. og enn fremur, hvað endurskoðað hefur verið af þessum reikningum fram til 21. marz í ár. Eins og sjá má, er hér um nokkra reikninga að ræða, en mér þykir rétt að benda þó á það, að af samanburði við sams konar eldri skýrslur má sjá, að hér er um færri reikninga að ræða en hefur verið á undanförnum árum, og er þetta vel, því að að sjálfsögðu er það æskilegast, að reikningar ríkisstofnana og hinna ýmsu embætta, sem heyra undir ríkið hafi verið endurskoðaðir, áður en Alþ. þarf að fjalla um ríkisreikninginn hverju sinni. Mér sýnist, að þetta horfi allt til betri háttar, og vonandi verður það innan tíðar, að endurskoðun verði lokið að fullu, áður en óskað er eftir því, að þingið samþykki ríkisreikninginn.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 79. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. um staðfestingu á ríkisreikningnum fyrir árið 1966 hefur verið afgr. frá hv. Nd. Frv. er samið í samræmi við niðurstöður ríkisendurskoðenda og felur í sér sundurliðaðar þær niðurstöðutölur, sem orðið hafa á einstökum greinum fjárl. fyrir árið 1966. Ríkisreikningnum hefur verið útbýtt fyrir alllöngu síðan, og hefur hv. þm. gefizt kostur á að kynna sér hann. Með honum eru birtar aths. yfirskoðunarmanna, svör rn. við aths. þeirra og að lokum úrskurðir yfirskoðunarmanna, þar sem er að finna niðurstöður þeirra, eftir að þeir hafa tekið til athugunar svör rn. Engum af aths. er vísað til aðgerða Alþ., heldur eru þær allar taldar eiga að vera til athugunar eftirleiðis. Verður að sjálfsögðu farið eftir þeim ábendingum.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara að gera ríkisreikninginn að umtalsefni við þetta tækifæri, nema tilefni gefist til. Í sambandi við meðferð fjárl. hefur verið gerð rækilega grein fyrir öllum ástæðum þess, þar sem um breytingar hefur verið að ræða frá því, sem fjárl. gerðu ráð fyrir, og hafa þær skýrslur verið ræddar í sambandi við fjárlagaafgreiðslu.

Ég leyfi mér því, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 300, n. 506).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar, og eins og nál. á þskj. 506 ber með sér, leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Enda var, eins og ríkisreikningurinn bar með sér, engum af þeim aths., sem endurskoðendur gerðu við reikninginn, vísað til aðgerða Alþ.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mér virðist hv. fjhn. hafa hraðað afgreiðslu þessa máls óþarflega mikið, og ég á satt að segja heldur erfitt með að átta mig á því, að hún hafi getað athugað þetta mál verulega á þeim stutta tíma, sem hún hefur haft til umráða. En það má segja, að málið hafi legið öllu lengur fyrir Nd. og fjhn. þar hafi athugað það og fjhn. Ed. hafi getað stuðzt við þá athugun, en meðan deildaskipting er hér við lýði, á hver d. að athuga málið fyrir sig og n. í hverri d. að fjalla um þau. Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram, því að mér sýnist, að athugun á ríkisreikningi og meðferð hans á Alþ. eigi ekki að vera aðeins formið eitt, heldur eigi það að vera liður í raunverulegu aðhaldi gagnvart ríkisstj. á hverjum tíma. Mér sýnist, að það hefði verið þeim mun meiri ástæða fyrir fjhn. til þess að gefa þessu máli öllu ríkari gaum heldur en mér virðist hún muni hafa gert vegna þess, að nál. fjhn. Nd. ber það með sér, að endurskoðun ríkisendurskoðunarinnar á ýmsum þeim reikningum, sem farið er fram á, að Alþ. samþykki, hefur ekki verið lokið. Eins og hv. dm. geta séð af þessu nál., eru það allmargir reikningar — sumir vil ég segja umfangsmiklir — sem óendurskoðaðir eru. Það er t. d. kostnaður við embætti sýslumanna, bæjarfógeta, tollstjóra og sakadómara 1966; kostnaður lögreglustjóraembættisins 1965—1966, biskupsembættisins 1965—1966 og sendiráðanna 1966 að nokkru leyti; vegamál öll 1966 og raforkumál 1966 o. s. frv. Ég veit, að það er svo til viðbótar fskj. með þessu frá ríkisendurskoðuninni, þar sem upplýsingar eru gefnar um það, að nokkuð af þessum fyrirtækjum hafi þá verið endurskoðuð. Ég held þó engin af þeim, sem ég nefndi.

Það hefur vissulega komið fyrir áður við afgreiðslu ríkisreiknings, að þannig hafi verið ástatt, að endurskoðun ríkisendurskoðunarinnar á ýmsum fyrirtækjum væri ekki lokið, og ég minnist þess, að alloft hefur verið gerð við það aths. og óskir hafa komið fram af alþm. hálfu um það, að þessari endurskoðun væri hraðað, og ég vil ekki láta þetta mál fara hér fram hjá að þessu sinni án þess að ítreka þá ósk. Til þess höfum við ríkisendurskoðun, að hún endurskoði þessa reikninga. Ég efast ekkert um, að hún vinni sitt verk vel og þetta muni stafa af því, að hún hefur ekki mannafla til þess að afkasta þessu starfi, en þá verður að taka það mál til athugunar. Það er í hæsta máta óviðkunnanlegt, að það sé verið að samþykkja reikninga, sem ekki eru endurskoðaðir. Það mundi ekki þykja góð regla hjá einkafyrirtækjum að bera upp á aðalfundi óendurskoðaða reikninga og láta þar samþykkja þá. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það sé neitt athugavert við þessa reikninga í sjálfu sér, en ég held því fram, að það sé ekki viðkunnanlegt fyrir Alþ. að samþykkja reikninga, sem ekki eru endurskoðaðir. Nú hafa yfirskoðunarmenn Alþ. farið yfir ríkisreikninginn, en það liggur í augum uppi, að endurskoðun þeirra getur ekki komið að fullu gagni, nema sú frumvinna, sem þarf að vera unnin, þegar þeirra endurskoðun fer fram, hafi verið af hendi leyst, þ. e. endurskoðun ríkisendurskoðunarinnar.

Ég vil því leyfa mér að bera fram þá ósk, að það sé reynt að stuðla að því, að þessi mál komist í það lag, að endurskoðunin geti farið að fullu fram, áður en ríkisreikningurinn er samþ. hér á Alþ., og í raun og veru á ríkisreikningurinn ekki erindi til Alþ., fyrr en það er búið að ganga þannig frá honum. Það er á engan hátt ástæða til þess að vera að leggja

reikninginn fyrir Alþ. þannig. Þá fyrst er trygging á meðferð Alþ. á reikningnum, að það sé búið að endurskoða hann, og það liggi þá fyrir, hvort sú endurskoðun hafi gefið tilefni til aths. Það er að sjálfsögðu rétt, að í umsögn endurskoðenda, þ. e. yfirskoðunarmanna, er ekki farið fram á það, að Alþ. geri sérstakar aths., en það er samt allt að einu jafnóviðkunnanlegt að mínum dómi, að endurskoðun hafi ekki farið fram, þegar Alþ. afgreiðir málið. Á þetta vil ég í allri vinsemd benda og mælist til þess, að það verði reynt að stuðla að því, að endurskoðun gangi hraðar. Ég held satt að segja, að það hljóti að vera ákaflega óviðunandi fyrir fjmrn. að fá ekki endurskoðun jafnumsvifamikilla embætta og fyrirtækja, sem hér er um að tefla, áður en það leggur fram sinn lokareikning.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hv. fjhn. fyrir, hvað hún hefur brugðizt vel við ósk minni um að afgreiða ríkisreikninginn skjótt frá sér, svo að hægt væri að ljúka afgreiðslu hans, áður en þ. lýkur. Ég veit, að það var kannske til nokkuð mikils ætlazt, að n. gerði það svo fljótlega, en á hitt var þó að líta, sem ég vakti athygli á í framsöguræðu minni hér fyrir reikningnum við 1. umr., að yfirskoðunarmenn ríkisreiknings vísa ekki til sérstakrar athugunar Alþ. á neinu atriði reikningsins. Það má vitanlega ganga út frá því eins og yfirskoðunarmenn eru valdir til starfa, þ. e. þeir túlka hin ýmsu sjónarmið bæði stjórnar og stjórnarandstöðu og eru valdir af flokkunum, að það muni koma fram í þeirra aths., ef þeir telja eitthvað sérstaklega athyglisvert við reikningsfærslur.

Varðandi það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, þá er það rétt hjá honum, að það er ekki nýtt, að á það hafi verið bent hér, eftir að farið var að hraða meðferð Alþ. á afgreiðslu ríkisreiknings, að hjá svo og svo mörgum embættum hafi ekki verið lokið endurskoðun, þegar ríkisreikningurinn er endanlega samþykktur á Alþ. Vitanlega er þetta allt álitamál. Æskilegast er auðvitað, að allri endurskoðun sé lokið og ríkisendurskoðunin hafi yfir því starfsliði að ráða, að hún geti innt þetta af höndum með fullnægjandi hraða. Sem betur fer, hefur þó þróunin verið sú, að þetta hefur færzt í þá átt, að það hefur tekizt að ljúka endurskoðun reikninga hraðar en áður. Það hafa ekki safnazt fyrir verkefni hjá ríkisendurskoðuninni síðustu árin, en hins vegar er hitt rétt, að það hefur ekki heldur þótt fært að efla svo starfslið ríkisendurskoðunarinnar, að hún gæti komið þessu í lag svo sem æskilegt væri. Ég tel því ekkert undarlegt út af fyrir sig, þó að þessi aths. komi fram, og það má e. t. v. segja, að það sé eðlilegt að láta þá ríkisreikninga bíða í eitt ár, jafnvel þangað til þessari endurskoðun er lokið. Ástæðan til þess, að þetta hefur ekki verið gert, er sú, sem ég álít, að sé miklum mun veigameiri, þ. e. að sé ekki dregið lengi að leggja reikninginn fyrir Alþ., eru meiri líkur til að menn hafi í fersku minni þau fjármálalegu atvik, sem voru að gerast á því tiltekna ári. Það var oft hér áður kvartað yfir því, þegar reikningurinn kom kannske þremur árum of seint fyrir Alþ., að það hefði ekki nokkur maður áhuga á þessu, þetta væri bara úrelt plagg og menn gætu ekki í rauninni komið neinni gagnrýni við, því að horfið væri úr minni manna margt af því, sem þeir helzt hefðu viljað gera aths. við eða kunnað að vilja gera aths. við. Ég álít því, að sú stefna sé rétt að reyna að leggja reikninginn sem fyrst fyrir Alþ., meðan það er ljóst í huga hv. þm., hvernig fjármálaþróunin var á því tiltekna ári, og þeir geta þá haft betri aðstöðu til þess að bera saman einstakar tölur.

Ég held, að það skipti ákaflega litlu máli í sambandi við þessa efnislegu meðferð reikningsins hér á Alþ., hvort lokið er nákvæmlega talnalegri endurskoðun hjá hverri einustu ríkisstofnun. Sannast sagna verður sjaldan breyting, svo að neinu nemi, á reikningum þessara stofnana, frá því að þeir eru gerðir upp og þangað til þeir eru birtir í ríkisreikningi. Það eru því að minni hyggju a. m. k. meiri þægindi fyrir hv. þm. að fá reikninginn fyrr til meðferðar heldur en að bíða, þangað til lokið er endurskoðun hjá hverri stofnun, sem aftur mundi kosta það, að það drægist töluvert mikið meira á langinn að fá reikninginn til meðferðar. Það er nauðsynlegt, að mönnum sé það alveg ljóst, að komi fram breytingar eða eitthvað athugavert við þá reikninga, sem ekki er lokið endurskoðun á, þegar ríkisreikningur er lagður fram, þá vitanlega kemur það fram síðar hjá yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings. Þeir hafa alla aðstöðu til og eiga að fylgjast með því, hvort athuganir komi fram eða aths. hjá ríkisendurskoðuninni við þá reikninga, sem hafa verið óendurskoðaðir frá fyrra ári eða árum — athugasemdirnar eiga að sjálfsögðu að koma frá þeim, þegar þar að kemur. Þess vegna held ég, að þetta út af fyrir sig skipti efnislega ekki neinu máli og eigi ekki að geta orðið þess valdandi, að Alþ. í raun neiti að fallast á ríkisreikninginn eins og hann hefur verið lagður fram. Það væri of mikil formsástæða, og mér finnst efnisástæðurnar, sem liggja því til grundvallar, að æskilegt sé, að Alþ. fái reikninginn sem fyrst til meðferðar, vera sterkari heldur en þessar formsástæður. Það er auðvitað Alþ. að gera upp sinn hug um það. Það hafa komið fram aths. við þetta, eins og ég segi, á liðnum árum, síðan var farið að leggja reikninginn svona fljótt fram, en hins vegar hefur aldrei það sjónarmið ráðið svo miklu um afstöðu manna til reikningsins, að þeir hafi neitað að staðfesta hann af þeim ástæðum, fyrst og fremst vegna þess að menn hafa talið, að það væri æskilegt að fá reikninginn svo snemma til meðferðar, meðan menn hafa getað athugað hann með hliðsjón af því, sem þeim var í fersku minni um þróun viðkomandi árs.

Ég hef ekki, herra forseti, ástæðu til þessa að hafa um þetta fleiri orð. Ég er ekki á neinn hátt að mótmæla þeim aths., sem komu fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., og það er að sjálfsögðu skylt og rétt að hraða endurskoðun, svo sem frekast má vera, en ég

er þó ekki reiðubúinn til þess að auka það mikið starfslið endurskoðunarinnar, að hægt sé að lagfæra þetta með skyndingu, heldur verði þetta að þróast smám saman í þá átt, og a. m. k. verður að sjálfsögðu að sjá til þess að ekki verði vaxandi dráttur á því, að endurskoðun reikninga sé lokið.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 534).

---

33. Verkfræðingar.

Á 53. fundi í Ed., 12. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 3. apríl 1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga [129. mál] (stjfrv., A. 269).

Á 55. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mál þetta er búið að eiga nokkurn aðdraganda, en eins og fram kemur í grg., var það svo, þegar l. nr. 44 frá 1963 um rétt manna til þess að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga voru sett, að fellt var niður starfsheitið iðnfræðingur, sem áður hafði verið í l. Síðan hefur verið nokkur ágreiningur um það milli þessara sérmenntuðu manna, hverjir hafi rétt til þess að nota þessi starfsheiti, og hér er lagt til í þessu frv., að tekið verði upp nýtt starfsheiti, byggingafræðingur (bygningskonstruktör), til þess að greina á milli manna með nokkuð svipaða menntun, en þó ekki eins, annars vegar tæknifræðinga og hins vegar byggingafræðinga. Byggingafræðingar, sem ég kalla svo, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, hafa um nokkuð langt skeið unnið að því að afla sér starfsheitis, sem þeir gætu við unað, og það er rétt, að ég segi frá því, að þeim var lengi í huga orðið „tækniarkitekt“ eða tæknihúsameistari fremur heldur en það orð, sem hér er nú lagt til, að notað verði, en að vandlega athuguðu máli og eftir ítrekaðar viðræður við iðnmrn. hafa þeir fellt sig við þetta starfsheiti. Sjálfur var ég þeirrar skoðunar, að mér fannst starfsheitið tækniarkitekt geta valdið nokkrum ágreiningi og jafnvel mætti skilja það sem arkitekt. Nú er þetta til lykta leitt, og byggingafræðingar fella sig vel við þetta og hafa stofnað sitt félag, og þá held ég, að séð sé sæmilega fyrir hagsmunamálum þeirra, sem taka próf frá þeim skólum, þar sem kennd er þessi grein á Norðurlöndum, þ. e. Bygningskonstruktörskolen eða Byggeteknisk Höjskole í Danmörku, sem hét áður Københavns Bygmesterskole. En það hefur líka orðið þessum mönnum til trafala, að meðan á þessu hefur staðið, hafa þeir ekki öðlazt þann rétt, sem þeir telja sig hafa menntun og aðstöðu til, til þess að skrifa sem sérfræðingar upp á teikningar að byggingum hjá byggingafnefndum, og það er ætlunin, að þessi lagfæring muni stuðla að því, að fram hjá þeim erfiðleikum verði einnig hægt að komast og þurfi þá væntanlega að gera breytingar á byggingarsamþykktum í samræmi við það.

Ég vil ekki leyna því, að arkitektar eða húsameistarar hafa sent erindi til menntmrh., sem síðan sendi það til iðnmrh., en þessi lög og framkvæmd þeirra hafa heyrt undir iðnmrh. Þeir vildu fá starfsheiti sitt betur verndað en það er, en í því fólst, að það mætti ekki nota það í samsettum orðum, en um það hafði staðið deila, og við höfum haft hér t. d. skrúðgarðaarkitekta og húsgagnaarkitekta. En dómar hafa gengið þessum mönnum í vil, og ég hygg, að það sé miklu síður til þess fallið að valda nokkrum misskilningi, þ. e. slík samsett orð eins og skrúðgarðaarkitekt og húsgagnaarkitekt, og það liggi í hlutarins eðli, að það sé fjarri því að gera merkingu starfsheitisins óljósari, heldur verði beinlínis til þess að þrengja hana. Ég vildi láta þess getið, að þessi málaleitun hefur komið fram, þó að hins vegar sé ekki tillit tekið til hennar í frv. því, sem hér er flutt.

Að öðru leyti skal ég ekki rekja nánar þann ágreining, sem um þetta hefur orðið, og niðurstöður dómstóla þar um, en ég held, að með þessu frv. sé leyst úr miklum vanda, sem vissulega varð að leysa fyrir hina svokölluðu byggingafræðinga, og þeir og þeirra samtök muni sætta sig við þá niðurstöðu málsins, sem í þessu frv. felst, og mér er ekki kunnugt um, að neinn ágreiningur sé við hina sérfræðingana, hvorki arkitekta né verkfræðinga og heldur ekki tæknifræðinga, og Tæknifræðingafélag Íslands, eins og segir í grg., mun fyrir sitt leyti hlynnt þeirri lausn á málinu, sem hér er lagt til, að fylgt verði.

Ég vildi svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til iðnn. með 18 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 269, n. 367).

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Hjá iðnn. hefur verið til athugunar frv. til l. um

breyt. á l. nr. 44 frá 3. apríl 1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga. Frv. gerir ráð fyrir, að inn í l. sé bætt nýju starfsheiti, þ.e. byggingafræðingar, nánar skilgreint á dönsku „bygningskonstruktörer." Á þskj. 367 skilar iðnn. samhljóða nál. og mælir með samþykkt þessa lagafrv. N. leitaði álits Verkfræðingafélags Íslands, Tæknifræðingafélags Íslands og Arkitektafélags Íslands. Tvö fyrstnefndu félagssamtökin sendu jákvæða álitsgerð, en frá því þriðja barst ekki svar. Einnig fékk n. upplýsingar og lög Byggingafræðingafélagsins ásamt reglum, sem gilda í Danmörku fyrir slíkt nám, en við það miða byggingafræðingar hér inngöngu í félag sitt. Byggeteknisk Höjskole í Danmörku er nú þriggja og hálfs árs skóli með undirbúningsdeild, svo að einsýnt er, að menn, sem lokið hafa slíku námi eða hliðstæðu námi, eiga rétt til síns starfsheitis ekki síður en þeir, sem lögin gera áður ráð fyrir, að eigi slíkan rétt.

Herra forseti. Að þessu athuguðu mælir iðnn. með samþykkt þessa frv., sem veitir byggingafræðingum þennan rétt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að rétta nokkuð hlut þeirra manna, sem hafa hlotið menntun sem byggingafræðingar, en undanfarið hefur staðið nokkur deila um það, hvað þeir mættu kalla sig, og einnig um réttindi þeirra til þess að skila teikningum að byggingum og standa fyrir þeim. Þegar breytingin var á sínum tíma gerð — eða þessi lög voru sett — og tæknimenntaðir menn fengu réttindi til að kalla sig tæknifræðinga, stóð þannig á, að hér voru nokkrir sérmenntaðir iðnfræðingar, en það hefur orðið svo, að það heiti þykir ekki taka nægilega til þeirrar menntunar, sem byggingafræðingar hafa nú fengið, og það er í samráði við félag þeirra, sem þetta frv. er flutt, og einnig er það í samráði við félag tæknifræðinga eða með samþykki þeirra. Þeir höfðu látið í ljósi óskir um að kalla sig tækniarkitekta, en af hálfu rn. var álitið, að það væri ekki heppilegt og mætti skilja orðið þannig, að það merkti raunverulega meira en venjulegir arkitektar. En hins vegar er það svo, að hér eru í landinu húsgagnaarkitektar og skrúðgarðaarkitektar. Um þessar nafngiftir eru nokkuð skiptar skoðanir og hafa orðið deilur fyrir dómstólum, sem hefur hins vegar lyktað með því, að þeir hafa fengið heimild til þess að kalla sig þessum starfsheitum. Var þá litið svo á, að það væri síður en svo, að það hefði bein áhrif á merkingu orðsins arkitekt, og þetta mundi ekki valda ágreiningi. En af hálfu rn. var hinsvegar litið svo á, að veldu byggingafræðingar sér nafnið tækniarkitektar, gæti verið um nokkuð annað að ræða.

Með þessu, sem hér er lagt til, held ég, að geti fengizt friður um þetta mál og byggingafræðingar fái það heiti, sem þeir sætta sig vel við, og einnig þau réttindi, sem menntun þeirra áskilur þeim. Ég vildi svo mega leggja til, að málinu yrði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 269, n. 463).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Iðnn. leggur samhljóða til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 539).

---

34. Eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

Á 70. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur [153. mál] (stjfrv., A. 343).

Á 71. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 73. fundi í Nd., 11. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, var samið af n., sem

skipuð var 18. nóv. 1966. Í n. áttu sæti Pétur Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, er var formaður n., dr. Þórður Þorbjarnarson og Árni G. Pétursson, ráðunautur. Eins og kunnugt er, hafa orðið stórfelldar breytingar á framleiðslu, sölu og notkun kjarnfóðurs hérlendis, síðan l., sem um það gilda nú, voru samþ., og var þess vegna tímabært að endurskoða þessa löggjöf með það fyrir augum, hvaða breytingar hafa á orðið. Við endurskoðun l. hefur n. haft nána samvinnu við þá aðila hérlendis, sem þessi mál varða mest, þ. e. sérfræðinga, framleiðendur og seljendur fóðurvara, leiðbeinendur og bændur. Hún hefur einnig kynnt sér allítarlega reglur og l. um fóðurvörur og verzlun með þær, sem í gildi eru í nágrannalöndum okkar. Það hefur verið fylgt að mestu uppbyggingu gildandi l., sumar gr. þeirra eru teknar inn í frv. sem mest óbreyttar, en aðrar eru samhæfðar núverandi aðstæðum. Nokkrar gr. hafa verið felldar niður og öðrum bætt inn í.

Frv. fjallar, eins og sjá má, um verzlun með fóðurvörur og innlent kjarnfóður. Það miðar að því að koma í veg fyrir, að seldar séu fóðurvörur, sem eru gallaðar eða gætu talizt skaðvænlegar, og tilgangur frv. er því að gera ýmsar reglur, sem gilda um þetta efni, strangari og ákveðnari. Þess má geta, að bændasamtökin hafa kynnt sér þetta frv., og ég held það sé óhætt að fullyrða, að þau séu samþykk því. Í frv. er ekki farið fram á nein aukaútgjöld úr ríkissjóði vegna framkvæmdar laganna, en það er gert ráð fyrir, að seljendur fóðurvara beri kostnað af eftirlitinu, sem þeir þá í flestum tilfellum færa yfir á kaupendurna.

Ég held, herra forseti, að með tilliti til þess, að með frv. eru prentaðar aths. og skýringar, sem gera þetta mál alveg ljóst, sé ekki ástæða til að hafa fleiri orð um það við þessa umr., og vil ég því leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 343, n. 464).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Austf. bað mig að mæla fyrir þessu nál. landbn., ef hann yrði ekki kominn til fundar í tæka tíð. Ég get haft um það fá orð. Eftir því sem fram kemur í nál., hefur n. rætt þetta mál á nokkrum fundum. Hún hefur fengið um það umsögn Búnaðarþings, sem mælti með samþykkt frv. með nokkrum breyt. Síðan hafði n. samráð við Pétur Gunnarsson, forstjóra, sem hafði unnið að undirbúningi málsins fyrir landbrn., og leggur til, að frv. verði samþykkt með tveimur minni háttar breyt., sem hér liggja fyrir á þskj. 464. Það var sem sé einróma afgreiðsla í landbn. á þessu máli og á þennan hátt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 464,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
4.—13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
14.—15. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 464,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 485).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta var samþ. í hv. Nd. með tveimur lítilsháttar breyt. Frv. er samið af n., sem skipuð var 1966 til þess að endurskoða l. um verzlun með fóðurvörur. Í n. voru skipaðir Pétur Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, og var hann formaður n., dr. Þórður Þorbjarnarson og Árni G. Pétursson, ráðunautur. Það eru ekki stórfelldar breyt., sem lagt er til með þessu frv. að gera á gildandi l. Má segja, að það séu þær breyt. einar, sem nauðsynlegar eru með hliðsjón af þeim breyt., sem orðið hafa í þjóðlífinu. — Það er hert á eftirliti með því að koma í veg fyrir, að vondar vörur verði seldar sem fóðurvörur. Það eru lagðar skyldur á þá, sem verzla með vöruna, og enginn getur verzlað með fóðurvöru nema að fengnu leyfi frá landbrn. Þá er sú breyt. sjálfsögð, að hér eftir er það Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem hefur eftirlit með fóðurvörum í stað þess, að áður var það landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans. Gert er ráð fyrir því að leggja smávægilegt gjald á fóðurvörurnar til þess að standa undir eftirlitskostnaðinum. Það er ekki heimilt að hafa gjaldið hærra en það, að það rétt borgi þennan kostnað. Þá er samkv. 4. gr. þessa frv. ákveðið, hvaða efni skulu vera í þeim fóðurblöndum, sem á markaðinum eru, og skulu fylgja vörunni upplýsingar um þau atriði, sem þar eru tilgreind.

Ég sé ekki ástæður til, herra forseti, að fara fleiri orðum um frv. Það skýrir sig sjálft með þeirri grg. og þeim aths., sem því fylgja. Það má geta þess, að frv. var sent til umsagnar Búnaðarþings, og var það í aðalatriðum samþykkt þessu máli. Þær tvær

breyt., sem samþ. voru í Nd. og er að finna á þskj. 464, voru teknar inn í frv. eftir ábendingu Búnaðarþings. Ég legg svo til, herra forseti að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 485, n. 549).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. landbrh., þegar þetta frv. var hér til 1. umr. í d., er frv. samið af n., sem skipuð var af landbrn. 8. nóv. 1966 til þess að endurskoða gildandi lög um eftirlit með fóðurvörum, sem þá voru orðin tæplega 20 ára gömul og því að mörgu leyti úrelt og þurftu lagfæringar við. Þetta frv. hefur fengið afgreiðslu í hv. Nd., og leitaði landbn. þeirrar d. umsagnar Búnaðarþings um það. Landbn. þessarar d. hefur kynnt sér þær umsagnir, sem um málið hafa borizt, og eru nm. sammála um, að hér sé um nauðsynjamál að ræða og frv. muni tryggja, ef það verður að l., að miklum mun gæði þeirra vörutegunda, sem hér um ræðir, enda hafa þeir menn, sem um þetta hafa fjallað og voru í n., sem samdi frv., sérstaka þekkingu á þessum málum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða sérstaklega um frv., en eins og sjá má á nál. á þskj. 549, mælir landbn. þessarar d. einróma með samþykkt þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
4.—13. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
14.—15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 583).

---

35. Vegalög (stjfrv.).

Á 88. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963 [179. mál] (stjfrv., A. 477).

Á 89. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er flutt til þess að afla Vegasjóði nauðsynlegra tekna.

Með 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að innflutningsgjald af benzíni verði hækkað um 1 kr., þ. e. verði samtals 4.67 kr. af hverjum lítra. Gert er ráð fyrir, að útsöluverð á benzíni hækki af þessum ástæðum um 1.13 til 1.14 kr. Það er gert ráð fyrir, að tekjur af þessari hækkun verði á árinu 1968 43 millj. kr. en á árinu 1969 79 millj. kr.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að hækka innflutningsgjald á hjólbörðum úr 9 kr. á kg í 36 kr. á kg. Er gert ráð fyrir, að tekjuauki af þessu á árinu 1968 verði 26 millj. kr., en á árinu 1969 38 millj. kr.

Samkv. 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að hækka þungaskatt af bifreiðum, þannig að af bifreiðum, sem eru undir 2000 kg, verði greiddur þungaskattur 14500 kr. Er þetta 31% hækkun á þessum minni bílum frá því, sem nú er, en fyrir bifreiðar, sem eru yfir 2000 kg eða þyngri, greiðist 14500 kr. og auk þess 500 kr. fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg. Hækkun á þungaskatti er frá 31% og upp í rúmlega 100% á stærstu bílunum. Samkv. þessari gr. er gert ráð fyrir að hafa heimild í l. til þess að ákveða með reglugerð, að setja megi á kostnað eigenda ökumæla í bifreiðar sem eru 5000 kg eða þyngri, þannig að þessar bifreiðar greiði þungaskatt eftir því, hver notkun þeirra er á vegunum. Þessa aðferð hafa Norðmenn, og hefur það gefizt vel þar í landi. Svíar eru einnig að athuga nú, hvort taka beri upp þessa reglu. Hér á landi hefur þetta verið reynt í nokkrum bifreiðum, sem Vegagerðin á, og hafa engar truflanir af því orðið, og ekki virðast vera miklir erfiðleikar á að koma þessu fyrir. Það verður þó að segja það eins og er, að þetta mál verður að athuga nánar, áður en ákveðið er, að þetta skuli gert, en það þykir eðlilegt að hafa þetta ákvæði í l. sem heimild, ef til þess yrði gripið, enda verður að hafa nokkurn undirbúningstíma, áður en þetta kæmi til framkvæmda. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að fyrir þungaskatt verði tveir gjalddagar á ári, þ. e. sá gjalddagi, sem nú er í gildi, 1. maí, og þá verði greiddur sá þungaskattur, sem nú er í l., og síðar í sumar — eða 1. júlí — verði greiddur sá þungaskattur, sem lagður verður á til viðbótar samkv. þessu frv. Það þykir eðlilegt og sjálfsagt að skipta greiðslunni í tvennt, þegar þungaskatturinn er orðinn eins hár og hér er um að ræða.

Samkv. 4. gr. er gert ráð fyrir því, að árlegt framlag til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum sé 12½% af heildartekjum vegamála eins og undanfarið að undanskildu því fé, sem fer til hraðbrauta, og þá verður samkv. þessu frv. 9.4

millj. kr. varið til vegagerðar í kaupstöðum og kauptúnum í stað rúmlega 13 millj. kr., sem orðið hefði, ef þetta ákvæði væri óbreytt frá því, sem það nú er í l. Það hefur verið athugað og talið eðlilegt að telja framkvæmdir við hraðbrautir ekki með í þessu framlagi til kaupstaða og kauptúna, sérstaklega þegar að því kemur að verja stórum fjárhæðum í þessu skyni, en auðvitað er þetta til nánari athugunar. Hvort þessi breyting kemst á, fer vitanlega eftir því, hver vilji Alþ. er í því efni.

Ég hef séð það í sumum dagblaðanna í dag, að þetta þykja of miklar álögur á bifreiðaeigendur eins og það er kallað — háir skattar. Og rétt er það, að hér er um allmiklar upphæðir að ræða. Það er gert ráð fyrir, að þessar nýju tekjuöflunarleiðir gefi af sér 109 millj. kr. á árinu 1968, en á heilu ári — 1969 — 157 millj. kr. Auk þess má reikna með um 30 millj. kr. auknum tekjum á árinu 1969 frá því, sem þær eru 1968, vegna fjölgunar bifreiða og aukinnar umferðar. Verði þetta frv. lögfest, verða tekjur Vegasjóðs um 187 — 190 millj. kr. hærri á árinu 1969 heldur en þær eru nú samkv. gildandi l. Þetta kemur sér vitanlega vel, þegar í haust verður farið að semja nýja vegáætlun.

En þegar við tölum um, að þetta sé mikil hækkun á benzíni, þungaskatti og hjólbörðum, þá er vitanlega eðlilegt, að við gerum samanburð á því, hvað við greiðum fyrir þetta og hvað aðrar þjóðir greiða fyrir benzín eða önnur umferðargjöld. Ég hef hér til samanburðar benzínverð í nokkrum nágrannalöndum. Ef þetta gjald verður lögfest, verður útsöluverð, eins og ég áðan sagði á benzíni hér 9.33 eða 9.34 kr., og er þá um að ræða benzín með oktantölunni 93. Í Danmörku er benzínverðið 9.47 kr. með oktantölu 90, þ. e. veikara benzín. Í Noregi er benzínverð 9.67 kr. með oktantölunni 90, og þar er verðið breytilegt. Þar sem benzínið er ódýrast, er verðið 9.67 kr., en á afskekktari stöðum er það 9.99 kr., og þetta er veikara benzín heldur en hér er selt. Í Svíþjóð er benzínverðið frá 9.82 kr. til 10.04 kr., þ. e. benzín með oktantölunni 94. Í Hollandi er benzínverðið 9.51—9.99 kr. með oktantölunni 87. Í Vestur-Þýzkalandi er benzínverðið 8.90—9.14 kr. með oktantölunni 91. Af þessu má sjá, að benzínverð hjá okkur verður þrátt fyrir þessa hækkun — þó að af henni yrði — talsvert lægra heldur en er í nágrannalöndunum. Þungaskatturinn í þessum löndum, sem ég hef nefnt, er lagður á í samræmi við benzínverðið, eins og ætlazt er til, að verði hér með þessu frv. En fram að þessu hefur dísilbifreiðum verið ívilnað nokkuð í samanburði við þær bifreiðar, sem hafa notað benzín. Það verður því ekki hægt að segja, þó að þetta frv. verði lögfest, að tekið verði meira af bifreiðanotendum á Íslandi heldur en í nágrannalöndum okkar, og það væri eðlilegt, að spurt væri að því, hvort við, sem eigum svo mikið ógert í vegamálum, höfum efni á því að selja benzín ódýrara heldur en þær þjóðir, sem hafa byggt upp sitt vegakerfi, eða hvort við höfum efni á því að taka minni gjöld af bifreiðaeigendum heldur en þær sömu þjóðir gera. Ég held, að athugi menn þessi mál, þ. e. þörfina fyrir uppbyggingu vegakerfisins og það, að ekki verður með sanni hægt að segja, að farið sé dýpra í vasa bifreiðaeigenda hér með umferðargjöldum heldur en annars staðar, þá er tæplega hægt að segja, að þetta frv. sé ósanngjarnt, þegar á allt þetta er litið.

Þetta frv. á að gefa 109 millj. kr. á þessu ári. Og þeim peningum ber að verja, eins og tekið er fram hér á bls. 2 í þessu frv. Til undirbúnings hraðbrauta á að verja 21 millj. kr. Á s. l. ári voru notaðar 7 millj. kr. í þessu skyni og á þessu ári er gert ráð fyrir að verja 14 millj. kr. til sama undirbúnings. Má þá reikna með, að enn þurfi að verja nokkrum millj. kr. til þessa. Hafa verið nefndar 7 millj. kr. á næsta ári til lokaundirbúnings og áætlunargerðar fyrir varanlega vegi, sem nú er talað um, að verði allt að 300 km. En þar sem ekki hefur verið nein fjárveiting í vegáætlun áður í þessu skyni, er nauðsynlegt að afla fjár nú til þess að greiða þennan kostnað. Vænti ég, að hv. alþm. séu mér sammála um það, að brýna nauðsyn beri til að gera það. Það má e. t. v. segja, að þetta sé há upphæð, 21 millj. kr. — og kannske til viðbótar 7 millj. kr., þ. e. alls 28 millj. kr., sem varið er til undirbúnings þessum framkvæmdum. En það er meginforsenda fyrir því, að hægt sé að bjóða þetta verk út og unnt sé að fá hagkvæm lán erlendis, að undirbúningsframkvæmdir séu vel unnar, og það verður ekki unnt að gera sér glögga grein fyrir því, hve mikill kostnaður verður við þessar framkvæmdir, nema gerðar séu þessar nákvæmu áætlanir og mælingar.

Gert er ráð fyrir samkv. þessu frv. að verja vegna umframgreiðslna 1967 — þ. e. umfram vegáætlun — til vegaviðhalds, snjómoksturs, viðhalds og viðgerða vegna náttúruhamfara 21 millj. kr., en eins og kunnugt er, var s. l. vetur snjóþyngri en oftast áður. Miklar skemmdir voru á vegum vegna náttúruhamfara, t. d. vatnavaxta, og óhjákvæmilegt að eyða meira fé vegna þessara viðgerða heldur en áætlað var í vegáætlun. Þá var halli á brúargerðum 1967 2 millj. kr., einfaldlega vegna þess að þessi mannvirki urðu nokkru dýrari heldur en áætlað hafði verið í vegáætlun.

Aukið er ráðstöfunarfé 1968 á eftirtöldum liðum vegáætlunar, þ. e. til viðhalds þjóðvega 17.3 millj. kr., til brúargerða 10 millj. kr., vegna þess að kaupverð á efni til brúargerða hefur hækkað nokkuð, og 4 millj. kr. til endurbóta á hættulegum stöðum, svo sem blindbeygjum, blindhæðum o. s. frv. Þetta eru samtals 31.3 millj. kr.

Þá eru til kaupstaða og kauptúna svo og til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð ætlaðar 9.4 millj. kr.

Tekin er hér upp fjárveiting til þriggja vega. Til þess að ljúka Strákavegi, þ. e. til þess að borga skuld, sem safnaðist á s. l. ári vegna þessa vegar; það eru 16,8 millj. kr. Til Ólafsfjarðarvegar er ætluð 1 millj. kr. og til Suðurfjarðavegar 6,5 millj. kr., og er það lokaáfangi þess vegar. Þetta eru 24,3 millj. kr. Þessir liðir ættu að geta fallið að mestu niður, þegar þetta ár er liðið, að undanskildum nokkrum

vöxtum og afborgunum af Strákavegi, ef fjár til þess yrði þá ekki aflað á framkvæmdaáætlun, eins og stundum hefur áður verið gert.

Ég ætla, að hv. alþm. séu sammála um það, að þeir útgjaldaliðir, sem hér hafa verið taldir, séu nauðsynlegir og ekki hafi verið komizt hjá því að afla þessa fjár til þess m. a. að standa við vegáætlunina, og kemur hér fram, eins og oft hefur verið á minnzt áður, að það kemur sér illa að hafa ekki eitthvert fé, sem ekki hefur verið ráðstafað fyrir fram, á vegáætlun, til þess að unnt sé að grípa til þess ef í harðbakka slær eða skemmdir verða á vegum vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara, ef t. d. brýr fljóta í burtu og aðgerða er þörf, án þess að frestur sé gefinn til fjáröflunar. Ég tel, að þetta þurfi að hafa í huga, þegar næsta vegáætlun verður samin.

Ég vil taka það fram í sambandi við þungaskattinn, sem hækkar mikið, sérstaklega á stórum bifreiðum, að samkv. núgildandi reglugerð er heimilt að afskrá bifreiðarnar, þ. e. leggja skrásetningarmerkin inn hjá lögreglustjóra, og það hefur verið í þeirri reglugerð, sem nú gildir miðað við þriggja mánaða tíma. Ég tel eðlilegt, að þessi tími væri styttur þannig, að það mætti afskrá bifreiðar, þó að skrásetningarmerkin stæðu ekki inni nema um það bil mánaðartíma. Þetta gæti komið sér vel fyrir bifreiðaeigendur, sem hafa litla atvinnu og sérstaklega atvinnu, sem bundin er við ákveðna tíma ársins. Þeir gætu látið afskrá bifreiðina með því að leggja skrásetningarmerkið inn þann tíma, sem ekkert er við bifreiðina að gera, og þetta er sanngjarnt og nauðsynlegt, þegar í hlut eiga aðilar, sem nota bifreiðina ekki nálægt eins mikið og aðrir gera, til dæmis atvinnurekendur eða fyrirtæki. Ráðstöfunarfé Vegasjóðs 1968 er samkv. gildandi vegáætlun 342 millj. kr. en við það bætast 109 millj. kr., og verður ráðstöfunarféð 451 millj. kr.

Þá er nú eins og oft áður útvegað lánsfé á framkvæmdaáætlun, og er stærsta upphæðin þar til Reykjanesbrautar, 43,6 millj. kr., til Vestfjarðaáætlunar má gera ráð fyrir á þessu ári 19,7 millj. kr. og fleira mætti nefna. Þetta verða samtals nærri 70 millj. kr. Áætlað er að verja í beinar framkvæmdir á Vestfjarðavegi samkv. Vestfjarðaáætlun á þessu ári 17,6 millj. kr.

Það mætti gera sér í hugarlund, að ráðstöfunarfé Vegasjóðs 1969 yrði 530 millj. kr. eða nálægt því. Allar líkur eru til þess, að svo verði. Með því að gera lauslega áætlun um það, hvernig því verði ráðstafað á næsta ári, mætti gera ráð fyrir því, að til ráðstöfunar af þessu fé, sem hér er um að ræða, yrði til hraðbrauta 110—120 millj. kr. Miðað við núgildandi áætlun mætti reikna með, að kostnaður við stjórn og undirbúning vegamála, sem er áætlaður 1968 17.7 millj. kr., yrði á árinu 1969 20 millj. kr. Viðhaldskostnaður, sem er í vegáætlun 1968 145.2 millj. kr., yrði 170 millj. kr. 1969. Nýjar framkvæmdir í vegáætlun 1968 eru 106.3 millj. kr., en yrðu þá samkv. þessu 262 millj. kr. Sýsluvegasjóðir fá 1968 13.3 millj. kr., en fengu 1969 15 millj. kr. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum 1968 eru ætlaðar 42.8 millj. kr., en urðu 1969 51 millj. kr. Til véla- og áhaldakaupa á að verja 1968 15 millj. kr., en 1969 20 millj. kr. og til tilrauna 1968 1.7 millj. kr., en 1969 2 millj. kr.

Ég set þetta svona fram, til að hægara sé að átta sig á því, og geri mér vitanlega grein fyrir því, að þetta er aðeins uppkast til ábendingar og sýnir þá möguleika, sem eru fyrir hendi með þessum auknu tekjum, sem verða um 190 millj. kr. hærri 1969 heldur en þær eru samkv. gildandi vegáætlun. Og samkv. þessari ágizkun eykst fé til nýrra framkvæmda um hér um bil 130%, og fari 110 millj. kr. til hraðbrauta af þessu fé, verða til annarra nýrra framkvæmda en hraðbrauta 142 millj. kr., en það er hækkun um 56 millj. kr. frá því, sem nú er. Þetta er aðeins sýnishorn af því, að hér er um mikla aukningu að ræða og vaxandi möguleika á því að koma því fram, sem hingað til hefur þurft að bíða, enda þótt 530 millj. kr., sem væru til ráðstöfunar, eftir að þetta frv. er lögfest á árinu 1969, þætti lítið til þess að hraða eins og menn vilja þeim framkvæmdum, sem beðið er eftir. Auk þessara 530 millj. kr. eru fjárveitingar til framkvæmda, sem ekki heyra undir Vegasjóð, eins og kunnugt er, t. d. samkv. Vestfjarðaáætluninni og til framkvæmda í Kópavogi, sem fyrirhugað er að ráðast í. Verða þær og fleiri framkvæmdir utan Vegasjóðs, þannig að það yrði hátt á 6. hundrað millj. kr., sem væru til ráðstöfunar og framkvæmda. Afborganir og vextir lána á vegum Vegasjóðs, sem tekin verða til ársloka 1968, nema 64.5 millj. kr. Þessar greiðslur fara ört lækkandi. Stærsta upphæðin er enn, eins og verið hefur, framlag til Reykjanesbrautar, og það er í athugun að fá til lengri tíma þau lán, sem á Reykjanesbrautinni hvíla, og létta þannig árlegar greiðslur vegna þessarar skuldar. Þessi lán og vaxtagreiðslur, sem af þeim stafa, léttast nú með ári hverju og ættu ekki á næstunni að verða til þess að skerða framkvæmdir á vegum Vegasjóðs. Ég tel ástæðu til þess að taka þetta fram vegna þess, að hv. alþm. hafa oft í ræðum og riti miklað það fyrir sér, hvað þessi baggi væri þungur og stæði almennri vegagerð fyrir þrifum. En um leið og hv. alþm. hafa vakið athygli á þessu, hafa þeir og fagnað öllum þeim framkvæmdum, sem unnið hefur verið að fyrir lánsfé, og mælt eindregið með því, að áfram verði haldið að vinna fyrir lánsfé, og ég ætla ekki út af fyrir sig að draga úr því, en það verður þó að gera sér grein fyrir, að það eru takmörk fyrir því, hversu há lán má taka til vegagerðar, til þess að þessi lán verði ekki fjötur um fót síðar og hindri nauðsynlegar framkvæmdir. Eins og ég áðan tók fram, verður að semja nýja vegáætlun á næsta hausti til fjögurra ára, og þá kemur vitanlega til kasta Alþ. í því, hvort ráðlegt þykir að auka tekjur Vegasjóðs meira heldur en hér er lagt til. Ég tel rétt að vekja athygli á því, að vegna þess lánsfjár, sem áðan var talað um, hefur verið unnið að undanförnu að stórframkvæmdum, sem lengi hafa beðið og ekki hefur áður þótt fært að ráðast í. Það eru

miklar framkvæmdir á Vestfjörðum samkv. Vestfjarðaáætluninni, Siglufjarðarvegi, Strákagöngum verður lokið á þessu ári, Múlavegi er lokið, Ennisvegi á Snæfellsnesi er lokið, Reykjanesbraut er lokið og fjölda stórbrúa hefur verið lokið síðustu árin, eins og kunnugt er. Margt af þessu hefur verið byggt fyrir lánsfé, sem staðið hefur verið undir að greiða vexti og afborganir af á undanförnum árum, en eins og ég áðan sagði, fara þær byrðar nú að léttast með hverju árinu, sem líður.

En þrátt fyrir þessi miklu verkefni, sem lokið er, eru verkefnin mörg framundan og aðkallandi. Það eru allir hv. alþm. sammála um, að það er aðkallandi að ráðast í miklar framkvæmdir í vegagerð. Við efumst ekki um, að það er þjóðhagslega nauðsynlegt og borgar sig að ráðast í að gera hraðbrautir út frá Reykjavík upp í Borgarfjörð og austur á Rangárvelli og veg út frá Akureyri með varanlegu slitlagi. Það borgar sig þjóðhagslega. Til þess þarf mikið fjármagn. Við vitum einnig, að til þess að halda uppi byggð og jafnvægi í byggð landsins þarf að gera stórátök úti á landi í framtíðinni. Byrjað hefur verið á þessu síðustu árin og einnig lokið við ýmis erfið og þung verkefni. Þess vegna er nú talað um Norðurlandsáætlun og Austfjarðaáætlun. Allt kostar þetta mikið fé, og hv. alþm. gera sér þess vegna grein fyrir því, að ætlum við að koma þessum verkefnum áfram, verðum við að afla fjárins að nokkru með lánum, en að nokkru með beinum framlögum.

Þegar rætt hefur verið um hraðbrautir, hefur verið talað um 300 km vegalengd, þ. e. veginn upp í Borgarfjörð og austur á Rangárvelli og veginn út frá Akureyri. Það er ekki hægt að segja það nú, á meðan áætlunargerðinni er ekki lokið, hvað þessir 300 km muni kosta. Það er engin leið að segja um það, fyrr en búið er að ljúka áætlunargerðinni — mælingum og þess konar — og gera sér grein fyrir útboðunum. En við gætum gert okkur grein fyrir því a. m. k. að nokkru leyti, hvað þessar framkvæmdir eru stórar. Ef við t. d. hugsuðum okkur, að hver km af þessum vegi kosti að meðaltali 5 millj. kr. Það getur vel verið, að hann kosti eitthvað meira. En við verðum að segja að meðaltali, vegna þess að það er svo mikið undir staðháttum komið, hvað vegurinn kostar á hverjum stað, og það er líka undir því komið, hvort brýr eru fyrir á þeim vegi, sem þarf að leggja, eða hvort gera þarf brýr jafnframt. En ef við nefnum 5 millj. kr., er hér um 1500 millj. kr. að ræða.

Nú er það vitað, að Alþjóðabankinn hefur lánað til vegagerðar til ýmissa landa. Hann hefur lánað tvisvar eða jafnvel þrisvar til Finnlands. En hámarkslán hjá Alþjóðabankanum hefur verið 40% af framkvæmdakostnaði, og það hefur verið skilyrði frá bankans hendi, að viðkomandi land útvegi 60% af framkvæmdakostnaðinum, til þess að bankinn væri fáanlegur til að lána í framkvæmdina. Það væri því von til þess, að kosti þetta verk 1500 millj. kr., væri unnt að fá allt að 600 millj. kr. í Alþjóðabankanum til verksins. Þá þarf að útvega 900 millj. kr. innanlands, og sjá menn þá, að hér er um mikið fjármagn að ræða. Ef þetta væri hugsað þannig, að framlag Vegasjóðs til þessara framkvæmda yrði helmingur og 10% væri útvegað að láni innanlands, væri framlag Vegasjóðs til framkvæmdanna 750 millj. kr. Þegar talað er um 5 millj. kr. á km, er reiknað með vaxtakostnaði á framkvæmdatímanum. En þetta gæti alveg eins verið 5.5 millj. kr. eða einhver önnur tala, því að það liggur ekki fyrir áætlun enn sem komið er. Og það er fjarri mér að fara nú að gera áætlun um framkvæmdahraðann. Það tel ég ekki fært í dag. Það fer vitanlega eftir því, hversu til tekst með fjáröflun, hversu langan tíma það tekur að leggja þessa vegi. En ég hef sett hér fram dæmi. Ég hef skrifað hér niður, hvað þyrfti mikið fjármagn, ef þetta ætti að gerast á 5 árum og hver km kostaði 5 millj. kr. Ég bið hv. alþm. að taka eftir því, að miðað er við, að hver km kosti 5 millj. kr. Takist að útvega þetta fé á 5 árum, mætti hugsa sér, að það yrðu 110 millj. kr. fyrsta árið, annað árið 125 millj. kr., þriðja árið 145 millj. kr., fjórða árið 175 millj. kr. og fimmta árið 195 millj. kr. Ástæðan til þess, að ég hef lægsta upphæð fyrir fyrsta árið, er sú, að tekjur Vegasjóðs vaxa sjálfkrafa á hverju ári um 30—40 millj. kr. og kannske 50 millj. kr., þegar komið er fram á 4. og 5. árið. Þess vegna getur Vegasjóður lagt meira til verksins á öðru ári heldur en fyrsta ári. Hann getur lagt meira til verksins á þriðja ári heldur en á öðru ári o. s. frv., eins og auðskilið er. En eins og ég áðan sagði, eru forsendurnar fyrir því að fá erlent lán þær, að það verði lagt fram innlent fé á móti, og forsendurnar til þess að fá erlent lán í Alþjóðabankanum eru þær, að áætlunargerðin sé vel og nákvæmlega unnin af viðurkenndu verkfræðifyrirtæki.

Það hefur aldrei staðið til, síðan farið var að tala um að gera vegi með varanlegu slitlagi, að byrjað yrði á því fyrr en á árinu 1969. Það hefur aldrei verið sagt, að það kæmi til mála að gera það fyrr, einfaldlega vegna þess að það var vitað, að áætlunargerð yrði ekki lokið fyrr en í fyrsta lagi þá. Og það er í fyrsta lagi, að hægt sé að bjóða út ákveðna áfanga í ársbyrjun 1969 og þá verði hægt að hefjast handa um framkvæmdir. Vitanlega er sjálfsagt að láta fara fram útboð á alþjóðavettvangi og gera tilraunir til að fá nauðsynlega samkeppni í sambandi við útboð á þessum verkum og fá þannig hagstæð tilboð, sem gætu gert þetta ódýrara heldur en ella. Tekjur Vegasjóðs fara árlega vaxandi, vegna þess að umferðin vex. Í áætlun, sem gerð var 1966, var talið, að bifreiðafjöldinn mundi aukast á árunum 1966—1976 um 38 þús. eða 94%. Tekjur af umferðinni vaxa, sem þessu nemur. Það er þess vegna ljóst, að það er hættulaust að taka talsvert af lánum til framkvæmdanna, vegna þess að tekjur Vegasjóðs vaxa og hann verður fær um að standa undir vaxta- og afborganagreiðslum af talsverðum — jafnvel miklum — lánum.

Nú veit vitanlega enginn, hvort bifreiðafjölgunin verður eins og hér er sagt og áætlað. En sú áætlun byggist á reynslu og því, sem telja má líklegt. Ég tel

það vera nauðsynlegt, að sem flestir geti veitt sér það að hafa bifreið. Það tilheyrir starfi mannsins í nútímaþjóðfélagi, og bifreiðin telst til þeirra þæginda, sem flestir vilja veita sér. Þess vegna er það eðlilegt, hvenær sem mögulegt er, að lækka tolla af varahlutum til bifreiða, af bifreiðagúmmíum og leyfisgjöld af bifreiðum. Leyfisgjöld af bifreiðum voru lækkuð, eins og kunnugt er, um síðustu áramót úr 125% í 90%, og er það vissulega spor í rétta átt. Og það væri mikils virði fyrir bifreiðaeigendur, ef takast mætti, þegar hagur ríkissjóðs batnar, að lækka verulega tolla af varahlutum, tolla af bifreiðagúmmíum og leyfisgjöld. Það gæti þá líka orðið til þess, að endurnýjun bifreiðanna færi fram með eðlilegum hætti og oftar og örar heldur en oft hefur átt sér stað hér á landi, því að það er dýrt að gera út gamla bíla. Viðgerðar- og viðhaldskostnaður er mikill af bifreiðum, þegar þær eru orðnar 15—20 ára gamlar, og frá þjóðhagslegu sjónarmiði er stórhagnaður að því að geta skipt um bifreiðar, áður en þær eru orðnar allt of gamlar og dýrar í rekstri. Ég tel, að þetta þurfi að hafa á stefnuskránni og gera, þegar fært þykir og ríkissjóður getur misst þær tekjur, sem hann nú hefur af innfluttum varahlutum og bifreiðum. Það þarf að stefna að því að lækka tollana til þess að gera þessa vöru ódýrari fyrir kaupendurna.

Þegar þetta frv. var í smíðum og athugað var, hvaða tekjur það gæfi og hvað Vegasjóður hefði til umráða, ef þetta frv. yrði lögfest, ásamt því framkvæmdafé, sem ekki er á vegum Vegasjóðs, kemur það í ljós, að framkvæmdafé Vegasjóðs hefur aukizt um nærri 700% frá því, sem fé til vega nam 1958. En á þessum tíma hefur vegagerðarkostnaður aukizt um hér um bil 100% eftir því, sem yfirverkfræðingur Vegagerðarinnar sagði mér áðan. Ég tel rétt að vekja athygli á þessu, m. a. vegna þess að nú er oft talað um, að það sé allt of lítið fjármagn, sem til veganna fer, og ríkisstj. hafi ekki sýnt nægilega framtakssemi við framkvæmd þessara mála. Hv. alþm. og aðrir geta vitanlega óskað eftir því, að framkvæmdirnar verði meiri og örari heldur en þær hafa verið, og með réttu talið, að það væri æskilegt. En þegar haft er í huga það, sem hefur áunnizt á síðari árum og nú er stefnt að með því að auka tekjur Vegasjóðs, verður ekki sagt, að núv. ríkisstj. hafi ekki gert sér grein fyrir nauðsyn uppbyggingar vegakerfisins og hún hafi ekki á þessum árum stuðlað að því, að vegirnir fengju mikið fjármagn til umráða miðað við það, sem nokkurn tíma hefur verið áður.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að sinni að hafa þessi orð öllu fleiri, en ég vil leggja áherzlu á, herra forseti, að þessari umr. geti lokið í dag, í kvöld eða í nótt, til þess að málið komist sem fyrst til n. til athugunar. Ég vil leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Áður en ég vík að frv. því á þskj. 477, sem liggur hér fyrir til 1. umr., vil ég leyfa mér að gera tvær eða þrjár fsp. til hæstv. samgmrh. út af því, sem fram kom í ræðu hans hér áðan. Hann tók það fram, hæstv. ráðh., að þrátt fyrir skattahækkun, sem ætti sér stað með þessu lagafrv., væri ekki meira tekið af bifreiðaeigendum hér á Íslandi heldur en í þeim löndum, er hann vitnaði til, sem voru Norðurlönd og Þýzkaland. Í þessu sambandi vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Telur hann þar með tolla og leyfisgjöld og önnur þau gjöld, sem eru á bifreiðum hér á landi umfram benzínskatt, þungaskatt og gúmmígjald? Er þetta samtals álíka og í þeim löndum, er hann vitnaði til? Hann gerði aðeins samanburð á þessum þremur tekjustofnum.

Í öðru lagi sagði hæstv. ráðh., að möguleikar Vegasjóðs til þess að leggja fé til framkvæmda mundu vaxa með árunum. Í því sambandi vil ég vekja athygli á því, að þetta er fimmta árið, síðan Vegasjóður var stofnaður. Þetta er í annað skipti, sem stórálögur eru enn auknar til þess að auka fjármagn Vegasjóðs vegna þess, að hann hefur ekki staðið að þeim verkefnum, sem honum var ætlað að leysa. Telur hæstv. ráðh., að verkefni eins og viðhald og uppbygging hins almenna vegakerfis vaxi ekki það mikið á næstu árum, að þau vaxi hraðar en tekjurnar í Vegasjóð.

Í þriðja lagi sagði hæstv. ráðh., að það væri gott, þegar farið yrði að semja nýja áætlun fyrir næsta Alþ., að hafa þær auknu tekjur. Það er rétt, að það er gott að hafa auknar tekjur, en hefði það ekki verið nákvæmlega jafngott fyrir Vegasjóð, þó að frv. okkar um leyfisgjöld hefði verið samþ. og tekjurnar auknar á þann hátt. Skiptir það máli fyrir Vegasjóð, hvort fjármunirnir koma eftir þessari leið eða þeirri, sem hæstv. ráðh. leggur hér til.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, boðar nýja skatta upp á tæpar 160 millj. kr. miðað við heils árs tekjur. Það var skoðun okkar hv. alþm. vegna þess, sem fram hafði komið í boðskap hæstv. ríkisstj. í sambandi við fjárlagaafgreiðslu — en nú er fjórði þáttur hennar að hefjast — að ekki ætti að fara þá leið að hækka skatta í landinu yfirleitt. Þegar við stjórnarandstæðingar lögðum til við fjárlagaafgreiðslu, að ríkissjóður stæði við fyrirheitið um fjárveitingar til Vegasjóðs, sem gert var 1963 og oft hefur verið vitnað til, þá var því svarað, að ætti það að gerast, yrðu nýir skattar að koma á móti, og spurt, hver vildi standa fyrir því að leggja á nýja skatta.

Í síðasta mánuði var afgr. hér frv. til l. um breytingar á tollskrá. Þar er gert ráð fyrir því að lækka tekjur af tollum um 159 millj. kr., og það var talið, að þörf væri á þessari tollalækkun til að draga úr dýrtíðinni í landinu og afleiðingum gengisbreytingarinnar, en nokkrum dögum seinna er svo komið fram með frv., þar sem hér um bil sama fjárhæð er lögð á þjóðina — eða 157 millj. kr. Það getur hver haldið því fram, sem vill, að bifreiðin sé ekki orðin almenningseign í þessu landi og skattar og tollar í sambandi við bifreiðarnar séu ekki orðnir almennir skattar. En samt er reyndin sú, að flestar fjölskyldur eigi orðið bifreið; skattar á bifreiðar eru

því almennir neyzluskattar. Ég sé ekki mikinn mun á eðli þessara skatta og tollanna, sem voru lækkaðir um daginn, annan en þann, að tollalækkunin hafði þau áhrif á vísitöluna að lækka hana um 1.56 vísitölustig, en nú er talið, að 157 millj. kr. hækkun á sköttum — 2 millj. kr. lægri en tollalækkunin — hækki vísitöluna ekki nema 0.4 stig. Þessar breytingar virðast því fyrst og fremst vera ætlaðar til að hafa áhrif á vísitöluna — í fyrra tilfelli til lækkunar, en í síðara tilfelli til minni hækkunar heldur en fyrri breytingin. En fyrir fólkið í landinu hefur þetta mjög svipaða þýðingu, nema ég hygg þó, að hækkunin á þessum þremur skattstigum — benzínskatti, þungaskatti og gúmmígjaldi — hafi meiri áhrif á almenna afkomu þegnanna í landinu en tollalækkunin, sem var gerð fyrir nokkrum vikum. Og það orkar ekki tvímælis, að sú hækkun, sem hér er verið að setja á, fer beint út í verðlagið og inn á heimili hvers þegns í þessu þjóðfélagi.

Fyrir þremur árum haustið 1965 var hér til meðferðar frv. til breytinga á vegalögum, þar sem gert er ráð fyrir því að hækka benzínskattinn um 90 aura og þungaskattinn um 30%. Í umr. um það mál þá skýrði hæstv. samgmrh. frá því, að hann hefði skipað menn í n. til þess að finna tekjustofna fyrir vegagerðina í landinu, og það var mergur málsins í ræðu hans í sambandi við það frv., að hann hefði skipað n. til þess að rannsaka, hvernig hægt væri að auka tekjur Vegasjóðs og með hvaða hætti það yrði gert. Í umr., sem síðar hafa orðið um þessi mál, hefur hæstv. ráðh. komið að því, að þessi n. starfaði. Nú vildi ég leyfa mér að gera fsp. til hæstv. ráðh., hver eru verk þessarar n. og hverjar eru till. hennar um auknar tekjur fyrir vegagerð í landinu. Ég hef ekki orðið var við neinar till. frá hv. n., og hvað viðvíkur þessu frv., sem hér liggur fyrir, þyrfti enga n. til þess að gera tillögur um að hækka þessa skatta. Það gat hæstv. ráðh. gert sjálfur án n., því að hann hafði reynslu af því og þurfti þess vegna alls ekki að fá neina ábendingu þar um, en n. hefur haft það góðan tíma til starfa, að gaman væri að frétta af hennar störfum og þá jafnframt, hver kostnaður væri orðinn við þessi nefndarstörf. Ég geri ekki ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. geti svarað því núna, en síðar gæti hann gert það við meðferð þessa máls á hv. Alþ. En hvað sem því líður, er nauðsynlegt að heyra eitthvað af störfum nefndarinnar og hvenær vænta mætti till. frá henni, því að umbóta er þörf.

Þessa skatta, sem nú á að hækka, hafa hæstv. ráðh. og núv. valdhafar nokkra æfingu í að hækka, eins og ég sagði áðan. Benzínskatturinn hefur verið hækkaður í tíð núv. valdhafa um 313% eða 3.20 kr. á l. Gúmmígjaldið hefur verið hækkað um 500% eða 30 kr. hvert kg og þungaskatturinn um 300—340% eða 11—33 þús. kr. á hvern bíl. Þetta sýnir, að hér hefur verið allhraustlega að verið, og þarf engan að undra, þegar þetta er haft í huga, þó að eitthvað fleiri kr. hafi verið varið til vegamála heldur en gert var, áður en farið var að hækka þessa skatta svo sem hér hefur verið gert.

En það hefur fleira gerzt en það, að þessir skattar hafi verið hækkaðir að krónutölu og hlutfallslega, því að fjöldi bifreiða í landinu hefur á sama tíma nærri tvöfaldazt. Jafnhliða þessu hafa bílarnir orðið þyngri og stærri og gefa þess vegna af sér meiri tekjur en ella, og vöruflutningar hafa stórkostlega aukizt í landinu. Til þess að sýna hv. alþm., hvernig tekjur af umferðinni hafa færzt í þessa átt, ætla ég að tilgreina þriggja ára tímabil — fyrra tímabilið, sem ég ætla að tilgreina, eru árin 1956, 1957 og 1958, og síðara tímabilið eru þrjú síðustu árin. Og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna til skýrslna, sem ég hef í þessum efnum.

Árið 1956 voru tekjur af umferðinni 99.5 millj. kr., árið 1957 voru þær 138.2 millj. kr. og árið 1958 176.9 millj. kr. Tekjur umfram það, sem fór til vegagerðarinnar voru árið 1956 19.5 millj. kr., árið 1957 55.7 millj. kr. og 1958 87 millj. kr.

Um þetta er það að segja, að þessi tekjumismunur, sem þarna er tilgreindur, var vegna þeirra tekna, sem gengu þá til Útflutningssjóðs, því að þangað gekk hluti af benzínskattinum á þessum árum. Ef við hverfum nú til áranna 1965, 1966 og 1967, eru heildartekjur af bifreiðum 1965 680 millj. kr., 1966 895 millj. kr. og á árinu 1967 munu þær hafa verið nálægt 1 milljarði kr. Við þessar tölur þarf svo að bæta söluskatti, sem ekki er reiknaður með í þessu tilfelli, en er hins vegar reiknaður með í fyrra tilfellinu. Söluskattur í sambandi við þessar tekjur mun nema nokkrum tugum millj. kr. Fyrir því hef ég ekki öruggar tölur, en auðséð er, að það er um tugi milljóna að ræða og mun vera á seinni hlutanum í hundraðið. Á þessum árum eru umframtekjur ríkissjóðs umfram það, sem gengur til vegamála, árið 1965 419 millj. kr., 1966 586 millj. kr. og 1967 yfir 600 millj. kr. Þegar þessi samanburður er gerður, kemur í ljós, að á árunum 1955—58 voru umframtekjur ríkissjóðs af umferðinni 225 millj. kr., sem að mestu leyti gengur þá í Útflutningssjóð, en á árunum 1964—67 eru þetta um 2200 millj. kr.

Ef þessi samanburður er hafður í huga, ætti öllum að verða það ljóst, að það er ekki ástæða til þess fyrir hæstv. ríkisstj. eða hæstv. samgmrh. að gorta af framkvæmdunum í vegagerð á Íslandi þessi árin, heldur mætti það öllum ljóst vera, að hér hefur verið illa á málum haldið að hagnýta ekki betur þær tekjur, sem umferðin lagði til, vegna framkvæmda fyrri ára. Ofan á þetta bætist það, að þegar vegalögin voru samþ. hér haustið 1963 með samkomulagi allra hv. alþm., var það margyfirlýst og af engum meira fullyrt en af hæstv. samgmrh., að aldrei yrði minna veitt á fjárl. til vegamála en þær 47 millj. kr., er þá voru á fjárl. Það væri útilokað með öllu, sagði hæstv. vegamálaráðh., að það gæti nokkurn tíma orðið minna. Þörfin fyrir aukið vegafé mundi vaxa, þó að tekjustofnar, eins og Vegasjóður var þá að fá, væru fyrir hendi. Og hvernig er svo reynslan af þessu samkomulagi? Reynslan er þessi: Árið 1964, fyrsta ár vegalaganna og Vegasjóðs, fékk Vegasjóður hinar um-

töluðu 47 millj. kr. Árið 1965 var hann lækkaður um 20%, þ. e. 9 millj. kr., og 1966 var það þurrkað út og svo hefur verið síðan. Þarf nokkurn að undra, þó að slík ríkisstj., sem þannig stendur að málum að geta ekki einu sinni haldið það samkomulag að verja úr ríkissjóði 47 millj. kr. á þeim árum, sem hún fær af umferðinni á sjöunda hundrað millj. kr. inn í ríkiskassann, verði fyrir gagnrýni af hendi andstæðinga sinna? Það væri meiri hófsemi en eðlileg og æskileg væri hér á hv. Alþ., ef á þetta væri ekki bent.

Og hvað er svo hér að gerast? Það, sem hér er að gerast, er ekkert annað en það, að verið er að leggja fram frv. til þess að biðja bifreiðaeigendur í landinu að greiða til vegagerðar þær 150 millj. kr., sem ríkissjóður er ranglega búinn að hafa af vegagerðinni á síðustu þremur árum. Það er upphæðin, sem vantar til þess að standa við samkomulagið, sem gert var 1963. Er nokkuð að undra, þó að skoðanir séu skiptar um það á hv. Alþ., hvort rétta eigi hæstv. ríkisstj. þessar 150 millj. kr., vegna þess að hún stóð ekki við það samkomulag, sem hún sjálf gerði?

Þá segir hæstv. ráðh., að það hafi mikið verið gert á þessum síðari árum og sé það ólíkt því, sem áður var. Þetta kom fram í ræðu hæstv. ráðh. áðan, er hann hagaði þannig orðum sínum, eins og ekkert hefði verið gert í vegamálum á Íslandi fyrr en nú á síðustu árum. En tekjur þær, sem ríkissjóður og Vegasjóður hafa af umferðinni, byggist á þeim framkvæmdum nú, sem búið var að vinna að, áður en hæstv. ráðh. settist í stól vegamálaráðh. Þá var búið að leggja vegakerfi um landið, enda greiddi þá ríkissjóður að jafnaði meira til vegamálanna heldur en hann hafði í tekjur af umferðinni. Nú skulum við hins vegar vera sanngjörn við hæstv. vegamálaráðh. og láta hann njóta þess, sem hann á. Þegar hann hefur verið að lýsa ágæti sínu í stjórn vegamála, hefur hann komið að því, að aldrei hafi verið stærra átak gert í vegamálunum heldur en gerð Keflavíkurvegar og fleiri vega, sem ég skal nefna. En ég vil halda því fram, að stærsta átakið, sem hefur verið gert í vegamálum á Íslandi ennþá, hafi verið að leggja þjóðvegakerfi um landið allt og það hafi verið gert af miklum myndarskap einmitt á þeim árum, sem ríkissjóður hafði úr litlu að spila og umferðin létti ekki undir með tekjur í framkvæmdir. En ef við lítum á þessi stórátök, sem gerð hafa verið í vegamálunum, vil ég nefna, eins og hæstv. vegamálaráðh. gerði hér áðan, Keflavíkurveginn, sem kostar 280 millj. kr., Siglufjarðarveginn, sem kostar 70 millj. kr., veginn fyrir Ólafsfjarðarmúla, sem kostar 18.5 millj. kr. og veginn undir Ólafsvíkurenni, sem kostar 15 millj. kr. Þetta eru samtals 383.5 millj. kr.

En í sambandi við þennan þátt í vegamálunum vil ég geta þess, að þeirri stefnu var fylgt allt fram undir 1960, að ekki væri farið hraðara í framkvæmdum í vegamálum en svo, að framkvæmdirnar væru greiddar samtímis tekjum. Aðeins var heimild fyrir einstök sveitarfélög til að taka smálán út á fjárveitingu næsta árs. Hins vegar voru engin stórlán tekin til vegaframkvæmda á þessum árum. En það, sem hefur gerzt síðan, er, að þessari stefnu hefur verið breytt, og skuldirnar í árslok 1967 eru samkv. skýrslu vegamálastjórnarinnar, sem hefur legið hér fyrir hv. Alþ., þegar við þá skýrslu er bætt skuldaaukningunni vegna gengisbreytingarinnar, sem varð í nóv., samtals 379 millj. kr. eða 4½ millj. kr. lægri fjárhæð en kostaði að gera Keflavíkurveginn, Siglufjarðarveginn, Ólafsfjarðarmúlaveginn og Ólafsvíkurennisveginn. Öll stórátökin, sem gerð hafa verið í vegamálum síðustu ára, eru gerð fyrir lánsfé, sem þarf að greiða í framtíðinni. Við þetta þarf svo að bæta vöxtum vegna þessarar lántöku, sem ekki voru fyrir hendi, áður en þessi háttur var upp tekinn.

Hæstv. vegamálaráðh. sagði í ræðu sinni hér áðan, að það væru takmörk fyrir því, hvað vegalán mættu vera há. Þetta er alveg rétt. Þess vegna verða tekjur til vegagerðar að vera nokkuð í samræmi við framkvæmdina. Og hvaða vegalán eru fyrir hendi nú? Ef við miðum við vegaáætlanirnar, sem nú eru í gildi, óbreyttar og framkvæmdaféð til landsbrauta, hraðbrauta og þjóðbrauta, tekur það okkur 8 ár með þessum fjárveitingum að greiða upp lánin. Það tekur 8 ár, hæstv. samgmrh., með þeim fjárveitingum, sem við höfum til framkvæmda, og við höfum ekki úr öðru fé að spila heldur en framkvæmdafénu. Það tekur tvö kjörtímabil að komast á sama stig og við vorum á 1958, þ. e. skuldlausir í vegamálum. Hæstv. ráðh. getur svo hælt sér af framkvæmdunum, sem aðrir eiga að greiða, sem síðar stjórna vegamálunum í landinu. Hann getur haldið því fram, ef hann langar til, hæstv. ráðh., að þessar skuldir, sem nú eru orðnar til í vegamálunum, hafi ekki áhrif á framkvæmdamátt vegafjárins á næstu árum. Hvernig á að útskýra það, þegar á að greiða upp þessi lán, 380 millj. kr., greiða af þeim háa vexti og taka á sig áhættuna af gengisbreytingu og öðru slíku, að það hafi engin áhrif á framkvæmdamátt vegafjárins, sem er bundinn í l. og takmarkaður með því fé, sem Vegasjóður hefur. Og það er ekki hægt að koma þessu saman með neinum hætti, og ég er líka alveg viss um það, að hæstv. samgmrh. er það vanur að fást við fjármál, að hann veit, að það er ekki hægt að komast hjá því, að það komi við framkvæmdamátt þess fjár, sem er til ráðstöfunar hjá Vegasjóði.

Hvað segir svo þetta frv., sem hér er á ferðinni? Það segir í fyrsta lagi, að það á að leggja nýja skatta á bifreiðaeigendur, á umferðina í landinu og alla landsmenn, sem koma fram í verðlaginu og í flutningunum — strax í mjólkurflutningunum, vöruflutningunum og hækkuðum fargjöldum. En hvernig á svo að nota þetta fé árið 1968? Eins og fram kemur í frv. eiga um 30 millj. kr. að fara til þess að greiða fyrir það, sem nú er þegar búið að gera, þ. e. lausaskuldir vegna eyðslu umfram það, sem gert var ráð fyrir á vegáætlun, og vegna verðhækkana vegna gengisbreytinga. Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir því, að til undirbúnings hraðbrauta

fari 14 millj. kr. af þessum tekjum og til aukins viðhalds á næsta ári 17 millj. kr. Hér munar nokkru vegna þeirrar hækkunar, sem verður á viðhaldskostnaði vegna gengisbreytingarinnar, og að sjálfsögðu því, að alltaf hefur verið varið of litlu fé til viðhalds vega. Þá eiga 4 millj. kr. að ganga til þess að lagfæra blindhæðir og blindbeygjur, og er það lítil fjárhæð miðað við þá þörf, sem er á því að lagfæra þessa höfuðgalla á vegakerfinu, og mikil nauðsyn er á því að gera þetta einmitt nú í sambandi við umferðarbreytinguna frá vinstri til hægri umferðar. Af þessum 109 millj. kr., sem eiga að koma í Vegasjóð á yfirstandandi ári, eiga 24,3 millj. kr. að ganga til framkvæmda og 9,4 millj. kr. til kaupstaðaveganna. Það, sem hér gerist, eins og fyrr hefur gerzt í sambandi við fjáröflun til Vegasjóðs, er, að sorglega lítið hefur orðið úr fjármununum. Dýrtíðin hefur gleypt þetta eins og annað, og vegna þess að okkur tekst ekki að gera neitt átak í vegamálunum til þess að bæta vegakerfi landsins, en umferðin eykst feikilega, verður viðhaldið þeim mun erfiðara eftir því, sem árin líða. Og við erum að komast víðar í hrein vandræði t. d. með gamlar brýr, sem víða eru að hruni komnar og sumar hafa hálfhrunið. Í raun og veru fer þetta fé, sem hér er verið að afla, til þess að greiða lausaskuldirnar, sem eru hendi næst, og reyna að slétta eitthvað úr holunum, eins og um vegheflun væri að ræða.

Hæstv. samgmrh. ræddi hér nokkuð í sambandi við þetta frv. — og það er gert í grg. þess — um lagningu vega úr varanlegu efni. Það er ljóst, þegar á það mál er litið, að það verður ekkert stórt átak gert í því að leggja hraðbrautir í þessu landi með þeirri fjáröflun, sem hér er á ferðinni. Það mun sýna sig, eins og gert hefur til þessa, að hin daglega fjárþörf Vegasjóðs heldur áfram að vaxa og hér þarf meira að koma til. Það er hins vegar nauðsynlegt að hefja framkvæmdir í varanlegri vegagerð. Það er nauðsynlegt að fara að byggja upp hraðbrautir. Það þarf að gera stórt átak í því að halda áfram að byggja upp þjóðvegakerfið, þar sem það er ekki þegar upp byggt, og það þarf að ljúka við að tengja hringveginn umhverfis landið. En til þess að þetta sé hægt, þarf stórkostlega aukið fé til vegagerðarinnar í landinu, og það, sem þetta frv. sannar okkur, er það, að það þarf stórkostlega aukið umráðafé til þeirra framkvæmda.

Það kemur fram í grg. þessa frv., að það sé hægt að fá lán hjá Alþjóðabankanum til vegaframkvæmda, en þó því aðeins, að það nemi ekki nema 40% af kostnaðinum við framkvæmdina og á móti komi 60%, sem að mestu á að vera framlag, en ekki lán eftir því, sem grg. skýrir frá. Þegar við höfum þetta í huga, er það ljóst, að það er algjörlega þýðingarlaust fyrir okkur að vera að gala um stórátak í gerð hraðbrauta eða stórátak við framkvæmd í vegamálum nema breyta þeirri stefnu, sem við nú fylgjum. Það er algjörlega vonlaust að gera þetta, nema aukið verði framlag til vegamálanna. Það verður ekki framkvæmanlegt, og það á heldur ekki að gera með öðrum hætti en vegagerðin í landinu fái að njóta að verulegu leyti þeirra tekna, sem hún leggur sjálf til. Hv. stjórnarsinnar geta hér á Alþ., vegna þess valds, sem þeir hafa sem meiri hluti, talað með lítilsvirðingu um till. okkar í stjórnarandstöðunni um, að tekjur af umferðinni eigi að mestu að fara til vegamála og þeir geta haldið því fram, að þetta sé óraunhæft, en framtíðin mun sanna það, að það er ekki hægt að leysa vegamálin á annan hátt en nota tekjurnar, sem vegagerðin leggur til, og ekki á að leysa þau á annan hátt en að byggja kerfið þannig upp.

Það skiptir engu máli, þó að verið sé að gukta við það, eins og nú er gert, að leggja 900 m — eins og gert var á árinu 1967 — í Keflavíkurveginum, sem kostuðu 10 millj. kr., enda sagði ég hér á hv. Alþ., um daginn, að það tæki um 800 ár að byggja hraðbrautirnar upp með þessu áframhaldi. Það er staðreynd, að um 400 km er að ræða og á ½ km er hægt að leggja af eigin tekjum, sem árlega nema 5 millj. kr. Með þess háttar vinnubrögðum verða engar hraðbrautir lagðar á Íslandi. Það er ekki nokkur leið að leysa hraðbrautarmálið eða uppbyggingu þjóðvegakerfisins nema láta Vegasjóði í té meiri tekjur af umferðinni heldur en hann nú hefur. Það er hægt að milda þetta gagnvart ríkissjóði með því að taka ríkislán til vega, en ekki láta Vegasjóð standa undir þeim. Það er óframkvæmanlegt, því að það gerist ekki, sem hæstv. vegamálaráðh. nefndi áðan, að möguleikar Vegasjóðs til að greiða af lánum vaxi á næstu árum í landi, sem er að mestu veglaust, ef átt er við varanlega vegi. Þannig er ekki hægt að hugsa, þannig er ekki hægt að tala og þannig er ekki hægt að framkvæma. Þess vegna verðum við að gera okkur grein fyrir því, að ætlum við okkur á annað borð að byggja upp hraðbrautirnar, halda áfram að leggja þjóðvegakerfið á sæmilegan hátt og leggja hringveginn umhverfis landið, þá þurfi neiri tekjur. Þær tekjur getum við ekki fengið nema sækja til ríkissjóðs þær tekjur, sem hann nú hefur af umferðinni að einhverju eða nokkru leyti. Það er og á að vera öllum augljóst, að þannig verður að fara að. Og þegar við nú ræðum þetta frv., vil ég enn á ný minna á það, sem ég gat um hér í upphafi, að það voru jafngóðar og eru jafngóðar tekjur fyrir Vegasjóð, sem kæmu af till. okkar um, að leyfisgjöldin gengju þangað, og þær tekjur, sem kæmu af hækkuðum benzínskatti, þungaskatti og gúmmígjaldi. Það eru jafngóðar krónur.

Ef við lítum á vegamálin, eins og þau eru í dag, efast enginn um það, að þörfin er brýn fyrir þær 150—160 millj. kr., sem hér er verið að athuga. Það er ekki það, sem við erum að deila um. Um þörfina þarf ekki að ræða, og við verðum að gera margfalt fleira, ef nokkrum árangri á að ná í vegamálum.

En ég spyr: Er hægt að leggja á nýja skatta? Er ástandið í þjóðmálunum þannig, að það sé hægt að leggja á nýja skatta? Til hvers var þá verið að bjástra við tollalækkunina, ef það á að taka hana aftur eftir nokkra daga með þessum sköttum, sem almenningur í landinu verður að greiða? Og þegar

það er svo haft í huga, að ríkissjóður situr inni með 150 millj. kr., sem eru vangoldnar samkv. því samkomulagi, sem gert var, þegar vegalögin voru afgreidd, er þá hægt að fara fram á það við þegnana í landinu, að þeir komi til skjalanna og greiði þessa upphæð fyrir ríkissjóð? Þar við bætist svo, að ríkissjóður hafði í tekjur af umferðinni á árinu, sem leið, frá ½—¾ milljarða kr., og eins mun verða á árinu 1968. Er ekki of langt gengið að ætlast til þess, að þegnarnir í landinu taki þetta á sig, þegar þeir eru búnir að láta ríkissjóði svo mikið í té og eiga hjá ríkissjóði vegna vanefnda þessa fjárhæð? Þá mun því verða svarað til, að ríkissjóður geti heldur ekki greitt þetta nema fá nýjan tekjustofn. Því er til að svara um þannig fjárl. og afgreiðslu á þeim, að þar viðhafa menn svo mikið frjálslyndi, að 100 millj. kr. meira eða minna gera ekki mikið strik í þann reikning, enda er annan daginn verið að lækka tolla um 150 millj. kr., en hinn daginn hækka þá um 150 millj. kr., svo að ég sé ekki eðlismuninn á þessu öllu saman. Hinu verða menn líka að gera sér grein fyrir, að sé svo, þá yrði ríkið sjálft að leysa þetta með lántöku, sem væri ríkislán, til að skila þessum 150 millj. kr., sem vegagerðin á þarna raunverulega. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að þegnar landsins taki að sér að leysa þennan þátt. Ríkissjóður verður sjálfur að koma til og leysa þau vandræði, sem hér eru orðin. Þetta frv., sem hér er á ferðinni, er ein af mörgum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. sem við kynnumst nú daglega, til að leysa mál til bráðabirgða. Fyrir nokkrum dögum var verið að afgreiða frv., sem var til þess ætlað að draga úr útgjöldum ríkisins, en með því var í raun verið að ýta flestum málum til framtíðarinnar, og nú er aftur verið að leggja á nýja skatta til þess að geta haldið áfram því kerfi, sem nú er að stranda.

Það, sem hér hefur gerzt á valdatíma núv. stjórnvalda, er, að á síðustu árum hefur orðið geysileg fjölgun á bifreiðum í landinu. Það hafa komið stærri bílar en áður, og þungavöruflutningarnir hafa færzt meira inn á landleiðir. Þetta hefur gert það að verkum, að álagið á vegina hefur margfaldazt og ástand þeirra hefur stórum versnað. Jafnhliða þessu hefur það svo gerzt, að hæstv. ríkisstj. hefur ofmetið þá fjármuni, sem hún hefur lagt til vegagerðarinnar í landinu, og þess vegna hafa fjármunir þeir, sem raunverulega hafa verið lagðir til vegagerðarinnar með samtímistekjum orkað svo litlu til þess að mæta aukinni umferð. Og hæstv. ríkisstj. hefur ekki gætt að því, sem var höfuðatriðið, þ. e. að nota tekjur af þessari auknu umferð til þess að bæta vegakerfið í landinu. Það var það, sem á reið, til þess að vegirnir gætu mætt því álagi, sem á þá var lagt, og þeim kröfum, sem nú eru gerðar til vega í landinu. Í stað þess hefur það verið látið viðgangast, að ríkissjóður hefur fengið verulegan hluta — og meiri hlutann — af þessum tekjum til annarra þarfa, og vegakerfið hefur verið svelt.

Eins og ég gat um áðan, hefur í raun og veru ekki verið gert stórátak í sambandi við vegamálin, þegar litið er á fjárhagshliðina, vegna þeirrar stefnubreytingar, sem varð eftir 1960, þegar farið var að nota lánsfé til vegaframkvæmda. Það verður því að greiða í framtíðinni stærstu átökin, sem hafa verið gerð í vegamálum á síðustu árum. Enn fremur hefur það svo gerzt á þessu tímabili, að möguleikarnir, sem við höfðum á tekjum af umferðinni frá árslokum 1958, gáfu hæstv. ríkisstj. tækifæri til þess að hækka þessa skatta, sem hér er verið að hækka nú, frá 300—500%. Nú er hins vegar svo komið, að það er búið að tæma þessa möguleika. Við erum komnir með benzínverð og aðra skatta á bifreiðar álíka hátt og þær þjóðir, sem hafa vel uppbyggt þjóðvegakerfi. Þess vegna erum við búnir að tæma þessa möguleika; það hefur verið gert á þessum síðustu árum til viðbótar skuldasöfnuninni.

Ég vil því undirstrika það, að eigi að leysa þau verkefni, sem við verðum að leysa og allir hafa hug á að leysa, þá verður það ekki gert með öðru móti en því, að ríkissjóður verður að sleppa allverulegum hluta af þeim tekjum, sem hann hefur nú af umferðinni. Þetta er hægt að milda og jafnframt hraða uppbyggingu vegakerfisins í landinu með því að taka ríkislán til vegagerða, en ekki með því að láta Vegasjóð gera það. Ef við ekki förum þessar leiðir, munum við ekki leysa vegamálin með öðrum hætti en við gerum nú, þ. e. með því að slétta úr verstu holunum, til þess að við komumst áleiðis um vegina.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Fyrir nokkrum vikum var hér unnið að afgreiðslu stjfrv. um niðurfærslu á ýmsum útgjaldaliðum ríkissjóðs á yfirstandandi ári. Í umr., sem fram fóru hér á Alþ. um það mál, kom það skýrt fram hjá hæstv. ríkisstj., að hún taldi, að svo væri nú komið, að hún yrði að huga að því að reyna að draga nokkuð úr ríkisútgjöldum á ýmsum sviðum, vegna þess að ekki væri unnt, eins og nú væri komið, að afla frekari tekna til ríkissjóðs með nýjum álögum. En rétt um það bil, sem að því er komið að afgreiða þetta frv. ríkisstj. frá Alþ., þá leggur hún fram nýtt frv. um nýjar álögur, og það er það frv., sem hér er til umr. nú. Það hlýtur að vekja athygli manna, að stjórnin skuli nota þá röksemd fyrir aðeins nokkrum vikum, að ekki sé hægt að hennar dómi að leggja það til, eins og nú sé komið, að leggja á nýjar álögur og afla ríkissjóði nýrra tekna vegna óhjákvæmilegra útgjalda hjá ríkissjóði, heldur verði að fara hina leiðina, þ. e. að draga úr áður samþykktum útgjöldum ríkissjóðs, en eftir örstuttan tíma er snúið við blaðinu og frv. lagt fram á Alþ. um nýjar — og það allverulegar — álögur á landsmenn.

Nú dettur auðvitað engum manni það til hugar, að á þessum tíma hafi hér orðið nein breyting á aðstæðum í okkar efnahagskerfi, þannig að það sé eitthvað tiltækilegra nú en var fyrir nokkrum vikum að ætla að demba á nýjum álögum. En hvernig stendur þá á því, að ríkisstj. hagar sínum málflutningi á þennan hátt? Hver er ástæðan fyrir því? Getur það verið svo, að einn af ráðherrunum

haldi fram þeirri skoðun, sem ég hef tilgreint, þ. e. hæstv. fjmrh., og svo komi annar ráðh. jafnvel úr sama flokki, hæstv. samgmrh., sem heldur fram allt öðru. Hafa þessi vandamál á ríkisheimilinu ekki verið gerð betur upp en svo, að svona málflutningur þurfi að koma fram hjá ríkisstj. Ég lýsti því yfir, þegar fyrra frv. ríkisstj. var hér til umr., þ. e. frv. um nokkra niðurfærslu á ýmsum útgjaldaliðum ríkissjóðs, að ég teldi, að þar væri stefnt í rétta átt. Það þyrfti að minnka ríkisútgjöldin — og alveg sérstaklega eins og komið væri í efnahagsmálum í landinu. Mér var þó ljóst, að það, sem lagt var til í þessu fyrra tilfelli, náði tiltölulega skammt — þar var ekki um stórar till. að ræða, heldur litlar miðað við þörfina, en ég fyrir mitt leyti taldi, að þarna væri stefnt í rétta átt; það væri ekki aðstaða, eins og nú er ástatt í okkar efnahagsmálum, til að koma fram með nýjar álögur. En nú er sem sé komið hér fram frv. frá ríkisstj. um allverulegar nýjar álögur þrátt fyrir þessa fyrri yfirlýsingu, sem hún gaf í sambandi við sparnaðarfrv. sitt.

Það frv., sem hér er um að ræða, gerir ráð fyrir álögum, sem nema samkv. því, sem fram kemur í grg. frv., í kringum 160 millj. kr. á ári. Ofan á þá upphæð á þó eftir að leggja hækkun á ýmsum gjöldum eins og t. d. hækkun á söluskatti, sem verður í fylgd með þessari gjaldahækkun, sem hér er um að ræða. Sennilega nema þessar álögur varla undir 180—190 millj. kr. á ársgrundvelli. Það er upplýst, að þessar álögur á umferðina í landinu muni þýða það, að vísitalan muni hækka um 0.4—0.5 stig. Eftir því sem sérfræðingar ríkisstj. gáfu upp í síðasta verkfalli, þegar var verið að ræða um vísitöluútgjöld, þá mundi um hálfs stigs hækkun á vísitölu nema í almennum útgjöldum hjá öllum launþegum í landinu hvorki meira né minna í öllu launakerfi landsins en 80 millj. kr. á ári. Nú skal ég ekkert segja um það, hvort þessir útreikningar hjá sérfræðingum ríkisstj. í efnahagsmálum eru réttir eða nákvæmir eða ekki, en það fer auðvitað ekkert á milli mála, að hálfs stigs hækkun á vísitölunni kemur til með að þýða í reynd allverulega hækkun á launagreiðslum í atvinnurekstri landsmanna, og hygg ég þó, að flestir þeir, sem eiga bíla í landinu og þurfa að nota þá að einhverju ráði, muni halda því fram, að þrátt fyrir þær bætur, sem þeir kynnu að fá fram með nokkurri hækkun á sínu kaupi, beri þeir skarðan hlut frá borði, ef þeir þurfa að borga meira í álögum en þeir fá með kauphækkuninni.

Það er því enginn vafi á því, að það, sem hér er um að ræða, er, að þetta verða allverulegar álögur einnig á atvinnulífið í landinu, eins og það er nú í dag. Talið er, að sú hækkun á bifreiðakostnaði, sem yrði samkv. þessu frv. mundi t. d. þýða það, að mjólk í landinu yrði strax að hækka um 15 aura á hvern lítra og auðvitað mundu öll flutningsgjöld í landinu stórhækka. Alveg sérstaklega er augljóst mál, að flutningar með hinum stóru vöruflutningabílum mundu hækka mjög frá því, sem áður hefur verið, því að gjaldahækkunin á þeim er tiltölulega mest. En nú er það svo, að sú staðreynd liggur fyrir, að mjög verulegur hluti af vöruflutningum í landinu á sér einmitt stað með bifreiðum, einnig vegna þess að af hálfu ríkisvaldsins hefur stórlega verið dregið úr vöruflutningum með skipum á undanförnum árum. Menn hafa því neyðzt til þess í auknum mæli að verða að búa við það að flytja vörur á milli landshluta með hinum stóru vöruflutningabílum. Í þessum efnum yrði einnig um verulegar álögur að ræða á atvinnureksturinn í landinu, og það er hætt við, eins og þessi mál standa nú, að forsvarsmenn atvinnurekstrarins í landinu mundu fljótlega koma á eftir til ríkisvaldsins og óska eftir auknum stuðningi m. a. vegna þessara auknu útgjalda, sem hér er um að ræða.

Það gefur svo einnig auga leið, að útgjöld almennings í landinu munu auðvitað vaxa verulega af þessum nýju álögum, t. d. koma fargjöld þess fólks, sem þarf að ferðast með strætisvögnum og öðru slíku, til með að hækka verulega. Það er mál út af fyrir sig, að samkv. þessu frv. er greinilega um það að ræða að auka álögur t. d. á strætisvagna, sem eru notaðir í kaupstöðum landsins og fara ekkert út á hina eiginlegu þjóðvegi. Þarna er um að ræða að auka álögur á þeim alveg stórlega, og sýnist ekki ástæða vera til þess að hafa þessi stórauknu gjöld þannig, að þau lendi á þeim vögnum, sem eru gerðir út beinlínis innan kaupstaðanna og fara svo að segja ekkert út á hina almennu þjóðvegi. Hér er um að ræða almennar álögur, sem vitanlega hafa sínar verkanir alveg nákvæmlega eins og um álögur hefði verið að ræða í öðru formi.

Hæstv. ríkisstj. lætur nokkuð í það skína í sambandi við þetta frv., að hér sé verið að hækka þessar álögur, vegna þess að til standi að ráðast í stórframkvæmdir í vegamálum. Ætlunin sé að ráðast í að gera varanlega vegi á nokkrum helztu hraðbrautum landsins eða þar sem umferðin er mest, og í þessum efnum eru jafnvel dregnar upp fyrir mönnum lauslegar myndir af því, hvað til standi í þessum efnum. Rætt er um að leggja varanlegan veg héðan frá Reykjavík og austur á Rangárvelli og annan varanlegan veg héðan frá Reykjavík og upp í Hvalfjörð eða upp í Borgarfjörð og einnig að gera varanlega vegi nokkuð út frá Akureyrarkaupstað. Rætt er jafnvel um, að í þessum efnum hafi menn hugsað sér að leggja varanlega vegi allt að 300 km vegalengd og vel megi því búast við framkvæmdum, sem muni kosta í kringum 1500 millj. kr. a. m. k., og afla þurfi mikilla erlendra lána — og einnig fjár innanlands — í sambandi við þessar framkvæmdir.

Það er auðvitað ekkert um það að villast, að allir landsmenn viðurkenna, að það þyrfti að gera hér stórátök í okkar vegamálum og það væri ákaflega æskilegt að geta ráðizt m. a. í þessar framkvæmdir. En í því frv., sem hér er um að ræða er ekkert fastákveðið um þessar framkvæmdir. Þar er ekkert ákveðið um það, að neitt af þeim álögum, sem hér

er um að ræða, eigi raunverulega eða muni raunverulega fara til þess að koma þessum stórframkvæmdum áfram. Þvert á móti kemur það alveg greinilega fram, að gert er ráð fyrir, að allar þær nýju tekjur, sem eiga að falla til samkv. þessu frv. á þessu ári og talið er, að muni nema 109 millj. kr., eigi að fara til almennra og venjulegra vegaframkvæmda af sömu tegund og unnið hefur verið að á undanförnum árum. Það er gert ráð fyrir því, að þetta fé fari í beinan kostnaðarauka við vegaviðhald og brúargerðir í landinu vegna gengisbreytingarinnar, í nokkrar umframgreiðslur, sem orðið hafa á s. l. ári í sambandi við vegagerðarmálin, og að nokkru til þess að ljúka við veginn um Strákagöng við Siglufjörð, veginn um Ólafsfjarðarmúla og veg á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Allt eru þetta framkvæmdir af þessu venjulega tagi, sem okkar vegáætlanir hafa fjallað um og fjár hefur verið aflað til með þeim hætti, sem l. gera ráð fyrir. Þá er einnig minnzt á, að ýmis útgjöld við vegamál hafi orðið óvenju mikil að undanförnu vegna náttúruhamfara, eins og það er orðað. Auðvitað hefur það verið svo og má búast við því áfram, að það verði ýmis áföll, sem þarf að standa undir, og svo hefur það verið um langan tíma í okkar vegagerðarmálum.

Svo til öll þessi upphæð, sem innheimta á á þessu ári — 109 millj. kr., á því að fara í kostnað við hin venjulegu árlegu vegagerðarmál. Það er að vísu talað um, að af þessari upphæð skuli verja 14 millj. kr. — til viðbótar við 7 millj. kr., sem áður hefur verið varið í því skyni — til undirbúnings rannsókna í sambandi við hin stærri vegagerðarmál, en þar er auðvitað heldur ekki um neina slíka upphæð að ræða, að hún réttlæti þá skattheimtu, sem hér er á ferðinni. En þá vaknar næst sú spurning, hvort hér sé um einhverja von til þess að ræða, að á næsta ári — árið 1969 — verði samkv. þeirri tekjuöflun, sem hér er gert ráð fyrir, eitthvert fé afgangs, sem gæti gengið til hinna miklu vegaframkvæmda, sem er verið að láta skína í, að vinna eigi að. Það er alveg ómögulegt að segja um það, hvort nokkuð af þeim auknu tekjum, sem hér um ræðir, verður til ráðstöfunar í þessu skyni á árinu 1969. Auðvitað verður vegaviðhaldið dýrara á árinu 1969 en það var á árinu 1967, m. a. vegna gengisbreytingarinnar, og auðvitað verður allur framkvæmdakostnaður þá líka meiri en hann hafði verið áætlaður áður. Ég held því, að allar líkur bendi til þess, að hinar auknu tekjur, sem hér á að afla, fari á árinu 1969 alveg sömu leiðina og gert er ráð fyrir í grg. þessa frv., þ. e. að þær eigi að fara á yfirstandandi ári. Það er því ekki hægt að segja með réttu, að hér sé verið að afla tekna beinlínis vegna þeirra stórframkvæmda, sem er verið að láta skína í, að til standi að ráðast í. Hér er því að mínum dómi verið að fara troðnar slóðir með nýjum álögum sömu tegundar og hér hafa áður verið lagðar á, og þessar nýju álögur munu hafa sömu verkanir og þær hafa haft. Þær hafa hér þau áhrif, að verðlagið í landinu fer hækkandi. Það mun íþyngja atvinnuvegunum í landinu, og það mun fremur auka á dýrtíð að leggja þetta á umferðina. Það er mín skoðun, að eins og nú er ástatt í íslenzkum efnahagsmálum sé ekki aðstaða til þess að leggja út í þessar álögur. Hitt hef ég talið miklu nærtækara að reyna að ganga nokkuð lengra í þá átt að færa niður hin almennu rekstrarútgjöld ríkissjóðs, spara þar meira en áætlað hefur verið að gera og ætla síðan vegagerðinni í landinu nokkuð af þeim sparnaði, sem þannig fengist, svo að hægt væri að standa a. m. k. undir þeim útgjöldum, sem hér er bent á, að þurfi að standa undir á vegum Vegasjóðs.

Ég vil benda á það, að um leið og frv. af þessu tagi er lagt fram, er í rauninni alveg nauðsynlegt fyrir hv. þm. að gera sér grein fyrir því, hvernig ástatt er í okkar atvinnumálum almennt séð. Það er enginn vafi á því, að okkar undirstöðuatvinnuvegir eiga nú mjög í vök að verjast. Það hefur að vísu verið samið um rekstrargrundvöll á yfirstandandi vetrarvertíð fyrir eina þýðingarmestu grein okkar framleiðslu, en horfurnar á vetrarvertíðinni eru heldur slæmar, og það má því búast við því, að útkoman verði eftir því erfið, en hitt liggur líka ljóst fyrir, að það á alveg eftir að semja um rekstrargrundvöll fyrir síldveiðarnar á þessu ári. Eins og málin standa nú vita það allir, sem eru kunnugir þeim málum, að það fer ekkert skip á síldveiðar í sumar, nema til komi nýir samningar um rekstrargrundvöll — bæði skipanna og einnig síldariðnaðarins í landinu. Það er alveg vitað mál, að fiskiskipaflotinn verður ekki gerður út, ef fiskverð verður jafnóhagstætt og á s. l. sumri, og rekstrarútgjöld síldveiðiflotans hafa stórhækkað eftir gengisbreytinguna. Hitt liggur líka fyrir alveg óumdeilanlega, að meginhluti síldariðnaðarins í landinu getur engan veginn borgað það hráefnisverð, sem ákveðið var á s. l. ári. Síldarverksmiðjur ríkisins sýna þetta bezt, en þær voru reknar með margra tugmilljóna tapi á s. l. ári fyrir utan allar afskriftir, og það hefur þegar verið gefið upp, að þær geti engan veginn borgað það hráefnisverð fyrir síldina, sem þeim var ætlað að borga á s. l. ári. Ástandið er því þannig, að það liggur ljóst fyrir, að ríkissjóður á eftir að mæta þeim mikla vanda að skapa grundvöll fyrir síldveiðarnar á komandi sumri og komandi hausti. Vitanlega lifir ekki íslenzkur þjóðarbúskapur það af að ætla að hverfa frá öllum síldveiðum, eins og ástatt er í okkar atvinnumálum.

Ég held því, að með þetta í huga og reyndar marga aðra þætti atvinnumálanna, sem hv. alþm. kunna full skil á, sé það hið mesta óráð að ætla sér, eins og nú standa sakir, að auka á almennar álögur í landinu, sem leiða til stóraukinna útgjalda hjá atvinnurekstrinum — einmitt hjá undirstöðunni í atvinnulífi landsmanna. Slíkt hlýtur vitanlega að hefna sín og koma niður á ríkissjóði fyrr eða síðar, ef ekki á svo illa að fara, að það dragi stórlega úr framleiðslu í landinu, vegna þess að rekstrargrundvöllurinn sé of knappur. Ég tel, að það sé út af fyrir sig stórt og þýðingarmikið verkefni að reyna að

vinna að því að gera hér varanlega vegi á fjölförnustu leiðunum í landinu og einnig að vinna að ýmsum vegagerðarmálum svo að segja um allt land. Það er mjög þýðingarmikið mál, og það þarf að reyna að vinna að því. Og ég tel, að það geti einnig komið til greina að taka nokkur lán í sambandi við umfangsmiklar framkvæmdir í þessum efnum — jafnvel erlend lán, en því aðeins er fært að leggja í þessar stórframkvæmdir, að undirstaða atvinnulífsins í landinu sé með þeim hætti, að það sé nokkurn veginn víst, að það geti gengið eðlilega, og því aðeins má leggja út í erlendar lántökur í sambandi við slíkar framkvæmdir sem þessar eru, að það verði að teljast tryggt, að gjaldeyrisframleiðsla landsmanna sé í fullum gangi. Ég álít, eins og málin horfa við nú, að þessu sé ekki að heilsa og við stöndum í þessum efnum frammi fyrir gífurlega miklum vandamálum og það sé í rauninni aðeins verið að loka augunum fyrir staðreyndum þessara vandamála með því að kasta fram frv. eins og þessu, sem miðar hreinlega að því að auka erfiðleikana hjá atvinnuvegunum og almenningi í landinu með því að hækka verðlag til þess að standa undir hinum almennu vegagerðarmálum, sem við höfum unnið að að undanförnu, því að ég sé ekki, að það fé, sem hér er lagt til, að aflað verði, geti farið til þeirra stórframkvæmda, sem er verið að ráðgera.

Það hefur verið bent á það í þessum umr., að ríkissjóður taki til sín miklar fjárhæðir á ári hverju af umferðinni í landinu, og ég hygg, að það sé enginn vafi, að svo sé. Það hefur komið hér fram, að það, sem ríkissjóður tekur til sín af umferðinni í landinu umfram það, sem rennur til vegagerðarmála, muni nema nú orðið um 600 millj. kr. á hverju ári. Það er auðvitað eðlilegt, þegar svona er, að á það sé bent, að reynt verði að koma því þannig fyrir, þegar til stendur að ráðast í stórframkvæmdir í vegamálum, að ríkissjóður gefi eitthvað af þessu fé eftir eða ráðstafi því í þessar væntanlegu stórframkvæmdir, en það tel ég út af fyrir sig, að sé ekki hægt, nema horfið sé að því í miklu ríkari mæli en gert hefur verið að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. En ég er ekki í neinum vafa um það, að það er ekki hægt með eðlilegum hætti að halda uppi þeim ríkisútgjöldum, sem nú er gert ráð fyrir, miðað við þá framleiðslu, sem við höfum úr að spila hjá okkar undirstöðuatvinnugreinum, eins og nú háttar.

Ég tók eftir því, að hv. samgmrh. lagði hér á það nokkra áherzlu í sambandi við þessi nýju gjöld, að það væri ekki gert ráð fyrir því með hækkuninni á benzínskattinum, að benzín yrði stórum dýrara hér en í nágrannalöndum okkar og því væri í rauninni ekki undan miklu að kvarta. En ég vil benda á, að auk þess, sem hér er miklum mun dýrara að eiga og reka bíla en í nágrannalöndum okkar vegna þeirra sérstöku álaga, sem renna beint í ríkissjóð af bifreiðarekstrinum, þá er það einnig svo, að bifreiðin hér á Íslandi hefur allt annað og miklu víðtækara gildi en bifreiðar hafa í nágrannalöndum okkar. Hér er bifreiðin aðalsamgöngutæki landsmanna, og hér er bifreiðin það tæki, sem að langmestu leyti annast okkar óhjákvæmilegu vöruflutninga í landinu. Í nágrannalöndum okkar horfir þetta allt öðruvísi við. Þar eru vörur fluttar í miklu ríkara mæli en hér með öðrum hætti en með bifreiðum, og þar eru einnig meiri möguleikar á því fyrir almenning en hér er að ferðast með öðrum tækjum en almennum bifreiðum. Af þessu leiðir það, að hækkun á álögum hér á landi á rekstri bifreiða kemur á allt annan hátt niður hér á landi en í nálægum löndum.

Ég vil því við 1. umr. þessa máls lýsa því yfir, að ég er andvígur þessu frv. Ég tel það ekki tímabært, og tel ekki þær aðstæður vera í okkar landi, að við eigum að leggja út í þessa gjaldhækkun á umferðinni. Ég vil hins vegar lýsa því yfir, að ég tel brýna þörf vera á því að undirbúa þær stórframkvæmdir, sem hér hefur verið minnzt á, og það þarf að reyna að gera sér grein fyrir því, hvenær er hægt að ráðast í þær og með hvaða hætti. Það er sjálfsagt að taka þátt í því að reyna að finna leiðir til þess að leysa þann vanda og þá í samræmi við getu okkar. En þegar málum er eins háttað og nú er í okkar efnahagsmálum, tel ég ekki vera aðstöðu til þess að leggja á umferðina í landinu nýjar álögur, sem nema 180—190 millj. kr. á ári með þeim afleiðingum, sem allir sjá, að verða munu. Ef það er talið svo brýnt að ráðast í þessar framkvæmdir, að það sé ekki hægt að skjóta því á frest, þá verður að afla teknanna til þessara framkvæmda með öðrum hætti en hér er lagt til, og þá hallast ég að því, að það verði gert með framlögum úr ríkissjóði og ríkissjóður dragi úr útgjöldum sínum, sem því nemur, á ýmsum þeim liðum, þar sem ég tel, að hægt sé að spara.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta frv. á þessu stigi málsins. Frv. á eftir að fara í n., sem athugar það, en ég vildi, að sú skoðun mín kæmi skýrt fram, að ég er, eins og sakir standa nú, mótfallinn þeim álögum, sem felast í þessu frv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þá höfum við heyrt það, að hv. 4. þm. Austf. er á móti þessu frv. Hann segist ekki vera á móti því út af fyrir sig, að það verði hafizt handa um miklar framkvæmdir í vegamálum, en það verði aðeins að afla fjárins með öðrum hætti, og það sé eðlilegast, að ríkissjóður leggi fram féð. Þetta er nú dálítið einkennilegur málflutningur með tilliti til þess, sem kom fram í fyrri hluta ræðu þessa hv. þm., þegar hann var að lýsa vanefndum ríkissjóðs við atvinnuvegina, vegna þess að hann hefði ekki enn þá haft getu til þess að gera það sem nauðsynlegt var t. d. fyrir sjávarútveginn, og þegar þessi hv. þm. og hv. 3. þm. Vesturl. tala um ríkissjóðinn, þá er eins og þeir haldi það, að ríkissjóður sé einhver brunnur, sem hægt sé að ausa af og aldrei tæmist, og sé raunverulega óviðkomandi skattborgurunum. En skyldi ekki vera eitthvað líkt á komið með ríkissjóði og skattborgurunum? Skyldu ekki skattborgararnir þurfa að opna pyngjuna, til þess að ríkissjóði væri gert mögulegt að borga aukinn

vegagerðarkostnað? Ég held, að hv. þm. geti ekki komizt fram hjá þessu. Úr því að hann óskar eftir auknum framkvæmdum — sérstaklega í sínu kjördæmi — og viðurkennir nauðsynina á því að gera varanlega vegi, þar sem umferðin er mest, þá getur hann ekki snúið sig út úr þessu og sagt: Það er ekki hægt með því að fara þessa leið, sem ætlazt er til með þessu frv., heldur aðeins með því, að ríkissjóður leggi fram aukið fé. Það verður að líta svo á, að hv. þm. sætti sig við það, að framkvæmdir í vegamálum verði ekki auknar að sinni, heldur verði látið sitja við það, sem orðið er, og tæplega það, ef ekki verður neitt að gert með aukinni fjáröflun.

Hv. þm. talar um að öðru máli gegni með benzínverð hér en í nágrannalöndunum, þar sem búið sé að gera alla vegi og byggja þá upp, og það sé allt annað, þó að við hefðum þá lægra benzínverð en þeir. En er það ekki einmitt vegna þess, að við erum með vonda vegi — hálfgerða vegi, að við höfum ekki efni á því að selja benzínið á lægra verði en gert er í nágrannalöndunum eða taka minna af umferðinni en þau. Það er reginmunur á því að leggja gjöld á umferðina, eins og lagt er til í þessu frv., og á því að leggja á aðra tolla, t. d. á almennan varning, sem fólkið notar, því að með því að leggja gjöld á umferðina, sem eiga að ganga einungis til vegabóta, er verið að leggja grundvöll að því, að bifreiðaeigendur fái þetta aftur með því að eiga þess kost síðar meir að aka á góðum vegum. Það hefur verið sannað, að með því að aka á góðum vegum sparast benzín og varahlutir og ending bifreiðarinnar verður kannske allt að 50% meiri. Í grein í Tímanum í dag er talað um það, að sé t. d. sérleyfisbíl ekið eftir góðum vegum, þá muni hann endast eins vel í 15 ár á góða veginum og hann gerir nú í 10 ár á lélegu vegunum, og það er þetta, sem réttlætir aukna skattlagningu á bifreiðar, ef skattaaukningin verður látin ganga eingöngu til veganna, því að það eru bifreiðaeigendurnir, sem fá þessi framlög endurgreidd, eftir að vegirnar hafa verið bættir vegna aukinna framlaga, og það er allt annað að leggja á almenna skatta og tolla heldur en gera þetta með þessum hætti. Þess vegna er ekkert skrýtið við það, þó að hér væri lagt fram frv. til tollalækkunar og ráðstafanir gerðar til þess að lækka innflutningstolla almennt og þetta frv. kæmi rétt á eftir, vegna þess að þær ráðstafanir, sem gerðar eru með fyrra frv., koma öllum til góða — einnig þeim, sem enga bíla eiga, en gjöld samkv. þessu frv. koma aðeins niður á þeim, sem eiga bifreiðarnar og eiga að njóta sérstaklega hinna góðu vega, sem eiga að koma í kjölfar þessara gjalda.

Hv. 4. þm. Austf. gerir allt of mikið úr því, að þessi gjöld komi svo þungt niður á atvinnuvegunum, að það sé vafasamt, að atvinnuvegirnir fái undir þessu risið. Hv. þm. talar um það, að vísitalan muni hækka um 0.4 stig af þessum ástæðum og þetta muni auka launagreiðslur í landinu um hvorki meira né minna en 80 millj. kr. Þessi staðhæfing, held ég, að eigi ekki við rök að styðjast, því að 1 stig í vísitölunni veldur 15 millj. kr. útgjaldaaukningu hjá ríkissjóði vegna ríkisstarfsmanna, 0.4 stig valda þá um 6 millj. kr. útgjaldaaukningu. Þess vegna held ég, að þessi útgjaldaaukning í sambandi við launagreiðslur — 80 millj. kr., sem hv. þm. talaði um, sé úr lausu lofti gripin, þótt ég hafi það ekki hér fyrir framan mig, og það væri ágætt, ef hv. þm. vildi minnast þess seinna — og alltaf, að 0.4 vísitölustig hafi áhrif á atvinnureksturinn, en það hefur ekki alltaf virzt vera svo, að hv. þm. gerði sér rækilega grein fyrir því.

Hv. þm. talaði um það, að það réði ekki úrslitum um stórframkvæmdir í landinu, hvort þetta frv. yrði að lögum eða ekki, en hv. þm. gerir þó í öðru orðinu mikið úr því, að hér sé um 160 millj. kr. tekjuaukningu að ræða vegna frv. Það verður 190 millj. kr. tekjuaukning hjá Vegasjóði árið 1969, ef þetta frv. nær fram að ganga, þegar með eru reiknaðar vaxandi tekjur Vegasjóðs vegna aukinnar umferðar og bifreiðafjölgunar, og ef ekki er hægt að hugsa sér það, að talsverður hluti, sem um munar, af þessum 190 millj. kr. fari til stórframkvæmda í vegamálum, þá held ég, að mikið vonleysi hafi verið ríkjandi hjá hv. þm. áður, þegar ekki var séð fram á neina verulega tekjuaukningu eða tekjuöflun hjá Vegasjóði. Ég lýsti því hér áðan — og hv. þm. hlustaði á það, hvernig ég gat hugsað mér að þessum 190 millj. kr. yrði skipt í nýju vegáætluninni, sem samin verður á komandi hausti, og ég lét mér detta í hug, að hv. Alþ. gæti fallizt á það, að allt að 110 millj. kr. færi til hraðbrauta til varanlegrar vegagerðar, og ég gæti enn fremur hugsað mér, að þær 80 millj. kr., sem þá verða eftir, færu til þess að byrja á stórverkum víðs vegar út á landi auk þess, sem nokkuð af því verður að fara til aukins vegaviðhalds. Ég hefði búizt við því af þessum hv. þm., að hann léti það vera að mótmæla þessu frv. og léti sér lynda svo sem hann oft hefur gert áður, þegar mál eru borin fram, að tala, jafnvel mótmæla og finna að þeim till., sem fram eru lagðar, en láta það svo vera, þó að þær verði samþykktar og hugsi sér svo síðar meir að njóta góðs af því, sem hann á takmarkaðan hátt hefur barizt á móti. En nú hefur þessi hv. þm. tekið ákveðið þá afstöðu að vera á móti þessu frv., og tel ég það vanhugsað hjá honum.

Hv. 3. þm. Vesturl. talaði hér mikið áðan um, að það hefði verið breytt um stefnu 1960 í vegamálum. Fram að þeim tíma voru ekki tekin lán, sagði hv. þm. Fram að þeim tíma var aðeins unnið fyrir þær tekjur, sem voru samtímatekjur, eins og það var orðað, og þetta er alveg rétt. Það var breyttt um stefnu 1960. Það var gert bæði með því að auka tekjur — samtímatekjur — til veganna og einnig með því að taka lán til nokkurra vegaframkvæmda. Ef ekki hefði verið breytt um stefnu, þá væri Reykjanesbrautin enn ógerð, ekki væri enn þá farið að byrja á Strákavegi (Siglufjarðarvegi), enn væri

eftir að gera veginn fyrir Ólafsvíkurenni, enn væri eftir að gera Múlaveginn og ekki væri enn þá byrjað á Vestfjarðaáætluninni.

Ég hef verið á þingi í 26 ár, og ég held, að fyrsta eða annað árið hafi verið talað um veg fyrir Ólafsvíkurenni og það hafi verið Bjarni á Laugarvatni, sem þá var að bjóða sig fram í Snæfellsnessýslu. Áki Jakobsson talaði um Strákaveginn á sínum tíma, og það eru mörg, mörg ár, síðan talað var um Múlaveginn. Og það eru ákaflega mörg ár, síðan farið var að tala um, að gera þyrfti varanlegan veg til Keflavíkur. En það var algjör kyrrstaða í þessum málum, þangað til breytt var um stefnu og stefna hv. 3. þm. Vesturl. var ekki lengur ráðandi. Og hver vildi óska þess, að þetta, sem ég hér hef talið upp, væri ógert og sú stefna, sem hann talaði um og dásamaði hér áðan, hefði verið ráðandi og þessi verk ónunnin?

Það er talað um, að Vegasjóður hafi byrðar af þessum lánum. Ég gat þess áðan, að lánabyrðin og vaxtabyrðin léttist ár frá ári. Það er gert ráð fyrir, að vextir og afborganir af lánum, sem koma Vegasjóði við, verði 64.5 millj. kr. á næsta ári, og yrði það að verulegu leyti tekið af framkvæmdaáætlun og lánum breytt í lán til langs tíma, eins og ég áðan lýsti, að verið væri að hugsa um, þá léttast þessar byrðar ört, eins og ég hef áður lýst, og skerða ekki nema að litlu leyti framkvæmdagetu Vegasjóðs. Það er hlægilegt, þegar menn eru að tala um það og jafnvel að láta það koma í heilsíðufyrirsögn í Tímanum, að allt framkvæmdaféð fari í skuldir og skuldagreiðslur vegna lána, eins og það var orðað í Tímanum í haust. Allt framkvæmdaféð fer í það, og það tekur 8 ár, sagði hv. 3. þm. Vesturl. hér áðan, að borga þessar skuldir með framkvæmdafénu, en ekki 800 ár, eins og hv. 3. þm. Vesturlands lýsti yfir í ræðu einu sinni í vetur, þegar hann sagði, að það tæki 800 ár að byggja vegina með því framkvæmdafé, sem lagt er til hraðbrauta. Það var fróður framsóknarmaður, sem ég talaði við í gær, og hann þóttist vera búinn að reikna það út, að það væru ekki 800 ár, sem það tæki, heldur 400 ár. Ég hef ekki reiknað það út, hvor hefur réttara fyrir sér —framsóknarmaðurinn, sem segir, að það taki 400 ár, eða hv. 3. þm. Vesturl., sem fullyrðir, að það taki 800 ár. En þegar þessir hv. þm. líta þannig á málið, að það taki hundruð ára að byggja upp vegina með því fé, sem nú er til ráðstöfunar, þá er það því meira undrunarefni, að þeir skuli ekki fagna því þegar gerðar eru ráðstafanir til að afla Vegasjóði aukinna tekna, til þess að það taki a. m. k. ekki margar aldir, heldur kannske aðeins tugi ára að gera það, sem allir bíða eftir. Málflutningur af þessu tagi nær náttúrlega ekki nokkurri átt.

Hv. 3. þm. Vesturl., sem hefur setið lengi í fjvn. og oft talar um fjármál hér í hv. Alþ., sagði hér áðan nokkurn veginn orðrétt: Hvað ríkissjóði viðkemur, þá eru 100 millj. kr. til eða frá ekki umtalsverðar; 100 millj. kr. til eða frá skipta ekki máli fyrir ríkissjóð. Þess vegna er það að hans áliti hreinn barnaskapur, að ríkissjóður skuli ekki leggja til það fjármagn, sem þarf til þess að koma vegakerfinu í það bezta horf, sem við allir óskum eftir, og þess vegna er þessi hv. þm. alltaf að tala um ríkissjóð, vangreiðslur ríkissjóðs, og tala um það, að ríkissjóður eigi að láta af hendi það, sem hann hefur fengið af umferðinni o. s. frv., alveg eins og ríkissjóður sé eitthvað allt annað en sameign þjóðarinnar. Ríkissjóður og það fjármagn, sem hann hefur yfir að ráða, verður að koma frá fólkinu, og séu þessar upphæðir, sem ríkissjóður nú tekur í innflutningsgjöldum af bifreiðum, tollum af varahlutum og gúmmíum, teknar af ríkissjóði, þá verður vitanlega að afla ríkissjóði tekna til þess að fylla upp í það skarð, sem hlýtur að myndast.

Er það þá eðlilegra og réttara að innheimta slík gjöld t. d. með söluskatti á almenning en leggja gjöld á bifreiðarnar og láta bifreiðaeigendur borga? Ég sagði áðan, að ég teldi eðlilegt, að tollar væru lækkaðir af varahlutum og innflutningsgjöld lækkuð af bifreiðum, þegar ríkissjóður gæti án þeirra verið. Mér finnst það vera nokkuð, sem verði að keppa að, þegar mögulegt er, en að taka þetta núna af ríkissjóði og færa yfir í Vegasjóð hlýtur að verða til þess, að það verður að leggja skatt á almenning. Ef söluskatturinn væri hækkaður um — við skulum segja — 1%, þá kæmi það við allan almenning, líka þá, sem ekki hafa fram að þessu talið sig hafa efni á því að eiga bifreiðar. Er það þetta, sem hv. stjórnarandstæðingar vilja? Eða eru stjórnarandstæðingar svo ábyrgðarlausir, að þeir vilji taka undir með hv. 3. þm. Vesturl. og segja, að 100 millj. kr. til eða frá — eða þá 400—500 millj. kr., þessar tekjur, sem núna eru af umferðinni — skipti engu máli fyrir ríkissjóð? Vilja menn láta stjórnast af fullkomnu ábyrgðarleysi, eins og þessi fullyrðing gefur til kynna, að hv. 3. þm. Vesturl. sé tilbúinn að gera? Þegar hv. 3. þm. Vesturl. er að tala um, að það séu jafngóðar tekjur fyrir Vegasjóð, þó að það, sem hann hefur fengið, sé tekið af ríkissjóði — eins og það, sem hér er lagt til, að hann fái með þessu frv. — þá byggist þetta allt saman á því, að hv. þm. þykist skilja minna heldur en hann gerir eða á þeim vilja hans að taka á þessu af fullkomnu ábyrgðarleysi, sem er ekki sæmilegt af manni, sem setið hefur jafnlengi á Alþ. og þessi hv. þm., af manni, sem hefur setið í fjvn., og af manni, sem iðulega talar hér um fjármál fyrir hönd síns flokks.

Hv. þm. talaði um 47 millj. margnefndu, og sýnist nú vera ástæðulaust að vera að hafa mörg orð um það frá minni hendi. Það er vitanlega alrangt, að Vegasjóður hafi ekki fengið tekjur aftur sem þessu nemur eða miklu meira en það. Ef ríkissjóður hefði látið þessa peninga áfram til vegagerðarinnar, þá hefði vitanlega orðið að innheimta annars staðar frá fé, sem þessari upphæð nam, en fé Vegasjóðs hefur hækkað margsinnis — miklu meira en þessu nemur, og það má alveg eins segja, að Vegasjóður hafi þannig farið inn á það að hækka sínar tekjur á kostnað ríkisins — farið inn á þá tekjustofna, sem

ríkissjóður hefði annars getað tileinkað sér. Hv. þm. fór að gera samanburð á því, hvað þá hefði farið til veganna 1958, 1966 og 1967, á því, hvað þá hefði farið til veganna og þeim tekjum, sem voru af umferðinni, en 1958 segir hv. þm., að varið hafi verið til veganna 80 milljónum kr. Tekjurnar af umferðinni voru hins vegar þá 176 millj. kr., segir hv. þm. Þetta sýnir þá það, að ríkissjóður hefur tekið meira en helmingi meira — tekið annað eins af umferðinni og meira en það, sem varið var til vega 1958, en hv. þm. var að afsaka það með því, að hluti af benzínskattinum hefði þá farið í Útflutningssjóð. En hvað fer núna í Útflutningssjóð? Nú er enginn Útflutningssjóður til. Það er ríkissjóður, sem greiðir nú bæði með útgerðinni og útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir af þeim tekjum, sem ríkissjóður hefur innheimt, og þetta er þess vegna engin afsökun hjá hv. þm., þegar hann er að tala um, að ríkið hafi á þessum árum ekki tekið í sinn hlut hagnaðinn af umferðinni. En ef við tökum árið 1967 til samanburðar, þar sem hv. þm. talar um 900 millj. kr. — sem ekki er rétt — þetta eru ekki nema um 700 millj. kr. 1967, og þá eru tekjur Vegasjóðs 340 millj. kr. og með því að setja dæmið upp á sama hátt fyrir árið 1958 og 1967 þá er það helmingurinn af tekjunum, sem fer í ríkissjóð nú, en meira en helmingur 1958, því að Útflutningssjóður þá var hluti af ríkissjóði eins og allir hv. þm. vita. En sá er munurinn, að enda þótt tekjur af umferðinni hafi aukizt svona, þá hefur ríkissjóður ekki tekið í sinn hlut stærra hlutfall, heldur minna hlutfall en var 1958. Og satt að segja hélt ég, að hv. 3. þm. Vesturl. hefði verið búinn að gera sér grein fyrir þessu og leitaðist nú ekki við að fara að gera þennan samanburð hér í áheyrn allra hv. þm.

Hv. 3. þm. Vesturl. talaði hér eins og hv. 4. þm. Austf. um tollalækkunina og það öfugstreymi að vera fyrir nokkrum vikum að leggja fram frv. til tollalækkunar og svo aftur nú frv. til tekjuöflunar, en ég var búinn að lýsa því áðan, að hér væri um tvennt ólíkt að ræða og þess vegna ekki eðlilegt að ræða um það samtímis. Hv. 3. þm. Vesturl. spyr um hraðbrautanefnd — hvað hún hafi gert. Hraðbrautanefnd hefur gert ýmislegt. Hún hefur stjórnað því, að áætlunargerð er hafin og nauðsynlegur undirbúningur að hraðbrautagerðinni. Hraðbrautanefnd hefur kynnt sér, hvað tekið er af umferðinni í nágrannalöndunum og allt slíkt, og borið fram till. í líkingu við þær, sem hér eru í þessu frv. um tekjuöflun fyrir Vegasjóð. Hraðbrautanefnd hefur einnig kynnt sér lánakjör í Alþjóðabankanum og möguleika á því að fá lán þar. Hvað þessi nefnd hefur kostað mikið? Ég get fullvissað hv. 3. þm. Vesturl. um það, að það er ekki mikið, sem hún hefur fengið í laun, en hann sem ríkisendurskoðandi mun á sínum tíma komast að því, og það mun verða gert opinbert.

Ég held, að ég hafi nú komið að flestu, sem þessir hv. þm. töluðu um hér áðan. Hv. 3. þm. Vesturl. taldi alveg útilokað, að það yrði byrjað á nokkrum vegaframkvæmdum að ráði, nema tekið væri ríkislán. Þeir tóku í sama streng báðir, hv. 4. þm. Austf. og 3. þm. Vesturl., um það, að enda þótt hér væri um 190 millj. kr. tekjuaukningu að ræða hjá Vegasjóði á næsta ári frá því, sem það er á árinu 1968, þá raunverulega munaði ekkert um það; það væri ósköp lítið hægt við þetta fé að gera.

Ég held, að hv. þm. tali hér meira af vilja en skynsemi, þegar þeir eru að reyna að gera lítið úr þessu frv. Það má vel vera, að hv. n. sjái ástæðu til að gera ráðstafanir til að afla Vegasjóði aukinna tekna í haust í sambandi við samningu vegáætlunarinnar, en það er þó ljóst, að það eru takmörk fyrir því, hvað langt má ganga í að leggja á þungaskatt og hækka benzín. Á meðan gjöldin hér eru lægri en í nágrannalöndunum, þar sem búið er að byggja upp vegina, er þó ekkert eðlilegt, að hér sé talað um óeðlilega skattlagningu. Það er vegna þess, hvað við eigum mikið ógert, að við hljótum að taka a. m. k. eins mikið og gert er annars staðar, og það væri jafnvel hægt að afsaka það, þótt benzínið væri hér nokkru hærra en í nágrannalöndunum einmitt vegna þess, hvað við eigum mikið ógert.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta í sambandi við það, sem þessir tveir hv. þm. hafa sagt, en ég harma það, að þeir skuli líta á þetta mál óraunhæft og tala um það frá áróðurssjónarmiði, og ég er nú ekki viss um, að þessir hv. þm. hafi hitt naglann á höfuðið, þegar þeir taka þessa afstöðu í þeirri trú, að það verði vinsælt hjá öllum almenningi. Ég held, að allur almenningur í þessu landi geri sér ljóst, að við verðum að gera vegina góða — gera varanlega vegi, þar sem umferðin er mest. Ég held, að almenningur hafi gert sér það ljóst, að eina leiðin til þess, að vegirnir geti batnað, sé sú að leggja fram aukin framlög til veganna, og ég held, að fjöldinn geri sér grein fyrir því, að með því að fá bætta vegi fái þeir endurgreitt nokkuð af því, sem þeir leggja nú fram vegna hækkunar á benzíni og öðrum gjöldum af bifreiðum. Það er áreiðanlegt, að allur fjöldi manna skilur það, að það árar ekki þannig nú, að það sé mögulegt fyrir ríkissjóð að láta af hendi tugi eða hundruð millj. kr. af þeim tekjum, sem hann hefur haft af umferðinni undanfarið.

Þetta skilur allur fjöldi almennings í landinu, og þess vegna er það, að þessir hv. þm. hafa ekki gert sér grein fyrir því, að þeir fara villir vegar, þegar þeir halda það, að málflutningur þeirra verði samþykktur af öllum fjölda í þessu landi. Fólkið veit, hvernig ríkissjóður er staddur nú, og það veit, að það er nauðsynlegt að fá vegina bætta frá því, sem verið hefur undanfarið.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar málefni þjóðveganna eru til meðferðar hér á þ., hef ég alltaf tilhneigingu til að leggja orð í belg, og nú ætla ég að leyfa mér að bæta nokkrum orðum við það, sem sagt hefur verið í umr. um þetta mál. Mér þykir ekki ólíklegt, að það kunni fleiri að gera, og ég vona, að það sé ekki ætlunin að reka þetta mál með neinum óeðlilegum hraða í gegnum þ. Hér er vissulega um stórt mál að ræða, og það verð ég að

segja, að ég hefði talið betur fara á því, að það hefði komið fram fyrr á þ. Það er nú töluvert um það talað, að nauðsyn beri til að ljúka bráðum þ., til þess að hv. þm. geti farið að sinna sínum málum og hæstv. ríkisstj. að gefa út bráðabirgðal. Fyrir ríkissjóð býst ég ekki við, að það skipti miklu máli, hvort þ. stendur einni vikunni lengur eða skemur. Í þessu sambandi skiptir það mestu máli, að þm. geri skyldu sína við afgreiðslu mála. Það er mikið talað um hagræðingu oft og tíðum hér í þessum sal, en ég held, að það gæti verið ástæða til þess fyrir þessa samkomu og þá, sem hér hafa verkstjórn, hæstv. ríkisstj. og forseta, að gefa því gaum, hvort hagræðingar sé gætt í störfum Alþ.

Það hefur verið svo undanfarið löngum, að þegar komið er undir þinglok, hefur mikið af málum enn verið óafgreitt, og mér sýnist nokkrar líkur til þess, að þannig horfi einnig nú. Það var svo lengi framan af í vetur, að fundir voru fáir og hægt gekk að vísa málum til n. og ýmsar n. hafa ekki getað hafið störf fyrr en mjög seint, en nú eru málin sem óðast að koma frá n. Ég held, að þessu þurfi að breyta, en ég nefni þetta almennt um vinnubrögðin hér á Alþ. sérstaklega í sambandi við þetta mál og í sambandi við það, sem ég sagði, að ég vonaði, að ekki yrði hafður óeðlilegur hraði á meðferð málsins, þannig að mönnum gæfist kostur á að athuga það svo sem þarf. Ég ætla ekki að gera það mjög að umræðuefni, sem rætt hefur verið í umr. fram að þessu. Ég kvaddi mér ekki hljóðs af því út af fyrir sig, að ég vildi þar með styðja eitt eða andmæla öðru, sem fram kom í þessum ræðum, heldur af því, að ég vildi koma að mínum eigin hugleiðingum í sambandi við þetta frv. Ég er heldur ekki eins kunnugur innheimtu skatta í Vegasjóð og ríkissjóð og ráðh. og fjvn. sem hafa verið að ræða það mál nokkuð.

Fyrir nokkrum dögum — eða a. m. k. fyrir skömmu — var til umr. hér í þessari hv. d. frv. til l. um að lækka ríkisútgjöldin 1968 um nálega 200 millj. kr. Sumir hv. þm. héldu því að vísu fram, að þarna væri þó fremur um talnabreytingu en raunverulega útgjaldalækkun að ræða. Ég skal ekki ræða það nánar, en við alþm. höfum líka fengið að sjá framan í skattafrv. á þessu þ. Fyrst kom eitt í þingbyrjun. Svo kom gengislækkunin, sem hefur í för með sér sjálfvirka hækkun aðflutningsgjaldanna eins og gengisbreyting jafnan hefur. Og nú er nýtt skattafrv. fram komið — þetta, sem hér er til umr., frv. um hækkun benzínskatts, gúmmígjalds og þungaskatts af flutningabifreiðum, sem nota olíu í stað benzíns. Það er áætlað í grg. frv., að þessi skattahækkun nemi það, sem eftir er af þessu ári, 109 millj. kr., en 157 millj. kr. á árinu 1969, en hér í umr. hafa verið nefndar hærri tölur. Þetta frv. er að formi til um breytingu á vegal., og peningarnir, sem innheimtir eru samkv. því, ef að l. verður, eiga að renna í Vegasjóð. Vegasjóð vantar fé. Um það er ekki ágreiningur. Hann er svo févana og hefur verið, að viðhald þjóðveganna er af þeim sökum miklu minna en það þyrfti að vera og svo lítið um nýbyggingu þjóðvega — miðað við þörf vegna umferðar, sívaxandi fjölda stækkandi ökutækja, sem nú eru yfir 40 þús. í landinu móti 18 þús. fyrir 10 árum — að fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkv. vegal. verður ekki lokið með sama áframhaldi fyrr en á 21. öld. Hæstv. ráðh. var að tala um það áðan, að það mundi taka 400 eða jafnvel 800 ár, og hafði það eftir einhverjum öðrum, að byggja mætti upp vissan þátt þjóðveganna, en mér sýnist a.m.k. auðsætt, að með sama áframhaldi muni það ekki verða fyrr en á næstu öld, sem lokið verður uppbyggingu þjóðvegakerfisins í heild, ef ekki er að gert.

Hér á Alþ. hafa af hálfu þm. verið gerðar ítrekaðar tilraunir til að fá aukningu, sem um munar á tekjum Vegasjóðs. Í ríkissjóð rennur nú, eins og fram hefur komið í þessum umr., hálfur milljarður eða vel það af tekjum af umferðinni, og það, sem Vegasjóður fær, er þá auðvitað ekki meðtalið, því að hann telst ekki til ríkissjóðs í þessu sambandi. Þetta, sem ríkissjóður fær til sinna þarfa, eru leyfisgjöld og tollar af bifreiðum og varahlutum. Hér á Alþ. hefur því verið haldið fram undanfarin ár, að ríkissjóður eigi að láta af hendi við Vegasjóð bróðurpartinn af þessum 500 eða 600 millj. kr. frá umferðinni eða a. m. k. leyfisgjöldin. Tillaga hefur verið uppi um það, sem hv. 3. þm. Vesturl. gerði hér áðan að umræðuefni. En þetta fékkst ekki fram, meðan góðærið var mest, og sjálfsagt eru þá líkurnar minni til þess, að það fáist nú, þegar hæstv. fjmrh. segist berjast í bökkum, sem ég efa ekki, að hann fari rétt með út af fyrir sig. En hæstv. ríkisstj. hefur farið aðra leið. Hún hefur látið Vegasjóð taka lán, sem nema víst nú 400—500 millj. kr. Þessi lán hafa verið tekin á nokkrum undanförnum árum — líklega síðan á árinu 1962, og þessu lánsfé hefur verið varið til einstakra stórframkvæmda í vegamálum — þó fyrst og fremst Keflavíkurvegarins. Ég er ekki að lasta þessar lántökur og ekki þessar framkvæmdir, en fólk í flestum byggðum landsins verður næsta lítið vart við þær framkvæmdir, þó að þær séu út af fyrir sig ágætar og hafi kostað mikið fé. Þessu lánsfé sýnist mér hafa verið ráðstafað með geðþóttafrumkvæði, án þess að til sé nokkur heildaráætlun eða heildaryfirlit um uppbyggingarþörf þjóðvegakerfisins í heild og hvernig og hvenær og í hvaða röð henni skuli fullnægt í landinu í heild eða hvort það verði nokkurn tíma gert. Víðs vegar um land frétta menn um þessar stórframkvæmdir fyrir lánsfé á mjög takmörkuðum svæðum, nokkra tugi km, sem hver um sig hefur kostað hálfan eða heilan tug millj. kr. En þegar spurt er um, hvað líði vegabótum í tveim eða þrem sýslum eða svo, er svarað: Peningana vantar enn þá. Og sé spurt, hvenær megi vænta framkvæmdanna á þeim svæðum — eftir tvö, þrjú, fimm eða tíu ár, er heldur ekkert svar — bara þögn eða hálfgerðir útúrsnúningar og háðsglott á vörum stjórnarvalda. Þau geta ekki svarað og vilja ekki reyna til þess að móta stefnu, sem geri þeim mögulegt að gefa svar, sem sanngjarnir menn geta sætt sig við.

Við höfum á þessu þingi, átta alþm. — þegar á öndverðu þingi — gert tilraun til þess að fá stjórnarvöld — og þá náttúrlega sérstaklega hv. samgmrh. — til samstarfs um að skapa ratljósa leið út úr þeirri ísþoku, sem nú hvílir yfir framtíðinni í þessum málum. Við höfum gert till. um tíu ára áætlun og tíu ára þjóðarátak til að koma Íslandi úr tölu vanþróaðra landa í vegamálum. Við viðurkennum staðreyndina, þ. e. fjárskort Vegasjóðs. Við lokum ekki augunum fyrir kveinstöfum hv. fjmrh. Við grípum það fordæmi, sem þegar hefur skapazt með lántökum, og ég á þar auðvitað ekki við bráðabirgðalánin, sem tekin eru stundum hér og þar í héraði gegn greiðslu af næsta árs framlagi. Sú tegund af lánum hefur lengi tíðkazt. Ég er að tala um það fordæmi, sem felst í töku fastra lána til vegaframkvæmda síðustu árin. Við teljum það barnaskap að láta févana Vegasjóð taka þessi lán lengur. Ríkið verður að gera það og standa straum af þeim og við viljum ekki una því lengur, að slík lán séu tekin skipulagslaust — án áætlunar og án heildartakmarks — eða farið sé með þetta sem eins konar laumuspil eftir geðþótta eins og eins ráðh., þm. eða embættismanns. Ef áformað er að afla fjár á þennan hátt til mikilla framkvæmda á það að gerast fyrir opnum tjöldum frammi fyrir alþjóð manna um land allt og stofna til þess með lokatakmarkið fyrir augum, þ. e. fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkv. vegalögum, er lokið verði á þeim tíma, sem menn verða ásáttir um og telja fært og eðlilegt. Við höfum í þessari till., sem ég nefndi áðan, talað um 10 ára áætlun í þessu skyni eða skemmri tíma, ef fært þætti — helzt ekki lengri, en a. m. k. þarf að áætla tímann fyrir fram og hafa ekki þessa óvissu lengur fyrir þorrann af byggðum landsins í framtíðinni í vegamálum.

Það er eins í rafvæðingarmálinu. Þar höfum við, þm. Framsfl., þing eftir þing flutt till. um slíka áætlun og með svipuðum rökum, en að því leyti annarrar tegundar, að þar er áætlunarátakið ekki nema brot af vegagerðarátaki nú, sem þjóðin verður að leysa af hendi og hér er rætt um. En þrátt fyrir allt orðagjálfrið um framkvæmdaáætlanir, landshlutaáætlanir og jafnvel áætlanir um þjóðarbúskapinn hefur hæstv. ríkisstj. til þessa dags ekki mátt heyra rafvæðingaráætlun nefnda og annað hvort látið till. um hana daga uppi, vísað þeim frá eða vísað þeim til sjálfrar sín eða nú síðast beinlínis fellt till. í þá átt, eins og gert var við afgreiðslu fjárl. í vetur. Og sagan endurtekur sig í vegamálunum að þessu leyti. Nú fyrir nokkrum dögum var till. okkar áttmenninganna um 10 ára áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins, sem jafnframt fól í sér stefnuyfirlýsingu um fjáröflun, vísað frá af stjórnarmeirihluta í hv. allshn. Sþ. Þar var af okkar hálfu, sem að till. stöndum, boðið upp á samkomulag, þ. e. að jákvæð tilraun yrði gerð til að ná samkomulagi í samráði við vegamálastjórann. En það var ekki hægt; ekki einu sinni það. Þarna sátu menn úr ýmsum byggðum landsins, velviljaðir menn í þessu máli, en af einhverjum ástæðum — mér óskiljanlegum — sögðu þeir fátt og gáfu aðeins merki um það, hvaða afstöðu þeir hefðu. Mér sýnist hér vera að verki sú kaldræna þverúð eða skilningsleysi á almannaþörf, sem ekki lætur bugast af neinu nema atkvæðaseðlum á kjördegi og alls ekki af rökum, og er illt til þess að vita.

Ég var hér áðan að tala um það, að það hefðu verið tekin lán til vegaframkvæmda undanfarin ár. Þessi lán hafa verið sett inn í vegáætlunina eða heimildir til slíkrar lántöku og jafnframt gerð áætlun um notkunina, eins og gera ber samkv. vegal. Ég ætla aðeins að minnast á eitt atriði í því sambandi og inna eftir því, hvort einhverra upplýsinga sé að vænta um það. Þetta hefur sem sé borizt í tal í umr. um skýrsluna, sem hæstv. ráðh. lætur gera ár hvert um framkvæmd vegáætlunarinnar. En mér skilst, að í vegáætluninni, hinni endurskoðuðu, fyrir árin 1967 og 1968, sem afgreidd var í fyrra, hafi verið gert ráð fyrir því, að varið yrði lánsfé til vegaframkvæmda á þessum tveimur árum samtals nálega 290 millj. kr. eða nánar tiltekið 288 millj. kr. Þetta skiptist þannig, að í hraðbrautir átti að verja um 204 millj. kr. bæði árin, í þjóðbrautir nálega 65 millj. kr. og í landsbrautir rúmlega 19 millj. kr. Nú er ekki nema annað liðið af þessum árum, þ. e. árið 1967, en á því ári átti að verja lánsfé til vegaframkvæmda samkv. þessu rúmlega 138 millj. kr. Og þá er auðvitað átt við þessa tegund lánsfjár, sem ég nefndi, en ekki bráðabirgðalánin, sem hvergi eru í vegáætlun, og ekki má blanda því saman. Nú skilst mér, að samkv. vegaskýrslunni hafi ekki verið notaðar af þessu nema 57—58 millj. kr., þannig að 80 millj. kr. af þessari lánsheimild hafi ekki verið notaðar á árinu 1967. Þessi heimild mun hafa verið samþ. seint í apríl eða í byrjun maímánaðar í fyrra á Alþ., en vegaframkvæmdir hefjast ekki fyrr en nokkru síðar, þegar jörð er orðin þíð. Mér og mörgum öðrum þykir þetta einkennilegt, að svona fyrirætlanir skyldu vera uppi í lok aprílmánaðar eða byrjun maí og hafa svo ekki verið framkvæmdar nema að svona litlu leyti, þegar til raunveruleikans kom. Sumir segja, að þetta standi eitthvað í sambandi við alþingiskosningarnar s. l. vor, að stjórnin hafi verið svona bjartsýn fyrir kosningar, en svo hafi bjartsýnin minnkað eftir kosningar. Ég legg ekkert upp úr því. En einkennilegt er þetta samt.

Þetta snertir náttúrlega ýmsa landshluta, og ég vil minnast á það hér og tel eiginlega fulla ástæðu til að gera það í sambandi við þetta mál, af því að ég hef ekki fengið svar við því áður í sambandi við vegaskýrsluna, að í mínu kjördæmi átti að úthluta ofurlitlu af þessu lánsfé. Það var reyndar sáralítið. Og mér þykir snubbótt, að það skuli ekki hafa verið reynt að efna þetta, svo lítið sem það var. Í Dalvíkurveginn, sem er hluti af Ólafsfjarðarvegi, átti að verja af þessu 1 millj. kr. á árinu 1967 og í Þingeyjarsýslubraut í Aðaldal annarri millj. Og það var lítið miðað við þessa rausn, sem þarna var um að ræða, en hvorugt virðist hafa verið gert á

árinu 1967. Það var ekkert unnið í Dalvíkurveginum. Það var að vísu unnið nokkuð í Þingeyjarsýslubraut í Aðaldal, en það var ekki fyrir svona lánsfé, heldur var þar um að ræða fé, sem kríað var út heima í héraði til bráðabirgða og á að endurgreiðast af framlaginu næsta ár, nema hæstv. ríkisstj. sé búin að breyta þessu. Sé svo, er ég henni þakklátur fyrir. Nú var verið að spyrja um það í umr. um vegaskýrsluna, hvernig á þessu stæði og hvort ekki mundi verða ráðin bót á á næsta ári, og þá ætlunin að taka þá þeim mun meiri lán, til þess að farið yrði eftir vegáætluninni.

En nú er þetta frv. fram komið hér á þskj., sem ég hef fyrir framan mig um breyt. á vegal., og það er auðvitað skylt að meta það án fordóma, sem þar er á ferð. Efni þessa frv. er að leggja nýja skatta á umferðina í landinu, þ. e. 1 kr. til viðbótar á benzínlítra, 27 kr. til viðbótar á kg af bílagúmmí og 30—100% hækkun á þungaskatti dísilbíla eftir stærð samkv. því, sem hæstv. ráðh. upplýsti hér áðan. Samtals áætlað, eins og ég sagði, gefur þetta af sér 109 millj. kr. á þessu ári og 157 millj. kr. á næsta ári, en hærri tölur voru nefndar í umr. Þetta eru tölur grg. Þetta er allmikið fé, allverulegur skattur, sem þannig er ráðgert að bæta ofan á aðra nýlega skattahækkun á ökutækin, og ekki verður því neitað, að þessi skattahækkun er á ferðinni á frekar viðsjálum tíma í árferði, sem ekki er nærri eins gott og hefur verið undanfarið. En almennt vil ég um þetta og þessa fjáröflunarleið og fjáröflun til viðbótar í þessu skyni segja það, að þjóðin þarf að mínum dómi að vera við því búin, að fram undan verði að vera stórátök mjög kostnaðarsöm í vegamálum landsins, ef vel á að vera. Það getur verið á komandi tíma óhjákvæmilegt að hækka skatta í þessu skyni. En eins og ég sagði, finnst mér tíminn til skattahækkunar varla vel valinn að þessu sinni. Það er þá líka þess vert að gefa því gaum, hvers vegna hæstv. ríkisstj. vill leggja þennan skatt á núna. Það er ástæða til að velta því fyrir sér, þegar maður sér þetta frv., hvort landið í heild megi vænta mikilla og almennra umbóta á þjóðvegunum í hinum ýmsu landshlutum, ef þessi skattur verður á lagður.

Í upphafi grg. þessa frv. segir:

„Aðkallandi er að ráðast í lagningu hraðbrauta, svo sem nánar er að vikið í aths. þessum. Til þess að það geti orðið, verður að afla fjár til Vegasjóðs.“ Og síðar í grg. er sagt, að rætt hafi verið um undirbúning hraðbrautarframkvæmda sem höfuðtilgang fjáröflunar þeirrar, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Á öðrum stað í grg. er þess þó getið, að fleira komi til greina, og að því er þetta ár varðar, virðist ekki eiga að verja hinu fyrirhugaða skattfé nema að litlu leyti eða a. m. k. minni hluta þess — til vegaframkvæmda á árinu, heldur til að borga umframeyðslu, skuldir og ýmiss konar tæknilega vinnu, sem sumpart er búið að leysa af hendi og sumpart er gert ráð fyrir að leysa af hendi á árinu en ekki nema minni hl. þess til raunverulegra vegaframkvæmda sýnist mér. Hæstv. ráðh. sló dálítið úr og í í sinni ræðu áðan um það, hvað ætti að gera við peningana, en í grg. stendur þetta, og hann ræddi töluvert um það, sem hann nefndi „hraðbrautanefnd,“ sem hefði verið skipuð til þess að gera áætlanir um hraðbrautir og kanna möguleika á útvegun lánsfjár til hraðbrauta — einnig erlendis. Til hraðbrauta teljast samkv. gildandi reglum sem birtar voru, ef ég man rétt, árið 1964, nálega 150 km af þjóðvegunum. En þjóðvegakerfið í heild er 9500 km. Þjóðvegakerfið er þannig sundurliðað samkv. þessari skýrslu frá 1964, að hraðbrautir eru 148.5 km, þjóðbrautir 2960.9 km, landsbrautir 6272.1 km og þjóðvegir í þéttbýli 96.4 km — samtals 9477.9 km eða undir 9500 km, eins og ég sagði áðan. En ég var að tala um hraðbrautirnar og vegamálastjórinn lætur í það skína, að í sambandi við umferðarmælingar eða umferðartalningu, sem hefur átt sér stað, muni hraðbrautir í næstu vegáætlun verða taldar 300—400 km. Ég hef heyrt talað um 400 km, en hæstv. ráðh. talaði hér áðan um 300 km, sem þyrfti að byggja upp, og hefur hann þá sjálfsagt dregið Reykjanesbrautina frá. Ætti þá eftir því að mega gera ráð fyrir að hraðbrautir yrðu taldar í vegáætluninni svona í kringum 350 km, þ. e. sú hraðbraut, sem búið er að byggja upp, og þær hraðbrautir, sem eftir er að byggja upp.

Af þessum 350 km er lítill spotti á Norðurlandi. Mig minnir, að hann væri 1964 talinn 10 km við Eyjafjörð, en hér er að langsamlega mestu leyti — svo að segja að öllu leyti — um að ræða vegi á Suðvesturlandi út frá höfuðborginni. Fróðir menn, sem ég hef spurt um það efni, segja, að ætla megi, að km í hraðbraut, eins og gert er ráð fyrir að byggja þær, kosti 5—6 millj. kr. Hæstv. ráðh. nefndi hér áðan a. m. k. 5 millj. kr. Þetta er álíka og 10 km í fullgerðri þjóðbraut eða 20 km í landsbraut. Reyndar er þetta ágizkun, en kannske ekki fjarri lagi. Auðvitað er það mikil nauðsyn að byggja upp hraðbrautirnar og koma á þær varanlegu slitlagi. Og að því verður að vinna, að þeim framkvæmdum miði áfram sem fyrst og sem mest og þó með hliðsjón af vegaframkvæmdum í landinu í heild. En ef miklum meiri hl. af öllu nýbyggingafénu, sem hér er um að ræða að skattinum meðtöldum ætti að verja í 350 km á hraðbrautum nær eingöngu hér út frá höfuðborginni, en aðeins tiltölulega litlum minni hl. í alla 9000 km annars staðar á landinu, held ég, að mönnum þyki víða skammt miða á næstu árum. Þá held ég, að margar framtíðarvonir fari að dvína, og þá held ég, að mörgu byggðarlaginu verði hætt. Ég er ekki að fullyrða, að það sé þetta, sem áformað er eða koma skal. Þetta eru aðeins hugleiðingar út af orðalagi í grg. frv., sem mér þykir vera nokkuð einstrengingslegt, en ef þetta er það, sem koma skal, ef ekki þykir ástæða til þess í sambandi við þetta frv. að láta þeirri landsbyggð, sem ekki er í námunda við hraðbrautir, neina ljósglætu í té, held ég, að mörgum muni þykja þröng fyrir dyrum.

Vegamálin eru landsmál. Vegakerfið er einn af

helztu hornsteinum landsbyggðarinnar. Það verður að hugsa um þessi mál á landsvísu, ef svo mætti orða það. Það má ekki dragast von úr viti að koma vegakerfinu í heild í viðunandi horf. Þing og stjórn verða að skapa sér yfirsýn yfir þetta mikla verkefni. Við eigum að líta á hraðbrautirnar sem nauðsynlegan þátt og auðvitað dýrasta þáttinn í nauðsynlegri heildarframkvæmd fyrir alla landshluta, öll byggðarlög, stór og smá í þessu landi. Ef ekki er hægt að fá menn til að gera heildaráætlun um kostnað við fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins, er auðvitað ekki hægt að gera sér grein fyrir því með verulegri nákvæmni, hvað þetta mikla verk kostar og hvernig haganlegast eða sanngjarnast væri að raða því niður á tiltekið árabil, t. d. 10 ár. En það er e. t. v. hægt með einföldum aðferðum að gera sér í stórum dráttum grein fyrir því fjármagni, sem líklegt má telja, að hér yrði um að ræða.

Ég sem óverkfróður leikmaður gæti t.d. gert mér í hugarlund nú á þessari stundu, að legði þjóðfélagið það á sig að leggja fram og útvega gegn greiðslu síðar 400—500 millj. kr. á ári til nýbyggingar þjóðveganna, þ. á m. hraðbrautanna, yrði uppbyggingu þjóðvegakerfisins í heild — hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta — að miklu leyti lokið eftir svo sem einn áratug. Ég gæti gert mér það í hugarlund. En til þess að nefna slíkar tölur með nokkurri vissu þarf auðvitað að liggja fyrir áætlun sérfróðra manna — a. m. k. lausleg áætlun, þótt ekki sé það endanleg áætlun. En svona aðferð hefur tíðkazt hér í löggjöf — að vísu í miklu smærri stíl — að lögbinda árlega framlög til einhverra framkvæmda 5—10 ár fram í tímann — stundum ótakmarkað — til að ná settu marki, og þá hefur yfirleitt verið við þetta staðið. Ég þarf ekki að nefna slík dæmi. En hér er um óvenjulega mikið fjármagn að ræða og það fjármagnsfreka áætlun, að slík hefur e. t. v. ekki verið gerð fyrr, en þó þarf sjálfsagt að taka bróðurpartinn af því eða allt að því — að láni. Það yrði ríkissjóður að gera og standa straum af, þangað til verkinu væri lokið og jafnvel lengur.

Til þess að taka ákvörðun af þessu tagi þyrfti að gera áætlun, eins og ég sagði, en ef menn vilja ekki gera áætlun og eru ekki fáanlegir til þess að ljá því eyra, að það eigi að gera áætlun fyrr en þá e. t. v. einhvern tíma síðar, er sennilega hægt að komast af án hennar fyrst um sinn, en ákveða markmiðið og leiðina í höfuðdráttum til að ná því með einföldum aðferðum og ákveða tímamark og líklega fjármagnsþörf. Það mætti þá t. d. hugsa sér þá aðferð, að fjármagni hvers árs væri skipt milli hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta — þessara tegunda veganna — í hlutfalli við líklega og síðar áætlaða heildarþörf hverrar tegundar vegar fyrir sig. Það er hægt að hugsa sér þessa aðferð. Og þó að ekki liggi fyrir áætlun sundurliðuð eftir árum, vita menn það þá a. m. k., að í lok hins tiltekna tímabils, hvort sem það eru 10 ár eða eitthvað annað, á alls staðar eða a.m.k. víðast hvar að vera kominn viðunandi þjóðvegur. Ef svona væri farið að, held ég, að þjóðin mundi sætta sig við, að á hana væru lagðir töluverðir skattar í þessu skyni og þá náttúrlega helzt þannig, að ekki væri endilega byrjað á sérstaklega óhagstæðu ári í því sambandi. Þá hefðu allir landsmenn, hvar sem þeir eru á landinu til nokkurs að vinna.

En skattur á skatt ofan í vegamálum eða til vegamála — 50 millj. kr. í fyrra, 100 millj. kr. í ár, 150 millj. kr. næsta ár — án nokkurs sameiginlegs þjóðartakmarks á þessu sviði er svo sannarlega ekki hin rétta leið. Slíkir skattpinklar ár eftir ár vekja enga sameiginlega þjóðarvon, aðeins gremju og vonleysi margra byggðarlaga, sem sjaldan eða aldrei sjá neina skímu í þessum málum. Það er ákaflega erfitt að styðja slíka aðferð og vita eiginlega ekkert um árangurinn nema þá helzt það, að peningarnir — eða mestur hluti af þeim — eigi að fara í framkvæmdir í litlum hluta landsins, ef það er þá meiningin í raun og veru eins og helzt mætti ráða af grg. þessa frv., en hæstv. ráðh. sló raunar nokkuð úr og í um það efni, eins og ég sagði áðan.

Hugmyndir hér á Alþ. um notkun mikilla fjárupphæða á íslenzkan mælikvarða til vegaframkvæmda eru oft furðustaðbundnar a.m.k. í margra augum — 300 millj. kr. í veg fyrir flugvöll, 50 millj. kr. í jarðgöng gegnum fjall, 100—200 millj. kr. til þess að brúa jökulhlaup á sandi, göng undir fjörð eða brú fyrir fjörð. Allt er þetta nýstárlegt í augum þeirra, sem hafa fyrir augum breiðar byggðir eða tengileiðir milli héraða með meira og minna hálfónýtum eða hálfófærum vegum, sem kallaðir eru alfaraleiðir mannflutninga og viðskipta, lífæðir landsbyggðar. Svona dýrar framkvæmdir, eins og ég nefni hér og þar, geta verið mjög æskilegar eða jafnvel alveg nauðsynlegar og jafnvel án ágreinings. En nauðsyn þeirra — nauðsyn slíkra mjög dýrra framkvæmda á mjög takmörkuðum svæðum, sú nauðsyn — skilst miklu betur, ef hún kemur fram sem liður í allsherjarverki fyrir allt landið, sem menn vita og og sjá svart á hvítu, að ekki þarf að bíða eftir alveg óendanlega lengi. Það þarf í þessu máli stórhug, það þarf takmark og það þarf forsjá. Og það þarf réttlæti gagnvart landshlutum, héruðum og byggðarlögum. Ekkert skrifstofu- eða stjórnarráðspukur, sem menn frétta seint og síðar meir og skilja ekkert í, um skatta og fjárveitingar. Það þarf yfirsýn, það þarf stefnu, skýra stefnu, sem allir mega þekkja og þar sem engu þarf að leyna. Og þá, þegar svo er um búið, en aðeins þá, finnst mér, að hægt sé að mælast til, að þjóðin leggi sig fram í þessum málum, en þá held ég líka, að hún sé öll af vilja gerð til þess að gera það.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skal ekki þreyta hv. þm. á langri ræðu; ég geri það sjaldan. En þegar ég las þetta frv., datt mér í hug konungur í Gyðingalandi hinu forna, sem Salómon hét. Hann var talinn spekingur að viti og glæsilegur konungur, en honum varð það á, að hann skildi aldrei gjaldþol þegna sinna og lagði á þá þyngri

skatta en þeir voru færir um að bera, byggði hallir og átti stór kvennabúr og glæsileg hesthús og annað slíkt. En það er nú aukaatriði. En aðalatriðið var, að hann skildi aldrei, hvað þegnar hans voru færir um að bera. Af þeirri ástæðu þreyttust þeir á honum, og þegar sonur hans kom til valda, fóru þeir fram á það við hann, að hann létti af þeim byrðunum. Þegar hann tók því illa, yfirgáfu þeir hann, þannig að með sinni eyðslu og yfirborðsmennsku eyðilagði hann — eða átti mikinn þátt í að eyðileggja — sitt ríki. Mér datt þetta í hug, þegar ég sá þetta vegafrv.

Við erum allir sammála um það, að við þurfum fé í vegi og jafnvel meira fé heldur en nú er. Hitt er svo annað mál, að ég hef aldrei getað tekið undir þessar þrotlausu kröfur um, að allt eigi að gera í einu. Við vitum það mjög vel, að það er ekki hægt. Ég veit það, að menn úr þéttbýlum löndum, þar sem fleiri hundruð búa á hverjum ferkm, undrast, hvað við erum búnir að gera mikið í þessu landi, þar sem 200 þús. menn búa. Þeir skilja það ekki, að 200 þús. manns geti lagt vegi, þótt lélegir séu, um þetta land. Og þegar tekið er tillit til þess, á hve stuttum tíma þetta hefur verið gert, þurfum við ekkert að undrast, þótt við höfum ekki steyptar brautir um allt. Við skulum ekkert vera að gera lítið úr því, sem gert hefur verið síðustu tvö kjörtímabil. Það er engin ástæða til þess. Það hefur verið steypt braut suður á Reykjanesið, og það er búið t. d. að koma vegi til Siglufjarðar, sem engum hefði dottið í hug fyrir 30—40 árum, gegnum klettana þar, og það er búið að vinna víðar vel. Hitt verðum við að viðurkenna, að það væri æskilegt að geta gert miklu meira.

Svo er annað, sem er töluvert athugavert, og það er það, að það hefur alls ekki verið tekið tillit til burðarþols veganna, þegar bílarnir eru fluttir inn. Það hafa verið fluttir inn stórir og þungir bílar, en þeim hefur verið bannað að hafa nema vissan hlassþunga, og þetta er í raun og veru hrein vitleysa. Ef á að takmarka hlassþungann, sem ég efast ekki um, að þurfi, á ekkert að vera að leyfa mönnum að kaupa nema bíla fyrir þann þunga, sem þeir mega hafa eða rúmlega það. Það er gott að hafa bílinn dálítið sterkari. En ég hef heyrt marga bílstjóra vera vonda yfir þessu. En hitt verðum við að gera okkur ljóst, að það er ekki hægt að heimta stórar fjárhæðir í vegi og vilja engan veginn bera byrðarnar. Við verðum að fara einhverjar leiðir til að afla fjárins, því að það er alveg sama, af hvaða flokki ráðh. væri, enginn getur lagt vegi án þess að hafa fjármagn til þess. Einhverjar leiðir verður að fara.

Hitt er svo annað mál, að ég held, að það sé ekki búið að undirbúa nægilega vel, hvernig eigi að snúa sér að þessum svokölluðu hraðbrautum. Ég var að ræða við mann norður á Sauðárkróki. Hann var þar að olíubera veg — ég held það hafi verið s. l. sumar, og hann taldi engan vafa á því, að það væri framtíðarlausnin að olíubera vegina. Hann sagði, að hitt væri allt of dýrt fyrir okkur. Ég skal ekkert fullyrða um þetta. Ég er ekki fagmaður í þessu og er ekki fær um að leiðbeina í því efni. En við getum ekki borið okkur saman við þjóðir, þar sem mörg hundruð manns búa á sama ferkm, þar sem frostin hafa miklu minni áhrif heldur en hér og vatnsgangur er minni, en hann á mikinn þátt í að skemma vegina fyrir okkur. Þess vegna er eðlilegt, að við séum ekki færir um að hafa jafnfullkomna vegi. En ég var ofurlítið hissa á stjórninni að koma með þetta frv. nú. Við vitum það, að það, sem m. a. gerði, hvað bílstjórarnir voru reiðir yfir þessari breytingu á umferðinni — að víkja til hægri — á mikinn þátt í því, að þeir vissu, að þeir þurftu að borga. Það voru margir bílstjórar, sem töluðu við mig og sögðu, að þeir kærðu sig ekkert um að vera borga þennan skatt; þetta væri alveg óþarfi. Ég skal ekki fullyrða um það. Ég held, að okkur hafi ekkert legið á þessari breytingu. Það má vel vera, að það hefði orðið dýrara síðar. En hitt skulum við gera okkur ljóst, að því verður ekki vel tekið af bílstjórunum að verða fyrst að borga þessa breytingu og fá svo á sig þarna í raun og veru þrefaldan skatt af benzíni, gúmmíi og þungagjaldi sama árið. Nú er mér það alveg ljóst, að vegamálastjóra vantar peninga, þó að ekki sé minnzt á neinar hraðbrautir. Hann vantar peninga til að geta gert það, sem þarf að gera til þess að halda við vegunum og halda þeim nokkurn veginn í lagi, þó að ekki sé lagður eyrir í hraðbrautir. Það út af fyrir sig er nú til þess m. a. að fegra málið, að við eigum að fá svo og svo miklar hraðbrautir. En okkur er það alveg ljóst á þeim upplýsingum, sem við höfum fengið, að það vantar fé til að geta framkvæmt það sem búið er að ákveða, halda við vegunum og borga vexti og afborganir af þessum lánum.

Á þeim árum, þegar framsókn réð miklu í þessu landi, var oft skrifað um það í blað sjálfstæðismanna hér í bænum, að það væri eyðsla hjá þeim flokki og ráðleysi í fjármálum. Ég vil ekkert vera að gera hlut núv. ríkisstj. verri í þeim efnum heldur en hann er. En ég hef reynt að reikna þetta alveg hlutlaust út, og ég hef komizt að þeirri niðurstöðu, þótt tillit sé tekið til alls — gengisbreytingar, fólksfjölgunar og alls, sem eðlilegt er að taka tillit til, hafi útgjöldin á þessu árabili frá því, að þessi ríkisstj. tók við — eða 1959 skulum við segja, tvöfaldazt raunverulega, þannig að ég held, að væri vel leitað — fyrst framsókn stjórnaði alltaf illa að þeirra dómi og framsóknarmenn voru litlir fjármálamenn — þá held ég, að það hljóti að vera hægt að finna einhvers staðar möguleika á að spara á þessari viðbót, sem hefur komið frá því að þessir lélegu fjármálamenn stjórnuðu. Og sannleikurinn er sá, að það er tekið stórfé í ríkissjóðinn af umferðinni. Hitt verðum við aftur að játa og gera okkur ljóst, að það er ekki hægt að taka þetta fé til veganna nema annaðhvort með því að afla ríkissjóði tekna á annan hátt eða draga eitthvað úr útgjöldunum.

Ég held satt að segja, að ríkisstj. geri sér ekki ljóst, hvað gjaldþol fólks er orðið lítið í landinu. Gjald-

eyrissjóðurinn er farinn. Hann var um tveir milljarðar fyrir rúmu ári. Nú er hann raunverulega, ef miðað er við sama gengi, kominn í um 700 millj. kr. Og ástæður ríkissjóðs eru ekki glæsilegar. Ég skal játa það. Mér virðist á þeim hagskýrslum, sem við fáum nú, að á einu ári hafi breytzt til hins lakara ástæður hans við Seðlabankann sem svarar 450 millj. kr., þ. e. skuldin sé orðin 23 millj. kr. nú við síðasta uppgjör, en innistæðan var um 430 millj. kr. við áramótin 1966—1967. Því, sem búið er að eyða, verður ekki eytt aftur. Ég sé ekki, að það verði mikill möguleiki á að flytja inn jafnmarga bíla á þessu ári eins og var s. l. ár eða yfirleitt að eyða jafnmiklu á neinu sviði. Við vitum allir, að það er svo að segja greiðsluþrot hjá flestum fyrirtækjum í landinu og hvar kemur þetta gjald niður. Vitanlega hækka bílstjórarnir sína taxta, og það er reynslan, að séu lagðir á nýir skattar, þá er alltaf hækkað meira en sköttunum nemur. Bílstjórarnir fara ekki að borga þetta. Þetta kemur niður á atvinnuvegunum og fólkinu í landinu, og sannleikurinn er sá, að bílar hér á Íslandi eru ekki nein óþarfa eign fyrir heimilin. Þetta eru einu samgöngutækin, og það er búið að hlaða svo ofboðslega á þau kostnaði, að það er hreint ekki fyrir fátæka menn að eiga bíl. Hæstv. ráðh. var að tala um benzínið, að það væri eins dýrt í öðrum löndum. En það eru bara fleiri skattar en benzínið, sem Íslendingar borga. Það er þungaskattur og gúmmígjald og svo þessi smávægilegu innflutningsgjöld eða skattar, sem verður að borga, þegar bíllinn er fluttur inn. Það er helmingur af bílverðinu með söluskatti og öllu saman. Og þessu öllu er hlaðið á fólkið og atvinnuvegina. Og vitanlega fer mikið af þessu beint í ríkissjóðinn. Eðlilegasta leiðin væri sú að minnka það, draga úr því og reyna þá að spara eitthvað annað fyrir ríkissjóðinn.

Ég vildi alls ekki taka undir það um daginn, þegar var verið að deila á hæstv. fjmrh. fyrir sparnaðarfrv. svokallaða. Vitanlega var ekki nema brot af því sparnaður, en það verður ekki bæði átt og útilátið, og það varð náttúrlega annaðhvort að fresta framkvæmdum, taka lán til þeirra eða það að leggja fé fram. Þetta var þó viðleitni og í raun og veru virðingarverð viðleitni. Þarna var þó verið að reyna að stinga við fótum. Hitt verðum við að gera okkur ljóst, að það er ekki hægt að spara neitt, sem máli skiptir, nema með því að breyta löggjöf, og það þarf sinn undirbúning. Það veit náttúrlega enginn betur en fjmrh., og það verðum við að gera okkur ljóst. Þetta er hér um bil allt saman bundið í lögum. En það þarf að halda áfram á þeirri leið.

Það hefur verið þannig, að alltaf þegar einhver lög hafa verið endurskoðuð, hefur þess verið gætt af fremsta megni, að ekkert væri sparað heldur meira eytt. Ég benti hér einu sinni á, að það væri bezt að spara til kirkjumála — ekki það, að ég vildi hafa þessar messur af fólkinu. Það hlustar nú raunar lítið á þær. Það mætti koma þeim miklu betur fyrir. Það væri hægt að fá prestunum meira verkefni, þannig að of lítið verkefni eyðilegði þá ekki. Það væri hægt að spara annan hvorn prest úti í dreifbýlinu. Svo var skipuð nefnd. Auðvitað voru meira og minna prestar í henni. Útkoman varð, að það var eytt meira, og þannig hefur þetta verið á öllum sviðum. Af því kemur þenslan. Ráðherrarnir eru eins og Salómon konungur; það er meira og meira eytt án tillits til þess, hvort gjaldþolið er fyrir hendi eða ekki. Svo eru lögregluþjónar rápandi út um allt land. Það er búið að fjölga þeim mikið og maður má ekki senda unglinga með traktor í kaupstað, án þess að þeir séu að hlaupa á eftir þeim, þótt þeir aki miklu betur en „löggan“ sjálf, til að vita hvort allt sé nú í lagi með merkið á traktornum, hann tryggður og drengurinn með öll réttindi. Þetta er orðin hálfgerð plága á manni. Þegar mennirnir hafa ekkert að gera, eru þeir eltandi mann alls staðar út af öllu — hvaða smámunum, sem er. Ég held, að það mætti fækka þeim víðar en á Keflavíkurflugvelli og væri hægt að fækka þeim meira þar en gert er.

Svo eru náttúrlega fjöldamargir liðir; það þarf að strika út fleiri hundruð millj. kr. Það þarf að taka almennilega á þessu. Það þarf að nota hagsýni í hlutunum. Það eru sumir menn, sem eyða helmingi meira heyi en aðrir bara af hreinni glópsku og eiga ekkert betri kindur. En það er ekki hægt að kenna fjármennsku. Það þarf hagsýni við sérhvert hneppi, sem maður gefur, og það þarf að nota hverja stund, sem gott er veður til þess að spara. Það er ómögulegt að gera fjármálaglópa að fjármálamönnum. Það er ekki hægt að gera latan hest að gæðingi. En það eru alls staðar möguleikar, ef reynt er að nota hagsýni og einhver samtök eru um það. Hitt er mér alveg ljóst, að það er ekki þægilegt, ef tveir flokkar eru ráðandi, jafnvel þó að einn sjái rétt og vilji koma góðum hlutum fram, þá er það ekki auðvelt í mörgum tilfellum, því að það eru stundum skrýtnir menn í skutnum, og því gengur illa að róa skipinu þess vegna.

Það eru t. d. fjölskyldubætur. Það er ekki nokkur ástæða til þess að vera að borga með tveimur fyrstu börnum hjá fólki, ef fólkið hefur sæmileg laun. Ég efast um, að það sé nokkur kostnaður við þau, því að foreldrarnir tolla betur heima og eyða minna í ferðalög og skemmtistaði, ef þau eiga einhverja krakka og hafa eitthvað til að hugsa um. Þá eru atvinnuleysistryggingar. Þær kosta líklega upp undir 100 millj. kr.; þjóðin er skattlögð um þá upphæð á ári. En það mundi alveg nægja fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð að hafa vextina, og það væri m. a. s. hagnaður, ef ríkisstj. þóknaðist að vera ekki að fella gengið annað hvert ár. Það væri miklu betra, ef gengið fengi að vera í friði, að hafa bara vextina heldur en vera að skattpína fólkið á þennan hátt. Það er meira en framlög ríkisins. Það eru bæjarfélög og öll fyrirtæki í landinu, gjaldþrota fyrirtæki, sem eru pínd. Þarna eru stórir liðir. Það væri hægt að endurskoða öll menntamálin og gera þau miklu hagkvæmari og hagnýtari heldur en þau eru. Það væri, held ég, lítill skaði, t. d. að þessi kennsla í hagfræði væri lögð niður við Háskólann.

Ég veit eiginlega ekki, hvað verður af þessum fuglum, sem læra hagfræði þar. Ekki eru þeir í atvinnulífinu. Við heyrum aldrei til þessara spekinga, því þessir hagfræðingar, sem eru aðalmenn hér, hafa farið til útlanda, lært eitthvað þar og koma svo með vizkuna þaðan. Hún er innflutt, og raunar hefur aldrei neitt staðizt af því sem þeir hafa reiknað út, en það er nú annað atriði.

Hvað á það að þýða t. d. með lögfræðinga að láta alla vera 6 ár við lögfræðinám, einnig þá, sem ætla að verða óbreyttir rukkarar í bænum, stunda útlánastarfsemi eða gera skattskýrslur fyrir menn. Ég hélt, að það þyrfti ekki 6 ár til þess að læra þetta. Ég held, að það væri hægt að hafa einhver þrep á þessu og láta 3 ár nægja handa þessum mönnum, en hafa svo aftur lengra nám fyrir dómara. Þannig er þetta á ýmsum sviðum. Það þarf að endurskoða þetta allt saman.

Það þýðir ekkert fyrir stjórnarandstöðuna að skammast út af þessu, að það sé eytt of miklu í hlutina og þora svo aldrei að benda á neitt. Ég er algerlega á móti því. Ég álít, að séum við að tala um það, að það eigi að lækka útgjöldin, sé skylt að benda á það. Ég væri oft búinn að koma með till. í þessa átt, ef ég væri ekki alveg fyrir fram viss um, að þær yrðu kolfelldar. Það er alveg sama, þó að við færum að koma með eitthvað, hvort það væri heldur ég einn eða fleiri, það yrði auðvitað fellt. Og það var t. d. búið að benda á sumt af þessum sparnaðarliðum, sem hæstv. fjmrh. kom með í þessum bandormi sínum eða hvað hann var kallaður. Það var búið að benda á það áður, en það var auðvitað ekkert hlustað á það, þannig að við höfum afsökun, þó að við séum ekki að leggja fram sparnaðartill., því að það er ómögulegt að spara neitt, nema það komi við einhvern. Það er útilokað. Það var réttilega tekið fram af hæstv. fjmrh., þegar hann var að ræða um þetta mál. Það er ekki hægt að spara peninga, án þess að það komi einhvers staðar óþægilega við. Við verðum að athuga, að nú er gjaldþolið lítið. Það var hægt að greiða þessa skatta 1965 og 1966, en þjóðin getur ekki greitt jafnmikið í ár. Og svo á að bæta ofan á alla þá kássu, sem fyrir er. Það er raunar liðið á árið, en það er gert ráð fyrir því, að þessir skattar verði hátt á annað hundrað millj. kr. á ári. Ég vil ekki fara þá leið. Ég er ekki að deila á þá, sem frv. hafa lagt fram. En ég álít ekki skynsamlegt að knýja það fram og alls eigi skynsamlegt fyrir ríkisstj. Ég held satt að segja, að ríkisstj. sé nógu illa liðin nú hjá bílstjórunum, þó að hún bæti þessu ekki við. Ég hef alltaf látið mér annt um hana, af því að ég er mannvinur. Ég álít, að ríkisstj. sé alls ekki of vinsæl hjá þeim.

Svo er náttúrlega annað, hvernig á að byggja upp þessa varanlegu vegi. Við verðum að gera það upp við okkur. Þetta er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. var að tala um hér áðan. Fólkið, sem ekki nýtur beztu veganna, er látið borga þá. Það er búið að fara inn á þá leið að skattleggja mennina, sem aka um vegina, með vegaskattinum suður á Reykjanes. Út af fyrir sig var ég í vafa um, hvort sú stefna væri rétt, þó að ég viti, að það borgar sig fyrir þá að borga vegagjaldið. En það kemur mönnum í illt skap að þurfa að stoppa til að taka upp peningana. En úr því að þeir stoppa og borga skiptir það ekki miklu, hvort þeir borga 10 kr. meira eða minna. Þetta er aðallega sálrænn hlutur. En ég veit, að þeir vinna þetta upp einungis með benzínsparnaði. En er þá ekki rétt að halda þessu áfram, láta þá, sem nota vegina, greiða þá, leggja veg austur fyrir fjall og láta umferðina borga hann. Ég hygg, að þeir spari það í benzíninu, þegar lítrinn kostar á tíundu krónu. Það er fljótt að koma, að maður tali nú ekki um slitið á bílunum. Og það þarf ekki að leggja þetta á fólkið, sem aldrei nýtur þess að fara þessa vegi. Svo gæti Seðlabankinn lánað, og það væri ekkert illa til fundið, þó að hann léti t. d. í þetta þessa okurvexti, sem hann tekur af hinum bönkunum. Það verða anzi margar millj. kr. í ár. Hann lánar þeim yfirdráttinn fyrir 16%.

Svo er annað, sem talsvert er búið að tala um, og það eru þessar skuldir. Satt að segja þurfum við mjög að vara okkur á að taka ekki óhófleg lán í vegi, því að vextirnir eru drjúgir. Ég er ekki að álasa ríkisstj. fyrir þau lán, sem hún hefur tekið. Það skiptir miklu máli að geta lokið Reykjanesbrautinni og framkvæmdum eins og t. d. Strákagöngunum. Það var verk sem þurfti að taka í einu, og í þannig tilfellum getum við sætt okkur við að taka lán, og það getur verið skynsamlegt og rétt. En að fara að taka fleiri hundruð millj. kr. að láni til þess að leggja vegi og þurfa svo að borga vexti af því, ef það er ekkert sérstakt sem knýr á með að ljúka vissum hluta í einu, tel ég það mjög mikið vafamál. Við verðum að athuga það, að tökum við stórlán, verðum við að hafa möguleika til þess að standa í skilum með það. Ég hefði haldið, að það væri réttara að fara hægara í bili. Það gerir ekkert til, þó að frv. sé lagt fram og rætt, en ég held, að það væri rétt að láta það ekki fara í gegn á þessu þingi, heldur athuga málin betur. Ég skil það vel, að einhvern veginn þarf að fá peninga til þess að geta staðið við þá áætlun, sem búið er að gera á næsta ári. Mér skilst, að það sé ekki hægt nema fá meira fé á einhvern hátt. Það er ekki hægt að breyta fjárl. héðan af. Það er varla hægt að búast við, að það verði hringlað meira í þeim eða þeim breytt svo, að sparað verði fé fyrir ríkið í þetta sinn.

En það væri hægt að taka lán, og vitanlega getur Seðlabankinn hjálpað með brbl., ef vill, og væri þá ekkert of góður til þess að lána vaxtalaust, finnst mér, einhverja upphæð. Hann getur þá búið til pínulítið meira af seðlum; það ætti ekki að gera neitt. Hann þarf ekki að borga vexti af þeim. Það er eðlilegt, að seðlaveltan aukist eitthvað, þegar alltaf er að minnka verðgildi hverrar krónu. En það má ekki ganga of langt í því. Hann hefði einhver ráð með svona 50—60 millj. kr. En í versta tilfelli, ef ráðh. telur ógerning annað en að fá einhvern veginn meira fé, þá yrði t. d. einn liðurinn tekinn núna og hitt látið bíða og athugað, hvort ekki væri hægt að fá ríkissjóð til þess að gefa eitthvað eftir af því,

sem hann fær af umferðinni, og draga þá úr öðrum útgjöldum og gera það meira en gert var með þessum bandormi.

Það þarf að gera miklu stærri átök, ef gagn á að vera að því. Það þarf að spara hundruð millj. kr. Í versta tilfelli þarf að samþykkja einn liðinn af þessum þremur, sem í frv. eru. En ég er á móti því að bæta þessu fyrst á bifreiðaeigendur, og svo velta þeir því yfir á atvinnulífið nema þeir, sem eru með einkabílana; þeir geta það náttúrlega ekki. Og þá kemur það á launafólkið í landinu, sem ekki þykist vera of vel haldið. Ég held, að það sé of langt gengið að knýja þetta fram eins og þetta er. Ég held, að það sé ekki hyggilega gert, og ég held, að ríkisstj. geri sig ekki vinsæla á því.

Ég veit vel, að menn vilja vegi. Það er hægt að heimta og heimta. Þegar ég var að byggja íbúðarhús, þá varð ég að flytja bæði sementið og mölina á klökkum. Og við, sem vöndumst þessum erfiðleikum getum ómögulega verið að vanþakka þá breytingu, sem orðin er. Ég veit vel, að það er æskilegt að hafa betri vegi, en það eru takmörk fyrir, hvað fólkið getur borgað. Það eru takmörk fyrir, hvað hægt er að leggja á það þunga skatta. Það þýðir ekkert að heimta hluti nema geta bent á einhverja leið til að afla fjármagnsins til framkvæmdanna. Ég álít, að við ættum að athuga vel, hvort leiðin á ekki að vera sú sama og var farin suður á Reykjanesi, þ. e. að láta þá greiða vegina, sem nota þá. Sanngjarnast væri það, því að hinir, sem aldrei nota þá, verða annars að borga skattana, en njóta ekki neins af ávöxtunum af því, að þessar vegabætur eru gerðar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Það voru aðeins nokkrar aths., sem ég vildi gera við ræðu hæstv. samgmrh., en hann vék hér að nokkrum þeim atriðum, sem ég hafði minnzt á, og það með þeim hætti, að mér þykir ástæða til þess að svara því nokkrum orðum.

Hæstv. ráðh. endurtók það nokkrum sinnum í sinni ræðu, að þau gjöld, sem hér er ráðgert að leggja á, kæmu eingöngu niður á bifreiðaeigendum, og það væri sanngjarnt, að þeir bæru þessi gjöld, því að þeir ættu líka að njóta hinna góðu vega, sem ættu að koma í staðinn. Ég hafði bent á það áður, að þetta er í grundvallaratriðum rangt hjá hæstv. ráðh., vegna þess að það er vitað mál, að af þessum hækkuðu gjöldum mun leiða, að flutningstaxtar í landinu hækka. Á því er enginn vafi. Fargjöld munu almennt hækka. Sjálfur hefur hann gefið upplýsingar um það, að mjólkurverð í landinu muni hækka sem afleiðing af þessum gjöldum. Það er því auðvitað enginn vafi á því, að hér er um að ræða álögur, sem muni koma út í hinu almenna verðlagi og hafa sín áhrif, bæði til þess að íþyngja atvinnurekstrinum í landinu með hækkuðum flutningsgjöldum og auknum rekstrarkostnaði, og einnig mun þetta hafa þær afleiðingar, að hin almenna verðlagsvísitala í landinu hækkar, og þar með hækkar kaupgjald í landinu, og það íþyngir einnig atvinnurekstrinum. Undan þessu er ekki hægt að víkjast. Ef um það hefði verið að ræða að koma hér sérstökum gjöldum aðeins á bifreiðaeigendur eina, átti vitanlega að velja hér aðra leið. Þá hefði t. d. komið til mála að leggja hér á sérstakan lúxusbílaskatt, sem stundum hefur verið talað um áður, og flokka undir það svona meginhlutann af einkabílum í landinu. Það var vitanlega hægt að láta þá aðila taka verulegan þátt í þessu, og þeir gátu ekki velt þessu af sér. Þá var þetta skattur á þessa aðila. En þessi leið, sem valin er, hlýtur að leiða af sér almenna hækkun í fjölmörgum greinum í hinu almenna verðlagi í landinu.

Svo vék hæstv. ráðh. að þessu, sem ég hafði minnzt á, að væri látið skína í það, að sú tekjuöflun, sem hér er á ferðinni, ætti að standa undir stórframkvæmdum í vegagerð á næstunni. En ég hafði bent á það, að í þessu frv. er ekki að finna neina tryggingu fyrir því, að þær tekjur, sem hér á að afla, renni raunverulega til nýrra stórframkvæmda. Það er engin trygging til í frv. fyrir því. Hér er um að ræða hreina tekjuöflun fyrir Vegasjóð, og það er alveg greinilega fram tekið í grg. frv., að allar tekjurnar af hinu nýja gjaldi, sem inn eiga að koma á yfirstandandi ári, eiga að fara í almenn útgjöld Vegasjóðs, en ekki til framkvæmda við það að leggja nýjar hraðbrautir í landinu. Um þetta þarf ekkert að deila. Þetta kemur alveg greinilega fram í grg. frv., og hæstv. ráðh. hefur í rauninni sjálfur gert grein fyrir því. Allar tekjurnar á þessu ári eiga að fara í venjulegar framkvæmdir Vegasjóðs. Og ég held, að allar líkur bendi til þess, að Vegasjóður þurfi að nota sams konar upphæð — þó sennilega nokkru hærri á öllu árinu 1969 til hliðstæðra útgjalda, og þá verði lítið af hinum nýju tekjustofnum, sem geta raunverulega runnið til þessara stórframkvæmda, sem látið er svona skína í, að ráðizt verði í. En hæstv. ráðh. hefur þá þann hátt á, að hann talar um annars vegar, að hér sé að vísu um nýjar álögur að ræða upp á 157 millj. kr. miðað við heils árs grundvöll, en segir þó hins vegar, þegar hann fer að ráðstafa þessum tekjum, að þær séu 190 millj. kr. Það er sem sé ósköp þægilegt að tala um það, að álögurnar séu 157 millj. kr., en tekjurnar, þegar á að fara að ráðstafa þeim á eftir, séu hins vegar 190 millj. kr. Ég teldi því, að það væri nokkuð nærri lagi, að hinar raunverulegu álögur á árinu 1969 yrðu um 190 millj. kr., en ekki 157 millj. kr., eins og talað er um.

En ég held líka, að hin almennu útgjöld Vegasjóðs muni líka verða hærri á árinu 1969 heldur en þau voru á árinu 1967 og verða á árinu 1968. Hin almennu útgjöld Vegasjóðs munu einnig fara hækkandi. En hæstv. ráðh. var að gera því skóna, að e. t. v. væri hægt að verja til hraðbrautaframkvæmda á árinu 1969 110 millj. kr. Þetta er auðvitað alveg úr lausu lofti gripið hjá hæstv. ráðh. Hann hefur ekkert fyrir sér í því, að þessi fjárhæð verði raunverulega til ráðstöfunar í þessum efnum til nýrra framkvæmda við byggingu varanlegra hraðbrauta á árinu 1969. Enda kom það líka í ljós

— og það var einmitt það, sem ég vildi gjarnan fá hér fram — að eftir því, sem leið á ræðuna hjá hæstv. ráðh., fann hann betur og betur, að það var ógætilegt að tala um þetta svona einhliða, og undir ræðulokin sagði hæstv. ráðh., að þegar semja ætti nýja vegáætlun á næsta hausti, gæti vel verið, að á nýjum tekjustofnum þyrfti að halda til þess að standa undir hraðbrautabyggingunum eða stórframkvæmdunum. Þá kom það. Það er nefnilega von á því, að það verði komið fram með nýjar till. síðar um nýja tekjuöflun til þess að standa undir þeim stórframkvæmdum, sem er verið að gera ráð fyrir, að ráðast eigi í, og auðvitað þarf að vinna að fyrr eða síðar. En það, sem hér er um að ræða, er hrein og venjuleg tekjuöflun handa þeim Vegasjóði, sem starfað hefur á undanförnum árum að ákveðnum verkefnum og hefur þau verkefni áfram með höndum.

Það kemur sem sé í ljós, að Vegasjóð vantar tekjur rétt eins og þegar fjmrh. er að lýsa því, að ríkissjóð vantar tekjur. Vegasjóður hefur eytt umfram í ýmsar framkvæmdir á s. l. ári. Vegasjóður þarf að hafa meiri útgjöld á árinu 1968 en 1967 vegna kostnaðarins af gengisbreytingunni. Vegasjóður hefur þurft að eyða talsverðum umframgreiðslum vegna árferðis. Skyldi ekki eitthvað þurfa að eyða umfram á árinu 1968 líka vegna árferðis, og kannske þurfi að greiða það á árinu 1969? Það mætti alveg segja mér það, að útlitið í ár væri ekkert betra með árferði á þessum vetri heldur en það var á síðasta vetri. Hér er því alveg ábyggilega um það að ræða, að það er verið að afla tekna til almennra útgjalda Vegasjóðs með því að leggja á þær álögur, sem þetta frv. fjallar um. En það þykir bara henta, um leið og þessar álögur eru ákveðnar, að segja: Já, en það þarf nú að leggja mikla og góða vegi alla leið austur á Rangárvelli og upp í Borgarfjörð. Þetta eru dýrar framkvæmdir. Og hver vill ekki fá steypta og góða vegi? Og hæstv. ráðh. endaði sitt mál svo með því að segja, að hann væri alls ekki viss um það, að við, sem andæfum þessu frv., nytum meiri vinsælda en hann í okkar tillagnagerð. Það má vel vera, að það verði býsna margir, sem segi: Jú, við viljum fá góðu vegina.

Hæstv. ráðh. orðar það, að menn eigi að fá góða vegi, og þeir taka kannske undir með honum í þeim efnum. Og e. t. v. verða einhverjir, sem vilja gjarnan leggja á sig þessi nýju útgjöld, sem felast í þessu frv., vegna þess að þeir trúa því, að þeir eigi að fá nýja og góða vegi fyrir þennan pening. En það er bara alls ekki um það að ræða. Ég held, að það sé rangt að fara þá leið. Að því leyti til, sem Vegasjóð vantar alveg óhjákvæmilega einhverjar fjárhæðir til þess að standa undir sínum óhjákvæmilegu útgjöldum, varð ríkissjóður að hlaupa undir bagga, og það var hægt af hans hálfu að gera það með því að skera þar nokkuð meira niður útgjöld, en ráðgert hefur verið. En ég vil jafnframt lýsa yfir því sem minni skoðun, að ég tel, að það komi fyllilega til greina að afla ákveðinna tekna t. d. upp á 150—190 millj. kr. til tiltekinna framkvæmda í vegagerðarmálum í landinu og binda það þá um leið í l., að hinar nýju tekjur skuli renna til tiltekinna framkvæmda og ákveða þær um leið. En til þess að ég telji rétt að ráðast í þetta, þarf þó að vera til grundvöllur í landinu fyrir því að afla þessara tekna. En ég sé ekki þann grundvöll, eins og á stendur nú.

Ég vildi spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort hann mundi t. d. vilja afgreiða þetta mál á þeim grundvelli nú, að ákveðið yrði, að af þessari tekjuöflun skyldi t. d. helmingurinn renna til þess að byggja upp tilteknar hraðbrautir á varanlegan hátt og hinn helmingurinn skyldi ganga til tiltekinna annarra stórframkvæmda í vegagerðarmálum úti á landi, því að það er auðvitað enginn vafi á því, að þar þarf á ýmsum stórframkvæmdum að halda — þ. e. stórframkvæmdum á mælikvarða landsbyggðarinnar ekki síður en í lagningu góðra vega hér út frá höfuðstaðnum. Og þar sem hér er gert ráð fyrir því, að allir þeir, sem bíla reka í landinu, verði sameiginlega að greiða þessi nýju gjöld, er auðvitað eðlilegt, að tekjunum verði ráðstafað í þjónustu allra landsmanna, en ekki aðeins í þjónustu nokkurra. Vill hæstv. ráðh. afgreiða þetta mál á þeim grundvelli, að helmingurinn af hinum nýju tekjum verði bundinn í það í löggjöfinni að leggja varanlegar hraðbrautir hér út frá þéttbýlinu við Reykjavík og hinn helmingurinn gangi til tiltekinna stórframkvæmda víðs vegar úti um landið? Ég teldi rétt að afgreiða málið þannig, þegar almennt er talinn vera grundvöllur fyrir því að leggja slík gjöld á, sem hér er um að ræða. Hæstv. ráðh. telur þann grundvöll vera nú þegar fyrir hendi. Hann vill ráðast í það að leggja þessi gjöld á, en hann vill ekki binda það á neinn hátt í löggjöfinni, hvað eigi að gera við féð. Féð á bara að renna í hinn almenna Vegasjóð, og hann ætlar að nota það í umframgreiðslu frá árinu 1967 í aukakostnað við viðhald og aðrar framkvæmdir, sem verða á árinu 1968 vegna gengisbreytingarinnar og vegna ýmiss konar aukaútgjalda, sem orðið hafa, og veðráttunni er sérstaklega kennt um. En segir svo hins vegar við þá, sem eiga að borga gjaldið: Já, en það á að nota þetta fé til þess að leggja hér nýja og góða vegi. Þetta er að segja rangt til um eðli málsins, og ef hitt liggur svo í rauninni fyrir, sem mér fannst koma allskýrt fram í lok ræðu hæstv. ráðh., að ef til vill þyrfti að leggja á ný gjöld vegna stórframkvæmdanna við gerð næstu vegáætlunar á næsta hausti, þá þykir mér nú heldur illilega vera farið aftan að mönnum í þessum efnum að ætla að réttlæta þessar álögur nú með stórframkvæmdum.

Ég get alveg tekið undir það, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði í sinni ræðu. Ég vil ekki gera neitt lítið úr því, sem gert hefur verið í vegaframkvæmdum nú síðustu árin. Ég tel, að vegagerðin suður til Keflavíkur hafi verið mjög myndarleg og átt fyllilega rétt á sér, og ég hef ekki orðið var við það, að neinir þm. hafi amazt við þeirri framkvæmd, þó að lán hafi verið tekið til hennar og sá vegur gerður. Ég tel líka, að vega-

gerðin til Siglufjarðar hafi átt rétt á sér, og met hana fyllilega, sömuleiðis Múlaveginn, Ennisveginn og aðra slíka vegi, sem hér hefur verið minnzt á. Ég vil ekki á neinn hátt gera lítið úr þessum framkvæmdum, og ég vil heldur ekkert draga úr því, að það er mikil þörf á því að ráðast bæði í byggingu hraðbrautanna hér út frá Reykjavík og eins í ýmsar stórframkvæmdir í vegagerðarmálum víða úti um land. Það er þörf á þessu. En til þess að rétt sé að afla tekna á þann hátt, sem lagt er til í þessu frv. til slíkra framkvæmda, verða að vera skilyrði fyrir því í landinu, að atvinnulíf landsmanna þoli fleiri pinkla á sig heldur en búið er að hengja á atvinnulífið, en ég held, að það þoli ekki fleiri pinkla. Og það er mín skoðun, eins og ég hef hér marglýst, að ég tel, að það, sem nú er orðið aðkallandi, sé einmitt að færa niður útgjöld ríkissjóðs talsvert verulega, til þess að þau geti heitið í einhverju samræmi við þær heildartekjur, sem við höfum úr að spila í sambandi við afköst atvinnuveganna í landinu. Ég tel það alveg ástæðulaust af hæstv. ráðh. að klifa hér á því í sífellu, að af yfir 5000 millj. kr. útgjöldum ríkisins sé ekki hægt að færa þau útgjöld nokkuð niður, þegar sérstaklega stendur á í efnahagslífi þjóðarinnar. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi gert allt of mikið af því, að halda þessu fram, því að það er enginn vafi á því, að væri góður vilji fyrir hendi, væri hægt að færa þessi útgjöld allverulega niður.

Hæstv. ráðh. lýsti undrun sinni yfir því, að ég skyldi lýsa því hér yfir, að ég væri andvígur þessu frv. eins og það liggur hér fyrir. En ég tel, að ég hafi leitt að því allveruleg rök, hvernig stendur á því, að ég er það. Ég hefði ekki snúizt gegn þessu frv., ef aðstæður í efnahagslífinu hefðu verið með öðrum hætti en þær eru nú, en við höfum orðið fyrir þannig áfalli, og heildargjöldin, sem nú hvíla á atvinnulífinu, eru svo mikil — og ekki hefur tekizt að fá fram, að þeim væri aflétt í mörgum tilfellum — að ég tel ekki fært sem stendur að bæta hér við nýjum álögum. En hitt tek ég svo jafnframt fram, að þegar að því kemur, að ég fyrir mitt leyti tel fært að leggja á nýjar álögur til þess að leysa nauðsynleg vandamál, eins og þessi stóru vegagerðarmál eru, vil ég líka binda það um leið í löggjöfinni, að þær tekjur, sem innheimta á, renni til tiltekinna átaka í þessum efnum, en fari ekki í einhvern almennan rekstrarsjóð, en ég held, að sá sjóður verði að notast við þær tekjur, sem hann hefur, miðað við þær aðstæður, sem við búum við nú.

Ég skal svo ekki lengja þetta frekar, því að málið á eftir að fara í n., og er þá vitanlega næg aðstaða til þess að ræða það frekar síðar, ef ástæða þykir til að öðru leyti.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Því miður hef ég e. t. v. misst eitthvað af því, sem hæstv. samgmrh. sagði í sambandi við ræðu mína, vegna fundarhalda, sem ég og aðrir þm. Vesturl. tóku þátt í með mönnum þaðan vestra, en ég vona, að það hafi ekki verið til tjóns, því að það mikið heyrði ég af ræðu hæstv. ráðh., að ég fann viðhorf hans til ræðu minnar.

Í sambandi við hraðbrautanefndina sagði hæstv. ráðh., að hún hefði undirbúið áætlun, en samkv. henni ætti að hefja framkvæmdir í sambandi við varanlega vegi í landinu. Út af þessu vil ég segja það, að vegamálaskrifstofan undirbjó lagningu Keflavíkurvegarins, og ég hef aldrei heyrt, að það hafi verið deilt á þá stofnun fyrir það, að undirbúningur að því verki hafi ekki verið nægjanlega vel af hendi leystur, svo að ég sé ekki, að þrátt fyrir það, þó að þeir góðu menn, sem sitja í þessari n. eins og aðalbankastjóri Seðlabankans og forstöðumaður Efnahagsstofnunar, séu til margra hluta góðir, þá hélt ég, að þeir væru ekki öðrum mönnum færari að undirbúa verkfræðilegar áætlanir um vegagerð. **(Landbrh.:** Þm. hefur nú ekki heyrt það, sem ég sagði.) Ég heyrði þennan þátt samt. Ég heyrði ekki, hvort hæstv. ráðh. svaraði því, sem ég óskaði eftir um samanburð á álögum á umferðina hér og í öðrum löndum, sem hann vitnaði til og sagði, að væru ekki meiri hér en í þeim löndum, sem hann nefndi. Þá spurði ég um það, hvort hann ætti aðeins við þá skatta, sem hér væri verið að fjalla um, eða aðrar álögur eins og tolla og sérleyfisgjöld, söluskatta og það, sem við tökum af umferðinni hér. Ég treysti því, að hæstv. ráðh. láti mig heyra svar við þessu síðar, því að það skiptir verulegu máli.

Hæstv. ráðh. sagði, að fjármagn það, sem væri tekið til vegamálanna og ég vildi ná frá ríkissjóði, væri tekið frá fólkinu í landinu. Þetta eru ekkert ný sannindi. Þessir skattar, sem hér er verið að hækka, eru líka teknir af fólkinu í landinu. Bifreiðaeign landsmanna er orðin mjög almenn, og auk þess hefur þetta áhrif á flutninga í landinu að verulegu leyti og kemur það m. a. fram í grg. frv., þar sem að þessu er vikið og upplýst er, að það muni hækka mjólkurlítrann um 12—14 aura vegna aukinna flutningsgjalda. Þess vegna er hér um almenna skatta að ræða, og þeir eru teknir frá fólkinu alveg hreint eins og þeir skattar, sem við viljum, að sé skilað til umferðarinnar — og kannske þó þessum enn þá frekar.

Það, sem ég tel, að hafi verið gert með vegal. 1963, var, að mörkuð hafi verið þá af Alþ. sú stefna, að sérskattarnir af umferðinni í landinu skyldu vera notaðir til vegamála. Þessir sérskattar, sem eru eingöngu miðaðir við bíla, eru benzínskattur, þungaskattur, gúmmígjald og leyfisgjald af bifreiðum. Þessir fjórir skattstofnar eru sérskattar, og það var laukrétt stefna miðað við það, að Vegasjóður stæði fyrir öllum vegaframkvæmdum í landinu. Þá bar einnig að afhenda honum leyfisgjaldið af bifreiðum, vegna þess að það er sérskattur, og það er það, sem við höfum deilt við hæstv. vegamálaráðh. um, að þessi skattur var eftir skilinn. Það er brot á þeirri grundvallarreglu, sem l. eru byggð á, en við höfðum ekki gert till. um það að taka almenna tolla. Við höfum farið fram á leyfisgjaldið, og það er alveg í samræmi við l., og það er

algjört brot á grundvallarreglunni, að þessi sérskattur skuli ekki vera einnig látinn ganga til Vegasjóðs auk þess, sem öllum er ljóst, sem vilja hugsa málið raunhæft, að Vegasjóði mun nú ekki af veita. Hæstv. ráðh. sagði, að það mætti segja það, að Vegasjóður hefði þá seilzt eftir tekjumöguleikum ríkissjóðs, þegar t. d. voru hækkaðir 1965 þessir skattar, sem nú er verið að hækka. Það er ekki svo, vegna þess að löggjöfin er búin að marka þessa stefnu, að sérskattarnir tilheyri Vegasjóði, og hlutverk Vegasjóðs á svo að vera að byggja upp vegakerfið í landinu, en ríkissjóður á ekki að hagnýta sér þessa skatta eins og benzínskatt, þungaskatt og gúmmígjald og ekki heldur leyfisgjöldin. Það er rétt. Þannig á það að vera, meðan þessi stefna ríkir um framkvæmd vegamálanna og uppbyggingu þeirra í landinu.

Hæstv. ráðh. sagði, að ósköp hefði tal mitt verið ábyrgðarlaust. Honum leið bara illa vegna þess, hæstv. ráðh., að menn skyldu tala af svona miklu ábyrgðarleysi og láta eins og þeir skildu ekki hlutina.

Nú ætla ég ekki að fara að deila við hæstv. ráðh. um ábyrgð og ábyrgðarleysi, og ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. hefur efni á því að tala um ábyrgðarleysi í athöfnum annarra, ef hún lítur á sínar eigin framkvæmdir. Ég dreg það mjög í efa, þegar litið er á athafna- og framkvæmdasögu hæstv. ríkisstj. undanfarin góð ár og þær aðgerðir, sem hún annað veifið hefur verið að beita í þjóðmálunum, að henni farist mikið að tala um ábyrgðarleysi.

En svo að ég snúi mér að þessari spurningu um ríkissjóð og að því, hvort ríkissjóður hafi lagt til vegamálanna núna eins og ætlunin var, þá vil ég benda hæstv. ráðh. á það, að það hefur verið gengið nokkuð frjálslega um afgreiðslu fjárl. bæði fyrr og nú, t. d. árið 1965 eða við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1966, þegar þessi hæstv. ráðh. var fyrst neyddur til — en ég tel, að hann hafi verið neyddur til þess — að fella niður 47 millj. kr., þá var talað um ábyrgðarleysi af okkur, og við lögðum til að taka þær inn á fjárl. og töldum nauðsynlegt að sjá fyrir tekjum til að mæta þeim. En hvað fóru tekjur fjárl. mikið fram úr áætlun það ár? Tæpar 900 millj. kr. Halda hv. þm., að það hefði verið mikið ábyrgðarleysi, þó að Alþ. hefði bætt á útgjöld fjárl. 47 millj. kr. þá? Nei, það var ekki ábyrgðarleysi í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. Og hvað hefur gerzt í sambandi við fjárl. núna. Það var talað um ábyrgðarleysi, þegar við fluttum smá till., sem var 1—2% af heildarútgjöldum fjárlagafrv. En ríkisstj. gekk í það eftir mánuð eða ekki það að ákveða ríkissjóði útgjöld á fjórða hundrað millj. kr. — útgjöld, sem fjárl. gerðu ekki ráð fyrir. Ég veit það, að það voru nauðsynleg útgjöld.

En fé til vegamála er líka nauðsynlegt, og vegamálin í okkar landi eru eitt af grundvallarmálunum og undirstaða í sambandi við atvinnulíf okkar og viðskiptalíf í landinu. Hæstv. ríkisstj. hikaði sem sé ekki við að stofna til sem nam 320 millj. kr. auknum útgjöldum, en það var ábyrgðarleysi að biðja um 47 millj. kr. handa Vegasjóði. Og hvað gerði hæstv. ríkisstj. þá? Hún hækkaði áætlun um áfengi og tóbak um 50 millj. kr. Það tók hana ekki langan tíma að gera það. Hefði ekki hæstv. samgmrh. getað komið því til leiðar, að þessi ákvörðun hefði verið tekin í sambandi við verðið á áfengi og tóbaki, til þess að Vegasjóður fengi sitt? Það var ekki meira ábyrgðarleysi en það, sem hann samþykkti og hæstv. ráðh. aðrir eftir nokkra daga. Því var líka haldið fram í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, að tollarnir yrðu lækkaðir um 250—270 millj. kr. Þegar framkvæmdin kom, voru það 159 millj. kr. Var þetta ekki ábyrgðarleysi að vera búnir að halda því fram fyrir nokkrum dögum, að það ættu að vera 250—270 millj. kr.? Þetta var ekki stjórnarandstaðan. Þetta voru hæstv. stjórnarsinnar, ráðh., sem sögðu þjóðinni þetta, og svo kemur hæstv. samgmrh. og talar um það mikla ábyrgðarleysi að láta sér detta það í hug, að það hefði verið hægt að bæta í ríkissjóð einhverjum auknum útgjöldum vegna Vegasjóðs.

Hv. 12. þm. Reykv., Ólafur Björnsson, sagði í umr. í hv. Ed. fyrir nokkrum dögum í sambandi við ráðstöfun um að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, að það væri vel hægt að hugsa sér að reka ríkissjóðinn með halla einhvern tíma; það væri matsatriði. Og auðvitað er þetta rétt hjá hv. þm., að það getur verið matsatriði, hvort það á að reka ríkissjóð með halla eitt ár eða ekki. Út af fyrir sig er ég ekki hrifinn af því, en þetta getur þó verið hugsanlegt, að sé skynsamlegt að gera. Það er ákveðin stefna, fjármálapólitíkin í það og það skiptið, sem ræður. Og ég er sannfærður um það, að á fjárl. ísl. ríkisins, sem eru á sjöunda milljarð, skipta 50—100 millj. kr. ekki orðið verulegu máli. Áætlunin er þannig, að það mun ekki breyta miklu nema í einstaka tilfellum, þó að henni sé þannig breytt. En hæstv. samgmrh. sagði, að það skipti engu máli með það, þó að ríkissjóður hefði hætt að leggja til Vegasjóðs 47 milljónirnar, vegna þess að Vegasjóði hefði verið bætt það upp. En ég spyr: Skipti það þá nokkru máli fyrir Vegasjóð í upphafi að fá þessar 47 millj. kr.? Ef það skiptir engu máli, þegar hann tapar þeim, hafa þær ekki skipt hann máli, þegar hann fékk þær.

Ég hef svo sem gert það áður og vil þó enn á ný minna á það, að hæstv. samgmrh. hafði aðra skoðun á þessu máli, þegar hann 19. des. 1963 lýsti þessu yfir ásamt mörgu fleira í ræðu hér á hv. Alþ., sem ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna til. En þá segir hæstv. ráðh.:

„Og einmitt vegna þess er engin hætta á því og alveg útilokað, að ríkisframlagið verði lækkað. Það er alveg útilokað. Og þörfin fyrir aukið vegafé frá ríkissjóði verður fyrir hendi, þótt vegamálunum hafi verið tryggt fé með benzíngjaldi, gúmmígjaldi og þungaskatti."

Heldur hæstv. samgmrh., að þegar hann mælti þessi orð, hafi hann haft þá skoðun, að það skipti

engu máli, hvað ríkissjóður legði til vega? Nei, ég er ekki að efa það, að auðvitað var hæstv. samgmrh. það ljóst, að það skipti máli, og honum er þetta ljóst enn þá, og ég er sannfærður um það, að hæstv. samgmrh. var neyddur til þess að gera þetta. Og hann á auðvitað að kippa þessu í liðinn aftur; annað hæfir ekki. Og það eru svo margfaldir möguleikar til þess, að það er óþarfi að vera að deila hér á hv. Alþ. um atriði, sem þm. komu sér allir saman um, að skyldi vera. Og einmitt í umr. um vegal. var lögð rík áherzla á það, að ríkissjóður hagnýtti sér ekki þessa nýju skatta til þess að hætta við framlagið úr ríkissjóði og það var það, sem hæstv. samgmrh. var að undirstrika, þegar hann sagði þetta, sem ég vitnaði hér til áðan.

Ég vil líka segja það, að það er á misskilningi byggt, að það hafi bætt þetta upp, þó að hæstv. ráðh. hafi síðar beitt sér fyrir að hækka skattana, þ.e. benzíngjaldið, þungaskattinn og gúmmígjaldið, eins og hann er að gera núna. Það gerði það ekki. Nýjar álögur voru lagðar á umferðina til þess að fylla upp í þetta skarð, en þær gerðu lítið meira. Þess vegna hefur nú orðið að fara enn á ný af stað til þess að afla nýrra tekna til þess að reyna að mæta að einhverju leyti þörfinni, sem er á auknu fé til vega. Og það þarf ekkert um að deila, að þetta var leiðinlegt atriði og það mjög leiðinlegt, og tjón Vegasjóðs stendur, þangað til úr þessu verður bætt. Og það er það, sem á að gera núna. Ríkissjóður á að útvega fé — með láni ef þeir treysta sér ekki til að taka af eigin tekjum, sem ég tel, að skipti nú litlu máli, eins og búið er að fara með fjárl. nú — til þess að leggja fram það fé, sem þessum sköttum er ætlað að afla á þessu ári.

Það, sem hæstv. samgmrh. sagði um Útflutningssjóð og árið 1958, skal ég ekki eyða löngum tíma í að ræða nú. Við höfum gert það svo oft, ég og hæstv. samgmrh., en ég vil enn á ný lýsa því yfir, að hlutverk Útflutningssjóðs var það að mæta þeim halla, sem var orðinn, vegna þess að gengið var ekki lækkað, og þess vegna var hluta hans — teknahluta — aflað með almennu álagi á innflutninginn, sem nálgaðist gengisbreytingu. Síðan er búið að gera gengisbreytingu þrisvar sinnum, svo að hlutverk Útflutningssjóðs er nú algerlega úr sögunni, og ekki er hægt að bera saman þær tekjur, sem til hans gengu 1958, og þær tekjur, sem ganga til ríkissjóðs nú.

En þó að ég gangi inn á það sjónarmið hæstv. ráðh. að gera dæmið upp á þann hátt og taka tölurnar, sem ég las hér upp áðan og voru fengnar úr opinberum skýrslum, er það svo, að 1957 voru notuð til veganna í landinu 59% af þessum tekjum, 1958 50,9%, 1965 35,8% og 1966 32%. Árið 1967 mun þó verða enn þá óhagstæðara í þessum samanburði heldur en þau ár, sem ég vitna til, vegna þess að það hefur æ gengið lengra í þá átt að taka auknar tekjur af umferðinni — hlutfallslega meira en til hennar hefur gengið.

Hæstv. ráðh. taldi, að ég liti ekki raunhæft á þessi mál, sem hér væri um að ræða. Ég skal nú ekki eyða löngum tíma í að deila um það, en ég vil undirstrika það og tel það raunhæft, að það, sem hér er að gerast, er ekki það, að verið sé að afla þess fjármagns, sem þarf til að byggja upp vegakerfið í landinu með varanlegum hætti. Hér er aðeins verið að afla fjár til þess að leysa úr þörfum til bráðabirgða, og það verður farið til fanga eftir stuttan tíma aftur, sér í lagi ef eitthvað á að aðhafast, sem bragð er að.

Ég undirstrika það, að það er ekki hægt að leysa vegamálin í landinu með því að gera varanlega vegi, þá þjóðvegi, sem ekki hafa verið lagðir enn þá, og hringveg um landið, nema ríkissjóður skili umferðinni að nokkru leyti aftur þeim tekjum, sem hann hefur þaðan nú. Það er ekki hægt að byggja upp vegakerfið í landinu með því að bæta alltaf sköttum á umferðina. Hér er komið það langt í þeim efnum, að þaðan verða ekki fjármunirnir teknir. Þess vegna segi ég það, að það er raunhæft að líta þannig á málið, að ef við ætlum að gera stórátak til uppbyggingar vegakerfisins, verður það ekki gert með öðrum hætti en þessum peningum sé skilað aftur. Ef menn treysta sér ekki til þess, verðum við að horfast í augu við það, að við höldum áfram að lappa upp á vegina, eins og við gerum nú og höfum gert.

Hæstv. ráðh. sagði, að við kynnum ekki að meta þetta mál rétt og mundum ekki afla okkur vinsælda á því. Það er nú vont, ef það verður hryggðarefni þessa hæstv. ráðh., að við, þm. í stjórnarandstöðu, öflum okkur ekki vinsælda. En það verður þá að taka því. Við metum þetta mál, eins og það er. Ég hef lýst skoðun framsóknarmanna á málinu og því, hvað þurfi til þess að taka raunhæft á vegamálunum, og það mun sýna sig, að það verður það, sem að verður horfið, þegar verður farið að byggja vegakerfið upp í landinu, og hæstv. ráðh. má eiga sínar vinsældir út á slíkar framkvæmdir í vegamálum, sem hér er verið að hafa forgöngu um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til samgmn. með 26 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 477, n. 525 og 527, 526, 528, 538).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgmn. beggja þd. hafa fjallað sameiginlega um frv. það, sem hér liggur fyrir um breytingu á vegal. nr. 71 30. des. 1963. Sátu samgmrh. og vegamálastjóri einnig fundi n. og veittu margvíslegar upplýsingar um einstök atriði frv. og málið í heild. Höfuðmarkmið þessa frv. er að afla aukinna tekna í Vegasjóð til þess, að unnt verði að ráðast í vegagerðir úr varanlegu efni á næstu árum. Slík vegagerð hófst hér með lagningu Keflavíkurvegarins, og samkv. vegal. frá 1963 skal stefnt að því að leggja þá vegi innan 10 ára með varanlegu slitlagi og tvöfaldri akbraut, sem gera má ráð fyrir, að

1000 bifreiðir aki eftir daglega yfir sumarmánuðina. Um það ríkir enginn ágreiningur meðal Íslendinga, að góðir og fullkomnir vegir eru eitt af frumskilyrðum blómlegs atvinnu-, efnahags- og félagslífs í landinu. Þess vegna hefur þjóðin lagt mikið á sig undanfarna áratugi til þess að vega landið. Segja má, að ein kynslóð hafi unnið það þrekvirki að byggja brýr og leggja vegi um svo að segja allar byggðir þessa stóra en strjálbýla lands. Margir þessir vegir eru að vísu ófullkomnir. Þess vegna er það ekki óeðlilegt, að kröfur komi fram um nýja og betri vegi. En ef þessi kynslóð, sem lagt hefur malarvegina, á líka að byggja vegi úr varanlegu efni, hlýtur það að kosta mikið fé, og þess fjár verður að afla með álögum á þjóðina í einu eða öðru formi.

Það er yfirborðslegt hátterni að lýsa stöðugt yfir hátt og í hljóði áhuga sínum á því að steypa eða malbika ísl. vegi, en snúast jafnhliða gegn tillögum um að afla fjár til slíkra framkvæmda.

Ástæðulaust er að draga dul á það, að í frv. þessu felast till. um verulega auknar álögur á bifreiðaeigendur í landinu. En þeir hafa eðlilega gert eindregnar kröfur um, að hafizt verði handa um vegagerð úr varanlegu efni, og þeir hljóta einnig að hagnast mest á fullkomnum og greiðfærum vegum.

En það er ekki aðeins þörfin fyrir hinar svokölluðu hraðbrautir, sem liggur til grundvallar þessu frv. og þeirri tekjuöflun, sem það felur í sér. Óhjákvæmilegt er að afla aukins fjár til hinna almennu vegaframkvæmda í öllum landshlutum og þá ekki hvað sízt til viðhalds vega, sem stöðugt verður fjárfrekara með lengingu vegakerfisins. Er það annar höfuðtilgangur þessa frv. Það er svo að sjálfsögðu á valdi Alþ. að ákveða með vegáætlun, hvernig tekjuauka skuli skipt milli hraðbrauta og annarra þarfa Vegasjóðs.

Ég læt þessi fáu orð nægja um frv. almennt. Samgmn. hafa borizt mótmæli gegn frv. frá Landssambandi vörubifreiðastjóra og Félagi sérleyfishafa, en þar er réttilega vakin athygli á verulega auknum útgjöldum þeirra aðila vegna fyrirhugaðrar tekjuöflunar samkv. frv. Vitanlega má alltaf gera ráð fyrir mótmælum einstakra aðila, þegar nýjar álögur eru á lagðar ekki sízt í landi, þar sem opinberar álögur eru háar fyrir. Í því er þá talin lítil huggun, að álögurnar séu jafnháar eða hærri í öðrum löndum, en slíka hughreystingu reynum við alþm. oftlega að veita þjóð okkar. En kjarni málsins er sá, að krefjist þjóðin mikilla framkvæmda, hvort heldur er í vegamálum eða á öðrum sviðum, verður hún að borga kostnaðinn við þær. Það er fyllilega verjandi að segja: Við hefjumst ekki strax handa um byggingu hraðbrauta. Okkar kynslóð hefur þegar lyft grettistaki í vegagerðum. Næsta kynslóð verður að leggja steinsteyptu og malbikuðu vegina. En það er ekki hægt að segja: Við krefjumst vega úr varanlegu efni, en neitum að afla fjár til þeirra.

Samgmn. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. n., stuðningsmenn ríkisstj., leggja til, að það verði samþ., en minni hl. er frv. andvígur.

Um brtt. þær, sem meiri hl. samgmn. flytur á þskj. 526, vil ég segja þetta:

1. brtt. er um það eitt að setja röð frvgr. í eðlilegra form. 2. brtt., sem er við 2. gr. frv., er um greiðslu gjalds af birgðum tiltekinna vörutegunda, sem til eru í landinu, er l. þessi öðlast gildi. 3. brtt., sem er við 3. gr. frv., felur í sér þá breytingu, að orðinu viðurlög er skotið inn í upptalningu síðustu málsgr. b—liðar. Þessi brtt. skýrir sig sjálf. 4. brtt. er um það, að heimilt skuli að lækka skatta á dísilbifreið, ef skrásetningarmerki hennar hefur verið afhent til geymslu hjá lögreglustjóra í 30 daga samfellt. Almenna reglan hefur áður verið þrír mán. Er hér um að ræða verulega rýmkun þessa ákvæðis eigendum dísilbifreiða í hag. 5. tölul. brtt. á þskj. 526 felur aðeins í sér, að með samþykkt l. þessara skuli falla úr gildi l. nr. 101 22. des. 1965, um breytingu á vegal. nr. 71 30. des. 1963.

Þá flytur meiri hl. samgmn. brtt., sem ekki hefur enn þá unnizt tími til að útbýta, að því er ég veit bezt, en þessi brtt. er flutt samkv. ósk samgmrh. og er á þá leið, að aftan við 4. tölul. bætist ný gr. svohljóðandi:

4. mgr. sömu lagagreinar orðist svo:

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Þessi till. felur aðeins í sér þá breytingu á gildandi ákvæðum, að heimildin til þess að stöðva bifreið og taka merki hennar til geymslu er látin ná yfir vanskil vegna greiðslu gjalda á síðari gjalddaga, en samkv. frv. er ráðh. heimilað að ákveða með reglugerð tvo gjalddaga árlega fyrir þungaskatt.

Með fyrrgreindum breytingum leggur meiri hl. samgmn. til, að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Efni þessa stjfrv. er í aðalatriðum það, að afla Vegasjóði tekna umfram þær tekjur, sem hann hefur nú. Áætlað er, að þessar viðbótartekjur, sem Vegasjóður mundi fá samkv. þessu frv., muni nema 109 millj. kr. á yfirstandandi ári, en 180—190 millj. kr. á næsta ári. Eins og hv. frsm. meiri hl. n. drap á, eru alþm. hvar í flokki, sem þeir standa, sammála um það, að mikil þörf sé á aukningu á tekjum Vegasjóðs, enda er það sýnilegt, að verði það ekki gert, þá muni þjóðvegirnir að meira eða minna leyti ganga úr sér og jafnvel grotna niður vegna skorts á viðhaldsfé annars vegar og hins vegar vegna þess að þá verði ekki haldið áfram uppbyggingu vegakerfisins, eins og þó allir vilja.

Um þetta frv. er hins vegar ágreiningur, en ágreiningur er aðeins um það, hvernig eigi að afla fjár til vegamálanna. Ég veit ekki, hvað hv. frsm. meiri hl. n. hefur átt við, þegar hann talaði um það hér áðan, að það væri yfirborðslegt að vilja fá betri vegi, en vilja ekki samþykkja till. um fjáröflun. Ef

hann hefur átt við þetta frv., þá er þetta á misskilningi byggt hjá honum, því að brtt. minni hl. n. fela í sér alveg jafnmikla tekjuöflun fyrir Vegasjóð eins og er í frv. sjálfu, þegar frá er liðið þetta ár. Það skortir ekki á vilja okkar í minni hl. n. að afla Vegasjóði eða vegakerfinu í landinu tekna. Við viljum aðeins gera það með öðrum hætti en ríkisstj. og stuðningsmenn hennar.

Þarna er stefnumunur á afgreiðslu máls. Ríkisstj. og hennar stuðningsmenn vilja afla Vegasjóði fjár eingöngu með bifreiðasköttum, sköttum á bifhjólum, hjólbörðum, varahlutum og benzíni. Við teljum, að það sé ekki hægt að ganga, a. m. k. eins og sakir standa, lengra í þessu en búið er að gera. En eins og mönnum er kunnugt, þá eru allar tekjur Vegasjóðs nú fengnar með þessum hætti — með slíkum sköttum sem þessum. Við teljum hins vegar, að eins og nú er komið verði ríkissjóður í einu eða öðru formi að taka við og fara að leggja Vegasjóði fé, sem hann nauðsynlega þarf á að halda. Og það eru fleiri en við, sem eru þessarar skoðunar, eins og sést á bréfi frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, sem birt er með nál. minni hl. n. Segja þeir þar sitt álit á þessu máli og mótmæla harðlega þessu frv.

Þar að auki kom annað bréf í dag svipaðs efnis, þar sem sérleyfishafar hafa margt við þetta frv. að athuga, og ég get ekki látið hjá líða að skýra frá því, að vörubifreiðaeigandi sagði mér, þegar ég var að leggja af stað á þennan fund, að nú stæði til athugun á því, hvort vörubifreiðaeigendur ættu ekki að stöðva akstur og leggja bifreiðum sínum, ef ekki fáist viðunandi breytingar á þessu stjfrv. Ég vil af þessu tilefni leyfa mér að spyrja hæstv. samgmrh.: Hefur hann orðið var við, að slík hreyfing sé á ferðinni, eða er þetta einhver misskilningur hjá þessum vörubifreiðaeiganda, sem skýrði mér frá þessu áðan? Ég get endurtekið það, að þessi vörubifreiðaeigandi skýrði mér frá því áðan, þegar ég var að fara af stað hingað á fundinn, að það væri núna í athugun hjá þeim að stöðva akstur, ef ekki fengjust viðhlítandi breytingar á þessu frv. Ég hef ekkert fyrir mér annað í þessu en þetta, sem þessi eini bifreiðaeigandi skýrði mér frá.

Minni hl. n. vill auka tekjur Vegasjóðs ekki síður en ríkisstj. og hennar stuðningsmenn, en hann vill gera það með þeim hætti að þessu sinni, að ríkistekjur af bifreiðum, þ. e. leyfisgjöld, sem gengið hafa til ríkissjóðs hingað til, verði nú afhentar Vegasjóði frá og með 1. jan. 1969. Þá mundi Vegasjóður fá með þeim hætti á því ári og síðar engu minni tekjur en hann á að fá með þessu frv. með þessum skattaálögum, sem felast í þessu frv. Við höfum því fullan hug á því, að að því sé unnið að afla Vegasjóði tekna. Á fundi samgmn. í fyrradag, þar sem hæstv. samgmrh. var viðstaddur, spurði ég hann að því, hvort hann gæti ekki hugsað sér að leita samkomulags um fjáröflun handa Vegasjóði þetta eina ár — 1968, en láta bíða frekari fjáröflun til næsta þings, og hún verði ákveðin þar, um leið og vegáætlun verður gerð til fjögurra ára, og láta þetta fylgjast að. En þessu harðneitaði hæstv. ráðh. Þegar svo var komið, að ekki varð um þokað, hvað þetta snertir, gátu nm. ekki orðið samferða um afgreiðslu þessa máls.

1963 tókust samningar milli ríkisstj. og stjórnarandstöðuflokkanna á Alþ. um ný vegalög. Bifreiðaskattar voru þá hækkaðir, en því fylgdi önnur ráðstöfun, sem var lögð mikil áherzla á af hálfu stjórnarandstæðinga þá og ríkisstj. féllst á. Hún var sú, að ríkissjóður skyldi leggja fram fé til vegamálanna árlega á fjárl., og um þetta var sett sérstök gr. í l., 89. gr. vegal., og þessi gr. er í fullu gildi enn þann dag í dag, því að henni hefur ekki verið breytt. Skyldan hvílir á ríkissjóði að leggja fram þetta fé engu síður en 1964, þegar honum var gert að leggja fram fé samkv. vegáætlun, sem gilti fyrir eitt ár, og nokkru síðar í vegáætlun, sem sett var til fjögurra ára. Fjárframlagið úr ríkissjóði eftir þetta samkomulag 1963 var um 47 millj. kr. á fjárl. 1964 og jafnhátt á fjárl. 1965, en þá gerist það á þessu ári 1965, að þetta framlag er fellt niður úr fjárl. þrátt fyrir samninginn um vegal., þrátt fyrir yfirlýsingu hæstv. samgmrh. á Alþ. um, að þetta framlag yrði alls ekki lægra á næstu árum en þarna var þá ákveðið, og þrátt fyrir það, að Alþ. samþykkti vegáætlun til fjögurra ára með 47 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði hvert ár, og ætti það því að standa svo enn þann dag í dag, því að vegáætlunin er enn í gildi. Ákvæði vegal., hvað þetta snerti, stóð því ekki lengi. Það er að segja í framkvæmd, þó að það standi á pappírnum enn þann dag í dag.

Ég býst við, að það hefði komið sér vel nú, hefði þessari reglu verið fylgt, eins og samið var um og sett voru l. um. Þetta var að vísu ekki há upphæð þá — 1965 — 47 millj. kr. miðað við heildartekjur Vegasjóðs þá. Þó nam þetta sem svaraði ¼ af þeim tekjum Vegasjóðs, sem hann fékk með sköttum. Ef Vegasjóður ætti nú kost á hlutfallslega svipuðu framlagi, þ. e. sem svaraði ¼ hluta af sköttunum, sem til hans renna, ætti þetta að nema um 111 millj. kr. á næsta ári miðað við, að þessir skattar samkv. frv. verði samþykktir, en náttúrlega minna, ef þeir verða ekki samþ., en há upphæð samt.

En hvers vegna féll þetta framlag ríkisins til Vegasjóðs niður? Var það bara vegna þess, að ríkissjóður hafði ekki efni á að greiða þetta til veganna. Nei, það er ekki af því, því að sama árið og ríkisstj. felldi niður þetta framlag var mörg hundruð millj. kr. tekjuafgangur hjá ríkissjóði — mörg hundruð millj. kr. tekjuafgangur, þ. e. á því ári, sem það féll niður — árinu 1966. Ef ég man rétt, ætla ég, að þessar tekjur ríkissjóðs umfram fjárl. hafi numið milli 800 og 900 millj. kr., svo að það hefði ekki verið neitt kraftaverk að leggja fram 47 millj. kr. til Vegasjóðs, eins og upprunalega var ætlazt til. Ég er því þeirrar skoðunar, að það sé ekki ástæðan, að hæstv. ríkisstj. telji ríkissjóðinn ekki færan um að leggja nokkurt fé til vegamála í landinu, heldur hljóti þetta að stafa af því, að hún telur þetta óheppilega leið. Hún telur miklu eðlilegra og æskilegra að leggja allt saman sem skatta á umferðina, skatta á bifreiðarnar og

benzínið og það annað, sem til akstursins þarf.

En eins og ég gat um áðan, telur minni hl. n., að það sé mjög viðsjárvert að fara slíka leið nema að einhverju ákveðnu marki. Eftir það verði að koma til framlag úr ríkissjóði eða annað, sem jafngildir því. Þess vegna leggur minni hl. n. til, að leyfisgjöld af bifreiðum gangi hér eftir til Vegasjóðs, en fjárþörfinni þetta ár verði mætt með lántöku, og er önnur till. okkar um þetta efni á þskj. 528, þar sem lagt er til, að ríkisstj. verði heimilað að taka lán til greiðslu á kostnaði við vegaframkvæmdirnar 1967 og 1968 allt að 109 millj. kr. eða sömu upphæð og gert er ráð fyrir í þessu frv., að til þess þurfi.

Við lítum auk þess svo á, að eins og nú er ástatt í landinu — ekki aðeins hjá einstaklingum og atvinnufyrirtækjum, heldur almenningi — eins og árferðið er núna, sé það mjög varasöm stefna að leggja enn skatta ofan á það, sem fyrir er, á bifreiðar eða á umferðina í landinu, því að allir vita, að þeir, sem stunda akstur, hvort sem það er með vörubifreiðum eða öðrum bifreiðum, borga ekki þessa skatta úr eigin vasa. Auðvitað leggja þeir alla þessa skatta á þjónustuna, á flutningsgjöldin, og þetta kemur þar af leiðandi niður á öllum þeim, sem þurfa á flutningum að halda, og það eru nú orðið æðimargir landsmenn, ef ekki flestir, þar sem vöruflutningar á landi færast nú mjög í vöxt — svo mjög, að það eru orðnir miklu meiri flutningar með vörubifreiðum út um landið en með skipum Skipaútgerðar ríkisins. Afleiðingar af því að stórhækka skatta á þessum farartækjum hljóta því að verða þær að auka á rekstrarkostnað atvinnufyrirtækja, hækka verðlag nauðsynja og auka verðbólguna. En manni hefur skilizt, að það væri frekar þörf á því að sporna við slíku, eins og nú er ástatt.

Hæstv. samgmrh. lét orð um það falla við 1. umr. þessa máls, að ætti ríkið að fara að leggja fé til Vegasjóðs, yrði að hækka aðra skatta til þess að bæta ríkissjóði það upp. Hvernig fór ríkissjóður þá að 1964 og 1965, þegar hann lagði fram fé til vega? Einhvern veginn gat hann það þá, og það var ekki á hæstv. ríkisstj. að heyra, þegar hún samdi um þetta atriði við andstöðuflokkana, að ríkissjóður gæti það ekki. Nei, þvert á móti. Fjárl. voru þó ekki nema 2.700 millj. kr. 1964, þegar þetta framlag var á fjárl. til Vegasjóðs. Þau voru ekki nema 3.500 millj. kr. árið eftir — 1965, þegar þetta framlag var einnig á fjárl. En núna — 1968 — þegar fjárl. eru orðin um 6 þús. millj. kr., er ekki hægt að fá neitt framlag úr ríkissjóði. Ég held það séu heldur veik rök að halda því fram, að þessar skattaálögur þurfi að koma til, vegna þess að ríkissjóður geti ekki lagt fram einhvern hluta af því fé, sem Vegasjóður þarf. Eins og ég nefndi, voru umframtekjur ríkissjóðs svo miklar eitt árið og reyndar fleiri ár, að það hefði ekki þurft að koma til neinnar sérstakrar skattlagningar á almenning til fjáröflunar fyrir ríkissjóð, þó að þetta framlag hefði haldizt í vegáætlun eins og það var ákveðið.

Að lokum hvað þetta snertir, má enn minna á það, að hæstv. ríkisstj. hefur talið sig geta lækkað ríkisútgjöld á þessu ári um 139 millj. kr. Það bendir til þess, að hún hafi alltaf getað það og ekki síður á velgengnisárunum, sem voru hér áður. Hún hlýtur því að hafa vanrækt þennan sparnað, sem hún hefur tekið upp nú, og sennilega má alltaf spara eitthvað og meira en enn er komið fram. Auðvitað verður að reyna að lækka ríkisútgjöld til þess að geta fullnægt brýnustu þörfum eins og því að koma á viðunandi vegakerfi í landinu.

Hæstv. samgmrh. ræddi nokkuð um þær stórframkvæmdir í vegamálum, sem átt höfðu sér stað á undanförnum árum. Þetta er alveg rétt hjá honum. Það hafa átt sér stað mikilsverðar framkvæmdir í vegamálum á einstökum vegarköflum í landinu á undanförnum árum, og eru það fyrst og fremst Reykjanesbraut, Siglufjarðarvegur, Ennisvegur, Múlavegur og nokkrir vegakaflar á Vestfjörðum. Þetta voru mikilsverðar framkvæmdir og til stórbóta. En fyrir hvaða fé var þetta gert? Var það fyrir ríkisframlag? Var það ríkissjóður, sem byggði upp þessa kafla með sínu eigin fé? Nei, þetta var svo að segja allt gert fyrir lánsfé — svo að segja allt. Nú getur verið nauðsynlegt, eins og ég hef áður sagt, og mjög hagkvæmt að taka lán til vegagerðar, enda verða þau væntanlega tekin að einhverju leyti framvegis eins og á undanförnum árum. En það verður að hafa það jafnframt í huga, að með því er verið að fresta til næstu ára greiðslu þessara framkvæmda, og það verður að sjá það fyrir, um leið og lán eru tekin, að möguleikar séu til þess að greiða vexti og afborganir af þessum lánum. Vegaskuldir um síðustu áramót voru um 390 millj. kr., þegar með eru taldar þær hækkanir á lánunum, sem stafa af gengislækkuninni, því að sum lánin eru í erlendri mynt. Önnur lán eru vísitölutryggð, og vextir og afborganir af þeim hækka í samræmi við það, sem vísitala byggingarkostnaðar hækkar. Við vitum því ekki, hvað þarna getur komið til viðbótar við þær fyrri greiðslur, sem verið hafa á þeim lánum. En hvaða fé hefur Vegasjóður til þess að greiða með vexti og afborganir af lánum? Hann hefur ekkert fé til þess annað en nýbyggingafé, fjárveitinguna til nýrra þjóðvega. Af henni verður að taka þessar greiðslur, hverjar sem þær eru, vexti og afborganir af lánum.

Þegar vegaskýrslan var til umr. hér fyrr á þessu þingi, spurði ég hæstv. ráðh. m. a. um það, hversu miklar mundu verða afborganir og vextir af vegalánum á árinu 1968. En því miður fékk ég ekkert svar við því. Ég varð því að gizka á þetta og taldi, að þær mundu verða 64—67 millj. kr. á þessu ári. Nú hefur komið svar við þessu hjá hæstv. ráðh. í ræðu hans við 1. umr. þessa máls. Og þá segir hann, að þessi upphæð sé 64½ millj. kr. En fjárveitingar til nýbygginga vega, sem á að greiða þessa upphæð með, eru á þessu ári ekki nema 57½ millj. kr. Hún er 7 millj. kr. minni en skuldin, sem á að greiða. Ég sagði það þá, og ég segi það enn, að það þarf sérstakan snilling til þess að geta borgað 64½ millj. kr. með 57½ millj. kr. M.ö.o., allt nýbyggingafé fer til þess að borga vexti og afborganir af skuldum —

og dugar ekki til. Þannig er ástandið orðið núna. Og af hverju er þetta? Af því að menn freistuðust til þess að taka lán til vega án þess að auka fjárveitinguna til nýbygginga vega til þess að geta staðið undir öllum þessum greiðslum og nýbyggingunum að auki. Vegna þess að þetta var ekki gert, er nú allt komið í sjálfheldu, og þetta frv. er m. a. til þess að losna úr þessari sjálfheldu.

Þm. spurðu hæstv. ráðh. að því í vetur, þegar vegaskýrslan var til umr., hvað mundi verða unnið fyrir mikið lánsfé í vegum á yfirstandandi ári. Var þá jafnvel spurt um einstaka vegi, hvort yrði unnið í þeim fyrir það lánsfé, sem ráðgert var í vegáætluninni, en hæstv. ráðh. kvaðst ekki geta svarað þessu á því stigi málsins. Þegar ég kom á fund samgmn. í fyrradag og hæstv. ráðh. var þar staddur, spurði ég hann enn að þessu, því að ég taldi það mikils virði að fá að vita það, hvað yrði unnið um landið allt fyrir mikið lánsfé að byggingu nýrra vega. Hæstv. ráðh. svaraði því, að hann gæti enn ekki svarað þessu, af því að framkvæmdaáætlun ríkisstj. lægi ekki fyrir. En svo kom hæstv. dómsmrh. í sjónvarpið í gærkvöldi. Þeir komu nú reyndar tveir ráðh. í sjónvarpið í gærkvöldi; þeir eru nefnilega farnir að verða þar álíka tíðir gestir og steinaldarmennirnir. Hæstv. dómsmrh. skýrði svo frá í viðtali í sjónvarpinu, að framkvæmdaáætlunin lægi fyrir og hún yrði lögð fyrir þingið núna eftir páskana. En þótt ekki hafi fengizt enn svör við því, fyrir hvað mikið lánsfé verði unnið á komandi sumri við nýbyggingu vega, felst samt svar í öðrum upplýsingum hæstv. ráðh. sem fram kom í umr. um daginn. Hann sagði nefnilega, að vextir og afborganir af vegalánum mundu fara lækkandi á komandi ári. Hvað þýðir það? Það þýðir það, að það verða ekki tekin fleiri lán eða a. m. k. ekki meiri lán en sem nemur afborgunum, því að vextir og afborganir geta ekki lækkað, ef lánin hækka.

Ég held, að með þessum upplýsingum hæstv. ráðh. hafi þm. fengið svar við því svona í aðalatriðum, hvort það verði unnið að vegum í kjördæmunum þeirra fyrir lánsfé 1968, eins og ráðgert var í vegáætluninni, eða ekki. Mér skilst, að það muni verða af skornum skammti, svo að ekki sé tekið dýpra í árinni. En vonbrigðum hlýtur það að valda, þegar menn hafa það fyrir sér í vegáætlun, að í þessum og þessum vegi skuli unnið fyrir 1—1½ millj. kr., 2—3 millj. kr. sumarið 1968, og svo verður það alls ekki gert. Til hvers er nú þessi kafli vegáætlunarinnar orðinn, ef þannig verður haldið á málunum hér eftir, eins og nú fer að verða. Ég held það hefði verið miklu nær að vera ekki með þessar samþykktir í vegáætlun í fyrra; það er nefnilega ekki nema tæpt ár, síðan hún var samþ. — vegáætlunin endurskoðuð. Það hefði verið betra að vera ekki með þessar áætlanir, að unnið skyldi við nýja vegi fyrir lánsfé upp á 288 millj. kr. á tveimur árum, þegar útkoman er svo að verða þessi.

Hæstv. ráðh. gat þess, eins og ég hef áður nefnt, að á næsta ári mundi sú tekjuviðbót, sem Vegasjóður fengi samkv. þessu frv., verða um 180—190 millj. kr. Nú liggur ekkert fyrir um það, hvernig á að nota það fé eða neitt fé Vegasjóðs, því að vegáætlun verður ekki samin fyrr en á næsta þingi. En hæstv. ráðh. var samt með nokkrar hugleiðingar um það, hvernig sér dytti í hug, að þessi tekjuviðbót skiptist á milli framkvæmdanna. Hann fullyrti ekkert um það. Hann nefndi þetta sem sínar hugmyndir um, hvernig maður gæti hugsað sér að skipta þessum 190 millj. kr., sem nú ættu að koma til viðbótar á næsta ári. Og hann nefndi, að til hraðbrauta færu 110 millj. kr., en til stórframkvæmda annars staðar, eins og ég held hann hafi orðað það, færu um 80 millj. kr. Ég verð að segja það, að það er auðvitað hægt að gera þetta. Ég sé ekki, að það sé neitt til fyrirstöðu, að hraðbrautir fái af þessari upphæð 110 millj. kr., og ég álít, að það væri mjög æskilegt, að það væri hægt, því að svo aðkallandi er það að koma á hraðbrautum, þar sem umferðin er mest í landinu. En hitt er mér óljósara, hvað er átt við með 80 millj. kr. til stórframkvæmda annars staðar. Hvað verður þá til hinna smærri framkvæmda annars staðar, ef öll viðbótin á að fara í þetta og þegar jafnframt verður að taka af þessu nýbyggingafé 65—70 millj. kr. á ári í afborgun og vexti af lánum? Mér er þetta ekki ljóst.

Ég er alls ekki að andmæla þessari hugmynd hæstv. ráðh. — alls ekki. En maður verður náttúrlega að gera sér grein fyrir því samt, hvort þetta kemur þá eitthvað óþægilega við aðrar aðkallandi og nauðsynlegar vegaframkvæmdir í landinu, því að ekki eru hraðbrautirnar þó nema sáralítill hluti af vegalengd þjóðveganna alls. Samkv. þessum upplýsingum um tekjuaukninguna með þessu frv. ættu heildartekjur Vegasjóðs á næsta ári að geta orðið um 530 millj. kr., eins og hæstv. ráðh. nefndi réttilega. Við skulum hugsa okkur, að þetta verði gert — 110 millj. kr. verði látnar í hraðbrautir. Þá eru 420 millj. kr. eftir til allra annarra framkvæmda í vegamálum á því ári. Mönnum finnst nú þetta kannske allsæmileg upphæð, en við skulum gera okkur grein fyrir henni með því að bera það saman við fjármagnið, sem var úr að spila á árinu, sem leið; ég held við áttum okkur bezt á því. Á árinu, sem leið, voru tekjur Vegasjóðs samkv. vegáætlun 427.6 millj. kr., en auk þess voru notaðar umfram vegáætlun 30 millj. kr., sem nú eru í skuld og á að greiða með þeim tekjum, sem hér eru ráðgerðar, og loks var unnið fyrir lánsfé í vegum í fyrra fyrir 57½ millj. kr. Raunverulega var þá varið til vegamála á árinu í fyrra 515 millj. kr. En það fór sama og ekkert af því í hraðbrautir. Ég held ég muni það rétt, að það hafi verið um 10 millj. kr. Það fór í allt annað.

En hvernig lítur dæmið þá út 1969? Eigum við þá að verja 420 millj. kr. í framkvæmdir utan hraðbrauta næsta ár, sem við höfðum 505 millj. kr. til í fyrra? Eigum við virkilega að hafa 85 millj. kr. minna fé úr að spila á næsta ári? Þetta sýnir ekkert annað en það, að hraðbrautir eru það mikil fyrirtæki og það dýr fyrirtæki, að það verður að afla miklu meira fjár en jafnvel er gert ráð fyrir í þessu

frv., svo að viðunandi sé, því að ég hugsa, að enginn okkar vilji minnka framkvæmdir annars staðar á landinu, þó að við byrjun á hraðbrautum. Og hvernig á þá að fara að, ef við viljum ekki minnka framkvæmdirnar annars staðar — utan hraðbrautanna? Erum við þá ekki komnir í sama farið aftur, þ.e. að taka lán; ég er hræddur um það.

Það hefur nokkuð borið á góma, hvað muni kosta hver km í hraðbraut, og hæstv. ráðh. nefndi við 1. umr. þessa máls upphæðina — 5 millj. kr. Það væri hægt að hugsa sér, að það kostaði 5 millj. kr. hver km. Hann fullyrti ekkert annað en það, að það mætti gera áætlun um það. Vegamálastjóri var um þetta spurður á fundi samgmn., og hann vildi engu um þetta svara. Hann sagði, að það gæti vel farið svo, að það kostaði ekki nema 5 millj. kr. hver km, en kostnaðurinn gæti líka orðið miklu meiri en þetta. Og eftir því sem mér skilst, mun hver km í Reykjanesbraut hafa kostað eitthvað yfir 7 millj. kr., og þó er hún byggð, þegar allt var ódýrara en nú er. Ég held, að það sé mjög óvarleg áætlun að hugsa sér km á 5 millj. kr. að meðaltali í hraðbraut. Það væri nær að áætla 7 millj. kr. ef ekki meira.

Ég minnist þess líka úr vegaskýrslu ríkisstj. fyrir 1967, að þar er sagt frá undirbúningi hraðbrautar milli Blesugrófar og Breiðholts, það hafi verið undirbyggður 1 km og hann muni hafa kostað 8 millj. kr. — undirbyggingin að 1 km hafi kostað 8 millj. kr. Annars get ég ekki látið hjá líða að drepa á það um leið, að mér kemur það einkennilega fyrir sjónir, að vegur úr Blesugróf upp í Breiðholt tilheyri Vegasjóði. Hvernig sem á því stendur, er í vegáætluninni, sem nú er í gildi, heimild til að taka 8 millj. kr. lán til þessa vegar. Blesugróf er sannarlega ekki annað en partur af Reykjavík, og Breiðholt er heldur ekkert annað en partur af Reykjavík. Hvernig getur vegur milli Blesugrófar og Breiðholts komið Vegasjóði við? Reykjavík og allir kaupstaðir landsins fá sitt fé úr Vegasjóði sérstaklega — 12½%, sem þeir eiga að leggja fyrir sína þjóðvegi. Ég get ekki skilið það á annan veg en svo, að hér sé hreinlega um gatnagerð að ræða í Reykjavík. En það á ekki að koma Vegasjóði við.

Ég vil þá víkja með örfáum orðum að viðhaldsfénu, viðhaldskostnaði á þjóðvegum. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að á árinu 1968 verði viðhaldsféð aukið um 17.3 millj. kr. frá því, sem það er í vegáætlun. Vegamálastjóri upplýsti það á fundi samgmn., að þessi hækkun — þessar 17.3 millj. kr. — mundu ekki endast meira en sem svarar þeim verðhækkunum, sem stafa af gengislækkuninni. Þetta er því ekki raunveruleg hækkun. Þetta er aðeins til þess að mæta áhrifum gengislækkunarinnar. Við megum reikna með því, að viðhaldsféð á yfirstandandi ári miðað við sama verðlag og í fyrra verði eins og það er sett upp í vegáætluninni, þ. e. 145.2 millj. kr. Þarna er því ekki um raunverulega hækkun að ræða nema til að mæta dýrtíð. En í fyrra var þó varið til vegaviðhalds 160 millj. kr., þ. e. 139 millj. kr. á vegáætlun og 21 millj. kr. er var greidd þar að auki. Ég fæ því það út úr þessu dæmi, að viðhaldsfé eigi að verða raunverulega um 15 millj. kr. minna á þessu ári en það reyndist í fyrra. Þetta finnst mér heldur slæm tíðindi, því að ég veit ekki annað en menn séu yfirleitt sammála um það, að viðhaldi þjóðveganna í landinu sé ákaflega ábótavant, svo að þjóðvegir, sem heita svo, eru lítt færir, ef rigningar ganga, og slíkra vega þarf ekki lengi að leita t. d. á Vestfjörðum. En verður þá viðhaldsféð aukið á næstunni? Mér sýnist nú erfiðar horfur um það, en það getur enginn um þetta sagt, fyrr en kemur að því að semja vegáætlun. Mín persónulega skoðun er sú, að það mundi ekki veita af að auka viðhaldsféð um 40% — ég vil segja 50%, ef vel ætti að vera til þess að hafa viðhlítandi þjóðvegi í landinu. En þá fer vandinn að vaxa og möguleikarnir að rýrna fyrir því, að við getum lagt í stórvægilegar framkvæmdir í hraðbrautum, eins og við viljum þó og þurfum að gera.

Ég mun ekki, herra forseti, orðlengja þetta mikið meira. Ég get skilið það, að það er óheppilegt, að málið verði lengi til meðferðar hér í þinginu. Það er þess eðlis. En ég vil endurtaka það álit okkar í minni hl. n., að við getum ekki fallizt á að samþykkja þetta frv. í því formi, sem það er. Við teljum, að skattaálögur umfram þær, sem nú ganga til Vegasjóðs, geti ekki komið til greina eins og árferðið er nú og ástand yfirleitt. Slíkar álögur mundu auka á verðbólguna. Þær mundu auka rekstrarkostnað atvinnufyrirtækja og hækka verðlagið og þar með framfærslukostnað manna. Við teljum hins vegar, að það beri að láta Vegasjóði í té leyfisgjöld af bifreiðum, sem mundu strax frá byrjun næsta árs nema álíka mikilli upphæð og nú er ætlazt til að auka við með sköttum. Við teljum, að þetta sé vel fært — ekkert síður nú en fyrir 5 árum, en fjárframlag úr ríkissjóði kom til, og auk þess eru þessi leyfisgjöld ekki meira en 1/5 til 1/4 hluti af þeim 700—800 millj. kr. tekjum, sem ríkissjóður tekur nú af innflutningi bifreiða, benzíni, hjólbörðum og varahlutum — og í söluskatti þar að auki, eins og öllum er kunnugt. Fjárþörf Vegasjóðs á þessu ári teljum við hægt að leysa í bili með lántöku að því leyti, sem það er nauðsynlegt eða aðkallandi, og er þetta innihaldið í brtt. okkar á þskj. 528.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Þetta frv. er aðallega rökstutt með því af hálfu hæstv. samgmrh. og ríkisstj., að með því sé verið að undirbúa mjög víðtækar áætlanir um lagningu hraðbrauta á næstu árum — mjög stórfelld áform, sem hæstv. ráðh. hefur gert nokkra almenna grein fyrir. Hann hefur þar rætt um upphæðir eins og 1500 millj. kr. á tiltölulega skömmum tíma. Ég held, að við þurfum að gera okkur það ljóst, að áform eins og þessi eru að sjálfsögðu háð því, að hin almenna þróun efnahagsmála og atvinnumála í landinu sé slík, að við getum lagt svo mikla fjármuni í þessar þarfir. En mér finnst algjörlega skorta þessa undirstöðu í málflutningi hæstv. ríkisstj.

Mér varð sérstaklega hugsað til þess í gær, þegar ég hlýddi á einkar fróðlega, skemmtilega og íhugunarverða ræðu, sem hæstv. forsrh. flutti hér um atriði, sem tengd eru stjskr., að það hefur skort mjög á það í vetur, að þessi hæstv. ráðh. hafi á sama hátt gert grein fyrir þeim nærtæku verkefnum, sem eiga að vera aðalstörf hans. Það er verkefni hæstv. ráðh. að leggja hér á ráðin fyrir hönd ríkisstj. um þróun efnahagsmála og atvinnumála. En þótt þingið hafi nú setið að störfum í næstum því hálft ár, minnist ég þess ekki að hafa heyrt þennan hæstv. ráðh. gera grein fyrir þeim vandamálum af sama skýrleika og á jafníhugunarverðan hátt og hann gerði grein fyrir sögulegum vandamálum í ræðu sinni hér í gær. En þetta er auðvitað algjört meginatriði í sambandi við framtíðaráform eins og lagningu hraðbrauta. Og það er ekki nóg með það, að hæstv. forsrh. og aðrir ráðh. hafi verið mjög þagmælskir um þessi undirstöðuatriði í störfum ríkisstj., heldur hafa verk þeirra sýnt, að þeir vita ekki, hvernig þeir eiga að halda á málum.

Störf okkar hér í vetur hafa að miklu leyti snúizt um það að vera að ákveða hvers kyns ráðstafanir, sem einatt hafa rekið sig hver á aðra. Í þingbyrjun tókum við til við frv. um efnahagsaðgerðir, sem að sögn hæstv. forsrh. átti að koma í veg fyrir gengislækkun. Þessu næst kom svo gengislækkunin og átti samkv. skýringunum að koma í veg fyrir styrki og uppbætur. Þar á eftir komu svo styrkir og uppbætur. Við höfum þrívegis farið ofan í fjárl., sem breytt var mjög stórlega hverju sinni. Við höfum að undirlagi hæstv. ríkisstj. fellt niður ákvæði um vísitölugreiðslur á kaup, en síðan hefur ríkisstj. fallizt á vísitölugreiðslur á kaup að sínu leyti. Þannig gæti ég rakið dæmin eitt af öðru. En á meðan sjálf undirstaðan í athöfnum hæstv. ríkisstj. er þvílíkt ráðleysi, fæ ég ekki séð, að hægt sé að festa allt of mikinn trúnað á hugmyndir um hagnýtingu á einum til tveimur milljörðum kr. á næstunni til vegalagningar í landinu. Vegir, bifreiðaeign og bifreiðaakstur eru allt saman þjónustustarfsemi, og því aðeins getum við rækt þá þjónustustarfsemi eins og nauðsynlegt er, að sjálf undirstaðan — atvinnuvegirnir og efnahagskerfið — sé það öflugt, að nægilegt fé verði aflögu til slíkra þjónustuverkefna.

En ástandið í atvinnumálum er engan veginn á þá leið, eins og við vitum. Það eru ekki nema nokkrir dagar, síðan stjórnarflokkarnir í Ed. felldu frv. Alþb.-manna um, að hafizt yrði loksins handa um endurnýjun togaraflotans. Við vitum allir, hvernig ástatt er með bátaflota okkar eða frystiiðnaðinn. Við höfum lesið það í blöðunum að undanförnu, að frystihúsin neiti að taka á móti karfa. Allt er í óvissu um það, hvernig síldveiðum verður háttað í sumar. Ég held, að það hefði verið ákaflega mikil nauðsyn, að hæstv. forsrh. hefði flutt meiri háttar ræðu hér í þingi, áður en hann sendi þingið heim, til þess að gera grein fyrir því, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að leysa þessi nærtæku og stórfelldu vandamál, þ. e. ef hæstv. forsrh. telur sig hafa jafngóð tök á því viðfangsefni og hann reynist hafa á sögulegum viðfangsefnum. En allt umtal um hraðbrautalagningu svífur gersamlega í lausu lofti, nema þessi undirstaða sé algerlega traust. Þetta verðum við allir að horfast í augu við.

Um sjálft frv., sem hér liggur fyrir, ætla ég ekki að ræða sérstaklega eða einstaka liði þess. Það hefur verið gert ítarlega, og komið hafa fram ýmsar markverðar röksemdir. Ég vil benda þm. sérstaklega á röksemdir þær, sem koma fram frá samtökum vörubifreiðastjóra. Mér sýnist þeir færa fram mjög sterk rök, sem þm. beri að taka tillit til. En það var eitt atriði annað, sem mig langaði til að ræða örlítið við hæstv. samgmrh. einmitt í sambandi við áformin um hraðbrautir og erlendar lántökur til þeirra. Hæstv. ráðh. hefur greint svo frá, að hann geri sér vonir um, að hægt verði að fá 40% lán hjá Alþjóðabankanum til slíkra framkvæmda. Ef gert væri ráð fyrir 1500 millj. kr. framkvæmdum, ætti lánið að geta orðið 600 millj. kr. Hins vegar hefur hæstv. ráðh. sagt oftar en einu sinni bæði hér innan þings og utan, að skilyrði þess, að hægt væri að fá erlend lán til slíkra framkvæmda, væri, að verkið væri undirbúið af erlendum verkfræðingum. Ég hygg, að í sambandi við þessa vegáætlun hafi hæstv. ráðh. eða starfsmenn hans haft samband við danskt fyrirtæki, KAMPSAX. Og mér skilst, að gert sé ráð fyrir því, að þessu erlenda verkfræðifyrirtæki verði greiddar býsna háar upphæðir til þess að sinna þessum verkefnum — margar millj. kr. Nú hef ég aldrei fengið fullnægjandi skýringu á því, hvers vegna það er talið rétt og nauðsynlegt að ganga fram hjá okkar eigin sérfræðingum á þessu sviði. Þegar hæstv. ráðh. vék að þessu í útvarpi fyrir rúmu einu ári, gerði félag ráðgjafarverkfræðinga íslenzkra aths. við þessi ummæli ráðherrans og vefengdi þar sérstaklega, að það væri nauðsynlegt að láta erlenda verkfræðinga annast undirbúning verka, ef hægt ætti að vera að fá til þeirra lán frá erlendum lánastofnunum. M. a. var komizt svo að orði í þessari aths. félags ráðgjafarverkfræðinga:

„Þessi ummæli ráðherrans eru villandi, og má í því sambandi benda á, að til virkjunar Laxár á árinu 1952—53 fengust erlend lán, og höfðu þó íslenzkir verkfræðingar staðið að undirbúningi þess verks. Til hitaveitufframkvæmda Reykjavíkurborgar hafa fengizt lán úr Alþjóðabankanum, en undirbúning þeirra framkvæmda önnuðust íslenzkir verkfræðingar. Til Keflavíkurvegar fengust að hluta erlend lán, og var þó undirbúningur hans innlendur. Að vísu hafa útlendir verkfræðingar annazt undirbúning Búrfellsvirkjunar og Straumshafnar, en þar með er ekki sagt, að ekki hefði mátt fela þann undirbúning íslenzkum verkfræðingum eða að þeir hefðu ekki verið færir um að sjá um hann. Það hlýtur að vera hagsmunamál þjóðarinnar að nýta innlendan vinnukraft á þeim sviðum, þar sem hann er tiltækur.

Að því er varðar tæknilegan undirbúning verka, er staðþekking mikils virði, og ætla má, að íslenzkir verkfræðingar séu íslenzkum staðháttum að öðru

jöfnu betur kunnugir en erlendir starfsbræður þeirra. Kostnaður við undirbúninginn verður minni, ef hann er gerður hér innanlands, og Íslendingurinn skilar allverulegum hluta hans til ríkis og bæja í sköttum, en slíku er ekki til að dreifa, þegar leitað er til erlendra aðila.“

Þannig komst félag ráðgjafarverkfræðinga að orði í fyrra í aths. um það, þegar hæstv. ráðh. taldi, að undirbúning að vegáætlun yrðu erlendir verkfræðingar að vinna. Og það má minna á ýmis fleiri mannvirki, sem veitt hefur verið til erlent lánsfé, sem undirbúin voru af íslenzkum aðilum, og samt hafa fengizt til þeirra lán á greiðan hátt, t. d. Grímsárvirkjun, Mjólkárvirkjun, Fossárvirkjun í Bolungarvík o. fl.

Ég held, að hæstv. ríkisstj. hafi tekið upp ákaflega háskalega stefnu, að því er varðar íslenzka sérfræðinga — ekki sízt verkfræðinga og verktaka. Alls konar verkefni á þeim sviðum hafa verið opnuð fyrir útlendingum algerlega að óþörfu — a.m.k. oft og einatt. En við skulum gera okkur það ljóst, að einmitt verkmenning og sérþekking eru ákaflega þýðingarmiklar undirstöður í hverju þjóðfélagi. Og ef við látum innlend verktakafyrirtæki og innlenda verkfræðinga lenda undir í samkeppni við útlendinga, erum við að brjóta niður mikilvæga þætti í þjóðfélagi okkar. Þetta er án efa mjög mikilvægt atriði, og ég vil beina því mjög eindregið til hæstv. samgmrh., að hann íhugi á nýjan leik gaumgæfilega, hvort ekki er bæði fært og sjálfsagt að láta íslenzka aðila undirbúa áætlanir um hraðbrautir, ef svo vel tekst til, að þróun atvinnumála og efnahagsmála verði slík, að unnt verði að framkvæma þessi áform á næstu árum, eins og við vonum að sjálfsögðu allir.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Í frv. því, sem hér er til umræðu, er lagt til að gera breyt. á 1. mgr. 32. gr. vegal., sem felst í því, eins og fram kemur í aths. við frv. þetta, að eðlilegt þykir, eins og þar stendur, að gera þá breyt. á framlagi Vegasjóðs til lagningar vega í kaupstöðum og kauptúnum, að það sé ekki greitt af þeim tekjum sjóðsins, sem ganga til framkvæmda við hraðbrautir. Ég ásamt hv. 7. þm. Reykv. leyfum okkur að flytja brtt. við 4. gr. frv., þar sem niðurlagi þeirrar gr. er breytt og í stað þess, að gert er ráð fyrir, að áður en skipting fer fram milli ríkisins og kaupstaðanna, sé undanskilið það fjármagn, sem varið er til framkvæmda, en ráðh. sé hins vegar heimilt að undanskilja þær tekjur vegamála, sem varið er til framkvæmda við hraðbrautir. Það geta af eðlilegum ástæðum verið full rök fyrir því að undanskilja þær tekjur, áður en skipting fer fram. En hins vegar engan veginn ætíð ástæður til þess, og þess vegna höfum við, hv. 7. þm. Reykv. og ég, leyft okkur að flytja þessa brtt., þ.e. að í stað þess, að tekjurnar séu undanskildar, sé ráðh. heimilt að undanskilja þær. Við flytjum því þá brtt. skriflega, að í stað orðanna „þó að undanskildum tekjum vegamála til framkvæmda við hraðbrautir“ í niðurlagi gr. komi: „Ráðherra er þó heimilt að undanskilja tekjur vegamála, sem varið er til framkvæmda við hraðbrautir.“

Ég ætla, að hæstv. vegamálaráðh. sé þessari till. ekki andvígur. Honum er í henni falin heimild til þess að gera það, sem farið er fram á í frv. En við töldum eðlilegra, að hér væri aðeins um heimild að ræða, en ekki skyldu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 541) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Mig langar til þess að koma með eina fsp. til hæstv. samgmrh.: Hvers vegna er bifreiðaeigendum ekki gefinn kostur á því án tillits til stærðar bifreiðarinnar að setja í bifreið sína ökumæli og greiða eftir honum? Hvers vegna þarf að miða við, að bifreiðar þurfi að vega yfir 5 tonn? Það er vitað, að bæði ýmis fyrirtæki og bændur eiga dísilbifreiðar, sem eru 2—4 tonn og þessar bifreiðar eru margar hverjar ekki mikið notaðar. Ég get ekki séð annað en það sé í raun og veru brotinn á þeim réttur með þessu móti. Hvers vegna þarf að miða þarna við 5 tonn? Sannleikurinn er sá, að einmitt stærri bifreiðar eru þær bifreiðar, sem yfirleitt keyra gegn gjaldi eða eru í flutningum og koma þessu gjaldi í raun og veru yfir á aðra með hækkuðum töxtum á flutningsgjöldum en þessi minni fyrirtæki og t.d. bændur verða alveg að bera þetta sjálfir, og ég sé ekki annað, ef þessi lög verða samþ. svona, en þá verði þeir beinlínis neyddir til þess að leggja sínum bifreiðum. Og hvað hefst út úr því? Ég vil hérna mælast til þess í fullri vinsemd, að ráðh. athugi þetta. Þarna er kannske ekki um mjög stóran hóp að ræða, en þó nokkuð marga, og þetta kemur mjög illa við þá a. m. k. í mínu héraði. Það munu vera hér á Suðurlandi líka ýmsir bændur, sem eiga svona bifreiðar og nota þær að mestu leyti á túnum, og þetta er tilfinnanlegur skattur, þegar þetta er komið upp undir 30 þús. kr. gjald fyrir svona bíla. Það hefur komið fram og þarf ekki um það að ræða mikið, að það er mikil óánægja hjá þeim mönnum, sem eiga þessa bíla, yfir þessu frv. Þetta er þungt gjald, sem á þeim lendir. Það er t. d. gúmmí, sem kostar nú 10 þús. kr. Það mun kosta, eftir að þessi lög öðlast gildi, 12.500 kr., og þá kostar gangurinn undir þessa stærri bíla a. m. k. 15 þús. kr. meira en áður. Við þetta bætist svo það, að því er mér skilst, að menn, sem hafa borgað um 20 þús. kr. í skatta af þessum bílum, eiga að borga fast að eða yfir 40 þús. kr. núna, þannig að þetta virðist vera allmikill skattur á þessa menn, en auðvitað fer þetta allt saman — eða að miklu leyti — aftur út í verðlagið. Ég verð að segja það, að mér finnst ekki ára þannig, að það komi í raun og veru til mála að koma með nýja skatta á þjóðina, eins og útlitið er í dag.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er vitanlega eðlilegt, að menn líti misjöfnum aug-

um á þetta frv. og þá skatta, sem í því felast. Eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, hv. 5. þm. Norðurl. e., þá getur vel verið, að sumir eigi erfitt með að greiða þessa skatta. Ég skal ekki gera lítið úr því, en í sambandi við fsp. hans um gjaldmæla og um það, af hverju þeim, sem eiga bíla undir 5 tonnum, væri ekki heimilað að greiða eftir mæli, þá er því til að svara, að ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það, hvort mælar verða yfirleitt settir í bifreiðar. Einnig er það að skatturinn er tiltölulega hærri á stóru bílunum og minni fyrirhöfn við þá að eiga, þar sem þeir eru færri, heldur en ef þetta ætti að ná til allra minni bíla. Þegar hv. þm. er að tala um bændur, þá efa ég það ekki, að sumir eiga erfitt með að borga þetta, en af bifreiðum, sem bændur nota helzt, jeppunum — er skatturinn ekki 25—30 þús., heldur 14.500 kr., og skattur á slíka bíla hækkar um 31%, en fer í allt að 100% af stærri bílunum. Ég held, að það verði dálítið erfitt við þetta að eiga. Hins vegar verður að segja það, að það er ekki endilega víst, að miða eigi við þetta mark — 5 tonn, sem sett er inn í frv. Það er vitanlega til endurskoðunar, og Vegagerðin hefur haft þetta mál til athugunar og sett mæla í sína bíla til reynslu, og eins og ég sagði hér við 1. umr. málsins, þá þarf athugun að fara fram á þessu enn, áður en það er ákveðið, hvort þessi heimild yrði notuð. Ég skal gjarnan taka því vel að athuga, hvort eðlilegt væri að miða þetta mark við eitthvað annað en 5 tonn, ef til þess kæmi, að rétt þætti að nota slíka heimild. Það yrði þá að rýmka heimildina.

Ég vil benda á það í sambandi við þungaskattinn, að þá er komið til móts við bifreiðastjóra með það, að nú geta menn fengið frádrátt á skattinum, ef skrásetningarmerki bílsins liggur inni hjá lögreglustjóra í 30 daga samfellt, en áður var þetta bundið við 90 daga. Þetta getur komið sér vel, og það getur verið vandræðalaust hjá mörgum bifreiðaeigendum að leggja skrásetningarmerkið inn í mánaðartíma, þótt það kæmi sér mjög illa að hafa það bundið í 3 mánuði. Ég get þess vegna hugsað mér það, að margir notfæri sér þetta að leggja skrásetningarmerkið inn í einn og einn mánuð í einu, þegar minnst not eru fyrir bílinn, og spari sér þannig útgjöld af þungaskatti.

Hv. 6. þm. Reykv. talaði hér um atvinnumálin — atvinnuástandið, þjóðarbúskapinn og efnahaginn, og vegna þess hvað þetta væri allt ótryggt, þá væri tal um hraðbrautaframkvæmdir úr lausu lofti gripið. Mér þykir gott og gaman að heyra það, að þessi hv. þm. vill hugsa um það að tryggja atvinnuástandið, efnahagsástandið og annað því umlíkt, og í þessu felst þá það, að af hans hálfu verði ekki gerðar þær kröfur til atvinnuveganna, sem ósanngjarnar mættu teljast eða verða til þess að þeir ekki gætu staðið undir því, sem á þá er lagt. En hraðbrautaframkvæmdir í þessu landi eru aðkallandi. Þær eru fjárfesting, sem gefur meiri arð en flest annað, sem við getum ráðizt í, og útgjöld til þessara mála nú verða endurgreidd bifreiðaeigendum og atvinnuvegunum aftur með góðum vöxtum. Það er þess vegna, sem við höfum ekki efni á því að draga það að ráðast í þessar framkvæmdir jafnvel á þeim tímum, sem illa árar, og kannske vegna þess, að nú árar ekki vel, er tími til þess kominn að byrja á þessu m. a. til þess að auka atvinnuframkvæmdir í landinu. Nú veit þessi hv. þm. það, að ríkisstj. hefur síðan hún kom til valda viljað hafa samráð og samstarf við vinnustéttirnar um að tryggja atvinnu í landinu — tryggja blómlegt atvinnu- og efnahagslíf, og það hefur ekki verið á öðrum tíma betra heldur en nú síðustu árin.

Atvinnuleysi hefur ekki verið í landinu síðustu árin — aðeins bar á því í vetur m.a. vegna þess, hvernig tíðarfarið var og hvernig aflabrögðin hafa verið. Það er kunnugt, að það hefur verið lítill afli í allan vetur. Það hefur aðeins verið reytingsafli síðan í október og tíðarfarið verið þannig, að það hefur verið mjög illt að athafna sig við framkvæmdir og verk. Byggingaframkvæmdir lögðust niður hér í Reykjavík vegna þess, hvernig tíðarfarið var, og þá bar á atvinnuleysi. En með atvinnumálanefnd, sem nú er búið að koma á laggirnar, hefur ríkisstj. sýnt það, að hún vill í samráði við og samstarfi við vinnustéttirnar leitast við að tryggja nægilega atvinnu. Og þegar á verkföllunum stóð, komu tilmæli frá verkalýðsfélögunum m. a. um það að ráðast í gerð varanlegra vega. Þeir höfðu skilning á því, hvað það þýddi. Það mundi auka atvinnuna, og það mundi skapa styrkari undirstöðu undir atvinnulífið í framtíðinni. Þess vegna held ég, að það sé ekki mikið, sem ber á milli ríkisstj. og hv. 6. þm. Reykv. í þessu tilfelli, og er það vissulega ánægjulegt, þegar menn geta litið þannig svipuðum augum á málin — þau mál, sem þarf að koma fram.

Og ég held, að erindi hv. þm. hér upp í ræðustólinn áðan hafi ekki verið aðallega þetta að mótmæla skattlagningunni, sem í frv. felst, enda talaði hann ekki um það. Hann talaði um það, að það væri æskilegt að koma hraðbrautunum áfram. Ég held, að erindi hans hingað — aðallega — hafi verið það að reyna að sannfæra mig og fleiri um, að það þyrfti ekki að nota útlenda verkfræðinga til þess að undirbúa verk eins og þetta. Nú er það alveg vitað mál, að ríkisstj. vill nota innlenda krafta, eftir því sem föng eru á, verkfræðinga ekki síður en aðra, og við eigum, sem betur fer, ágæta verkfræðinga. Vegamálastjóri og verkfræðingar Vegagerðarinnar eiga það alls ekki skilið, að þeim sé vantreyst á nokkurn hátt, en þegar undirbúa skal verk eins og þetta, hefur Vegagerðin alls ekki mannafla til þess með öðru, sem á henni hvílir og það verður einnig að viðurkenna það, að íslenzkir verkfræðingar hafa takmarkaða reynslu í því að undirbúa varanlega vegagerð.

Hv. þm. vitnaði í það, sem ég hafði sagt í sambandi við lántöku í Alþjóðabankanum, að ég hefði talað um, að það væri skilyrði frá bankans hendi að verkið væri undirbúið af erlendu fyrirtæki. Það er skilyrði frá bankans hendi, að verkið sé undirbúið af fyrirtæki, sem hefur kynnt sig að því að geta

undirbúið vel mikil og stór verk, og þó að okkar verkfræðingar séu starfinu vaxnir og vel menntaðir, þá eru þeir ekki þekktir í Alþjóðabankanum eða á alþjóðavettvangi. Við höfum ekki verkfræðifyrirtæki, sem hafa unnið á alþjóðavettvangi og skapað sér þannig nafn hjá erlendum lánastofnunum. Þetta hefur ekki gerzt, þó að okkar verkfræðingar séu starfinu vaxnir, að því er telja má.

Og ég vil minna á það, að það var vinstri stjórnin, sem byrjaði á því að fá útlent verkfræðifyrirtæki til virkjunarrannsókna hér á landi, ekki af því að hún vildi ekki nota íslenzka verkfræðinga, heldur af því að hún hafði hugmynd um þessar staðreyndir, sem ég er að lýsa. Og það var ekki vegna þess, að við vildum ekki nota íslenzka verkfræðinga við virkjunarrannsóknir í Þjórsá, að samið var við amerískt fyrirtæki um það, heldur af þeirri ástæðu, sem oft hefur verið lýst, að það var nauðsynlegt að hafa þekkt verkfræðifyrirtæki, sem lánastofnunin, sem ætlaði að veita fjármagn í þessar framkvæmdir, tók gilt. Og eins er það í sambandi við undirbúning á hraðbrautunum nú. Bæði er það vegna þess, að við höfum takmarkað vinnuafl verkfræðinga hér á landi, og vegna þess, að við þurfum að tryggja það, að Alþjóðabankinn, þegar til hans verður leitað, neiti ekki á þeim forsendum, að verkið sé ekki undirbúið af þekktu fyrirtæki, þá var samið við danska verkfræðifyrirtækið KAMPSAX, og það er áreiðanlega miklu ódýrara en amerískt fyrirtæki, vegna þess að verkfræðifyrirtæki í Evrópu eru miklu ódýrari en amerísk fyrirtæki. Þetta verkfræðifyrirtæki er vel þekkt og vinnur nú fyrir Íslendinga að þessum málum, og ég geri ráð fyrir því, að það verði ekki neinar svimandi upphæðir, sem það tekur til sín. Það er ekki fyrr en á þessu ári sem greiðslur falla til þess, en við notuðum 7 millj. kr. á fyrra ári til undirbúningsrannsókna og notuðum eingöngu innlendan vinnukraft.

Hv. 1. þm. Vestf. hélt hér nokkuð langa ræðu, sem eðlilegt var, þar sem hann var frsm. minni hl. — þess hluta, sem vill ekki samþykkja þetta frv. Hv. frsm. sagði þó, að hann vildi svo gjarnan fá hraðbrautir, hann vildi aukið fé til vegagerðar o. s. frv., en það sem gera á á þessu ári til þess, er að taka lán, og var það í ósamræmi við það, sem hann hafði áður sagt í ræðu sinni, þegar hann var að harma það, hversu mikil lán hvíldu á Vegasjóði og hvað vaxta- og afborgunargreiðslurnar væru þungar. Hann dró það fram, að það væri meira, sem þyrfti að borga í vexti og afborganir á þessu ári, en það, sem nemur öllu framkvæmdafé til nýbygginga. Og þetta er hörmulegt, sagði þm., þar sem nota þarf þetta fé til þessara greiðslna. Ég held, að hv. þm. hljóti að hafa orðið mismæli, því að vitanlega er það ekki þetta fé, sem er notað til þessara greiðslna. Það væri þá ekki um neinar nýbyggingar að ræða á vegum Vegasjóðs. Vegasjóður greiðir 27 millj. kr. í vexti á þessu ári, eins og sjá má, og þegar ég fullyrti það, að þessar greiðslur, bæði vaxta og afborgana, lækkuðu, var það bæði vegna þess, að lánin lækka, um leið og borgað er af þeim, og eins vegna þess, að meiningin er með stærsta lánið, sem hvílir á Reykjanesbrautinni, að lengja lánstímann, þannig að það verði léttari afborganir á hverju ári en verið hefur til þessa. Og það er m. a. þess vegna, sem vextir og afborganir koma til með að lækka eftirleiðis.

Hv. þm. var að tala um það, að væri varið 110 millj. kr. til hraðbrauta á næsta ári, yrði minna til annarra framkvæmda á árinu 1969 en á árinu 1968 og 1967. Talað var um 530 millj. kr. hjá Vegasjóði, en hann gleymdi alveg í seinna tilfellinu að minnast á t.d. Vestfjarðaáætlunina; henni verður ekki lokið, býst ég við, á árinu 1969. Nú hefur hv. þm. viðurkennt, að hún væri staðreynd — Vestfjarðaáætlunin. Það er gert ráð fyrir að vinna fyrir 15—18 millj. kr. á þessu ári á Vestfjörðum — fyrir fé, sem kemur inn í Vestfjarðaáætlunina. Það er gert ráð fyrir, að framkvæmdir í Kópavogi bætist einnig við á þessu ári og því næsta, en það verða ekki byrðar á Vegasjóði, þannig að það mætti ætla, að þetta yrði kannske allt að 600 millj. kr. á árinu 1969 í stað 530. Og úr því að hv. þm. bætir við tekjur Vegasjóðs 1967 lánsfénu, sem þá var unnið fyrir, á hann einnig að gera það í seinna tilfellinu líka, til þess að samanburðurinn geti orðið réttur.

Sama er uppi á teningnum, þegar hv. þm. er að tala um viðhaldsfé. Þá segir hann, að viðhaldsféð hafi verið með því, sem unnið var fyrir fyrirfram 1967 — 160 millj. kr. Í vegáætlun voru 139 millj. kr. að viðbættum 19 millj., sem unnið var fyrir umfram. Það gerir 158. Það er ekki viðhaldsféð — þessi 2 millj. kr. mismunur. 1968 eru 145 millj. kr. í vegáætlun að viðbættum 17 millj. kr. í þessu frv., sem er um að ræða, auk 4 millj. kr.; það gera 166 millj. kr. Það eru þá 166 millj. kr. viðhaldsfé 1968 og 158 millj. kr. 1967, og þá á ekki að segja það hér úr ræðustól, að það sé minna til vegáætlunar á árinu 1968 en á árinu 1967. En hv. þm. fullyrti, að það yrði 15 millj. kr. minna. Þá er betra að taka sér blýant og blað og reikna rétt en reikna skakkt í huganum.

Hv. þm. talaði um 89. gr. vegal. og um það, að það sé skylt að greiða á fjárl. til veganna. En ef hv. þm. les lögin, er ekkert tekið fram í þessari gr. um það, hversu mikið það er, sem skal vera á fjárl., og á fjárl. eru alltaf nokkrar upphæðir til veganna. Það er því alveg rangt hjá hv. þm. að tala um, að vegal. hafi verið brotin. Þau hafa alls ekki verið brotin, en 47 millj. kr. voru teknar út, sem voru þar áður, en Vegasjóður hefur fengið það margbætt í öðrum tekjum, sem ríkissjóður hefði alveg eins getað tekið til sín, ef Vegasjóður hefði ekki fengið þær. Og hv. þm. ætti að hætta að tala um þessar 47 millj. kr., vegna þess að jafnvel þótt þær væru á fjárl., en Vegasjóður hefði ekki með öðrum leiðum fengið miklu hærri tekjur, væru vitanlega vegaframkvæmdirnar miklu minni en þær eru, og þá gæti vel verið, að það væri eitthvað svipuð stefna og var t. d. 1958, þegar vegirnir fengu aðeins 80 millj. kr.

Hv. þm. og hv. minni hl. leggja til, að það verði tekin lán á þessu ári til þess að geta staðið undir

þeim útgjaldaliðum, sem nefndir eru í frv., 109 millj. kr., en ætlað er að afla nýrra tekna með samkv. þessu frv. Og ég verð að segja, að færum við að taka lán til að standa undir þessu, værum við að syndga upp á framtíðina. Þá værum við að grafa undan þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru til varanlegrar vegagerðar og til uppbygginga á vegum víðs vegar um landið. Og þetta veit ég, að hv. 1. þm. Vestf. sér, en honum finnst einhvern veginn nauðsynlegt og sjálfsagt að vera á móti þessu frv. — vera á móti þessu frv. vegna þess m. a., að hann heldur, að það sé vinsælt. (Gripið fram í.) Það er vegna þess, að það eru ýmsir, sem eru að mótmæla þessu. Hv. þm. vitnaði í ummæli vörubílstjóra. Hann vitnaði í ummæli þeirra, sem gera út strætisvagna, og hann spyr, hvort við höfum ekki heyrt það, að vörubílstjórar ætli sér jafnvel að hætta öllum akstri, ef þetta frv. verður lögfest. Ég hef ekki heyrt það. En mér hefur heldur aldrei dottið í hug, að vörubílstjórar ætli sér að segja Alþ. fyrir verkum. Ég hef talað við menn úr stjórn vörubílstjórafélagsins Þróttar um þetta. Þeir eru ekkert ánægðir yfir þessu, en þeim hefur ekki dottið í hug að beita neinum bolabrögðum þrátt fyrir það, en þeim þætti ósköp gott, ef gjaldahækkunin gæti verið eitthvað lægri en þetta. En þeir leggja mikið upp úr því, að gjalddagarnir eru tveir í stað eins, og þeir leggja mikið upp úr því, að skrásetningarmerki bifreiðanna eiga ekki að vera inni nema 30 daga samfellt í stað 90 daga áður. Þetta verður áreiðanlega notað hjá þeim, sem hafa tímabundna atvinnu, og það er nú svo, að það kemur oft einhver daufur tími, og þá kemur þetta til frádráttar.

Hv. 1. þm. Vestf. var að tala um það og vitnaði í samtal við einhvern bifreiðastjóra eða mann, sem gerir út vörubíla, að taxtarnir þyrftu að hækka um 10%, ef þetta frv. yrði samþ. Ég hef heyrt það frá þeim, sem gera út strætisvagna, að yrði þetta samþykkt, þyrftu strætisvagnagjöld helzt að hækka um 4% og Félag sérleyfishafa talar um það, að það þyrfti að hækka a.m.k. um 4%. Vitanlega er eftir að reikna þetta allt saman út, en áreiðanlega eru 3—4% nær sanni en 10%. Það er trúlegt, að þeir þurfi að fá einhverja hækkun. Hv. þm. vitnaði í þetta samtal og sagði, að þessar vörubifreiðar hefðu flutt 140 þús. tonn víðs vegar um landið. Það er þá einhver vöruflutningamiðstöð sennilega, sem annast flutninga til Vestfjarða, Norðurlands og Austurlands og kannske til Hornafjarðar. En Skipaútgerðin flytti aðeins 40 þús. tonn. Ég verð að segja, að mér hnykkti við, þegar ég heyrði þetta, ef þetta er rétt. Þá er ekkert undarlegt, þótt það sé halli á Skipaútgerðinni, ef flutningar, sem hún átti að sjá um, fara allir landleiðina. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því, að svona væri þetta. En hallinn á Skipaútgerðinni væri ábyggilega miklu minni, ef hún hefði, þó ekki væri nema helminginn af þessum 140 þús. tonnum til viðbótar því, sem hún áður hafði.

En þegar við tölum um mikinn skatt á dísilbílunum — þungaskatt, freistast ég til að vitna í það, hvernig þetta er hjá okkar nágrönnum, sem hafa byggt þjóðvegakerfið upp. Ef við segjum, að skatturinn á vörubílunum sé núna, áður en þetta frv. er lögfest, 30, verður hann sem næst 60, eftir að þessi l. taka gildi. Á sama tíma er þungaskattur í Svíþjóð 90% eða 200% hærri en hann er nú á Íslandi og verður 50% hærri, eftir að þetta frv. yrði lögfest. Í Danmörku er hann 85 á móti 60, sem hann verður hér, eftir að við höfum lögfest frv., og í Noregi er hann 65 — aðeins hærri en hann verður, eftir að við höfum breytt löggjöfinni, ef það verður, en þar er hámarksþungi á bifreiðum 14 tonn, og vegirnir í Noregi eru þó miklu betri en okkar vegir. En þeir hafa gert sér grein fyrir því, að þeir telja sig ekki hafa efni á því að leyfa slíka umferð nema taka gjald — miklu hærra gjald en lagt er til með þessu frv., sem hér er til umræðu.

Nú getur einhver sagt: Hvers vegna vera að bera sig saman við það, sem tíðkast í nágrannalöndunum viðvíkjandi þungaskatti á bifreiðum, benzíni og öðru þess háttar? En er það nokkuð óeðlilegt, þó að við gerum það í þessu tilfelli? Gerum við það ekki í mörgum fleiri tilfellum? Er ekki oft talað um, hvernig lífskjörin á Íslandi eru í samanburði við það, sem er annars staðar? Er ekki talað um kaupgjald á Íslandi og það borið saman við, hvað það er annars staðar? Og er ekki talað um það, hvort við stöndumst samanburð í lífsþægindum og öðru slíku? Og er það ekki dálítið einkennilegt, ef við hér á Íslandi, sem eigum svo mikið ógert í vegamálum, hefðum efni á því að taka minni skatt af umferðinni en nágrannar okkar gera, sem eru svo miklu fleiri og eru komnir svo langt, að það mætti næstum segja, að þeir hafi lokið því að byggja upp sitt vegakerfi? Við, sem erum aðeins 200 þús. í þessu stóra landi — tveir menn á hvern ferkm — verðum vissulega að leggja mikið fram, ef við ætlum að gera vegina góða í landinu. Í Danmörku eru nærri 100 menn á hvern ferkm, og þar verður vitanlega byrðin, að því er manni sýnist, léttari á hvern mann til þess að halda vegakerfinu góðu. Samt taka þeir þungaskatt af sínum bílum, sem svarar 85, þegar við ætlum að taka 60, og samt selja þeir benzínið nú nokkru dýrara en við ætlum að gera, eftir að þetta frv. verður að l.

Hv. 1. þm. Vestf. var að tala um Breiðholtið og um það, að undirbygging 1 km hefði kostað 8 millj. kr. Þetta er ekki rétt, hv. þm., því að áætlað er, að allur vegurinn kosti 8 millj. kr. úr Blesugróf — vegur, sem á að koma á Reykjanesbrautina hjá Setbergi. Og þetta er annar anginn af Reykjanesbrautinni og er í vegáætluninni, og þess vegna hefði hv. þm. ekki átt að koma það á óvart, þó að talað væri um veginn í Breiðholtið. Hann er núna náttúrlega, eftir að farið er að byggja í Breiðholtinu, farinn að nálgast bæinn anzi mikið. En hann var utan við bæinn, og þetta er vegur, sem á að koma á Suðurnesjaveginn og er í vegáætlun.

Í tali mínu um framkvæmdir við hraðbrautir og um það, hvað hver km muni kosta, hafði ég fyrirvara á alveg eins og vegamálastjóri. Við vonum það

báðir, að verði þetta verk boðið út og vel tekst til, þá verði þetta ekki dýrara en sem svarar 5 millj. kr. á km. Það gæti orðið það. Þetta er náttúrlega ákaflega misjafnt eftir því, hvernig land það er, sem unnið er á, og þetta er meðaltal, sem við erum að ræða um, en vitanlega alltaf með fyrirvara.

Ég tel svo, herra forseti, að það sé að svo stöddu ekki ástæða fyrir mig að fjölyrða meira um þetta mál. Ég vil þakka hv. samgmn. fyrir það, að hún hefur unnið vel og fljótt að þessu máli, og ég vil vænta þess, að þetta mál megi nú komast áfram.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. samgmrh. sagði í svari sínu til mín áðan, að hraðbrautaframkvæmdir væru aðkallandi og við hefðum ekki efni á að draga þær — allra sízt á erfiðum tímum. Allir eru sammála um það, að hraðbrautir eru aðkallandi. Og það er í sjálfu sér ákaflega auðvelt verk að komast svo að orði hér, að ekki sé hægt að draga þær á erfiðum tímum. Hitt held ég, að hverjum manni sé ljóst, sem horfir af raunsæi á aðstæður okkar, að því aðeins getum við lagt hraðbrautir og keypt vaxandi bílafjölda, að atvinnuvegir okkar rísi undir þessum þjónustustörfum. En ástandið á því sviði er engan veginn jafnblómlegt og hæstv. ráðh. talar um, enda hygg ég, að hann trúi ekki sjálfur sínum eigin ummælum um það efni. Það er alveg öruggt og víst, að við munum ekki geta haldið áfram þeirri stefnu að láta bílafjöldann aukast um ⅔ á sama tíma og togarafjöldinn minnkar um ⅔, að láta þann hluta bátaflotans, sem aflar hráefnis handa frystihúsunum, dragast saman, að láta frystihúsin lenda í sívaxandi vanda, að láta innlendan neyzluvöruiðnað dragast saman og að horfa upp á það einmitt núna, að það, sem upp úr stóð, síldveiðarnar, séu að komast í sama vandann og allt annað. Ef við hugum ekki að þessum undirstöðuverkefnum, verður allt tal um hraðbrautir einvörðungu draumórar. Við erum ekki að samþykkja neinar hraðbrautir með þessu frv. Það, sem stuðlar að hraðbrautunum á Íslandi, er ný stefna í efnahags- og atvinnumálum, og ég vil enn þá lýsa eftir því, að hæstv. forsrh. geri grein fyrir því, áður en Alþ. er sent heim, hvaða hugmyndir hæstv. ríkisstj. hefur um þau efni.

En það er rétt hjá hæstv. ráðh., að aðalerindi mitt hingað áðan var það að ræða við hann um þá afstöðu ríkisstj. að fela erlendum verkfræðingum að vinna störf, sem íslenzkir verkfræðingar gætu hæglega unnið, því að þar er örugglega um að ræða mikið alvörumál, og ég gerði mér vonir um það, að hæstv. ráðh. kynni að geta haft skilning á því atriði. Hann rökstuddi afstöðu ríkisstj. með því, að okkur skorti nægan fjölda af verkfræðingum til að sinna þessum verkefnum, en ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að eins og nú er ástatt, vinna tugir íslenzkra verkfræðinga erlendis, vegna þess að þeir fá ekki verkefni á Íslandi, og mér er kunnugt um það, að hér á landi eru nú verkfræðingar nýútskrifaðir, sem ekki hafa fengið nein viðhlítandi verkefni. Það væri einnig hægurinn á hjá íslenzkum stofnunum, sem starfa á þessu sviði, að afla sér erlends vinnuafls, ef á þarf að halda í sambandi við tiltekin verkefni. Það er hagkvæmara fyrir okkur að ráða hingað til starfa erlenda verkfræðinga fyrir okkur en verða að senda þetta dýrmæta vinnuafl út úr landinu. Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, setur Alþjóðabankinn alls ekki þau skilyrði, að skipta þurfi við erlenda verkfræðinga í sambandi við slík verk sem þessi, og hæstv. ráðh. viðurkenndi það. Hann sagði, að verkið yrði að vera þannig undirbúið, að fyrirtækin, sem það gerðu, hefðu kynnt sig að því að geta leyst slík verkefni af hendi.

Ég er alveg sannfærður um það, að auðvelt væri fyrir hæstv. ríkisstj. að afla íslenzkum verkfræðingum þessarar viðurkenningar hjá Alþjóðabankanum, líka vegna þess að Alþjóðabankinn hefur áður viðurkennt störf íslenzkra verkfræðinga á þessu sviði, eins og ég gat um áðan, t. d. í sambandi við hitaveituna og fleiri verkefni. Það er alkunna, að íslenzkir verkfræðingar eru vel menntaðir og vel verki farnir, og þótt það megi vel vera, að þá geti skort reynslu á einhverjum sviðum, þá hafa þeir á öðrum sviðum reynslu, sem engir aðrir hafa — þá reynslu, sem fæst af þekkingu á þeim sérstöku aðstæðum, sem eru á Íslandi.

Fyrirtæki það, sem hæstv. ráðh. hefur falið að undirbúa þetta verk, KAMPSAX, er raunar ekki fyrirtæki ráðgjafarverkfræðinga. KAMPSAX er ekki óháðir ráðgjafarverkfræðingar, heldur verktakar. Þetta fyrirtæki hefur áður starfað hér á landi. Það vann t. d. að gerð Sprengisands hér í Reykjavík — hafnargarðsins, en vegi og brýr hefur þetta fyrirtæki aðallega lagt í Austurlöndum, þar sem aðstæður eru ákaflega frábrugðnar því, sem þær eru hér á landi. Ég er alveg sannfærður um það, að auðvelt væri fyrir hæstv. ríkisstj. að ganga svo frá málum, að íslenzkir verkfræðingar yrðu teknir fullkomlega gildir sem jafnokar erlendra starfsbræðra sinna. Ég vil minna á það, að einmitt meðal nágrannaþjóða okkar á Norðurlöndum, í Danmörku, Svíþjóð og Noregi, er verkfræðimenntunin ákaflega mikilvægur þáttur í efnahagskerfinu. Verkfræðingar í þessum löndum eru í miklum metum. Þeir fá störf víða um heim, og þetta hefur orðið skandínavískum iðnaði ákaflega mikil lyftistöng.

Ég tel, að það sé alveg tvímælalaust verkefni fyrir íslenzk stjórnarvöld að reyna að aðstoða íslenzka verkfræðinga við að öðlast hliðstæða stöðu, vegna þess að þá skortir ekkert á í menntun og hæfni. Mér þætti fróðlegt, ef hæstv. ráðh. vildi greina frá því, hvaða hugmyndir hann gerir sér um það, hverjar greiðslur KAMPSAX muni fá. Það hljóta að liggja fyrir einhverjar almennnar áætlanir um það, og væri fróðlegt að vita um það. Einnig þætti mér fróðlegt í þessu sambandi, ef hann vildi greina frá því, hversu margir erlendir verkfræðingar vinna nú að störfum í Straumsvík og við Búrfell. Það eru tiltölulega fáir íslenzkir verkfræðingar, sem starfa þar, en ég hygg, að þeir erlendu séu býsna margir, og mér er fullkunnugt um

það, að verkfræðingar hér telja, að þeir eigi nú að mæta neikvæðum viðhorfum hjá hæstv. ríkisstj. Það er fullkomið alvörumál.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í talnadeilur þeirra hæstv. samgmrh. og hv. 1. þm. Vestf., enda báðir vel færir á því sviði. En ástæðan fyrir því, að ég var með því að heimila lántöku, var sú, að ég leit svo á, að ríkisstj. þyrfti að fá meira fé en hún hefur til að geta annað þeim framkvæmdum, sem nauðsynlegt er að gera til viðhalds veganna, vegna vegaskemmda, sem urðu, og annarra slíkra hluta. Ég fyrir mitt leyti hefði því gjarnan viljað hafa lánsheimildina lægri, en taldi þó, að eðlilegt væri, að hún væri einhver af þessum ástæðum. Það var ekki neinn ágreiningur hjá okkur um það, að það væri æskilegt að leggja hraðbrautir og bæta vegi. Við getum allir verið sammála um það. En við teljum, að eins og útlitið er, sé ekki hægt að leggja á skatt, sem á að nema á árinu 1969 um 160 millj. kr. og fara upp í 190 millj. kr. eftir því, sem ráðh. gerði áætlanir um, og bæta því ofan á alla þá skatta, sem fyrir eru. Nú vitum við, að það eru fleiri hundruð millj. kr. í sköttum, sem eru lagðir á bifreiðarnar og renna beint til ríkissjóðs. Nákvæmlega skal ég ekki segja um, hvað þetta er mikið, en ýmsir halda því fram, að þetta séu um 500 millj. kr., og bara í leyfisgjöldum af bílum og bifhjólum eru það 190 millj. kr. á ríkisreikningum árið 1966, sem er síðasta talan, sem við höfum — bara á þeim eina lið.

Ráðh. talar um það, að það sé ekki meiri þungaskattur hér en í nágrannalöndunum og benzínið sé ekki dýrara. Þegar þessi benzínhækkun er komin, sem ráðgerð er nú, er það aðeins Svíþjóð, að mig minnir, eftir þeim upplýsingum, sem við fengum, sem er hærri, en það eru fleiri gjöld, sem við borgum, heldur en þungaskattur og skattur af benzíninu. Það munar dálitlu, hvort bílar eru tvöfalt dýrari en í nágrannalöndunum. Það er ekki lítill peningur að borga vexti af þeim. Við skulum segja, að meðalbíll kosti eitthvað á þriðja hundrað þús., sem eru frekar ódýrir bílar, sem fjölskyldur nota, en það er dálítill munur, hvort hann kostar rúmar 100 þús. kr. og þarf aðeins að borga vexti og afborganir af þeirri upphæð. Og svo eru gúmmígjöld og fleiri skattar. Það eru fleiri skattar hjá okkur heldur en bara benzínskattur og þungaskattur. Ef maður gerir ráð fyrir, að þetta frv. verði samþ. og gjöldin yrðu, skulum við segja, um 160 millj. kr. af bílum, sem nú eru fyrir í landinu, er þetta allt að því 5 þús. kr. skattur á bíl.

Við leggjum til, að þessar 190 millj. kr. eða þetta gjald af bifreiðum og bifhjólum, sem rennur til ríkissjóðs, fari í Vegasjóð. Þá er náttúrlega eðlilegt, að ráðh. spyrji, hvernig á ríkissjóður að fá borið þetta uppi, og það er ekki nema eðlilegt, að þeir óski eftir svari um það frá okkur, sem leggjum þetta til. Ég álít, að ríkisstj. eigi að lækka útgjöld ríkisins; það sé ekki annað hægt að gera. Það kom fram frv. hér í vetur, og það var einn skattur, sem var mjög skynsamlegur í því, og það var farmiðaskatturinn. Ég hældi þeim fyrir þann skatt hér. Hann miðar að því að draga úr eyðslunni. M. a. s. bandaríska þjóðin eða forráðamenn hennar eru farnir að reyna að draga úr miklum ferðakostnaði. Ég reiknaði út ferðakostnað Bandaríkjamanna og okkar, og við erum svona þrisvar til fjórum sinnum hærri árið 1966. Nú get ég vel gengið inn á það, að Íslendingar þurfi að ferðast dálítið, því að við erum lítil þjóð og þurfum mikil viðskipti við aðrar þjóðir. En að við getum eytt svona þrisvar til fjórum sinnum meira í ferðalög heldur en ríkasta þjóð í heimi, það held ég, að sé ofrausn. Það væri mikið vit í að gera eitthvað til þess að vinna á móti þessu.

Annars getum við gert okkur það ljóst, að við getum ekki breytt eins á þessu ári og næstu árum og við höfum getað gert undanfarin ár, af því að tímarnir eru breyttir og gjaldeyrissjóðnum verður ekki eytt tvisvar sinnum. Útlitið með vertíðina er nú ekki glæsilegra en það, að það munar þetta fjórða parti og þriðja parti á aflamagni á þessum tíma í beztu verstöðvum landsins samanborið við aflamagn í fyrra, t. d. á Vestfjörðunum og í Vestmannaeyjum. Ofan á þetta á svo að bæta þessum smáa skatti, og það eru ekki vörubílstjórarnir, sem þurfa að vera reiðastir. Þeir borga ekkert af þessu. Þeir segjast bara hækka taxtann um 10% og eru þegar búnir að hækka um 15% í krónutölu. Svo ætla þeir að bæta 10% við vegna þessa nýja skatts, og þetta leggst vitanlega á atvinnufyrirtækin. Þetta leggst á fólkið úti um alla landsbyggðina; bílstjórar þurfa ekki að vera reiðir. Þeir láta aðra borga þetta. Þeir, sem verða að borga, eru alþýða manna í landinu og svo þeir, sem eiga einkabíla til heimilisnota. Það er alþýðan. En ríkisstj. getur farið ýmsar aðrar leiðir. Það var mjög greinargóð skýrsla, sem fjmrh. gaf hér í gær um bílaeign ríkisins. Oft hefur óþarfari fsp. verið borin hér fram. Það kom í ljós, að það eru yfir 500 bílar, sem ríkið á. Þið getið ímyndað ykkur, hvað þetta kostar.

Nú lýsti ríkisstj. því yfir, að það verði allir að fara að spara og neita sér um hlutina í vetur, þar sem ekki verði borguð vísitala á laun. Ég get vel gengið inn á það, að það sé örðugt fyrir atvinnuvegina. En það er líka erfitt fyrir fólkið að verða fyrir þeirri kjaraskerðingu, sem gengisbreytingin var, án þess að fá neinar bætur. En gott og vel. Það eru bæði sjómenn og aðrir búnir að taka á sig mikla kjaraskerðingu með minna aflamagni og lækkuðu verði. En eiga þá ekki þessir blessaðir forstjórar og ráðh. að ganga á undan og sýna gott fordæmi. Lúðvík XIV. Frakkakonungur var allra manna mestur eyðsluseggur. En þegar hann var í stríði og þrengdi að þjóðinni, lét hann bræða upp borðsilfur sitt — upp í stríðskostnað. Ég sé ekki, að ráðh. séu neitt farnir að spara í bifreiðakostnaði eða bílstjórahaldi. En þeir segja bara þjóðinni að spara og leggja svo þyngri skatta á hana. Það var upplýst hér af fjmrh., að það væru sjö ráðherrabílar. Ég hélt satt að segja um landbrh., að hann æki sínum eigin bíl, og ég held, að ég hafi verið búinn að segja bændum fyrir

norðan þetta og hæla honum mikið fyrir. En það er víst þannig, að hann ekur bílnum, og er það góðra gjalda vert, en ríkið á hann. Þetta er nefnilega hrein endileysa, og þetta er ekkert nema ójöfnuður og rangindi.

Það hefur ekkert góð áhrif á starfsfólkið, að forstjóri sé að aka í bíl, sem ríkið kostar að öllu leyti — einnig viðgerðirnar og benzínið, og svo eru þeir meira og minna notaðir í snatt fyrir fjölskyldurnar. Þetta skapar ekki neitt gott fordæmi eða gott andrúmsloft hjá stofnunum, því að það þurfa fleiri að fara heim til sín og heiman frá sér heldur en forstjórinn og fleiri að kaupa í matinn heldur en forstjórafrúrnar. Það er ekki eðlilegt; það á að ganga jafnt yfir alla í þjóðfélaginu að því leyti. Við eigum að búa við svipuð kjör. Út af fyrir sig, ef þarf að nota bíl í þágu fyrirtækis, er ekkert við það að athuga, að það sé hóflegur bílastyrkur handa forstjóranum. En við eigum bara að láta þá eiga bílana sjálfa. Viðgerðir verða ódýrari og betur með þá farið á þann hátt. Ég tala nú ekki um ráðherrabílana, því að sé fjölgað um einn ráðh., þarf nýjan ráðherrabíl og einn ráðherrabílstjóra, og það er jafndýrt og ráðh. sjálfur. Það vita allir menn.

Mér er sagt, að það séu þrír bílar til að aka forsetanum í frá Bessastöðum. Ég hélt, að það væri hægt að komast af með einn góðan bíl. Sumir segja fimm, en það er víst ósatt. Annars er það vel, að forsrh. leiðrétti þetta og einnig það, að Kanadaför forsetans hefði kostað 20 millj. kr., og gott er að leiðrétta það, sem rangt er. En nú vil ég fræða þá um meira, svo að þeir hafi tækifæri til þess að leiðrétta það, ef þeir hafa ekki heyrt það. Mér var sagt það úti í bæ, að það væri nýkominn einn ráðherrabíllinn til landsins. Mér var sagt þetta í vetur. Ég er lítill fagmaður í bílum og segi þessa sögu bara, eins og mér var sögð hún. Og hann mundi kosta með eðlilegum leyfisgjöldum um 800 þús. kr., ef venjulegir menn hefðu átt að fá hann. Þetta var um það leyti, sem ríkisstj. var að segja öllum að spara og að ekki væri hægt að greiða neinar vísitöluuppbætur, svo að fólkið var að spjalla um þetta. Ef þetta er ósatt, eiga ráðh. að mótmæla þessu. Þess vegna segi ég þessa sögu um, að þeir séu að fá sér 800 þús. kr. bíla. Þeir kosta náttúrlega minna, þegar ekki eru nein gjöld greidd af þeim. Og ég heyrði það hjá fjmrh., að í nokkur ár hefði átt að vera í gildi sú regla, að það væru ekki fluttir inn bílar fyrir ríkið, sem kostuðu meira en 250 þús. kr., en þarna hafa ráðh. brotið þessa reglu, og það er alls ekki gott að setja öðrum reglur, en fara svo ekki eftir þeim sjálfur. Og ég vildi bara benda ráðh. á þetta, af því að þeim veitir ekkert af að fara svolítið að skinna upp vinsældirnar.

Ég veit, að það yrði afar vel séð hjá alþýðu manna, ef ráðh. hreinlega seldu alla þessa bíla og létu bílstjórana fara að vinna eitthvað — fiska eða gera eitthvað. Það er svo mikill straumurinn nú í Búrfellsvirkjunina — þeir vilja heldur vera þar en á bátunum — að það er dálítið erfitt að fá góðan háseta. Það er sagt að þeir fái sér svo bara bíl hjá bifreiðastöð, þegar þeir þurfa að ferðast og borgi það annaðhvort sjálfir eða fái bílastyrk. Það væri hægt að eyða mörgum sinnum minna í þetta. Ég get vel gengið inn á, að ríkið þyrfti að eiga einhverja bíla fyrir menn, sem þurfa að ferðast að staðaldri fyrir ríkið; þá getur það verið réttlætanlegt. Og ef ráðh. gengju á undan og færu að eyða litlum peningum í þetta, hygg ég, að það mætti spara þarna nokkra tugi millj. kr., þannig að ríkið gæti látið eitthvað af þessum leyfisgjöldum ganga til veganna upp í þessar hraðbrautir, sem þarf endilega að fara að steypa og bílastyrkina mætti sjálfsagt lækka líka. Það er ákaflega erfitt að fara út í það að láta einstaka starfsmenn í stofnunum hafa styrki og aðra ekki — og engan veginn vinsælt til fyrirmyndar.

Ég er búinn að benda á tvo liði, sem ég tel jákvæða. Það er í fyrsta lagi skattur á farmiða til þess að draga úr öllu þessu lúxusflakki, sem er að nokkru leyti farið til þess að kaupa vörur erlendis, sem er svo ekki greiddur neinn tollur af, og í öðru lagi gætu þeir sparað mikið í bílunum. Svo benti ég um daginn á mörg atriði, sem þeir gætu sparað á, og það þarf í sannleika sagt að lækka ríkisútgjöldin um fleiri hundruð millj. kr., ef árferðið verður líkt því, sem búast má við, að það verði í ár. Ég talaði um það hér um daginn við 1. umr., að ég hefði ekki vanizt svo góðum eða fullkomnum vegum, þegar ég var að byrja búskap og fram eftir minni búskapartíð, að ég gæti ekki vel unað því að fara eftir þessum vegum 2—3 ár enn. Við fórum austur að Þjórsá um daginn. Ég varð ekki var við annað en við ækjum yfirleitt eftir góðum vegi, og vegirnir hafa heldur farið batnandi. Svo á allt í einu að vera ómögulegt að aka þessa vegi. Eigum við að steypa hraðbrautir, þó að við höfum ekkert fjármagn til þess nema bæta því á skattpínt fólk, sem er í vandræðum með að geta átt bíla, þó að það sé að basla við það? Ég álít, að það liggi ekki svo ákaflega mikið á. Það er óhætt að lofa þessum miklu mannvirkjum, sem eru í gangi núna, Straumsvíkinni og virkjuninni, að vinna dálítið meira í þeim, og ef búast mætti við því, að atvinnuleysi yrði, þá mætti fara að gera meira.

Viðvíkjandi því, að það þurfi endilega að fá erlend fyrirtæki til þess að undirbyggja þetta allt saman og bjóða þetta svo út, er ef til vill allt vel um það, en ég held, að bezt væri að reyna að nota okkar verkfræðinga. Það er, eins og réttilega var tekið fram hér hjá hv. 6. þm. Reykv., ekki lítils virði fyrir þá menn, sem eiga að gera áætlanir um þetta, að þekkja veðráttuna og landið. Og í öðru lagi finnst mér ekki útilokað að senda verkfræðinga — einhverja hæfa menn — til að kynna sér, hvernig þessir vegir hafa verið lagðir, t. d. í Noregi. Þeir hafa dálítið líka veðráttu í Norður-Noregi og við, þannig að ég held, að við ættum að geta komizt af með okkar innlendu verkfræðinga að mestu leyti.

Það er náttúrlega ágætt að kynna sér reynslu annarra og alveg sjálfsagt, en að taka lán á lán ofan til þess að leggja vegi; það eru tvær hliðar á því máli. Það er ekki litlir peningar, sem fara í vexti, og

það væri í raun og veru ráðlegt fyrir okkur að reyna að losa okkur við megnið af þeim skuldum, sem komnar eru — losa sig við eitthvað af öllum þessum skuldum, a. m. k. áður en farið er að stofna til annarra nýrra. Það telur enginn bifreiðastjóri eftir, þó að bifreiðarnar væru látnar bera uppi samgöngubæturnar. En það, sem þeir eru óánægðir yfir, er, að meiri hlutinn af því fé, sem greitt er af þessum tækjum beint og óbeint, bæði með benzíni, þungaskatti, gúmmísköttum, söluskatti og ýmsu öðru, rennur í ríkissjóð.

Það er ekki ástæða fyrir mig að vera að aðvara ríkisstj. um þessa hluti. En ég held, að þetta mál muni afla henni talsvert mikilla óvinsælda. Það er ástæðulaust að fella þetta frv. Það væri hægt að láta það daga uppi, án þess að ríkisstj. hreppti neinar óvinsældir af því. Það er ekkert á móti því að ræða um svona mál og hugsa um það, bæði fyrir bifreiðastjórana og eins fyrir ríkisstj. og þm. En ég held, að það væri að mörgu leyti skynsamlegra af henni að fresta að knýja þetta gegnum þingið, athuga þetta allt saman betur og sjá, hvernig árferðið verður. Svo er það ekkert aukaatriði á vissan hátt, að það standa fyrir dyrum forsetakosningar, og ég gæti alveg eins búizt við, að allar þessar óvinsældir verði látnar bitna á því forsetaefni saklausu, sem hefur verið frammámaður hjá sjálfstæðismönnum, þannig að hann verði nokkurs konar píslarvottur fyrir þetta hraðbrautaræði, sem allt í einu hefur gripið ríkisstj., og væri það ómaklegt og leiðinlegt, ef það kæmi fyrir, þannig að ég fyrir mitt leyti get ekki verið með þessu frv. eins og það liggur fyrir.

Ég vil fara inn á þá leið sem lýst er í okkar grg. í stórum dráttum og taka eitthvað af þeim gjöldum, sem runnið hafa í ríkissjóð undanfarið, láta þau fara í vegina og lækka ríkissjóðsútgjöldin, og ef það er ógerlegt, leggja þá á skatta eins og t. d. farmiðaskattinn og draga úr kostnaði við alla þessa blessaða bílaeign. Það gætu reytzt saman svona 80 millj. kr. bara á þann hátt — jafnvel 100, þannig að það væri hægt að brúa þetta bil án þess að leggja þetta á alþýðu manna eins og gert er með þessu, því að þetta kemur ekki á vörubílstjórana og ekki á stöðvarbílstjórana. Þeir taka það af fólkinu. Þetta kemur á hvern einasta mann í landinu í hækkaðri þjónustu. Það eru ekki þeir, sem þurfa að kvarta mest, sem selja vinnuna. Það eru hinir, sem verða að borga hana.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs hér í dag um það leyti, sem frsm. nefndar luku sínu máli, en einhvern veginn hefur það farið fram hjá forsetum, sem skipzt hafa á, og skal ég ekki sakast um það. Ég efast ekkert um það, að þeir hafa ekki ætlað að beita mig neinum rangindum um það að hleypa mér í ræðustól.

Hér liggur fyrir nýtt skattafrv., og hygg ég þó, að ýmsir hafi verið farnir að gera sér vonir um, að skattaplágum mundi fara að linna og þeirra væri ekki fleiri von. En það fer, eins og vænta mátti, að skattafrv. er ekki tekið með þakkarávörpum. Það gerast mótmæli gegn þessu skattafrv. og hefur þeirra mótmæla verið hér getið í umr. Það er vitanlega ekki nema eðlilegt, að menn kveinki sér undan því, þegar sköttum er bætt á skatta ofan, en gjaldgetan lítil fyrir.

Ég hefði talið eðlilegast, að þetta frv. hefði komið fram sem fylgifrv. með vegáætlun, og fæ ég ekki séð, að því hafi legið mikið á fyrr en í byrjun næsta þings, sem fylgifrv. með vegáætlun, sem það þing á að ganga frá. Þetta er um það, hvernig skuli afla fjár til framkvæmda, sem ákveðnar verða með vegáætluninni. En hæstv. ríkisstj. hefur þann hátt á að flytja frv. nú, og álít ég það vera einn mesta annmarka þessa frv., að í raun og veru er ekkert bundið neinum fastmælum, af því að það er ekki í fylgd með vegáætlun, til hverra hluta þessari fjáröflun skuli varið. Ég sé, að þetta er einnig óljóst fyrir fleirum en mér, því að í öðru aðalmálgagni stjórnarinnar stendur hvað eftir annað í grein, sem fjallar um þetta frv.: Vonir standa til, að fénu verði varið til þessa. Vonast má eftir, að það renni til hins o. s. frv. Vissan er engin. Það er allt í óvissu um það til hverra hluta sú tekjuöflun, sem þetta frv. fer fram á, eigi að fara. Og það tel ég höfuðannmarka þessa frv. Það er að vísu sagt að það eigi að verja tekjunum til lagningar hraðbrauta og til aukins vegaviðhalds, og játað er í frv., að það eigi að nokkru leyti að fara til skuldagreiðslna. Ég held, að ástæðan til þess, að frv. er komið fram nú, sé einmitt vegna hins síðarnefnda, að það eru þrot í búinu og það hefur þótt vera aðkallandi að leggja fram nýtt skattheimtufrv. til þess að fara að höggva í allverulegar skuldir, sem þarf að hreinsa til í, áður en frambærilegt sé að leita lána á erlendum lánamarkaði til íslenzkra vegamála. Ég hygg, að þetta sé ástæðan til þess, að frv. kemur fram nú, en ekki talið nægilegt, að það kæmi fram í upphafi næsta þings sem eðlilegt fylgifrv. með vegáætlun.

Nú ætla ég ekki að fara að hnotabítast við hæstv. samgmrh. eða ríkisstj. um það, að hún eigi að skila 47 millj. kr., sem hún er sökuð um að hafa tekið út af fjárl. eitt sinn þrátt fyrir eigin loforð um að gera það ekki. Það er fyrir löngu búið og gert, og hæstv. samgmrh. hefur oft svarað því til, að síðar sé búið að afla ríkissjóði tekna með ýmsu móti og þannig að hans áliti bæta í það vanefnda skarð. Og það má vel vera, að svo sé, því að það er staðreynd, að að krónutölu er náttúrlega miklu meira varið til vegamála nú en þá var. Ég ætla heldur ekki að fara í skollaleik við ríkisstj., þó að hún segist ætla að leggja hraðbrautir og bæta og auka vegaviðhaldið eða kosta — svo að milljónatugum nemi — verkfræðilegan undirbúning að lagningu myndarlegra, varanlegra vega — hraðbrauta. Til þess á hún bara að taka það fé, sem hún er búin að taka af umferðinni og leggja í ríkissjóð á undanförnum árum. Það er ekkert nema lélegur skollaleikur að vitna til þess fjár, því að það er Alþ. búið að binda sem

tekjustofna fyrir útgjaldaliðum, sem einnig eru ákveðnir á fjárl., og Alþ. er búið að ganga frá þessu. Og það er ekki til neins að segja ríkisstj., hver sem hún væri núna, að hún eigi að nota það fé til þess að byggja fleiri hraðbrautir. Það getur hún ekki, og það gæti engin ríkisstj. Það er ekki til neins. Hins vegar geta menn sagt til um það, hvort þeir vilja aukið vegaviðhald, verkfræðilegan undirbúning að hraðbrautum og hraðbrautir, og þá bitið í það súra epli að undirgangast skattlagningu til þeirra hluta. Það þýðir ekkert að segja: Ég vil hraðbrautirnar, en ég vil ekki fjáröflun til þeirra, og ég vil bara heimila, að það fé sé tekið til þess, sem búið er að ráðstafa til annarra framkvæmda samkv. fjárl. Þannig stendur málið núna, og mér finnst þetta fávíslegt, harla fávíslegt. Og það er auðvelt fyrir ríkisstj. að bregða mönnum um ábyrgðarleysi og mótsagnir, ef svo er á málum haldið.

Ég verð að segja það, að ég tel, að hæstv. ríkisstj. hafi þegar aflað sér fjár til þeirra vegaframkvæmda, sem ákveðnar eru í vegáætlun, og við það hefði hún átt að standa og ekki fara fram á það við Alþ. að fá nýja fjáröflun, nýja skattlagningu til að borga áföll t. d. af því, að það er orðið meira um snjómokstur en í meðalári, eða af því, að einhverjar náttúruhamfarir hafa spillt vegum meira en þeir hafi búizt við o. s. frv. Þetta tel ég, að ríkisstj. hefði átt að fjármagna með sínum umframtekjum með ýmsu móti, sem sannarlega hafa verið allmiklar og hægt var að verja til þeirra hluta.

Ég er að því leyti óánægður með þetta frv., að það skuli að verulegum hluta, að því er snertir fjáröflun á þessu ári — 1968, eiga að verja því fé, sem aflast, til skuldagreiðslna. Það tel ég, að ríkisstj. hefði átt að gera með það fé, sem í gegnum hennar greipar hefur þegar og áður farið. En ég er fylgjandi því, að undirbúið sé á skynsamlegan hátt að byggja og leggja hraðbrautir út frá höfuðborginni og út frá Akureyrarkaupstað, þar sem umferð er orðin svo mikil, að ekki verður hjá því komizt að byggja varanlega vegi, því að þar sem umferðin er mest, þola misjafnlega gerðir malarvegir ekki þá umferð hvorki út frá Reykjavík né Akureyrarkaupstað, og þar verður ekki undan því komizt að leggja í mikinn kostnað við gerð varanlegra vega. Það er líka rétt, að það er ekkert vit í að ráðast í þær framkvæmdir nema með því að sjá fyrir tvennu: Sjá fyrir verkfræðilegum undirbúningi, sem kostar ærið fé, og það verður að vera búið að ljúka þessum undirbúningi, áður en á að ráðast í framkvæmdina, og svo að sjá fyrir innlendu fjármagni og undirbúa það, að unnt sé að fá erlent fjármagn til viðbótar. Og það vitum við, að hér þarf mikið fjármagn.

Ég get því vel fellt mig við, að gert sé ráð fyrir nýrri skattlagningu til verkfræðilegs undirbúnings undir lagningu hraðbrauta, og enn fremur, að forsjá sé höfð um að afla fjár til byggingar ákveðinna áfanga í hraðbrautagerð, þar sem þörfin er mest. Hins vegar tel ég, að þetta hefði getað beðið sem sé til upphafs næsta þings, þegar vegáætlunin hefði verið lögð fram og verkefnin þannig ákvörðuð og þannig hægt að segja þm. til um það. Þetta verkefni, sem Alþ. skal kveða á um að ráðast í, kostar þetta mikið fé, og til þess þurfum við þessa skattlagningu og sköpum okkur möguleika til þessara útlendu lánsfjármöguleika. En nú liggur það ekki fyrir, og verður maður þess vegna að treysta á það, að þessi fjáröflun, sem þetta frv. fer fram á, fari ekki til almennrar eyðslu, en fyrir því höfum við engan lagastaf og ekki neina örugga vissu. Eðlilegast væri, að þeir, sem vantreysta ríkisstj., flyttu brtt. á þann veg, að fjármagn það, sem aflað er með þessu frv., verði lagt í sérstakan sjóð á sérstaka bók til geymslu, þangað til vegáætlunin hefur verið afgreidd af Alþ., og þannig væri tryggt, að féð færi ekki til neins annars. Og þá ættu menn ekki neins annars úrkosti en að segja til um það, hvort þeir vildu vegaumbæturnar, og vitanlega þá að heimila fjáröflun til framkvæmdanna.

Það er rétt, að þeir, sem hafa sent mótmæli aðallega gegn þessu frv., er Landssamband vörubifreiðastjóra. Þeir skera sig ekki úr, að því er það snertir, að þeir viðurkenna eðlilega mikla umbótaþörf í vegamálum hér á landi, og það er frumuppistaðan í þeirra bréfi, sem nm. hafa skýrt frá, að þeim hafi borizt, og hæstv. ráðh. gat einnig um. Þeir segja, með leyfi hæstv. forseta, í sínu erindi út af frv.:

„Því verður ekki á móti mælt, og það sízt af samtökum bifreiðastjóra, að brýna nauðsyn beri til, að nú þegar verði hafizt handa um framkvæmdir að bættri og varanlegri vegagerð í landinu. Heita má, að þjóðvegakerfi landsins sé í fullkomnu ófremdarástandi, og hljóta menn að vera sammála um, að undirbúningur að byggingu varanlegs þjóðvegakerfis og framkvæmdir í þeim efnum megi ekki bíða öllu lengur. Hitt er jafnaugljóst, að bygging varanlegs þjóðvegakerfis er slík risaframkvæmd, að hún er með stærstu verklegu viðfangsefnum þjóðarinnar fyrr og síðar. Landið er stórt og varanleg vegagerð kostnaðarsöm, en þjóðin er fámenn og framkvæmdirnar verða því mjög dýrar miðað við hvern íbúa landsins. Þetta verður allt að hafa í huga, þegar unnið er að fjárhagslegri sem og verklegri hlið þessa risaátaks."

Enn fremur segja þeir á jákvæðan hátt það, sem nú skal greina:

„Jafnframt því, sem við lýsum yfir, að við færumst ekki undan að greiða okkar skerf til varanlegrar vegagerðar í landinu og til vegamála almennt, bæði sem almennir skattþegnar og sem eigendur ökutækja, mótmælum við því harðlega, að við sem atvinnustétt séum lagðir í einelti og látnir bera hlutfallslega meiri byrðar en aðrir af þessum nýju álögum, eins og frv. gerir þó ráð fyrir."

Og þeir hafa þó aðallega út á þær byrðar að setja, sem á þá eru lagðar og eru meiri en góðu hófi gegnir, þ. e. að samkv. bráðabirgðaákvæði með frv. er gert ráð fyrir því, að þungaskatturinn af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, verði

greiddur fyrir allt árið, og nú kemur frv. fyrst fram, þegar einn ársfjórðungur af árinu er liðinn.

Ég tel, að hæstv. ráðh. kæmi mjög til móts við réttmæta sanngirniskröfu frá hendi Landssambands vörubifreiðastjóra, ef hann þarna í staðinn fyrir „allt árið" segði „fyrir ¾ hluta af árinu" og væri þannig ekkert að skattleggja þá aftur í tímann. Það er óeðlilegt, og það er ósanngjarnt.

Í annan stað gera bifreiðastjórarnir þá aths., að þeim finnist frv. illa, óskynsamlega og óréttlátlega upp byggt að því leyti, að skattlagning á fólksbifreiðar séu mun léttbærari samkv. þessu frv. en á vörubifreiðar. En um vörubifreiðarnar segja þeir alveg réttilega: Vörubifreiðarnar þjóna atvinnuvegunum og hinum dreifðu byggðum, hvað aðdrætti snertir, og eru því flutningatæki, sem bráðnauðsynlegt er fyrir þjóðina, að séu starfrækt. Þessi tæki eru hins vegar með frv. skattlögð svo, að algert einsdæmi er og það, þótt um víða veröld sé leitað. Það kann að vera eitthvað ýkt hjá þeim, en það, sem þeir segja þarna fyrst og fremst, er satt og rétt. Vörubifreiðarnar eru fyrst og fremst þjónustutæki atvinnuveganna og hinna dreifðu byggða, og þær er skattlagðar meira í þessu frv. en lúxusbifreiðar okkar kaupstaðabúanna. Þeir sýna með tölum fram á það, að fólksbifreið, sem eyðir 6000 lítrum af benzíni á ári, er skattlögð um 6840 kr., en bifreið, sem er sex tonn á þyngd, þ. e. stór bifreið, verður skattlögð þarna um 18.040 kr. — þrefalda upphæð á við fólksbifreiðina. Ég tek undir þessa gagnrýni Landssambands vörubifreiðastjóra og tel, að það hefði mátt skattleggja fólksbifreiðarnar jafnvel meira en gert er í frv., þar sem litið er á fjáröflunarnauðsynina, en hefði átt að fara hóflega í skattlagninguna, að því er snertir vörubifreiðar, ef hægt hefði verið.

Nú er það alveg hárrétt, sem sagt var hér áðan í umr., að það eru þó ekki fyrst og fremst vörubílstjórar né vörubifreiðaeigendur, sem greiða þennan skatt. Þeir leggja hann auðvitað á fólkið, sem skiptir við þá. Í þessu tilfelli leggja þeir þessar skattaálögur á atvinnuvegina — atvinnulífið, og það er það, sem þeir eru einmitt að vara við og gagnrýna réttilega. Ég lít þess vegna ekki á þessa skattlagningu sem þröngt hagsmunamál bílstjórastéttarinnar einnar. Þetta er skattur á landslýðinn til þess að fá betri vegi, og engum er það meiri nauðsyn en einmitt bílstjórastéttinni, og það játa þeir fyllilega í sínu erindi. Ég álít þetta erindi vera þess eðlis og efnis og þannig fram sett, að það sé ekki nema sómi að því fyrir hæstv. ríkisstj. að taka tillit til efnis þess að svo miklu leyti, sem hún telur sér framast vera unnt, því að það er á margan hátt skynsamlega og sanngjarnlega komizt að réttum niðurstöðum í þessu erindi Landssambands vörubifreiðastjóra. Það er mín eindregin ósk til hæstv. samgmrh., að hann láti milli 2. og 3. umr. þessa máls líta mjög vandlega á þetta erindi Landssambands vörubifreiðastjóra, og athugi það, hvort ekki sé hægt að breyta þannig skattálagningarákvæðunum í frv., að eitthvað sé komið til móts við þá t. d. að því leyti, sem ég áðan gat um, að þungaskatturinn er ekki nefndur fyrir allt árið, heldur fyrir þann hluta ársins, sem eftir er, þegar þetta frv. er lögfest. Þeir benda réttilega á það, að fyrri hluta ársins hafi þeir miðað alla sína ökutaxta við núverandi útgerðarkostnað bifreiða og séu þannig alls ekki við því búnir að taka á þær tekjur útgjaldaauka, sem þetta frv. mundi á þá leggja.

Ég er þeirrar skoðunar, að gerð varanlegra vega í nágrenni við stærstu kaupstaðina, Reykjavík, Hafnarfjörð og Akureyri, sé orðin svo aðkallandi, að það sé ekki hægt að draga það. Ég viðurkenni fyllilega, að verkfræðilega undirbúninginn verður að ráðast í nú þegar og halda honum áfram af fullum krafti, ef við eigum að geta gert okkur vonir um það, að þessar umbætur í vegamálum okkar geti hafizt á árinu 1969.

Ég hef áður vikið að því og endurtek það, að ég tel það mjög slæmt, að allt skuli vera í lausu lofti um það, til hvaða framkvæmda þessir skattar eigi að fara. Það eitt vitum við, að það er ætlunin, að þeir fari til lagningar hraðbrauta út frá Reykjavík og stærstu kaupstöðum landsins og að öðru leyti til aukins vegaviðhalds, sem ég held, að allir verði að viðurkenna, að er komið í ófremdarástand. Umferðin er orðin það mikil og þjóðvegir landsins orðnir það langir, að þær fjárveitingar, sem ætlaðar hafa verið hingað til til vegaviðhaldsins, duga ekki. Þungu bifreiðarnar og stóru fara þannig með vegina, að það er engin leið, ef á að halda þeim ökufærum, önnur en að ausa fé í viðhald þeirra. Annars lokast umferð um þá, og það vilja menn þó ekki.

Það skal játað, að Alþýðusamband Íslands fór fram á það í sinni atvinnumálaáætlun, sem hún lagði fyrir hæstv. ríkisstj. fyrir nokkru, að sinnt yrði verkefni eins og lagningu hraðbrauta. Og það má því segja, að hæstv. ríkisstj. komi með þessu frv., að því er framkvæmdir snertir, inn á atriði, sem Alþýðusambandið og verkalýðshreyfingin hafi borið fram óskir um. Og þetta er vissulega rétt. Það hefur þó verið fært fram sem rök fyrir þessu máli sérstaklega af hæstv. ráðh., að hér sé um mikið atvinnuspursmál að ræða. Ég held, að það hafi verið vandfundinn liður í atvinnumálaáætlun Alþýðusambandsins, sem hafi eins lítið gildi fyrir aukna atvinnu eins og einmitt þessi, því að það vita allir, að hraðbrautaframkvæmdin skapar ekki mörgum mönnum atvinnu. Þar verður unnið með stórvirkustu vélum, og örfáir menn koma til við slíka framkvæmd, svo að það er yfirvarp, að þetta mál sé sérstaklega tekið á dagskrá til þess að bæta úr atvinnuástandinu í landinu. En látum það vera. Það hefur óumdeilanlegt gildi á annan hátt en einmitt út frá atvinnulegum sjónarmiðum, að hægt sé að undirbúa með eðlilegum hætti að ráðast í framkvæmdir til umbóta á vegakerfinu, eins og ætlazt er til með þessu frv. Og að því leyti er það jákvætt.

Hins vegar skal ég ekki draga fjöður yfir það, að

mér finnst dálítið hlálega að farið hjá ríkisstj. að vera sífellt að taka upp fjármálaatriði, sem ættu að hafa verið afgreidd með afgreiðslu fjárl. fyrir síðustu áramót. Það er dálítið hlálegt, að einn daginn sé verið að gefa eftir tolla — tolltekjur hjá ríkinu, í öðru lagi að fella niður gjaldaliði úr fjárl. nýafgreiddum og í þriðja lagi að koma með ný skattafrv. til að afla fjár til verkefna, sem tilheyra fjárhagsárinu, liðna m. a. s. — ekki aðeins þessu yfirstandandi ári, heldur jafnvel hinu liðna, t. d. sá þáttur þessa frv., sem fjallar um fjáröflun greiðslu á skuldum. Þetta er allt mögulegt og sýnir, að fjármálastjórnin er ákaflega losaraleg hjá hæstv. ríkisstj., og kemst ég ekki hjá að minna hana á það og stríða henni með því, því að þetta er losaralegt allt saman og á allt annan veg en ætti að vera um afgreiðslu fjárl. Það er eiginlega verið að taka fjárlagaatriði til afgreiðslu hvað eftir annað: Þetta mun vera í fjórða sinn, sem hópað er til þess hlutverks, og þá er komið alveg að þinglokum. En hvað sem þessu líður, get ég ekki verið svo tvöfaldur að halda því fram, að ekki eigi að undirbúa byggingu hraðbrauta. Vitað er, að það kostar tugi millj. kr. Það er verið að ráðast í þær, en svo eru menn á móti skattlagningu til þess. Ég tel einskis vert að benda á þá fjáröflun, sem þegar er búið að binda í fjárl. til ákveðinna verkefna, og alveg árangurslaust að vera að staglast á þessum 47 millj. kr., sem alltaf er verið að nefna hér ár eftir ár.

Spurningin er bara þessi: Viljum við, að undirbygging sé gerð að þessum framkvæmdum? Teljum við þær svo nauðsynlegar og aðkallandi, að þær megi ekki dragast? Og ef við teljum þær svo nauðsynlegar, verðum við að heimila fjárveitingar til þeirra. Það er ekkert undanfæri. Að öðrum kosti gera menn sig bera að mótsögnum og tvöfeldni, sem er ekki sæmilegt. Ég fyrir mitt leyti tel, að vegaumbæturnar, sem hér er um að ræða, séu stórkostlegt verkefni — mjög aðkallandi, og að því leyti, sem fjáröflun þessa frv. á að fara til framkvæmda í þessu skyni, er ég henni meðmæltur. Skuldagreiðslurnar ætti ríkisstj. að taka á sitt bak og hefur þegar fengið fjárveitingar, sem hefðu átt að nægja til þeirra hluta.

Um framkvæmd verksins má ráða það af aths. við frv., að til þess sé jafnvel hugsað, að í fyrsta lagi verði erlend verkfræðifyrirtæki fengin til að undirbúa verkið og e. t. v. til þess að framkvæma það. Það er talað um, að þessi framkvæmd sé svo stórbrotin, að lagning hraðbrauta í eins stórum stíl og nú virðist vera nauðsynleg, segir þar, mundi verða með stærstu framkvæmdum sem ráðizt hefur verið í hér á landi. Í slíku verki kemur ekki önnur leið til greina en sú, að verkið verði boðið út í allstórum áföngum, er tryggi alþjóðlega samkeppni um verkið og þar með eins lágum framkvæmdakostnaði og kostur er á. Ég lít þannig á þessa alþjóðlegu samkeppni um verkið, að það séu útboðin, sem verði sett á alþjóðlegan markað. Ég fyrir mitt leyti er ekkert hræddur um það, að íslenzkir verkfræðingar og íslenzk verkfræðifyrirtæki geti ekki boðizt til að vinna svona verk með eins góðum kjörum og erlend, ef hin erlendu fá ekki sérstök fríðindi og ef þau fá ekki að flytja inn vélar og tæki tollfrjálst, en hinir innlendu aðilar ekki. Það teldi ég ranglæti gagnvart íslenzkum aðilum, ef svo væri að verki staðið. Hins vegar tel ég það, að erlent útboð til samanburðar sé ekkert annað en viðleitni til þess að fá sem allra hagkvæmust tilboð fram. En ég tel, að það mætti muna miklu um kostnað á innlendu og erlendu tilboði til þess, að ekki væri einsýnt og sjálfsagt að taka hinum innlendu tilboðum fremur en hinum erlendu, og það yrði a. m. k. að gæta þess vel, að mismunurinn stafaði þá ekki af því, að hinir erlendu ættu að njóta sérstakra vildarkjara, sem hinum íslenzku væri ekki gefinn kostur á. En í því efni höfum við gerzt brotlegir gegn íslenzkum aðilum nú að undanförnu og það einmitt á þessu sviði. Ég þykist því ekki hafa ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta. Ég treysti því, að öll slík verk verði, þegar atvinnuástandi er nú eins komið og hjá okkur, fyrst og fremst veitt íslenzkum aðilum.

Okkur er svo gefið í skyn, að þó að þessi fjárhagsgrundvöllur sé lagður að stórátaki í innlendri vegagerð, sem við vitum nú ekki, hversu stórbrotin verður, og allt takist nú eins og til er ætlazt um erlendar lántökur, verði þó að öðru leyti að afla fjár með nýjum innlendum tekjustofnum fyrir Vegasjóð, enda sé það alger forsenda fyrir því, að erlent fjármagn fáist. Ég býst alveg við því, að þessi fjáröflun til stórátaka í vegamálum sé aðeins byrjunin og við megum búast við jafnvel miklu meiri fjáröflun til þessara hluta en þetta frv. sýnir. En ég mundi leggja áherzlu á það, ef hægt væri að binda það meira fastmælum en er í frv., til hvaða vegaframkvæmda þetta fjármagn ætti að fara, svo að það sé engan veginn eins í lausu lofti og eins rúmt um það eins og í frv. nú, því að um það er eiginlega ekkert ákvæði.

Ég held, að ég hafi með þessu, sem ég nú hef sagt, komið mínum aðalsjónarmiðum fram varðandi þetta og geti því látið máli mínu lokið. En ég endurtek það, að mér þætti það mikils virði, ef hæstv. samgmrh. vildi láta athuga gaumgæfilega erindi Landssambands vörubifreiðastjóra og taka tillit til sanngjarnra óska og krafna, sem þeir bera þar fram í sínu skynsamlega og vel rökstudda áliti, sem sent hefur verið n. og — að því er ég vænti — ráðh.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég hef fengið vinsamleg tilmæli frá einum vini mínum í hæstv. ríkisstj. um að vera ekki allt of langorður, og af því að það er ráðh., sem ég vil allt gera fyrir, þá ætla ég að reyna að stytta mál mitt.

Hæstv. samgmrh. taldi það bera vott um ósamræmi í málflutningi mínum, að minni hl. n. leggur til, að fjárþörf Vegasjóðs á þessu ári verði

mætt með lántöku, þó að ég sé á móti lánum. Þetta er alveg misskilningur hjá hæstv. ráðh. Ég er ekki á móti lántökum til vega og hef aldrei verið. Ég barðist fyrir því í 5 ár að fá lánveitingar til vega á Vestfjörðum, og ég hef endurtekið það hvað eftir annað, að ég tel réttmætt og hagkvæmt í mörgu tilliti að taka lán, svo að þetta er á einhverjum misskilningi byggt hjá hæstv. ráðh.

Þá segir hæstv. ráðh., að það sé alveg rangt hjá mér, að nýbyggingafé fari til þess að borga vexti og afborganir af lánum; það fari til þess að byggja vegi, en fari alls ekki í vexti og afborganir af lánum. Ég er hérna með skýrslu, sem hæstv. ráðh. lagði sjálfur fyrir Alþ. í vetur, og hérna stendur t. d.: Vesturlandsvegur: 79 þús. kr. fóru til að greiða skuld. Og á öðrum stað stendur: 450 þús. kr. fjárveiting, 54 þús. kr. fóru til að greiða skuld. Ólafsvíkurvegur: fjárveiting, 870 þús. kr., fór til greiðslu upp í skuld. Rif: fjárveiting, 190 þús. kr., fór til greiðslu upp í skuld. Grundarfjarðarvegur, þar af fóru 154 þús. kr. til greiðslu á skuld.

Á ég að halda áfram lengra? Ég má það ekki vegna þess, hverju ég hef lofað. Svona er vegaskýrslan meira og minna í gegn. „Afborganir og vextir" af lánum er það orðað sums staðar, annars staðar „til að borga skuld". Svo segir hæstv. ráðh., að nýbyggingaféð hafi ekki farið til þess að greiða af lánum. Ég held, að hann hljóti að vita það sjálfur, að af fjárveitingunni, sem á að fara í hvern veg, sem skuldar, er tekið til þess að greiða vextina og afborganir. Þetta eru skuldir, sem eru á veginum og þarf að greiða vexti og afborganir af. Það er tekið af þeirri fjárveitingu, sem er veitt til nýbyggingar vega. En ef þetta væri nú rangt hjá mér, með hvaða peningum borgaði ráðh. þá þessa vexti og afborganir? Það er mér óljóst. Hvaðan hafði hann peninga til þess að annast þær greiðslur? Jú, það eru dæmi til þess, að það hafi verið tekin lán til að borga af lánum. Það er rétt.

Hann segir, að ég hafi haldið því fram, að það mundi verða veitt lán á þessu ári til nýbyggingar vega. Ég var að spyrja að því, hvort það yrði gert. Ég hef aldrei fengið svar — ekki einu sinni í fyrradag, þegar hann var á fundi með samgmn. En ég sagði það, að fyrst vextir og afborganir af lánum eiga að fara lækkandi eins og ráðh. sagði, þá getur ekki átt að taka meiri lán. Nú segir hann í ræðu sinni hér áðan: Það verða tekin lán í sumar til nýbyggingar vega. Það verður tekið lán til Vestfjarðavegar, og það þykir mér vænt um að heyra. Það verður tekið lán til vegar í Kópavogi. En ég vil þá spyrja: Lækka vextir og afborganir af lánum á næsta ári t. d.? Nei, þetta stenzt ekki. Ég vil þá vænta þess, að maður sjái það á framkvæmdaáætluninni, sem við eigum að fá eftir páskana, hvort það á að vinna fyrir lán.

Þá gagnrýndi hann það, að ég hefði haldið því fram, að það yrði minna fé til vegaviðhalds á þessu ári en varið var til vegaviðhalds í fyrra. Það er rétt. Ég sagði þetta. Ég sagði, að það yrði raunverulega minna, því að þessar 17.3 millj. kr., sem á að hækka viðhaldsféð um samkv. þessu frv., fóru í dýrtíð. Þær fara í gengislækkunina, og ég tók það fram. Það er ekki viðbót við viðhaldsfé það, sem fer í dýrtíð. Ef við að öðru leyti ætlum að standa jafnir að vígi og í fyrra, er þetta mun minna fé, sem við fáum í ár en fyrra.

Hann var að minnast á ríkisframlagið, sem átti að vera, og fékk stuðning hv. 9. þm. Reykv. í því, að ríkissjóður eigi eiginlega ekki að vera að leggja fé í vegi. Ég skildi hv. þm. þannig, að það sé hans skoðun, að t. d. eigi leyfisgjöldin, sem ríkið fær núna, ekki að fara í vegi og auðvitað eigi fjárveitingar, eins og var samið um 1963, ekki heldur að fara í vegina. Hann segir ekkert við þetta að athuga. (Gripið fram í.) Er ekki hægt að taka aftur upp á fjárl. fjárveitingar? Og hvernig stendur á því, að það stóð í vegáætluninni allt til 1968, að það skyldi vera ríkisframlag? En hann um það, þó að hann sé sammála hæstv. ráðh. um þetta, að það eigi að gera þetta með skattaálögum, og þannig skildi ég hv. þm. En hæstv. ráðh. segir: Það, sem var samið um og átti að koma frá ríkinu, hefur komið annars staðar frá. Jú, það voru hækkaðir skattar 1965 sem þessu svaraði, veit ég það. En er það þá alveg sama, hvort fé kemur frá ríkinu eða það er lagt á með sköttum? Ef þetta væri alveg það sama, getum við alveg eins sagt, að það megi minnka ríkisútgjöld til heilbrigðismála og leggja það á sjúklingana. Það megi minnka útgjöld til skólamála og leggja það á nemendurna. Það er svo sem leið út af fyrir sig. En ég aðhyllist hana ekki.

Hæstv. ráðh. var að gagnrýna það, sem ég hafði haft eftir formanni samtaka bifreiðaeigenda, þ. e. Vörubílamiðstöðvarinnar, að það mundi þurfa að hækka flutningsgjöld um 10%. Ég var að hafa það eftir, hvað hann segði, þessi maður opinberlega í blaði, og þetta birtist í gær. Ég var engan dóm að leggja á þetta. Hæstv. ráðh. segir, að þetta muni sennilega ekki þurfa að vera nema 4%. Jæja, 4% er nú nokkur hækkun. Og þá segir hann, að sér hafi alveg hnykkt við, þegar það kom í ljós, sem þessi maður heldur líka fram, að flutt séu 140 þús. tonn með vörubifreiðum víðs vegar um landið, en Skipaútgerð ríkisins flytji ekki nema 40 þús. tonn. Ég skal játa það, að mér kom þetta á óvart líka. Og þetta er merkilegur hlutur, ef þetta er rétt. Þetta eru aðeins orð þessa manns. En mér skildist á hæstv. ráðh., að hann vildi eiginlega saka Skipaútgerðina um þetta, þ. e. að hún gegndi ekki þeirri þjónustu, sem hún ætlaði að gera. Hverjir voru það, sem seldu strandferðaskipin tvö? Var það ekki ríkisstj.? En fengu svo eitt leiguskip í staðinn. Ætli þetta hafi engin áhrif haft? Hann minntist á, að þungaskattar í Svíþjóð og nágrannalöndunum væru hærri en þeir yrðu samkv. þessu frv. Og hann hafði haldið því fram við 1. umr. málsins, að til þess að íslenzkir bifreiðarstjórar fengju góða vegi, yrðu þeir að leggja á sig skatta. M. ö. o., meðan vegirnir eru sem

verstir, meðan það er sem dýrast að aka bíl um vegina, slitið er mest. Ég hélt, að hin leiðin væri skynsamlegri, þ. e. að hlífa þeim við útgjöldum meðan vegirnir eru vondir, slitið mikið á bílunum og rekstrarkostnaður mikill, en þyngja þau heldur, þegar komnir eru góðir vegir og þeir mega betur við því að greiða skatta. Þetta hélt ég, að væri skynsamlegra. Og hvað var gert á Reykjanesbrautinni? Vegagjaldið kom til greina sem skattur á bílstjórana, eftir að vegurinn var kominn.

Þá drap hæstv. ráðh. á það að lokum, sem ég minntist á, þ. e. vegagerð frá Blesugróf upp í Breiðholt. Ég kannaðist ekki við það, að þessi vegalagning kæmi Vegasjóði við, en hann segir, að þetta sé þjóðbraut utan Reykjavíkur. En í skýrslu ráðh. frá því í vetur segir:

„Í framkvæmdaáætlun ríkisstj. í ár eru 8.0 millj. kr. til þessa vegar, sem samkv. vegáætlun liggur frá Elliðaám, austan Kópavogs og Hafnarfjarðar. Unnið hefur verið að undirbyggingu kafla um Blesugróf að vegamótum við Breiðholtsbraut, sem tengir hið nýja byggðahverfi í Breiðholti við vegakerfið. Hefur Reykjavíkurborg að mestu séð um þessar framkvæmdir, sem ná yfir um 1 km kafla af þessum vegi."

Hæstv. ráðh. sagði, að þetta væri utan Reykjavíkur, en væri nú farið að nálgast Reykjavík. Sjáum til! Blesugrófin farin að nálgast Reykjavík núna!! (Gripið fram í.) Vegáætlun, sem nú er í gildi endurskoðuð, var samþ. fyrir tæpu ári, og hefur þá Blesugróf nálgazt Reykjavík síðan í fyrra? Er nú ekki von, að maður undrist framkvæmdina á málunum, þegar svona lagað á sér stað? Ég hélt m. a. s., að Breiðholt væri í Reykjavík, og ég fullyrði það alveg. Breiðholt er í Reykjavík, og það var m. a. s. í Reykjavík í fyrra; ég tala nú ekki um Blesugróf.

Ég vil að lokum benda hv. 9. þm. Reykv. á það, að ég er honum alveg sammála um, að fjáröflun til Vegasjóðs hefði átt að fylgja vegáætlun. Á fundi samgmn. í fyrradag, þar sem hæstv. ráðh. var viðstaddur, spurði ég hann að þessu: Getur ráðh. fallizt á, að við öflum Vegasjóði fjár til nauðsynlegra útgjalda á þessu ári, en látum frekari fjáröflun bíða, þar til vegáætlun verður gerð á næsta þingi? Og hæstv. ráðh. neitaði. Ég er alveg sammála hv. þm. um það, að þetta á að fylgjast að. Við þurfum að vita, þegar við erum að skattleggja þjóðina, hvernig við fáum féð og til hvers það á að fara. En við vitum ekkert um það núna, þegar þetta frv. verður samþ. Það er talað um hraðbrautir. Það getur farið svo, að það fari ekki einn einasti eyrir í hraðbrautir. Það fer alveg eftir því, hvað Alþ. ákveður, þegar næst verður ákveðin vegáætlun.

Ég var búinn að lofa einum góðvini mínum að tala ekki allt of langt mál, og ég ætla þess vegna að láta þetta nægja.

ATKVGR.

Brtt. 528,1 felld með 18:15 atkv.
— 526,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 541 samþ. með 21 shlj. atkv.

4. gr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 19:5 atkv.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 20:8 atkv.

Brtt. 526,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 19:7 atkv.

Brtt. 526,3 samþ. með 20:3 atkv.

3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 538 samþ. með 19:2 atkv.

— 526,4 (ný gr., verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 19:3 atkv.

Brtt. 526,5 samþ. með 22 shlj. atkv.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 22:1 atkv.

Brtt. 528,2 felld með 19:15 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 19:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:4 atkv.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 545).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en ég hef leyft mér ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e. að flytja till. til rökst. dagskrár svohljóðandi:

„Jafnframt því sem það er að dómi d. æskilegt, að vegamálastjórnin láti, svo fljótt sem unnt er, gera áætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkv. vegal. á allt að 10 árum og fjáröflun til hennar, telur d. ekki tímabært í því árferði, sem nú er, að samþykkja hækkun umferðarskatta að svo stöddu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 546 felld með 19:13 atkv.

Frv. samþ. með 19:12 atkv. og afgr. til Ed.

Á 84. fundi í Ed., 8. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. til breytinga á vegal. hefur verið samþ. í hv. Nd. með nokkrum breytingum, en þó ekki veigamiklum. Hv. Ed.-menn munu hafa kynnt sér þetta frv. og talsvert um það rætt og skrifað, en stjórnarandstaðan hefur ekki getað fallizt á að samþykkja það. Hv. framsóknarmenn í Nd. lögðu til, að málinu yrði vísað frá með þeim rökum, að ekki áraði svo vel nú, að unnt væri að hækka umferðarskatta að svo stöddu. Hv. stjórnarandstæðingar lögðu einnig til, að tekin yrðu lán til að mæta auknum útgjöldum á þessu ári og Vegasjóður fengi frá 1. janúar 1969 þær tekjur, sem ríkissjóður hefur nú af innflutningsgjaldi á bifreiðum. Hvort hv.

stjórnarandstæðingar í þessari d. líta jafnraunhæfum augum á málið og stjórnarandstæðingar í Nd., skal ekkert um sagt að svo stöddu. Það kemur vitanlega í ljós undir meðferð málsins í þessari hv. d.

Það, sem lagt er til með þessu frv., er það að hækka innflutningsgjald af benzíni um 1 kr., og verður þá innflutningsgjaldið 4,67 kr. Það er gert ráð fyrir, að útsöluverð á benzíni hækki þá um 1,13—1,14 kr. Tekjur vegna þessarar hækkunar, er áætlað, að verði á þessu ári 43 millj. kr., en á árinu 1969 79 millj. kr.

Samkv. 3. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að hækka innflutningsgjald á hjólbörðum úr 9 kr. í 36 kr. af hverju kg. Gert er ráð fyrir, að tekjur af þessum skatti verði á árinu 1968 26 millj. kr., en 38 millj. kr. á heilu ári 1969. Það er gert ráð fyrir því, að útsöluverð á bifreiðagúmmíi hækki, ef þetta verður að lögum, frá 20—22% — stóru hjólbarðarnir nokkru meira en hinir minni.

Samkv. 4. gr. er gert ráð fyrir því, að þungaskattur á benzínbifreiðum verði óbreyttur, þ. e. 72 kr. af hverjum 100 kg. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín: Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast 14.500 kr., þ. e. jeppabifreiðar og aðrar minni bifreiðar, og er hækkun þungaskatts á þeim 31%. Þá er gert ráð fyrir, að þungaskattur af dísilbifreiðum, sem eru yfir 2000 kg, sé að auki 500 kr. fyrir hver 100 kg umfram 2000 kg. Verður hækkunin þá frá 31% og upp í 108% af ýmsum bifreiðategundum. Ég geri ráð fyrir því, að þetta þyki nokkuð mikil hækkun og stórt skref stigið í einu, en þetta kemur af því, að það er augljóst, að dísilbifreiðunum hefur til þessa verið ívilnað mjög í samanburði við þær bifreiðar, sem nota benzín.

Þá er samkv. 4. gr. gert ráð fyrir því að heimila, að settir verði ökumælar á kostnað eiganda í þær bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn km samkv. ökumæli. Norðmenn hafa í nokkur ár haft þessa aðferð til innheimtu á skattinum og hefur gefizt vel þar. Svíar eru einnig að athuga það, hvort þeim þyki henta að taka þetta upp, og það má segja, að þótt þetta sé tekið hér inn í frv., hefur engin ákvörðun verið tekin um að nota þessa heimild, þótt hún verði gefin. Það þarf að athuga það allt saman nánar. Það er nokkur kostnaður við ísetningu mælanna og við aukið eftirlit vegna mælanna, og það þarf sem sé að athuga betur, áður en tekin er ákvörðun um að nota þessa heimild, ef það þykir henta, að fá heimildina m. a. vegna þess, að þetta mál er í athugun. Þá er gert ráð fyrir því að hafa tvo gjalddaga árlega af þungaskatti fyrir þær bifreiðar, sem þungaskatturinn hækkar á, og það er gert ráð fyrir að heimila allt að fjóra gjalddaga fyrir þær bifreiðar, sem borga eftir kílómetragjaldi. Það er enginn vafi á því, að það kemur sér vel, að gjalddagarnir eru fleiri en einn, og hafa bifreiðaeigendur einmitt lagt það til og lagt mikið upp úr því, að að því ráði verði horfið. Þá er gert ráð fyrir því að gera mönnum hægara með að leggja inn skrásetningarmerkin hjá lögreglustjórum, þannig að þau þurfi ekki að liggja lengur en 30 daga samfellt, til þess að unnt verði að draga frá skattinum í stað þriggja mánaða áður. Upp úr þessu atriði leggja vörubílstjórar mikið og þeir, sem eiga þunga bíla einnig, og þeim finnst, að það sé komið til móts við þeirra kröfur bæði með því að stytta tímann, sem skrásetningarmerkin þurfa að liggja inni, og eins með því að hafa gjalddagana fleiri en einn. Þá er gert ráð fyrir, að greiddar verði af bifhjólum 200 kr., en það er óbreytt frá því, sem verið hefur.

Þá er samkv. 1. gr. þessa frv. gert ráð fyrir að greiða til kauptúna og kaupstaða 12½%, eins og er í gildandi vegal., að undanteknu því, sem varið er til hraðbrauta. Þessari gr. var breytt í hv. Nd. Í stað þess að ákveða, að það skuli dregið frá því fjármagni, sem fer til hraðbrauta, þá er það lagt í vald ráðh. og haft í heimildarformi. En það hefur við athugun verið talið eðlilegt, þegar farið er að leggja hraðbrautir og verja miklu fé til þeirra, að undanskilja það fjármagn frá þessu gjaldi til kaupstaða og kauptúna. En með því að þetta er komið í heimildarform, er tími til þess að athuga það nánar.

Þá eru bráðabirgðaákvæði, þar sem kveðið er á um innheimtuna á þungaskattinum, og þungaskattur skal greiddur fyrir allt árið samkv. b-lið 4. gr. þessara l. Skal hækkun sú, sem af þessu leiðir, falla í gjalddaga 1. júlí 1968.

Þá var kveðið á um það, hvernig verja skuli þeim tekjum, sem fást með lögfestingu þessa frv. Það er gert ráð fyrir að verja 21 millj. kr. til undirbúnings hraðbrauta. Þar af hafa verið notaðar 7 millj. kr. á s. l. ári, en gert ráð fyrir að nota 14 millj. kr. á þessu ári. Það er gert ráð fyrir, að lokið verði til fulls á þessu ári undirbúningi hraðbrautaframkvæmda — þeirra hraðbrauta, sem fyrirhugað er að leggja nú á næstu árum. Þannig er gert ráð fyrir því, að á árinu 1969 muni þurfa að leggja fram allt að 7 millj. kr. til viðbótar eða 28 millj. kr. alls. Þetta þykir ugglaust mikið fé og er það á okkar mælikvarða, en þetta er forsenda fyrir því, að mögulegt sé að bjóða verkin út og gera sér fyllilega grein fyrir því, á hvern hátt þau yrðu eðlilega og bezt unnin, og einnig forsenda þess að fá erlent lán til framkvæmdanna, eins og fyrirhugað er.

Þá er gert ráð fyrir að greiða kostnað, sem er umfram vegáætlun 1967. Halli var á vegaviðhaldi, en til þess er talinn einnig snjómokstur, sem fór 4 millj. kr. fram úr áætlun. Það voru náttúruhamfarir, vatnavextir og óvæntar skemmdir á vegum, sem þurfti að kosta mörgum millj. kr. til, og annað nauðsynlegt viðhald, sem fór 21 millj. kr. fram úr áætlun. En þetta verður vitanlega að greiða á þessu ári og afla til þess fjár. Þá er halli á brúargerðum, 2 millj. kr. Brúargerðir á s. l. ári fóru 2 millj. kr. fram úr áætlun, vegna þess að verðhækkun hafði nokkur orðið á efni og vinnu frá því, að

áætlunin var gerð, og einnig bættist það við, að áætlanir eru ekki svo nákvæmar, að það sé alltaf hægt að ákveða þetta nákvæmlega. Þetta væri þá 23 millj. kr.

Þá eru til aukningar ráðstöfunarfjár 1968 til viðhalds þjóðvega 17.3 millj. kr. Það er m. a. til þess að mæta þeirri hækkun, sem hlýtur að verða á kaupgjaldi og bifreiðatöxtum. Þessar 17.3 millj. kr. munu gera lítið meira en koma í veg fyrir það, að viðhaldsféð nýtist ekki verr en áður vegna þessara hækkana. Þá eru ætlaðar til brúargerða 10 millj. kr. Það er til þess að mæta hækkun á efni og vinnulaunum. Það er til þess, að hægt verði að gera allar þær brýr á þessu sumri, sem eru á vegáætlun. Og 4 millj. kr. eru ætlaðar til endurbóta á hættulegum stöðum, þ. e. á blindbeygjum, blindhæðum o. s. frv. Þetta eru 31.3 millj. kr., sem þarf til þess, að hægt sé að standa við gildandi vegáætlun. Þá eru ætlaðar til kaupstaða og kauptúna svo og rannsókna og tilrauna 9.4 millj. kr., sem eru 12½% af þeirri hækkun, sem hér er ráðgerð, að undanskildu því, sem fer til hraðbrauta.

Til þess að ljúka Strákavegi eru ætlaðar 16.8 millj. kr. Það er m. a. til þess að fóðra göngin, ljúka við veginn frá göngunum niður í kaupstaðinn og fleira við þennan veg til þess að fullgera hann. Til Ólafsfjarðarvegar á að verja 1 millj. kr. og til Suðurfjarðavegar 6.5 millj. kr., þ.e. til þess að ljúka við þann veg, þriðja og síðasta áfanga vegarins. Þessir liðir eru 24.3 millj. kr.

Samtals nema allir þessir liðir 109 millj. kr., en það er sú upphæð, sem gert er ráð fyrir, að þessar auknu tekjur gefi á árinu 1968, en sömu tekjustofnar gefa á heilu ári 1969 157 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir því, að tekjur Vegasjóðs vaxi á árinu 1969, miðað við árið 1968, um á að gizka 30 millj. kr. vegna aukinnar umferðar og bifreiðafjölgunar. Má því áætla, að tekjur Vegasjóðs verði allt að 190 millj. kr. hærri á árinu 1969 en þær eru nú í gildandi vegáætlun.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. Ed.-þm. finnist, að hér sé nokkuð langt gengið í skattaálagningu, og má vel vera, að það sé. En þetta er óhjákvæmilegt að gera, og þetta er gert að vel athuguðu máli. En þess ber þó að geta, að þrátt fyrir þessa hækkun á benzíni, sem hér er lagt til, að verði gerð, verður benzínið hér ódýrara en það er í nágrannalöndum okkar. Eftir hækkunina verður benzínlítrinn hér á 9.33 eða 9.34 kr. með oktantölu 93, en í Danmörku 9.47 kr. með oktantölu 90. Í Noregi er benzínlítrinn seldur á 9.67—9.99 kr., hann er hærri á hinum afskekktari stöðum, og þar er oktantalan á benzíni 90. Í Svíþjóð er benzínlítrinn seldur á 9.82—10.04 kr.; þar er oktantalan 94. Í Hollandi kostar lítrinn 9.51—9.99 kr. og í Vestur-Þýzkalandi 8.90—9.14 kr., þannig að benzínið verður þrátt fyrir þetta ódýrara hér en í nágrannalöndunum.

Þungaskattur á Íslandi hefur verið, eins og ég minntist á áðan, tiltölulega lágur, og dísilbifreiðum hefur verið ívilnað samanborið við þær bifreiðar, sem nota benzín. Og ef við segjum, að þungaskattur á Íslandi sé nú samkv. gildandi lögum 30, verður hann eftir hækkunina 60 á stærri bílum, en 39—40 á hinum minni. En í Svíþjóð er hann 90. M. ö. o., þungaskatturinn er 200% hærri í Svíþjóð nú en hjá okkur og verður 50% hærri eftir gildistöku þessa frv., ef það verður samþ. Og í Danmörku er þungaskatturinn 85 og í Noregi 65, en ekki er leyfður meiri þungi bifreiða en 14 tonn á vegunum í Noregi, og eru vegirnir þar þó miklu betri en okkar vegir. Og miðað við þetta sýnist vera, að við hér höfum ekki gengið of langt með þessu frv.

Það má vel vera, að sumum sýnist ástæðulaust að vera að bera þetta saman við það, sem er annars staðar; okkur komi það ekki við. En þetta gerum við í flestum tilfellum. Erum við ekki alltaf að bera saman lífskjörin hjá okkur og í nágrannalöndunum? Er ekki verið að bera saman kaupgjaldið hér og í nágrannalöndunum? Og erum við ekki alltaf að keppa að því að hafa lífskjörin ekki lakari en þau gerast annars staðar í menningarlöndum? Þessar þjóðir, sem við berum okkur saman við, hafa betri vegi en við, og það má segja, að það sé eðlilegt. Í okkar strjálbýla landi eru aðeins tveir menn á hvern ferkm, en í Danmörku 100, í Noregi nærri 20 og Svíþjóð milli 20—30, þannig að það er náttúrlega miklu léttara fyrir þessi lönd að gera góða vegi en fyrir okkur. Og ég held því, að við höfum ekki efni á því að selja benzínið lægra en þeir eða taka minni gjöld af umferðinni en þar er gert. Og við höfum þá ekki heldur efni á því að vera öllu lengur með svo miklu verri vegi en nágrannar okkar og þær þjóðir sem telja sig til menningarþjóða. Við höfum ekki annan möguleika til þess að laga okkar vegi en þann, að þjóðin leggi sjálf meira fram til þessara mála en gert hefur verið.

Samkv. þessum tekjustofnum, sem hér er gert ráð fyrir, ættu tekjur Vegasjóðs á árinu 1969 að verða um 530 millj. kr. á móti 342 millj. kr. sem eru í gildandi vegáætlun. Og þetta kemur sér vitanlega mjög vel, því að í haust ber að semja nýja fjögurra ára vegáætlun, og þá eiga að vera til ráðstöfunar hátt á 2. hundrað millj. kr. umfram það, sem er í vegáætlun nú. Það er vitanlega hv. Alþ., sem sker úr um það og ákvarðar um það, hvernig þessu fé verði varið. Þó að hér sé talað mikið um hraðbrautir, er augljóst, að það verða ekki þær einar, sem fjallað verður um í næstu vegáætlun. Vitanlega er víðs vegar um landið kallað eftir framkvæmdum og beðið eftir framkvæmdum. Það verður þó að játa, að á undanförnum árum hafa framkvæmdir verið stórstígar og þeim hefur verið lokið núna allra síðustu árin — framkvæmdum, sem hefur verið beðið eftir undanfarna áratugi. Má þar nefna Ennisveginn á Snæfellsnesi. Það má nefna Vestfjarðaáætlunina, sem unnið hefur verið eftir og hefur miðað vel áfram. Það má nefna Strákaveginn, Siglufjarðarveginn, Múlaveginn og Kísilveginn, þó að hann sé ekki enn viðkomandi Vegasjóði, og síðast en ekki síst Reykjanesbrautina. Þetta allt hefur kostað stórfé og hefur verið byggt að talsverðu leyti upp fyrir lánsfé, og það hefur

stundum verið talað um, að lánin væru baggi á Vegasjóði og drægju úr framkvæmdum, en þó hef ég engan heyrt tala um það, að ekki hefði verið rétt og eðlilegt að ljúka þessum framkvæmdum, þótt til þeirra hafi þurft að taka lán. En vegirnir í þéttbýlinu — þeir fjölförnustu — hafa beðið, og nú er að því komið að það verður að gera stórt átak þar, um leið og munað er eftir öðrum landshlutum.

Ég sagði áðan, að það væri vitanlega undir Alþ. komið, hversu mikið fjármagn væri sett í hraðbrautirnar. Það er talað um 300 km vegalengd. Það er vegurinn upp í Borgarfjörð, austur í Rangárvallasýslu og vegur út frá Akureyri. Þetta eru allt saman mjög fjölfarnir vegir — þúsund bifreiðar á dag og miklu meira sums staðar, og þessir vegir eru vitanlega mjög erfiðir og dýrir í viðhaldi. Og það hefur verið reiknað út, að það borgaði sig vel þjóðhagslega séð að ráðast í þessa fjárfestingu. Það mundi spara geysimikið vegaviðhald árlega, þegar þessir vegir eru komnir, og það mundi spara mikið slit á bifreiðum og eyðslu á brennsluefni og hafa mikla þjóðhagslega þýðingu. Og það er þess vegna, sem við höfum ekki efni á því að draga öllu lengur að ráðast í þessar framkvæmdir. Og kannske vegna þess að það árar ekki vel nú, ættum við heldur að ráðast í framkvæmdir núna en bíða með þær. Og bifreiðaeigendur, sem nú taka á sig aukin gjöld vegna þessara framkvæmda, fá þetta endurgreitt með því að fá betri vegi og minna slit á bifreiðunum og minni eyðslu á brennsluefni.

Ég hef sett hér upp dæmi, sem er aðeins tilbúið dæmi, vegna þess að undirbúningi hraðbrautaframkvæmdanna er ekki lokið, og það er ekki hægt að segja um, hvað hver km kostar í þessum vegum, fyrr en framkvæmdaáætlun liggur fyrir. Það er vitað mál, að þetta verður mjög misjafnlega dýrt eftir því, hvernig landið er, sem farið er yfir, og eftir því, hve margar brýr eru á þeirri leið, sem á að leggja, en ég hef nefnt hér sem ekki ólíklega tölu 5 millj. kr. á hvern km, og þá eru þessir 300 km 1500 millj. kr. Og það hefur verið talað um að fá erlent lán til þessara framkvæmda í Alþjóðabankanum. Það er vitað, að Alþjóðabankinn hefur lánað til vegaframkvæmda víðs vegar um heim, og það dæmi, sem er okkur nærtækast, eru lán til Finna. Þeir hafa a. m. k. fengið tvisvar stórlán í Alþjóðabankanum til vegaframkvæmda, og ég held, að þeir hafi fengið þau þrisvar. Þau hafa verið til langs tíma — til 40 ára og að því er mig minnir til 20 ára — með tiltölulega lágum vöxtum. Vextir í Alþjóðabankanum voru í fyrra 6½%, en munu vera núna 7%. En forsendan fyrir því að fá þessi lán er sú, að heimalandið leggi fram fjármagn á móti — 60%. Mér hefur þá dottið í hug í þessu dæmi, að erlenda lánið væri 40% eða 600 millj. kr. af 1500 millj. kr. og innlent lán væri 10% eða 150 millj. kr. — eða helmingur af þessum kostnaði öllum. Og ef þetta væri sett fram á 5 ára framkvæmdaáætlun — sem ég get ekkert ábyrgzt, að geti staðizt, ég nefni þetta aðeins hér, en það gæti alveg eins tekið 8 eða 10 ár — og við reiknum með 5 millj. kr. á hvern km, — þessi upphæð er nefnd með fyrirvara, vegna þess að það liggur ekki fyrir nákvæm tala — þá mætti hugsa sér dæmið eitthvað á þessa leið, að fyrsta árið legði Vegasjóður fram 110 millj. kr. til framkvæmdanna, annað árið 125, þriðja árið 145, fjórða árið 175 og fimmta árið 195. Þetta er um 750 millj. kr. eða helmingurinn af þessum 1500 millj. kr. sem við nefnum hér sem áætlaða tölu í heildarkostnaðinum. Og þá mætti með þessu a. m. k. sjá, að þessu miðar nokkuð vel áfram. En eins og ég segi, þetta gæti alveg eins tekið lengri tíma, t. d. 8 ár, tvö vegáætlunartímabil, en allt hlýtur það að fara eftir því, hversu mikið fjármagn það er, sem hægt er að afla í þessu skyni, og þá náttúrlega hefur það líka mikið að segja, hvort km kostar 4.5 millj. kr. eða kannske 6 millj. kr., en það vitum við ekki nú. Það er gert ráð fyrir því að bjóða framkvæmdirnar út á alþjóðavettvangi, þegar undirbúningnum er lokið, og það er gert ráð fyrir því, að það megi takast á árinu 1969 að bjóða einhverja áfanga út, þannig að hefjast megi á því ári byrjunarframkvæmdir á hraðbrautum.

Það hefur verið talað um, að Vegasjóður ætti að fá tekjurnar af umferðinni, og nú síðast í hv. Nd. var vísað á það fjármagn, að Vegasjóður fengi innflutningsgjöldin af innfluttum bifreiðum. Ég er ósköp hræddur um, að þetta sé ekki raunhæf till. og sízt af öllu nú, þegar árferðið er ekki gott, þegar aflabrögð eru lítil og þegar tekjur alls almennings fara stórlækkandi, þá er ósköp hætt við, að það gangi út yfir ríkissjóð og að á þeim tíma sé sízt möguleiki á því að taka af honum þær tekjur og þá tekjustofna, sem hann hefur áður haft.

Ég held, að þetta sé mjög óraunhæf till., en hins vegar tel ég, að það beri svo fljótt sem mögulegt er að lækka tolla á varahlutum og bifreiðagúmmíum og innflutningsgjöld af bifreiðum. Og innflutningsgjöld af bifreiðum voru lækkuð úr 125% í 90% um síðustu áramót, og það hefur haft það í för með sér, að ýmsar bifreiðar hafa ekki vegna þessarar tollalækkunar hækkað í verði þrátt fyrir gengisbreytinguna. Ég er í miklum vafa um það, að Vegasjóður ætti að fá þessar tekjur beint. Ég hygg, að það væri eðlilegra að lækka beinlínis tollana af varahlutunum og hjólbörðum og innflutningsgjöldin af bifreiðunum til þess að gera öllum almenningi mögulegt að endurnýja sínar bifreiðar, áður en þær eru orðnar allt of gamlar og dýrar í rekstrinum. Og þjóðhagslega séð er það mjög slæmt, ef þarf að gera út 15—20 ára gamlar bifreiðar og endurnýja þær stöðugt með nýjum og rándýrum varahlutum, það er aðeins lítill hluti bifreiðarinnar, sem verður keyptur í varahlutum fyrir þá fjárhæð, sem nýr bíll kostar, og það hefur oft verið sagt, að menn hefðu ekki efni á því að eiga gamla bíla og gera þá út. Og það er þess vegna, sem ber að stefna að því að gera varahlutina ódýrari og bifreiðarnar sjálfar ódýrari, til þess að unnt sé að endurnýja bifreiðarnar, áður en þær eru orðnar of

gamlar. Ég held, að þetta verði stefnan miklu frekar en að halda þessum tollum öllum óbreyttum og yfirfæra það til Vegasjóðs.

Hitt er svo annað mál, að það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að hækka benzínið mikið. Það eru einnig takmörk fyrir því, hvað hægt er að hækka þungaskattinn mikið, þó að við séum enn þá lægri en okkar nágrannar. En það getur fleira komið til sem tekjustofnar fyrir Vegasjóð en þetta.

Ég nefndi hér 110 millj. kr. til hraðbrauta á fyrsta ári næstu vegáætlunar og svo smáhækkandi á hverju ári, vegna þess að tekjur Vegasjóðs hækka árlega af sjálfu sér vegna aukinnar umferðar og bifreiðafjölgunar. Og vegamálastjóri hefur nú sett hér upp fyrir mig ágizkunaráætlun: Ef við tökum vegáætlunina eins og hún er núna, þá er stjórn og undirbúningur 17.7 millj. kr. á árinu 1968, en gæti orðið á árinu 1969 20 millj. kr. Viðhaldskostnaður er á þessu ári 145.2 millj. kr. en gæti orðið á árinu 1969 180 millj. kr. Nýjar framkvæmdir samkv. vegáætlun 1968 eru 106.3 millj. kr., en gætu orðið 262 millj. kr. 1969. Sýsluvegasjóðir eru árið 1968 13.3 millj. kr., en gætu orðið 1969 15 millj. kr. Vegir í kaupstöðum og kauptúnum eru 1968 42.8 millj. kr., en gætu orðið 1969 51 millj. kr. Véla- og áhaldakaup eru 15 millj. kr. 1968, en gætu orðið 20 millj. kr. árið 1969. Tilraunir 1968 eru 1.7 millj. kr., en gætu orðið 2 millj. kr. 1969. Þetta eru 530 millj. kr. 1969 á móti 342 millj. kr. 1968. Það er augljóst mál, að með þessu er talsvert til ráðstöfunar og hægara að gera nýja vegáætlun í haust, ef þetta frv. verður lögfest en ef það verður látið ógert. Og vitanlega kemur til kasta Alþ. á hausti komanda að ákveða, hvort það vill leggja í að auka tekjur Vegasjóðs meira en hér er lagt til. Út í það ætla ég ekki að fara að þessu sinni. En vitanlega munu menn brjóta heilann um það, hvort unnt sé að gera það og hvort tekjustofnar verði fyrir hendi til þess að leggja hér inn meira fjármagn, því að þörfin er mikil.

Það er einnig nauðsynlegt að ráðast í þessar framkvæmdir til þess að auka atvinnu í landinu, sérstaklega þegar virkjunin hættir við Búrfell, því að þótt enn sé unnið að undirbúningi nýrra virkjunarframkvæmda, þá er a. m. k. með öllu óvíst, að næsta virkjun geti komið strax árið eftir, að þessari er lokið. Vinnunni við höfnina í Straumsvík lýkur sennilega á árunum 1969 eða 1970, og áreiðanlega er þörf á því að auka atvinnuna í landinu bæði á þessum sviðum og öðrum. Mér finnst það þess vegna raunalegt, þegar hv. stjórnarandstæðingar vísa bara á það, eins og þeir gerðu í Nd., að taka 109 millj. kr. lán til þess að borga þau útgjöld, sem borga þurfti á þessu ári, og vísa svo á það, sem ríkissjóður hefur nú í hendi og búið er að ráðstafa. Það er algerlega óraunhæft og verkar alveg eins og þessir hv. þm. séu á móti því að ráðast í þessar framkvæmdir, enda kom það fram í þeirri rökstuddu dagskrá, sem ég lýsti áðan, að það væri ekki tímabært að auka skatta á farartækin, vegna þess að árferðið væri ekki nógu gott, en það bæri að gera 10 ára áætlun um uppbyggingu vega — m. ö. o., það á að fresta framkvæmdum nú, eins og við höfum svo oft gert áður. En mér finnst þetta raunalegt, og það var reyndar einn stjórnarandstæðingur í hv. Nd., sem benti á það, að þetta væri ekki raunhæft og eðlilegt að vísa þannig á tekjur, sem ríkissjóður hefur áreiðanlega not fyrir, eða stofna til nýrra lána fyrir því, sem búið er að eyða. Það mundi vitanlega verða til þess að grafa undan þeim möguleikum, sem við erum að skapa með þessu frv., að fara nú enn að auka lánin og éta þannig út á framtíðina.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að svo stöddu að segja öllu meira um þetta mál, en vil leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða þetta mál verulega hér við 1. umr. Hæstv. samgmrh. sagði, að sér hefði þótt afstaða framsóknarmanna og stjórnarandstæðinga í Nd. raunaleg, og ég verð því miður að auka enn á raunir hæstv. ráðh. Mér þykir það að vísu ekki skemmtilegt, því að ég veit, að þær munu vera nægar fyrir. En ég kemst ekki hjá því að lýsa því yfir hér strax, að ég tel ekki fært að leggja á þessa nýju skatta, sem þetta frv. ráðgerir, og ég skal færa nokkur rök að þeirri skoðun.

Eins og hæstv. ráðh. gat um, er hér um að ræða hækkun á sköttum á bifreiðir, þ.e. benzínskatturinn á að hækka um 1 kr., sem gerir 1.13 kr. í útsölu þegar það er komið til kaupandans, gúmmígjaldið á að hækka og þungaskatturinn til samræmis við benzínhækkunina. Samkv. útreikningi, sem ég sé, að gerður hefur verið í hv. Nd., eru samanlagðar hækkanir á þessum sköttum frá 1958 þær, að benzínlítrinn hækkar um 313%, þ. e. skatturinn á benzíni, gúmmígjaldið hækkar um 500% og þungaskatturinn þetta frá 312—437% á þessu 10 ára tíma bili. Þegar var verið að semja um það við stjórnarandstöðuna árið 1963 að koma hér á nýrri skipan vegamála með nýjum vegal., var talið sjálfsagt, að hluti af tekjum Vegasjóðs kæmi úr ríkissjóði eins og verið hafði. Mig minnir, að þarna væri um að tefla 47 millj. kr. fjárhæð. En þetta var ekki gert nema einu sinni, að ég held, síðan var þetta ríkisframlag fellt niður, en í staðinn lögð ný gjöld á umræddar vörutegundir, benzínið og gúmmíið, og svo þungaskatturinn hækkaður til samræmis við það, og nú er sem sé lögð fram till. um hækkun á þessum liðum enn. Þessar hækkanir eiga að gera samkv. útreikningi þeim, sem er í aths., um 109 millj. kr. á þessu ári miðað við gildistöku nú, þegar þingi lýkur, en um 150 millj. kr. á heilu ári. Hér er því ekki um neina smáræðis hækkun að ræða. Auk þess hefur mér verið sagt, án þess að ég þori neitt að fullyrða um það, að þessar tekjur muni vera nokkuð vantaldar, a. m. k. að því er benzínið snertir. Ég get ekkert fullyrt um það, en þær upplýsingar hef ég frá olíufélögunum. Náttúrlega má segja, að um það

geti enginn sagt; það fer að sjálfsögðu eftir notkuninni. En mér skilst, að miðað við notkun s. l. árs mundi þessi benzínhækkun verða nokkuð hærri en hér er reiknað út, en það skiptir auðvitað ekki miklu máli.

Það er vissulega hægt að taka undir allt, sem hv. samgmrh. sagði um ástand vega. Það er mjög slæmt, og það er auðvitað mikil nauðsyn á að gera stórátak í vegamálunum. Það er auðvitað mál allra landsmanna ekki síður Reykvíkinga en annarra. Þar að auki er ástand veganna mjög augljóst Reykvíkingum, því að það þarf ekki annað en reyna að komast út úr borginni til þess að sjá, í hvaða ástandi aðalumferðaræðar landsins eru. Það má heita, að það sé næstum því ófært til Reykjavíkur hér austan úr sveitum vegna þess, hvernig brúin á Elliðaánum og vegakaflinn þar í kring er, og þegar flóðin komu, sem skemmst er að minnast, þá mátti sannarlega ekki tæpara standa, að brúin færi ekki og borgin yrði vegasambandslaus. Þetta getur vitanlega ekki gengið. Það er alveg rétt. En jafnframt vil ég segja það, að mér finnst heldur ekki hægt að hækka verð á benzíni og gúmmíi og hækka þungaskatt eins og nú standa sakir, enda viðurkenndi hv. ráðh. það, að hér væri langt gengið í skattlagningu, og það er vissulega rétt. Og ég minnist þess, að þegar verið var að fjalla um sparnaðarfrv. svokallaða hér fyrir nokkru — og raunar miklu fyrr, eiginlega þegar fyrst var farið að fjalla um efnahagsmálaráðstafanir hv. ríkisstj. á þessu hausti, þá var því — og jafnan síðan — lýst yfir a.m.k. af hálfu hv. fjmrh., að nýjar skattaálögur kæmu ekki til greina. En hér virðist það vera svo, að vinstri höndin viti ekki, hvað sú hægri gerir, vegna þess að þegar hv. fjmrh. rökstyður sparnaðarfrv. sitt, þá er það fyrst og fremst á þeim forsendum, að ekki sé fært að leggja á þjóðina nýja skatta. Þegar svo er búið með harmkvælum að samþykkja svokallaðan sparnað, sem raunverulega var ekki sparnaður nema að litlu leyti, eins og áður hefur verið rakið, upp á nokkra tugi millj. kr., þá kemur hv. samgmrh. með þetta frv. — 150 millj. kr. nýjar álögur á þjóðina, þar af 109 millj. kr. á þessu ári, sem verða svo 150 millj. kr. miðað við heilt ár. Mér finnst lítið samræmi í þessu, ég verð að segja það.

Hv. ráðh. talaði um það, að þrátt fyrir þessar hækkanir yrði benzínverðið hér á landi ekki hærra en það er í nágrannalöndunum. Ég ætla mér ekki að rengja þær tölur, sem hv. ráðh. nefndi þessu til staðfestingar. Ég geri ráð fyrir, að þær séu réttar, og þá verður benzínverðið hér svipað og það er í næstu nágrannalöndum. En það er margt fleira, sem kemur til greina, þegar verið er að gera út bifreið en það eitt, hvað eldsneytið kostar. Þá er það fyrst og fremst kaupverðið. Og hvað skyldi kaupverð á bifreiðum hér vera miklu hærra en gerist í þessum löndum, sem hv. ráðh. nefndi og gat um benzínverðið í? Ég hef ekki útreikninga um það, en ég veit, að það er miklu hærra vegna þeirra háu leyfisgjalda, sem við höfum af bifreiðum og renna beint í ríkissjóð. Á borði mínu lá hér áðan eitt eintak af blaðinu Degi á Akureyri frá 6. apríl s. l. Þar er þessi klausa, en ég ábyrgist ekki, að hún sé rétt. Það verður þá hægt að vefengja það, ef svo er ekki, en hún er svona: Toyota Corona fob. í Danmörku kostar 60.608.00 ísl. kr. Kominn á götu í Reykjavík kostar hann 219.117.00 kr. Af þeirri upphæð fær ríkið 127.373.00 kr. Þetta er dæmi af þeirri skattheimtu, sem ísl. bílakaupendur þurfa að greiða, og sumum þykir álagningin mikil. Eins og ég sagði, þá les ég þetta hér — upp úr blaði. Ég hef ekki haft neinar ástæður til þess að kanna réttmæti þessarar fullyrðingar, en allir vita, að leyfisgjöldin eru há.

Hv. ráðh. upplýsti það hér áðan, að leyfisgjöldin væru 100%, og þóttist anzi góður að hafa þó getað lækkað þau, en 100% eru þau. Þetta kaupverð hefur vissulega sitt að segja í bílaútgerð hér, svo að það er ekki benzínið eitt, sem bílrekandinn þarf að reikna. Þar að auki vil ég segja, að bifreiðar séu hér enn nauðsynlegri en jafnvel í þeim löndum, sem hv. ráðh. nefndi. Fjarlægðir eru hér miklar milli staða og lítið um önnur samgöngutæki, járnbrautir t. d. engar, þannig að í öðrum löndum verður þá jafnframt að taka tillit til þess, að útgerð bifreiða verði ekki svo dýr, að hún verði óhagstæð í samanburði við önnur samgöngutæki, sem menn eiga völ á. Slíks þarf ekki að gæta hér. Við eigum engra annarra kosta völ en nota þessar bifreiðar, og mér finnst, að þrátt fyrir ástandið á vegunum, eins og það er, þá sé ekki fært að leggja þessa skatta á umferðina, meðan ríkissjóður hefur jafnmiklar tekjur af bifreiðaeigendum og umferðarmálum og raun ber vitni.

Ég hygg, að það hafi verið Félag ísl. bifreiðaeigenda, sem lét fyrir nokkru reikna það út, hverjar ríkistekjurnar væru af leyfisgjöldum af bifreiðum o. þ. h. sem renna beint í ríkissjóð; þær væru 590 millj. kr., og er þá söluskatturinn óreiknaður. Þess vegna má búast við því, að þegar áhrif þessarar síðustu gengislækkunar eru komin fram, þá verði þessi tala miklu hærri — menn hafa látið sér detta í hug 800—900 millj. kr. í þessu sambandi. Ég skal ekki fullyrða, hvernig þeir útreikningar eru undirbyggðir, en vafalaust verður talan miklu hærri en þessi tala, sem FÍB nefndi.

Hv. ráðh. sagði, að það væri ekki raunhæft að taka það fjármagn af ríkissjóði, sem þyrfti að fara til annarra nota, en ég segi, og það er mín bjargföst skoðun, að það er ekki raunhæft að leggja nýja skatta á almenning í því árferði, sem hv. ráðh. var að lýsa. Það er nýbúið að framkvæma hér gengisfellingu og hækka erlendan gjaldeyri um 33% í verði, en á sama tíma hafa kjör verið skert þannig, að aðeins þeir, sem hafa 10 þús. kr. mánaðarlaun eða lægri, fá verðhækkun vísitölunnar uppi borna í kaupi, og mér finnst, að það sé ekki hægt að setja þessar nýju álögur á, hversu mikil þörf, sem vegunum er á nýju fjármagni, og þar vil ég vissulega ekki draga úr því, sem hv. ráðh. sagði. En það er mín skoðun, að það verði að sjá til þess, að meiri hluti af álögum á umræddar vörutegundir, þ. e. bifreiðar, benzín og annað slíkt, gangi til Vegasjóðs

en verið hefur samkv. gildandi reglum. Mér er ljóst, að það verða nokkuð mikil vandkvæði á því að gera það á þessu ári, vegna þess að það er búið að ganga eitthvað þrisvar sinnum frá fjárl. fyrir þetta ár, og ég ætla ekki að fara að gerast sérstakur talsmaður þess, að þau verði endurskoðuð einu sinni enn, þótt sjálfsagt mætti þar ýmsu breyta og lækka ýmsa pósta enn þrátt fyrir það, sem gert hefur verið í því efni. Þess vegna finnst mér, að það sé ekki óskynsamlegt þrátt fyrir það, sem hv. ráðh. hafði um þá till. að segja, að hugsa sér að gera þá breytingu á fjárl. næsta árs og næstu ára, að meiri hluti þessara tekna renni til Vegasjóðs en nú er ráðgert. Það má segja, að þessi tilhögun yrði til þess að tefja aðgerðir sem við megum illa við, að verði frestað, og ég hygg, að það sé einmitt þess vegna, sem stjórnarandstæðingar í hv. Nd. hafi hugsað sér að leysa málið á þessu ári með lántökum. Mér finnst það ekki óskynsamlegt, og mér finnst það ekkert óraunhæft að hugsa sér að gera þessa breytingu. Ég er ekki á sömu skoðun og hv. ráðh. um það.

Hv. ráðh. var hér með hugleiðingar um t. d. 5 ára framkvæmdaáætlun um gerð hraðbrauta. Það er vissulega tímabært og þarf að gera þessa áætlun, en ég sé ekki, að þessi áætlun sé í frv. Þetta voru hugleiðingar hv. ráðh. um framtíðarskipan þessara mála. Í frv. er aðeins gert ráð fyrir að ráðstafa með tilteknum hætti þeim tekjum, sem Vegasjóður fær nú á þessu ári, en mér finnst, að það hefði gjarnan mátt setja í frv. eitthvað svipað því, sem hv. ráðh. var hér að bollaleggja, því að vitanlega eiga alþm. rétt á því og ber raunar skylda til þess líka að ákveða ráðstöfun þess fjármagns, sem þeir eru að leggja á þjóðina í formi nýrra skatta.

Ég skal svo, herra forseti, ekki vera að lengja þennan lestur að sinni. Þetta mál verður athugað í hv. samgmn., og það gefst tækifæri síðar til þess að gera aths. við það og brtt. um það, en ég vildi aðeins láta það koma fram nú strax, hver afstaða mín a. m. k. er til þessa frv.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Þetta frv. til breytinga á vegal., sem hér liggur fyrir og mikið hefur verið rætt og nú afgr. í Nd., er þess eðlis, að það gefur alþm. tilefni til þess að rifja dálítið upp, hvar á vegi við stöndum í fyrsta lagi í vegamálum og í öðru lagi í almennum málum, hvað varðar lífskjör og fjárhag almennings í landinu.

Það er auðvitað deginum ljósara, að þjóðvegakerfi okkar Íslendinga er býsna þungt og erfitt fjárhagslega sökum fámennis þjóðarinnar og lengdar vegakerfisins og þeirra erfiðu leiða, sem nauðsynlegar eru og óhjákvæmilegar. Það er ekki að ástæðulausu, að æðsta stjórn samgöngumálanna í landínu, vegamálastjóri og samgmrh., hafa fengið þungar áhyggjur af ástandi vegakerfisins. Einkum er það ljóst, að sá hluti vegakerfisins, sem liggur undir mestri og þyngstri umferð og ætti að vera byggður upp sem hraðbrautakerfi eins og fyrirhugað er, er í mjög slæmu ásigkomulagi, og miðað við þarfirnar er það reyndar alveg óviðunandi, eins og rifjað hefur verið upp m. a. í þessum umr., að vegasambandið hið næsta höfuðborginni sé svo illa farið — svo óhæft til að sinna þeirri umferð, sem á það hlýtur að leggjast, að þar á verður að ráða bót fyrr en síðar.

Og þetta frv., sem kemur frá samgmrn., miðar að sjálfsögðu að því að efla fjárhag vegakerfisins og þá auðvitað um leið að því að halda því í skaplegra horfi, þ. e. að byggja það upp. Þetta hlýtur hver maður að viðurkenna, að er hin mesta nauðsyn. Og þó að hæstv. samgmrh. hafi hér farið nokkrum orðum um það, að hann telji stjórnarandstöðuna hér á þ. hafa litið vegamálin óraunhæfu auga, þarf það ekki að felast í því, að stjórnarandstaðan viðurkenni ekki, að þörf sé á meira fjármagni til vegakerfisins og betri uppbyggingu þess, enda hefur það einnig komið fram í umr., að svo er ekki. Ég fyrir mitt leyti skal taka sérstaklega fram, að ég tel, að það þurfi að betrumbæta vegakerfið, og mér finnst að ýmsu leyti þær hugleiðingar, sem hér komu fram í ræðu samgmrh. vera á viti byggðar, og hann er auðvitað í þeirri aðstöðu, að á fáum mönnum ef nokkrum í landinu hlýtur að hvína öllu grimmilegar en honum það, sem upp á kann að vanta, að vegakerfið sé starfshæft. Allt er þetta rétt, en þá er á hitt að líta, hvernig þar muni vera búið um hnúta, hvernig möguleikar muni vera á því að láta peningana, sem ráðgert er að fá í vegagerðarfrv. þessu, af hendi hjá þeim aðilum, sem eiga að borga það. Þeirri hlið málsins verður heldur ekki gleymt, svo að vit sé í.

Því hefur mjög verið haldið á lofti af hálfu stjórnarvalda réttilega, að hagur þjóðarinnar hafi farið versnandi á síðustu árum og það hafi orðið mikið verðfall á útfluttum vörum, enda framleiðsla þeirra einnig minnkað, og nú bætist það nýjasta ofan á, að það hefur einnig orðið kaupskerðing miðað við verðlag í landinu hjá öllum launþegum landsins — mismunandi mikil, en hjá verulegum þorra þeirra mjög mikil. Allt þetta ber einnig að hafa í huga, þegar ákveðið er að taka í l. ákvæði, sem skipa svo fyrir, að flytja skuli fjármagn frá einum aðila til annars — ekki aðeins þarf að hafa í huga þörfina hjá þeim, sem á að fá fjármagnið, heldur einnig getuna hjá hinum, sem á að borga það. Þetta er alveg óhjákvæmilegt og hlýtur að koma til álita hverju sinni.

Það hefur verið vitnað hér í það, að verð á benzíni sé eða verði, eftir að frv., sem hér liggur fyrir er orðið að l., því að það efa menn ekki, að muni verða, þrátt fyrir þetta ekki öllu hærra hér á Íslandi en í nágrannalöndum okkar mörgum. Þetta mun rétt vera, en fleira er vert að taka með í þann samanburð, sem hæstv. ráðh. gerði hér á þessum hlutum. Hann sagði réttilega, að við bærum saman lífskjör okkar við lífskjör nágrannaþjóða okkar. Það gerum við. En þó að benzíngjaldið sé álíka hátt hjá okkur og hjá þeim eða verði það eftir lögtöku þessa lagafrv., liggur það augljóslega fyrir, að kostnaður manna við hvern ekinn km verður miklum mun hærri hér en erlendis vegna þess, að vegakerfi okkar

er með þeim hætti, sem lýst hefur verið; það er miklu lakara en hjá nágrannaþjóðum okkar. Einnig liggur það fyrir, að verð ökutækja á Íslandi er hærra en hjá nágrannaþjóðum okkar, og reyndar mun það vera eitthvað það hæsta, sem tíðkast í víðri veröld. Hversu miklu hærra það er í prósentutölu miðað við það, sem er hjá nágrannaþjóðunum, get ég ekki fullyrt um, en hér hafa verið nefndar tölur í því sambandi, og þær eru hrollvekjandi, ef réttar væru. Þess vegna er það augljóst, að stofnkostnaður vegna bifreiða á Íslandi er miklu hærri en í nágrannalöndunum og kostnaður við ekinn km er einnig miklu hærri en í nágrannalöndunum, jafnvel þótt benzínverðið sé bara ámóta og ekkert miklu hærra.

Engu að síður kemur vel til álita að leggja aukið fé til bættra vega einkum til hraðbrauta á Íslandi, en þá er vert að athuga það, hvort þetta frv. tryggir það. Ef farið er yfir ákvæði til bráðabirgða í frv., liggja þar fyrir allmargar tölur samtals upp á 109 millj. kr., sem er áætlunartalan um það, hvaða fjármagn muni verða flutt til veganna á yfirstandandi ári, ef frv. verður að l. næstu daga. Þar eru taldar út millj. á millj. ofan. En ef við lítum á það, hvað felst í einstökum liðum þess, kemur í ljós, að engin tala þar bætir úr hraðbrautaþörfinni á þessu ári og gengur ekki einu sinni til þess að undirbúa það, að 14 millj. kr. undanteknum, sem eru í 1. lið bráðabirgðaákvæðisins til undirbúnings hraðbrautaframkvæmda. Þar er talin 21 millj. kr., en við nánari athugun kemur í ljós, að þessi 21 millj. kr. á ekki að fara til undirbúnings nýrra hraðbrauta, heldur á þriðjungur þeirrar upphæðar að fara til þess að borga skuld, sem áður hefur verið stofnað til í sambandi við þær. Skuldir sínar verða menn auðvitað að borga, ekki neita ég því. En af því að hæstv. samgmrh. leggur á það geysimikla áherzlu, að allar þær till., sem fara í bága við frv., séu þar með taldar óraunhæfar, þá vil ég aðeins minna á það, að einhverjir fleiri hafa verið dálítið óraunsæir, en stjórnarandstæðingar, þegar þeir gerðu sínar áætlanir um, hvað þyrfti að renna í Vegasjóð, því að allar upphæðirnar í þessu frv., 109 millj. kr. talsins, eru til komnar vegna þess, að fyrri áætlanir hafa ekki verið raunhæfar og það hjá ráðh. sjálfum, að 14 millj. kr. undanskildum, sem frv. gerir ráð fyrir, að renni til nýrra hraðbrauta.

Þegar haldið er áfram hugleiðingum um frv. og hversu raunhæft það sé til þess að bæta vegakerfið með lagningu nýrra hraðbrauta, eins og öll grg. þess miðar þó að, að sé tilgangur frv., kemur í ljós, að á næsta ári gerir ráðh. ráð fyrir, að þau gjöld, sem lögð eru á samkv. frv., muni nema 190 millj. kr., en hann talar hér um, að kannske geti Vegasjóður lagt til hraðbrautanna á því ári 110 millj. kr. Þá liggur það fyrir, að það er aðeins svo sem rösklega helmingurinn af þeim gjöldum, sem frv. gerir ráð fyrir, sem í framtíðinni gæti komið til með að renna til hraðbrautanna, ef þessi álitsgerð ráðh. væri eitthvað raunhæfari en fyrri áætlanir, sem við höfum hér dæmi um deginum ljósari einmitt í ákvæðum frv. sjálfs, þar sem allur meginþungi gjaldanna, sem á að leggja á samkv. þessu frv. fer til þess að greiða gamlar skuldir, þ. e. til þess að bæta það upp, hversu óraunhæfar áætlanir um fé til Vegasjóðs hafa verið á undanförnu ári.

Það hefur borizt hér í tal, að lagt hafi verið til, að lán yrði tekið til þess að standa undir því, sem eytt hefur verið um of í vegakerfið miðað við fyrri áætlanir. Hvort það er óraunhæft eða ekki, skal ég ekki um segja einkanlega vegna þess, að hér virðist ríkisstj. sem slík leggja dálítið aðra meiningu í orðið óraunhæfur en það, sem ég og mínir líka gera. Við fáum að heyra það við hverja afgreiðslu við hvert frv. á fætur öðru, sem afgr. er í þ., að okkar hugmyndir, sem við gjarnan berum fram í tillöguformi, séu ævinlega óraunhæfar, okkar till. til breytinga á vegal. eru óraunhæfar o. s. frv. En af stjórnarinnar hálfu er aldrei á það minnzt, að það sé neitt óraunhæft við það, þó að svo sem eins eða tveggja mánaða gömul fjárl. séu tekin og þeim umturnað, vegna þess að þau standast ekki. Mér skilst, að ríkisstj. sé búin að löggilda með sjálfri sér þá merkingu í orðinu óraunhæft, að það þýðir á móti stjórninni. Óraunhæf till. þýðir till., sem stjórnin vill ekki samþykkja, en að það eigi eitthvað skylt við þá gömlu merkingu, sem ég og aðrir slíkir höfum lært í okkar heimasveitum um merkingu þessa orðs, virðist vera týnt, gleymt og glatað.

Þó að ráðh. finnist það dálítið óraunhæft að leggja til, að sá aðili, sem vantar fé, af því að hann hefur eytt meira en hann hafði möguleika á að ná til sín með auknum tekjum, taki lán til þess að bjarga við málunum, sem komin eru þannig í óefni hjá honum. Þetta er reyndar það, sem margur — og reyndar flestir — verða að bjargast við og haga þannig sínum útgjöldum á næsta ári, að þeir geti komizt yfir þá örðugleika, sem þeir hafa skapað sér, en þetta virðist ekki gilda um ríkisstj. Hún telur það óraunhæft, ef við viljum ekki leggja á landsmenn gjald til að vega upp þessa ofeyðslu, hversu sem á stendur um gjaldþol þeirra, sem eiga að borga.

Ég hef áður rifjað það hér upp, að það hefur hallað undan fæti ekki aðeins hjá þjóðarbúinu sem slíku, ekki aðeins hjá ríkisstj., ekki aðeins hjá Vegasjóði, heldur fyrst og fremst hjá einstaklingunum í landinu. Þeir hafa orðið fyrir öllum hinum sömu skakkaföllum, sem hinir opinberu sjóðir hafa orðið fyrir, en að auki hafa þeir orðið fyrir rýrnandi atvinnu og lækkandi kaupgreiðslum miðað við efni. Það er þess vegna að mínu viti rétt, sem ríkisstj. hefur að undanförnu haldið fram allt fram að þessu, að það verði að fara eins vægt í það og mögulegt er að leggja á nýja skatta, enda gömlu skattarnir býsna drjúgir útgjaldaliðir.

En hér kemur sem sé samgmrh. og sýnir fram á það með fullgildum rökum, að það sé nokkur nauðsyn á því að verja meira fé til þjóðveganna í landinu, og telur síðan alveg óraunhæft að hafa nokkuð á móti því að slíkt gjald sé lagt á hinn almenna skattborgara. Samgmrh. hefur greinilega mikið til síns máls, en hann lítur aðeins á aðra hlið málsins,

en þær eru tvær hliðarnar — önnur hliðin snýr að þeim, sem taka móti gjaldinu, en hin að þeim, sem eiga að borga það. Síðan rifjaði hæstv. samgmrh. upp hluti, sem ráðgerðir hafa verið, þ. e. að byggja 300 eða 350 km af hraðbrautum á ýmsum stöðum á landinu, þar sem þeirra er mest þörf, en fyrir liggja nú þegar mælingar á því, hvar umferðin er mest, og það fer ekkert á milli mála, hvar nauðsynlegt er að leggja þessar hraðbrautir og að það verður að gerast. Það er að vísu alveg rétt. En á það að gerast nú, einmitt þegar vitað er, að skattborgararnir eiga erfiðara með það en nokkru sinni fyrr að borga þetta? Ef á að leggja þetta gjald á, hlýtur það að vera gert með það í huga, að fram undan séu batnandi tímar, og það vonum við auðvitað öll, að sé raunverulegt. En ef við eigum að treysta því, að svo verði, er einnig hægt að hugsa sér það, að hægt sé að taka lán til þess að losa sig við þær skuldir, sem þegar hafa myndazt vegna þess, að á batnandi tímum muni gefast færi á því að borga þetta. Höfum við hins vegar ekki trú á því, að batnandi tímar séu fram undan, virðist álíka fjarlægt að láta sér detta það í hug, að hægt sé að leggja gjöldin á skattborgarana eins og hitt, að ríkissjóður geti tekið lán fyrir þessu og borgað það síðar.

Ef ekki eru batnandi tímar fram undan hjá okkur, verðum við að búa áfram við miklu verra vegakerfi en æskilegt væri; því er nú verr og miður. En málin horfa svona við. Þá verða ýmsir að spara við sig á næstunni. Þá verður ríkissjóður — og hinir opinberu sjóðir — að halda áfram á þeirri braut, sem nú er reyndar viðurkennt af hálfu stjórnarvalda, að nauðsyn beri til að gera, þ. e. að draga saman eyðsluna, komast af með minna fjármagn en gert hefur verið hingað til. Það var á sínum tíma talið algjörlega óraunhæft, þegar við — ýmsir stjórnarandstæðingar — lögðum til, að sparað væri á fjárl. ýmislegt það, sem ríkisstj. hefur nú lagt sjálf til, að sparað verði að meira eða minna leyti svo sem lögreglukostnaður og fleira þvíumlíkt.

Við skulum ekki venja okkur á það að rugla svo hugtökum að telja allt það óraunhæft, sem ekki er hugsað í stjórnarráðinu, og það eitt raunhæft, sem þar er hugsað eða á þeim skrifstofum, sem segja stjórnarráðinu fyrir verkum, því að þær skrifstofur eru ýmsar og senda frá sér margháttaða speki, sem reynist þó ekki nema takmörkuð, þegar hún hlýtur sína eldskírn í reynd hins lifanda lífs.

Ég vil ekki taka neina afstöðu til þess á þessu stigi málsins, hvort vert sé að samþykkja einhvern hluta þessa frv. eða máske frv. allt. Ég viðurkenni það, að þörf er vissulega fyrir fé til þjóðveganna, einkum hraðbrautanna á næstunni, en það verður á hverjum tíma að meta það og reyna að meta það raunhæft, hvort grundvöllur er fyrir því, að þau gjöld séu lögð á, sem ýmsir, sem um málin fjalla, telja, að gott væri að hafa og jafnvel nauðsynlegt. Ég tel, að það væri vert að athuga það gaumgæfilega, hvort við getum ekki enn þá gert ýmsa liði í vegagerð landsins og vegaviðhaldi lægri en nú er. Ég er ekki að halda því fram, að þetta sé sukk eða bruðl eða óhóf, en engu að síður gefa þeir tímar, sem við lifum á, stöðugt ástæðu til þess, að við endurskoðum okkar vinnubrögð — endurskoðum það, hvernig við stöndum að hinum ýmsu framkvæmdaliðum með það fyrir augum, hvort ekki sé hægt að vinna að þeim á hagkvæmari og betri hátt. Ég veit, að sumt í vegakerfinu þolir enga bið; það verður að lagfæra það. En það er ekki heldur svo, að við séum tekjulaus með öllu. Það eru geysistórir liðir — fjárhagslegir, sem renna til vegakerfisins nú þegar, þó að engu væri þar við bætt.

Það er ekkert ýkjalangt síðan þau vegalög sem við búum við núna, voru lögtekin, og þá gert ráð fyrir, að þjóðvegir landsins hefðu eðlilega tekjustofna. Ég er ekki alveg sannfærður um það, að þetta hljóti allt að vera úrelt nú og engin önnur leið hugsanleg en sú að leggja á ný gjöld, sem nema á 2. hundrað millj. kr. á þessu ári og fara vaxandi á næstu árum, ef samþykkt yrðu og lögtekin. Ég efast ekkert um það, að bæði hæstv. samgmrh. og aðrir stjórnendur vegamála á Íslandi eru auðvitað búnir að leiða hugann að ýmsum þessum liðum og atriðum en þeir hafa að sjálfsögðu eins og liggur í hlutarins eðli, fyrst og fremst hugsað málið út frá því, sem þeim var þægilegast. Því að ég veit, að þeim er þægilegast að fá bara stórar fjárfúlgur í sína sjóði, þá geta þeir gert bæði eitt og annað, sem þá langar til að gera og sem til heilla og hagsbóta horfir; það efast ég ekkert um. En það verður einnig að athuga svona hluti út frá sjónarmiði þeirra, sem eiga að borga og það verður að stilla því í hóf, að ekki sé ofgert gjaldþoli þegnanna.

Við þessa 1. umr. málsins sé ég ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð og þessar hugleiðingar öllu lengri, en málið á að sjálfsögðu eftir að koma fyrir væntanlega í samgmn., og þar verður enn fjallað um það og þá tekin afstaða til málsins í einstökum liðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgmn. með 17 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 545, n. 556 og 557, 558).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Afbrigði um brtt. 558, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Í raun og veru er óþarfi að hafa hér mörg orð í viðbót um frv. til l. um breyt. á vegal. Hv. stjórnarandstaða telur sig ekki geta fylgt frv., þótt hún viðurkenni í raun og veru, að hin mesta nauðsyn er á góðum vegum hér á landi. Um hitt deila menn, með hvaða móti skuli aflað tekna, hversu hárra tekna skuli aflað og hvernig þeim skuli varið til uppbyggingar á hraðbrautum hér á landi. Við, sem styðjum frv., teljum, að það sé skynsamleg stefna, sem hér sé mörkuð, og þótt menn kunni að

vera óánægðir í dag og kvarta, fari svo, áður en langt um líði, að menn kunni að meta það, sem nú er gert og viðurkenni, að hér sé tekin upp æskileg stefna.

Samgmn. Ed. hefur rætt frv., en gat ekki orðið sammála um stuðning við það. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 545, en minni hl. mun skila séráliti. Einn nm. var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þingi því, er nú situr, er brátt að ljúka, svo að þm. eiga auðvelt með að gera nokkurt yfirlit um gang þeirra mála, sem afgreidd hafa verið við þinghaldið á þessum vetri. Og ef menn gera sér grein fyrir því, þá er það augljóst, að það hefur komið til kasta Alþ. að afgreiða mjög mörg og mjög sundurleit fjárhagsmálefni.

Í haust, fyrst eftir að þ. kom saman, var lagt fram af hálfu hæstv. ríkisstj. frv. um efnahagsaðgerðir. Þar var kveðið á um nýjar skattaálögur, og einn þáttur í því frv. fjallaði um það að draga úr niðurgreiðslum á vöruverði, sem áður höfðu verið inntar af hendi. Þetta hlaut að leiða af sér hækkun á ýmsum nauðsynjavörum. Síðan kemur gengisfelling, og í kjölfar hennar koma mjög miklar verðhækkanir, sem hafa áhrif á nær allt verðlag í landinu. En skömmu eftir að gengisfellingin hafði verið gerð, kemur enn til kasta þingsins að afgreiða frv., sem fela í sér stórfelldar uppbætur til útflutningsframleiðslunnar, svo að nemur a. m. k. á 4. hundrað millj. kr. Þegar þessar álögur höfðu verið ákveðnar, virtist hæstv. ríkisstj. vera farin að átta sig á því, að nú væri boginn meira en nóg spenntur. Svo að hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir því að gera nokkrar tilslakanir með lækkun á tollum, þó að sú lækkun væri raunverulega minni en látið hafði verið uppi fyrr í vetur. Og loks beitir ríkisstj. sér fyrir því að bera fram frv. um nokkurn sparnað á útgjöldum ríkisins. Þessi sparnaður var að nokkru leyti fenginn á þann hátt að taka lán til þeirra framkvæmda, sem gera átti samkv. fjárl. fyrir framlög úr ríkissjóði á þessu ári. En eigi að síður fólst í þessu viðurkenning á því, að álögurnar væru orðnar miklar og fullkomin þörf væri á því að stíga skrefið til baka. Það var talið, að frv. um sparnað á ríkisútgjöldum ætti sér fordæmi frá 1940. Það er út af fyrir sig rétt, en ég tel það ekki óeðlilegt, að á það sé minnt í því sambandi, að á árunum 1940 stóð yfir heimsstyrjöld, sem brauzt út 1. sept. 1939. M. a. voru siglingar til landsins í mikilli hættu og margvísleg óvænt viðhorf uppi í þjóðfélaginu. Svo að það þarf svo sannarlega að seilast nokkuð langt til samanburðar og fordæmis, þegar nú eftir næstum 9 ára viðreisnartímabil svokallað þarf að vitna til styrjaldarástands.

En þm. höfðu búizt við, að nú væri hæstv. ríkisstj. með sparnaðarfrv. búin að ganga þessa braut til enda, hringnum væri lokað og ekki væri von á nýjum skattaálögum á þessum síðustu dögum þingsins. En rétt í þann mund, er verið var að leggja síðustu hönd á hið svokallaða sparnaðarfrv. hér í þessari hv. d., urðu þm. þess áskynja, að í undirbúningi mundi vera frv. um stórfelldar nýjar álögur. Og þetta frv. er nú til 2. umr. á þessum fundi d. Þetta frv. felur í sér fyrirmæli um nýjar álögur, sem eiga að nema 109 millj. kr. á þessu ári, en gert er ráð fyrir, að muni nema 180—190 millj. kr. á næsta ári, ef tillit er tekið til aukningar á bílakosti landsmanna, sem áætlað er, að eigi sér stað á þessum tíma.

Skýringarnar, sem hv. ríkisstj. og fylgismenn hennar hafa gefið í sambandi við hina ýmsu þætti efnahagsmála, eru þær, að vegna verðfalls og aflabrests hafi kreppt svo að atvinnuvegum þjóðarinnar, að sérstakra ráðstafana sé þörf. Því má raunar ekki gleyma í þessu sambandi, þó að það sé rétt út af fyrir sig, að verðfall og aflabrestur hafi orðið, að leira kemur hér við sögu, ekki sízt stefna hæstv. ríkisstj., en ég skal ekki fara út í almennar umr. um það í sambandi við þetta frv. En þess verður að gæta, að það kreppir ekki einungis að atvinnuvegum þjóðarinnar — framleiðslufyrirtækjunum, heldur kemur sá samdráttur á aflabrögðum og atvinnu fram í efnahag eða tekjumissi heimilanna sjálfra. Og þessu verður að gefa gætur, þegar ákveða á stórfelldar nýjar álögur. Það verður að gefa gætur gjaldþoli sjálfra skattþegnanna.

Nú kann einhver að segja, að það sé upplýst eða fram tekið í sambandi við þetta mál, að benzínverðið t. d. muni þrátt fyrir þá hækkun, sem hér er ráðgerð, ekki vera hærra en dæmi eru um í nágrannalöndum okkar. Af því kynnu menn að draga þá ályktun, að viðreisnarálögurnar á undanförnum árum hafi í minna mæli náð til þeirra tekjustofna, sem hér er fjallað um, heldur en ýmissa annarra tekjustofna, sem ríkissjóður nýtur góðs af. En þessu er nú ekki þannig farið. Þessi hækkun á benzínskatti, innflutningsgjaldi af hjólbörðum og þungaskatti af bifreiðum er þriðja hækkunin, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir á þessum tekjustofnum á s. l. fjórum árum. Og samgmn., sem hefur fjallað um þetta frv., hefur fengið í sínar hendur skrá yfir það, hvert benzínverð hefur verið á undanförnum árum. Þessi skrá sýnir, að frá 1958 hefur benzínverðið meira en þrefaldazt miðað við það verðlag, sem nú á að ákveða á grundvelli þessa frv. Og þessi skrá sýnir enn fremur, að hækkanir á benzíni hafa verið miklar og með skömmu millibili á undanförnum árum, t. d. hefur benzínverðið hækkað þrisvar á árinu 1967.

Samgmn. barst erindi frá landssambandi vörubifreiðastjóra, en þeir hafa vegna starfs síns mjög góða þekkingu á því, hvernig þessir skattar snerta rekstur bifreiða í landinu. Þeir segja m. a. um þessar skatthækkanir, með leyfi hæstv. forseta:

„Samtök þau, sem standa að þessari grg. og aths., hafa lýst því yfir og gera enn, að þau telja eðlilegt, að tæki meðlima sinna séu skattlögð vegna varanlegrar vegagerðar í landinu — þ. e. vegna hins

bráðnauðsynlega verkefnis, sem fjallað var um hér að framan. En að sjálfsögðu þarf skattlagningin að vera innan skynsamlegra marka, og hún má ekki vera í því óhófi, að heil og nauðsynleg þjónustugrein í þjóðfélaginu sé þurrkuð út eða lömuð svo, að fullkomlega er óvíst um framhald hennar. Það er álit samtakanna, byggt á ýtarlegum rannsóknum, að skattlagning sú, sem þegar var fyrir hendi, áður en þetta frv. kom fram, samfara hinum gífurlegu hækkunum, sem gengislækkunin hafði í för með sér á rekstursútgjöldum bifreiða, hafi verið í algeru hámarki."

Ef þetta mál er athugað betur, þá getur það ekki dulizt neinum, að það eru ekki bifreiðaeigendur einir, sem verða að taka á sig auknar byrðar í sambandi við þær álögur, sem þetta frv. kveður á um. Hjá því mun ekki verða komizt, að afleiðingarnar verði þær, að verðhækkanirnar, sem hér er stofnað til, fari út í verðlagið og snerti þannig almenning, áður en varir.

Ég leyfi mér að benda á, að fyrir fáum dögum var lagt á borð þm. nýútkomið hefti Hagtíðinda. Þar er grg. og yfirlit um hinn nýja vísitölugrundvöll, sem kauplagsnefnd hefur ákveðið, en grunntala hinnar nýju framfærsluvísitölu er látin vera útgjaldaupphæð — 10 þús. kr. í janúarbyrjun 1968. I þeirri sundurliðun, sem Hagtíðindin boða á hinum nýja vísitölugrundvelli, þá kemur það í ljós, að kostnaður við eigin bifreið og fargjöld og þess háttar eru hvorki meira né minna en full 10% af vísitölugrundvellinum — þ. e. 1050 kr., sem þetta er metið til samkv. grundvellinum. Og það eru aðeins þrír liðir í hinum nýja vísitölugrundvelli, sem vega meira en þessi liður um rekstur eigin bifreiða, fargjöld og þvíumlíkt. Þessir þrír liðir eru: 1) Matvörur, 2) föt og skófatnaður og 3) lestrarefni, hljóðvarp, sjónvarp, skemmtanir o. fl., en það er þó mjög lítill munur á síðasta liðnum, sem ég taldi, og liðnum um bifreiðakostnað.

Mér finnst þetta vera ótvíræð sönnun þess, að þær álögur, sem á að ákveða samkv. þessu frv., hljóti fyrr en síðar að segja til sín í vísitölunni og þá um leið í verðlagningu og að nokkru leyti í kaupgjaldinu — a. m. k. að svo miklu leyti sem samið hefur verið um, að vísitalan skuli vera greidd á laun. Þess ber enn fremur að gæta í þessu sambandi, að bifreiðin er nú þegar orðin almennings eign hér á landi og hvert heimili, sem hefur bifreið í rekstri, mun ekki komast hjá því að bera aukin útgjöld sem afleiðingu af þessu frv. Þessar nýju álögur, sem hér á að ákveða, hljóta og að hafa áhrif á kostnað við vörudreifinguna í landinu. Það getur ekki hjá því farið, að kostnaður við rekstur vörubifreiðanna, sem eru alveg óhjákvæmileg hjálpartæki í sambandi við framleiðsluna og í rauninni alla starfsemi landsmanna, vaxi við þær nýju álögur, sem hér á að ákveða. Og ég held, að það sé ótvírætt, að þessir skattar nái til strætisvagnanna, t.d. gúmmígjaldið, og má þess þá vænta, að í kjölfar þess komi enn ný hækkun á strætisvagnagjöldum, sem hafa þó verið hækkuð, að ég ætla, fyrir eigi löngu síðan. Þannig munu afleiðingar af þessu frv. óhjákvæmilega koma fram í verðlagningu og snerta hinn almenna þegn í landinu meira eða minna.

Ég leyfi mér enn, með leyfi hæstv. forseta, að minna á, hvað Landssamband vörubifreiðastjóra hefur um þetta að segja, en þar eru vitanlega menn, sem hafa mikla þekkingu, eins og ég sagði áðan, á þessum þætti málsins. Hér segir svo í þeirra grg.:

„Alkunna er, að „umferðin", þ. e. eigendur bifreiða, hefur verið skattlögð ríflega á undanförnum árum. Tolla-, skatta- og aðflutningsgjaldatekjur af umferðinni hafa numið hundruðum millj. kr. árlega, en aðeins lítill hluti þess fjár farið til varanlegrar vegagerðar, heldur gengið að mestu til annarra þarfa í ríkisrekstrinum. Því hefur ávallt verið haldið fram af samtökum bifreiðastjóra og bifreiðaeigenda, og á það er hér lögð þung áherzla, að þá fyrst megi vænta árangurs af framkvæmdum í vegamálum, að allar þær tekjur, sem teknar eru af umferðinni, fari óskiptar til vegamála.

Þetta er meginsjónarmið okkar um fjárhagshlið þessa mikla verkefnis, sem að framan er getið, a. m. k. að því er lýtur að fjáröflun innanlands."

Og á öðrum stað í þessari grg. er komizt þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það vekur furðu okkar, hvernig frv. þetta er byggt upp og hverjum er ætlað að bera þyngstu byrðarnar. Vörubifreiðarnar þjóna atvinnuvegunum og hinum dreifðu byggðum, hvað aðdrætti snertir, og eru því flutningatæki, sem bráðnauðsynlegt er fyrir þjóðina, að séu starfrækt. Þessi tæki eru hins vegar með frv. þessu skattlögð svo, að algert einsdæmi er, og það þótt um víða veröld væri leitað." Þetta eru orð Landssambands vörubifreiðastjóra.

En þetta mál hefur vissulega fleiri hliðar en þá, sem ég hef nú um sinn gert að umræðuefni. Hv. þm. hefur um mörg ár verið það ljóst, að mikið skortir á, að vegakerfið í landinu sé svo fullkomið sem vera þarf og kröfur eru gerðar um. Það má segja, að þetta gildi að meira eða minna leyti um landið allt, en þó er það nokkuð misjafnt eftir landshlutum og eftir héruðum, hvernig ástatt er í þessum efnum. Fyrir nokkrum árum beittu þm. Framsfl. úr Vestfjarðakjördæmi og Austurlandskjördæmi sér fyrir því, að aflað yrði nokkurs lánsfjár til vegaframkvæmda í þessum landshlutum. Þeim var að sönnu kunnugt af eigin sjón og raun, að vegagerð hafði dregizt aftur úr í þeim landshlutum miðað við það, sem er í ýmsum öðrum héruðum. En þeir fengu þetta staðfest með línuritum, skýrslum og grg. frá vegamálastjóra, og var það að nokkru leyti grundvöllur þess, að þessir þm., sem ég minntist hér á, tóku að beita sér fyrir þessu máli. I þessum frv., sem flutt voru á fjórum þingum samfellt, var farið mjög hóflega í sakirnar. En þá var viðhorf þingmeirihluta hv. stjórnarflokka þannig, að þeir sáu sér ekki fært að samþykkja þessa hóflegu till. um nokkurt lánsfé til vegaframkvæmda á Vestfjörðum

og á Austurlandi. Þá var það ekki talið raunhæft, enda var yfirskriftin á frv. með nöfnum þm. úr stjórnarandstöðuflokki. Ekki mátti leggja vegi fyrir lánsfé, af því að þeir skiluðu ekki beinum arði og vegi yrði að kosta af samtímatekjum. Með þessum rökum var þessum hóflegu till. af hálfu Vestfirðinga og Austfirðinga vísað á bug. En á skammri stund skipast veður í lofti. Það munu ekki hafa liðið nema tæp 2 ár frá því, að þessum till., sem ég nú minni á, var vísað endanlega á bug af hv. þingmeirihluta, þangað til tekin var upp sú stefna að taka lán til vegagerðar. Og nú á síðustu árum hafa verið tekin lán til nokkurra framkvæmda í vegagerð — og ekki einungis innlend lán, heldur m. a. erlend lán, sem háð eru gengisbreytingu og ég hef það fyrir satt, að svo langt hafi verið gengið, að sumt af hinum innlendu lánum, sem tekin hafa verið til vegagerða, hafi verið af svonefndu spariskírteinafé og séu með vísitöluákvæði. Hér kemur það til m. a., að þessar ráðstafanir íþyngja nú mjög Vegasjóði, þó að framkvæmdirnar hafi út af fyrir sig verið nauðsynlegar.

Þessi málefni horfa því þannig við nú, að því er ég fæ bezt séð: 1) Vegakerfið er ófullnægjandi og svarar ekki þeim kröfum, sem jafnvel líðandi stund og náin framtíð gerir til þess. 2) Vegal. kveða á um, að vissir kaflar í þjóðvegakerfinu skuli vera hraðbrautir, en fjármagn til hraðbrauta er nær ekkert í vegáætluninni. 3) Samkv. vegáætluninni fyrir þetta ár eru framlög til hraðbrauta, þ. e. nýbyggingafé til hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta, samtals 57.5 millj. kr., en afborganir og vextir af föstum lánum, sem búið er þegar að taka til vegagerða, munu nema á þessu ári 64.8 millj. kr. M. ö. o., nýbyggingaféð á vegáætluninni til hraðbrauta, landsbrauta og þjóðbrauta samsvarar ekki því, sem þarf að greiða af vegalánum á þessu ári. 4) Verðbólgan, sem er afleiðing stjórnarstefnunnar og fylgir ríkisstj., rýrir ár frá ári framkvæmdamátt þess fjár, sem aflað er til vega- og brúagerða. 5) Verðbólgan, sem er afleiðing stjórnarstefnunnar, hefur þau áhrif, að áætlanir standast ekki nema örstuttan tíma í senn og m. a. ekki vegáætlunin, sem endurskoðuð var í aprílmánuði 1967, þ. e. fyrir einu ári. Töluverðs hluta af þessum tekjum, sem afla á á þessu ári, þarf að afla til þess að standa straum af því, að verkin hafa farið fram úr áætlun vegna aukinnar verðbólgu og að nokkru leyti vegna gengisfellingarinnar, sem gerð var í vetur. Meðan þannig er haldið á málum, eru áætlanir gerðar af mönnum með góða þekkingu ekki svo traustur grundvöllur að standa á í þessum efnum sem vera skyldi. Þegar málefni eru með þessum hætti, eru vissulega góð ráð dýr. Hæstv. ríkisstj. mun þykja þetta góð ráð, sem hún ber fram í því frv., sem hér er fjallað um, en þau ráð verða dýr. Þau verða dýr bifreiðaeigendum, og þau verða óðar en varir dýr öllum almenningi í landinu. Og í sambandi við þetta má enn taka það fram, að í raun og veru er einn þáttur af þessu stóra máli að undirbúa það að taka enn erlend lán í miklum mæli — lán, sem háð eru gengisbreytingu, og allar slíkar breytingar hljóta að segja til sín í sambandi við vegáætlunina og framkvæmd að vegamálum ekkert síður en á öðrum sviðum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fjárl. ríkisins hafa hækkað mjög ört og í stórum skrefum á undanförnum árum. Fyrir einum áratug voru fjárl. ríkisins að heildarupphæð aðeins innan við einn milljarð kr., en fjárl. ársins 1968 eru um rúmir 6 milljarðar kr. Það virðist í fljótu bragði, að það ætti að vera rúm fyrir allmiklar framkvæmdir í samgöngumálum, sem kostaðar væru með hinum miklu fjármunum, sem ríkissjóður innheimtir árlega. En svo er nú komið málum, að umferðin er látin greiða stórfé til ríkissjóðs til almennra þarfa til viðbótar því, sem fer til Vegasjóðs. Það er fróðlegt að gera sér grein fyrir því, hvernig þetta hefur verið á undanförnum árum. Það er að sönnu mikið rannsóknarefni, hve mikill hluti af fjárl. hvers árs á liðnum tíma hefur farið til vegagerðar og hvort umferðin hefur verið skattlögð á hverjum tíma meira en sem samsvarar framlögum til vegamála. En það vill nú svo til, að það er til nokkuð traust heimild einmitt um þennan þátt málsins, sem tekur yfir visst árabil.

Því er þannig varið, að fyrrv. vegamálastjóri, Geir Zoëga, gerði slíkt yfirlit og birti í Fjármálatíðindum fyrir nokkrum árum. Þar sýnir hann fram á, hvernig þessu hefur verið háttað um nokkurt árabil, og birtir þá niðurstöðu, að segja má, bæði í máli og myndum. Og niðurstaðan er sú, að tekjur, sem innheimtar voru af umferðinni, og framlög til vegamála stóðust nokkurn veginn á samkv. fjárl. ríkisins um alllangt árabil. En þegar sérstakt gjald — hið svokallaða togaragjald — var á lagt 1954, þá raskaðist þetta hlutfall þannig, að það, sem lagt var á umferðina, varð nokkuð meira, ef togaragjaldið er reiknað með, en það, sem það ár var greitt til vegamálanna. En niðurstaðan er sú, að á því árabili, sem þetta tekur til, kemur í ljós, að gjöld til vegamála á sex ára tímabili nema samtals aðeins 5.1 millj. kr. umfram greindar tekjur, þ. e. þær tekjur, sem umferðin sjálf skilaði. M. ö. o., á því tímabili lagði ríkissjóður vegagerðinni lítið eitt meira heldur en umferðarsköttum nam. Svona var haldið á málum á þeim tíma, þegar Framsfl. sat í ríkisstj. með hæstv. núv. samgmrh. En á síðari árum — hinu svonefnda viðreisnartímabili — hefur þetta hlutfall snúizt gersamlega við, þannig að það er ótvírætt — ég vil ekki staðhæfa neinar ákveðnar tölur í því sambandi — að tekjur af umferðinni í landinu nema svo hundruðum millj. kr. skiptir umfram það, sem rennur til framkvæmda samkv. vegáætluninni.

Þegar vegal. voru sett 1963, var mikið um það rætt bæði í umr. á þingi, í samgmn. og í viðræðum við hæstv. ráðh., að tekjuöflun til veganna þyrfti og ætti að hvíla á breiðara grunni en þeim tekjustofnum einum, sem fjallað er um í þessu frv. Með tilliti til þess var sett í vegal. 89. gr., sem mælir svo

fyrir, að til viðbótar þeim tekjum, sem fást af þessum tilteknu tekjustofnum, skuli ákveðið framlag á fjárl. hverju sinni renna til vegagerðar. Og hæstv. samgmrh. mun hafa tekið svo djúpt í árinni í umr. að segja, að þörfin fyrir vegagerð í landinu væri svo mikil, að það væri alveg óhugsandi eða útilokað, að þetta framlag ríkisins yrði lækkað eða niður fellt. En það, sem hefur gerzt, er það, að á fjárl. þriggja síðustu ára hefur þetta sérstaka framlag verið numið burt. Ef það hefði verið lagt fram eins og vegal. gera ráð fyrir, væri hagur Vegasjóðs miklum mun betri nú en raun ber vitni um.

Minni hl. samgmn. vill því gera það að till. sinni, að málið verði afgr. á svipuðum grundvelli og vegalögin sjálf leggja til, þ.e. að þeir tekjustofnar, sem þetta frv. fjallar um, verði ekki einir látnir standa straum af þeim kostnaði, sem Vegasjóður þarf að bera, heldur verði í þess stað tekjuöflun til handa Vegasjóði færð á nokkuð breiðari grundvöll. Þessu mætti að sönnu koma fyrir á þann hátt að verja beint á fjárl. hverju sinni, eins og vegal. mæla fyrir um, tiltekinni fjárhæð til Vegasjóðs, en við teljum tryggara og á allan hátt eðlilegt, að sá tekjustofn, sem er leyfisgjald af innfluttum bifreiðum, verði látinn renna í Vegasjóð. Með því er lagður fram tekjustofn, sem umferðin sjálf leggur til eða stendur straum af, og jafnframt er nokkur vissa fyrir því, ef hér er um fastan tekjustofn að ræða, að það fé, sem fæst árlega í þessu skyni, nemi svipaðri fjárhæð og talið er í þessu frv., að þörf sé á. Hins vegar er okkur það ljóst, að það er búið að ganga frá fjárl. fyrir árið 1968 og það er erfitt um vik að breyta þeim.

Þess vegna gerum við, sem skipum minni hl. samgmn., það að till. okkar, að ríkisstj. verði heimilað að taka lán til greiðslu á kostnaði Vegasjóðs af framkvæmdum í vegamálum 1967 og 1968 allt að 109 millj. kr. Ég minni enn á það, sem ég tók fram fyrr í þessari ræðu, að meiri hluti af því fé, sem innheimta á 1968, fer til þess að standa straum af áföllnum greiðslum, vegna þess að framkvæmdir hafa farið fram úr áætlun vegna aukins viðhalds, náttúruhamfara eða annars þviumlíks. Og ég minni enn fremur á, að þessi till. um lán á þessu ári er í fullu samræmi við það, sem hæstv. ríkisstj. leggur sjálf til í mörgum greinum, m. a. í hinu svonefnda sparnaðarfrv. um ýmsa útgjaldaliði þar. Þetta hlýtur að grundvallast á því, að menn séu svo bjartsýnir, að þeir búist við betri tímum fram undan og þá verði hægara að greiða þann kostnað, sem framkvæmdir á þessu ári hafa í för með sér. Við leggjum því til, sem skipum minni hl. samgmn., að frv. verði gerbreytt á þennan hátt, og afstaða okkar til málsins í heild mun fara eftir því, hvort þessar till. verða samþykktar eða ekki.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 558,1 felld með 10:8 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 10:4 atkv.
Brtt. 558,2 felld með 10:8 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:7 atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 587).

36. Fjáraukalög 1966.

Á deildafundum 19. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1966 [141. mál] (stjfrv., A. 301).

Á 41. fundi í Sþ., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem segir í grg. þessa frv., er það samið í samræmi við niðurstöður yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1966, og þeir hafa lagt til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir þeim umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn sýnir. Ríkisreikningurinn sjálfur hefur verið lagður fyrir Alþ., og hv. þm. hafa haft hann til athugunar tölulega síðan í haust, en hvað aths. snertir, hafa þær nýlega verið lagðar fyrir Alþ. ásamt frv. um staðfestingu á ríkisreikningnum. Það hefur verið áður í sambandi við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1968 gerð grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1966 og skýrðar allar orsakir bæði til umframgreiðslna og jafnframt til þeirra umframtekna, sem orðið hafa.

Ég sé því ekki ástæðu til þess að fara að orðlengja frekar um frv., en leyfi mér að leggja til, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 301, n. 509).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Fjvn. hefur að venju yfirfarið frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1966, sem hér liggur fyrir. Nefndin hefur fundið eina smávægilega skekkju í frv., sem hún leggur til, að verði leiðrétt. Að öðru leyti leggur fjvn. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 509 samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 531).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 588).

---

37. Tekjustofnar sveitarfélaga (stjfrv.).

Á 38. fundi í Ed., 18. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga [82. mál] (stjfrv., A. 174).

Á 41. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem segir í upphafi grg. með frv. þessu, er það flutt samkv. eindreginni ósk Sambands ísl. sveitarfélaga. Það eru efnislega fjögur atriði, sem felast í þessu frv., og eru sum þeirra töluvert veigamikil breyting frá því, sem nú er, í framkvæmd a.m.k.

Í fyrsta lagi er lagt til að gera breytingu á 9. gr. l. um tekjustofna sveitarfélaga þess efnis að gera ótvírætt, að heimilt sé að leggja á aðstöðugjöld í samræmi við þá reglu, sem fylgt hefur verið til þessa í sveitarfélögum, þ. e. að þegar um er að ræða tvíþættan atvinnurekstur, þar sem sama fyrirtæki hefur á sínum vegum fleiri þætti atvinnurekstrar, skuli greiða aðstöðugjald af þessum einstöku þáttum. Ef þetta væri ekki gert, mundi verða þarna um hreina mismunun að ræða milli þessara fyrirtækja og annarra fyrirtækja, sem aðeins hafa einn þátt þessarar starfsemi á sínum snærum. Ástæðan til að þetta ákvæði er hér tekið upp er sú, eins og segir í grg. með frv., að dómur hefur fallið um það, að eins og þessi ákvæði tekjustofnalaganna eru nú, verði ekki talið heimilt að leggja á atvinnurekstur tvöfalt aðstöðugjald, þegar um slíka tvíþætta starfsemi er að ræða. Það er eindregin skoðun Sambands ísl. sveitarfélaga, að það beri brýna nauðsyn til þess að taka af allan vafa um þetta. Með þessu er ekki gengið á rétt eins né neins frá því, sem verið hefur, vegna þess að á þennan hátt hefur álagningu aðstöðugjaldanna alltaf verið hagað, en það mundi hafa í för með sér ófyrirsjáanlega röskun, ef ætti að hverfa inn á þá braut, sem fyrirliggjandi dómur gerir ráð fyrir að verði að gera, ef l. sé ekki breytt. Er af þeirri ástæðu lagt til að gera það ótvírætt, að framfylgja megi áfram þeirri aðferð varðandi álagningu aðstöðugjalda, sem til þessa hefur verið notuð.

Í 2. gr. frv. er um tvenns konar efnisatriði að ræða. Fyrra efnisatriðið er það, að gert er ráð fyrir því, að í sveitarfélögum, þar sem notaður er réttur eða heimild samkv. tekjustofnal. til þess að ákveða fyrirfram gjaldhæð útsvara, skuli það í framkvæmd vera þannig, að menn þurfi að hafa greitt helming áætlaðs útsvars fyrir mitt ár til þess að njóta frádráttarheimildar útsvars frá tekjum sínum á næsta ári. Það hefur valdið sveitarfélögunum miklum erfiðleikum, hvað tekjur þeirra af útsvörum hafa innheimzt seint, og hefur þetta leitt til þess, að rekstur þeirra hefur verið mjög erfiður fyrri hluta ársins, einmitt þegar framkvæmdirnar eru hvað mestar, en aftur á móti hefur verið dregið eins lengi og auðið er að greiða útsvörin. Þetta hefur leitt til mjög verulegra vandræða víða, og sveitarfélagasambandið telur sanngjarnt og eðlilegt, að gert sé ráð fyrir því, úr því að fyrirframgreiðsla er á annað borð heimiluð í l., að greitt verði sem svarar helmingi hins áætlaða útsvars til þess að hlunnindin um frádrátt á næsta ári geti komið til greina.

Annað atriði er í þessari gr., sem ég geri ráð fyrir, að mönnum þyki orka nokkuð tvímælis. Það er að vísu atriði, sem eingöngu snertir Reykjavík eins og nú standa sakir, en þar er gert ráð fyrir því, að því aðeins njóti menn hlunninda varðandi frádrátt frá útsvari, að öll opinber gjöld hafi verið greidd fyrir lok almanaksársins. Þetta viðhorf byggist á þeirri framkvæmd Gjaldheimtunnar, sem í rauninni er ekki hægt að komast hjá að framkvæma með þessum hætti, að hvað sem líður innborgunum manna og þó að þeir taki það fram, sem þeir raunar jafnan gera, að þeir láti útsvörin sitja fyrir til þess að njóta frádráttarheimildarinnar, þá er Gjaldheimtan þannig upp byggð eða samkomulag ríkis og sveitarfélags þannig ákveðið, að hvað sem innheimtunni líður eða hvað sem á að falla í hlut hvors um sig samkv. því, sem gjaldendurnir sjálfir tilgreina, skuli Gjaldheimtan engu að síður borga í vissum hlutföllum til ríkis og sveitarfélags. Og þetta veldur því, að Gjaldheimtan verður oft að greiða inn til ríkisins meira heldur en sem svarar innheimtum sköttum, vegna þess að útsvörin hafa verið látin sitja fyrir. Nú má segja, að sumum þyki þetta hart aðgöngu, og hér sé gengið um of á rétt manna í sveitarfélögum, þar sem gjaldheimta er sameiginleg. En vitanlega má segja sem svo, að það er auðvitað ætlazt til þess, að öll gjöld, einnig tekjuskattur til ríkisins, séu greidd á því ári, sem gjaldið er á lagt, þannig að raunverulega er hér ekki um það hagræði að ræða, sem ákvæðið kann að gefa tilefni til, að menn álíti, að sé. Engu að síður geri ég mér fulla grein fyrir því, eins og ég sagði áðan, að mönnum kann að þykja, að hér sé nokkuð hart að gengið, en af hálfu Reykjavíkurborgar hefur ekki verið talinn möguleiki á öðru en að leita eftir því að fá þessa heimild lögfesta. Hefur Samband ísl. sveitarfélaga fallizt á það sjónarmið.

Þá er í 3. gr. að finna ákvæði, sem ég hef áður

skýrt frá hér á Alþingi, að stæði til að leita lögfestingar á, en það er um hækkun á eignarútsvari til samræmis við eignarskattinn. Fyrir áramótin var lögfest, að fasteignamat við ákvörðun eignarskatts skyldi nífaldað í stað þess, að það var áður sexfaldað, og þá gert ráð fyrir því jafnframt, að um níföldun yrði að ræða til sveitarfélaganna. En til þessa hefur verið um að ræða þreföldun á fasteignamati til þeirra. Þetta bendir óneitanlega til allverulegra hækkana á tekjustofnum sveitarfélaga, enda er það almenn skoðun sveitarstjórnarmanna að ég hygg, a.m.k. stjórnar sambandsins, að það sé augljóst, að sveitarfélögin komist ekki af á annan hátt heldur en fá einhverjar auknar tekjur nú og það sé eðlilegri leið að hækka eignarskattinn heldur en þurfa að taka þetta með hækkuðum tekjuútsvörum. Það skal jafnframt tekið fram, eins og hv. þdm. er vafalaust kunnugt, að til þessa hefur verið um að ræða miklu fleiri stiga í ákvörðun eignarútsvarsins heldur en var í sambandi við eignarskattinn og útsvarið var lagt á miklu lægri eign heldur en tekjuskattur var á lagður, þannig að sú breyting, sem hér er lagt til að gera, að eignarútsvarið verði ákvarðað í samræmi við reglurnar um tekjuskatt, leiðir til þess, að víða úti um land munu miklum mun fleiri eignir falla undan eignarútsvari heldur en áður hefur verið, þar sem lágmarksupphæðin er hækkuð svo mjög eða til samræmis við það, sem gildir um eignarskattinn.

Þá er fjórða ákvæði þessa frv., sem felur í sér, að framlengd skuli vera heimild sú, sem var tímabundin í tekjustofnal., um, að skyldu koma til frádráttar ýmsir liðir við ákvörðun útsvara, sem nánar eru tilgreindir í grg. með frv. Það var gert ráð fyrir því, að þessi undanþága, ákvæði sveitarfélaganna, ef svo má segja, til að leggja á útsvör yrði tímabundin og gilti aðeins til ársloka 1967, en nú leggur stjórn sambandsins til, að þessi heimild verði framlengd og gildi á árunum 1968—1973. Hvort hér sé um grundvallarnauðsyn að ræða, skal ég ekkert um segja. Ég hef ekki fyrir mér tölulegar upplýsingar um það, en sveitarfélögin telja, að þau geti ekki misst af þeim tekjum, sem þau mundu missa af, ef þessi hlunnindi yrðu látin taka gildi varðandi útsvörin, og að útkoman yrði sú, að það yrði að mæta því með öðrum hætti og hækka þá útsvarsstigana eða álag á þá, þannig að það er vitanlega matsatriði, hvort á að veita sveitarfélögunum þessa heimild áfram eða þessa undanþágu eða valda hættu á því, að þau þurfi að nota í ríkara mæli hina almennu útsvarsálagningarheimild.

Ég vil taka það fram hér á þessu stigi málsins, að það var ætlunin, að í þessu frv. væri eitt ákvæði enn, sem ekki var í það sett, vegna þess að á síðustu stundu þótti það þurfa nánari athugunar við. Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefur oft verið rætt um þann vanda, bæði hér á þingi og utan þings, að þegar viss sveitarfélög lenda í þeim erfiðleikum, að þau geta ekki bjargað sér án þess að fá sérstaka aðstoð jöfnunarsjóðs, séu nokkuð þungar kárínur lagðar á þessi sveitarfélög, til þess að þau geti notið þessara hlunninda. Það er sem sagt gert ráð fyrir því, að 20% álag á útsvör þurfi að hafa átt sér stað í sveitarfélaginu til þess að það geti fengið nokkurt framlag úr jöfnunarsjóði. Þetta má segja, að geti gengið í eitt skipti eða svo, en fari það að verða að staðaldri, að eitt sveitarfélag hafi miklu hærri útsvör heldur en önnur sveitarfélög og þurfi að leggja 20% ofan á sinn skala til þess að geta fengið viðbótarframlög, sé það of þungur baggi og geti leitt til algers öngþveitis fyrir viðkomandi sveitarfélag atvinnulega séð og hrakið menn þaðan á brott. Þetta atriði hefur verið til allrækilegrar athugunar, bæði í félmrn. og hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Það er ljóst, að það þurfa að vera nokkuð sterkir hemlar hér á, til þess að ekki verði gengið um of á jöfnunarsjóðinn, vegna þess að það leiðir ekki af sér annað en það, að þar með er skertur hluti annarra sveitarfélaga, þannig að sveitarfélagasambandið sjálft hefur viljað fara með allri varúð í þessu efni. En nú hefur hins vegar fundizt regla, sem ég skal ekki fara út í hér, en mundi létta þessum sveitarfélögum róðurinn og ekki gera þessar aukaálögur eins tilfinnanlegar eða ekki eins skilyrðislausar og þær eru nú. Það er hugmyndin, að till. um þetta efni verði send þeirri hv. n., sem fær frv. til meðferðar, og hún beðin að flytja þá brtt., ef hún að athuguðu máli sér sér fært að gera það. Og mun það þá koma til umr., þegar frv. verður tekið til 2. umr.

Þar sem frv. þetta er flutt, eins og ég sagði í upphafi máls míns, samkv. sérstakri ósk Sambands ísl. sveitarfélaga, vildi ég leggja áherzlu á það hér við hv. n., sem fær málið til athugunar, að hún — ef hún telur sér ekki fært að fallast á einhver þau sjónarmið, sem þar eru fram sett — leiti álits Sambands ísl. sveitarfélaga og gefi sambandsstjórninni a.m.k. kost á að koma að sínum sjónarmiðum. Jafnframt mun ráðuneytisstjórinn í félmrn. verða viðbúinn að gefa hv. n. allar þær upplýsingar, sem hún kynni að óska eftir varðandi einstök atriði málsins.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það verða aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að ræða mikið efni þessa frv., sem hér liggur fyrir, þó að í því séu ákvæði, eins og hæstv. fjmrh. drap á, sem tvímælis geta orkað og þurfa að mínum dómi að fá betri athugun í n. Gildir það náttúrlega bæði um það atriði, sem varðar innheimtuna hér í Reykjavík, og eins þá hækkun á eignarútsvari, sem þarna er um að tefla. Að vísu munu flestir vera um það sammála að sveitarfélögunum veiti ekki af þeirri hækkun, sem þar er ráðgerð, en margir eru þeirrar skoðunar, að fyrst og fremst hefði átt að koma sveitarfélögunum til góða sú hækkun fasteignagjalda, sem sprettur af margföldun fasteignamatsins. Um það var rætt í sambandi við það mál hér á sinni tíð, þar sem ég og ýmsir aðrir voru þeirrar skoðunar, að

ríkið hefði ekki átt að halda þeirri hækkun til streitu að því er varðar skattheimtu til sín, en það skal ég ekki fara frekar út í hér og ekki endurtaka það.

En það, sem ég vildi sérstaklega leggja áherzlu á, var síðasta atriðið, sem hæstv. fjmrh. vék að, og ég hafði raunar í þessu frv. þegar saknað ákvæðis um þetta efni og hafði ætlað mér að bera fram um það fsp. til hæstv. ráðh., hverju það sætti, að það efni var ekki tekið með í þessu frv., því að vitað var, að af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga og reyndar líka af hálfu einstakra sveitarsambanda, ef svo má segja, hefur verið lögð áherzla á það atriði, sem sé, að fellt væri niður það skilyrði úr lögum eða slakað á því a. m. k., að sveitarfélag, sem væri þannig fjárhagslega statt, að það þyrfti á að halda aukaframlagi úr jöfnunarsjóði, gæti þó ekki komið til greina, nema það legði 20% ofan á löglegan útsvarsstiga. Það er auðsætt að mínum dómi, að þetta er mjög ranglátt ákvæði. Það gefur auga leið, að þegar fjárhagsástæður eru þannig í bæjarfélagi, þá er ástandið yfirleitt þannig, að gjaldþegnar þar eru manna sízt færir um það að bæta á sig þessum 20%. Slík óhófleg gjaldheimta á þeim stað, sem á við erfiðleika að stríða, hlýtur að verða til þess að auka þau vandræði, sem þar eru fyrir, og jafnvel ýta undir brottflutning af staðnum og gera hann enn meiri. Ég held þess vegna, að það sé mjög nauðsynlegt að fella þetta ákvæði hreinlega niður, því að það er óprýði mikil að því í lögum. Menn eru að fikta við það og hafa verið að fikta við það að hafa þarna þó einhvern hemil og a. m. k. eitt ár yrði sveitarfélag að leggja á einhverja viðbót til þess að koma til greina í þessu sambandi. Það má vera, að einhver millileið sé þarna til, en ég held, að langæskilegast væri að hverfa alveg frá þessu. Ég held, að þannig sé um hnúta búið að ýmsu leyti og eftirlit félmrn. með þessum málum það gott og að það hafi svo glöggt auga í þessu efni, að það sé ekki ástæða til þess að hafa hér sérstakan hemil sem þennan. Ég held, að rn. sé um það fært og því sé treystandi til þess að meta þetta, hvort fjárhagsástæður sveitarfélags séu þannig í raun og veru, að það þurfi á aukaframlagi að halda. Og ef rn. þætti ekki til þess fært, mætti setja upp einhvern annan aðila því til aðstoðar til þess að meta þetta, t.d. aðila af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga. En ég veit, að þetta ákvæði hefur komið sér mjög illa á ýmsum stöðum. Sums staðar hefur þessu verið fullnægt og lögð 20% á og jöfnunarframlag þá fengizt, en ég skal ekki segja, hvort innheimta þar hefur alls staðar tekizt svo, að allt hafi náðst inn, sem lagt var á.

Á síðasta ári er mér kunnugt um það, að a. m. k. á einum stað var óskað eftir því að mega fara í þetta hámark að leggja 20% ofan á til þess að geta orðið aðnjótandi aukaframlags úr jöfnunarsjóði. Þeirri beiðni var þá synjað á þeim grundvelli, að í gildi væru stöðvunarlög, verðstöðvunarlög, þannig að þeir fengu nú ekki á þeim stað að leggja á þessi 20%, sem þeir óskuðu þá eftir. Svo koma þeir nú og sækja um aukaframlag. Þá fá þeir það svar, að þeir fullnægi ekki þessu skilyrði að leggja 20% á. Ég verð að segja, að ég held, að þetta hljóti að byggjast á einhverjum misskilningi í þessu einstaka tilfelli og muni nú leiðréttast. En samt sem áður sýnir þetta einstaka tilfelli, að það þarf almennar leiðréttingar á þessu. Þetta er óheppilegt skilyrði. Þess vegna fagna ég þeirri yfirlýsingu ráðh., að brtt. sé að vænta, hún muni verða send n. Og hann gerði ráð fyrir því, að n. mundi taka hana upp, þannig að ákvæði um þetta efni mundi komast inn í þetta frv. Því fagna ég alveg sérstaklega, en legg þá áherzlu á, að það verði helzt á þá lund, að þetta skilyrði verði fellt niður og að fundin verði önnur úrræði til þess að kanna það, hvort sveitarfélag þarf á aukaframlagi að halda, en að það sjálft leggi á sig eins konar — ja, hvað á maður að kalla það, aukaálag eða refsisekt til þess að geta orðið aðnjótandi aukaframlagsins.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði í ræðu hv. þm., sem ég vildi segja örfá orð um. En það var það, sem hann ræddi um einkennilega framkvæmd félmrn. á máli eins sveitarfélags, sem honum væri kunnugt um. Ég held, að ég viti nokkurn veginn, við hvaða sveitarfélag hann á, og án þess að ég vilji nú fara að ræða hér á þingi málefni einstakra sveitarfélaga, vil ég þó, að það komi fram, til þess að það líti ekki út eins og þarna hafi átt sér stað einhver mjög óskiljanleg afgreiðsla máls, að umrætt sveitarfélag var ekki talið hafa — samkv. þeim reglum, sem fylgt var af félmrn. í sambandi við ákvörðun aukaframlaga — þörf á slíku framlagi, þ.e. að útgjöld sveitarfélagsins, eins og þau voru lögð til í fjárhagsáætlun, væru þess eðlis, að töluverður hluti af þeim — ég vil ekki segja stór hluti, en a.m.k. nægilega stór hluti af þeim — hefði verið strikaður út, áður en hefði komið til þess, að aukaframlag yrði veitt. Og það var ekki sjáanlegt, að það þjónaði neinu sérstöku hlutverki að vera að heimila sveitarfélaginu að fara upp í 20% álag, ef það ekki fengi neitt úr jöfnunarsjóði og það var nú, að því er mér skildist, ekki tilætlun umrædds sveitarfélags að það færi upp í 20% álag og þar yrði látið við sitja. En sem ég segi, þar sem það varð niðurstaðan, að þarna væri verið að leggja fé til ýmissa útgjalda, sem ekki hefðu verið viðurkennd sem grundvöllur fyrir framlagi úr jöfnunarsjóði — því að honum er vitanlega alls ekki ætlað að veita sérstaka aðstoð til meiri háttar fjárfestingar eða stóraukinna kostnaðarliða, sem ekki leiðir af eðli málsins að þurfi að sinna — þá var ekki sýnilegt, að það þjónaði neinni skynsemi fyrir umrætt sveitarfélag að vera að fá heimild til 20% álags, enda var það svo, að vegna verðstöðvunarinnar var þeirri meginreglu fylgt á s.l. ári við ákvarðanir um allar beiðnir um hækkun útsvara, að slíkar hækkanir voru ekki leyfðar, nema því aðeins að sýnilegt væri, að það væri gersamlega óumflýjanlegt að heimila umbeðna hækkun. Það er því í rauninni ekki eins kátbroslegt og hv. þm. taldi, að í lokin, þegar sótt var um aukaframlag, væri vitnað til þess, að það hefði ekki verið lagt á, en

áður hefði verið búið að neita um það, eins og orð hans hefðu getað bent til, því að kjarni málsins er, eins og ég sagði, að það var ekki talin ástæða til samkv. þeim meginreglum, sem við fylgdum, að veita heimild til hækkunar umfram þau 10%, sem notuð höfðu verið hjá umræddu sveitarfélagi. Og ég tel líka mjög ólíklegt, að sveitarstjórnin þar hefði notað sér 20% heimildina, ef hún hefði jafnframt vitað, að hún fengi ekkert úr jöfnunarsjóði, þó að hún færi upp í 20% álag.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að fara að ræða mikið um einstök sveitarfélög hér, af því að ég tel vænlegra að ræða það við ráðh. á sínum stað og vænti þess nú enn, að leiðrétting fáist á þessu máli, sem hér er um að ræða. En ég vil þó segja það, að hjá mér er ekki um neinn misskilning í þessu efni að ræða. Ég hef gögn þessa máls hér við höndina og í bréfi kemur alveg skýrt fram, á hverju neitunin var byggð. Og hún var ekki byggð á þessu, sem hæstv. ráðh. vildi vera láta, heldur á tilvitnun til verðstöðvunarlaganna. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara að ræða þetta mál hér frekar að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 29. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., 11. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 174, n. 316, 322, 325 og 328, 317, 331).

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. frá 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, er flutt samkv. eindregnum tilmælum Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Efni frv. er í meginatriðum eftirfarandi:

1) Að setja gleggri ákvæði um aðstöðugjaldstofn til hagsbóta fyrir sveitarfélögin.

2) Að gera strangari kröfur til skila á frádráttarbærum útsvarsgreiðslum.

3) Að bæta úr annmörkum á sameiginlegri innheimtu opinberra gjalda.

4) Að færa álagningu eignarútsvars til samræmis við álagningu eignarskatts.

5) Að framlengja heimild til að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt við álagningu útsvara.

Með frv. átti auk þess að rýmka rétt sveitarfélaga til aukaframlaga úr jöfnunarsjóði, en till. um þetta efni, sem félmrn. hafði í smíðum, var ekki tilbúin, þegar frv. var lagt fram, en hún var afhent heilbr.- og félmn., eftir að málið kom til nefndar.

Frv. þessu var vísað til heilbr.- og félmn. N. hefur rætt þetta vel á mörgum fundum og reynt að kryfja það til mergjar eftir föngum. Ýmsir sérfróðir menn á því sviði komu á fund n. til að ræða málið og veita upplýsingar, en það voru ráðuneytisstjórinn í félmrn., fulltrúi frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, forstjóri Gjaldheimtunnar í Reykjavík og borgarstjórinn í Reykjavík.

Þetta mál er í rauninni fjölþætt og flókið og hverri einstakri gr. frv. má víkja til á ýmsan hátt um inntak og orðalag, sem leiðir af því, að á sérhverju úrlausnarefni þessa frv. eru margar hliðar. Það var ríkjandi skoðun innan n., að nauðsynlegt væri að koma til móts við sjónarmið sveitarfélaganna í ýmsum greinum, en frv. gengi of langt í þessu efni, einkum væri hlutur gjaldendanna ekki nægilega vel tryggður. Fram hjá því verður þó ekki gengið, að hagsmunir gjaldenda og sveitarfélags fara um margt saman, þegar dýpra er skyggnzt, og það er síður en svo ávinningur fyrir gjaldendur, ef sveitarfélag þeirra á fjárhagslega í vök að verjast. Nm. voru sammála um, að gera þyrfti margvíslegar lagfæringar og breytingar á ákvæðum frv., en náðu hins vegar ekki samstöðu um það, hversu langt þyrfti að ganga í hverju einstöku tilfelli. Um það voru mjög skiptar skoðanir, og klofnaði n. í fjóra minni hl., og segja fróðir menn, að það hafi ekki skeð á Alþingi í marga áratugi, að n. klofni í svo marga hluta. Að vísu hygg ég, að meiri hl. sé til innan n., ef afstaða væri tekin til hverrar frvgr. sérstaklega, en sá galli er á gjöf Njarðar, að þar er ekki um samstæðan meiri hl. að ræða, því að nm., sem er innan meiri hl. í afstöðu til einnar gr. frv., getur verið í minni hl., þegar á næstu gr. er litið.

Ég hef ásamt hv. 2. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Sunnl. samstöðu um afgreiðslu þessa máls. Við höfum gefið út sameiginlegt nál. á þskj. 316 og flytjum sameiginlega fimm brtt. við frv. á þskj. 317. Það er fyrst og fremst í þessum brtt., sem afstaða okkar birtist, og mun ég skýra þær hér á eftir. Ég tel það ekki ofmælt, að allir nm. álíti allar okkar brtt. til bóta frá ákvæðum frv., þótt sumir nm. sætti sig ekki við þær og vilji ganga lengra og í stöku tilfellum svo langt að afnema einstakar gr. frv. með öllu.

Ákvæði tekjustofnalaganna um aðstöðugjald og álagningu þess eru mjög stuttorð og laus við skýringar. Þau eiga sér ekki heldur langa sögu að baki. Því er ekki að undra, þótt ýmiss konar álitamál hafi risið við framkvæmd þessara lagaákvæða, einkum að því er snertir álagningu á gjaldendur með fjölþættan atvinnurekstur, og að nú sé fram komin nauðsyn á endurskoðun þessara lagaákvæða í ljósi reynslunnar. Þegar um fjölþættan atvinnurekstur er að ræða hjá einum og sama gjaldanda, hafa skattyfirvöld og sveitarstjórnir talið sér heimilt við álagningu aðstöðugjalds að líta svo á, að hjá hverjum þætti atvinnurekstrarins út af fyrir sig skapaðist sjálfstæður aðstöðugjaldsstofn, þar með talið andvirði verðmæta, sem flutt eru á milli atvinnuþátta. Þetta verður bezt skýrt með dæmi, og er þá eðlilegast að halda sér við það dæmi, sem nú fyrir skömmu varð tilefni til málaferla. Einn og sami gjaldandi rak bæði húsgagnaverkstæði og

húsgagnaverzlun. Við álagningu aðstöðugjaldsins voru rekstrarútgjöld verkstæðisins og verzlunarinnar lögð saman, en með rekstrarútgjöldum verzlunarinnar var talið andvirði þeirra húsgagna, sem verzlunin fékk til sölu hjá eigin verkstæði. Var verðmæti þeirra metið af skattyfirvöldum, þar eð það var ekki sérstaklega tilgreint í bókhaldi fyrirtækisins. Deilan, sem reis út af þessari álagningu fyrir dómstólunum, var fyrst og fremst um það, hvort heimilt væri að telja það verðmæti, er flutt var frá verkstæðinu til verzlunarinnar, sem aðstöðugjaldsstofn eða ekki, eða með öðrum orðum sagt var sú spurning, er svara þurfti, hvort verðmæti þeirra húsgagna, sem verzlunin tók við frá eigin verkstæði, ætti að teljast til rekstrarútgjalda hjá verzluninni. Bæði undirréttur og hæstiréttur svöruðu þessari spurningu neitandi, og tapaði sveitarfélagið málinu. Töldu dómstólarnir skorta lagaheimild til slíkrar álagningar.

Þennan dóm, sem hefur grundvallarþýðingu, telja sveitarfélögin áfall fyrir sig og vilja nú með ákvæðinu í 3. mgr. 1. gr. frv. afla sér þeirrar lagaheimildar, sem dómstólarnir sögðu að skorti. Hér er vissulega um flókin lögfræðileg og skattfræðileg atriði að tefla, og þegar þetta mál er skoðað, má ekki hugsa um það fyrst og fremst að rétta hlut sveitarfélaganna á Alþingi að því leyti, sem hallað hefur á þau fyrir dómstólum landsins, heldur verður að beina huganum að því að skapa sanngjarna reglu, sem komi í veg fyrir óeðlilegt misræmi við álagningu aðstöðugjalds á atvinnufyrirtæki eftir því, hvort atvinnureksturinn er einþættur eða margþættur. Sveitarfélögin halda því fram með nokkrum rétti, að standi l. óbreytt og verði þau framkvæmd eftirleiðis í samræmi við hæstaréttardóminn, sem vitanlega bæri að gera, mundi margþættur atvinnurekstur greiða minna fyrir sömu aðstöðu en ef hver þáttur hans væri rekinn af sjálfstæðum aðila og þar með væri gjaldendum mismunað. Dómurinn sýnir því, að l. eru ófullkomin, og þeim verður að breyta. Á hinn bóginn gengur breyting sú, er sveitarfélögin krefjast í 3. mgr. 1. gr. frv., of langt að dómi okkar, sem myndum 1. minni hl. Væri þessi mgr. samþykkt óbreytt, fengju skattyfirvöld nær ótakmarkaða heimild til að meta, hvað væri sérstakur þáttur í atvinnurekstri og hvaða verðmæti, sem flutt yrðu á milli, teldust aðstöðugjaldsstofn.

Við leggjum því til, að gerðar verði breytingar á þessari mgr., og er það 1. brtt. á þskj. 317. Breytingin er á þá leið, að aðstöðugjaldsskyld eru aðeins þau verðmæti, sem flutt eru á milli atvinnugreina hjá sama gjaldanda, en hugtakið atvinnugrein er mun þrengra en hugtakið atvinnurekstrarþáttur. Með atvinnugrein er fyrst og fremst átt við fiskveiðar, iðnað, verzlun, siglingar, landbúnað og þjónustustarfsemi. Ef brtt. okkar yrði samþykkt, mundi það þýða, að aflaverðmæti, sem bátur leggur upp í frystihúsi, yrði aðstöðugjaldsstofn, þótt sama fyrirtæki ræki bátinn og frystihúsið. Sama gilti, ef eitt fyrirtæki ræki matvöruverzlun og hótel og verðmæti í vörum væru látin hótelinu í té úr verzluninni. Dæmi úr fjölþættum atvinnurekstri, þar sem milliflutt verðmæti yrðu hins vegar ekki aðstöðugjaldsstofn, er þegar verðmæti eru flutt á milli heildverzlunar og smásöluverzlunar og milli ullarverksmiðju og saumastofu. Skilsmunurinn liggur í því, að í þessum síðargreindu dæmum tilheyra atvinnurekstrarþættirnir sömu atvinnugreininni, þ. e. í öðru tilfellinu verzlun og hinu tilfellinu iðnaði. En í þessari brtt. okkar felst meira. Því er bætt við ákvæði frv., að verðmæti, sem flutt eru á milli, þurfa að vera á tilgreindu verði. Í flestum tilfellum mundi þessu skilyrði væntanlega verða fullnægt. T. d. er ljóst, að þegar hraðfrystihús tekur við afla úr eigin báti, er um opinbert verð að ræða. Svipað má segja um það, þegar hótel tekur matvöru úr eigin verzlun. Helzt yrði vafi um þetta, þegar verðmæti er flutt á milli verkstæðis og verzlunar. Þá má hafa hliðsjón af því, hvort skylt er að tilgreina verðmætið eftir bókhaldslögum, hvort verkstæðið selur framleiðsluvöru sína til annarra verzlana, sem reknar eru af öðru fyrirtæki. Við túlkun þessa ákvæðis ræður það ekki úrslitum, hvort verðið er tilgreint í skattframtali gjaldanda eða ekki, heldur hitt, hvort millifærsla verðmætisins er þess eðlis, að jafna megi henni við kaup- og söluviðskipti milli tveggja sjálfstæðra fyrirtækja. Það er fjarri lagi, að brtt. þessi leysi öll lögfræðileg vandamál, sem upp kunna að koma við álagningu aðstöðugjalds, en af samþykkt hennar risi væntanlega nauðsyn þess að breyta gildandi reglugerð um álagningu aðstöðugjalds. Gæfist þá tækifæri til að fylla og skýra þessar reglur.

Áður en ég skil við þessa brtt., vil ég benda á, að skv. 10. gr. tekjustofnalaganna er hámarksaðstöðugjaldsprósentan æði misjöfn eftir því, um hvaða tegund atvinnurekstrar er að ræða, eða frá ½% og upp í 2%. Ef l. yrði ekki breytt og aðstöðugjald lagt á fjölþættan atvinnurekstur án þess að líta á milliflutt verðmæti, hlyti að skapast torleyst vandamál við ákvörðun þeirrar prósentu, sem nota ætti hverju sinni. Brtt., sem grundvallast á aðgreiningu milli atvinnugreina, leysir þennan vanda allvel, þótt hún syndi ekki fyrir öll sker í þeim efnum. Í reynd mundi samþykkt brtt. þýða það, að réttur sveitarfélaganna til að leggja aðstöðugjald á fyrirtæki með fjölþættan atvinnurekstur mundi rýrna nokkuð frá því, sem þau hafa iðkað á undanförnum árum, en aukast miðað við það, sem nú er ljóst að þeim er heimilt skv. áðurgreindum hæstaréttardómi.

Hinn lögboðni útsvarsstigi er, svo sem alkunnugt er, frávíkjanlegur til hækkunar og lækkunar. Aldrei má þó álag útsvarsstigans fara fram yfir 20%, og dugi það álag ekki til þess, að sveitarfélag fái nægilegar útsvarstekjur, ber jöfnunarsjóði að taka við og greiða aukaframlag. Nokkur sveitarfélög á Norðurlandi, þar sem atvinnuástandið hefur verið lakast á undanförnum árum, hafa notið þessa aukaframlags og það jafnvel ár eftir ár. Forráðamenn þessara sveitarfélaga kvarta réttilega undan því, að skilyrði tekjustofnalaganna til þess að njóta þessa

aukaframlags séu ákaflega ströng, þar sem krafizt sé 20% álags á útsvarsstigann. Þar sem önnur sveitarfélög gefa yfirleitt nokkurn afslátt af útsvarsstiganum, þýðir þetta í raun og veru, að sveitarfélag getur ekki fengið aukaframlag, nema útsvörin þar séu 25—30% hærri en almennt gerist. Afleiðingin fyrir sveitarfélag, sem þarf á hámarksálagningu að halda og það stundum ár eftir ár, vegna rýrnandi atvinnutekna gjaldendanna, verður sú, að hinir tekjuhærri gjaldendur flytjast á brott og setjast að í öðrum sveitarfélögum, þar sem útsvörin eru lægri. Þannig vaxa örðugleikarnir stig af stigi og sveitarfélagið nær sér aldrei á strik til þess að komast út úr vítahring þungbærrar álagningar. Þetta vandamál hefur verið rætt á þingum Sambands ísl. sveitarfélaga, og félmrn. hefur einnig haft þetta til athugunar. Sú hugmynd hefur komið fram að heimila greiðslu aukaframlags úr jöfnunarsjóði án þess að ganga svo langt að krefjast 20% álags á útsvarsstigann. Á þessum grundvelli byggist till. til breyt. á þessu frv., sem félmrn. lagði fyrir heilbr.- og félmn. Rn. lagði til, að d-liður 15. gr. tekjustofnalaganna hljóðaði svo, ég ætla að leyfa mér að lesa það hér, með leyfi forseta:

„Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör álögð skv. 34. gr. Þó er heimilt að greiða aukaframlag, ef frávik til hækkunar hefur verið meira en meðaltalsfrávik á öllu landinu frá útsvarsstigum árið á undan að viðbættum 20%. Meðaltalsfrávik hvers árs er summan af margfeldi hundraðstölufráviks og íbúatölu í hverju sveitarfélagi, deilt með íbúatölu landsmanna 1. des. árið á undan. Meðaltalsfrávik skal vera heil tala, þannig að broti, sem er minna en hálfur, skal sleppt, en ella hækkað upp."

Þetta hljómar sennilega í eyrum manna sem flókin stærðfræðileg formúla, en inntakið í till. er að miða 20% hækkunina við meðalútsvör á öllu landinu, sem gáfu töluna 90 árið 1967, þegar lagt er til grundvallar, að hinn lögboðni útsvarsstigi án frávika gefi töluna 100. M. ö. o.: meðaltalsfrávik á öllu landinu árið 1967 var 10% afsláttur. Skv. þessari till. og þeim skýringum, sem henni fylgdu, væri heimilt að veita sveitarfélagi aukaframlag á árinu 1968, ef það notaði 10% álag á útsvarsstigann, því að rn. leggur töluna 20 við töluna 90 og fær þá að sjálfsögðu út töluna 110, en reiknar ekki 20% af 90 og leggur það síðan við töluna 90, sem gæfi útkomuna 108. Við, sem myndum 1. minni hl. n., teljum of skammt gengið með þessu, þótt við föllumst á að leggja meðaltalsútsvörin, sem gáfu töluna 90 á s.l. ári, til grundvallar. Við teljum augljóst, að þessi tala hækki á næstu árum af ýmsum orsökum, svo sem vegna minnkandi atvinnutekna, sem veldur því, að sveitarfélögin hafa síður ráð á að veita afslátt frá útsvarsstiganum. Kemur hér einnig til, að sveitarfélögunum var á s.l. ári bannað að hækka útsvörin vegna verðstöðvunarl., en þar við bætist svo, að heimild sveitarfélaganna til að víkja frá frádráttarreglum skattal. verður væntanlega skert.

Allt þetta mun leiða til þess, að sveitarfélögin munu á næstu árum nota hærri álagningarstiga. Því gæti svo farið, að heimildin til að veita aukaframlag eftir tillögu rn. yrði afar lítils virði eftir fáein ár.

Við leggjum til, að þessari till. verði breytt, og koma sjónarmið okkar fram í 2. brtt. við frv. á þskj. 317. Við rýmkum heimildina að því leyti, að við leggjum 15% ofan á meðalútsvarsstiga hvers árs, en það gefur útkomuna 103.5 fyrir árið 1968, því að 90 að viðbættum 15% af þeirri tölu gerir 103.5. Samkvæmt þessu getur sveitarfélag, sem leggur 3.5% álag á hinn lögboðna útsvarsstiga á árinu 1968, sótt um aukaframlag að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Í till. okkar er sett það skilyrði fyrir þessu sérstaka aukaframlagi, að tekjur gjaldenda hafi rýrnað í viðkomandi sveitarfélagi eða fólksfækkun hafi átt sér stað. Er alkunnugt, að útgjöld sveitarfélaga minnka ekki að sama skapi og fækkun íbúanna segir til um. Að okkar dómi er ástæðulaust að veita sérstaka heimild til aukaframlags úr jöfnunarsjóði til sveitarfélags, þar sem hvorki er um minnkandi atvinnu né fólksfækkun að tefla. Í okkar till. er skilgreiningin á útreikningi meðalútsvarsstigans gerð einfaldari en hjá rn., en gefur sömu útkomu, þ.e.a.s. töluna 90 fyrir árið 1967. Þar sem í till. er notað hugtakið „hundraðstala útsvarsstigans" í hverju sveitarfélagi, er, svo dæmi sé nefnt, átt við töluna 92 í sveitarfélagi, sem gefur 8% afslátt, og það þarf ekki frekari skýringa við.

Það skal undirstrikað, að hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða, enda er mjög takmarkað fé fyrir hendi að greiða frekari aukaframlög en skylt hefur verið til þessa. Eftir sem áður stendur sú skylda jöfnunarsjóðs óhögguð að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem leggja 20% ofan á útsvarsstigann, en fá ekki nægilegar útsvarstekjur með þeim hætti.

Samkvæmt 47. gr. tekjustofnalaganna gilda tvær reglur um gjalddaga útsvara. Önnur reglan segir, að helming útsvars skuli greiða fyrir 15. júní, en hinn helminginn fyrir 15. október. Hin reglan er á þá lund, að sveitarstjórn geti krafizt fyrirframgreiðslu á útsvari á 5 gjalddögum, þ.e.a.s. 1. febr., 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, og innheimt þannig hjá hverjum gjaldanda fjárhæð jafnháa helmingi þess útsvars, sem lagt var á gjaldanda næsta ár á undan, en það, sem eftir stendur af álögðu útsvari, þegar fyrirframgreiðslan er frá dregin, á gjaldandi síðan að greiða með 5 jöfnum afborgunum með gjalddögum 1. ágúst, 1. sept., 1. okt., 1. nóv. og 1. des.

Þessi síðari regla, sem byggist á fyrirframgreiðslu á hluta útsvars og 10 gjalddögum alls yfir árið, er sú regla, sem mest er notuð í Reykjavík og í kaupstöðum landsins. Við álagningu útsvars ber samkv. 31. gr. tekjustofnalaganna að draga útsvör s.l. árs frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun. Gjaldendur eru m.ö.o. verðlaunaðir fyrir það að standa full skil á útsvari sínu fyrir lok álagningarársins. Þeir geta því notið þessara verðlauna, þótt þeir séu vanskilamenn skv. 47. gr. tekjustofnal. og

hafi ekki staðið í skilum með útsvarsgreiðslur sínar á réttum gjalddögum, aðeins ef vanskilin fara ekki fram úr því marki að vera skuldlaus um áramót. T. d. nægir gjaldandanum í þessu efni að borga alla útsvarsskuld sína í vikunni milli jóla og nýárs, eins og sumir notfæra sér. Það er eðlilegt, að sveitarfélögin, sem hafa fulla þörf fyrir að fá útsvörin greidd á réttum gjalddögum, séu ekki alls kostar ánægð með þetta fyrirkomulag. Því er lagt til í 2. gr. frv., að útsvarið sé ekki frádráttarbært, þótt það hafi verið greitt upp fyrir áramót, nema staðin hafi verið full skil á fyrirframgreiðslu eigi síðar en 30. júní álagningarárið í þeim tilfellum, þar sem heimild til að krefjast fyrirframgreiðslu hefur verið notuð.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram, að gjaldandi, sem er launþegi, hefur staðið full skil á útsvarsgreiðslu, þegar fjárhæðin hefur verið tekin af kaupi hans og atvinnurekandinn fengið honum kvittun í hendur. Að vísu er það svo, sem betur fer, að meiri hluti gjaldenda innir af hendi fyrirframgreiðslur sínar á réttum tíma. Hinir eru þó allt of margir, sem vanrækja það og hugsa um það eitt að greiða útsvörin fyrir áramótin. Reglan í 2. gr. frv. er sett fram til þess að ná betri tökum á þessum mönnum og tryggja sveitarfélögunum greiðari innheimtu, enda er ákjósanlegt, að menn fái aukið aðhald í því að greiða á réttum tíma, áður en staðgreiðslukerfið kemur.

Þótt framangreint ákvæði 2. gr. frv. sé á allgóðum rökum reist, álítum við, sem að þessu nál. stöndum, samt sem áður rétt að gera nokkrar lagfæringar á því. Þær koma fram í 3. brtt. á þskj. 317 og felast í því að undirstrika það, að hér sé aðeins um heimild að tefla sveitarstjórnunum til handa. Jafnframt er lúkningardagur fyrirframgreiðslu færður aftur um 1 mánuð og settur 31. júlí í stað 30. júní.

Þá er einnig í brtt. bætt inn ákvæði um það, að hafi gjaldandi eigi staðið í skilum á fyrirframgreiðslu hinn 31. júlí, en greiðir síðan allt útsvarið upp fyrir áramót, þá skal helmingur útvarsins dreginn frá hreinum tekjum við næstu álagningu. Verður að telja það sanngjarnt, að gjaldendur missi ekki af allri umbun, þótt þeir skili ekki fyrirframgreiðslunni fyrir 31. júlí, og þeir, sem þannig er ástatt um, hafi til nokkurs að vinna, ef þeir borga upp fyrir áramót.

Í 2. gr. frv. felst einnig annað nýmæli, sem hljóðar þannig:

„Sé innheimta gjalda til ríkis og sveitarfélags sameiginleg, skv. ákvæðum l. nr. 68 27. apríl 1962, um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda, er það enn fremur skilyrði, að öll gjaldfallin opinber gjöld, sem hin sameiginlega innheimta tekur til, séu að fullu greidd fyrir ofangreind tímamörk."

Enn sem komið er hefur gjaldheimtukerfinu hvergi verið komið á nema í Reykjavík. Gjaldheimtan innheimtir útsvar, tekjuskatt, almannatryggingagjald, sjúkrasamlagsgjald og fleiri opinber gjöld.

Til að skýra þetta nýmæli 2. gr. frv. er rétt að taka dæmi af manni, sem á gjaldheimtuseðli er krafinn um gjöld samtals að fjárhæð 60 þús. kr. Segjum, að hæsti liðurinn á seðlinum sé útsvar til Reykjavíkurborg fær ekki þessar 40 þús. kr. í sínar borgar maðurinn 40 þús. kr. fyrir áramót, en skuldar 20 þús. kr. Þá er litið svo á, að hann hafi greitt útsvarið að fullu og fær frádrátt skv. því. En Reykjavíkurborg fær ekki þessar þús. kr. í sínar hendur. Borgin fær aðeins ⅔ hluta af hinni greiddu fjárhæð, þar sem reglur um gjaldheimtuna mæla svo fyrir um, að eðlilegt er, að innheimtufé skiptist hlutfallslega jafnt milli hinna einstöku gjaldaliða. Að þessu leyti geldur Reykjavíkurborg þess að búa við gjaldheimtukerfi og er þannig verr sett en önnur sveitarfélög.

Áðurnefndum nýmælum 2. gr. er ætlað að bæta úr þessu með því að gera það að skilyrði fyrir útsvarsfrádrætti, að ekki einungis útsvarið, heldur öll gjaldheimtugjöldin séu að fullu greidd fyrir áramót.

Sá hængur er að vísu hér á, að með þessum hætti eru strangari kröfur gerðar til gjaldenda í Rvík en annars staðar, því að Reykvíkingar yrðu að greiða öll sín gjöld fyrir áramót til þess að fá útsvarsfrádráttinn, en annars staðar nægir að greiða útsvarið eitt. Því er ekki að neita, að hér er stofnað til nokkurs misréttis. En á fleira er að líta. Tilvera Gjaldheimtunnar er í húfi, og það væri Reykvíkingum ekki hagkvæmt, ef leggja þyrfti þessa stofnun niður, sem tryggir greiðvirkari og ódýrari innheimtu og skapar gjaldendum margvíslegt hagræði, sem þeir ella mundu missa af. Tekjuskattur og önnur gjöld, sem standa þarf skil á skv. niðurlagi 2. gr. frv., á sömu tímamörkum og útsvarinu, eru fyrir löngu gjaldfallin á þessum tímamörkum, og því er hér ekki um nýja kvöð að ræða fyrir skilvísa gjaldendur. Því verður heldur ekki neitað, að ríkið, almannatryggingarnar og sjúkrasamlagið hafa sjálfsagt svipaða þörf og Reykjavíkurborg á því að fá gjöld sín greidd á eðlilegum tíma.

Þó að hér sé fyrst og fremst talað um Reykjavík, má ekki gleymast, að heimilt er að koma á gjaldheimtukerfi hvar sem er á landinu, ef samningar takast um það milli ríkisins og sveitarfélaganna. Er því skynsamlegt að sníða af gjaldheimtukerfinu þá agnúa, sem reynslan hér í Reykjavík hefur leitt í ljós, til þess að auka líkurnar á því, að þetta kerfi verði einnig tekið upp annars staðar.

Þegar öllu er á botninn hvolft, álítum við, sem skipum 1. minni hl. heilbr.- og félmn., að nýmæli það, sem fólgið er í niðurlagi 2. gr. frv., eigi rétt á sér, og því er það tekið upp óbreytt í 3. brtt. okkar á þskj. 317. Með kröfunni um full skil til hinnar sameiginlegu innheimtu, svo að allt útsvarið verði frádráttarbært, er að sjálfsögðu átt við það, að gjaldandi sé skuldlaus við Gjaldheimtuna hinn 31. júlí og 31. des. ár hvert, og hálft útsvarið fær hann ekki dregið frá nema vera skuldlaus við Gjaldheimtuna hinn 31. desember.

Þegar l. um tekjustofna sveitarfélaga voru upphaflega sett á árinu 1962, fylgdi þeim bráða-

birgðaákvæði, þar sem segir, að við álagningu útsvara á árunum 1962—1967 sé heimilt að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt að því er varðar frádrátt vegna atvinnutekna eiginkonu, sjómannafrádrátt, varasjóðstillög félaga, flutning á tapi í atvinnurekstri milli ára og gjafir til menningar- og líknarmála. Þótti ekki fært í upphafi að fella alveg saman frádráttarreglur gagnvart tekjuskatti annars vegar og útsvari hins vegar, þótt að því marki bæri að stefna. Því var þetta bráðabirgðaákvæði sett og sveitarfélögum þar með veitt 5 ára aðlögunartímabil.

Í 4. gr. frv. er lagt til, að þetta 5 ára tímabil, sem nú er útrunnið, verði framlengt í önnur 5 ár. Ef þessi krafa næði fram að ganga, væri það spor aftur á bak. Æskilegt er að samræma sem mest reglur um frádrátt við álagningu tekjuskatts og útsvars til þess að gera skattaálagninguna einfaldari og koma í veg fyrir, að staðgreiðslukerfi það, sem nú er í undirbúningi, verði of þungt í vöfum. Sveitarfélögin höfðu enga ástæðu til að ætla, að framangreind frádráttarheimild yrði framlengd, enda hafa flest hinna stærri sveitarfélaga á síðari árum veitt fullan frádrátt vegna atvinnutekna eiginkonu, svo og sjómannafrádrátt, eða a.m.k. gengið langt í þeim efnum.

Niðurstaða okkar, sem stöndum að nál. á þskj. 316, var því sú í þessu efni að leggja til, að heimildin til að víkja frá reglum skattal. um frádrátt verði takmörkuð við tapsfrádrátt, varasjóðstillög og gjafir til menningar- og líknarmála og heimildin verði aðeins framlengd í 2 ár. Það er þetta, sem felst í 4. brtt. okkar á þskj. 317. Af þessu leiðir, ef till. verður samþykkt, að öll sveitarfélög verða við útsvarsálagningu í ár og eftirleiðis að veita fullan sjómannafrádrátt og frádrátt vegna atvinnutekna eiginkonu.

Að hinu leytinu skal það fram tekið, að hvorki í frv. né brtt. við það felst nein skerðing á heimild sveitarfélaganna til að undanþiggja bætur almannatrygginganna útsvarsálagningu og til að lækka útsvör gjaldenda, sem eru orðnir 65 ára að aldri, enda var þar ekki um bráðabirgðaákvæði að ræða.

5. og síðasta brtt. á þskj. 317 þarfnast ekki mikilla skýringa. Þar er berum orðum fram tekið, að l. komi til framkvæmda við álagningu útsvara og aðstöðugjalda og greiðslu aukaframlaga á árinu 1968. Jafnframt er tekið fram í till., að ákvæði um frádrátt á greiddu útsvari komi þó ekki til framkvæmda fyrr en við útsvarsálagningu á árinu 1969, enda var það aldrei meiningin, að menn, sem hafa greitt útsvar sitt að fullu fyrir síðustu áramót, nytu ekki fulls frádráttar við álagninguna á árinu 1968. Reglan um skil á fyrirframgreiðslu eigi síðar en 31. júlí kæmi því til framkvæmda á yfirstandandi ári og hefði áhrif á útsvarsfrádráttinn við álagningu útsvara á árinu 1969, og sama er að segja um gjaldheimturegluna.

Við 3. gr. frv. hafa engar brtt. komið fram. Með ákvæðum hennar er lagt til, að eignarútsvar verði sama og eignarskattur. Mun þetta hafa í för með sér tekjuaukningu fyrir sveitarfélögin. Til skýringar á þessari gr. nægir að vísa til grg. með frv.

Herra forseti. Hér að framan hef ég gert grein fyrir öllum brtt. okkar, sem skipum 1. minni hl. heilbr.- og félmn., og lýst afstöðu okkar til frv. í heild. Nú vænti ég þess, að sem flestir hv. þdm. geti fallizt á sjónarmið okkar, svo að tryggðar verði haldgóðar og raunsæjar endurbætur á l. um tekjustofna sveitarfélaga. Að lyktum vil ég vitna til þess, að nú fyrir skömmu var haldinn fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga, en þegar þessi fundur var haldinn, hafði heilbr.- og félmn. afgreitt þetta frv. og allar brtt. voru komnar fram. Á þessum fundi var samþ. shlj. að una við brtt. 1. minni hl. eða eins og segir í samþykktinni: „að gefnu tilefni tekur fulltrúaráðið fram, að það getur sætt sig við brtt. á þskj. 317 frá 1. minni hl. heilbr.- og félmn."

Frsm. 2. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Hv. 3. landsk. hefur gert hér grein fyrir áliti 1. minni hl., en þannig fór í þessari n., að n. klofnaði í 4 hluta, og er þó ekki mikið, sem á milli skilur, og mun það koma í ljós við atkvgr., að einstakir nefndarhlutar eiga sitt á hvað samleið hver með öðrum.

Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir mínum till. Það eru ekki mörg ár síðan farið var að lögbjóða sama útsvarsskala um allt land. Lengi vel gilti sú meginregla að jafna niður útsvörum eftir efnum og ástæðum. Hver sveitar-, bæjar- og borgarstjórn hafði þá í hendi sér, hverjar reglur hún setti sér við niðurjöfnun útsvara. Þetta var að mörgu leyti frjálslegt og virtist vera árekstralítið, í það minnsta í hinum fámennu sveitarfélögum. Síðustu árin hafa gilt sömu hámarksreglur fyrir allt landið, að því er varðar álagningu útsvara. Nær það bæði til fastákveðinna gjalda og heimildarákvæða l. Ef þarfir allra sveitarfélaga væru svipaðar, þá gætu þessar reglur verið nokkuð réttlátar, en það, sem á milli ber, er m. a., að þarfirnar eru mjög misjafnar og gjaldendur einnig misjafnlega sterkir fjárhagslega. Þó að sömu reglur gildi, eru útsvör afar misjöfn eftir því hvar er á landinu, og sömu útsvarsreglur hafa ekki heldur leitt til þess að jafna aðstöðumuninn á milli gjaldenda hinna ýmsu sveitarfélaga. Fasteignaskatturinn mun vera eini gjaldstofninn, þar sem fullt samræmi er á milli hjá hinum einstöku sveitarfélögum. Að því er varðar aðstöðugjaldið er það heimildarákvæði í l. og því á valdi sveitarstjórna hvort þær notfæra sér þessa heimild og þá hvað mikið og á hvern hátt. Skattstjórarnir reikna aðstöðugjaldið, eftir að sveitarstjórnir hafa sagt fyrir um það, hvort eða hversu mikið heimildin verður notuð. Þar sem einstaka sveitarstjórnir notfæra sér þessa heimild, en aðrar ekki, sé ég enga ástæðu til þess að breyta l. í þessum efnum, enda þótt hæstaréttardómur hafi fallið á annan veg en ýmsir hafa óskað sér. Ég tel að Alþ. eigi jafnan að setja sín l. án tillits til þess, hverju dómstólar og einstakir aðilar kunna að óska eftir hverju sinni.

Ég hef ýmislegt við þennan tekjustofn að athuga, ekki sízt það, að hann er byggður á rekstrargjöldum og fer hækkandi eftir því sem fleiri óhöpp henda, t. d. þegar veiðarfæri fara forgörðum hjá útgerðarmönnum eða tíðarfar er óhagstætt búrekstri bænda, grasbrestur og þar af leiðandi aukinn kostnaður við fóðurkaup samfara minni tekjum. Ég efast um það, að höfundar þessa heimildarákvæðis l. hafi gert sér þetta nógu vel ljóst í upphafi. Það virðist heldur ekki neinum hagstætt, hvorki sveitarstjórn, bæjarfélögum né íbúum þeirra, að íþyngja skattþegnunum og auka álögur á þá, þegar óhöpp dynja yfir. En þetta er eitt það versta við aðstöðugjaldið. Þennan gjaldstofn þarf því að skoða frá rótum og finna annan í hans stað, sem nær til eyðslunnar, en ekki til óhappanna. Meðan hér er um mjög vafasamt heimildarákvæði að ræða, sé ég ekki ástæðu til að breyta miklu í þessum efnum, þar sem fyrir liggur, að þennan tekjustofn þarf að endurskoða betur en hér er lagt til af 1. minni hl. n.

Ég er þeirrar skoðunar, að jöfnunarsjóð sveitarfélaga eigi að nota meira en nú er gert til þess að bæta aðstöðu þeirra sveitarfélaga, sem verst eru sett og minnst rými hafa til tekjuöflunar, því að eins og nú er, verður að skapast vandræðaástand innan bæjar- eða sveitarfélaga, áður en nokkur aðstoð er hugsanleg úr jöfnunarsjóði, þar sem nýta verður hvern einasta tekjustofn eins og auðið er samkvæmt lögum og leggja að auki 20% ofan á útsvör, að því er varðar tekju- og eignarútsvörin.

Ég vil taka það fram, að ég er sammála 1. minni hl. n. um breytingar á 31. gr. laga um frádrátt á útsvari frá hreinum tekjum. Hins vegar tel ég gegna öðru máli um síðari hl. 2. gr. þessa frv., þar sem talað er um sameiginlega innheimtu útsvars og annarra opinberra gjalda. Á meðan ekki gilda sömu reglur um frádrátt á skatti frá hreinum tekjum, tel ég bezt að halda þessu hvoru fyrir sig, tekjum sveitarfélags annars vegar og tekjum ríkissjóðs hins vegar, og einnig að innheimtan verði þar af leiðandi óháð hvor annarri. Ég legg því til, að síðari hl. 2. gr. þessa frv., sem 1. minni hl. n. mælir með, falli niður.

Eins og fram kemur í brtt. minni, legg ég enn fremur til, að 34. gr. l. breytist þannig, að hækkun útsvars megi ekki fara fram úr 5% í stað 20%, sem nú er í l. Ef bæjar- eða sveitarfélag kemst ekki af með alla tekjustofna í hámarki og 5% ofan á tekju- og eignarútsvör að auki, þá er gjaldabyrði gjaldenda í hlutaðeigandi sveitarfélagi það þungbær, að nauðsyn krefst þess, að hjálp komi til og jöfnuður eigi sér stað strax úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga, því að annars fara flestir gjaldendur burtu, á meðan útsvör eru lægri annars staðar, hjá öðrum sveitarfélögum. Af framansögðu tel ég nauðsynlegt að lækka þann hundraðshluta, sem bæta skal ofan á útsvör áður en aukaframlag fæst til þess að fyrirbyggja fólksflótta og þar með að stuðla að því, að gjaldabyrðin jafnist betur milli sveitarfélaganna en nú er.

Þá vil ég taka fram, að ég er sammála 1. minni hl. n. um að stytta þann tíma, sem bráðabirgðaákvæði l. á að gilda, en jafnframt að fella niður strax heimildina um frádrátt vegna tekna eiginkonu og sjómannafrádráttinn, þannig að sömu reglur gildi í þessum efnum bæði varðandi tekjuskatt og útsvar.

Herra forseti. Ég hef í stórum dráttum gert grein fyrir brtt. mínum á þskj. 322. Jafnframt vil ég minna á nauðsyn þess að endurskoða gildandi l. um tekjustofna sveitarfélaga og finna nýja tekjustofna, sem geta orðið til þess að jafna þann aðstöðumun, sem nú ríkir við niðurjöfnun útsvara, og vænti ég þess, að hv.þm. geti fallizt á þær brtt., sem ég hef hér lagt fram.

Frsm. 3. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið í ræðu hv. 2. minni hl. heilbr.- og félmn., hefur þetta mál reynzt allerfitt úrlausnar í n. og enginn samstæður meiri hl. fengizt þar fyrir afgreiðslu málsins. Ástæðurnar til þess eru í fyrsta lagi þær, að öllum nm., að ég held, voru ljós veruleg vansmíði á frv., eins og það kom frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, og að óljóst yrði, hvernig það yrði framkvæmt á allar greinar. Í öðru lagi voru svo mismunandi skoðanir á einstökum efnisatriðum frv., og í þriðja lagi kom það svo til, að gerð frv. öll var heldur einstrengingslega miðuð við þrengstu gjaldkerasjónarmið sveitarstjórnarmanna, og hygg ég, að flestir nm. hafi út af fyrir sig verið sammála um það, en hins vegar, eins og fram hefur komið, voru uppi skiptar skoðanir um það, hversu langt skyldi gengið til móts við þau viðhorf, sem virðast ráða einu og öllu hjá höfundum frv., en þeir eru, eins og ég áður sagði, virðuleg stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Það er því svo, að flestar brtt., sem gerðar eru — og þær eru við allar gr. frv., — hníga í þá átt að draga nokkuð úr kröfum frumvarpshöfunda um harðari gjaldheimtu en heimiluð er samkv. gildandi l., og uppkveðnum dómum um skilning á þeim l. Brtt. horfa því að mínu viti yfirleitt til bóta, svo langt sem þær ná.

Ég hefði eftir atvikum getað orðið samferða öðrum meðnm. mínum varðandi flestar brtt. með þeim hætti, að ég fylgdi ýmist till. 1. eða 2. minni hluta, en till. 2. minni hluta falla hins vegar að verulegu leyti saman við till. 4. minni hl. Þessi samfylgd um afgreiðslu málsins hefur þó ekki tekizt að fullu frá minni hálfu, þar sem ég hef sérstöðu varðandi 2. gr. frv., sem ekki átti fylgi annarra nm., og flyt ég því sérstaka brtt. varðandi þá grein í samræmi við mína skoðun á henni. Brtt. er á þskj. 331.

Um afstöðu mína til einstakra gr. frv. og brtt., sem fram hafa komið, vil ég annars segja þetta. Breytingin, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., er eins og kom hér greinilega fram og rakið var af hv. frsm. 1. minni hl., til komin vegna gengins hæstaréttardóms um aðstöðugjöld fjölþætts atvinnurekstrar, en dómurinn gengur út á það, að

óheimilt sé að leggja — a.m.k. í því tilfelli, sem um var að ræða, og öðrum svipuðum — aðstöðugjald á hvern þátt rekstrarins, heldur beri að leggja hann á rekstrargjöld fyrirtækisins sem heildar. En það er andstætt þeirri framkvæmd, sem hefur viðgengizt varðandi þessa lagagrein, en að mínu viti er dómur hæstaréttar hins vegar rökréttur og réttlátur miðað við öll lög og venjur í skattamálum, því að kjarni hans er í raun og veru sá, að fyrirtæki, sem er sjálfstæður skattaðili, sé ekki í reynd klofið niður til þess að margleggja gjöld á sama gjaldstofn. Þessi dómur er því raunverulega dómur gegn margsköttun, en stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur ekki viljað una þessum skilningi hæstaréttar á lagaákvæðum og hefur því átt frumkvæði að því, að hér sé flutt frv. til þess að hnekkja þessum dómi.

Ég vil taka undir þá skoðun, sem fram kemur í nál. hv. 4. minni hl., að það er ærið hæpin aðferð að hlaupa til og breyta l., til þess að dómur geti ekki orðið ráðandi um skilning á l. Það er atriði út af fyrir sig. En rök þeirra, sem að þessu standa, eru þau, eins og kom fram hér í ræðu hv. 1. minni hl. n., að með þessu móti, með þeim skilningi, sem hæstiréttur hefur lagt í þessa lagagrein, sé fjölþættur atvinnurekstur látinn njóta forréttinda og gjaldendum sé mismunað. Að mínu viti forðar sú breyting, sem þeir vilja á þessu gera, ekki mismunun, a. m. k. ekki í öllum tilfellum, og upp hlýtur að rísa fjöldi álitamála um það, hvernig framkvæma beri þessa lagagrein svo breytta sem hér er lagt til, og vafalaust þurfa einhverjir hæstaréttardómar að ganga, áður en menn eru allir á einu máli um það, hvaða skilning beri að leggja í það, þó að þessu sé svona breytt.

En það, sem ég tel þó alveg aðalatriði varðandi þetta, er það, að ef á að taka upp þann hátt að kljúfa rekstur fyrirtækja niður til þess að geta náð tvöföldum eða jafnvel margföldum gjöldum af þeim, þá er um leið verið að afneita raunverulegu og lögmætu rekstrarformi gjaldenda, og ef það á að gera, hygg ég, að það þurfi að mörgu fleira að hyggja í því sambandi. Sannleikurinn er sá, að fjölþættur atvinnurekstur í þeim skilningi, sem hér er lagður í það hugtak, nýtur síður en svo forréttinda samkvæmt íslenzkum skatta- og útsvarslögum. Það er kunnara heldur en frá þurfi að segja, að fjöldi fyrirtækja hefur farið þá leið að greina rekstur sinn t. d. í mörg hlutafélög. Jafnvel fyrirtæki, sem eftir öllum eðlilegum hætti ætti að vera eitt fyrirtæki, er kannske klofið niður í 10 eða jafnvel fleiri hlutafélög, einmitt til þess að sleppa betur frá skattheimtu. Þetta veit ég, að öllum hv. þdm. er kunnugt um. En dómurinn er hins vegar að mínu viti ofurlítið lóð á þá vogarskál að hindra slíkt, um leið og undirstrikuð er sú regla, að sami aðili sé ekki margskattaður af sama gjaldstofni. Ég er því hiklaust þeirrar skoðunar, að ef heimild til aðstöðugjalda á yfirleitt að vera í l., svo umdeild sem þau gjöld eru, þá eigi hiklaust að hlíta dómi hæstaréttar um skilning á l. eins og þau nú eru. Af framangreindum ástæðum styð ég till. 2. minni hl. — eða 4. minni hl. eftir atvikum — um þetta efni.

Þá er næst að geta 2. brtt. 1. minni hl. á þskj. 317. Henni voru allir nm. sammála, og sé ég ekki ástæðu til að gera henni frekari skil en hér hefur verið gert.

Í 2. gr. frv. eru tvö efnisatriði. Í fyrsta lagi er þar um að ræða herðingu refsiákvæða, ef gjöld eru ekki greidd innan ákveðins tíma, og í öðru lagi eru svo settar sérreglur fyrir Reykvíkinga vegna starfa Gjaldheimtunnar. Að mínu viti eru gildandi reglur um Gjaldheimtuna alveg nógu strangar, jafnvel of strangar, og ég tel með öllu ástæðulaust að gera þar breytingu til þess að herða á gjaldheimtuaðferðum. Og ekki kannske sízt vegna þess, að framkvæmdin sjálf er iðulega harðari heldur en l. standa til, og væri þess vegna frekar ástæða til þess að veita gjaldendum einhverja vernd gegn of harðri gjaldheimtu en að setja enn þá strangari reglur heldur en nú eru í gildi.

Ég held, að það sé rétt í þessu sambandi að átta sig ofurlítið á því, hvaða reglur eru nú í gildi varðandi sjálfa gjaldheimtuna og hvaða viðurlögum menn verða að sæta, ef þeir greiða ekki sín gjöld á réttum tímum. Það er þá í fyrsta lagi, að frádráttarheimild bæjarfélaganna til þess að draga útsvar frá við álagningu er bundin við, að greitt sé fyrir áramót. Í öðru lagi eru svo reglur 47. gr. tekjustofnalaganna um 10 gjalddaga á ári, en þar er einnig ákvæði um það, að vangreiðsla á einum gjalddaga veldur því, að allt útsvarið fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddaga. Í þriðja lagi eru svo kaupgreiðendur ábyrgir vegna launþega, sem hjá þeim vinna, samkv. a-lið 40. gr. og ber að gera skil á gjöldum innan tveggja vikna frá því þau eru tekin af launþegum. Í fjórða lagi eru svo ákvæði um dráttarvexti, 1% á mánuði, fyrir mánuð eða brot úr mánuði samkv. 62. gr. tekjustofnalaganna, og í fimmta lagi svo heimildir til þess að taka gjöld ásamt áfallandi dráttarvöxtum lögtaki, þ. e. a. s. aðfararheimild. Mér virðist því, þegar athugað er, hve strangar reglur hér eru í gildi, að bæjarfélögin ættu að vera sæmilega trygg með að fá sitt nokkurn veginn með skilum, og a.m.k. virðist mér auðsætt, að enginn fjármálaaðili í landinu, nema þá kannske ríkissjóður, njóti slíks réttar til innheimtu á fjárkröfum sínum sem sveitarfélögin gera.

Ég tel þess vegna herðingu á innheimtuaðferðum og á refsingum í því sambandi fráleita tillögugerð, ekki sízt vegna þess, eins og ég sagði áðan, að framkvæmdin er jafnvel enn harðhentari heldur en lög standa til. Það er til dæmis vitað, að f-liður 48. gr., sem á þó að vera fátækari hluta fólks einhver vernd gegn of harðri skattheimtu, er iðulega þverbrotinn. Það er ekki látið sitja við það að taka þann hluta gjaldanna, sem þar er heimilaður og það reynist oft fyrir þá, sem minna mega sín, æði löng leiðin til keisarans í þessu efni eins og mörgum öðrum, þegar til þess kemur að framfylgja því, sem í þessum lið stendur, að ekki megi krefja útsvarshluta af manni samkv. c-

og f-liðum, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífsþörfum hans að dómi framfærslunefndar. Ég hygg, að þess séu mörg dæmi, að þarna sé gengið miklu lengra en geta manna raunverulega leyfir og það sé ekki óalgengt, að launafólk fái launaumslögin sín tóm að öðru leyti en því að í þeim séu kvittanir fyrir áföllnum opinberum gjöldum. Það er líka ekki óalgengt, að kaupgreiðendur, t. d. útgerðarmenn, láti þá, sem hjá þeim vinna, ekki hafa kvittanir fyrir greiddum sköttum, og þetta veldur því oft á tíðum, að t.d. sjómenn hafa ekki fengið útsvarsfrádrátt við álagningu, jafnvel þó að þeir hafi verið búnir að greiða sín gjöld að fullu til atvinnurekanda síns, en atvinnurekendurnir hafa hins vegar forðað sér frá því að lenda í sektum eða jafnvel undir dómum með því að vanrækja að gefa viðkomandi kvittanir fyrir greiðslunni. Ég ætla, að það hefði þess vegna ekkert síður og jafnvel frekar verið ástæða til að athuga, hvernig framkvæmdir eru á þessum atriðum, áður heldur en farið er að herða verulega á þeim margvíslegu ákvæðum, sem í gildi eru og ættu að vera alveg fullnægjandi til þess, að sveitarfélögin og aðrir opinberir aðilar geti fengið sitt.

Ég held, að það leiki sér enginn að því að missa útsvarsfrádrátt, ef hann nemur einhverju, eða fá á sig dráttarvexti, eða verða að sæta lögtaki eða öðrum slíkum refsingum fyrir vanskil, sem geta auðvitað oft á tíðum stafað af lítt fyrirsjáanlegum óhöppum, sem hafa valdið snöggri tekjuskerðingu. Og ég held, að t.d. þeir miklu erfiðleikar, sem hafa orðið á vegi sjómannastéttarinnar núna í sumar vegna þeirrar miklu tekjuskerðingar, sem sjómannastéttin hefur orðið fyrir, ættu að vera mönnum vísbending í þessum efnum, en það hefur verið vandamál, sem hefur verið erfitt úrlausnar, hvernig sjómannastéttin ætti að komast fram úr því ári, þar sem tekjur manna hafa í mörgum tilfellum ekki dugað til þess að greiða opinber gjöld, sem miðuð eru við tekjur næsta árs á undan.

Ég verð að játa, að ég er algerlega andstæður því, sem ég leyfi mér að kalla í nál. vélrænt tillitsleysi í skattheimtu. Ég álít, að herðing á því komi þess vegna ekki til greina sem neitt sanngirnismál og hér sé um algerlega óþarfa harðýðgi að ræða. Það er upplýst, að við núverandi aðstæður koma 70—80% af gjöldum til sveitarfélaganna inn á 10 gjalddögum. Verður það að teljast alveg viðunanleg útkoma fyrir sveitarfélögin og þess vegna sé ekki ástæða til þess að breyta hér reglum. 2. gr. felur svo einnig í sér sérreglu og strangari reglur hjá ríkasta bæjarfélaginu í landinu, Reykjavíkurborg, þar sem ekki á að nægja eins og annars staðar, að menn hafi greitt útsvarið sitt, heldur einnig öll önnur opinber gjöld, ef þeir eiga að fá útsvarsfrádráttinn. Ég tel ákaflega hæpið að hafa hér tvenn lög í gildi, önnur fyrir Reykvíkinga og hin fyrir aðra gjaldendur í landinu, og að það sé út af fyrir sig ekki gott fordæmi. Ég vil líka segja það, að ég tel, að herðing á þessum ákvæðum sé óframkvæmanleg af stjórnvöldum, sem hafa lofað staðgreiðslukerfi skatta á hverju ári, en að vísu vanefnt, og það væri réttara fyrir stjórnarvöld að snúa sér að því að efna þau loforð, sem þau hafa gefið um staðgreiðslukerfi skatta, sem mundu leysa margan vanda, bæði í þessu tilliti og öðru, heldur en að koma hér með slík frv.-ákvæði sem hér er um að ræða. Ég álít líka, að í þessu felist þau óeðlilegu ákvæði, að menn séu ekki lengur sjálfráðir um það, hvaða skuldir þeir greiða. Ég held, að það sé almenn viðskiptaregla, að menn geti þar valið og hafnað og látið eitt gjald, sem þeir eiga að inna af hendi, frekar sitja fyrir öðru, en hér er sá réttur greinilega tekinn af mönnum. Ég held, að það væri í samræmi við venjuleg fjármálaviðskipti, að sá, sem á skipti við Gjaldheimtuna, geti valið á milli þess, þegar hann kemur með ákveðna peningaupphæð, í hvaða gjöld það fer og í hvaða gjöld það fer ekki. Mér finnst allt annað vera óeðlilegt út frá venjulegum sjónarmiðum í viðskiptum fjármálaaðila, en hér er greinilegt, að sú regla er brotin. Ég hef þess vegna í samræmi við þetta, sem ég hef nú sagt, flutt brtt. varðandi 2. gr., sem felur það í sér, að menn fái frádrátt að svo miklu leyti sem þeir hafa greitt, og tel þá skipan mála eðlilega, að smávægileg vanskil geti ekki valdið því, að menn missi þennan rétt. Hins vegar vil ég svo segja það, að ég tel út af fyrir sig, að frádráttarheimildin sé ákaflega vafasamt atriði og þyrfti endurskoðunar við, en meðan hún er í gildi tel ég eðlilegt, að menn fái frádráttinn í samræmi við það, sem þeir hafa greitt.

Um 3. gr. frv. er það að segja, að það var eina greinin, sem menn voru sammála um, og hún felur í sér nokkuð aukna tekjumöguleika fyrir bæjarfélögin, en allir töldu eðlilegt, að ákvæði hennar væri í samræmi við ákvæði um tekjuskatt.

Varðandi 4. gr. vil ég segja það, að ég felli mig við 4. brtt. 1. minni hl. á þskj. 317. Það er að vísu svo, að það kann að virðast fljótt á litið eðlilegast, að ákvæði tekjuskatts- og útsvarslaga séu að fullu samræmd varðandi atriði eins og sjómannafrádrátt, frádrátt vegna vinnu eiginkonu og annað, sem þarna kemur til álita, en eftir öllum atvikum felli ég mig við þessa till., sem þarna er flutt, þ. e. að bæjarfélögin séu skyldug til þess að veita frádráttinn varðandi sjómenn og varðandi vinnu eiginkonu enn um sinn. Ástæðan til þess, að ég tel ekki rétt að samræma þetta að fullu, er fyrst og fremst sú, að ég tel ákvæði tekjuskattslaga um færslu taps milli ára, taps, sem er fengið með fáránlegum fyrningarreglum, þannig vaxin, að það séu þau sjálf, sem þarfnast endurskoðunar, og þess vegna sé ekki tímabært að samræma þetta fyrr en þau hafa verið færð í réttara horf, en meðan tap er hægt að fá hjá fyrirtækjum með því að nota afskriftarreglur, sem heimila 20% afskrift, þá tel ég ekki ástæðu til þess að áðurnefnd regla sé útfærð til hlítar af sveitarfélögum og svipað er að segja varðandi varasjóðstillögin. Þessi atriði álít ég að þurfi endurskoðunar við og séu ekki þannig vaxin, að ástæða sé til þess að útfæra þau einnig varðandi útsvörin.

Ég hef þá, herra forseti, gert grein fyrir afstöðu

minni til þessa frv. í meginatriðum og læt þessi orð mín nægja að þessu sinni.

Frsm. 4. minni hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Ég er nú kallaður 4. minni hl. þessarar n., en í raun og veru tilheyri ég um flest efnisatriði stóra minni hl. og mynda þá með honum meiri hl., en einhvern veginn þótti það nú skemmtilegra í n. að vera ekki að mynda alltof stóra flokka og að frjáls hugsun einstaklinganna fengi að sýna sig í sem flestum afbrigðum í nál. Ég vil byrja mál mitt með því að bera sérstakt lof á hv. frsm. og þakka honum þá miklu vinnu, sem hann hefur lagt í þetta ákaflega lítið aðlaðandi mál, en svo má víst að orði kveða um tekjustofna sveitarfélaga, hvort heldur er frá löggjafans sjónarmiði eða kjósandans, umbjóðanda okkar, því að ekki þykir honum þessi löggjöf skemmtileg, þegar hún er komin á pappírinn og staðfest. En sem sagt, í málið hefur verið lögð mikil vinna og enginn vafi er á því, að þær brtt., sem hv. 1. minni hl. flytur, eru allar til bóta, nema kannske sú við 4. gr., og gera þær frv. á allan hátt aðgengilegra en það var áður.

Mínar till. til breytinga eru ákaflega ljósar og auðskiljanlegar. Þær eru um það að fella niður tvær greinar, þá 1. og 4. Það hefur þegar verið nefnt, hvert tilefni 1. gr. er. Það er tví- eða margsköttun á svokölluðum fjölþættum atvinnurekstri, þar eru sett fyrirmæli um það, hversu megi leggja aðstöðugjald á sama aðila að lögum fyrir áframhaldandi starfsemi að sama verkefni. Það, sem hefur valdið öllu uppnáminu, er nú frekar einfalt mál. Einn ágætur iðnaðarmaður úti á landi framleiddi dívana. Hann er þrifamaður og flytur þá í verzlunarhúsnæði með pússuðum glugga og hefur þar stúlku til að sýna þá og afgreiða til viðskiptavinanna. Þetta gera hinir ötulu skattheimtumenn sveitarstjórnarinnar á stað þeim, þar sem maðurinn býr, að tveimur atvinnurekstrarþáttum og heimta tvöfalt aðstöðugjald. Hins vegar þarf nágranni þessa sama dívanaframleiðanda, sem selur sína dívana í rykugri kompu í bakhúsi, ekki að greiða aðstöðugjald nema einu sinni. Nú hafði hæstiréttur komizt að þeirri niðurstöðu, að dívanar séu framleiddir af báðum þessum mönnum í því skyni að selja þá og að þeir eigi að greiða skatt einu sinni, hvort sem salan fer fram í bakhúsinu eða framhúsinu, hvort sem þeir leggja í þann aukakostnað að hafa afgreiðslumann við að selja þá eða ekki. Hæstiréttur segir það ekki skipta neinu máli, og þarna finnst mér hæstiréttur, eins og svo oft, tala fyrir munn heilbrigðrar skynsemi og það sé ekki allra minnsta ástæða til að láta sér bregða, þó að maður heyri þessa rödd. Svo má búa til alls konar önnur dæmi. Það má segja að einhver aðili eigi sláturhús og svo sé blóðmör, sem sé búinn til úr innmatnum frá því sláturhúsi, étinn á hóteli, sem sami aðili eigi, hvort þá eigi að greiða skatt einu sinni eða tvisvar. Ef menn eru í vafa um það, þá er bara að láta hæstarétt dæma aftur. Við skulum fá fleiri úrskurði dómstólanna um þessi mál. Til þess eru þeir settir að túlka þau lög, sem þessi vísa samkoma hér setur. Við og fyrirrennarar okkar og væntanlega þeir, sem á eftir okkur koma, við getum ekki séð öll tilvik fyrir, ekki nefnt öll hugsanleg tilvik í lagagreinunum, en dómstólarnir reyna að færa þetta til samræmis og eftir mætti til heilbrigðrar skynsemi. Það er það, sem hér hefur átt sér stað, annað ekki. Það er talað um, að það skapi réttaróvissu, ef ekki sé gerð breyting á þessum lögum, en það skapar engu minni réttaróvissu, þótt greinin væri samþykkt eins og hv. 1. minni hl. vill breyta henni. Að vísu er sú breyting til stórra bóta, en hún er þó þannig, að hún er bersýnilega lögfræðingamatur, tilefni til margra hæstaréttarmála og deilna fyrir dómstólunum milli gjaldenda og sveitarstjórna. Þess vegna vil ég fara þá einföldu leið að fella þessa gr. niður með öllu.

4. gr. vil ég einnig fella niður. Þar var sveitarstjórnunum gefið fimm ára aðlögunartímabil um það að koma þessum sérstöku undanþáguákvæðum í samræmi við skattalögin. Þetta finnst mér hafa verið alveg nægur tími, sveitarstjórnirnar eiga enga heimtingu á lengri tíma heldur en þessum. Ég er gersamlega sammála röksemdum frsm. hv. 1. minni hl. í því efni. Mér fannst aðeins á skorta, að hann drægi hina rökréttu ályktun, þá að Alþingi ætti ekkert að vera að eltast við þetta nöldur í hinum ágætu sveitarstjórnum, heldur að gera það, sem alltaf var ætlunin, að láta ein lög gilda um allt land um þetta atriði, láta sömu reglu gilda um undanþágur frá útsvari og tekjuskatti. Hitt er svo allt annað, hvort reglurnar í tekjuskattslögunum, eins og þau eru nú, eru réttar. Þar er ég alveg tilbúinn að setjast við samningaborðið með öðrum hv. þingmönnum um það, hvort ekki kynni að vera ástæða til endurskoðunar, en sannast sagt finnst mér það nú frekar vera hæstv. ríkisstj., sem ætti að taka það mál til athugunar í góðu tómi í sambandi við ýmsar aðrar athuganir á skattalöggjöfinni.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þegar ég lagði þetta frv. hér fram og gerði grein fyrir því við 1. umr., þá skýrði ég frá því, sem öllum hv. þdm. er kunnugt, að frv. hefði verið samið af Sambandi ísl. sveitarfélaga og væri flutt eftir ósk þess og hefði ég talið sjálfsagt, þar sem ég færi með fjárhagsmál þeirra, að verða við þeirri ósk að flytja þessa till. þeirra hér inn í þingið. Ég tók það hins vegar fram, að þó að frv. væri flutt sem stjfrv., þá væri það ekki með þeim venjulega hætti gert, að stjórnin gerði það endilega í einstökum atriðum að sínu máli, heldur væri málinu komið hér á framfæri, og vitandi um það, að hér á Alþ. hefðu menn vafalaust ríkan skilning á vandamálum sveitarfélaganna, þá ætti ekki að þurfa að óttast um það, að menn tækju ekki með skilningi þessum till. sveitarstjórnasambandsins. En ég tók það fram, að vitanlega væri það algjörlega meinfangalaust frá minni hendi, þó að hv. n., sem fengi málið til meðferðar, gerði á því einhverjar breytingar. Hins vegar vonaðist ég til þess, að þær breytingar yrðu

ekki gerðar, án þess að um þær yrði haft samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og leitazt við með öllum tiltækilegum ráðum að fá sem víðtækasta samstöðu um þær breytingar. Nú hefur það að vísu gerzt, sem mun vera, að ég hygg, nokkurt einsdæmi hér á Alþ., að n. hefur fjórklofnað. Ég man sannast sagna ekki eftir öðrum dæmum um það, að þingnefnd hafi skilað fjórum nál. en í þessu eina tilfelli hér. Hins vegar kemur það í ljós við nánari athugun málsins, að ágreiningur er e.t.v. ekki eins djúpstæður milli hinna einstöku nefndarhluta og af fjölda nál. mætti ætla, þannig að sem betur fer er þó víðtækari samstaða um málið í meginefnum heldur en virðist í skjótu bragði. Ég vil taka undir þakkir hv. síðasta ræðumanns, 4. þm. Reykn., til 1. minni hl. n. og formanns hennar fyrir það mikla starf, sem lagt hefur verið fram af þeirra hendi til þess að reyna að ná samstöðu í nefndinni. Þó að það hafi ekki tekizt, þá er það ekki fyrir það, að ekki hafi verið lögð áherzla á að reyna að teygja spottana saman, þannig að hægt væri að hnýta nál. meira saman heldur en útkoman bendir til.

Ég skal ekki fara út í umr. um einstök atriði, eins og þau hafa legið hér fyrir í einstökum brtt., en taldi aðeins rétt, að það kæmi hér fram við umr. að ég fyrir mitt leyti get algjörlega fallizt á till. 1. minni hl. n. og tel, að það væri vel viðunandi afgreiðsla á málinu, ef hv. þd. gæti fallizt á að afgreiða frv. með þeim breytingum. Breytingar 1. minni hl. eru að vísu nokkrar, en skipta ekki, að því er mér sýnist, því meginmáli, að það haggi þeirri undirstöðu, sem frv. byggist á. Mér kom það ekki á óvart, að ágreiningur yrði um ýmis atriði þess, svo að hugleiðingar kæmu fram um breytingar á þeim, en það sem ég tel aðeins máli skipta, er, að það séu ekki gerðar umfangsmiklar breytingar, sem snerti þann grundvöll, sem tekjustofnakerfi sveitarfélaganna byggist á. Og það má raunar e. t. v. segja, að engin þessara till., þó samþykkt yrði, haggi þeim grundvelli, nema ef segja má sú till., sem hv. 4. þm. Norðurl. e. flytur hér, sem mér skilst fela í sér þá rýmkun, að þó að menn séu ekki búnir að greiða upp fyrir áramót útsvar sitt, þá eigi þeir engu að síður að njóta fríðinda af því, sem þeir hafa greitt. Það tel ég mjög viðurhlutamikið, ef slík till. yrði samþykkt og hlyti að hafa mjög ill áhrif á útsvarsinnheimtu sveitarfélaganna.

Varðandi 1. gr. frv. má auðvitað endalaust um það deila fram og aftur, hvaða sjónarmiði menn eigi að fylgja, þegar slíkt kemur fyrir, að dómstóll kveður svo á, að venja, sem skapazt hefur um framkvæmd tiltekinna laga, sé ekki rétt. Ég held hins vegar, að það séu mjög eðlileg viðbrögð, þegar slíkt ástand skapast, að það sé leitazt við að gera lögin ótvíræð um það, hvað fyrir mönnum hafi vakað. Það getur svo verið spurning út af fyrir sig, hvernig menn vilji bregðast við, hvort menn vilji í meginefnum fallast á dómsniðurstöðu, er segir, að lögin eigi að vera á þann veg skilin, eða hvort menn vilja, að lögin verði færð í það ljósari búning, að þau verði framvegis túlkuð eins og þau hingað til hafa verið túlkuð af öllum þeim aðilum, sem lögin hafa átt að framkvæma. Það, sem fólst í frvgr., var að taka málið þeim tökum að gera það ótvírætt löglegt, sem gert hefur verið að undanförnu af skattyfirvöldum í sambandi við framkvæmd þessarar skattálagningar eða útsvarsálagningar að þessu leyti. Þó að við fellum niður þessa gr. frv., verður vitanlega sú óvissa áfram við lýði, vegna þess að því fer víðs fjarri, að hæstiréttur hafi kveðið upp ótvíræðan dóm um það, hvernig með eigi að fara í öllum þeim mörgu tilvikum, þar sem um blandaðan atvinnurekstur er að ræða, þannig að verði fallizt á það sjónarmið, að það eigi að fella þessa gr. úr l., hlýtur að sjálfsögðu mikil óvissa að verða áfram ríkjandi.

Hv. 1. minni hl. n. hefur reynt að fara hér bil beggja, reynt að gera þessi ákvæði skýr, en taka þó tillit til sjónarmiða þeirra manna, sem segja, að það hafi í rauninni verið sanngjarn og eðlilegur úrskurður sem hæstiréttur kvað upp. Ég mundi fyrir mitt leyti telja þetta viðhorf hv. 1. minni hl. n. rétt og skynsamlegt, því að vitanlega er það grundvallaratriði, hvað sem menn segja um dóma, að reyna að ganga þannig frá málum, að það verði ótvírætt fyrir þá, sem framkvæma eiga l., hvernig þeir eigi að framkvæma þau. Og ég held því, að það séu eðlileg viðbrögð frá Alþ. og í rauninni Alþingis skylda, þegar svona atriði rísa, að það verði reynt að gera það sem ótvíræðast. Hitt er þó auðvitað annað mál, að það er í mörgum greinum svo, að það er erfitt og raunar lítt gerlegt að sjá fyrir öll hugsanleg tilvik, er geta valdið ágreiningi og vafaatriðum, þannig að það er vafalaust rétt, sem hv. 4. þm. Reykn. sagði, að það getur áfram risið ýmiss konar ágreiningur, þó að þessi lagagr. yrði samþ. eins og hv. 1. minni hl. leggur til, að hún verði samþ. Engu að síður tel ég nú, að það væri til bóta, að það verði gert og það væri rétt að gera það, úr því að menn telja þó, að það sé í meginefnum veruleg lagfæring eftir sjónarmiðum þeirra, sem telja, að greinin, eins og hún er orðuð í frv., hafi verið óheppileg.

Varðandi það svo, hvort menn telja æskilegt að veita sveitarfélögum aðstöðu til þess að innheimta sín gjöld með þessum eða öðrum hætti eða veita aðhald í sambandi við innheimtu, er það auðvitað rétt, að sjónarmið gjaldandans er alltaf slíkt, að það sé ekki líklegt til vinsælda að stuðla að fastari tökum í þessum efnum. En fram hjá hinu verður auðvitað aldrei komizt, að sveitarfélögin verða að standa undir þeim skuldbindingum, sem löggjafinn ætlar þeim að inna af höndum og sem hlutverk þeirra segir til um, þannig að þetta fé verða þau að fá með einhverjum hætti. Við getum haft mismunandi skoðanir um það, hvort það eigi að nást með þessum eða öðrum hætti, en féð verður að fást; í fyrsta lagi að leggjast á borgarana og í öðru lagi verður að gera ráðstafanir til þess að hægt sé að innheimta það. Fram hjá þessu komumst við held ég ekki með nokkru móti.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða fleiri orðum, svo

að ekki þurfi að lengja þessar umr., en ég vildi aðeins að lokum víkja að því, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að ríkisstj. hefði ár eftir ár lofað staðgreiðslukerfi skatta. Ég leyfi mér að andmæla mjög þessari fullyrðingu. Það er að vísu svo, að fyrir nokkrum árum síðan mun þáv. fjmrh., sem tók þetta mál upp, hafa talið líklegt, að það væri hægt að innleiða staðgreiðslukerfi skatta jafnvel um næst síðustu áramót, ef mönnum sýndist að það væri rétt að gera það. Það mál var þá algerlega ókannað og alveg óvíst, hvort mönnum að athuguðu máli þætti rétt að innleiða staðgreiðslukerfi skatta. Síðan hefur verið að þessum málum unnið með þeim hætti, að það hefur verið aflað mjög ítarlegra upplýsinga um staðgreiðslukerfið, og jafnframt skoðaðar íslenzkar aðstæður og hvað gera þyrfti til breytinga á íslenzkum skattalögum til að innleiða slíkt kerfi. Og þessar athuganir leiddu það ótvírætt í ljós, að hér væri um miklu flóknari vandamál að ræða en svo, að það væri hægt í fyrsta lagi að lögfesta það, eins og gert hafði verið ráð fyrir á þeim tíma, og í annan stað, að líklegt væri, að menn gætu myndað sér ákveðna skoðun um það, hvort yfirleitt ætti að lögfesta það eða ekki, miðað við okkar aðstæður. Síðan hefur áfram verið unnið að málinu á þeim grundvelli, eftir að allar þessar upplýsingar og skýrslugerðir höfðu verið teknar saman, að kosin var sérstök n. af Alþ. til þess að vinna að málinu, og sú n. hefur nú málið til meðferðar, þannig að ég sé ekki betur en það hafi verið að því unnið með öllum eðlilegum hraða og ég held, að allir þeir, sem um málið hafa fjallað og hafa kynnt sér það hér á Alþ., hafi gert sér grein fyrir því, að þetta mál er miklu umfangsmeira heldur en menn héldu í byrjun og miklu fleiri vafaatriði í því en svo, að það sé hægt að gera sér grein fyrir þeim með skjótum hætti. Enda hefur reynslan orðið þannig í öðrum löndum, þar sem þetta hefur verið innleitt, að það hefur tekið mjög mörg ár frá því að byrjað var að undirbúa málið og þangað til kerfið var lögfest og enn þá liggur í rauninni ekkert fyrir um það hér frá hinu háa Alþ., hvort menn eru afdráttarlaust inni á því, að það skuli innleiða þetta kerfi. Það var að vísu tekin jákvæð afstaða til þess, þegar ákveðið var að skipa þn. eða mþn., en að öðru leyti hygg ég ekki, að þm. hafi bundið sig með það, þegar niðurstöður þeirrar n. liggja fyrir, hvort þeir að athuguðu máli telja rétt að gera það eða ekki. Þetta tel ég aðeins rétt að komi fram í sambandi við þessi ummæli hv. þm.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið ítarlega reifað hér af frsm. minni hl., þannig að ég veit, að hv. dm. hafa alveg gert sér ljóst, um hvað er deilt, og menn hafa rökstutt hér sín mismunandi sjónarmið, sem öll geta átt meira og minna rétt á sér. Það eru aðeins örfá atriði, sem hafa komið fram í framsöguræðum formælenda 2., 3. og 4. minni hl., sem ég vildi gera aths. við.

Það var hv. 4. þm. Reykn., sem gerði aths. hér við till. okkar í 1. minni hl., þá brtt. okkar, sem snertir 4. gr. frv., þar sem farið er fram á að framlengja í 5 ár bráðabirgðaákvæðin um frávik frá skattareglunum. Við vorum þeirrar skoðunar, eins og hann benti á, að þarna ætti að vera samræmi á milli og það væri ekki ástæða til þess að framlengja þessa heimild fyrir sveitarfélögin. Þó er það rétt, að í okkar till. eru þrjú atriði af fimm, sem þessi heimild tók til, framlengd í tvö ár. Það var aðeins gert til þess að koma til móts við sveitarfélögin, en þessi tilmæli sveitarfélaganna hér í frv. virtust benda til þess, að sveitarfélögin hefðu ekki búið sig undir það, að þessi bráðabirgðaákvæði féllu niður, þó að ég haldi hins vegar fram, að þau hafi enga ástæðu til þess að ætla, að þau verði framlengd. En þau höfðu ekki búið sig undir það, að því er virtist, og þess vegna töldum við sanngjarnt að koma þarna til móts við þau að þessu leyti.

Það atriði, sem hefur valdið hér einna mestu umtali, er 1. gr. og hún er um aðstöðugjaldið. Ég held, að hvað sem mönnum sýnist um þetta aðstöðugjald, sé það alveg ljóst, að þótt engin breyting væri gerð á ákvæðum tekjustofnal. um aðstöðugjald, mundi eftir sem áður eiga eftir að rísa margs konar dómsmálaágreiningsefni um, hvernig ætti að skilja þessi ákvæði. Ég vil t.d. vekja athygli á því, að í þessu máli, sem kom fyrir dómstólana og hæstarétt, hittist þannig á, maður gæti næstum sagt af tilviljun, að sama aðstöðugjaldsprósentan var notuð í viðkomandi sveitarfélagi bæði á iðnað og verzlun, og þar sem þetta var fyrirtæki, sem rak bæði iðnað og verzlun, reis ágreiningur um það, hvernig ætti að beita þessari reglu. Ef það hefði verið mismunandi prósenta, sem vissulega var heimilt að nota, þá kom það ekki til úrlausnar þarna í þessu máli. Mér finnst, að aðalatriðið sé það, að þegar svona ágreiningsefni og deilur hafa komið fyrir dómstólana, á auðvitað ekki, eins og hv. 4. þm. Reykn. hefur sagt, að fara að hlaupa til og breyta lögum til að rétta hlut sveitarfélaganna eiginlega án allrar athugunar og segja: Þarna hafa þau orðið fyrir áfalli, vegna þess að þessi dómur gekk svona. Nú breytum við bara l., þannig að þau eigi þennan rétt, sem þau töldu sig hafa, en dómstólarnir höfnuðu. Þannig á alls ekki að fara að.

Það er auðvelt að taka dæmi um einhvern fjölþættan atvinnurekstur og segja: Það er verið að leggja á þetta meira og minna tvöfalt aðstöðugjald eins og þetta hefur verið framkvæmt að undanförnu. Það er líka hægt að taka dæmi af atvinnurekstri, þar sem einn gjaldandi selur öðrum, hefur viðskipti við annan, sem mundi þá eiga allmiklu erfiðari aðstöðu gjaldlega séð heldur en hinn, sem hefur fjölþættari atvinnurekstur, ef l. væri ekki breytt. Þannig er hægt að taka fjöldamörg dæmi sitt á hvað, þar sem maður getur sagt: Ef reiknað er svona, þá er þetta ósanngjarnt fyrir þennan og ef reglan er hinsegin, er það ósanngjarnt fyrir hinn. Það, sem við erum að reyna að leita eftir í 1. minni hl. n., er að reyna að finna einhverja reglu, sem gæti verið sanngjörn og heil-

brigð til frambúðar, þar sem er ekki verið að ívilna öðrum hvorum aðilanum, þar sem ekki er stefnt að því að hafa aðstöðugjaldsregluna þannig að ívilna þeim, sem hafa fjölþættan atvinnurekstur, eða ívilna hinum, sem hafa einþættan rekstur. Við reynum að finna eitthvað, sem við teljum sanngjarnt og eðlilegt, og koma þarna til móts við báða aðilana. Og það er ekki undarlegt, þar sem aðstöðugjaldið er, eins og ég gat um í minni framsöguræðu, gjaldstofn, sem ekki hefur verið notaður hér nema í nokkur ár — þessi tekjustofnalög eru frá 1962 eða 1964 — það er ekkert óeðlilegt, þegar um svona nýjan gjaldstofn er að ræða, að reynslan leiði í ljós ýmis ágreiningsefni og ýmsa annmarka á þessum lagareglum, sem þurfi að taka til endurskoðunar og lagfæra.

Það er kannske óþarft að fara út í einhverjar fræðilegar deilur um aðstöðugjaldið, sem er, eins og hv. frsm. 2. minni hl. benti á, byggt á heimild, en ekki skyldu. En maður verður að líta á það, að þessi heimild er ákaflega mikið notuð, og ég held, að ekkert sveitarfélag mundi vilja vera án þessarar heimildar, og þetta er orðinn mjög almennur gjaldstofn. En það er kannske of langt mál að fara hér út í nokkrar fræðilegar deilur um það, hvort þetta aðstöðugjald sé almennt heppilegur gjaldstofn eða hvort finna ætti sveitarfélögum einhvern annan tekjustofn í staðinn fyrir aðstöðugjaldið, eins og kemur hér fram í nál. á þskj. 322, þar sem vitnað er í það, að aðstöðugjaldið sé þyrnir í augum margra, ekki sízt fyrir það, að þeim mun óhagstæðari sem atvinnureksturinn sé og fleiri óhöpp henda, þeim mun hærra verði gjaldið hjá hlutaðeigandi aðila, en gjaldþolið minnki að sama skapi. Ég vil nú ekki alveg skrifa undir þetta, því að í fyrsta lagi segir í tekjustofnalögunum, í ákvæðum um aðstöðugjaldið, að aldrei skuli leggja aðstöðugjald á hærri gjaldstofn en sem nemur brúttótekjum, þannig að þarna er varnagli. Aðstöðugjaldið er skynsamlegt að mínum dómi, því að þar fær gjaldandinn að njóta þess, ef hann er hagsýnn. Ef fyrirtæki hans er rekið af ráðdeild, hagsýni og sparsemi, þá nýtur hann þess í skattlagningu á aðstöðugjaldinu, þó að ég skuli ekki fara lengra út í þá hluti, enda hefur þetta mál allmargar hliðar.

Þá er hér annað atriði, sem allmikið hefur borið á góma, og það eru þessi strangari ákvæði um að standa skil á útsvari til þess að fá það frádráttarbært og eins það ákvæði, sem er í sömu grein, að hafa borgað öll gjaldheimtugjöldin í Reykjavík á sama tíma og útsvörin til þess að fá útsvarið frádregið. Ég skýrði þetta allt í minni framsöguræðu og ég get vísað til þess að verulegu leyti. Ég vildi aðeins minna á það, sem kom hér fram hjá hv. frsm. 3. minni hl., að þetta kæmi illa við launþega eins og t.d. sjómenn, sem hefðu allbreytilegar tekjur frá ári til árs, en það segir einmitt í þessari 47. gr. tekjustofnalaganna, að „nú hafa tekjur gjaldanda á útsvarsárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægra útsvar verði lagt á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á útsvarsgreiðslum samkv. þessum staflið," þannig að þarna er vissulega fyrir hendi lagaheimild til þess að koma til móts við menn, sem búa við tekjur, sem eru mjög sveiflukenndar frá ári til árs, en þetta getur vissulega komið illa niður, ef svona varnagli væri ekki.

Hitt er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. frsm. 3. minni hl., að það virðist oft vera þannig í reynd, að þótt svona lagaákvæði séu til, þá þekkir fólk ekki lagareglurnar og á því stundum erfitt með að fá rétti sínum framfylgt í þessum efnum, þó að rétturinn sé fyrir hendi.

Þá vil ég aðeins koma inn á það, sem sami hv. frsm. sagði um Gjaldheimtuna, að eiginlega giltu tvenn lög í landinu, ef þetta frv. væri samþykkt eða till. 1. minni hl., önnur í Reykjavík og hin út um landsbyggðina, en það er nú bara þannig, að í raun og sannleika má alveg eins snúa dæminu við og segja: ef lögin eru óbreytt, þá gilda tvenn lög, því að Reykjavíkurborg fær ekki útsvörin í hendur að fullu, sem eru greidd fyrir áramót. Hún fær þau ekki í hendurnar, þó að gjaldandinn fái þau dregin frá og það gera þessar gjaldheimtureglur, sem ég sé ekki, að hægt sé að koma öðruvísi fyrir, þar eð Gjaldheimtan innheimtir margvísleg gjöld. Svo er borguð einhver upphæð inn á þetta og þá er ekki hægt að koma því öðruvísi fyrir heldur en að skipta þeim peningum, sem inn koma, hlutfallslega á milli hinna einstöku gjaldaliða, sem eru á seðlinum. Og ég hygg, að þetta sé gert líka, þó að viðkomandi gjaldandi, sem borgar kannske upphæð, sem er jafnhá hans útsvari eða eitthvað hærri, taki það ekki fram við greiðsluna, að hann sé að borga útsvarið; þá sé hann samt látinn njóta þess og það talið eðlilegt. Þegar öll gjöld verða innheimt sameiginlega — sem sjálfsagt verður gert í framtíðinni og nú er gert hér í Reykjavík — tel ég ekki eðlilegt, að menn hafi einhvern sérstakan rétt til þess að segja til um, hvað þeir borgi og hvað ekki, þegar allt er á sama seðlinum, þó að það sé, alveg eins og hv. frsm. tók fram, eðlileg regla í almennum viðskiptum.

Þá er það að lokum 3. brtt. á nál. 322, sem ég vildi aðeins leyfa mér að gera að umtalsefni. Hún er um hækkun aukaframlagsins til sveitarfélaganna, en eins og ég hef tekið fram áður, þarf í dag að leggja 20% ofan á útsvarsstigann, til þess að sveitarfélag eigi rétt á aukaframlagi. En í till. rn., sem síðan var breytt af 1. minni hl. og kemur fram í okkar brtt., var gert ráð fyrir, að ef sveitarfélög leggja 15% ofan á meðalútsvarsstigann, geti þau fengið aukaframlag, ef um fólksfækkun eða minnkandi atvinnutekjur sé að ræða í sveitarfélögunum, en þar er, eins og ég tók fram áður, aðeins um heimild að ræða. Hér er hins vegar lagt til, að sveitarfélögum sé óheimilt að leggja meira en 5% ofan á gildandi útsvarsstiga, þannig að þegar sveitarfélag væri búið að leggja 5% ofan á

útsvarsstigann, yrði það að hætta og mætti ekki leggja á meira, og þá væri jöfnunarsjóður skyldugur að taka við. Mönnum þætti það kannske gott og blessað að geta þannig lækkað útsvörin í þeim sveitarfélögum, þar sem þau eru hæst og jöfnunarsjóður síðan tekið við. Gallinn á þessari till. er bara sá, að jöfnunarsjóður hefur ekkert fé til þess að taka við á þessu stigi málsins. Honum er útvegað fé til þess að taka við, þegar búið er að leggja á 20%, en á þessu stigi málsins, ef ekkert sveitarfélag mætti leggja á meira en 5%, mundu sennilega æði mörg notfæra sér þetta, ef slíkt yrði samþykkt og leggja á 5% og koma svo til jöfnunarsjóðs. En þá er ekkert fé fyrir hendi og það væri þá væntanlega ekki hægt að afla þess fjár nema hækka þann hundraðshluta af tekjum jöfnunarsjóðs, sem fer í þessi sérstöku aukaframlög, og það mundi þá auðvitað skerða jöfnunarsjóðsframlög til sveitarfélaganna í landinu almennt. En ég hygg, að till. 1. minni hl. um þetta efni, eins og hún er úr garði gerð á þskj. 317, fullnægi vel óskum þeirra sveitarfélaga, sem undanfarið hafa þurft á aukaframlagi að halda og óskað eftir leiðréttingum á þeim reglum.

Auður Auðuns: Herra forseti. Eins og hefur verið margrakið hér í umr., hefur ekki fengizt neinn samstæður meiri hl. í heilbr.- og félmn. við afgreiðslu þessa frv., og má segja, að menn greindi meira og minna á um allar gr. frv. aðrar en 3. gr. Sem einn þeirra þriggja nm. í heilbr.- og félmn., sem að nál. og brtt. 1. minni hl. standa, ætla ég að *leyfa mér að leggja hér örfá orð í belg.*

1. gr. frv. er sú, sem hvað mest voru skiptar skoðanir um, og með þeim hæstaréttardómi, sem vitnað hefur verið til hér í umr., verður ekki annað séð en að kollvarpað yrði þeirri framkvæmd, sem tíðkazt hefur hjá sveitarfélögunum við álagningu aðstöðugjalds á fjölþættan rekstur. Við það skapast eðlilega vandi, sem ekki verður fram hjá litið, og það þýðir ekki í því sambandi að tala um gjaldkerasjónarmið eða aðgangsharða skattheimtu.

Ég vil taka undir það, sem hæstv. fjmrh. áðan sagði, að sveitarfélögunum er eðlilega nauðsynlegt að afla sér tekna til þess að standa undir sínum útgjöldum, og ef þau yrðu fyrir þeim tekjumissi, sem framkvæmd í samræmi við niðurstöðu hæstaréttardómsins mundi leiða til, þá yrðu þau að bæta sér það upp með öðru móti, annaðhvort með því að hækka hjá sér aðstöðugjaldsstigana, sem sveitarfélögin reyndar sum hver eru með þegar í lögleyfðu hámarki, eða hækka útsvörin eða fara báðar leiðir samtímis. Teknanna verða þau allavega að afla til að standa undir útgjöldunum, og við megum gjarnan minnast þess hér, hv. alþm., að mikill hluti af útgjöldum sveitarfélaganna er beinlínis lögboðinn og hefur verið lagður þeim á herðar með samþykktum, sem hafa verið gerðar hér á hv. Alþ. Ég nefni það t.d., að ég ætla, að það sé ekki fjarri lagi að segja, að af rekstrarútgjöldum Reykjavíkurborgar, ef miðað er við fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár, séu milli 50 og 60, allavega um 50%, beinlínis lögboðin útgjöld. Og þá eru ekki talin með útgjöld, sem raunverulega eru einnig lögboðin, við skulum segja t.d. stjórn borgarinnar, brunavarnir, ýmiss konar heilbrigðisþjónusta og slíkt, sem löggjöfin ætlar sveitarfélögunum að annast og þau verða að standa undir.

Þessi margumræddi hæstaréttardómur sýnist manni að muni leiða til þess, að það verði engar smugur til þess að leggja aðstöðugjald á einstakar greinar í fjölþættum atvinnurekstri. Í því tilfelli var um að ræða annars vegar iðnað, iðnrekstur, húsgagnaframleiðslu og hins vegar verzlun, en í sjálfum tekjustofnal. er greint mjög skilmerkilega á milli þessara tveggja atvinnugreina, þar sem hámarksaðstöðugjald er í 10. gr., stafl. c, ákveðið 1½% fyrir iðnrekstur, en hins vegar í stafl. d er hámark 2% fyrir annan atvinnurekstur, og þar undir fellur verzlun. Þá má benda alveg sérstaklega á það, sem reyndar hefur komið hér fram og kemur fram í aths. við frv., að framkvæmd í samræmi við niðurstöðu hæstaréttardómsins mundi leiða til þess, að margþættur atvinnurekstur mundi greiða minna fyrir sömu aðstöðu en ef hver þáttur hans væri rekinn sjálfstætt, og með því væri gjaldendum mismunað. Við skulum athuga það, að aðstöðugjöldin eru í eðli sínu, eins og reyndar nafnið bendir til, hugsuð sem greiðsla fyrir þá aðstöðu, sem sveitarfélagið skapar fyrir margháttaðan atvinnurekstur. Ef við tökum til dæmis fiskveiðar, þá þarf að skapa hafnaraðstöðu og löndunarskilyrði. Ef við tökum aftur vinnsluna, ef við tökum fiskiðnað, t.d. hraðfrystihús, þá er frumskilyrðið auðvitað að hafa raforku, og það mætti taka margt fleira. Þetta gerir það að verkum, að fjölþættum atvinnurekstri, sem borgar aðeins aðstöðugjald á síðasta stigi, er þarna ívilnað á kostnað annarra, og fram hjá því verður ekki gengið, enda er það sérstaklega undirstrikað í aths. við frv. af stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga.

Þá vil ég leyfa mér að víkja aðeins örfáum orðum að 2. gr. frv. Hv. 1. þm. Vesturl. flytur á þskj. 322 brtt. við þá gr. Sú brtt. er samhljóða brtt. 1. minni hl. svo langt sem hún nær. Hins vegar er þar lagt til, að burt *falli* niðurlag 2. gr., *sem veit* að sveitarfélögum, þar sem er sameiginleg innheimta opinberra gjalda, sem er enn sem komið er eins og við vitum aðeins hér í Reykjavík. Ég ætla, að menn séu sammála um það, að slíkt fyrirkomulag sé æskilegt og horfi til sparnaðar, en það hefur þó sýnt sig, eins og fram hefur komið, að það skapar Reykjavík verulegt óhagræði, því enda þótt borgin fái í mjög mörgum tilfellum aðeins hluta af útsvari einstakra gjaldenda í árslok við uppgjör, verður þó að veita þeim fullan útsvarsfrádrátt á næsta ári, ef *þeir hafa greitt sem svarar útsvarinu í sameiginleg* opinber gjöld. Haldist sá háttur á, er vægast sagt mjög vafasamt, að æskilegt sé fyrir sveitarfélagið, í þessu tilfelli Reykjavík, að vera áfram aðili að slíkri sameiginlegri innheimtu, sem þó hefur sína miklu kosti, og ég býzt við, að ekkert sveitarfélag fýsi að koma á hjá sér sameiginlegri innheimtu opinberra gjalda við slíka aðstöðu, sem getur valdið því

verulegu óhagræði og leiðir m.a. til þess, að hækka verður útsvörin á skilvísum gjaldendum.

Um brtt. hv. 4. þm. Norðurl. e. vil ég aðeins segja það, að ég er henni algjörlega mótfallin. Það er enginn vafi á því, að frádráttarheimildin hefur örvað mjög útsvarsinnheimtuna, en þarna er með þessari till. verið að leggja til að slaka mjög á frá því, sem tíðkazt hefur og nú er gert. Samþykkt þeirrar till. mundi þýða lélegri innheimtu, og hún mundi þýða það einnig, að það yrði að þyngja útsvörin á skilvísum gjaldendum, vegna þess að það yrði veittur frádráttur fyrir því, sem kann að verða greitt af útsvörum hinna, sem ekki standa í skilum. Ég verð að segja það, að þegar umr. fara fram um skattheimtu sveitarfélaganna, verð ég a.m.k. að ganga út frá því meginsjónarmiði, að menn eigi að greiða sín gjöld. Mér heyrist allt að því, að sumir hv. þm. telji, að það þurfi ekki að taka það allt of hátíðlega. Í sambandi við Gjaldheimtuna hér í Reykjavík eða hina sameiginlegu innheimtu hefur verið um það talað, að það væri verið að setja Reykvíkinga skör lægra heldur en aðra landsmenn, en meginsjónarmiðið hlýtur þó að vera það, að menn eigi að standa í skilum með sín gjöld, opinberu gjöld, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélaga, og á það hefur líka verið bent, að Reykjavík situr sem sveitarfélag við annað borð en hin sveitarfélögin í landinu, eins og löggjöfin er nú.

Ég skal þá ekki hafa fleiri orð um þetta mál, en vil taka undir það með hv. frsm. 1. minni hl., að ég vænti þess, að hv. þdm. geti fallizt á þær brtt., sem við flytjum á þskj. 317.

Frsm. 2. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann lengi, en hv. 3. landsk. þm. benti á það út frá brtt. minni við 34. gr. l., að það væri afar hætt við því, að mörg sveitarfélög mundu fljótlega komast upp í þá útsvarsupphæð, að þau þyrftu á aukatillagi að halda, og hvaðan ættu þá peningarnir að koma, ef jöfnunarsjóður mundi ekki hafa fjármagn til að greiða það, sem þau þyrftu þá á að halda. En ég vil minna á það og lýsa því sem minni skoðun, að það er mikið vafamál, hvort öll borgar-, bæjar- og sveitarfélög landsins eiga að fá jafnt úr jöfnunarsjóði á sína íbúa. Ég held, að það sé eitthvað nálægt því þúsund krónur, sem hvert sveitarfélag fær út á hvern íbúa, sem það hefur, þannig að um helmingur af þeim tekjum, sem jöfnunarsjóður fær, fer í Reykjavík og nánasta nágrenni. Og við vitum það ákaflega vel öll, að Reykjavík hefur algera sérstöðu til tekjuöflunar, og það má segja, að hver einasti þegn í þjóðfélaginu borgi Reykjavíkurborg skatt í gegnum þá aðstöðu, sem Reykjavíkurborg hefur, þar sem svo til allur innflutningur til landsins á sér stað til höfuðborgarinnar og allar stærstu stofnanir landsins, allt ríkisbáknið, tryggingarstofnun o. fl. er staðsett í höfuðborginni og landsmenn allir borga kostnað við allt þetta, auk þess sem mörg fyrirtæki eru hér staðsett, sem allir borga sinn hlut í. Mér hefur því alltaf fundizt það nokkur spurning, hvort borg, sem hefur þessa aðstöðu að ná inn tekjum frá öllum landsmönnum, ætti að fá jafnmikið tillag frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga, og ég held, að það væri hægt að gæta meira réttlætis í gegnum jöfnunarsjóð sveitarfélaga, án þess að til komi meira fjármagn, með því að gæta betur en nú er réttlætis landsbyggðarinnar.

Auður Auðuns: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. hefur látið að því liggja, að það væri sanngjarnt, að hlutur Reykjavíkur úr jöfnunarsjóði væri nokkru minni en hann er, að það ætti ekki að gilda höfðatölureglan við skiptinguna, en ég get sagt honum það, að það má líka líta á það frá öðrum sjónarhól, að það megi miða skiptingu jöfnunarsjóðsins við það, hvað miklar þarfir sveitarfélaganna eru. Hv. þm. rökstuddi skoðun sína með því, að hér væru mörg fyrirtæki, innflutningsverzlanir og ýmsar aðrar stofnanir — þá væntanlega ríkisstofnanir fyrst og fremst — sem gæfu Reykjavík mikla tekjumöguleika. En við skulum ekki láta okkur detta í hug, að þessar tekjur, sem borgin hefur af slíku, komi upp í hendur borgaryfirvalda bara svona fyrir ekki neitt, því að vitanlega hefur Reykjavíkurborg og verður stöðugt að leggja í stórkostlega mikil útgjöld, einmitt til þess að skapa aðstöðu fyrir þessi fyrirtæki og fyrir þann rekstur, sem hér er.

Ég vildi aðeins segja þessi fáu orð til þess að láta ekki með öllu ómótmælt ummælum hv. þm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Ed., 12. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 328,1 felld með 10:8 atkv.

Brtt. 322,1 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EÁ, GilsG, ÓlJ, PÞ, PB, ÁB, BFB, BJ.

nei: EggÞ, JónÁ, JÁH, JÞ, MJ, ÓB, StG, SvG, AuA, BGuðbj, JR.

JM greiddi ekki atkv.

Brtt. 317,1 samþ. með 12:2 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 317,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 14:2 atkv.

Brtt. 331 felld með 14:2 atkv.

Brtt. 322,2 felld með 10:8 atkv.

Brtt. 317,3 (ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 12:5 atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 14:1 atkv.

Brtt. 322,3 felld með 11:7 atkv.

Brtt. 328,2 felld með 14:3 atkv.

Brtt. 317,4 (ný 4. gr., verður 5. gr.) samþ. með 14:2 atkv.

Brtt. 322,4 kom ekki til atkv.

Brtt. 317,5 (ný 5. gr., verður 6. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 70. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 370).

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv. um tekjustofna sveitarfélaga er nú margrætt hér í þessari þd., en ég vil aðeins koma hér að einni athugasemd til að skýra mína afstöðu til málsins.

Hv. 3. landsk., Jón Þorsteinsson, frsm. 1. minni hl. heilbr.- og félmn., túlkaði þannig í framsögu við 2. umr. 1. lið brtt. á þskj. 317, sem samþ. var og felld hefur verið inn í 1. gr. frv. Orðrétt sagði hv. frsm.: „Breytingin er á þá leið, að aðstöðugjaldsskyld eru einungis þau verðmæti, sem flutt eru á milli atvinnugreina hjá sama gjaldanda, en hugtakið atvinnugrein er mun þrengra en hugtakið atvinnurekstrarþáttur. Með atvinnugrein er fyrst og fremst átt við fiskveiðar, iðnað, verzlun, siglingar, landbúnað og þjónustustarfsemi". Og síðar í sömu framsöguræðu: „Dæmi úr fjölþættum atvinnurekstri, þar sem milliflutt verðmæti yrðu hins vegar ekki aðstöðugjaldsstofn, er þegar verðmæti er flutt á milli heildverzlunar og smásöluverzlunar og milli ullarverksmiðju og saumastofu. Skilsmunurinn liggur í því, að í þessum síðargreindu dæmum tilheyra atvinnurekstrarþættirnir sömu atvinnugreininni." Með þessari skilgreiningu á 1. gr. með áorðnum breytingum get ég fallizt á frv. í heild, eins og það liggur fyrir til atkvgr.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, sem hér liggur fyrir hv. d., hefur verið afgreitt í Ed. og gerðar á því þar töluverðar breytingar frá því, að það var lagt fyrir þá d. Svo sem sagði í grg. frv., var frv. samið af stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og flutt óbreytt eins og sambandsstjórnin gekk frá því, og var tekið fram af hálfu ríkisstj., að þó að hún efnislega vildi gjarnan stuðla að því að leysa þessi vandamál sveitarfélaganna, væru frá hennar hálfu engar ákveðnar skoðanir á því, hvort það ætti nákvæmlega að leysast með þessum hætti eða ekki, og væri því ætlazt til þess, að n., sem fékk málið til meðferðar, kannaði það til hlítar og gerði sér grein fyrir því, hvaða úrlausn líklegast væri að fá samstöðu um.

Í frv. fólst, eins og það var lagt fyrir þingið, í fyrsta lagi að setja inn í tekjustofnal. ákveðna skýringu á því, hvernig skyldi túlka ákvæði tekjustofnalaga um blandaðan atvinnurekstur. Þetta stafaði af því, að nýlega hafði gengið hæstaréttardómur, þar sem var ógiltur sá háttur, sem fylgt hafði verið af hálfu sveitarstjórna og niðurjöfnunarnefnda um land allt varðandi framkvæmd álagningar á blandaðan atvinnurekstur. Þótti því sveitarstjórnasambandinu nauðsyn bera til þess að lögfesta um þetta ákveðna reglu og taldi þá eðlilegast, að lögfestur yrði sá skilningur, sem fylgt hafði verið í framkvæmd. Um þetta varð töluverður ágreiningur í fjhn. Ed., og varð niðurstaðan sú, að d. samþykkti brtt., sem borin var fram af 1. minni hl. n., þremur nm., þar sem gengið var að verulegu leyti til móts við þennan skilning Sambands ísl. sveitarfélaga, en þó gerðar nokkrar takmarkanir, þar eð nm. þótti eðlilegt, að þetta væri ekki útfært svo víðtækt sem sveitarstjórnasambandið hafði talið nauðsyn bera til. Ég hygg, að það megi segja eftir atvikum, að þessi niðurstaða d., sem byggist á till. 1. minni hl. n., sé eðlileg og fullnægi þeim óskum, sem fram komu hjá sveitarstjórnasambandinu, en það var hins vegar ljóst, að ef ekki yrði sett neitt ákvæði um þetta efni, kynni það að leiða til þess, að það yrði að taka upp aftur í stórum stíl álagningu á einstök fyrirtæki og ekki sjáanlegt, til hvers það mundi leiða.

Þá var í frv. ákvæði um það, að til þess að menn skyldu njóta útsvarsfrádráttar við álagningu tekjuútsvars fyrir næsta ár, skyldu menn hafa greitt helming útsvarsins fyrri helming ársins, þannig að ef menn hefðu ekki lokið fyrirframgreiðslu þá, nytu þeir ekki þessara réttinda. Á þessu ákvæði var einnig gerð töluverð breyting og þar sem gert er ráð fyrir því, að ekki sé gengið jafnlangt í þessu efni, en þó að töluverðu leyti fallizt á sjónarmið sveitarstjórnasambandsins, er enn fremur gert ráð fyrir því, að heimilt sé, að þar sem sameiginleg útsvarsinnheimta og skattheimta er, verði gert að skilyrði, að menn hafi greitt öll gjöld sín upp fyrir áramót til þess að geta notið þeirra fríðinda að fá útsvör sín frádregin við útsvarsálagningu næsta ár. Þetta ákvæði mundi í rauninni aðeins, eins og sakir standa, snerta Reykjavíkurborg, vegna þess að það er eina sveitarfélagið, þar sem sameiginleg gjaldheimta er ríkis og sveitarfélaga. Orsök þess, að lögð hefur verið áherzla á að fá inn heimild um þetta efni, byggist á því, að þar sem sameiginleg gjaldheimta er, er óumflýjanlegt að fylgja þeirri reglu að skila skuli af innheimtu fé til þeirra aðila, sem féð eiga, í réttu hlutfalli við þá heildarupphæð, sem á er lögð. En þarna er bæði um að ræða skatt til ríkisins, tekjuútsvar og eignarútsvar til sveitarfélaga, sjúkrasamlagsgjöld o. fl. Hins vegar hefur það af eðlilegum ástæðum komið á daginn, að gjaldendurnir vilja, þegar þeir koma til að greiða inn á sínar skuldir, fyrst og fremst láta greiðslur sínar ganga til þess að gera upp útsvarið, til þess að þeir geti notið þeirra fríðinda, sem heimiluð eru á næsta ári við álagningu tekjuútsvars. Þetta hefur því leitt til þess, að Reykjavíkurborg hefur orðið mjög illa úti að þessu leyti, vegna þess að hún hefur í rauninni orðið að skila útsvörunum til annarra aðila, því að það hefur orðið, eins og ég áðan sagði, að fylgja þeirri reglu að greiða til aðilanna, sem

innheimt er fyrir, í réttu hlutfalli við það, hvað Gjaldheimtan fær til innheimtu, hvert er hlutfall þeirrar fjárhæðar, sem Gjaldheimtan fær til innheimtu, hvernig það skiptist á milli þessara aðila. Það er hins vegar gert ráð fyrir því, að þetta takmarkist við þá staði, þar sem um sameiginlega gjaldheimtu er að ræða.

Þá er í 2. gr. frv., eins og það er nú eftir meðferð í Ed., sett inn sérstakt ákvæði, þar sem linað er á þeim kröfum, sem nú eru gerðar til sveitarfélags, ef það vill njóta sérstaks framlags úr jöfnunarsjóði. Hingað til hefur sú regla gilt, að sveitarfélag verður þá að nota til fulls ákvæði tekjustofnal. um álag á útsvarsstiga, sem merkir það, að sveitarstjórn, þar sem erfitt ástand er í sveitarfélagi, verður fyrst að leggja 20% á útsvarsstigann til þess að geta komið til greina við aðstoð frá jöfnunarsjóði. Það hefur af eðlilegum ástæðum komið í ljós, að ef þetta gerist ár eftir ár, að sveitarfélag þarf að nota þessa heimild og leggja 20% ofan á stigann, verður það að sjálfsögðu til þess að magna erfiðleikana, og þegar hér er einmitt um þau sveitarfélög að ræða, þar sem atvinnuörðugleikar eru, er hætt við því, að með þessu magnist vandinn svo, að í rauninni verði aldrei hægt að komast út úr þessum erfiðleikum. Það er hins vegar mikið vandamál að setja reglu sem þessa, því að ekki má heldur ganga of skammt, bæði vegna þess að þá yrði skert mjög framlag það, sem sveitarfélögin almennt fá frá jöfnunarsjóði, og einnig vegna hins, að það getur verið mjög erfitt að setja ákveðnar reglur til þess að kontrolera það, hvenær sveitarfélag á þá með réttu að fá slíkt framlag eða ekki. Það hefur því verið reynt að fara þarna bil beggja, og í 2. gr. frv., eins og hún er nú, er gert ráð fyrir, að þeirri meginreglu verði fylgt, að álagningin eða álagið á skalana verði miðað við meðaltal útsvarsstiga í landinu, en eins og hv. dm. er kunnugt, er oft langt frá því, að útsvarsstigar séu notaðir að fullu, og þetta mundi leiða til þess, að grunnurinn, sem þetta 20% álag á að leggjast á, yrði þá töluvert fyrir innan hámark skalans. Um þetta voru menn sammála — nei, menn voru nú reyndar ekki sammála í hv. Ed., það kom brtt. um að ganga hér enn lengra, en sú brtt. var felld.

Eitt atriði frv. var það, sem engin breyting var gerð við í Ed. og allir dm. voru sammála um, og það var að staðfesta heimild þá, sem í frv. fólst um að leggja mætti á eignaútsvör eftir sömu reglu og gildir nú um eignarskatt til ríkisins, þ. e. a. s. margföldunin er hækkuð upp í níföldun, en hins vegar gert ráð fyrir því, að skalar þeir, sem lagt er á eftir, breytist og verði nú hér eftir þeir sömu og gilda við álagningu eignarskatts.

Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir því að framlengja undanþáguákvæði, sem gildandi eru fyrir ýmis sveitarfélög varðandi álagningu á ýmis hlunnindi, sem menn hafa, og gildandi eru samkv. tekjuskattslögum og reyndar einnig að sumu leyti samkv. útsvarslögum. Sveitarstjórnasambandið hafði farið fram á að framlengja allar þessar undanþáguheimildir. Það þótti hins vegar ekki tiltækilegt, þannig að bæði voru þessar heimildir takmarkaðar og jafnframt var tíminn, sem við er miðað, takmarkaður.

Ég held, herra forseti, að ég hafi tilgreint þau helztu atriði, sem fólgin eru í frv. þessu, og vildi ég leyfa mér að vonast til, að hv. Nd. gæti fallizt á frv. í meginefnum a. m. k. eins og það hefur komið frá Ed. Það hefur verið lögð mjög mikil vinna í að reyna að ná þessari niðurstöðu, sem felst nú í frv., eins og það er breytt, og miklar viðræður áttu sér stað milli n. og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég vil leyfa mér að fara fram á það sama við hv. n., sem fær þetta mál hér til meðferðar, eins og ég gerði í Ed., að frv. verði a. m. k. ekki breytt frá því, sem það er nú, nema því aðeins að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga verði gefinn kostur á að koma að sínum sjónarmiðum hjá hv. n., áður en hún gengur frá þeim brtt., sem hún kann að flytja. Að öðru leyti vildi ég leyfa mér að fara fram á það, að hv. n., sem fær málið til meðferðar, reyni að hraða störfum sínum svo sem hægt er og athugun málsins. Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 89., 90., 91. og 92. fundi í Nd., 2., 4., 5. og 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 370, n. 478, 487 og 495, 479, 496).

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt eftir eindreginni ósk stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Það var flutt í Ed. og urðu um það verulegar umr. í d. og nokkur ágreiningur, en það var þó afgreitt út úr þeirri d. með 12 shlj. atkv., eftir að nokkrar breytingar höfðu verið á því gerðar. Þar sem heilbr.- og félmn., sem fékk frv. til meðferðar hér í hv. Nd., var um það kunnugt, að það hafði hlotið allítarlega athugun hjá fyrri d., Ed., sem fékk það til meðferðar, var það ekki sent til umsagnar, en n. barst erindi frá einum aðila, Landssambandi ísl. útvegsmanna, sem flutti þær eindregnu óskir, að felldar yrðu út úr frv. 1. og 4. gr. þess. Út af fyrir sig þarf það kannske ekki að teljast neitt óeðlilegt, þó að hagsmunahópar óski eftir, að mál, sem þá snerta og ráðamenn þeirra samtaka telja til útgjalda hjá sér, óski eftir því að losna við þær byrðar.

Hitt er annað mál, að öll breyting á tekjustofnalögum, hvort sem það er í sambandi við aðstöðugjöld eða útsvarsstiga, er miklu flóknara mál að mínum dómi heldur en svo, að eðlilegt sé að því verði breytt með einfaldri brtt. hér á Alþ., heldur þurfi að koma þar til nokkru og ég vil segja miklu nánari athugun. Tekjustofnar sveitar-

félaganna eru það samhangandi, að verði röskun á einum þeirra innbyrðis, hefur það að sjálfsögðu áhrif á aðra til hækkunar eða lækkunar, og er eðlilegt, að Samband ísl. sveitarfélaga fái að átta sig á þeim breytingum og segja álit sitt um þær. Samkv. 1. gr. frv. eins og það er komið frá hv. Ed., er þar um að ræða breytingu á 9. gr. tekjustofnalaganna, sem eru um álagningu eða heimild til álagningar aðstöðugjalda. Þessi breyting er flutt að beiðni Sambands ísl. sveitarfélaga, að ég hygg vegna niðurstöðu hæstaréttardóms, sem gekk á s.l. ári í einum kaupstað varðandi álagningu aðstöðugjalds á einu fyrirtæki þar. Með þeirri breytingu, sem þar er lagt til, er aðeins verið að gera ákvæði, sem sveitarstjórnir eða skattstjórar hafa undanfarið unnið eftir í sambandi við álagningu aðstöðugjalda, þá er verið að gera þessi ákvæði skýrari og lögfesta þau, til þess að ekki þurfi að koma til ágreinings og úrskurðar dómstóla um það, hvernig þau aðstöðugjöld beri að leggja á í hverjum einstökum flokki.

2. gr. frv. er um breytingu á 15. gr. tekjustofnal. og er í sambandi við heimild til að greiða sveitarfélagi aukaframlag úr jöfnunarsjóði, ef þannig stendur á. Um reglur þær, sem á sínum tíma voru settar inn í tekjustofnal. um heimild til greiðslu aukaframlags, má segja, að þær hafi verið nokkuð strangar, því að við það var miðað, að aukaframlag skyldi því aðeins greitt, að viðkomandi sveitarfélag hefði þurft að fullnota gildandi útsvarsstiga auk 20% álags á stigann. Fyrir sveitarstjórnarmenn, sem til þessara mála þekkja, hlýtur þetta að líta út sem nokkuð harðir kostir, og ég tel ekkert óeðlilegt, að af fenginni reynslu undanfarinna ára sé þetta ákvæði nokkuð mildað. Þessi 2. gr. frv. kom inn hjá hv. Ed. eftir, að ég held, 2. umr., en var ekki í frv. eins og það upphaflega var lagt fyrir. Að dómi heilbr.- og félmn. Nd. er þarna stigið nokkuð stórt skref, þar sem farið er frá 20% álagi á hinn löggilta útsvarsstiga niður í 15% álag miðað við meðalútsvarsstiga eftir þeim reglum, sem þessi gr. frv. gerir ráð fyrir og að fundið verði út með því að reikna út hinn mismunandi afslátt hjá einstaka sveitarfélagi og þá að sjálfsögðu álag á útsvarsstigann. Einnig gerir þessi gr. ráð fyrir, að heimilt sé að greiða aukaframlag að viðbættum 15% á þennan meðalútsvarsstiga.

Árið 1966 reyndist þessi meðalútsvarsstigi — eftir útreikningi, að ég hygg, Hagstofunnar — 89% af útsvarsstiganum eins og hann er í tekjustofnafrv., en aftur 90% fyrir árið 1967. 15% viðbót við 90% meðalútsvarsstigann gerir það að verkum, að sveitarfélag, sem hefði þurft að fullnota útsvarsstigann og aðeins 3½% til viðbótar, hefði áunnið sér heimild til þess, að félmrn. veitti því aukaframlag. Heilbr.- og félmn. Nd. taldi, eins og ég sagði áðan, að þarna væri um of stórt stökk að ræða, að fara úr 20% álagi á útsvarsstigann niður í raunverulega 3½% miðað við meðalútsvar ársins 1967. N. flytur því brtt. á þskj. 479 um, að í stað 15% komi 20%, en það vill segja, að miðað við árið 1967 hefði sveitarfélag þurft að leggja á 8% umfram stigann til þess að koma til greina um að fá aukaframlag úr jöfnunarsjóði.

Það má að sjálfsögðu mjög um það deila, hvaða mark eigi þarna að vera, en ég hygg þó, að mjög óvarlegt sé að gera þarna á stærri breytingu heldur en fram kemur í brtt. heilbr.- og félmn. á þskj. 479.

Í 3. gr. frv. er nýtt ákvæði, sem ég vil segja, að nokkrum ágreiningi olli í Ed., en það er um það, að hafi gjalddagar samkv. 8. lið 47. gr. tekjustofnal. verið ákveðnir, sé sveitarstjórn heimilt að láta þá reglu gilda því aðeins, að jafnframt verði gerð full skil á fyrirframgreiðslu eigi síðar en 31. júlí, en reglan, sem þarna er átt við, er sú, að útsvar skuli verða frádráttarhæft við niðurjöfnun næsta ár eftir að það var greitt. Í frv. eins og það var lagt fyrir, var lagt til, að þetta væri ákveðið í l., að þannig skyldi að staðið með að gera fyrirframgreiðslu því aðeins frádráttarbæra, að hún hefði verið að fullu greidd fyrir ákveðinn tíma. Í meðferð málsins í Ed. breyttist þetta þannig, að það var gert að heimildarákvæði fyrir sveitarfélögin að haga þessu svo, að það væri á þeirra valdi, valdi sveitarstjórnar sjálfrar, hvort þau vildu fylgja þeim reglum, sem áður voru í gildi um, að öll útsvör, sem greidd eru að fullu fyrir áramót, skulu vera frádráttarbær eða þrengja þetta þannig, að einnig fyrirframgreiðslan yrði því aðeins frádráttarbær, ef hún yrði innt af hendi fyrir ákveðinn mánaðardag. Ég tel, að þetta hafi verið og sé breyting í rétta átt að láta sveitarfélögin sjálf ráða því, hvort þau vilja nota sér ákvæði þessarar gr. eða ekki. Viðhorf í sambandi við þetta geta verið mjög misjöfn í hinum einstöku sveitarfélögum og eru það án efa og því að mínum dómi réttara, að sveitarstjórnir hafi það á sínu valdi að ákveða þetta heldur en þau séu bundin af l. um framkvæmd þessa atriðis.

Í 4. gr. frv., sem er varðandi eignarskatt, er verið að breyta gildandi reglum vegna þess, sem nú hefur verið ákveðið, að eignarútsvar skuli leggjast á eftir sömu reglum og eignarskattur til ríkissjóðs. Þetta er eðlileg og nauðsynleg breyting, og hygg ég, að mörgum hafi þótt þarna stigið allstórt skref, þar sem fasteignamat í sambandi við eignarútsvar var þrefaldað áður, en nú er gert ráð fyrir, að það verði nífaldað. Ég leitaði mér upplýsinga hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga eða forstöðumanni þess um það, hvort þeir hafi gert á því nokkra athugun, hvernig þetta mundi koma út fyrir sveitarfélögin, og tjáði hann mér, að Akureyrarkaupstaður hefði gert á þessu athugun hjá sér, og fékk ég síðar símskeyti frá bæjarstjóra þar, þar sem fram kemur, að þessi breyting á eignarútsvari eða eignarútsvarsstiganum muni valda um 25% hækkun eignarútsvara til Akureyrarkaupstaðar. Ég hafði reiknað með, að þetta yrði nokkru meiri hækkun, en tek að sjálfsögðu trúanlega þá athugun, sem farið hefur fram í þessu sveitarfélagi, enda þegar maður athugar þá stiga, sem þarna er um að ræða, annars vegar varðandi eignarskattinn og hins vegar varðandi eignarútsvörin, kemur það í ljós, að

eignarútsvör hafa yfirleitt verið allmiklu eða prósentvís allmiklu hærri heldur en eignarskattur til ríkisins, auk þess sem nú kemur inn nýtt ákvæði um það, að skattfríar frá eignarskatti skuli vera 200 þús. kr. hjá hverjum einstökum gjaldanda.

5. gr. frv. er um framlengingu nokkurra bráðabirgðaákvæða, sem voru og eru enn í tekjustofnal. og gilda áttu til ársloka 1967. Í hinu upphaflega frv. var gert ráð fyrir því, að þessi bráðabirgðaákvæði yrðu framlengd til ársins 1973, en hv. Ed. breytti þessu nokkuð, þannig að þau ákvæði, sem hún leggur til, að framlengd verði, eiga aðeins að gilda á árinu 1968 og 1969, og auk þess felldi deildin út tvö atriði. Það var varðandi tekjur giftra kvenna, sem frv. gerir nú ráð fyrir, eins og það er komið frá hv. Ed., að skuli dragast frá að hálfu, eins og gert er við álagningu skatts til ríkissjóðs, en áður var heimilt fyrir sveitarstjórnir að meta það, að hve miklu leyti tekjur giftra kvenna voru taldar frádráttarbærar. Ég tel þetta ákvæði til bóta og eðlilega þróun þessara mála og hygg, að það sé í flestöllum stærri kaupstöðum komið svo, að framtalsnefndir hafi farið inn á þá braut að fylgja sömu reglu og skattal. gera ráð fyrir. Sama má segja um sjómannafrádrátt. Það er nú lagt til í frv., að hann skuli frádráttarbær að fullu. Ég tel þetta ákvæði nokkru hæpnara, þó að ég telji það út af fyrir sig eðlilegt að fylgja sömu reglu og skattal. gera ráð fyrir í þessu tilfelli, en mér er það ljóst, að í mörgum hinna smærri sveitarfélaga, þar sem útsvör sjómanna eru kannske meginuppistaðan í útsvörunum, getur þetta valdið nokkrum ruglingi og kannske erfiðleikum. En ég hygg þó, eftir því sem gerzt hefur á undanförnum árum, að mjög hafi stefnt í þá átt almennt hjá sveitarfélögum að gera sjómannafrádráttinn frádráttarbæran að fullu. Önnur ákvæði um að hafa það á valdi sveitarstjórnar að meta, hvort t.d. rekstrartap megi færast á milli ára og hvort gjafir til menningarmála, vísinda o. fl. skuli vera frádráttarbærar og einnig varasjóðstillög, þar sem lög heimila slíkt, það stendur áfram í frv. eins og það er komið frá hv. Ed., en gert ráð fyrir, að þessi ákvæði gildi aðeins fyrir árið 1968 og 1969, eins og ég sagði áðan.

Í 2. mgr. 6. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó skulu ákvæði 3. gr. um frádrátt á greiddu útsvari eigi koma til framkvæmda fyrr en við útsvarsálagningu á árinu 1969.“ Ég þykist vita, að heilbr.- og félmn. Ed., sem setti þetta ákvæði inn, hafi aðeins átt við það, að þetta ákvæði tekjustofnal. gilti að því er tekur til fyrirframgreiðslna útsvara, en ekki ætti að nema úr gildi þau ákvæði, sem í lögum eru enn, að útsvar skyldi frádráttarbært, ef það væri greitt að fullu fyrir áramót. Ég tel rétt, að til þess að taka af allan vafa um þetta atriði verði þetta ákvæði 6. gr. gert skýrara og ótvírætt og er því með skriflega brtt. um, að 2. málsl. þessarar gr. orðist svo:

„Þó skulu ákvæði 3. gr. um frádrátt á greiddu útsvari, að því er tekur til fyrirframgreiðslu, eigi koma til framkvæmda fyrr en á árinu 1969.“

Ég tel nauðsynlegt, að þessari breytingu sé þarna skotið inn, til þess að ekki þurfi að verða ágreiningur um það, við hvað átt er.

Eins og ég sagði í upphafi, var heilbr.- og félmn. þessarar d. um það kunnugt, að málið hafði fengið allítarlega athugun í hv. Ed., og var frv. því ekki sent neitt til umsagnar. N. klofnaði, eins og fram kemur á þskj., en meiri hl. hennar varð sammála um að mæla með frv. með tilteknum breytingum, sem fram koma á þskj. 479. Tveir nm., þeir hv. 9. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Reykn., áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Ég hef lýst fyrri brtt. n., sem er við 2. gr., en 2. brtt., sem er við 3. gr., er um það atriði, að ef sveitarstjórn vilji leita heimildar samkv. 2. málsl. þeirrar gr., skuli hún gera um það sérstaka samþykkt fyrir 15. jan. ár hvert og auglýsa hana á þann hátt sem venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað. Það verður að teljast eðlilegt, að gjaldendur fái að vita um það fyrirfram, áður en fyrirframgreiðsla útsvara hefst, hvort sveitarstjórn hefur notað heimild l. um að gera þau frádráttarbær, ef staðið er í skilum með þau að fullu, eða ekki og af því er þessi brtt. flutt.

Herra forseti. Eins og ég hef getið um, leggur meiri hl. heilbr.- og félmn. til, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem hann hefur flutt.

Umr. frestað.

Á 95. fundi í Nd., 9. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 370, 554).

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu á þessu frv., og hefur n. skipzt í þrjá hl. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv., eins og það liggur nú fyrir frá Ed., og eru þær prentaðar á þskj. 487. Það hefur láðst í prentun að geta þess, að eftir brtt. breytist greinatalan í samræmi við þetta og vil ég leiðrétta það hér með. Þau atriði, sem ég á ekki samleið með meiri hl. félmn. um, eru í sambandi við 1. og 5. gr. frv.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara að breyta 9. gr. laga um aðstöðugjöld, þó stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga fari fram á það, og eins og fram kemur í áliti mínu á þskj. er ég þeirrar skoðunar, að aðstöðugjöldin séu mjög óæskilegur tekjustofn fyrir sveitarfélögin og í mörgum tilfellum mjög ranglátur skattur, en hins vegar ber að játa það, að það er ekki auðvelt verk að finna tekjustofn fyrir sveitarfélögin, sem kæmi í stað aðstöðugjaldanna, og því er mér ljóst, að það getur orðið á því alllöng bið og að sveitarfélögin verði enn um sinn að notast við þennan tekjustofn, en ég tel brýna nauðsyn bera til þess, að það fari fram mjög ítarleg endurskoðun á ákvæðum aðstöðugjalda í tekjustofnal. sveitarfélaganna, því að eins og ég gat um, eru þau að mörgu leyti mjög ranglát. Og ég tel, að í sumum tilfellum sé gengið allt of langt í álagningu aðstöðugjalda á fyrirtæki, sem þurfa að búa við mikinn taprekstur, en skapa sveitarfélögunum

miklar tekjur að öðru leyti, launatekjur fjölmargra starfsmanna, og á ég þá auðvitað alveg sérstaklega við þau fyrirtæki, sem stunda sjávarútveg, útgerð eða vinnslu sjávarafurða. Ég tel, að fyrirtæki, sem og allir einstaklingar, eigi að hafa nákvæmt bókhald, eigi að gefa rétt upp til skatts, en það á ekki að vera hægt að ganga það langt, að þegar fyrirtæki tapar, á ekki fyrir afborgunum lána og sinna skuldbindinga, þá geti sveitarfélögin undir slíkum kringumstæðum skattlagt þau ár eftir ár, þegar illa gengur. Skal ég ekki hafa þessi orð fleiri um 1. gr. frv.

Við 5. gr. legg ég til, að sú gr. falli niður, en í upprunalega frv., eins og það var lagt fyrir Ed., var lagt til, að e-liður ákvæða til bráðabirgða ætti að gilda að nýju í 5 ár, en í meðförum n. í Ed. varð sú breyting á, að lagt er til, að á árunum 1968 og 1969 sé heimilt að víkja frá ákvæðum skattal. um frádrátt samkv. l. um tekjuskatt og eignarskatt, 11. gr. B, 2. mgr., 12. gr. D og 17. gr. 2. mgr. Það eru aðallega þau ákvæði, að fyrirtæki megi ekki færa taprekstur á milli ára, sem ég tel fullkomlega ranglát. Þar hafa sveitarfélögin haft 4 ára aðlögunartíma og ég tel eðlilegt, að að loknum þessum tíma sé sveitarfélögunum skylt að búa við sömu ákvæði og eru við álagningu tekjuskatts hjá ríkinu. Mörg sveitarfélög hafa á þessum tíma aðlagað sig þessari breytingu og ættu að vera tilbúin til þess. Ef fyrirtæki, sem tapaði einni milljón á s. l. ári, á að koma út slétt á næsta ári, þyrfti það að græða 1.6 millj. kr., því að útsvar, tekjuútsvar og kirkjugarðsgjald til sveitarfélagsins, mundi nema 600 þús. kr., og það sjá allir, að með þessari stefnu er ekki verið að skapa traust atvinnufyrirtæki, ef sveitarfélögin vilja nota sér þessa heimild og taka ekki tillit til taprekstrar, sem verður hjá fyrirtækjum. Þess vegna tel ég eðlilegt, að þetta falli alveg niður, og ég skil eiginlega ekki í því, að forustumenn sveitarmála geti í raun og veru staðið að því að fara fram á, að þessi ákvæði séu framlengd. Ég hef sjálfur átt sæti í sveitarstjórn í 22 ár og hef þar af leiðandi mikið unnið að sveitarstjórnarmálum, og ég hygg, að það eigi ekki að vera sú eina stefna sveitarstjórnarmanna að reyna að seilast svo langt í skattálagningu á hendur fyrirtækjum, ekki sízt þeim sem standa undir útflutningsframleiðslunni, að þau geti eiginlega aldrei, þótt eitthvað gangi vel, rétt úr kútnum, og þess vegna tel ég fyllstu ástæðu til þess að taka tillit til þessa og að þetta verði fellt niður.

Fyrir nokkru voru hér til umr. á Alþ. og hér í þessari hv. þd. sparnaðarfrv. ríkisstj., og þá stóð þannig á, að það voru tvær greinar, sem snertu sjávarútveginn, sem ákveðnir þm., og þó alveg sérstaklega einn þm., hv. 4. þm. Reykv., gerði þá að umræðuefni og lét svo ummælt, að við, sem hefðum staðið framarlega í félagsmálum útgerðarinnar, ættum ekki að láta ríkisstj. hafa okkur til þess að fella niður þessi ákvæði, en honum láðist alveg, þeim ágæta og prýðilega sannorða manni, að geta þess um leið, að í staðinn fyrir 30 millj. fengum við, forsvarsmenn útgerðarinnar, 124 millj. kr. til fiskveiðasjóðs. Ég sá ekki ástæðu til þess að koma inn á þetta atriði, vildi ekki tefja umr., ég bjóst við því, að tækifæri myndi gefast síðar, og ég er þessum hv. þm. og ýmsum öðrum afskaplega þakklátur, ég get eiginlega ekki með orðum lýst, hvað ég er þakklátur fyrir áhuga hans og góðvild í garð sjávarútvegsins, en nú vil ég minna hann og aðra hollvini sjávarútvegsins á það, við afgreiðslu á þessu frv., að nú gefst þeim tækifæri til þess að sýna hug sinn í verki við atkvgr., og ég efast auðvitað ekki um, að hann mun standa við það að rétta upp höndina með mér í sambandi við þessa till.

Frsm. 2. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. N. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. eða 5 hv. nm. leggja til, að frv. verði samþ. með tveimur brtt., sem ég mun koma að síðar. Hv. 4. þm. Vestf. leggur fram sérálit og leggur til, að 1. og 5. gr. falli niður. Hann var að ljúka hér máli sínu áðan og ég er nú alveg sammála honum með þessar till., en legg samt fram hér, eins og fram kemur, sérstakt nál., vegna þess að ég vil breyta fleiru í þessu frv.

Það er æðimargt, sem þyrfti að athuga í sambandi við tekjuöflun sveitarfélaga, mörg þeirra hafa átt í miklum erfiðleikum með að afla nægjanlegra tekna til að rísa undir lögboðnum gjöldum. Ekki er hægt að sjá annað en að þeir erfiðleikar fari hraðvaxandi, eins og nú horfir í atvinnumálum þjóðarinnar. Því ber að vinna að því að útvega sveitarfélögum nýja tekjustofna. Aðstöðugjaldið er þyrnir í augum margra, ekki sízt fyrir það, að þeim mun óhagstæðari sem atvinnureksturinn er og fleiri óhöpp henda, þeim mun hærra verður gjaldið frá hlutaðeigandi aðila, en gjaldþolið minnkar að sama skapi. Ýmis ófyrirsjáanleg óhöpp, sem fyrir koma í atvinnurekstrinum og skera úr um það, að hallarekstur verður á óhappaárinu, geta hækkað til mikilla muna gjöld fyrirtækisins til sveitarfélagsins. Á þennan hátt er hallareksturinn skattlagður, og íþyngir þetta ott erfiðum rekstri það mikið, að til stöðvunar getur leitt. Ekkert samræmi er í álagsþunga aðstöðugjaldsins og í mörgum tilfellum getur hann orðið allt að 4 sinnum meiri á einum stað en öðrum, miðað við sams konar rekstur. Ef ekki þykir fært að afnema aðstöðugjaldið með öllu, en að því ber að stefna, verður að samræma álagningarprósentuna þannig, að sama prósenta gildi á öllu landinu á sams konar rekstri og óhöpp séu undanskilin gjaldskyldu að öllu leyti.

Ég get ekki fallizt á 1. gr. frv. óbreytta, sé enga nauðsyn að gera breyt. á l., þó að hæstaréttardómur hafi fallið á þá leið að milda beri framkvæmd þessarar skattheimtu miðað við það, sem hún er hörðust. En framkvæmdin hefur verið mjög breytileg og sums staðar a. m. k. í samræmi við túlkun hæstaréttar á lögunum. Mér finnst óviðeigandi, að Alþ. hlaupi þannig til og breyti lagafyrirmælum í samræmi við mistúlkun ranglátrar skattheimtu, sem

er í rauninni byggð á því, að ekki sé hægt að koma framtölum fyrirtækja í það horf, að þau gefi rétta mynd af rekstri og efnahag. Í þessu felst uppgjöf viðkomandi yfirvalda við það verkefni að leggja á eftir efnum og aðstæðum og að framtölunum sé komið í það horf, að sumum haldist það ekki uppi að telja aðeins hluta af tekjum sínum fram til skatts, eins og almennt er talið, að nú eigi sér stað og það í stórum stíl. Ég held, að það væri sæmra að fylgjast betur með framtölunum en nú er gert og hlaða minni gjöldum á rekstur, sem engan arð gefur og ekkert getur því borgað. Erfiðleikar slíkra fyrirtækja eru nægir fyrir því, þó að þeim sé ekki íþyngt á þann veg.

Í stað 1. gr., eins og hún er í frv., legg ég til, að 9. gr. orðist svo: Á eftir orðunum „sem nemi brúttótekjum" komi: „Kostnaður vegna óhappa eða náttúruhamfara skal undanskilinn aðstöðugjaldi." Ég hef aldrei skilið þessa skattheimtu, að ef tjón verður, þá skuli tjónþoli verða að borga gjald til sveitarfélagsins af þeim kostnaði, sem leiðir af tjóninu. Slík skattheimta er vitanlega fyrir neðan allt velsæmi og því mál til komið, að hún sé afnumin, og því legg ég til, að 1. gr. frv. falli niður í núv. formi, en í staðinn komi þessi breyt. á 9. gr.

Á eftir 1. gr. legg ég til að komi ný gr. og aðrar gr. frv. breytist þá skv. því. Þessi nýja gr. gerir ráð fyrir ákveðinni prósentu á hverja starfsemi fyrir sig, og er talið upp, hvernig það skuli vera. Þessi flokkun er eins og aðstöðugjaldið var lagt á í Reykjavík og Kópavogi á s.l. ári. Hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúli Guðmundsson, lagði þessa till. fram í frv.-formi á öndverðu þingi ásamt 5. þm. Norðurl. v., Guðmundi Jónassyni, og sofnaði málið í n., eins og flest það, sem stjórnarandstaðan flytur. Þykir mér rétt að taka málið upp, þar sem þar er um að ræða breytingu á sömu l. og þetta frv. fjallar um, svo að það fái þinglega meðferð, enda er það gert í fullu samráði við flm. þessa fyrra frv. og raunar eftir ósk hans. Með þessari breytingu er gerð tilraun til þess að samræma álagningarprósentuna þannig, að hún sé alls staðar sú sama á landinu á sams konar framleiðslu eða rekstri. Greinin byrjar þannig: „Aðstöðugjald má eigi hærra vera en hér greinir" eða óbreytt frá því, sem hér er, og hefur það sýnt sig undanfarin ár, að álagningarprósentan hefur hvergi verið lægri heldur en í Reykjavík og Kópavogi á samskonar rekstur, en ósamræmið ótrúlega mikið á milli annarra staða, eins og ég kem að síðar. Þar sem álagningarprósentan, sem till. gerir ráð fyrir, er eins og álagningin hefur verið í Reykjavík og Kópavogi, verður að gera ráð fyrir, að þessum tilgangi yrði náð með samþykkt þessarar till., þó að ákvæðið sé ekki fast skorðað, þannig að t. d. er hugsanlegt að setja einhvern rekstur í lægri álagningarflokk en hann er ákveðinn í l. Fyrir mitt leyti er ég þess fullviss, að slík frávik mundu í reyndinni heyra til fárra undantekninga, sem litlu máli mundu skipta. Hins vegar vil ég ekki með öllu binda hendur sveitarstjórnar að þessu leyti. Ég veit, að sumar sveitarstjórnir hafa t. d. ekki lagt aðstöðugjald á tilbúinn áburð, en aðrar allt upp í 2%; á 50 þús. kr. kaup mundi þetta verða 1000 kr. Þetta misræmi er mjög óeðlilegt og ranglátt og er raunar hliðstætt því, að verzlunarstaðir væru látnir borga misháa tolla af sömu vörutegund. Mundi það verða vel séð? Á þessu sést, að þessi skattur er í sumum tilfellum þrisvar til fjórum sinnum hærri á einum stað en öðrum og er ekki við slíkt ósamræmi unandi. Til frekari skýringar á þessu máli vil ég lesa kafla úr grg., sem fylgdi frv. þeirra hv. alþm., Skúla Guðmundssonar og Guðmundar Jónassonar, með leyfi forseta:

„Í nokkur ár hefur verið heimild í l. um tekjustofna sveitarfélaga til að leggja á svonefnd aðstöðugjöld. Allir kaupstaðirnir, kauptúnahreppar og fleiri sveitarfélög hafa notað þessa heimild. En sá stóri galli fylgir l., eins og þau hafa verið framkvæmd, að aðstöðugjöldin koma mjög misjafnlega þungt á gjaldendur eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu. Veldur þetta óþolandi ranglæti.

Hér skulu nefnd fáein dæmi, sem sýna þetta.

Á árunum 1966 og 1967 voru aðstöðugjöld á matvöruverzlunum í Reykjavík og Kópavogi 0.5% af viðskiptaveltunni. Í 7 öðrum kaupstöðum og kauptúnahreppum voru gjöldin á slíkum verzlunum 1% eða 100% hærri. Í 16 kaupstöðum og kauptúnum nam álagningin á matvöruverzlanirnar frá 1.2 til 1.7% og var þannig 140—240% hærri en í Reykjavík og Kópavogi. Og dæmi má finna um það, að aðstöðugjöldin á matvöruverzlunum voru 2%, eða 300% hærri en í áðurnefndum kaupstöðum við Faxaflóa.

Aðstöðugjöldin hvíla einnig misjafnlega þungt á iðnaðarfyrirtækjum, þó að munurinn sé þar ekki eins stórkostlegur. Í Reykjavík og á 8 öðrum stöðum var álagningin á flest iðnaðarfyrirtæki að undanskildum þeim, sem reka kjöt- og fiskiðnað, 1% árin 1966 og 1967, en á 13 öðrum stöðum var álagning á slík fyrirtæki 1.5% eða 50% hærri.

Háu aðstöðugjöldin, sem lögð eru á nauðsynjavöruverzlanir víða um land, bitna vitanlega á því fólki, sem þar býr. Hvers á það fólk að gjalda, sem er látið borga allt upp í 300% hærri opinber gjöld en lögð eru á aðra? Á að halda áfram að refsa þeim, sem enn halda tryggð við hinar fámennari byggðir í stað þess að flytjast í fjölmennið á suðvesturhorni landsins? Hvað mundu menn segja um misháa tolla? Hvernig yrði því tekið, ef ákveðið væri að innheimta mismunandi há aðflutningsgjöld af innfluttum vörum eftir því, til hvaða verzlunarstaðar þær væru fluttar frá útlöndum? En segja má, að það væri sama aðferðin og nú er beitt við álagningu aðstöðugjaldanna. Aðstöðugjöldin leggjast á vörurnar með sama hætti og tollarnir til ríkisins.

Starfsemi atvinnujöfnunarsjóðs og áætlanir um byggingu og eflingu atvinnulífs á vissum landssvæðum koma að takmörkuðum notum, ef haldið verður áfram að leggja margfalt hærri opinber gjöld á fólkið á þessum svæðum heldur en á þá, sem í þéttbýlinu búa. Ranglætið, sem framkvæmd l. um

aðstöðugjald veldur nú, þarf að afnema. Hér er því lagt til, að sömu reglur um álagningu aðstöðugjalda skuli gilda um land allt.“ Þannig segir í þessari grg.

2. gr. frv., sem yrði 3. gr., ef mínar till. yrðu samþykktar, get ég fyrir mitt leyti samþykkt, eins hún kom frá Ed., en brtt. meiri hl. um að setja 20% í staðinn fyrir 15% yfir meðalútsvarið get ég ekki fallizt á. Þetta er auðvitað matsatriði og fer eftir því, hvort menn aðhyllast frekar, að þeir fjármunir, sem eru þarna til skiptanna komi á fá sveitarfélög og þá meira í hvert þeirra, eða fleiri, sem mundu þá fá minni upphæð í sinn hlut. Ég tel síðari leiðina eðlilegri og réttlátari og vil því láta 15% standa óbreytt.

Síðari till. mín er við 3. gr. frv., eins og það er, en verður við 4. gr. skv. mínum till. Hún er þannig: Á eftir orðunum „skv. a-lið 47. gr. verið ákveðnir“ komi: er skylt að auglýsa það hlutaðeigendum fyrir janúarlok álagningarárið og er sveitarstjórn þá heimilt o. s. frv.

Í 47. gr. l. segir: „Sveitarstjórn setur nánari reglur um þessar greiðslur fyrir 15. jan. ár hvert.“ Meiri hl. heilbr.- og félmn. leggur til, að skylt sé, að búið sé að auglýsa hlutaðeigendum þetta fyrir 15. jan., ef innheimta á eftir vissum gjalddögum skv. a-lið 47. gr. Ég tel það eðlilegra, að tímamörkin þarna séu fyrir janúarlok, en ekki bundið við sama mánaðardag og ákvörðunin um greiðslufyrirkomulagið er komin í eindaga hjá sveitarstjórnunum.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Eins og fram hefur verið tekið hér við þessar umr., er frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 frá 10. júní 1964 flutt í Ed. skv. ósk stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Efni frv. er aðallega það að skýra ákvæði um aðstöðugjaldastofn í samræmi við þá framkvæmd álagningar skattyfirvalda, sem tíðkazt hefur, og er vitnað þar til nýgengins hæstaréttardóms. Annað efni frv. er, að útsvör verði því aðeins frádráttarbær, ef helmingur þeirra er greiddur fyrir 1. júlí ár hvert og hinn helmingurinn fyrir árslok. Þetta er nýmæli, því að skv. núgildandi ákvæðum eru þau dregin frá tekjum, ef þau eru aðeins greidd að fullu fyrir áramót. Þá fjallar frv. um að samræma álagningu eignaútsvara álagningu eignarskatts og að eignaútsvar verði jafnhátt og eignarskattur. Vegna þeirrar hækkunar, sem nú er áformuð á eignarskatti, er hér um að ræða möguleika á nokkurri tekjuhækkun hjá kaupstöðum og kauptúnahreppum. Þá er einnig ákvæði í þessu frv. um það, að framlengd verði heimild til að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt vegna tekna, sem eiginkona aflar, um tapfrádrátt á milli ára, um gjafir til menningarmála o. s. frv.

Við umr. í Ed. kom það í ljós, að þar ríkti ekki eining um málið, og skiptist heilbr.- og félmn. Ed. í fernt og skilaði 4 nál. Á þskj. 370 lítur frv. út, eins og það kemur frá Ed., og þar hefur orðið lítil breyting á 1. gr. frá því, sem upphaflega var lagt til í frv. Þetta mál hefur hér verið til afgreiðslu í hv. félmn., og hafa allmargar breytingar komið fram við frv. Aðalbreytingin og ég held sú eina frá Matthíasi Bjarnasyni er á þskj. 487, og vil ég lýsa því yfir, að þó ég telji, að sveitarfélögin þurfi á meiri tekjum að halda og að þessi nýmæli, sem yrðu tekin upp, mundu skapa þeim nokkuð auknar tekjur, þá sé ég mér ekki fært að fylgja þessu nýja ákvæði á þskj. 370, heldur mun ég stuðla að því, að 9. gr. verði áfram í l. og eins og hún er núna, en þar segir svo: „Aðstöðugjald skal miða við samanlögð rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár, þar með taldar fyrningarafskriftir skv. ákvæðum skattalaga, svo og vörukaup verzlana og efniskaup vegna framleiðslu iðnaðarfyrirtækja. — Aldrei skal reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum. — Ráðh. getur með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins.“

Þetta ákvæði um innheimtu aðstöðugjalda er búið að vera í gildi frá 1964, og ég vil ekki stuðla að því, að því verði breytt. Hér hefur komið fram í umr. sú skoðun, sem er alveg rétt, að aðstöðugjöldin séu ekki sem heppilegust. Hv. þm. hafa kveðið misjafnlega fast að orði varðandi aðstöðugjöldin, sumir telja þau af og frá og ósanngjörn með öllu, en ég vil bara minna á, að þegar þau voru sett í l., þá var það neyðarúrræði vegna sveitarfélaganna. Þau voru í fjárhagsþörf og það þurfti að leita nýrra úrræða, og þá var ekki hægt að koma auga á annað en þetta. Ég lít svo á, að það sé nauðsynlegt að endurskoða l. um tekjustofna sveitarfélaga fyrr en síðar. Hv. Alþ. hefur á síðastliðnum áratugum öðru hverju verið að samþykkja l., sem hafa íþyngt sveitarsjóðum, aukið á útgjöld þeirra með löggjöf, en hins vegar ekki að sama skapi séð um að afla þeim tekjustofna. Ég hef ekki á takteinum hér ábendingar um nýja tekjustofna, en mér fyndist eðlilegt, að fyrr en seinna yrði kosin eða skipuð mþn. til að rannsaka þessi mál ofan í kjölinn.

Það, sem olli því aðallega, að ég tók hér til máls undir þessum dagskrárlið, er sú brtt., sem hefur komið fram hjá meiri hl. félmn. þessarar hv. d. varðandi 2. gr. frv. eins og það kom frá Ed. og er á þskj. 370. 2. gr. var tekin inn í frv. í hv. Ed., og hún kom ekki frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, heldur varð hún til í Ed., og ég tel hana til bóta í frv., og ég verð að segja það, að ég hef undrazt það, að minni hl. hv. heilbr.- og félmn. skuli leggja til, að prósentutala í 2. gr. verði hækkuð úr 15% í 20%.

Með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, hvernig þessi grein er. Þar segir svo: „15. gr. d orðist svo: Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem fá ekki nægileg útsvör álögð samkv. 34. gr. Þó er heimilt að greiða aukaframlag til sveitarfélags, þar sem fólksfækkun hefur átt sér stað eða tekjur gjaldenda rýrnað, ef útsvör í sveitarfélaginu eru a. m. k. 15% yfir meðalútsvarsstiga á öllu landinu árið á undan. Meðalútsvarsstigi hvers árs er summan af margfeldi hundraðstölu útsvarsstigans og íbúafjöldans í hverju sveitarfélagi

deild með íbúatölu landsmanna 1. des. næsta ár á undan."

15. gr. l. um tekjustofna sveitarfélaga er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Hlutverk jöfnunarsjóðs er: a. Að greiða framlag til sveitarfélaganna samkv. ákvæðum þessa kafla. b. Að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga samkv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga. c. Að leggja út greiðslur þær á milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkv. framfærslulögunum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær hafa verið inntar af hendi fyrir. d. — það er greinin, sem um er deilt, — Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör álögð samkv. 34. gr.", en í 34. gr. er kveðið svo á, að „nú kemur í ljós, að útsvör samkv. 32. og 33. gr. laga þessara reynast hærri eða lægri en fjárhagsáætlunin segir til um, og skal þá lækka eða hækka hvert útsvar að réttri tiltölu, unz hinni áætluðu upphæð, að viðbættum 5—10%, er náð. — Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 20 hundraðshlutum."

Nú hefur það komið fyrir, að sveitarfélag hefur þurft að leggja á allt að 20% á útsvarsskalann til að ná endunum saman, og það hefur ekki nægt, og þannig hafa þau þá fengið, þessi sveitarfélög, framlag úr jöfnunarsjóði. Það hefur ríkt mjög mikil óánægja með, að það skuli þurfa að leggja allt að 20% ofan á útsvör, áður en til jöfnunarsjóðs komi, og hafa komið fram um það tilmæli frá ákveðnum sveitarfélögum, að þessi prósentutala verði bundin. Nokkrir hafa haldið því fram, að hún ætti ekki að vera nema 5%, aðrir 10,-en Ed. hefur fallizt á 15%. Nú vil ég leyfa mér bara að skora á hv. meiri hl. félmn. að taka aftur till. sína, þar sem þeir vilja láta kveða á um, að það verði 20% í staðinn fyrir 15%. Ég held, að sá andi, sem var á bak við samþykktina með jöfnunarsjóðinn, styðji þessa beiðni mína, og ég vona, að þeir endurskoði afstöðu sína og taki hreinlega til baka fyrri brtt. á þskj. 479. Í trausti þess, að þeir muni verða við þessum tilmælum, ætla ég að ræða 3. gr. frv. á þskj. 370 og svo þær næstu. Ég vil ekki orðlengja hér neitt varðandi 3. gr. Þar eru sveitarfélögin að verki, þau eru með því að fá nýmælin, sem þar greinir frá, staðfest, lögfest. Þau eru með því að afla sér rekstursfjár fyrr á árinu, og get ég vel skilið það sjónarmið sveitarfélaganna.

4. gr. er mjög eðlileg. Hún er í framhaldi af því, sem hefur verið samþ. áður varðandi eignarskatt hér á Alþ., og ég tel hana alveg sjálfsagða. Í sambandi við 5. gr. mun ég fylgja brtt. Matthíasar Bjarnasonar á þskj. 487 um, að 5. gr. falli niður, því að ég verð að taka undir það, að mér finnst ekki óeðlilegt, að sama regla eigi að gilda í þessu tilviki um álagningu útsvars og gildir um álagningu tekjuskatts.

Ég vil svo ekki fjölyrða frekar um þetta eða tefja umr. hér, en ég endurtek tilmæli mín til þeirra, sem fluttu hér brtt. við 2. gr., og ég treysti því, að þeir endurskoði afstöðu sína.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég sé það, að hv. 4. þm. Vestf. er hér ekki viðstaddur, en hann beindi til mín nokkrum vinsamlegum orðum hér áðan. Mér þykir verra, að hann skuli ekki vera viðstaddur, en í tilefni af því, sem hann beindi að mér í sambandi við þær till., sem hér liggja fyrir hjá honum, get ég sagt það, að ég styð báðar og tel þær eðlilegar og réttmætar eins og á stendur. Hann leggur til í fyrsta lagi, að 1. gr. frv. sé látin falla niður. Ég álít það tvímælalaust til bóta, að l. verði í þeim efnum eins og þau eru nú, ég álít það að mörgu leyti æskilega þróun, að skyldur rekstur sé rekinn af einu og sama fyrirtæki, t.d. að útgerð og fiskvinnsla geti haldizt í hendur, rekin af einum aðila, og vil heldur greiða fyrir þeirri þróun. Þess vegna m.a. mun ég fylgja þeirri till. hv. þm. að fella 1. gr. niður. Ég tel líka, að það sé eðlileg ástæða hjá honum að vilja fella niður 5. gr. frv., með því er ekki annað gert en það er staðið við það ákvæði, sem nú er í l. um tekjustofna sveitarfélaga, því að í þeim er gert ráð fyrir, að sú heimild, sem 5. gr. fjallar um, falli niður árið 1967. Og ég tel árferðið nú vera þannig og afkomu atvinnufyrirtækja þannig, þar sem mörg þeirra hafa verið rekin á síðasta ári með tapi, sem stafar af óeðlilegum ástæðum, að þá sé eðlilegt, að þessi heimild sveitarfélaganna verði látin falla niður eins og l. um tekjustofna sveitarfélaga gera ráð fyrir.

Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér annars hljóðs að þessu sinni er sú, að á seinasta þingi flutti ég hér brtt. við l. um tekjustofna sveitarfélaga, eða breytingu á þeim l., sem þá voru til umr. og meðferðar hér í d., og mín till. þá var á þá leið að gera breytingu á 2. mgr. 33. gr. l. En hún hljóðar svo, með leyfi forseta: „Heimilt er að undanþiggja bætur almannatrygginga útsvarsálagningu að einhverju eða öllu leyti og að lækka útsvör gjaldenda, sem orðnir eru 65 ára." Ég flutti á síðasta þingi brtt. þess efnis, að þetta heimildarákvæði yrði fellt niður og það yrði gert að skyldu að undanþiggja bætur almannatrygginga útsvarsgreiðslum. Þetta mál var þá talsvert rætt hér í d., og m.a. flutti hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, sérstaka brtt. við mína till., sem gekk nokkru skemmra heldur en sú till., sem ég hafði flutt. Þetta varð til þess, að málið var tekið til athugunar hjá stjórnarflokkunum, og hæstv. fjmrh. gaf yfirlýsingar hér á Alþ. varðandi þetta mál. Hann hafði sagt það fyrst í sambandi við mína brtt., að fyrir dyrum stæði að koma á svokallaðri sjálfsgreiðslu skatta eða staðgreiðslukerfi skatta og það væri eðlilegt, að þessi brtt. mín yrði tekin til athugunar í sambandi við það mál, því að eftir að því greiðslufyrirkomulagi væri komið á, yrðu reglur að vera hinar sömu í öllum bæjar- og sveitarfélögum í þessu efni. En nú er þetta mjög mismunandi, vegna þess að sum sveitarfélög nota sér þessa heimild, en önnur ekki. Þessi yfirlýsing fjmrh. virðist samstarfsflokki hans ekki hafa nægt, að athugun á þessu máli verði látin bíða, þangað til staðgreiðslukerfið kæmi til athugunar eða framkvæmda, og þess vegna gaf hæstv. fjmrh.

svohljóðandi yfirlýsingu á fundi hér í hv. d., sem var haldinn nokkrum dögum síðar, með leyfi forseta:

„Ég tel hins vegar sjálfsagt og vil fyrir mitt leyti ganga til móts við óskir þessara hv. þm. um það að láta taka þetta mál til endurskoðunar, hvað sem annarri endurskoðun líður, þannig að þetta verði tekið til athugunar nú milli þinga og skoðaðar þær röksemdir, sem fram hafa komið frá báðum flutningsmönnum varðandi málið."

Hér á hann við þær till., sem lágu þá fyrir frá mér og hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal. Og svo seinna, þegar eftir því er gengið, að hv. ráðh. skýri það enn gleggra, hvað hann átti við með þessari yfirlýsingu sinni, þá segir hann á þessa leið, með leyfi forseta:

„Til þess að forðast allan misskilning varðandi yfirlýsingu mína áðan, átti ég ekki við það, að þetta yrði látið bíða heildarendurskoðunar á tekjustofnamálum sveitarfélaga, heldur fól yfirlýsing mín í sér, að það yrði hlutazt til um, að þetta mál sérstaklega yrði athugað fyrir næsta þing."

Hér liggur m. ö. o. fyrir skýlaus yfirlýsing um það frá hv. fjmrh., gefin á seinasta þingi, að það skuli tekið til athugunar fyrir næsta þing að koma samræmdu skipulagi á það, hvort útsvar yrði lagt á bætur almannatrygginga eða ekki. Ég vildi beina þeirri fsp. til hv. fjmrh., hvort slík endurskoðun hafi nokkuð farið fram og hvort ríkisstj. hefur nokkuð aðhafzt í þessum efnum. En þar sem ekkert hefur komið frá hæstv. ríkisstj. enn um þetta efni á þessu þingi og hér er nú til meðferðar frv. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, þá finnst mér rétt að flytja þessa till. mína að nýju og leyfi mér þess vegna að bera fram svo hljóðandi brtt.: „Eftir 4. gr. komi ný gr., sem orðist svo: 2. mgr. 33. gr. l. orðist svo: Bætur almannatrygginga skulu undanþegnar útsvarsálagningu, og heimilt er að lækka útsvör gjaldenda, sem orðnir eru 65 ára."

Þetta síðasta ákvæði um 65 ára aldurstakmark er tekið beint upp úr núgildandi lögum. Ég held, að það sé öllum ljóst, að það þrengi núna verulega að því fólki langflestu, sem nýtur bótagreiðslna hjá almannatryggingunum, gömlu fólki, veiku fólki og öryrkjum, og þess vegna sé það sjálfsagt spor að koma til móts við þetta fólk með því að gera það afdráttarlaust, að bætur almannatrygginga skuli undanþegnar útsvarsgreiðslum. Nú er þessu að vísu komið á mjög víða, mörg sveitar- og bæjarfélög hafa notað þessa heimild, en önnur ekki, og það má búast við, að þau geri það ekki, þrátt fyrir þær ástæður, sem ég minntist á, og þess vegna leyfi ég mér að leggja fram þessa till. mína að gera það að almennri skyldu, að bætur almannatrygginga verði undanþegnar útsvarsgreiðslum.

Ég ætla ekki að ræða frekar um þetta atriði að sinni, en ég hafði hér fyrr í dag óskað eftir því við hæstv. forseta að fá að gera stutta fsp. utan dagskrár. Þá stóð þannig á, að það var búið að óska eftir því að gera hér aths. í sambandi við annað mál og um það urðu því nokkrar umr., og því varð það að samkomulagi við forseta, að ég skyldi bera þessa fsp. mína fram í sambandi við þessar umr., þó það snerti þetta mál ekki sérstaklega, og það virðist líka vilja svo vel til, að báðir þeir ráðh., sem þessi fsp. mín mun snerta, eru nú viðstaddir. En tilefni fsp. minnar er það, að á forsíðu Alþýðublaðsins í dag birtist grein undir fyrirsögninni „Erlendir aðilar í ríkisbyggingum. Gengið fram hjá íslenzkum aðilum um stórverk í tveim byggingum." Ég held, að ég skýri fsp. mína bezt með því að lesa upphaf greinarinnar, með leyfi forseta, en það er á þessa leið:

„Íslenzka ríkið er að reisa tvær stórbyggingar í miðbænum í Reykjavík, mikla tollstöð við höfnina og nýtt landssímahús við Kirkjustræti. Tvö erlend fyrirtæki hafa verið ráðin til að smíða gluggaveggi í þessi stórhýsi, og gengur ríkið þar með fram hjá íslenzkum iðnaði með verkefni fyrir rúml. 12 millj. kr. Þó gerðu íslenzk fyrirtæki tilboð í símstöðina, sem voru lægri en erlendu tilboðin, og í tollbúðina tilboð, sem voru innan við 10% hærri en þau erlendu. Vegna hinnar furðulegu ákvörðunar ríkisvaldsins í þessu máli munu íslenzkir iðnaðarmenn tapa vinnu fyrir millj. kr., en ríki og borg tapa stórfé í sköttum og gjöldum, því erlendir iðnaðarmenn, sem hingað verða sendir til að vinna þessi verk, greiða ekkert til opinberra aðila hér."

Ég held, að þetta, sem ég hef hér lesið, sé nægilega ljóst til þess að rökstyðja þá fsp., sem ég kem með, en hún er í stuttu máli sú, hvað sé rétt í þessu, og beini ég þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., sem bygging tollstöðvarinnar nýju mun heyra undir, og hæstv. samgmrh., sem bygging símstöðvarinnar mun heyra undir. Það má vel vera, að hæstv. ráðh. séu ekki viðbúnir að svara þessari fsp. minni núna, en ég mundi sætta mig alveg við að fá nánari skýringar á þessu máli seinna, hvernig það er vaxið, en ástæðan til þess, að ég fór fram á það við hæstv. forseta að mega bera fram þessa fsp. utan dagskrár, er sú, að nú líður að þinglokum og þess vegna ekki mögulegt að nota sér hið venjulega fsp.-form, en ég ætla heldur ekki að misnota aðstöðu mína með því að ræða þetta mál neitt sérstaklega, heldur aðeins eins og um venjulega fsp. væri að ræða og óska eftir skýringum viðkomandi ráðh. á þessu máli.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í sambandi við þessa fsp. vil ég aðeins segja það, að ég mun gera ráðstafanir til að dagblöðunum verði send grg. varðandi kaupin hjá Póst- og símahúsinu í þessa svo nefndu glugga, sem rætt eru um í Alþýðublaðsgreininni í dag, og geta þá hv. alþm. gert sér grein fyrir því, hvernig í þessu máli liggur.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er kannske bezt að víkja fyrst að gluggunum. Ég hef ekki lesið þessa frásögn í Alþýðublaðinu, en eftir því, sem hv. þm. sagði, þá er ýmislegt við hana að athuga, og ég get sagt það sama og hæstv. samgmrh., ég tel sjálfsagt, að það verði birt grg. um þetta mál, úr því þetta er komið á umræðustig með þessum hætti, þannig að það liggi þá í augum uppi,

hvað eru efnisleg rök í málinu. Að öðru leyti skal ég ekki um það ræða, en því miður hefur ekki verið þrætt alveg strengilega það sem rétt er og satt er í efnisatriðum málsins, en við skulum ekki fara út í þá sálma hér. Eins og hv. þm. sagði, er það ekki hér til umr., og skal ég því ekki heldur misnota minn tíma hér til þess að fara að svara í sambandi við þá byggingu, sem ég ræð slíkri ákvörðun um. Ég kannast vel við þetta mál, en ég held, að það sé þægilegast fyrir alla, að það verði tekin saman grg. einnig um það mál og birt opinberlega. Ég vona, að hv. þm. sætti sig við, að það sé eðlileg málsmeðferð.

Varðandi annað atriði, sem hv. þm. spurði um, skattlagningu á bótum almannatrygginga, sem hér hefur verið til umr. á síðasta þingi, þá vil ég taka það fram, að þegar eftir að þingi lauk lét ég gera þá athugun á því máli, sem ég taldi eðlilegasta og var í því fólgin, að ég lét félmrn. taka upp sérstakar viðræður við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga um málið og byggði á þeim rökum, sem komu hér fram á Alþ., og þau þskj. voru athuguð, sem höfðu verið lögð hér fram í sambandi við það mál. Það er rétt, að ég lofaði því, að málið yrði tekið til sérstakrar athugunar, en ekki látið bíða heildarendurskoðunar tekjustofnamála sveitarfélaga. Hins vegar lofaði ég engu um ákveðna niðurstöðu í því máli, en það er ekki nema sjálfsagt að það komi fram, úr því að hv. þm. spyr hér að því, að niðurstaða þeirrar athugunar varð mjög neikvæð frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Það var andvígt því, að þessi breyting yrði gerð, taldi það með öllu óeðlilegt, að þessi heimild væri í lögunum, það ætti að vera á valdi sveitarfélaganna að meta það. Þetta hefði veruleg áhrif á tekjumál ýmissa sveitarfélaga, og þeir væru því ekki meðmæltir, að slík breyting yrði gerð, og ég hef ekki talið mér sem ráðh. fjármála sveitarfélaga fært að leggja fram till., sem ganga í öfuga átt. Um þetta má vafalaust deila, hvað sé rétt um þessa niðurstöðu, en hún er sem ég greini hér frá. Ég held, að það sé eitt, sem menn verða að gera sér grein fyrir í sambandi við þessi tekjustofnamál sveitarfélaga, sem sýnilega er mjög umdeilt atriði, og það er sú staðreynd, að sveitarfélögin verða auðvitað með einhverjum hætti að ná sínu fé. Það er alveg augljóst mál. Og þegar við setjum um það lög hér á Alþ., þá verða menn að hafa þessa staðreynd í huga. Ef á að veita einhver fríðindi, einhverjum aðilum, hvað sem þeir heita, þá hlýtur það að hafa þá afleiðingu, að teknanna verður aflað einhvers staðar annars staðar og með álögum á aðra. Þetta komumst við ekki hjá að hafa í huga.

Þegar ég lagði það frv. fyrir þingið, sem hér er til umr., gerði ég grein fyrir því, að það hefði verið samið af stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, og ég hef talið sjálfsagt að flytja það eftir þeirra beiðni, en að öðru leyti er það ekki ríkisstjórnarmál sem slíkt, enda hef ég gengið út frá því, að sveitarfélögin ættu hér talsmenn úr öllum flokkum og þó þeir væru ekki sammála þá mundi hagur þeirra og hagsmunir eiga skilningi að mæta hjá öllum hv. þm., hvar í flokki sem þeir væru. Það kemur hins vegar í ljós, að skoðanir manna í þessum efnum eru ákaflega skiptar, og ég held það hafi aldrei komið fyrir áður, ekki svo ég muni eftir, að n. hafi fjórklofnað eins og gerðist í Ed. um þetta mál. Hins vegar tel ég, að niðurstaða málsins, eins og hún kom frá Ed., hafi eftir atvikum verið góð og skynsamleg, og það var lögð í það þar mjög mikil vinna af ýmsum aðilum, sem ekki voru allir sömu skoðunar, en töldu rétt að reyna að finna einhverja lausn á þessu vandamáli, og í samráði við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga voru gerðar ýmsar breytingar á upphaflega frv. og því komið í það form, sem ég satt að segja var að vonast til að mundi fá a.m.k. tiltölulega almennan stuðning einnig hér í hv. Nd., þannig að það yrðu ekki gerðar grundvallarbreytingar á málinu eins og það kom frá Ed., því að sannast sagna veit ég ekki, hvernig það fer, ef á að fara að umturna því mjög mikið og Ed. þarf aftur að fara að taka það til meðferðar. Miðað við þá einingu, sem þar ríkti, þykir mér ekki horfa vel með útkomuna í málinu og viss atriði þessa frv. verða undir öllum kringumstæðum að komast fram, og þar á ég fyrst og fremst við ákvörðun um eignaútsvörin, sem enginn ágreiningur varð um í Ed., engin breyting var gerð á því ákvæði.

Inn í frv. í Ed. var svo tekið annað ákvæði, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. minntist hér á og ekki var búið að ljúka athugun á, þegar frv. var borið fram, en félmrn. hafði athugað það sérstaklega, og var það síðan tekið inn í frv. í Ed. Ég skal játa það, að ég tel, að sú till., sem þar var samþykkt, gangi nokkuð langt og geti skapað viss vandræði, sem orsakast af því, að miðað við þá reglu, sem lögð er til grundvallar, mundi álagið á útsvarsstofninn — til þess að komið geti til úthlutunar úr jöfnunarsjóði — ekki þurfa að vera, að því er mér skilst, nema 3—4% miðað við útsvarsskala s. l. árs, sem er auðvitað gerbreyting frá því, sem áður var, og leiðir það af sér, að allmörg fleiri sveitarfélög koma inn undir þetta mark, en af því leiðir svo það, að félmrn. verður að deila þessu niður með öðrum hætti en áður. Og ég er ekki alveg viss um, að þetta séu miklar hagsbætur fyrir sveitarfélögin á Norðurlandi, sem hingað til hafa notið þessa framlags, því að það er visst hámark, eins og hv. þm. vita, sem varið er í þessu skyni, þannig að hendur rn. um úthlutun eru bundnar að þessu marki. En ég mundi álíta, miðað við allar aðstæður og miðað við, hvað þetta er viðkvæmt og erfitt mál, að rétt væri að gera það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. lagði hér til, að hv. n. tæki þessa till. aftur. Hún hefur í rauninni ekki ákaflega mikla efnislega þýðingu, meðan hámark er á þeim hluta tekna jöfnunarsjóðs, sem má ganga til þessara þarfa, og af því að ég er hræddur um, að það hefjist aftur ný orrahríð og deila um þetta í Ed., ef málinu yrði breytt hér, vil ég mæla með því, að svo yrði gert.

Varðandi þá till. að fella niður 1. gr. frv., þá tel ég það heldur óheppilega aðferð. Menn segjast vilja hafa þetta ákvæði eins og það hafi verið. Það getur að vísu ekki orðið eins og það hefur verið, vegna

þess að það er búið að kveða upp dóm um það, að sá skilningur, sem allar niðurjöfnunarnefndir hafa haft á þessu ákvæði, sé ekki réttur, þannig að það mun breyta töluvert mikið — það er ekki hægt að segja, hvað víðtækt það verður, — þeim álagningarreglum, sem fylgt hefur verið, einmitt af þessari ástæðu. Það, sem felst í frvgr., sem lagt er til að fella niður, er í rauninni að halda framkvæmd málsins eins og hún hefur verið öll undanfarin ár, þannig að með því að fella gr. burtu eins og lagt er hér til, eru menn að leggja til að taka upp nýja starfshætti í þessu efni. Einnig þetta atriði var mikið til umr. í Ed. Þar komu fram hugmyndir um það sama, að fella gr. niður, en það tókst að bræða saman skoðanir manna nokkuð almennt, einmitt með orðalagi gr., eins og það er, því að það breytir í nokkru gildandi venju, þó að það gangi ekki það langt að taka að fullu til greina þá niðurstöðu, sem komizt var að í umræddum dómi, þannig að ég teldi ekki hyggilega meðferð að fella gr. niður.

Varðandi aðstöðugjöldin þá er það alveg rétt, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér, að þetta er tekjustofn sveitarfélaganna, sem þau hafa talið sér alveg nauðsynlegt að nota, þau þurfa ekki að nota þetta nema að mjög takmörkuðu leyti og þurfa ekki einu sinni að nota það, ef þau ekki vilja, en þau hafa yfirleitt öll og það í vaxandi mæli talið æskilegt að nota þennan gjaldstofn. Og ég er ekki viss um, að það sé til mikilla bóta að fara að breyta þeim reglum, sem um þetta gilda. A.m.k. vildi ég mjög vara við að samþykkja tillögur um að breyta þessum stofni og álagningarreglum, sem um það hafa gilt, án þess að á því hafi farið fram mjög rækileg athugun, hvaða afleiðingar slík breyting kynni að hafa. Og af þeim sökum teldi ég það mjög hæpið að samþykkja þá till., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur hér lagt fram, þó að það séu vissulega ýmis rök í hans máli um það, að um aðstöðugjöldin sem slík má deila, og skal ég ekki fara út í þá sálma, en þau eru nú einu sinni veigamikill þáttur í tekjuöflun sveitarfélaganna.

Varðandi þá síðustu till., sem hér kom fram um bætur almannatryggingana, hef ég í rauninni ekkert um það að segja annað en það, að það er vafalaust eitt deilumálið, sem þar rís þá upp. Það voru hér síðast mjög skiptar skoðanir um það, hvort það væri sanngjarnt og rétt að undanþiggja almennt bætur almannatrygginga og hvort a.m.k. væri ekki rétt að hafa það á valdi sveitarstjórna, eins og það er. Nú veit ég að vísu ekki, hvað felst í till. hv. þm., hvort undir þetta mundu falla einnig fjölskyldubætur eða ekki. Og ég verð nú að segja a.m.k., að ég tel ákaflega hæpið að láta fjölskyldubætur falla undir þetta undanþáguákvæði. En um þetta verða sjálfsagt hv. þm. að taka sína afstöðu, og eina óskin, sem ég get borið fram hér, er sú, að ég vonast til, að niðurstaðan af málinu verði ekki sú, að þetta frv. verði einhver óskapnaður, því að við þurfum umfram allt að fá niðurstöðu í málinu. Og ég legg áherzlu á, að við þurfum að fá það afgreitt fyrir páska, því að það er að skapast vandræðaástand vegna þess, að óvissan í þessum efnum er farin að tefja starf skattstofanna, þannig að ég vonast til, að hv. d. geti a.m.k. fallizt á að afgreiða frv. fyrir páska. Verði breyt. gerðar hér á því, þarf það að fara til Ed., og væri því mjög nauðsynlegt, að það gæti orðið afgreitt sem skjótast hér í þessari hv. deild.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 578) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Mér þykir rétt að ræða lítillega þær brtt., sem hér eru fram komnar frá tveimur minni hl. heilbr.- og félmn. Þótt hæstv. fjmrh. hafi rætt þær, eru það þó nokkur atriði, sem ég vildi þar við bæta.

Það kemur fram í nál. hv. 5. þm. Norðurl. e., að hann telur, að aðstöðugjöld eigi að greiðast af hallarekstri. Þetta kom einnig fram í framsöguræðu hans, og var það eiginlega aðalrökstuðningur fyrir því, að aðstöðugjöld væru ósanngjörn, að þau næðu einnig til þess, ef um hallarekstur fyrirtækja væri að ræða. Ég vil leiðrétta þennan misskilning, því að í 9. gr. tekjustofnalaganna er það beint tekið fram, að aldrei skuli reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemur brúttótekjum, og getur þess vegna aldrei verið um það að ræða, að aðstöðugjöld verði lögð á hallarekstur, þannig að brtt. hans er að þessu leyti óþörf. Það má að sjálfsögðu mjög um það deila, hvort aðstöðugjöld séu eðlilegur tekjustofn fyrir sveitarfélögin eða ekki, og mér skildist á hv. 5. þm. Norðurl. e., að hann teldi eðlilegra að sveitarfélögunum væru fengnir nýir tekjustofnar eða aðstöðugjaldið a.m.k. lækkað, ef ekki lagt niður alveg. Vissulega væri það gott, ef hægt væri að finna nýja og öruggari tekjustofna fyrir sveitarfélögin en aðstöðugjöldin eru. Ég mundi sem sveitarstjórnarmaður vissulega fagna því, ef þetta væri hægt að gera með eðlilegum hætti. Þetta er vandamál, sem búið er að vera til umræðu hér á Alþ., að ég hygg, í áratugi, og loksins þegar skref er stigið í þá átt að finna sveitarfélögunum nýja tekjustofna, var það gert með tekjustofnal. 1962, þegar sveitarfélögin fengu hluta af þeim söluskatti, sem þá var lögleiddur. Þetta var mikið til bóta fyrir sveitarfélögin, þeim var þar með skapaður öruggur tekjustofn, sem kom inn á ákveðnum gjalddögum frá ríkissjóði og sveitarfélög gátu treyst og byggt á, að alltaf kæmi í þeirra vörzlu á réttum tíma. Hafi hv. 5. þm. Norðurl. e. hugmynd um einhverja nýja örugga tekjustofna, væri mjög æskilegt, að það kæmi hér fram, því að allt tel ég, að það sé til umræðu, ef hægt er að bæta hag sveitarfélaganna á þennan hátt eða annan. En í sambandi við hugmyndir um að fella alveg niður aðstöðugjöldin, þá er eitt atriði, sem menn verða að gera sér alveg ljóst, og það er, að ef slíkt skref væri stigið, þýðir það, að útsvarsbyrðin í sveitarfélögunum yrði færð fyrst og fremst yfir á launafólk frá þeim aðilum, sem nú greiða aðstöðugjald. Þetta er það vandamál, sem sveitarfélögin

eiga við að stríða, hvernig þau eiga að taka inn sínar tekjur, hvernig þær eru teknar eðlilegastar og jafnað sem bezt og eðlilegast út. En niðurfelling eins tekjustofns þýðir alveg beinlínis, að það hlýtur fyrst og fremst að mæða á tekjuútsvörum þeirra, sem þau greiða í hverju sveitarfélagi. Þetta er undirstöðuatriði, sem menn verða að gera sér alveg ljóst, að allar slíkar breytingar, ef ekki koma nýir tekjustofnar, þýða hækkun útsvaranna á launamönnum og þeim, sem tekju- og eignaútsvörin greiða mest, þannig að allar slíkar breytingar verða að skoðast mjög vel af mönnum, sem eru þessum málum kunnugir, og ég tel ekki fært að breyta því með einni slíkri till. eins og hér hefur komið fram frá hv. 5. þm. Norðurl. e. Það er að vísu ekki gengið lengra í sambandi við aðstöðugjöldin en svo að miða þau við álagningu aðstöðugjalda í Reykjavík og Kópavogi á s.l. ári.

Samkv. 9. gr. sveitarstjórnarl. mæla þau svo fyrir, að sveitarstjórnum skuli heimilt að leggja á aðstöðugjöld. Það er ekki nein skylda sem hvílir á þeim, og þeim er heimilt að ákveða sjálf, að hve miklu leyti þau nota þessa heimild og leggja aðstöðugjöld á og þá á hvaða atvinnugreinar, og hve háar prósentur á hverja atvinnugrein, þannig að ég mundi telja það mjög óeðlilegt og ekki til bóta í sveitarfélögum, þó farið væri að lögbinda aðstöðugjöldin ofan í það lágmark, sem þau eru lögð á nú. Væri það gert, þá er komið að því, sem ég var að segja áðan, að það þýðir beina útsvarshækkun á öðrum gjaldendum í sveitarfélaginu. Nú er það svo með mörg stærri atvinnufyrirtæki, sérstaklega við sjávarsíðuna, að þau njóta ákaflega mikilla afskriftahlunninda, meðan á uppbyggingu þeirra stendur. Það má segja, að þetta er allt saman mjög gott, en það þýðir þó það, að þau hljóta að verða tekjuskattlítil eða tekjuskattlaus, jafnvel þótt þau hafi verulegan greiðsluafgang, og ég segi: er það eðlilegt og sanngjarnt gagnvart öðrum íbúum sveitarfélaganna, launafólki og öðrum, er það sanngjarnt, að stærstu atvinnufyrirtækin á hverjum stað greiði engin gjöld til hins sameinaða sjóðs þeirra íbúa, sem sveitarfélögin byggja? Ef heimild til afskrifta í sambandi við atvinnurekstur leiðir til þess, að stærri atvinnufyrirtækin verða af þeim orsökum tekjulaus á framtali, hlýtur það, eins og ég sagði áðan, að leiða til þess að skapa ósamræmi, og ég hygg að menn almennt í sveitarfélögunum muni ekki una því að verða sjálfir að standa undir útgjöldum sveitarfélaganna, en hin stærri fyrirtæki taki þar engan þátt í. Það má að sjálfsögðu alltaf um það deila og er matsatriði, hversu langt á að ganga í þessum efnum, en það verður þó að vera til staðar ákvæði, sem sveitarfélögin geta notað til að skapa þann eðlilega jöfnuð milli íbúa sveitarfélaganna og þeirra fyrirtækja, sem þar eru, til að bera þær byrðar, sem almenningur þarf að standa undir, hver í sínu byggðarlagi.

Um þá hugmynd, sem einnig kemur fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., að kostnaður vegna óhappa og náttúruhamfara skuli undanþeginn aðstöðugjaldi, verð ég að segja, að mér er ekki alveg ljóst, við hvað er átt, en það er ákaflega teygjanlegt hugtak hvað eru óhöpp í atvinnurekstrinum eða hvort atvinnutækin fá á sig aukin útgjöld vegna náttúruhamfara. Það getur margt verið þar um að ræða, bæði í sambandi við landbúnað og sjávarútveg, sem skapar atvinnuvegunum örðugleika, en ég hygg, að þetta sé ákaflega teygjanlegt atriði og erfitt að meta. Ef ætti að fara að skoða rekstrarframtal fyrirtækja, væri erfitt að meta það, hvað væri út af óhöppum og hvað væri út af náttúruhamförum, og hvað væri eðlileg rekstrarútgjöld, — þannig að ég hygg, að það yrði hvorki til bóta fyrir íbúa sveitarfélaganna né fyrir þá aðila, sem eiga að leggja á gjöldin, að þau ákvæði, sem felast í till. á þskj. 496, sem flutt er af 2. minni hl. heilbr.- og félmn., yrðu samþykkt.

Varðandi það, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vestf. í hans framsöguræðu og í nál. 1. minni hl., þar sem hann leggur til að fella niður ákvæði, sem voru í sveitarstjórnarl. um það að heimila sveitarstjórnunum að meta, að hvað miklu leyti þau tækju til greina tapsfrádrátt á skattaframtali, framlög til menningarmála o.fl. og varasjóðsframlög, þá er það að mínum dómi mjög eðlilegt, að sveitarfélögin hafi þessa heimild. Ég tel mig þekkja þetta mál mjög vel, hef lengi starfað að sveitarstjórnarmálum, verið í framtalsnefnd meira en áratug og álít, að þetta kæmi ákaflega einkennilega út, a.m.k. í mörgum sveitarfélögum, ef þessi ákvæði væru numin úr gildi. Það er svo, eins og ég hef sagt áður, að mörg stærri atvinnufyrirtæki hafa mjög rúmar afskriftarheimildir og geta þess vegna orðið tekjulaus, þó þau hafi verulegan greiðsluafgang. Ég þekki mörg dæmi þess frá mínu byggðarlagi, að þar er kannske um að ræða menn, sem almenningur veit að hafa haft miklar og háar tekjur, en eiga kannske nýtt, stórt síldveiðiskip, sem kostar 15—18 millj. og halda skv. lögum verulegum afskriftum og koma því út tekjulausir, þótt allur almenningur viti, að þeir eru með betur stæðum og tekjuhærri borgurum. Ef þetta ákvæði væri numið úr gildi, að sveitarstjórnendur, framtalsnefndin hefði aðstöðu til þess að meta þetta atriði, þá færi svo kannske, að nokkrir menn, kannske nokkrir tugir manna í hinum ýmsu verstöðvum, yrðu útsvarslausir, og ég hygg, að það verði ekki til góðs, hvorki fyrir þá né sveitarfélög í heild, að þannig væri staðið að málum. Útsvarsálagning á hverjum stað er ákaflega viðtækt mál, þar liggur í lofti gömul lenzka, menn bera sig saman við náungann, meta aðstöðu hans, bæði eignalega og tekjulega, og ef almenningur sér, að viss hópur manna getur sloppið undan því að taka sameiginlegan þátt í byrðum sveitarfélags síns, skapar það andrúmsloft, sem ekki er heppilegt í neinu sveitarfélagi.

Ég legg því mjög eindregið til, að þetta ákvæði, sem var í l. og meiningin er að framlengja með frv. eins og það kemur frá hv. Ed., að einmitt þetta ákvæði fái að halda sér áfram, og það er ekki gengið

lengra í þetta sinn heldur en að leggja til, að það verði framlengt á árunum 1968— 1969.

Eins og ég gat hér um í gær við þær umr., sem þá fóru fram, þá var einnig ákvæði í tekjustofnalögunum um það, að sveitarfélög hefðu hentisemi að meta það, hvort þau vildu taka til greina til frádráttar tekjur giftra kvenna og einnig frádrátt sjómanna samkv. skattalögum. Þar sem ég þekki til þessara mála var svo komið mjög víða, að þetta þróaðist í það, að sjómannafrádráttur var við niðurjöfnun útsvara tekinn til greina að mestu eða öllu leyti. Sama má segja um tekjur giftra kvenna. Það mun hafa verið orðin almenn regla hjá sveitarfélögunum að taka þær til frádráttar við niðurjöfnun útsvara, þannig að ég tel, að ekki sé lengur þörf á þessu ákvæði, sem áður var í tekjustofnalögunum, þar sem sveitarfélögin eru almennt komin inn á það að notfæra sér ekki þá heimild.

Hér kom fram áskorun til okkar, sem stöndum að meirihlutaáliti heilbr.- og félmn., frá hv. 5. þm. Norðurl. e. um það að falla frá till. okkar um, að 20% álag þyrfti á meðalútsvarsstiga til þess, að sveitarfélög gætu orðið aðnjótandi aukaframlags úr jöfnunarsjóði. Ég skal geta þess, að við mig höfðu talað aðrir hv. þm. Norðurl. e. og einnig nokkrir sveitarstjórnarmenn um þetta sama atriði, þannig að það lágu þegar fyrir í gær tilmæli um þetta, sem varð til þess, að ég ræddi í morgun við framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, skýrði honum frá þessu og leitaði hans álits á því. Það kom fram hjá honum, að þrátt fyrir það, að Samband ísl. sveitarfélaga lagði það upphaflega til, að þetta ákvæði yrði miðað við 20%, ekki 15%, þá liti hann og stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga svo á, að það væri fyrir sveitarfélögin betra, ef við vildum falla frá þessari brtt. okkar núna, því að þeir óttuðust það, að annars mundi málunum stefnt í hættu í Ed., því það var vitað, að þetta var nokkurt deiluatriði þar.

Það, sem kemur mér mjög á óvart í þessu sambandi, er það, að þessi tilmæli skuli fyrst og fremst koma frá hv. þm. Norðurl. e., því að ef litið er á skýrslur félmrn. um þau sveitarfélög, sem á undanförnum árum hafa notið þess réttar að fá aukaframlag úr jöfnunarsjóði, eru það fyrst og fremst fjögur sveitarfélög í þessu kjördæmi. Með því að hækka þetta mark úr 15 upp í 20% hélt ég, satt að segja, ef maður lítur bara einhliða á aðstöðu Norðurl. e., að við værum að tryggja það, að þau sveitarfélög, sem þar hafa haft erfiða afkomu undanfarin ár, mundu fyrst og fremst njóta þess takmarkaða fjár, sem jöfnunarsjóður hefur til aukaframlags. Ég lét þá skoðun mína í ljós hér í gær, að ég teldi það allt of stórt stökk að fara úr 20% álagi á útsvarsstiga, eins og l. áður gerðu ráð fyrir, og niður í 15% af meðalútsvarsstiga eins og kom út á árinu 1967 og kann að koma út á þessu ári. Það liggur alveg ljóst fyrir, að ef samþykkt verður, að aðeins þurfi að leggja 15% á meðalútsvarsstiga, getur farið svo, ef meðalútsvarsstiginn verður svipaður því, sem hann var 1967, — það sýndi sig við þá athugun, sem gerð var, að aðeins höfðu verið notuð 90% af útsvarsstiganum miðað við þá útreikninga, sem fram koma í 2. gr. frv. — að þau sveitarfélög, sem þurfa full not af útsvarsstiga og bæta aðeins 3½% við, þau eigi orðið rétt á aukaframlagi. Ef skýrslur, sem fyrir liggja fyrir árið 1967 frá félmrn. um þetta atriði, eru athugaðar, sýna þær, að á árinu 1967 voru það 4 sveitarfélög, sem komust undir það að fá aukaframlag. En ef 15% reglunni hefði verið fylgt, þá sýna skýrslurnar, að í stað 4 sveitarfélaga hefðu þegar á því ári komið inn 5 sveitarfélög til viðbótar eða alls orðin 9 en ekki 4. Þetta þýðir beina útþynningu til þeirra sveitarfélaga, sem aukaframlags hafa notið, því að ég get ekki ímyndað mér það, að þm. Norðurl. e. ætli sér það, að þeir hafi þar nokkurn sérstakan forgang, rn. hlýtur að setja um þetta einhverjar reglur og deila heildarupphæðinni út, þeirri upphæð, sem hún hefur, út til þeirra sveitarfélaga, sem réttinn eiga. Og ef athuguð er enn frekar skýrsla rn. varðandi þetta atriði, kemur það í ljós, að milli 16 og 20 sveitarfélög hafa notað útsvarsstigann án þess að gefa af honum afslátt eða bæta við hann. Ef ekki þarf nú annað en að bæta 3½% við útsvarsstigann til þess að fá aukaframlag, þá er komin ákaflega mikil freisting fyrir þessi sveitarfélög, sem þannig er ástatt fyrir, að fullnota stigann og fara upp í 5% viðbótarálag. Ég er ekki að bera það upp á þau, að þau muni gera það, en það er komin freisting fyrir þau sveitarfélög að gera það, því kannske hefur þannig staðið á fyrir ári, að þau hefðu kannske talið sig þurfa að fara upp fyrir stigann, en ekki viljað gera það. En með því að geta farið 5% yfir stigann, ef þau mættu nota það að fara 5% yfir stigann og geta aflað sér aðstöðu til þess að fá aukaframlag, þá er kannske ekki nema mjög eðlilegt, að þau geri það. En allt þýðir þetta það, þar sem upphæðin, heildarupphæðin er takmörkuð við 3% af þeim tekjum, sem jöfnunarsjóður fær af söluskatti, þá auðvitað þýðir þetta, að það kemur bara prósentvís minna í hlut hvers sveitarfélags. En ég skal taka fram, að eftir þær viðræður, sem menn áttu við mig í gær, og eftir þær viðræður, sem ég átti við framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga í morgun, þá talaði ég við meðflm. mína að þeirri till., sem hér liggur fyrir, um þetta atriði, hvort ekki væri rétt af okkur að taka hana til baka, og við urðum sammála um að gera það, og lýsi ég hér með yfir, að fyrri lið í till. okkar á þskj. 479 tökum við til baka til þess að forða því, að þetta frv. nái ekki fram að ganga, en það er brýn nauðsyn, að það nái fram að ganga vegna margra ákvæða, sem í því eru. Ég tel nauðsynlegt, að frv. nái fram að ganga og því tökum við þessa till. okkar aftur.

Við nánari athugun á frv. eins og það er nú orðið og í sambandi við þær brtt., sem hér liggja fyrir, þá tel ég nauðsynlegt, að við frv. verði sett ákvæði til bráðabirgða, en það er varðandi 2. málsl. í 3. gr. frv. Einnig þetta atriði ræddi ég við framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga í morgun, og kom okkur saman um, að til þess að taka af allan vafa

um það, hvað væri átt við með 2. málsl. 3. gr. frv. eins og það er orðið nú frá hv. Ed. og einnig ákvæðum, sem eru í 6. gr. frv., 2. málsl., væri nauðsynlegt, að flutt yrði brtt. um ákvæði til bráðabirgða við frv. Hef ég orðað hana þannig: „Að því er varðar álagningu útsvara árið 1969 er nægilegt, að sveitarstjórnir hafi tekið um það ákvörðun fyrir 15. maí 1968, hvort þær muni neyta heimildar samkv. 2. málsl. 3. gr. laga þessara."

Það mun vera hægt að benda á það með réttu, að ef frv. ásamt þeirri brtt., sem liggur fyrir um þetta ákvæði frá meiri hl. heilbr.- og félmn., yrði samþykkt óbreytt, mundu sveitarfélögin ekki fyrir árið 1970 geta ákveðið það, hvort þau vilji nota þá heimild, sem 3. gr. veitir þeim um að gera fyrirframgreiðslu útsvara því aðeins frádráttarbæra, að hún sé innt af hendi fyrir 31. júlí. Því að þetta mundi ganga þannig fyrir sig, að við álagningu útsvara 1969 yrði það fyrirframgreiðslan 1968, sem þar yrði frádráttarbær, og þess vegna er að sjálfsögðu liðinn sá tími, sem brtt. okkar gerir ráð fyrir, að sveitarstjórn hafi til að taka ákvörðun og auglýsa niðurstöður sínar fyrir almenningi. En ég tel, að ákvæðið um 15. jan. sé eðlilegt. Hv. 5. þm. Norðurl. e. leggur til, að það verði miðað við janúarlok. Ég tel eðlilegt, að þetta ákvæði sé miðað við 15. jan., því að í sambandi við a-lið 47. gr. sveitarstjórnarlaganna er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórn skuli fyrir 15. jan. hafa gert um það samþykkt, hvort hún ætlar að nota heimild l. um að láta greiða hluta af væntanlegu útsvari fyrirfram á ákveðnum gjalddögum. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt, að jafnhliða því, sem þetta er ákveðið, þá sé einnig ákveðið af sveitarstjórn, hvort fyrirframgreiðslan skuli þá verða frádráttarbær eða ekki, og að eins sé farið með það, að það sé skylda að auglýsa það fyrir almenningi, því að gjaldendur eiga vissulega rétt á því að fá að vita það þegar, áður en fyrirframgreiðslan hefst, hvort fyrirframgreiðsla útsvara verður frádráttarbær, ef staðið er í skilum með hana fyrir tilskilinn tíma. Þetta þarf að fylgjast að, svo að almenningur viti um ákvörðun sveitarstjórnar varðandi þetta atriði.

Ég skal svo ekki tefja umr. frekar um þetta, nema tilefni gefist frekar til, en ég legg á það ríka áherzlu — til þess að það skapi ekki að mínum dómi mjög leiðinlega aðstöðu hjá sveitarfélögunum, — að till. bæði 1. og 2. minni hl. heilbr.- og félmn. verði báðar felldar. Ég tel hvoruga þeirra til bóta fyrir gjaldendur eða sveitarstjórnir og ef á að breyta þessum ákvæðum, þarf að skoða þau mikið nánar af þeim mönnum, sem með þessi mál fara fyrir hönd allra sveitarfélaga í landinu, það þarf að skoða mikið nánar og rannsaka, hvaða verkanir það gæti haft fyrir sveitarfélögin í sambandi við tekjuöflun þeirra. Og ég undirstrika alveg sérstaklega það atriði, að ef menn eru með það í huga að fella niður aðstöðugjaldsstofninn sem tekjustofn fyrir sveitarfélög, þá verða menn annaðhvort að benda á nýjan tekjustofn, er þá reynist raunhæfur og betri en aðstöðugjöldin, eða þá að þeir verða að sætta sig við það að leggja þyngri kvaðir í útsvörum á launamenn og aðra, sem útsvör greiða nú í hverju sveitarfélagi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 565) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það eru fyrst nokkur orð utan dagskrár í tilefni af þeirri fsp., sem ég bar hér fram varðandi þá grein, sem var í Alþýðublaðinu í morgun, að tvær ríkisstofnanir hefðu heldur tekið tilboði frá erlendum verktaka en innlendum, þó að í a.m.k. öðru tilfellinu væri um lægra tilboð að ræða.

Hæstv. viðkomandi ráðh. svöruðu því, að þeir mundu bregðast þannig við að senda um þetta mál grg. til blaðanna. Það er að sjálfsögðu gott, svo langt sem það nær. En ég hefði nú talið heppilegra og eðlilegra, þar sem fsp. um þetta er borin fram hér á Alþingi, að skýrslur ráðh. væru einnig lagðar fram þar og þær þá ræddar, ef ástæða þætti til eða menn teldu að málavextir væru þannig, að það væri ástæða til að ræða það nánar á þessum vettvangi, en það mundi ég hiklaust telja, ef málavextir yrðu eins og Alþýðublaðið skýrir frá, því að ég vil láta það koma alveg greinilega fram, að ég tel, að þá hafi verið rangt að farið af viðkomandi ríkisstofnunum og ráðh. og þar sé um svo alvarlegan verknað að ræða, að það væri ástæða til þess að ræða um það mál á Alþ. Ég vildi þess vegna fara þess á leit við þessa hæstv. ráðh., ef þeir sæju sér fært, að þeir létu koma fram grg. um þetta mál hér á Alþingi þannig að það gæfist þá kostur á að ræða nánar um það.

Vegna þess, að ég tala um þetta mál utan dagskrár og tími minn er takmarkaður, skal ég ekki fara um það öllu fleiri orðum að sinni, en sem sagt, ég legg áherzlu á það, að skýrsla um þetta mál verði gefin hér í þinginu.

Hæstv. fjmrh. svaraði því til í sambandi við athugun á undanþágu á bótum almannatrygginga, en um það gaf hann það loforð í fyrra, að það mál skyldi sérstaklega tekið til athugunar fyrir næsta þing, að hann hefði snúið sér til Sambands ísl. sveitarfélaga og óskað eftir áliti þess. Ég held, að það hafi nú verið óþarft, vegna þess að það álit lá fyrir í fyrra, og maður gat vel skilið, hver afstaða þess er. Og þegar lofað var sérstakri athugun á þessu máli á þinginu í fyrra, reiknuðu menn almennt með því, að málið yrði tekið upp í ríkisstj. og því ráðið til lykta þar. En það hefur hvað eftir annað komið fram, a. m. k. í flokksþingssamþykktum og miðstjórnarsamþykktum Alþfl., að hann er því fylgjandi, að bætur almannatrygginga séu undanþegnar bæði útsvörum og tekjuskatti, og þess vegna hygg ég, að þm. hans hafi knúið fram þessa yfirlýsingu til athugunar í ríkisstj. en mér skilst, að það hafi ekki verið gert, heldur hafi verið látið nægja að leita álits stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um málið. Við því er ekkert að segja. Það

hefur aðeins komið í ljós, að það hefur ekki verið staðið við það fyrirheit, sem var gefið hér á þinginu í fyrra. Nú er málið komið hér aftur fyrir og nú er að taka afstöðu til þess, og ég vænti, að það komi þá í ljós, að Alþfl. standi við þær yfirlýsingar, sem bæði þing hans og miðstjórnarfundir hafa gefið um þetta mál. Það, sem ég vildi svo segja um þetta efni að lokum, er það, að mér finnst, að það leiði það mjög greinilega í ljós, að það er orðið meira en tímabært að endurskoða öll þessi mál í heild, tekjustofna sveitarfélaganna, og að það sé eiginlega útilokað að búa við það fyrirkomulag til frambúðar, sem nú er í þessum efnum. Það hefur lengi verið mín skoðun, að það ætti að sameina tekjuskattinn og útsvarið og gera það að einum tekjustofni. Mér finnst að þetta sé eiginlega hrein kleppsvinna að vera að leggja þessa skatta á í tvennu lagi og reikna þá út í tvennu lagi, því að það kostar gífurlega mikla vinnu, og það er náttúrlega eitt af þeirri hagræðslu, sem á að koma, að þessir skattar tveir séu sameinaðir. Og það má vel hugsa sér það, að sveitarfélögin verði alveg látin búa að þessum tekjustofni. En ef til vill er hann of ríflegur til þess að eiga ekki að sinna viðtækari verkefnum en þau hafa í dag, en ég álít, að það komi mjög til greina, að með auknum tekjum verði sveitarfélögunum líka ætlað að annast fleiri verkefni heldur en þau gera nú, og mundi að ýmsu leyti telja það til bóta, þannig að ekki dragist allt í hendurnar á þessu stóra ríkisbákni, sem hefur verið að vaxa í landinu á undanförnum árum, heldur verði þessu meira dreift, og það tel ég að verði gert m.a. með þeim hætti, að sveitarfélögunum verði betur séð fyrir tekjustofnum heldur en gert er í dag. Verkefni þeirra þá kannske eitthvað aukin, en aftur á móti dregið úr þeim verkefnum, sem ríkið sjálft hefur annazt. En ég held, að það sé ljóst af allri þeirri ringulreið, sem hefur verið í sambandi við þetta mál í báðum d. þingsins, — og þó erum við ekki að fjalla nema um útkantinn á því — að þörfin fyrir heildarendurskoðun á þessum málum sé orðin næsta brýn og það eigi ekki að líða enn langur tími, þangað til málið allt verður tekið til heildarendurskoðunar og gerbreytingar og þá m.a. með það fyrir augum, eins og ég sagði áðan, að sameina þessa tvo tekjustofna, tekjuskattinn og útsvarið, vegna þess að það er raunverulega ekkert orðið annað en kleppsvinna að vera að fást við þetta svona í tvennu lagi með öllum kostnaði, sem því fylgir.

Frsm. 2. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði það í sinni ræðu áðan, að 1. gr. frv., eins og þar væri lagt til að hún yrði, væri í samræmi við það, sem framkvæmdin hefði verið alls staðar. Mér er tjáð allt annað. Mér er tjáð það, að þessi framkvæmd hafi alls ekki verið alls staðar á þennan veg. Það hafi farið eftir skattstjórum í hinum ýmsu umdæmum, þannig að ég er nú ekki viss um, að þessi fullyrðing sé alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. Það hefði mátt ætla það af ræðu hv. 3. þm. Sunnl., að í mínum till. fælist það, að ég legði þar til, að aðstöðugjaldið yrði alveg afnumið nú. Það er alls ekki rétt, eins og hv. þm. hlýtur að gera sér ljóst. Ég legg það aðeins til, að þetta sé samræmt, það sé alls staðar eins, að menn búi ekki að þessu leyti við allt annað. Ég tók dæmi um það, að það væri víða þannig, að í einu sveitarfélagi er kannske ekki lagt nema ½% á það sama, sem aftur eru lögð 2% á í næsta sveitarfélagi eða næsta umdæmi. Þetta tel ég óeðlilegt, alveg á sama hátt og ég tel óeðlilegt, að tollar á vöru séu mismunandi miðað við ýmsa verzlunarstaði, sem er alveg hliðstætt. Hann sagði að ef ætti að breyta þessu þyrfti að benda á einhverja nýja tekjustofna. Ég viðurkenndi það í minni framsöguræðu, að það þyrfti að athuga það allt saman mjög vel. En hann bendir á það sjálfur, að afskriftir séu mjög háar víða, sem séu leyfðar l. samkvæmt. Væri nú ekki bara réttara að endurskoða þetta heldur en að vera í raun og veru að skattleggja taprekstur? Því að ég kalla það taprekstur, ef sá, sem er með atvinnurekstur, fær ekkert út úr sinni vinnu, þá kalla ég það taprekstur. En þannig er þetta framkvæmt. Nú, það er náttúrlega smávægilegt atriði, hvort þetta á að auglýsast fyrir 15. jan. eða fyrir janúarlok. Það er smávægilegt atriði, en það er bara ekki búið að auglýsa þeim neitt, sem í sveitarfélaginu búa, sama dag og þetta er afgreitt. Þeir þurfa, eftir lögunum, að vera búnir að ákveða sig fyrir 15. jan., en það er ekki búið að auglýsa það strax, þannig að mér fannst þetta eðlilegt. Þetta er náttúrlega smáatriði, en mér fannst það eðlilegra, að þessu væri svona fyrir komið. En fyrst hann tók þetta sérstaklega til umr., vil ég benda hv. þm. á það, að það er ekki búið alveg í auga lifandi bili.

Ég held, að ég sjái nú ekki ástæðu til þess að svara fleiru í ræðu hv. þm., en það er alveg rétt, sem kom fram hjá honum, og rétt ábending, að ef það er að afskriftirnar séu leyfðar óeðlilega háar, eins og hann staðhæfði, t.d. hjá sjávarútveginum, þá á að athuga það, en ekki að skattleggja aftur taprekstrinn.

ATKVGR.
Brtt. 487,1 felld með 16:9 atkv.
Brtt. 496,1 felld með 19:6 atkv.
1. gr. samþ. með 21:3 atkv.
Brtt. 496,2 felld með 23:6 atkv.
Brtt. 479,1 tekin aftur.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 496,3 felld með 19:6 atkv.
Brtt. 479,2 samþ. með 19:3 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 578 felld með 16:9 atkv.
Brtt. 478,2 felld með 15:13 atkv.
5. gr. samþ. með 19:8 atkv.
Brtt. 554 samþ. með 20:1 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 565 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 584).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég skal nú ekki verða langorður. Ég flutti við 2. umr. brtt. um, að 5. gr. frv. félli niður. Það fékkst meiri hl. í hv. þd. til þess að viðhalda þessum ákvæðum í tvö ár og við það verður að sitja, en ég vildi leyfa mér að flytja skrifl. brtt. svo hljóðandi: „Við 5. gr. bætist: nema um útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki sé að ræða". Ég tel, að till. þarfnist ekki skýringa. Hún skýrir sig sjálf. Ég tel hana eðlilega og sanngjarna.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 585) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Hér hefur komið fram brtt. frá hv. 4. þm. Vestf. varðandi 5. gr. og er nokkuð til samræmis við þá till., sem hann flutti hér við 2. umr., en þá náði ekki fram að ganga. Hv. 4. þm. Vestf. lýsti því í dag hér úr ræðustóli, að hann væri búinn að vera sveitarstjórnarmaður í 22 ár, og ég verð að segja, að flutningur á þessari till. finnst mér lítið vera í samræmi við þann anda, sem ég hélt, að mundi ríkja hjá sveitarstjórnarmönnum almennt. Frá því að ég fór að fást við sveitarstjórnarmál, sem er nú nokkru lengra síðan heldur en hv. 4. þm. Vestf. byrjaði, hefur alltaf verið grundvallarregla hjá þeim mönnum, sem ég hef starfað með, þeim mönnum, sem ég hef kynnzt í sambandi við sveitarstjórnarmál, að hafa sem mest samræmi og jafnræði og réttlæti í þeim álögum, sem lagðar eru á þegna sveitarfélagsins til þess að standa undir nauðsynlegum útgjöldum og byrðum, sem á sveitarfélaginu hvíla. Hér er komin fram till., sem á að brjóta þessa reglu og að mismuna aðilum, gera aðstöðumun, meta, hvort þetta fyrirtæki á frekar að njóta fríðinda heldur en önnur. Ég tel þetta brot á grundvallarreglum þeim, sem sveitarfélög í landinu hafa starfað eftir og starfa eftir enn í dag og ég vonast til, að þær í framtíðinni starfi eftir, þ.e. að gera engar þær ráðstafanir, sem skapa beint óréttlæti, misræmi á milli gjaldenda í hinum einstöku byggðarlögum. Ég verð að segja, að mig undrar nokkuð það kapp, sem hv. 4. þm. Vestf. leggur á það að fá þetta ákvæði fellt út úr frv. Þetta er heimildarákvæði aðeins til tveggja ára um, að sveitarstjórnir fái að meta það, sem þær eru að gera, það, sem þær telja réttast að gera í sambandi við fyrningarafskriftir og annað slíkt. Ég held, að það sé ekki til of mikils mælzt, þó að þessi ákvæði fái að standa í tvö ár, en það getur vel verið, að það komi að því síðar, að það verði talið eðlilegt, þróun mála verði þannig, eins og með þau tvö ákvæði, sem nú hafa verið felld út úr því í sambandi við sjómannafrádrátt og tekjur giftra kvenna. Það hefur þróazt í þá átt undanfarin 4 ár, að við hér erum sammála um það að taka þessi ákvæði út, en meiri hl. þings hefur þó lýst þeirri skoðun sinni, að rétt sé að halda hinum þremur ákvæðunum, sem upphaflega voru sem bráðabirgðaákvæði í l., inni enn þá.

Ég skal taka fram og þarf þó reyndar ekki að gera það, að ég legg mjög mikla áherzlu á það, að þessi brtt. verði ekki samþ., því að hún brýtur beinlínis þá grundvallarreglu, sem sveitarfélögin hljóta að verða að starfa eftir í framtíðinni og eiga að starfa eftir, en það er að mismuna ekki hinum einstöku gjaldendum á kostnað annarra.

Frsm. 2. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég kom með brtt. við 2. umr. málsins, sem því miður náðu hér ekki fram að ganga, og ég ætla að freista þess að koma hér með brtt., sem orðast á þessa leið:

„Á eftir 1. gr. komi ný gr. þannig:

a-liður 10. gr. laganna orðist svo:

Allt að ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla og af verzlun með tilbúinn áburð. Áburðarverksmiðjan er þó undanþegin aðstöðugjaldi."

Ég vil geta um það, að a-liðurinn er þannig í l.: „Allt að ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla." Það, sem ég legg til, að bætist hér við, er: af verzlun með tilbúinn áburð.

Eins og hv. þm. vita, er þetta náttúrlega önnur aðalrekstrarvara landbúnaðarins. Eins og ég gat um í minni ræðu áðan, er lagt allt upp í 2% á þetta, eða frá ½% upp í 2%, og í reyndinni er þessu þá bætt líka við verðið. Bændurnir verða að taka á sig — það kemur þannig út, að þeir taka á sig aðstöðugjaldið af þessu, og þessi liður verður áreiðanlega á þessu ári og næstunni nógu erfiður, þó að þetta sanngirnismál næði fram að ganga hér í þessari hv. d.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 586) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 3. þm. Sunnl. Ég blanda mér auðvitað ekki í það, hvaða skoðun hv. þm. hefur á þessu máli. Ég get haft mína skoðun á því, en hins vegar þegar hann talar um, að það sé verið að breyta grundvallarreglum sveitarfélaganna, finnst mér það nú undarlegt að tala svo. Þegar l. frá 1964 eru sett, eru sett ákvæði til 5 ára fyrir sveitarfélögin, á meðan þau eru að aðlaga sig þessari breytingu, og nú í þessu frv., sem komið er til 3. umr., eru þessi ákvæði framlengd um tvö ár. Ef þetta er grundvallarregla, hvers vegna í ósköpunum eru þessir lagasmiðir þá að halda sér í 4 ár í byrjun og framlengja núna um tvö ár? Því eru þeir þá með þetta? Því hafa þeir ekki bara almenna undanþágu, sem á að gilda? Ég segi fyrir mitt leyti, ég tel ekki óeðlilegt, að það sama gildi við álagningu tekjuskatts og álagningu á tekjuútsvör í

sveitarfélögum. Ef það er talið réttlátt, að ríkið veiti heimild til að færa tap á milli ára í 5 ár, hvernig í ósköpunum á þá að sannfæra mig og aðra um, að það sé óréttlátt, þegar það varðar álagningu útsvara? Því í ósköpunum flytja þessir sömu menn þá ekki till. um breytingar á skattalögunum og taka það af, að fyrirtækin megi færa taprekstur á milli ára? Því í ósköpunum er þá ekki haldið áfram að ganga þannig frá fyrirtækjum, að þau séu steindauð á sem skemmstum tíma og það opinbera geti tekið við rekstrinum? Er það réttlæti, að fyrirtæki, sem kannske tapar millj. á s.l. ári, megi ekki færa tapið á milli ára — til þess að standa á núlli eftir tvö ár, þyrfti það að græða 1600 þús. á næsta ári — og bæjarfélagið taki 500 þús. kr. í tekjuútsvar og 100 þús. kr. í kirkjugarðsgjald? Ég segi fyrir mitt leyti, mér finnst vera fullkomin ástæða til, að það sé gerð hér breyting á. Sveitarfélögin hafa haft fjögurra ára aðlögunartíma. Mörg sveitarfélög hafa sem betur fer notað þennan tíma skynsamlega og eru reiðubúin að taka þetta upp, önnur hafa ekkert gert. Og ég tel, að það eigi að gilda nákvæmlega sama, hvort það eru skattar til ríkis eða sveitarfélaga, og þess vegna flyt ég þessa till.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja þessar umr. Þær eru nú búnar að taka nokkuð langan tíma. Ég óskaði eftir því við 2. umr. málsins hér í dag, að meiri hl. heilbr.- og félmn. tæki aftur brtt. sína á þskj. 479, þ.e.a.s. fyrri lið brtt. Þetta hafa þeir gert, og ég vil leyfa mér að þakka þeim fyrir það. Frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. var nú dálítið kvíðafullur í sambandi við það að taka aftur þessa till. og óttaðist það, að þau sveitarfélög, sem verst væru sett, mundu jafnvel gjalda þess, að prósentunni yrði breytt úr 20% í 15%, en ég held, að hann þurfi nú engu að kvíða í því sambandi. Ég held, að þetta sé til bóta og þessi ósk mín, sem ég flutti hér úr ræðustól, var samkv. eindregnum óskum sveitarstjórnarmanna, og ég held, að þeir hafi vitað, hvað þeir voru að syngja í þessum efnum. Svo ætla ég ekki að orðlengja frekar um það, en ég þakka meiri hl. þann skilning, sem hann hefur sýnt í þessu máli.

Brtt., sem 5. þm. Norðurl. e. flutti hér um það, að aðstöðugjald á tilbúnum áburði yrði það sama og á rekstri fiskiskipa og flugvéla, finnst mér mjög sanngjörn, og ég mun styðja hana við atkvgr. Sömuleiðis vil ég segja það hér, að þó að ég sé eindreginn styrktarmaður sveitarfélaganna og talsmaður þeirra þann litla tíma, sem ég hef verið á þingi, þá vil ég nú segja það í sambandi við fjáraflanir sveitarfélaga og löggjöf þar að lútandi, að mér finnst ekki ósanngjörn þessi brtt. hv. 4. þm. Vestf. Mér finnst það ekki ósanngjarnt, að þeir, sem reka atvinnufyrirtæki og verða fyrir skakkaföllum, verða fyrir taprekstri, séu lögverndaðir þannig í þessu tilfelli í tekjustofnalögunum, að það sé lögákveðið, að þeir fái að skipta tapinu á milli ára. Nú er það þannig og mér finnst rétt, að það komi hérna fram, að þetta er mjög víða og sveitarfélögin hafa mjög gáð að því, að ekki brotni óheillabrim á þessum félögum í sambandi við álagninguna, þannig að þetta er nú ekki eins hættulegt kannske og 4. þm. Vestf. sagði. En mér finnst það engu spilla, þó að það sé tekið í lög, að það sé heimilað í sambandi við útsvarsálagningar, að tap á fiskiskipum og útgerð verði fært á milli ára. Ég held, að hér verði ekki eins mikill munur á eins og tveir síðustu ræðumenn hafa látið í veðri vaka.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Þegar ég sagði áðan, að með till. hv. 4. þm. Vestf. væri skapað misrétti milli einstakra gjaldenda, þá var það vegna þess, að till. gerir ráð fyrir, að sveitarstjórnir fái heimildir til að meta það, hvort þær vilji taka tapsfrádrátt ogafskriftir hjá einstaka fyrirtækjum eða einstaka tegund fyrirtækja, en annarra ekki. Ég benti á það, að þetta mundi skapa, eins og ég sagði, misrétti og væri brot á þeirri grundvallarreglu, sem mér er kunnugt um, að sveitarstjórnarmenn hafa starfað eftir undanfarið, að láta lög og reglur um niðurjöfnun gjalda ná sem jafnast og með sama hætti til gjaldendanna. Það, sem mér skilst að menn geri mikinn greinarmun á hérna — eða a.m.k. kom það fram hjá hv. 4. þm. Vestf., að hann virðist líta þannig á, að ekki megi — sveitarfélögin hafi ekki heimild til þess að meta þessi atriði, hvort þau vilja nota sér þessi ákvæði eða ekki og vitnaði þar um til skattalaga — en í sambandi við niðurjöfnun útsvara og skatta til ríkisins er um tvö að nokkru leyti ólík sjónarmið að ræða. Annars vegar eru skattar til ríkisins, sem lagðir eru á eftir alveg föstum og ákveðnum reglum. Þeir eru aðeins lítill hluti af heildartekjum ríkissjóðs og það skiptir ríkissjóð ekki svo miklu máli, hvort þeir eru meiri eða minni. Aftur í sambandi við niðurjöfnun útsvara er það staðreynd, sem ekki verður komizt fram hjá, að séu gerðar ívilnanir til einstakra gjaldenda eða einstakra flokka eða tegunda gjaldenda, hlýtur það að yfirfærast á aðra gjaldendur í sama byggðarlagi. Það er einmitt vegna þessarar aðstöðu, sem ég tel, að það sé alveg grundvallarskilyrði fyrir sveitarfélögin að haga álögum sínum þannig, að þar séu allir jafnir fyrir, en ekki verið að skapa misræmi á milli gjaldenda. Það er af þeim ástæðum, sem ég benti á það og lýsti því yfir, að ég teldi það mjög misráðið að samþykkja þá till., sem hér er fram komin, og ég endurtek, að eftir því, sem ég þekki til, er þetta brot á þeirri grundvallarreglu, sem sveitarfélögin hafa starfað eftir, og ég tel það alveg ástæðulaust og tortryggni gagnvart sveitarstjórnarmönnum yfirleitt í landinu, að þeir séu að beita þeim lagaheimildum, sem þeir fá, þannig, að það verði til tjóns fyrir einstaka atvinnufyrirtæki, sem oft og tíðum eru undirstaðan undir rekstri sveitarfélaganna, ef svo mætti segja, undir atvinnulífinu, sem auðvitað skapar hverju sveitarfélagi þær tekjur, sem það þarf til þess að standa undir sínum útgjöldum.

Ég skal nú ekki tefja umr. neitt meira. Þær eru

orðnar alllangar eins og hér kom fram, kannske ekkert óeðlilegt, þar sem þetta virðist vera nokkuð mikið deilumál í báðum deildum, en ég mundi telja það einna verst farið, ef sú till., sem hér liggur fyrir, yrði samþ. Ekki vegna þess, að það skipti kannske sveitarfélögin miklu máli fjárhagslega, þau hafa aðstöðu til að meta það sjálf, heldur vegna þess, að það skapar misræmi, sem er óeðlilegt og ósanngjarnt í sambandi við álögur á íbúa hvers byggðarlags í landinu.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég tel rétt að greiða atkv. með þeirri till. hv. 4. þm. Vestf., sem hér hefur verið fram borin. En ég kemst samt ekki hjá því að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni, vegna þess að ég hef oft hér í hv. d. haldið því fram, að ég áliti, að það ætti að vera fullkomið jafnræði á milli atvinnuvega og iðnaðurinn ætti að búa við sama rétt og sjávarútvegur og landbúnaður, en eins og hv. 3. þm. Sunnl. hefur bent á, má kannske segja, að með þessari till. sé skapað visst misrétti þarna á milli. En ég hygg nú samt, að vegna þess að hv. 3. þm. Sunnl. er úr sjávarplássi, sjái hann við nánari athugun, að það er kannske ekki óeðlilegt, að það sé gerður nokkur greinarmunur á þessu. Það er ekki annað hægt en viðurkenna það, að sjávarútvegurinn býr við sérstöðu í þessum efnum. Hann er miklu meira háður sveiflum heldur en nokkur annar atvinnuvegur, háður aflabrögðum, veðráttu og erlendum markaði í miklu ríkara mæli heldur en nokkur atvinnugrein, og þess vegna er ekki óeðlilegt, þó að nokkurt tillit sé tekið til þess í sambandi við álagningu skatta. Hjá sjávarútveginum kemur það miklu oftar fyrir heldur en hjá öðrum atvinnuvegum, að það getur orðið mikill gróði eitt árið, mikið tap hitt árið, og þess vegna er eðlilegra, að hann njóti þess frádráttar heldur en jafnvel aðrir atvinnuvegir, þess frádráttar, sem hér um ræðir. Þess vegna finnst mér, að þó að þessi till. hv. 4. þm. Vestf. líti í fljótu bragði þannig út, að hún skapi visst misrétti, þá eigi hún þó rétt á sér, þegar tillit er tekið til allra ástæðna. Ég mundi líka álíta það, að með því að samþykkja hana og veita þessa undanþágu hvað sjávarútveginn snertir, mundi það ýta undir það, að það kæmist til framkvæmda, sem löggjafinn ætlaðist upphaflega fyrir, sem er það, að öll fyrirtæki nytu þess frádráttar, sem hér er um að ræða, því að eins og hefur komið fram í umr., var ekki ætlazt til, að þessi undanþága sveitarfélaganna til þess að afnema þennan frádrátt gilti lengur en í 4 ár. Nú er ætlazt til að framlengja þetta í tvö ár til viðbótar, en ég álít rétt, eins og hér er gert ráð fyrir, að þetta nái til sjávarútvegsins og það mundi þá flýta fyrir því, að þessi regla yrði almenn, eins og löggjafinn ætlaðist til upphaflega.

Ég vildi líka segja það í sambandi við þessar umr., að ég álít, að það sé kominn tími til þess hér eins og annars staðar, að menn fari að endurskoða viðhorf sitt til þess, hvernig eigi að skattleggja atvinnuvegina. Ég held, að það hafi átt sér stað í vaxandi mæli í öðrum löndum að undanförnu, að í sambandi við skattaálagningu sé tekið miklu meira tillit til taps hjá fyrirtækjum en áður var, og eins hafi verið mjög auknar afskriftir frá því, sem áður tíðkaðist. Það stafar m. a. af því, að vegna breytinga, sem hafa orðið á atvinnuháttum, sérstaklega af því að tækninni fleygir mjög fram, verða félögin að endurnýja atvinnufyrirtæki miklu örar en áður gerðist, og það gerir það eðlilegt, að þeim séu veittar víðtækari heimildir til afskriftar. Og ég verð svo að segja það að síðustu, að ég held, að sveitarfélögin verði að gá að sér í þessum efnum, ekki sízt mörg sveitarfélög úti á landsbyggðinni, sem byggjast á útgerð og fiskvinnslu. Þau mega ekki ganga of langt í vasa þessara atvinnufyrirtækja, ef þau ætla ekki að grafa grunninn undan þeim fyrirtækjum, sem afkoma þeirra og framtíð raunverulega byggist á.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér fannst hv. síðasti ræðumaður, 4. þm. Reykv., stilla þessu máli þannig upp, að hann héldi, að það gilti svona nokkurn veginn það sama í þessu tilfelli um bæjar- og sveitarfélögin í landinu eins og hann lítur á ríkissjóð. Það er greinilegt, að hann hefur ekki gert sér grein fyrir því, hvað gerist í einu sveitarfélagi, ef það er ákveðið á Alþ. að strika út talsverðan hluta af tekjustofnum sveitarfélags. Veit þessi hv. þm. hvað þá gerist? Sveitarfélögin eru þá skyldug til þess, þau verða að hækka álögur sínar eftir því sem lög leyfa á öðrum gjaldendum. Það er það, sem gerist. Ef það ákvæði er samþ. að draga allverulega úr tekjumöguleikum sveitarfélaga af atvinnurekstri, t.d. rekstri útgerðarfyrirtækja, þannig að þau geti ekki fengið eins miklar tekjur og þau hafa áður fengið eftir þessum leiðum, neyðast þau til þess að hækka álögurnar á almenningi í byggðarlaginu. Sveitarfélögin geta ekki sett lög um nýja tekjustofna sér til handa. Þeirra tekjustofnar eru bundnir með lögum frá Alþ. Það er vel hægt að gera till. um það, að ríkissjóður skuli slaka eitthvað til, því hann getur auðvitað sett lög um það — eða þeir, sem þar ráða — að afla ríkinu tekna eftir öðrum leiðum.

Það, sem hér gerðist, þegar það ákvæði var sett í lög, sem hér hefur verið rætt um, fyrir fjórum árum, var það, að það var verið að reyna að samræma reglurnar um útsvarsálagningu um allt land. Um það leyti hafði einnig verið sett hér ný skattalöggjöf. Þeir, sem stóðu að setningu þessara laga, töldu ekki fært, eins og þá stóðu sakir, að ætla að skerða tekjumöguleika sveitarfélaganna á þann hátt, að sama regla gilti í þessu tilfelli með tapsfrádrátt á milli ára hjá atvinnufyrirtækjum gagnvart útsvarsálagningu eins og gildir gagnvart skattaálagningu til ríkisins. Heldur þessi hv. þm., sem hér var að tala, heldur hann það, að það gildi í öllum greinum sömu reglur um útsvarsálagningu og tekjuskattsálagningu? Vill hann t.d. líta á það, hvernig reglurnar eru um persónufrádrátt í sambandi við álagningu á tekjuskatti til ríkisins og þær

reglur, sem gilda um persónufrádrátt við álagningu útsvara? Þar er gífurlegur munur á. Vill hann ekki flytja till. um það líka, að það skuli gilda nákvæmlega sami persónufrádráttur við álagningu útsvara eins og við álagningu tekjuskatts? Það færi þá að verða heldur lítið um tekjurnar hjá mörgum sveitarfélögum á eftir. Þetta er auðvitað afskaplega fallegt, en svona óraunhæfar till. gera ekkert gagn, þær gera menn bara hlægilega, eða sýna það öllu heldur, að þeir vita ekkert um hvað þeir eru að tala í þessum efnum.

Það, sem hér gildir vitanlega í þessu, er það, að það liggur fyrir sú staðreynd, að sveitarfélögin í landinu þurfa að hafa tekjur að vissu marki. Það kæmi fyllilega til mála að mínum dómi að veita sveitarfélögunum í landinu aðra tekjustofna og lækka síðan þessar beinu álögur á einstaklingunum í bæjar- og sveitarfélögunum. Það væri út af fyrir sig ágætt. Það kæmi þá einnig til mála að lækka eitthvað álögur á atvinnufyrirtækjum um leið. En slíkt hefur ekki fengizt fram. Það hafa verið fluttar hér á Alþ. á undanförnum árum m.a. till. um það, að nýir tekjustofnar gætu hér komið til. En á því er auðvitað enginn vafi, að eins og reglur eru nú í sambandi við útgerðarfyrirtæki, búa þau við tiltölulega mjög hagstæð kjör í sambandi við útsvarsálagningu og reyndar skattálagningu líka, enda hafa ekki komið umkvartanir frá þessum aðilum viðvíkjandi þessum reglum. Langflest útgerðarfyrirtæki, sem eitthvað telja, eru hlutafélög. Þau mega leggja í varasjóð 1/5 hluta af sínum hagnaði, sem er með öllu skattfrjáls, og útgerðarfyrirtækin í landinu hafa einnig, flest þeirra, rétt til mjög mikilla afskrifta umfram það, sem almennt gildir í landinu. Það er því enginn vafi á því, að ef útgerðarfyrirtækin fengju það til viðbótar að mega færa taprekstur, þegar hann verður, á milli ára, þá yrðu þau mjög oft algjörlega útsvarsfrjáls, og það er auðvitað enginn vafi á því, að slíkt fyrirkomulag er óeðlilegt í sjálfu sér, jafnvel þó staða útgerðar í landinu geti verið veik. Er það réttmætt út af fyrir sig, þó það sé halli á einni útgerð, að hún hafi þá aðstöðu í einu bæjarfélagi, að hún borgi þá engin gjöld? Ég segi hiklaust nei. Ég álít, að útgjöld sveitarfélaganna í sambandi við atvinnurekstur í bænum séu þannig, að það sé eðlilegt, að atvinnurekstur inn verði þar einnig að borga nokkur gjöld. En hins vegar er það alveg rétt, að afkoman hjá fjölmörgum útgerðarfyrirtækjum hefur verið þannig í mörg ár, að það er næstum að segja að deila um keisarans skegg að tala um það, að þau borgi mikið tekjuútsvar, þessi útgerðarfyrirtæki. En það hendir þó sum þeirra, — það hefur komið t.d. fyrir einstaka síldarverksmiðju — að þau hafa haft góðan gróða sum árin, og það kæmi sér afar vel fyrir þau að geta verið útsvarsfrjáls um nokkurra ára skeið, vegna þess að þau mættu flytja tapið á milli ára, eins og þau hafa leyfi til gagnvart ríkinu.

Ég tel, að það hafi ekkert gerzt enn þá í sambandi við tekjumöguleika sveitarfélaga frá því sem var, þegar þessi regla var sett, sem réttlæti það að taka af þeim þann rétt, sem þau fengu, þegar þessi regla var ákveðin. Sveitarfélögin hafa ekki fengið nýja tekjustofna og þau þurfa ekki á minni tekjum að halda nú heldur en áður. Það er alveg ábyggilegt, að það mun ekki villa um fyrir neinum, sem þekkir til í þessum málum. Það eru ekkert flatterandi till., ekkert fallegar till. að koma með það, að það sé verið að ívilna þessum aðilum, vegna þess að þetta eru jafnframt till. um það að hækka útsvörin á almenningi í viðkomandi bæjum. Það er það, sem gildir í reyndinni, og ekkert annað. Ég fyrir mitt leyti tek því undir með 3. þm. Sunnl. Ég legg áherzlu á það, að þessi grein verði samþ. eins og hún er, og ég er á móti þeirri till., sem hv. 4. þm. Vestf. flytur. Ég tel, að hún eigi engan rétt á sér, og mín skoðun er sú, að þvert á móti hvíli útsvarsþunginn í flestum sjávarbæjum landsins af svo miklum þunga á almennum launþegum þar, að þar sé ekki á bætandi og að útsvarshluti t.d. útgerðanna sé svo lítill á þessum stöðum, að það sé engin ástæða til þess að ætla að gera hann enn minni. Ef menn vilja rétta útgerð í landinu hjálparhönd, eru aðrar leiðir til þess en þessi. Þær eru margar til og hafa verið lagðar hér til, miklu raunhæfari leiðir til þess að rétta útgerðinni í landinu hjálparhönd. Ég vildi fyrir mitt leyti, að þetta kæmi hér fram, að þetta er mín afstaða alveg hiklaust. Ég vil veita sveitarfélögum þennan sama rétt áfram í sambandi við þeirra tekjumöguleika og þau hafa haft. Ég tel, að ekkert hafi það gerzt í þeirra málum á þessum tíma, sem réttlæti það að skerða raunverulega tekjumöguleika þeirra á þennan hátt, sem þessar brtt. miða að.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það hafa orðið nokkrar umr. um frv. það um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga á þskj. 370, sem er 82. mál hæstv. Alþ. Samband ísl. sveitarfélaga hefur lagt mjög mikla áherzlu á það, að þetta frv. yrði afgreitt hér frá þinginu að þessu sinni. Ástæðan til þess, að Samband ísl. sveitarfélaga beitir sér mjög fyrir því, er knýjandi nauðsyn sveitarfélaganna til þess að fá skýrari ákvæði laga um ýmis atriði, er til bóta mega verða fyrir sveitarfélögin í landinu.

Ég held það sé nauðsynlegt, að hv. alþm. geri sér grein fyrir því, að erfiðleikar þeir, sem sveitarfélögin í landinu verða að horfast í augu við nú, eru ekki minni en hjá öðrum í þessu þjóðfélagi. Hv. alþm. skuli einnig gera sér grein fyrir því, að ef við gerum upp dæmið um það, hverju sveitarstjórnirnar í raun og veru mega ráða um útgjöld sveitarfélagsins, eru það í sveitarfélagi af þeirri stærð, sem ég þekki bezt til, 70—80% af útgjöldum sveitarfélagsins, sem er ráðstafað með löggjöf frá Alþ. Það eru um 20% af útgjöldum sveitarfélagsins, sem sveitarstjórnin raunverulega má ráðstafa, og reyndar er of mikið að segja, að hún megi ráðstafa því, vegna þess, að þó það sé ekki beint í l. bundið, er það hinn daglegi rekstur sveitarfélagsins sjálfs, sem þar kemur til, og þær

kvaðir, sem byggðarlagið óbeint og beint leggur á sveitarfélagið. Það er því öllum ljóst, að þegar verður nú farið að leggja á gjöld til sveitarfélagsins á yfirstandandi ári, verður full hart á því, að hægt verði að fylgja þeirri reglu, sem fylgt hefur verið undanfarandi ár, og það verður engin tilhlökkun sveitarstjórnarmanna að þurfa að fara að hækka gjaldstigana á gjaldendum hreppsfélaganna nú. Það verður engin ánægja þeirra að þurfa að hækka útsvarsstigana á gjaldendunum almennt. Það væri því mjög misráðið hjá hv. Alþ., ef það ætlaði að þrengja löggjöfina um útsvarsálagningu sveitarfélaganna. Við skulum alveg gera okkur grein fyrir því, að það er heldur engu byggðarlagi til hagsbóta, þó þrengt sé mjög að sveitarfélaginu í heild, ekki sízt þegar atvinnuástandið kreppir að, eins og hefur gerzt á yfirstandandi vetri. Þá hafa sveitarstjórnir orðið að halda uppi meiri vinnu heldur en þær ella hefðu gert, ef atvinnuástandið hefði verið eðlilegt. Til þess að það sé framkvæmanlegt, verða sveitarstjórnirnar að hafa möguleika á tekjum.

En það er svo, að það, sem við erum að deila um hér, eru tvær brtt., sem fram eru komnar. Þær hafa í sjálfu sér mjög lítil áhrif á álagninguna á yfirstandandi ári, en ef þær yrðu samþykktar inn í frv. nú, gætu þær haft þau áhrif, að frv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi. Um atvinnurekstur er það að segja, að ég held, að það sé stefna velflestra sveitarstjórna í landinu að þrengja ekki að atvinnuvegunum, m.a. vegna þess, að þeim er það ljóst, að það er byggðarlaginu fyrir beztu, og ég held, að þeir atvinnuvegir, sem hér er vísað til, hafi sáralítil eða engin útsvör borið síðustu árin og muni ekki bera á yfirstandandi ári. Þess vegna held ég, að ákvæðið um frádráttinn vegna taps fyrri ára mundi ekki hafa mikil áhrif á þeirra útsvarsgreiðslu, vegna þess að hún verður að líkindum ekki til staðar. Auk þess mundi það þykja á ýmsan hátt óeðlilegt, ef t.d. síldarverksmiðjurnar, sem rokgræddu nú fyrir tveim árum, hefðu getað komizt hjá algjörri útsvarsgreiðslu vegna taps frá fyrri árum. Það hefði ekki verið nein vinsæld, sem sveitarstjórnarmenn hefðu fengið út á það að taka svo hærri útsvör af hinum almenna borgara í landinu, í sínu byggðarlagi, enda hefðu þeir orðið að gera það, ef þeir hefðu ekki haft þessa möguleika. Þess vegna held ég, að brtt., sem hv. 4. þm. Vestf. flytur hér, muni ekki hafa áhrif til annars en þess, að hún gæti komið í veg fyrir, að þetta frv. næði fram að ganga.

Um brtt. þá, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. flytur, vil ég segja það, að ég á mjög bágt með að trúa því, að á áburð séu lögð 2% aðstöðugjöld. Í því byggðarlagi, sem ég hef bezt þekkt og verið í sveitarstjórn fyrir um nokkurt skeið, er það svo, að þar hefur aldrei verið lagt aðstöðugjald á. Ég hygg, að ef hér væri afgreidd till. um það, að aðstöðugjald á áburð skyldi vera ½%, yrði mjög erfitt að komast fram hjá því að leggja þetta aðstöðugjald á, ef búið væri að marka það svo með löggjöf. Þess vegna held ég, að slík till. sé ekki einhlít frá sjónarmiði þess, sem á að verja, og ég treysti því, að sveitarstjórnir séu almennt það frjálslyndar og kunni það vel að meta málavexti, að þær hafi ekki í hæsta flokki aðstöðugjalds vöru með jafn lélega eða enga álagningu eins og áburður er. Þess vegna held ég, að till. mundi geta haft þau áhrif, að það yrði farið að leggja aðstöðugjöld á áburð í þeim sveitarfélögum, sem ekki hafa gert það, sem ég hygg að séu velflest. Ég vil líka benda á það, að í þessu frv. er búið að bæta um fyrir þeim sveitarfélögum í landinu, sem verst eru sett, frá því sem er í gildandi löggjöf um afstöðu þeirra gagnvart jöfnunarsjóði. Það yrði þeim því mikið hryggðarefni, ef málið strandaði á þessu þingi. Ég er sannfærður um það, að þær brtt., sem hér eru á ferðinni, bæta málið á engan hátt, en þær gætu orðið til þess að stöðva framkvæmd þess á þessu þingi. Það væri sveitarfélögunum í landinu til tjóns og ég mundi greiða atkv. gegn brtt. við frv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að ég er dálítið hissa á því ofurkappi, sem kemur fram, þegar menn eru að mæla móti þeirri till., sem hv. 4. þm. Vestf. hefur flutt. Það hefur m.a.s. gengið svo langt, eins og hv. seinasti ræðumaður gerði, að hann er farinn að mála sauðmeinlausa d. eins og Ed. eins og einhverja Grýlu á vegginn, að ef þessi till. verði samþ. hér, muni það verða til þess, að Ed. fari að stöðva málið. Ég man satt að segja ekki eftir því, að það hafi komið fyrir Ed., og ég held, að þar séu allt of grandvarir og rólegir og gætnir menn til þess, að það sé nokkur hætta á því, að þeir fari að stöðva þetta mál, þó að þessi brtt. verði samþ., og sérstaklega eftir að það er nú komið fram bæði hjá honum og hv. 5. þm. Austf., að í raun og veru skipti þessi till. engu máli. Ég held, að seinasti ræðumaður hafi komizt svo að orði, að þetta hefði ósköp litla þýðingu fyrir atvinnufyrirtæki, hvort þau fengju þennan frádrátt eða ekki, og hinn hv. þm. komst þannig að orði, að þetta væri deila um keisarans skegg, að leggja útsvör á þessi fyrirtæki, en samt hamast þeir svona mikið á móti þessu. Ég verð nú að segja það, að ég er dálítið undrandi yfir framkomu beggja þessara hv. þm. vegna þess, sem áður hefur gerzt hér á Alþ. Við sátum allir hér saman á Alþ. 1964, þegar lög um tekjustofna sveitarfélaga voru samþ., og ég man ekki til þess, að nokkur okkar gerði þá aths. við það ákvæði l., sem nú er um deilt og er að finna í ákvæðum til bráðabirgða. E-liður hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Á árunum 1962 til 1967 er heimilt að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt, samkv. l. um tekjuskatt og eignarskatt 3. gr., 11. gr. B, 2. mgr., 12. gr. D, 14. gr. og 17. gr., 2. mgr."

Við vorum þá allir sammála um það, hv. þm., að því er ég bezt veit, að sú heimild til að víkja frá ákvæðum skattalaga um frádrátt, sem hér um ræðir, skyldi aðeins gilda til ársins 1967 og þá skyldi frádráttur til þessara fyrirtækja öðlast fullt gildi. Við gerðum þetta — a.m.k. ég þá og ég býst við margir fleiri — sökum þess, að á þessum tíma var góðæri í landinu og maður gerði sér frekar von um,

að svo mundi halda áfram og þess vegna hefði þetta ákvæði lítið að segja. En allir vorum við samt sammála um það þá, ég og hv. 5. þm. Austf. og hv. 3. þm. Vesturl., að þetta ákvæði skyldi vera svona í lögunum, sem sagt, að heimildir til að fella þennan frádrátt niður skyldu verða úr sögu 1967. Og það, sem ég er að gera hér, er ekkert annað en það, að ég vil halda við það og tel óhætt að halda við það, sem við samþykktum á þinginu 1964, og álít, að það sé rétt að framkvæma það.

Þeir töluðu mikið um afkomu sveitarfélaganna og að þetta væri mikið nauðsynjamál fyrir þau að hafa heimild til þess að fella þennan frádrátt niður, þó þeir hins vegar í öðru orðinu segðu, að þetta væri deila um keisarans skegg og skipti engu máli fyrir viðkomandi atvinnufyrirtæki. En ég verð nú að segja þessum hv. þm. það, að þó ég vilji með fullri sanngirni líta á málefni sveitarfélaganna — og ég hef m.a.s. haldið því fram hér, að það ætti að tryggja þeim miklu öruggari tekjustofna heldur en þau hafa nú — get ég ekki orðið þeim sammála um það, að það sé hægt að byggja afkomu sveitarfélaga á svo veikum grunni, að afkoma þeirra eigi að verulegu leyti að byggjast á því að skattleggja fyrirtæki, sem eru rekin með tapi. Ég hef ekki trú á því, að fyrirtæki, sem eru rekin með tapi, geti myndað nokkurn grundvöll að tekjustofnum fyrir sveitarfélög. Það verði að leita að grundvelli að tekjustofnum fyrir sveitarfélögin annars staðar en hjá fyrirtækjum, sem eru rekin með tapi. Og ég held það væri ástæða til þess, að þessir hv. þm. gerðu sér grein fyrir því, hvað gerist, ef gengið er svo á hlut þessara fyrirtækja, sem eru rekin með tapi, með skattaálögum, að þau verði hreinlega að hætta rekstrinum. Hafa þeir gert sér grein fyrir því, hvaða afleiðingar það hefur? Hvar eiga sveitarfélögin þá að fá sínar tekjur, þegar búið er að leggja þessi fyrirtæki í rúst? Ég held það verði þá ákaflega erfitt að byggja afkomu sveitarfélaganna á útgerðarfyrirtækjum eða fiskvinnslustöðvum, sem ekki starfa lengur. En við vitum það ákaflega vel, og sérstaklega ætti þó hv. 5. þm. Austf. að vita það, að afkomu margra útgerðarfyrirtækja og margra fiskvinnslustöðva er nú svo komið, að það er spurning um, hvaða dag þau verða að hætta rekstrinum. Og eigum við svo — ég verð að segja það — að vera svo barnalegir hér á Alþ., að við ætlum að byggja afkomu sveitarfélaganna að verulegu leyti á því að skattleggja þessi fyrirtæki eða halda það, að þau geti staðið undir atvinnurekstrinum, tekjustofnum sveitarfélaganna?

Ég held það væri hollt í sambandi við þetta mál, að við gerðum okkur fulla grein fyrir því, á hverju það er, sem afkoma sjávarþorpanna byggist, og afkoma sveitarfélaganna þar. Hún byggist fyrst og fremst á útgerðinni og fiskvinnslustöðvunum á þessum stöðum. Ef það er ekki hægt að halda þessum rekstri uppi, held ég, að það verði ákaflega lítið úr þeim tekjum eða útsvörum, sem sveitarfélögin fá, og þess vegna verðum við að gera okkur grein fyrir því, að það má ekki ganga það hart að þessum atvinnurekstri til viðbótar öllu öðru, að útsvörin yrðu til að stöðva rekstur þeirra.

Það hefur oft verið minnzt á það hér á Alþ. alveg réttilega, að sú hætta, sem kannske er mest yfirvofandi í þjóðfélaginu, er sú, að það geti komið til almenns atvinnuleysis. Ég vona að vísu, að sú hræðsla reynist ástæðulaus, en við verðum samt að hafa opin augun fyrir henni. Og hvað er helzt til varnar gegn atvinnuleysinu? Hvaða ráðstafanir koma helzt til greina? Hv. síðasti ræðumaður minntist á það, að sveitarfélögin sums staðar hefðu þurft að grípa til þess að auka ýmsa atvinnu, sem þau hafa með höndum. Það er gott, svo langt sem það nær. En hvað lengi hafa sveitarfélögin möguleika til þess að rísa undir því? Nei, ég held, að það langsamlega þýðingarmesta, sem nú er hægt að gera til að sporna gegn því, að atvinnuleysi komi hér til sögunnar, sé að búa betur að atvinnurekstrinum í landinu en nú er gert. Ég er ekki í því sambandi að mæla með því, að kaupið sé lækkað og það sé reynt að bæta aðstöðu atvinnurekstrarins á þann hátt, því er ég andvígur. En ég álít, að það eigi að gera allt annað, sem mögulegt er, til þess að bæta aðstöðu atvinnurekstrarins og tryggja, að hann hafi sem bezta aðstöðu, og það álít ég að eigi að gera með ráðstöfunum eins og lækkun vaxta, lækkun á sköttum, auknu lánsfé og öðru þess háttar. Ég tel einmitt, að lækkun skatta sé eitt af þeim ráðum, sem við eigum að grípa til í þessum efnum til þess að bæta aðstöðu atvinnurekstrarins í landinu og tryggja það, að hann verði fær um það að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Og þess vegna er það, sem ég er því fylgjandi, að það verði a.m.k. hætt að skattleggja taprekstur inn og fyrirtækin fái þann frádrátt, sem við ætluðumst til hér á Alþ. 1964, að þau fengju eftir árslok 1967. Við hv. 5. þm. Austf. höfum staðið hér saman að till. á þessu þingi, sem mundi hafa stuðlað að nokkurri kauphækkun, þó ekki meiri en það, að launþegar hefðu nokkurn veginn haldið hlut sínum miðað við það ástand, sem nú er. Og ég tel mér sóma að því að hafa flutt þessa till. með honum. En ég tel það hins vegar því aðeins hafa verið ábyrgt af okkur að flytja þessa till., að við værum reiðubúnir til þess jafnframt að gera það, sem við gætum, til að tryggja sæmilega afkomu atvinnuveganna með öðrum ráðum, t.d. þeim, sem ég hér áðan nefndi, að lækka vexti, bæta lánsfjáraðstöðu þeirra og lækka skatta, eftir því sem hægt er. Ég játa, að með þessari till. er gengið allt of skammt í þá átt. En þetta er þó spor í þá áttina og þess vegna fylgi ég henni.

Ég vil að síðustu brýna það alveg sérstaklega fyrir hv. 5. þm. Austf. og 3. þm. Sunnl., vegna þess að þeir eru fulltrúar fyrir kjördæmi, þar sem sjávarútvegur er mikið stundaður: Hafa þeir mikla trú á því, að útgerðin verði góður tekjustofn fyrir bæjarfélögin, eftir að að henni hefur verið búið eins og gert hefur verið á undanförnum árum, og svo núna, þegar erfiðleikarnir koma, sem stafa af aflabresti og verðfalli, þá sé því bætt ofan á að skattleggja taprekstur inn? Finnst þeim ekki, að það séu

komnar nógar byrðar á mörg þessara útgerðarfyrirtækja og fiskvinnslustöðva, þó að því sé nú ekki bætt ofan á að skattleggja taprekstur inn, en það er raunverulega það, sem þeir eru að berjast fyrir með því að vera á móti þessari till. Ég skora þess vegna á þá að endurskoða nú sína afstöðu í þessu máli og líta á það, hvernig afkomu útgerðarinnar er raunverulega komið og sjá þá, hvort þeir sannfærast ekki um það, að hv. 4. þm. Vestf., sem líka er úr byggðarlagi kominn, þar sem sjávarútvegur er mikið stundaður, hafi rétt fyrir sér í þessu máli. Og ég er alveg sannfærður um þá báða, sem ég álít vera greinda menn, að við nánari athugun komist þeir að þessari niðurstöðu og styðji þess vegna þessa tillögu.

Frsm. 2. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Í sambandi við það, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði hér áðan, að með því að samþ. þessa brtt. mundi málið ekki komast fram á þessu þingi, vildi ég benda hv. þm. á það, að það er búið að samþ. brtt., þannig að þetta mál fer hvort sem er í Ed. aftur, þannig að ég get nú ekki séð nein rök í því, að þessar brtt. þurfi endilega að koma því til leiðar, að málið dagi hér uppi, ég sé það ekki.

Hann taldi, og fullyrti reyndar, að það mundi vera á mjög fáum stöðum, sem aðstöðugjöld væru lögð á áburð. Ég sagði það í minni ræðu, að það mundi vera sums staðar. En ég vil benda honum á, að þetta að leggja á aðstöðugjald er heimild. Það er heimilt samkv. lögunum að leggja á allt upp í 2%. Þar er talið upp það, sem leggja má á ½%, og svo það, sem leggja má á 1 og 1½%, en allt annað fer í 2%. Áburðurinn er ekki neins staðar talinn upp, þannig að hann kemur undir þann lið, auðvitað er heimilt að leggja á hann allt upp í 2%, eins og nú er, en ég get ekki séð, að hv. þm. sé neyddur til þess að fara að leggja á áburðinn, jafnvel þó að þessi brtt. verði samþ. Þetta er heimild eftir sem áður. En það er bara það, að þetta mundi stuðla að því, að það yrði ekki annars staðar hærra. En þar sem hann efaðist um mín orð, að það væri allt upp í 2%, ætla ég að leyfa mér að lesa hér upp úr ræðu, sem var flutt hér 24. okt. af hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG), þar sem hann einmitt ræðir þetta mál. Og ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. Skúli Guðmundsson viti vel, um hvað hann er að tala, og hann er að tala um sitt kjördæmi þarna. Með leyfi forseta ætla ég hér að lesa aðeins lítinn kafla upp, til þess að draga ekki þessar umræður um of:

„Hitt dæmið, sem ég vil nefna, er um þau aðstöðugjöld, sem bændur eru látnir borga af tilbúnum áburði, sem þeir þurfa að kaupa til framleiðslustarfseminnar. Bændur verja miklu fé til áburðarkaupa ár hvert, hjá því geta þeir ekki komizt. Mér er kunnugt um, að á einum verzlunarstað var seldur áburður í ár fyrir rúmlega 40 þús. kr. til hvers bónda að meðaltali. Ég veit til þess, að í einu kauptúni var ekkert aðstöðugjald lagt á áburðinn. Sveitarstjórnin þar mun hafa litið svo á, að hér væri um slíka nauðsynjavöru að ræða, að rétt væri að sleppa því að leggja aðstöðugjald á hana, en annars eru aðstöðugjöldin af áburðinum ákaflega mishá á verzlunarstöðunum. Það lægsta er 0% og hæst 2% og þrepin þar á milli eru ekki færri en sjö. Meðan bóndi á einum stað, sem kaupir áburð fyrir 40 þús., borgar í einum stað ekkert, en annars staðar fyrir jafnmikla upphæð borgar hann 800 kr. í aðstöðugjald af þeim viðskiptum eða 8 sinnum hærri upphæð, og ég spyr: Er nokkur vitglóra í þessu? Ég get ekki komið auga á það."

Þetta segir hv. þm., og það kemur alveg heim við það, sem ég sagði áðan. En þar sem hv. 3. þm. Vesturl. bar brigður á, að þetta væri á rökum reist, vildi ég láta þetta koma hér fram.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að munnhöggvast mikið út af þessu máli, en vil taka það fram út af því, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., að ég tók það ekki af, að það gæti verið, að aðstöðugjald væri lagt einhvers staðar á áburð. En ég er sannfærður um, að það er lítið um það. Ef slíkur samanburður er gerður eins og hann gerði, þarf líka að gera sér grein fyrir því, hvaða útsvör eru lögð á viðkomandi aðila, því að útsvarsstigarnir í landinu, þrátt fyrir löggjöfina eru mjög mismunandi, þar sem afsláttur er allt upp í 70—80% í sumum byggðarlögum, en viðbót er upp í 20% í öðrum. Þess vegna held ég, að þeir hv. þm., sem vilja fara að binda aðstöðugjöldin í einn bagga, verði líka að gera sér grein fyrir því, að þá muni útsvörin einnig verða bundin í einn bagga, og ég er ekki viss um, að þeir séu að vinna í þeim efnum það gagn, sem þeir ætla, með slíkum tillöguflutningi.

Út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði hér áðan, vil ég taka það fram, að það, sem mestu máli skiptir fyrir atvinnurekstrinn á hverjum stað, er, hvernig að honum er búið í byggðarlaginu, hvernig sveitarstjórnin getur búið að útgerðinni um hafnarframkvæmdir og annað. Það skiptir meira máli en þau litlu útsvör, sem útgerðin kann að greiða á stöðunum. Það skiptir meira máli t.d. fyrir útgerðina í Ólafsvík sá kostnaður, sem sveitarstjórnin þar hefur staðið fyrir um hafnarframkvæmdir og bætta aðstöðu í höfninni heldur en þó að þessi útgerðarfélög yrðu einhverjar krónur í sveitarsjóð að greiða, sem þau munu ekki gera, því að flest eru þau með taprekstur. Við erum ekki að ræða um það að leggja á tapið, heldur um það að takmarka, þegar um gróða er að ræða, hvernig með hann skuli þá farið. Ég held, að það muni ekki vera það, sem dregur útgerðar- eða atvinnufyrirtækin í landinu, hvernig sveitarstjórnirnar búa að þeim, nema að því leyti, hvernig búið er að þeim í byggðarlaginu í sambandi við hafnaraðstöðu og annað, er máli skiptir. Þess vegna held ég, að við getum sparað okkur allt skraf um það, að við, sem að sveitarstjórnarmálum vinnum, höfum hug á að leggja á tapið. Við höfum hug á því að búa þannig að atvinnufyrirtækjunum í byggðarlaginu, að þau geti starfað. En við höfum heldur ekki hug á því að sækja allar tekjur sveitarsjóða til hins almenna

borgara, ef um verulegan hagnað er að ræða af atvinnurekstrinum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 97. fundi í Nd., 10. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 584, 585, 586).

ATKVGR.
Brtt. 586 felld með 18:9 atkv.
Brtt. 585 felld með 20:16 atkv.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 88. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er nú hingað komið eftir miklar þrengingar, að segja má. Menn þekkja þá sögu hér í hv. Ed. Það tókst að vísu að lokum að afgreiða það héðan með mjög skaplegum hætti. Ég held, að það hafi að lokum tekizt svo einnig í hv. Nd. Fjhn. þeirrar d. klofnaði ekki meira en í þrennt, hér klofnaði hún í fjóra parta. Ég orðlengi það ekki. Það komu fram þar margar brtt., sem allar voru felldar að undanskildum tveimur, sem er orsök þess, að frv. er hér aftur komið.

Þessar brtt. hafa efnislega raunverulega engin áhrif á frv. Önnur þeirra er þess efnis, að ákvæði frv. um nýja reglu varðandi frádráttarheimildir — menn þurfi að hafa borgað tiltekinn hluta útsvars fyrir mitt ár til þess að njóta heimilda — taki ekki til fyrirframgreiðslu á árinu 1968. Í rauninni er þetta engin efnisbreyting, því það var ekki gert ráð fyrir því, að þetta tæki til ársins 1968. Það var ekki framkvæmanlegt að gera það. En það er sem sagt skýrt tekið fram og markað með sérstöku ákvæði í frv. eftir þá breytingu, sem gerð var í Nd., þannig að hér er ekki um raunverulega efnisbreytingu að ræða. Þá var einnig um þetta sama ákvæði samþykkt sú breyting í hv. Nd., að ef sveitarstjórn neyti heimildar samkv. þessu ákvæði laganna, þá skuli hún gera um það sérstaka samþykkt fyrir 15. jan. ár hvert og auglýsa hana á þann hátt, sem venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað. Þetta er í rauninni ekkert annað en sjálfsagt og eðlilegt að gera og raunar óumflýjanlegt, að gjaldendur viti það, hvort viðkomandi sveitarstjórn ætlar að nota þessa heimild eða ekki, öðruvísi er ekki hægt að framkvæma þetta með eðlilegum hætti, þannig að einnig þetta tel ég leiða af eðli málsins og því hvoruga þessa breytingu vera þess eðlis, að þær gefi tilefni til þess að fara að taka málið upp að nýju.

Ég vildi leyfa mér að vænta þess, að gefnum þessum skýringum á þeim breytingum, sem orðið hafa á frv. í Nd., að þessi hv.d. geti fallizt á að staðfesta frv. endanlega.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 594).

---

38. Gjaldmiðill Íslands.

Á 73. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um gjaldmiðil Íslands [154. mál] (stjfrv., A. 349).

Á 74. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. eru sameinuð öll gildandi ákvæði um gjaldmiðil Íslands og auk þess tekin upp örfá nýmæli. Í 12. gr. frv. eru felld úr gildi hvorki meira né minna en 6 lög, sem nú gilda um þetta efni — hin elztu frá 1873, en hin yngstu frá 1961, seðlabankalög. Eðlilegt er að hafa öll ákvæði um íslenzkan gjaldmiðil í einu frv. — í einum lögum, og aldur þeirra frv. sumra, sem numin eru úr gildi með þessu frv. eða eiga að falla úr gildi með þessu frv., er orðinn svo hár, að ég vona, að það þyki ekki að ástæðulausu, að til þessarar frv.-smíðar hefur verið efnt. En málið hefur verið undirbúið af Seðlabankanum.

Í grg. frv. er rakin saga íslenzks gjaldmiðils og þau lagaákvæði, sem um hann hafa gilt, og breytingar á þeim. Sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þau efni, sem svo ítarlega eru rakin í grg., en ég skal með örfáum orðum gera grein fyrir þeim nýmælum, sem í frv. felast.

Samkv. seðlabankalögum hefur Seðlabanki Íslands rétt til að gefa út peningaseðla, en í þessu frv. er Seðlabankanum einnig falið að sjá um sláttu peninga úr málmi, þ.e. sláttu skiptimyntar. Samkv. gildandi l. hefur fjmrn. rétt og skyldu til myntsláttu, en einnig heimild til þess að fela það öðrum aðila með sérstökum samningi. Fjmrn. hefur falið myntsláttuna Seðlabankanum með sérstökum samningi, þannig að hann hefur hana nú á hendi, en eðlilegra þykir að lögbinda það, að myntslátta eins og seðlaútgáfa skuli vera í hendi Seðlabankans.

Þá er í þessu frv. ákvæði um það, við hversu háum upphæðum skylt sé að taka í skiptimynt. Gert er ráð fyrir því í 6. gr. þessa frv., að peningastofnanir séu skyldugar að taka við greiðslum í sleginni mynt á ótiltekinni fjárhæð, en hins vegar er gert ráð fyrir því, að aðrir en peningastofnanir séu ekki skyldugir til að taka við meira í einu en 500 kr. í skiptimynt, og er hér um að ræða hækkun upphæðar frá því, sem gilt hefur, með hliðsjón af minnkandi verðgildi peninga.

Þá er það ákvæði í 8. gr. frv. — og er það kannske mikilvægasta nýmæli frv., að gert er ráð fyrir því, að ákveða megi með reglugerð útgefinni af viðskmrn. eða bankamálarn. að till. Seðlabankans, að allar fjárhæðir reikninga eða kröfu skuli greiddar með heilum tug aura eða heimilt skuli að gera upp

allar kröfur í heilum tug aura. En nú er, eins og kunnugt er, gert ráð fyrir því, að reikningar og kröfur séu jafnaðar upp á eyri, ef svo mætti segja. En kaupmáttur einnar ísl. kr. er ekki meiri en svo, að segja má með réttu, að fjárhæðir, sem teljast í lægstu mynteiningum, skipti litlu máli í viðskiptum manna. Kostnaður við sláttu skiptimyntar er hins vegar mjög verulegur og raunar orðinn margfalt meiri en nemur nafnverði hinna minnstu mynta. Það, að enn tíðkast að nota eyri í reikningsskilum, hefur í för með sér ýmiss konar erfiðleika í bókhaldi auk verulegs kostnaðar. Það kom til athugunar að lögbjóða beinlínis, að allar fjárhæðir reikninga eða krafna skuli gerðar upp í heilum tug aura. Niðurstaðan varð þó ekki sú að lögbjóða slíkt, heldur er hér gert ráð fyrir því, að heimila megi slíkt með útgáfu reglugerðar, ef meðmæli Seðlabankans koma til, og það þykir hyggilegt að hans dómi.

Þá eru í 10. gr. ákvæði um heimild til þess að innkalla einstakar gerðir peninga, sem eru í umferð, svo sem t.d., þegar skipt er um seðla, þ.e. seðlagerðir, og má þá ákveða slíkt með reglugerð. Ákvæðin taka hins vegar ekki til almennrar innköllunar gjaldmiðils. Ef slíkt er fyrirhugað, mundi eftir sem áður þurfa sérstaka lagasetningu um þau efni.

Með þessu móti held ég, að ég hafi gert grein fyrir því, sem telja má nýmæli í þessu frv., og vildi leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 349, n. 458).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft þetta frv. til athugunar og leggur samhljóða til, að það verði samþ. Ég legg því til, herra forseti, að málinu verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 349, n. 559).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 605).

---

39. Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

Á 74. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands [157. mál] (stjfrv., A. 358).

Á 75. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er flutt samkv. ósk stúdentaráðs Háskóla Íslands og háskólaráðs. Frv. er upphaflega samið af stúdentaráði, en háskólaráð fjallaði síðan um það. Að síðustu var það athugað ítarlega í menntmrn. m.a. af n., sem rn. skipaði og í áttu sæti fulltrúar þess, fjmrn., háskólaráðs og stúdentaráðs. Varð n. sammála um frv., eins og það er flutt hér.

Upphaf þessa máls er það, að stúdentaráð gerði á sínum tíma till. um breytingar á stjórn stúdentagarðanna. Var það höfuðefni breytingartillagnanna, að stúdentar fengju meiri áhrif á stjórn garðanna. Niðurstaðan varð hins vegar ekki sú að gera breytingar á stjórn stúdentagarðanna einna, heldur að efna til allsherjar-

athugunar á félagsmálum stúdenta. Hingað til lands komu tveir af forustumönnum stúdentamálefna í Noregi, þeir Kristian Ottosen, forstjóri Studentsamskipnaden í Ósló, og Tönnes Andenæs, forstjóri háskólaforlagsins í Ósló. Á ráðstefnu, sem stúdentaráð efndi til og þessir menn tóku þátt í, urðu til þær grundvallarhugmyndir, sem þetta frv. er byggt á. Aðalnýmæli þess er, að það gerir ráð fyrir því, að við Háskóla Íslands verði komið á fót nýrri stofnun, Félagsstofnun stúdenta, er gegni eftirfarandi hlutverki:

1) Standi fyrir og sjái um byggingu allra fyrirtækja í þágu stúdenta, svo sem stúdentagarða, mötuneyta og húsnæðis til félagslegra iðkana.

2) Annist rekstur þessara fyrirtækja og sjái um aðra þjónustu fyrir stúdenta, svo sem heilsugæzlu, ferðaþjónustu, bóksölu, bókaútgáfu og ef til vill aðstöðu til íþróttaiðkana.

3) Afli fjár til að sinna þessum verkefnum.

4) Verði sjálfstæður, ábyrgur eignaraðili allra þessara fyrirtækja.

Nú þegar er um að ræða allumfangsmikinn rekstur í þágu stúdenta, og er ætlazt til, að allur þessi rekstur verði sameinaður innan Félagsstofnunarinnar. Sá rekstur, sem nú er um að ræða, er fyrst og fremst þessi:

1) Reknir eru tveir stúdentagarðar samkv. skipulagsskrá, sem menntmrn. staðfesti 1948, og er þeim stjórnað af fimm mönnum, tveimur kosnum af háskólaráði, tveimur af stúdentaráði og formanni tilnefndum af menntmrh.

2) Rekin er bóksala fyrir stúdenta, og er hún undir stjórn, sem kjörin er af háskólaráði og stúdentaráði.

3) Í kjallara Háskólans er rekin kaffisala, og annast stúdentaráð rekstur hennar.

4) Stúdentaráð rekur einnig ferðaþjónustu, og hefur skipulag hennar verið mjög til umræðu undanfarið, en Félagsstofnunin mundi taka þann rekstur að sér, ef þetta frv. verður að lögum.

Og í fimmta og síðasta lagi hefur stjórn stúdentagarðanna í 8 ár leigt stúdentaráði garðana til rekstrar sumarhótels. Hefur leigunni verið varið til viðhalds á görðunum, en sérstök hótelstjórn annazt reksturinn. Mundi stjórn Félagsstofnunarinnar einnig taka við hótelrekstrinum.

En auk þess að sjá um þau verkefni, sem nú er þegar starfað að í þágu stúdenta, ætti Félagsstofnunin að taka að sér ný verkefni. Ber þar fyrst og fremst að nefna byggingu nýrra stúdentagarða og fjáröflun til þeirra. Stúdentagarðarnir voru á sínum tíma reistir, þegar tala stúdenta var 300. Nú er hún orðin meira en þreföld og brýn nauðsyn á byggingu nýrra garða — og þá fyrst og fremst hjónagarðs. Ein ástæða þess, að ekki hefur enn verið hafizt handa í þessum efnum, er sú, að ekki hefur tekizt að samhæfa krafta þeirra, sem hagsmuna eiga að gæta í þessum efnum, en hér er Félagsstofnun stúdenta ætlað að koma til. Þá má geta þess sem annars meginverkefnis Félagsstofnunar stúdenta að koma á fót félagsheimili fyrir stúdenta, en fé hefur verið veitt til þess á fjárlögum nokkur undanfarin ár. Félagsstofnunin mundi ekki aðeins annast byggingu félagsheimilisins, heldur einnig hafa rekstur þess með höndum. Þá er og um að ræða allmikil stúdentaskipti milli stúdenta við Háskóla Íslands og stúdenta við erlenda háskóla. Eðlilegt er, að Félagsstofnun taki að sér skipulagningu þessarar starfsemi. Verkefni hennar verða enn fleiri, þótt ekki verði það rakið nánar hér.

Frv. gerir ráð fyrir, að stjórn stofnunarinnar verði skipuð fimm mönnum. Yrðu þrír þeirra kosnir af stúdentaráði, einn af háskólaráði og einn tilnefndur af menntmrh. Hér er sú breyting gerð frá því, sem verið hefur varðandi stjórn stúdentagarðanna, að gert er ráð fyrir, að stúdentar hafi meiri hl. í stjórninni, en gert er ráð fyrir því, að einn fulltrúi stúdenta hafi lokið háskólanámi. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að í reglugerð verði sett ákvæði um, að minni hl. stjórnar geti skotið veigamiklum ágreiningsefnum til úrskurðar menntmrh. Stjórn stofnunarinnar ber að afla fjár til starfsemi hennar og framkvæmda á vegum hennar. Er gert ráð fyrir því, að þetta verði gert í samvinnu við háskólarektor og háskólaráð. Stofnunin á að njóta góðs af tekjum þeim, sem fyrirtækið hefur aflað, en auk þeirra skulu tekjur hennar vera þessar:

1. Hluti árlegra skrásetningargjalda stúdenta við Háskóla Íslands. Nú eru stúdentar ekki skráðir nema þegar þeir innritast í upphafi námsins eða eru endurskráðir, vegna þess að þeir hafa fallið af skrá Háskólans. Um það hefur hins vegar verið rætt að taka upp árlega skráningu stúdenta við Háskólann, og er það nauðsynlegt af mörgum ástæðum. Má gera ráð fyrir, að sú breyting verði komin til framkvæmda næsta haust. Í frv. er við það miðað að þessi breyting komi til framkvæmda, og ætti það að geta aukið tekjur stofnunarinnar frá því, sem ella yrði.

2. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram fé til stofnunarinnar, enda hefur í fjárl. undanfarin ár verið veitt fé til stúdentaskipta, almennra félagsstarfa og félagsheimila stúdenta. Auk þess hefur ríkissjóður lagt fram fé til mötuneytis stúdenta og endurbóta á görðunum.

3. Gert er ráð fyrir, að Félagsstofnun stúdenta berist gjafir, og skulu þær þá vera undanþegnar sköttum.

4. Að síðustu er gert ráð fyrir því, að stjórn stofnunarinnar geti gripið til sérstakra fjáröflunaraðferða, t. d. í því formi, að leitað verði til sveitarfélaga um stuðning við byggingu stúdentagarða eins og gert var, þegar núv. stúdentagarðar voru reistir.

Með þessu held ég, að ég hafi gert grein fyrir aðalatriðum þessa frv. Ég tel hér vera um æskilegt og skynsamlegt nýmæli að ræða. Ég er viss um, að sameiginleg yfirstjórn á allri félagsstarfsemi stúdenta í einni stofnun mundi verða félagsstarfseminni mikil lyftistöng og sameina alla aðila til

nýs átaks í þessum efnum, en á því er tvímælalaus nauðsyn. Í þessu sambandi vil ég vekja sérstaka athygli á, að í frv. ríkisstj. um lækkun á útgjöldum er ekki gert ráð fyrir niðurfellingu á framlagi ríkisins til Félagsstofnunar stúdenta. Er í þessu fólgin viðurkenning af hálfu ríkisvaldsins á því, að hér sé mikið nauðsynjamál á ferðinni.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Nd., 15. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 91. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 358, n. 505).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. er sammála um að mæla með því, að frv. þetta um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands verði samþ. með einni breytingu. Breytingin á þskj. 505 er við 3. gr. Í frv. segir svo, að fulltrúar háskólaráðs og stúdentaráðs í stjórn hinnar nýju stofnunar skuli tilnefndir, en í grg. með frv. má sjá, að þar er gert ráð fyrir, að fulltrúar þessir skuli kosnir. Brtt. er á þá lund, að í stað þess, að þessir menn séu tilnefndir, skuli þeir vera kosnir af stúdentaráði og háskólaráði. Með þessari breytingu leggjum við til, að frv. verði samþ.

Ég vil geta þess, að menntmn. hefur borizt bréf frá stúdentaráði Háskóla Íslands, þar sem stjórn þess kemur því á framfæri, að mikið starf hafi verið lagt af mörkum til þess, að frv. um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands nái fram að ganga á því þingi, sem nú situr. Háskólastúdentar binda vonir við stofnun þessa, eins og fram kemur í grg. frv. Það er því einlæg ósk stjórnar stúdentaráðs að menntmn. afgreiði frv. og tryggi skjóta og farsæla afgreiðslu þess í Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 505 (ný 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 536).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 84. fundi í Ed., 8. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var samþ. þar með shlj. atkv., eftir að menntmn. d. hafði einróma mælt með samþykkt þess. Á vegum stúdenta við Háskóla Íslands eru nú reknar ýmsar stofnanir, stúdentagarðar tveir, bóksala stúdenta, kaffistofa, og ferðaskrifstofa auk þess sem á görðunum er rekið sumarhótel, sem stúdentaráð hefur annazt rekstur á nokkur undanfarin ár. Höfuðefni þessa frv. er það að sameina allar þessar stofnanir stúdenta í eina stofnun, Félagsstofnun stúdenta, sem stúdentar, háskólaráð og menntamálaráð skulu eiga aðild að. Langstærsta fyrirtæki stúdenta, sem eru stúdentagarðarnir, er nú stjórnað þannig, að í fimm manna stjórn eru tveir fulltúar frá háskólaráði, tveir frá stúdentaráði og formaður skipaður af menntmrh. Stjórn Félagsstofnunarinnar á samkv. þessu frv. að vera þannig, að hún skuli skipuð fimm mönnum til tveggja ára í senn og meiri hl. skuli tilnefndur af stúdentum, þrír af fimm, einn frá menntmrn. og einn frá háskólaráði. Að vísu er gert ráð fyrir því, að einn af hinum þremur fulltrúum stúdenta sé kandídat. Hefur þótt eðlilegt að vandlega athuguðu máli að sýna stúdentum það traust að fela þeim að meiri hl. stjórn sinna eigin stofnana. Tekjur Félagsstofnunarinnar eiga að vera hluti af árlegum skrásetningargjöldum við Háskóla Íslands, en í ráði er að taka upp árlega skrásetningu þar í stað þess, að nú eru stúdentar aðeins skráðir við upphaf námsins. Enn fremur er gert ráð fyrir framlögum úr ríkissjóði eftir því, sem Alþingi ákveður hverju sinni, en nú er á fjárlögum fjárveiting til Félagsstofnunar stúdenta eða til byggingar félagsheimilis stúdenta, sem mundi verða eitt af fyrirtækjum Félagsstofnunarinnar, og var sú fjárveiting ekki felld niður í sparnaðarfrv. ríkisstj. Með því vildi ríkisstj. undirstrika, að hún telji hér um mikilvægt mál að ræða, sem eigi að fá sem skjótastan framgang. Þá er gert ráð fyrir gjöfum og öðrum úrræðum til fjáröflunar.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að rekja efni frv. Hér er um einfalt mál að ræða, og ég vona, að hv. Ed. verði sömu skoðunar og hv. Nd., að hér sé um mál að ræða, er sem fyrst eigi að ná fram að ganga, og er það eindregin ósk mín til hv. menntmn., sem væntanlega fær málið til meðferðar, að hún afgreiði málið svo tímanlega, að þessu þingi megi auðnast að taka endanlega afstöðu til málsins og afgreiða það. Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 536, n. 566).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það er, að ég held, ekki ástæða til þess að fara mjög mörgum orðum um þetta frv. Bæði er það, að í aths. við frv. er í fskj., sem prentað er með þeim og frv. fylgir, skýrt frá aðdraganda þess, að frv. er fram komið, og efni þess rakið, og einnig var það við 1. umr. málsins hér í þessari hv. þd., að menntmrh. fylgdi því úr hlaði með ítarlegri ræðu.

Frv. er fram borið að ósk stúdentaráðs Háskóla Íslands og háskólaráðs. Meginhugmyndin, sem býr að baki frv., er sú að leggja drög að allsherjarstofnun, sem beiti sér fyrir átaki til eflingar fyrirtækja í þágu stúdenta, og sé sú stofnun ábyrg fyrir byggingarframkvæmdum og rekstri fyrirtækja. Fram til þessa hafa þessi fyrirtæki verið dreifð og flest lotið sérstjórnum, og hefur þannig verið óvissa ríkjandi um það, hvaða aðili ætti að beita sér fyrir framgangi þessara hagsmunamála stúdenta, en með því skipulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, er forusta og ábyrgð í þessum efnum lögð í hendur einnar stofnunar, sem tvímælalaust er til bóta.

Þá er einnig í frv. ákvæði um tekjustofna, og skal ég ekki rekja efni þess frekar.

Í Nd. tók frv. nokkrum breyt. Við 3. gr. þess kom fram brtt. frá menntmn. Nd., og var sú brtt. samþ. Er það varðandi kosningu í stjórn stofnunarinnar, og má raunar segja, að sú breyting sé eingöngu til samræmingar því, sem fyrir þeim vakti, sem óskuðu eftir flutningi þessa frv., þ. e. stúdentaráðs og háskólaráðs, og kemur það reyndar fram í fskj., sem frv. fylgir.

Menntmn. þessarar hv. þd. hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með áorðinni breyt. í Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 606).

---

40. Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

Á 58. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins [139. mál] (stjfrv., A. 299).

Á 59. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það hefur áður verið skýrt frá því í sambandi við meðferð fjárl., að ríkisstj. hefði til athugunar að setja nýja heildarlöggjöf um embættisbústaði, þar sem byggt væri á öðrum reglum en nú gilda um það efni jafnhliða því, sem lögð væri áherzla á að samræma þau sjónarmið, sem lægju að baki þeim ákvæðum, er í gildi hafa verið til þessa varðandi embættisbústaði. Svo sem hv. þm. er kunnugt, gildir um þá bústaði ýmiss konar löggjöf, sem ég mun víkja að fáum orðum. Þessi löggjöf er með mjög mismunandi hætti, og það er meira og minna tilviljun háð og hefur mjög breytzt, eftir því sem tímar hafa liðið, hverjir embættismenn hafa slík hlunnindi, og það liggur í augum uppi, að miðað við stjórnkerfið, eins og það er í dag eru viðhorf svo breytt, að það er ekki ástæða til þess — og raunar óeðlilegt með öllu, að ekki séu tekin til gagngerðrar athugunar og grundvallarbreytingar þau sjónarmið, sem gilt hafa um þessa bústaði. Meðan tiltölulega fáir embættismenn voru, má segja, að þessi löggjöf hafi að verulegu leyti náð til þeirra, en nú er kominn mikill hópur embætta, sem er utan við þetta kerfi, þó að segja megi, að það væru alveg jafngild rök fyrir því, að þeir embættismenn nytu þessara hlunninda. Til undirbúnings á þessu máli var fulltrúum frá þeim rn., sem embættisbústaðir falla undir, falið að rannsaka þetta mál, athuga þá löggjöf, sem í gildi væri, og gera síðan till. um það, hvernig hægt væri að samræma þessi ákvæði og samrýma þau núverandi viðhorfum og aðstöðu í sambandi við stjórnsýslukerfið. Það hefur tekið talsvert langan tíma að vinna að þessu máli af ýmsum ástæðum. Bæði er hér um margvíslega löggjöf að ræða og enn fremur kom það til, að mjög skorti á, að til væru nægilega ljósar upplýsingar um allt það húsnæði, sem ríkið á. Það hefur verið á vegum margra rn., og heildarskýrslur tók alllangan tíma að fá, þar sem hvergi var á einum stað til yfirlit yfir allar þær íbúðir og hús, sem voru í eigu ríkisins, og er þetta eitt út af fyrir sig að sjálfsögðu mjög miður farið, því að æskilegt er, að til sé á einum stað yfirlit yfir allar þær húseignir, sem ríkið á.

Ég mun víkja nokkuð síðar að húseignum þessum og hvaða aðilar það eru, sem hafa þær til ráðstöfunar nú, og hver fjöldi þeirra er, en áður vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um þær reglur og lagaákvæði, sem nú gilda um embættisbústaði. Um embættisbústaði héraðsdýralækna er í l. frá 1957 mælt svo fyrir, að ríkisstj. skuli, þar til fullnægt er húsnæðisþörf héraðsdýralækna, láta byggja, eftir því sem fé er veitt til í fjárl., íbúðarhús handa héraðsdýralæknum. Sérstök heimild er þar til að kaupa íbúðarhús, þar sem það þykir hagkvæmara, og það er tekið fram, að þar skuli fyrst byggt, sem þörfin er talin brýnust að dómi landbrh. Bústöðum hefur verið komið upp, bæði húsum og íbúðum, fyrir kennara og skólastjóra bændaskól-

anna og Garðyrkjuskóla ríkisins. Það er ekki séð, að nein lagaákvæði gildi um þessa bústaði, en þar sem skólarnir eru staðsettir úti á landi, hefur það reynzt sjálfgert, að það yrði að koma slíkum bústöðum upp. Sama er að segja um húsmæðraskóla í sveitum. Þá er enn fremur svipað, sem gildir um Sandgræðslu ríkisins, að hún er staðsett að Gunnarsholti og leiddi því af sjálfu sér, að það þyrfti að koma upp íbúðarhúsnæði fyrir starfsmenn, enda þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir því í lögum. Varðandi Skógrækt ríkisins eru ekki heldur nein ákvæði um embættisbústaði, en það hefur einnig leitt af eðli málsins, að það hefur þurft að byggja yfir skógarverði á skógjörðum ríkisins. Um embættisbústaði kennara og skólastjóra gilda hins vegar ákveðin fyrirmæli í l. um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og er þar enda um að ræða nú langmestan fjölda þeirra íbúða, sem ríkið á, og í þessu tilfelli í sameign með viðkomandi sveitarfélögum. Um embættisbústaði héraðsdómara gilda sérstök lög frá 1947, og þar er svo ákveðið, að ríkisstj. skuli, þar til fullnægt er húsnæðisþörf héraðsdómara eða hæstaréttardómara, láta byggja eða kaupa, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, 1—2 íbúðarhús á ári handa dómurum þessum, enda sé þar rúm fyrir skrifstofu þeirra, skjalasafn o.fl., eftir því sem við á. Um embættisbústaði presta gilda einnig sérlög frá 1947 og í þeim eru ákvæði um skipulag á hýsingu prestssetra. Þar segir svo, að reisa skuli árlega prestssetureshús samkv. fyrirmælum þessara l., svo fljótt sem auðið er og eftir því sem fé er veitt til þess í fjárl., þar til lokið er að byggja upp sómasamlega öll prestssetur landsins. Og jafnframt segir, að heimilt sé ríkisstj. að kaupa íbúðarhús handa presti, þar sem slíkt þykir hagkvæmara, enda mæli biskup með kaupum. Um embættisbústaði lækna er svo fyrir mælt, að ríkissjóður greiði sveitarfélögum 3/5 hluta kostnaðar við að reisa almenn sjúkrahús og sömu aðilum 2/3 hluta kostnaðar við að reisa héraðslæknabústaði. Engin sérstök lög eru til um embættisbústaði vitavarða, en það hefur leitt af eðli málsins, að það hefur orðið að byggja yfir vitaverðina, þar sem þeir hafa verið staðsettir.

Samkv. þessu, sem ég hef hér sagt, virðist það ljóst, að ríkissjóður sé skyldugur að byggja embættisbústaði dómara og presta, hann sé skyldur til þátttöku í kostnaði við byggingu íbúða fyrir skólastjóra skyldunámsstigs og nauðsynlegt starfsfólk heimavistarskóla barnafræðslustigsins, en að öðru leyti leiðir það af eðli málsins, að það hefur þurft að koma upp embættisbústöðum fyrir allmarga aðra starfshópa. Akvæði um húsaleigu er ekki að finna í neinum þessum l. um enbættisbústaði utan þeirra ákvæða, er fjalla um hýsingu á prestssetrum. En í 12. gr. prestssetursl. segir, að prestur skuli á eigin kostnað annast árlegt viðhald íbúðarhúss samkv. reglum, sem rn. setur, og greiða við burtför hæfilegt álag samkv. mati úttektarmanns. En síðan segir, að árgjald prests af prestssetureshúsi, sem reist er samkv. l. þessum, skuli reiknast þannig, að kvaðalaust framlag ríkissjóðs er 3/5 hlutar byggingarkostnaðar að frádregnu andvirði niðurlagðra húsa og innstæðu fyrningarsjóðs, og hinum 2/5 hlutum kostnaðar skal deilt með byggingarvísitölu þess árs, er bygging eða endurbót fór fram, svo að í ljós komi byggingarkostnaður þessara 2/5 hluta, eins og hann hefði orðið áður en verðhækkun styrjaldarinnar skall yfir. Og af þeirri upphæð, sem þá kemur út og talin skal í heilum þúsundum að viðbættu vísitöluálagi kauplagsnefndar, greiðir prestur árlega 3⅓%. Samkv. þessu ákvæði er leigugjald af prestssetrum mjög lítið og mun lægra heldur en af flestum öðrum íbúðum, sem embættismenn hafa til afnota. Þess skal þó geta að allmikið ósamræmi er á milli leigugreiðslna hjá hinum einstöku starfshópum, þó að lögð hafi verið áherzla á að reyna að samræma þær greiðslur. Varðandi útreikning þann á húsaleigu, sem ég gat um hjá prestum, má geta þess, til að menn geri sér nokkra grein fyrir því, hvað óeðlileg ákvæði þessi eru, að það er talið, að Reykjavíkurklerkar greiði frá 2 þús. og að 4 þús. kr. á ári fyrir íbúðarhúsnæði í opinberri eigu, sem þeir hafa umráð yfir, og mundi það víst þykja flestum harla hófsamleg húsaleiga. En prestar eru þeir einu opinberra starfsmanna, sem fá greidda húsaleigustyrki, og er sérstök fjárveiting aftur til þeirra í fjárl. Önnur lagafyrirmæli eru ekki um greiðslu húsaleigustyrkja. Þetta eru þau lagaákvæði, sem gilda um þá embættismenn, er eiga að hafa til afnota íbúðarhúsnæði frá ríkinu í samræmi við gildandi lög þar um.

Í grg. með þessu frv. er tekið fram, að ríkissjóður muni eiga einn og í sameign með sveitarfélögum um 500 íbúðir. Til þess að gera sér lítillega grein fyrir því, hvers konar íbúðir hér er um að ræða, skal ég geta þess, að mér telst svo til, að af þessum íbúðafjölda séu 14 íbúðir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, 8 íbúðir fyrir héraðsdýralækna, 8 bústaðir eða íbúðir á vegum búnaðarskólanna, 15 íbúðir á vegum Tilraunastöðvar landbúnaðarins, 7 íbúðir Skógræktarinnar, 13 íbúðir í sambandi við húsmæðraskóla í sveitum, 106 prestssetur, 23 dómarabústaðir, 40 læknisbústaðir, 13 vitavarðarbústaðir, 50 íbúðir á vegum Pósts og síma og um 200 íbúðir vegna barnaskóla, gagnfræðaskóla og ýmissa framhaldsskóla.

Sú meginregla, sem þetta frv. byggist á, er, að hér eftir leggi ríkið starfsmönnum sínum ekki til íbúðarhúsnæði, nema þeir gegni störfum í þeim landshlutum, þar sem sérstakir staðhættir gera slíkt nauðsynlegt. Og enn fremur, ef um er að ræða sérstaka starfsaðstöðu, þannig að starfsmaður þarf nauðsynlega að búa á sínum vinnustað, enda þótt í þéttbýli sé. Þetta merkir það, að í þéttbýlli stöðum hérlendis — og er þar fyrst og fremst um Reykjavíkursvæðið og nágrenni þess að ræða og væntanlega einnig Akureyri, þ.e.a.s. þau svæði, þar sem ætla má að íbúðarhúsnæði sé í fullu verði, — þar sé ekki gert ráð fyrir því, að embættismenn fái

húsnæði til afnota. Hér í Reykjavík er orðið mjög áberandi misræmi í sambandi við þessi hlunnindi embættismanna. Hér er, eins og ég áðan sagði, kominn stór hópur af embættismönnum, sem gegna hinum þýðingarmestu embættum og hafa ekki neina embættisbústaði til umráða og eiga ekki rétt á þeim, þannig að það er orðið hér um algert ósamræmi að ræða. Það er hins vegar sýnt, að þar sem svo hagar til, að embættismaður getur ekki búizt við að fá fullt verð fyrir það hús, sem hann byggir sér í þágu síns starfs á viðkomandi stað, er hann flytur á brott, hann mundi verða mun verr settur heldur en embættismenn í þéttbýlinu að þessu leyti. Þess vegna þykir eðlilegt og óumflýjanlegt að gera hér mun á, og það verður að sjálfsögðu að metast eftir því, sem þróun þjóðfélagsins verður, hvenær og hvar ástæða sé til þess að byggja embættisbústaði, hvaða svæði það eru, sem verður að telja að falli undir meginreglu laganna, þá, að embættisbústaðir skuli ekki vera til, vegna þess að menn geti alltaf fengið fullt verðgildi fyrir sitt hús, og hvaða svæði það eru, sem falla undir 2. lið l., að þar sé nauðsynlegt að byggja embættisbústaði af þeim sökum, að ella yrðu embættismenn að sæta því eða hætt við, að þeir yrðu að sæta því að selja húsnæði sitt á lægra verði heldur en það hefði kostað þá að koma því upp. Þetta er sem sagt meginreglan, sem lögð er í þessum l., og jafnhliða eru felld niður öll þau lagaákvæði, sem nú eru í gildi um embættisbústaði, þannig að hér eftir verður það að metast, hvaða embættismenn skuli fá slíkt húsnæði, miðað við aðstöðu og þarfir hverju sinni, á grundvelli þeirra meginreglna, sem ég hef hér gert grein fyrir.

Það er ætlazt til þess, að hlutaðeigandi ráðh. ákveði það í samráði við fjmrh., hvar ríkið skuli leggja starfsmönnum sínum til íbúðarhúsnæði, og er gert ráð fyrir því, að fjmrh. setji um það reglugerð í samræmi við hin almennu sjónarmið, sem gilda skulu í þessu efni.

Þá eru settar ákveðnar reglur um það, sem eðlilegt er, eins og nú standa sakir, að hér eftir verði óheimilt að byggja embættisbústaði, nema sérstaklega sé veitt fé til þess í fjárl. og fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi ráðh. um, að í byggingu slíks húss skuli ráðizt, og þetta leiðir af sjálfu sér, að það verður að ákveðast með fjárl. eftir að ákvæðin um embættisbústaði og hin sérstöku lög um þá hafa verið niður felld. Þá er sett almenn regla um það, hvernig reikna skuli húsaleigu eftir embættishúsnæði og þá gert ráð fyrir því, að í fyrsta lagi sé það meginregla, að samræmi ríki varðandi húsaleigugreiðslur embættismanna, hverrar tegundar sem embættið er, og enn fremur hitt, að tekið sé tillit til aðstöðunnar á hverjum stað, hvað sé venjuleg leiga eftir húsnæði á viðkomandi stað, þannig að misræmis gæti ekki í því efni og embættismaður sé þar ekki látinn búa við lakari kost heldur en fólk á viðkomandi stað eða aðrir leigutakar þar búa við.

Þá er í 9. gr. gert ráð fyrir því, að strax og íbúðarhúsnæði losnar, verði það selt. Og það eru ákveðin fyrirmæli um, að húsnæði skuli selt til þess að tryggja, að ekki sé hætta á, að haldið verði áfram að nota þetta húsnæði og settir inn í það aðrir embættismenn, og það þykir jafnframt rétt að setja í l. ákveðin fyrirmæli um það, hvernig húsnæðið skuli selt. Það hefur þótt stundum við brenna, þegar um mat á húsnæði er að ræða, að það sé tilhneiging til þess að meta húsið hátt, ef ríkið á að kaupa það, en meta það lágt, ef ríkið er að selja það. Og þess vegna þykir eðlilegt, að það sé meginreglan við sölu þessa húsnæðis, að það sé leitað tilboða í það og leitazt við að selja það á sem hagstæðustu verði. Hins vegar þykir sanngjarnt, að fráfarandi embættismaður fái að eiga forkaupsrétt að húsnæðinu, ef hann vill kaupa það, þegar hann á að víkja úr því og ber að selja það eftir lögum.

Undanþegnir þessum l. eru embættisbústaður forseta Íslands, sendiherrabústaðir erlendis og biskupsbústaður í Reykjavík. Um nokkurra ára skeið hefur Alþ. veitt sérstaklega fé til biskupsbústaðar, og það má segja, að það sé ekki ósanngjarnt, að um hann gildi nokkur sérákvæði. Það hefur verið áformað svo lengi af kirkjunni að koma upp nokkurs konar biskupsstofu, sem kallað hefur verið, hér í Reykjavík, sem er hugsuð að vissu leyti sem aðsetursstaður biskups að sjálfsögðu, en einnig sem móttökustaður fyrir presta og að vissu leyti sem heimili þeirra hér, og það þykir ekki óeðlilegt, að það sé þá undan skilið í þessum l., að biskupinn yfir Íslandi skuli hafa hér þennan bústað sinn, svo lengi sem hann verður búsettur hér í Reykjavík. Það er svo annað mál, hvort Alþ. kýs að flytja hann héðan, þá gilda um það aðrar og almennar reglur þessara laga.

Þá þykir einnig sjálfsagt, og um það fjallar 11. gr. frv., að setja um það ákveðnar reglur, hvað húsnæði, sem byggt er fyrir embættismenn, skuli vera stórt og hvernig það skuli búið. Í því hefur verið mikið ósamræmi og tvímælalaust í mörgum tilfellum orðið mistök í því efni. Það hefur stundum verið látið ráða meiru, hvað embættismennirnir, sem hafa verið að flytja í húsnæðið, hafa viljað, heldur en það, sem samrýmdist hagkvæmustu sjónarmiðum frá ríkisins hendi, og eðlilegast virðist vera að reyna að standardisera þessar íbúðir með það í huga að geta komið þeim sem ódýrast upp.

Svo sem ég sagði áður, gilda nú ýmiss konar lög, sem veita embættismönnum réttindi til embættisbústaða, og í sumum tilfellum mismunandi réttindi. Sum lögin, t. d. varðandi prestana, kveða á um sérstök fríðindi þeim til handa í húsaleigu, og allt er þetta með þeim hætti, að embættismennirnir, sem hafa tekið við þessum störfum, hafa mátt vænta þess, að þeir fengju þarna lögum samkv. tiltekin hlunnindi. Það þykir því ekki fært að selja nú þegar embættisbústaði þá, sem eru til afnota í þéttbýlinu, ekki fyrr en þeir losna, þ. e. a. s. núv. embættismenn hætta störfum eða fara úr þeim. Og jafnframt þykir ekki heldur auðið að breyta húsaleigureglum, sem festar eru í l. nú

varðandi þá embættismenn, sem nú eru í starfi. Lögin miða því við það, að þau taki gildi eftir því sem nýir embættismenn komi til, og þá verði viðkomandi embættisbústaðir smám saman seldir.

Þetta er meginefni l., og ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara um þau fleiri orðum, nema frekara tilefni gefist til, og vænti þess, að hv.þm. hafi skilizt það, hvaða meginhugsun liggur að baki þeirra.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Í grg. þessa frv. er það tekið fram, hver sé meginstefnan, sem fylgt hafi verið við samningu frv., og mér sýnast meginatriðin vera þau, er hér greinir: Að ríkið eigi ekki íbúðarhúsnæði til afnota fyrir starfsmenn, nema slíkt sé óhjákvæmilegt vegna staðhátta eða annarra brýnna ástæðna. Að lagaskylda ríkisins til að byggja íbúðarhúsnæði fyrir ákveðnar starfsstéttir í þjónustu ríkisins verði afnumin. Að hver ráðh. hafi ákvörðunarvald um, hvaða íbúðarhúsnæði skuli byggt fyrir starfsfólk, sem undir hans valdsvið heyrir, og að ákvæði í gildandi lögum, sem ákvarða húsaleigu starfsmanna ríkisins, verði afnumin jafnframt því, sem settar verði reglur, sem miða að því, að húsaleigan miðist við raunverulegt verðmæti eigna, eðlilegan arð af þeim, staðsetningu og notagildi fyrir leigutaka.

Segja má, að með þessari stefnu, sem mörkuð er í frv., sé stefnt að því að koma á nokkrum sparnaði í ríkisrekstrinum. Út af fyrir sig er ég ekki andvígur því, að tilraun sé gerð í þá átt. En ég get ekki látið hjá líða að minna á það í sambandi við þetta mál, að það er nú og hefur verið um skeið eitt af meiri háttar vandamálum landsbyggðarinnar að fá embættismenn til þjónustu og búsetu úti á landi í ýmsum greinum. Má þar nefna læknaþjónustu, þjónustu presta, svo og dýralækna á ýmsum stöðum. Þetta vandamál tekur ekki einungis til sveitanna eða hinna smærri þorpa, heldur landsbyggðarinnar yfirleitt. Ég get þessu til sönnunar aðeins drepið á það, að í fjölmennasta byggðarlagi á Austurlandi, Neskaupstað, sem er byggðarlag með hálft annað þús. íbúa og einn af mestu framleiðslustöðum í þjóðfélaginu, og þar sem skýrslur sýna, að tekjur hafa orðið einna hæstar hér á landi að undanförnu, þar er nú svo ástatt um embættisþjónustu, að þangað vantar bæði bæjarfógeta og prest og raunar fleiri opinbera starfsmenn, en aldraðir menn, sem hætt hafa embættisstörfum fyrir aldurs sakir, hafa til bráðabirgða verið fengnir til þess að inna þessa þjónustu af hendi.

Það er því alveg augljóst, að þó að stefnt sé að sparnaði með þessu frv., má ekki ganga svo langt í því efni, að löggjafarvaldið leggi stein í götu þess, að embætti úti á landsbyggðinni verði eftirsótt eigi síður en verið hefur. Þvert á móti þarf að bæta aðstöðu embættismannanna þar og örva eftirspurn eftir embættisþjónustu úti á landsbyggðinni. Þá er á það að líta, hvort ákvæði þessa frv., ef að lögum verða hafi nokkur áhrif í þessu efni. Mér virðist, að þegar fella á niður lagaskyldu um, að ríkið byggi embættisbústaði, en leggja það einhliða á vald ráðh. hverju sinni, sé aðstaða embættismannanna nokkru óvissari og nokkru veikari heldur en verið hefur, þar sem lagaskylda er í gildi um að sjá þeim fyrir embættisbústöðum. Og mér sýnist einnig, að ákvæðin um húsaleigu miði að því að gera búsetu embættismannanna nokkru kostnaðarsamari heldur en verið hefur með þeim ákvæðum um húsaleigu, sem fylgt hefur verið. Nú mun það vera ætlun þeirra, sem að þessu frv. standa, að í reynd taki það fyrst og fremst til þéttbýlisins hér við Faxaflóa, og má því segja, að í framkvæmdinni muni þetta ekki hafa þau áhrif úti á landsbyggðinni, sem ég hef nú drepið á. Í grg. frv. er sagt, að það þurfi að meta, hvar þeir staðir séu, þar sem eðlilegur markaður hefur skapazt fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu, og er þá átt við, að slíkur markaður sé nú fyrir hendi á þéttbýlissvæði Reykjavíkur. Síðan segir: „Sömuleiðis verður að ætla, að slíkur markaður sé fyrir hendi á Akureyri og í nágrenni."

Þetta orðalag grg. bendir til þess, að höfundar frv. séu sjálfir í nokkrum vafa um það, hvernig þetta verði framkvæmt. Hér er ekki sagt ótvírætt, hver staða Akureyrar sé eða eigi að verða í þessu efni, heldur komizt svo að orði, að sömuleiðis verði að ætla, að slíkur markaður sé fyrir hendi á Akureyri og í nágrenni. Ég held, að ástæða sé til, að í löggjöf sem þessari verði kveðið nokkru skýrara á um þetta efni heldur en lagt er til í frv., eins og það liggur fyrir. Ég vil því leyfa mér að varpa fram þeirri hugmynd nú við 1. umr. málsins til athugunar fyrir þá n., sem tekur frv. til íhugunar og meðferðar, og jafnframt til athugunar fyrir þann hæstv. ráðh., sem stendur að flutningi málsins, hvort ekki væri betur farið að orða sjálf l. þannig, að þau kveði á um, hvaða staðir það séu, þar sem lagaskyldan verður ekki fyrir hendi í framkvæmd að reisa embættisbústaði, hvaða staðir það eru, þar sem eðlilegur markaður hefur skapazt fyrir íbúðarhúsnæði til kaups og leigu, og í framhaldi á því, að á þeim svæðum, sem l. sjálf tiltaka að þessu leyti verði lagaskyldan um byggingu embættisbústaða felld niður, en lagaskyldunni beinlínis haldið í löggjöfinni úti á landsbyggðinni, þar sem viðurkennt er, að ekki muni í framkvæmd verða auðið að komast fram hjá því, að ríkið eigi embættisbústaði. Ef frv. yrði orðað á þennan hátt, tel ég, að löggjöfin yrði skýrari heldur en frvgr. eru nú, og þá teldi ég nokkra tryggingu í því fólgna fyrir embættismennina, sem hygðu til búsetu og starfa úti á landsbyggðinni, að l. sjálf hefðu að geyma ákvæði um rétt þeirra og skyldur í þessu efni, en þar væri ekki allt í höndum ráðh. þess, sem gegnir embætti hverju sinni.

Í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir að fella úr gildi nokkur lagaákvæði um embættisbústaði. Það eru m. a. l. frá 1947 um skipulag og hýsingu prestssetra.

Ég leyfi mér að benda á, að í þeim l. er kafli um byggingu peningshúsa eða útihúsa á prestssetrum. Sá kafli mun þá eiga að falla niður eins og l. í heild. Nú fer það að sönnu minnkandi, að prestar stundi búskap, en þó eru enn þá nokkur dæmi um það, og finnst mér, að þessu atriði þyrfti að gefa gaum í þeirri n., sem um málið fjallar.

Hér er einnig talað um vissa tölul. eða vissa gr. í l. frá 1955 um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, en ég vil benda á, að þau lög, sem hér er vitnað til, voru felld úr gildi á síðasta þingi í sambandi við skólakostnaðarlögin, sem þá voru sett, og ákvæði hinna nýju skólakostnaðarlaga eru nokkuð á annan veg heldur en í þeim greinum, sem hér er vitnað til og nokkuð á annan veg heldur en hæstv. ráðh. lýsti.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. Varðandi síðasta atriðið, sem hv. 2. þm. Austf. benti á, l. um skólakostnað, er það alveg rétt hjá honum, að það er vitnað í hin eldri lög um þetta efni, og er nauðsynlegt að breyta því. Eldri l. eru að vísu enn þá í gildi, en það er alveg rétt hjá honum, að þau koma ekki til með að gilda nema út þetta ár eða þangað til í haust, þannig að vitanlega þarf að breyta því, og er ég honum þakklátur fyrir þá ábendingu og vonast til, að hv. n. taki það til athugunar.

Varðandi önnur atriði hans máls, aðallega það, að það þyrfti að tryggja betur réttindi embættismanna úti á landi, held ég, að ekki sé mikill ágreiningur okkar í milli um það efni, þó að hann telji að vísu, að það þurfi að viðhalda núgildandi lögum til að tryggja þennan rétt og undanskilja aðeins þéttbýlið, því að ella mundi þetta vald vera í höndum ráðh. Sannleikur málsins er sá, að í dag er þetta í höndum ráðh., hvað sem líður allri lagaskyldu. Það er í höndum ráðh. og fjárveitingavaldsins hverju sinni, hvort embættisbústaðir eru reistir eða ekki, þannig að það auðvitað breytir ekki á nokkurn hátt aðstöðu þessara embættismanna. Það liggur í augum uppi, að það er áhugamál hvers rn. að tryggja það, að hægt sé að þjóna þeim embættum, sem undir það heyra, og ef það kemur í ljós, að það er ekki hægt nema með því móti að tryggja embættisbústaði á viðkomandi stað, er áreiðanlega ekkert minni trygging fyrir embættismanninn að fá embættisbústað, þó að það að forminu til sé í höndum ráðh. að ákveða það. Að vísu er það nú ekki í höndum ráðh. að því leyti til, að það er gert ráð fyrir, eins og ég sagði áðan, að fjárveiting þurfi að vera fyrir hendi frá Alþ. til þess að byggja umrædda bústaði, og felst þá í því um leið að sjálfsögðu viðurkenning á því, að bústaðurinn skuli byggður. Ég held þess vegna, að það breyti ekki neinu varðandi aðstöðu embættismanna úti á landi, þó að þessi nýskipan sé á höfð, sem hér er gert ráð fyrir, og ég mundi telja það mjög óeðlilegt, að það væri farið að halda við öllum þessum gömlu lagaákvæðum, sem eru margs konar og lítið samræmi þeirra í milli í einstökum atriðum, heldur sé rétt að setja um þetta eina almenna reglu.

Varðandi svo hitt atriðið, sem hann minntist á, að eðlilegast væri að tilgreina í l. sjálfum, hvaða svæði það væru, þar sem ætti að hætta að byggja embættisbústaði, vil ég benda á það, að l. er auðvitað ætlað að gilda um langan tíma. En það kann að breytast, eftir því sem tímar líða, hvaða svæði verði talin þéttbýlissvæði út frá þessu sjónarmiði, og þess vegna getur það verið, að þar sem þykir eðlilegt að byggja embættisbústaði í ár, verði það ekki talið eðlilegt að ári eða næstu árin, svo að ef á að fara að festa það nákvæmlega í löggjöfinni, hvar þessa bústaði eigi að byggja, held ég, að það verði að verulegu leyti óheppilegt og óraunsætt, enda þótt það kunni að vera hægt að finna út þær reglur miðað við ríkjandi ástand í þjóðfélaginu í dag; það verði að taka, eftir því sem árin líða, til greina þær breytingar, sem verða í þessum efnum, og kunni þá að reynast óumflýjanlegt að breyta reglunum. Það er alveg rétt, að í grg. frv. er ekki slegið neinu ákveðnu föstu um þetta. Það er talað um, að sennilegt sé, að það muni einnig ná til Akureyrar og nágrennis. Það á eftir að meta það nákvæmlega. Það fer eftir því, hvað kemur á daginn við athugun á verðgildi húsa þar, kaupverði þeirra og söluverði, en það þykir hins vegar ljóst vera, að á aðalþéttbýlissvæðinu, Reykjavík og næsta nágrenni, þar muni þessi almenna regla eiga við, að embættisbústaðir skuli ekki reistir. Reglurnar um þetta hafa að sjálfsögðu ekki verið settar og verða ekki settar fyrr en frv. hefur orðið að lögum, og þá verður þessu meginsjónarmiði fylgt, sem frv. byggist á, og það ætti að vera nægilega ljóst til þess, að það ætti að vera hægt að setja skýrar og ákveðnar reglur um það, hvar embættisbústaði skyldi reisa og hvar ekki.

Varðandi svo það atriði, hvort þetta frv. geti orðið til þess að rýra aðstöðu embættismanna úti á landi, mundi ég halda alveg það gagnstæða, vegna þess að að svo miklu leyti sem embættisbústaðir eru taldir hlunnindi, sem er nú að vísu mjög vafasamt fyrir embættismennina, versnar hlutur embættismannanna hér í Reykjavík, sem ekki eiga eftir að fá neinn embættisbústað. En það hefur nú þótt brenna við, að flestir vildu hér gegna embættum. En aftur á móti verða þessi fríðindi, ef fríðindi skyldi kalla, veitt áfram á öllum þeim stöðum úti um land, þar sem sú aðstaða er fyrir hendi, að ekki er hægt með góðu móti að selja embættisbústaði aftur, ef húsnæði getur ekki talizt í fullu verði að staðaldri, og það eru einmitt þau svæði, þar sem erfiðast hefur reynzt hingað til að fá starfsmenn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 299, n. 373 og 386, 388).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það er rétt að taka það fram í byrjun, að það nál., sem ég mæli hér fyrir, er ekki sameiginlegt álit n., því að hún klofnaði í tvo hluta. Hún hafði þetta mál til meðferðar á nokkrum fundum, ræddi m.a. við stjórn Prestafélags Íslands, sem taldi málið eðlilega snerta sig mjög. En niðurstaðan af athugun n. varð sú, að hún gat ekki náð fullri samstöðu um málið, þannig að nál. liggur hér fyrir í tveim hlutum. Þó að full samstaða næðist ekki um málið, þá voru það tvö aðalatriði, sem samkomulag var um. Í fyrsta lagi það, að réttmætt væri að setja samræmda allsherjar löggjöf um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, og í öðru lagi var ekki ágreiningur um það, eins og líka kemur fram í áliti hv. minni hl. n., að réttmætt væri, að ríkið seldi íbúðir fyrir starfsmenn sína á svonefndum þéttbýlissvæðum, eins og þau eru skilgreind í frv., svo að framvegis taki skylda ríkisins til þess að útvega starfsmönnum sínum íbúðarhúsnæði aðeins til staða utan þéttbýlisins.

Hins vegar var skoðanamunur um það, hvort fara ætti þá leið, sem frv. leggur til, að það sé lagt í vald ríkisstj. að ákveða, hvort ríkið skuli leggja starfsmönnum til íbúðarhúsnæði, þannig að minni hl. leggur til, að ákvæði núgildandi laga um þetta efni verði óbreytt. Í framkvæmdinni mundi það ekki gera svo mikinn mun, hvor leiðin yrði farin í þessu efni, sú sem frv. leggur til eða hv. minni hl., því eins og kunnugt er, þá verður það háð ákvörðun fjárveitingavaldsins hverju sinni, í hvað mikinn kostnað skuli leggja við byggingu slíks íbúðarhúsnæðis, en fjmrh. hlýtur auðvitað alltaf að hafa mikil áhrif á afgreiðslu fjárlaga eins og hún fer fram hverju sinni alveg óháð því, hvaða ríkisstj. kann að vera við völd. En á því er nú samt sá blæmunur, hvora þessa leið skuli fara, að af þessari ástæðu gat n. ekki orðið samferða um málið. Annars er rétt að taka það fram og undirstrika það, eins og kemur fram í áliti meiri hl., að einstakir nm. hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma, og á það þá líka við þær brtt., sem hv. minni hl. flytur eða kynni að flytja.

Það er rétt að lokum að taka það fram, að það sjónarmið kom fram í n., að vafasamt væri, að biskup hefði samsvarandi sérstöðu eins og forseti Íslands og sendiherrar Íslands erlendis, að réttmætt væri að ætla honum embættisbústað eftir að þessi breyting hefði verið gerð. Nú hef ég ekki orðið var við, að flutt hafi verið till. um breytingu á þessu, en ef hún yrði flutt, vil ég aðeins taka það fram, að nm. hafa óbundnar hendur um afstöðu til slíkrar till. eins og annað, þannig að þingvilji verður þá úr því að skera.

Frsm. minni hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Eins og fram hefur verið tekið, varð fjhn. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls, enda þótt ekki beri mikið á milli. Minni hl. leggur til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, sem kemur fram á þskj. 386, að ákvæði gildandi laga um embættisbústaði skuli haldast utan þeirra svæða, þar sem eðlilegur markaður hefur myndazt fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu. Þessi eðlilegi markaður hefur nánar verið skilgreindur í frv., þar sem átt er við Reykjavík og þéttbýlissvæði hér í kring og e.t.v. Akureyri.

Meginatriði þessa frv. eru þau, að ríkið eigi ekki íbúðarhúsnæði til afnota fyrir starfsmenn, nema slíkt sé óhjákvæmilegt vegna staðhátta eða annarra brýnna ástæðna. Í öðru lagi að lagaskylda ríkisins til að byggja íbúðarhúsnæði fyrir ákveðnar starfsséttir ríkisins verði afnumin. Í þriðja lagi að hver ráðh. hafi ákvörðunarvald um, hvaða íbúðarhúsnæði skuli byggt fyrir starfsfólk, sem undir hans rn. heyrir.

Í 2. grein frv. kemur fram sú meginregla, að afnema skal lagaskyldu ríkisins til að byggja íbúðarhúsnæði, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Lögin um embættisbústaði hinna ýmsu starfsstétta eru með nokkuð mismunandi hætti og gera ekki greinarmun á aðstæðum manna í þéttbýli og dreifbýli, og kann því að vera þörf á því að samræma ákvæði þessi og út af fyrir sig erum við því sammála. Hins vegar er öllum ljóst, hverjum vandkvæðum það hefur verið bundið á undanförnum árum að fá ýmsa embættismenn til þess að setjast að úti á landi og sinna þar þjónustu. Þetta vandamál snertir bæði sveitirnar og fjölmennari byggðarlög. Þess vegna teljum við, sem skipum minni hl. fjhn., að í þessu máli megi löggjafinn ekki með ákvörðunum sínum gera neitt, sem rýri aðstöðu þeirra, sem embættum vilja gegna úti á landi. Þvert á móti þarf að gera ráðstafanir í þá átt, að embætti úti á landi verði eftirsótt, svo að þangað veljist hæfir menn í embætti, ekki síður en í þéttbýlið hér syðra. Við teljum, að ef lagaskyldan varðandi byggingu embættisbústaða verður afnumin, muni það í augum margra gera aðstöðu embættismannanna nokkru óvissari. Það kann að mega segja, að þetta sé í höndum ráðh. að nokkru leyti, hvað sem allri lagaskipan líður. Eigi að síður verður það að teljast eðlilegra, eins og nú er málum háttað, að lagaskyldan haldist enn um sinn og ekki ástæða til, að ráðh. eða embættismenn í umboði hans hafi um það úrslitavald. Lagaskyldan er eðlilegri og ætti að vera ótvíræð, eins og nú háttar, hvernig svo sem þessum málum kann að verða skipað í framtíðinni. Frv. sjálft gerir einnig ráð fyrir því, að ekki verði komizt hjá því, að ríkið eigi framvegis embættisbústaði úti á landi eða byggi bústaði þar, og styður það þá skoðun okkar, að lagaskyldunni skuli halda enn um sinn. Og það er nú svo, að hvað sem líður þessu frv., þá verða enn í gildi ýmis lög, sem skylda ríkið til að byggja embættisbústaði úti á landi, og það styður enn þá breytingu, sem við viljum gera á frv., að láta ákvæði gildandi laga um embættisbústaði haldast, nema á nánar tilteknum þéttbýlissvæðum, sem nánar yrði ákveðið um í reglugerð, sem ráðh. setur.

Í 11. gr. frv. er gert ráð fyrir, að nánari ákvæði verði sett um stærð, gerð og búnað íbúðarhúsnæðis,

sem ríkið eignast eða kostar að einhverju leyti. Það er ekki nema eðlilegt, að um þetta verði sett reglugerð. Það eru mörg dæmi þess, að bústaðir á vegum ríkisins, víðs vegar um landið, hafi verið byggðir, að því er virðist, eftirlitslítið og aðhaldslítið um hagkvæma stærð eða gerð, og slíkt á auðvitað engan rétt á sér. Það er eðlilegt, að skýrar sé ákvarðað um þetta en hefur verið hingað til.

Frv. gerir einnig ráð fyrir því, að íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins innan þeirra svæða, þar sem eðlilegur markaður er að myndast fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu, skuli samkv. nánari reglum þar um selt. Frsm. meiri hl. minntist á það, að rætt hefði verið við stjórn Prestafélags Íslands. N. sendi frv. ekki neinum aðilum til umsagnar, en það kom fram ósk frá stjórn Prestafélagsins um, að hún fengi að ræða við n., og það atvikaðist nú svo, að það voru aðeins tveir nm. viðstaddir, þegar stjórn Prestafélagsins ræddi um þetta. En stjórn Prestafélagsins var, eins og kom fram hjá hv. frsm. meiri hl., mjög óánægð með þetta frv. og taldi það rýra kjör presta mjög mikið. Aðrar umsagnir voru ekki fengnar um þetta frv., en ég tel rétt, úr því að á þetta var minnzt af frsm. meiri hl., að fram komi sú till., sem hreyft var af formanni stjórnar Prestafélagsins, séra Gunnari Árnasyni. Raunar átti hann ekki upptökin að þeirri tillögu. Það mun hafa verið Sigurgeir heitinn Sigurðsson biskup. En till. var í þá átt, að ef embættisbústaðir presta í þéttbýli yrðu seldir, yrði andvirðið notað til sjóðsstofnunar og sá sjóður, ef myndaður yrði, veitti þeim prestum lán, sem kynnu að flytjast í þéttbýlið og ættu erfitt um vik að eignast húsnæði. Ég tel rétt, að þetta komi fram.

Einnig kom það fram í umr. í n., sem frsm. meiri hl. minntist réttilega á í sambandi við 10. gr., þar sem segir, að lög þessi taki hvorki til embættis forseta Íslands, biskupsstóls í Reykjavík né bústaða sendiherra Íslands erlendis. Um þetta var lauslega rætt, og voru nú ekki allir á því, að biskupsbústaður í Reykjavík ætti að hafa forgöngu, en eins og fram kom, hefur enn ekki verið flutt till. um þetta. Einnig kom það fram í n., að þarna mætti kannske e.t.v. skjóta inn í orði í sambandi við bústað forseta Íslands, þannig að það næði ekki til embættissetu forseta Íslands á Bessastöðum. Ég get þessa bara, úr því að farið var á annað borð að geta umr., sem fóru þarna fram. En við í minni hl. leggjum sem sagt til, að þetta frv. verði samþ. með þeim breytingum, að 2. gr. frv. orðist eins og kemur fram á þskj. 386: „Ákvæði gildandi laga um embættisbústaði skulu haldast utan þeirra svæða, þar sem eðlilegur markaður hefur myndazt fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu," 3. gr. falli brott og síðan breytist töluröð annarra greina fram að 12. gr. í samræmi við þetta, en 12. gr. falli niður og ákvæði til bráðabirgða falli niður.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka hv. n. fyrir það að hafa skjótlega afgreitt frá sér þetta mál og er jafnframt þakklátur fyrir það, að hv. n. er í meginefnum sammála um þá hugsun, sem felst í þessu frv. Í rauninni er eini ágreiningurinn sá, að minni hl. n. telur ekki fært að eiga það undir ákvörðun ráðh. eða ríkisstj., hvar embættisbústaðir skuli byggðir, heldur skuli áfram vera í gildi lög, sem mæla fyrir um skyldu ríkisins í þessu efni. Nú er það að vísu svo, eins og bent hefur verið á, að þessi lagaskylda er ekki brýnni en það, að þetta er að sjálfsögðu takmarkað við það, sem hverju sinni er veitt til embættisbústaða í fjárl., þannig að í rauninni er hægt að hafa það í hendi sinni, hvernig framkvæmd þessara l. er, og jafnframt má gera ráð fyrir því, jafnvel samkv. þeirri brtt., sem hv. minni hl. flytur, að það verði þó alltaf túlkunaratriði og væntanlega reglugerðaratriði, hvað telja skuli þá staði, þar sem eðlilegur markaður hafi myndazt fyrir íbúðarhúsnæði. Út af fyrir sig má segja, að efnislega skipti þetta ekki öllu máli, eins og frsm. meiri hl. n. benti á. En á þessu geta þó verið vissir annmarkar, að gera þessa breytingu, sem minni hl. leggur til. Í fyrsta lagi sá annmarki, að hér eftir er ekki gert ráð fyrir því, að það sé frekar einn embættishópur en annar, sem eigi rétt til þess að fá embættisbústaði, ef um það er að ræða, þannig að það mætti vel hugsa sér það, að í strjálbýli kynnu að verða aðrir embættismenn, sem yrði talið nauðsynlegt að láta hafa embættisbústað og kynni að vera mjög þýðingarmikið fyrir viðkomandi héruð að skapa slíkum starfsmönnum ríkisins einnig viðhlítandi starfsaðstöðu. Verði ákvæðinu breytt, svo sem minni hl. leggur til, mundi hér ekki gert ráð fyrir því, að um þann viðtækari skilning yrði að ræða á l., sem frv. gerir ráð fyrir. Þá er enn fremur sá annmarki á brtt., að yrði hún samþ., er einnig úr sögunni heimild til þess að byggja embættisbústaði í þéttbýli, þar sem það kann að vera óumflýjanlegt vegna sérstakra gæzlustarfa, svo sem það er orðað í 2. gr. frv. Það eru viss störf við stofnanir í þéttbýli, sem leiða það af sér, að það er óumflýjanlegt að hafa þar íbúð fyrir gæzlumann eða vissa starfsmenn, sem starfa í viðkomandi stofnun, þar eð þeir verða að vera á staðnum, þannig að yrði brtt. samþ., skilst mér, að það mundi ekki vera heimilt að byggja slíkar íbúðir í þéttbýlinu. Mér sýnist því eftir öllum atvikum málsins og aðstæðum, að það væri ekki til bóta að samþykkja þessar brtt. hv. minni hl., enda þótt eins og ég segi, að þær haggi í rauninni ekki þeirri grundvallarhugsun, sem frv. byggir á.

Út af því, sem frsm. minni hl. n., hv. 3. þm. Vestf., sagði um hugmynd, sem komið hefur fram frá stjórn Prestafélagsins um lánasjóð, vil ég aðeins láta það koma fram, að það var upphaflega í huga mínum sá möguleiki að setja upp lánasjóð, ekki fyrir presta sérstaklega út af prestssetrum, það þykir mér mjög eðlileg niðurstaða, heldur almennan lánasjóð, er yrði andvirði seldra embættisbústaða og þá eftir atvikum einnig sérstök fjárframlög í fjárl. Það voru hins vegar margar

ástæður, sem ollu því, að þetta þótti ekki eðlilegt, ekki hvað sízt sú ástæða, að það var mjög erfitt að rökstyðja það, eftir að almennt væri hætt að byggja embættisbústaði, að þá skyldu engu að síður þeir hópar manna, sem áður hefðu haft embættisbústaði, njóta hér eftir sérstakrar lánafyrirgreiðslu til þess að koma sér upp íbúðarhúsnæði. Það hefði þá orðið í rauninni að útfæra þetta miklu víðar og það leitt til þess, að slík lánastarfsemi hefði í rauninni orðið óviðráðanleg eða þá svo lítilvæg, að hún hefði ekki þjónað neinu sérstöku til þess að bæta úr fyrir hinum opinberu starfsmönnum að þessu leyti.

Ég hef ekki áttað mig til hlítar á þeirri brtt. hv. minni hl. að fella niður ákvæði til bráðabirgða, nema því aðeins að það sé skoðun minni hl., að það séu óeðlileg fríðindi, sem opinberum starfsmönnum eru þar veitt, en þau eru þess eðlis, að gert er ráð fyrir, að þau sérhlunnindi, sem nú gilda um húsaleiguákvarðanir í embættisbústöðum, skuli gilda fyrir viðkomandi embættismenn, sem nú eru í þessum störfum. Byggist þetta á því, að það þykir nokkuð vafasamt, þar eð þessir menn hafa með l. fengið tilgreind fríðindi, að afturkalla þau meðan þeir eru í sínu starfi og því sé eðlilegra, enda er það í samræmi við fordæmi, sem oft hefur verið fylgt við slíka lagasetningu. að slík skerðing fríðinda, sem mundi felast í hækkaðri húsaleigu, taki aðeins til nýrra embættismanna eða ef þessir sömu embættismenn skipta um húsnæði. Ég átta mig ekki til hlítar á því, hvað felst í brtt., nema að þetta sé hugsunin, að hv. minni hl. þyki hér óeðlilega gengið til móts við hagsmuni þessara starfsmanna, og brýtur það að vísu nokkuð í bága við þá skoðun, sem lýst hefur verið af þeirra hálfu, að þeir telji alveg brýna nauðsyn að hlynna sem mest að þeim starfsmönnum ríkisins, sem eiga að fá embættisbústaði, þ. e. a. s. þeim, sem verða við störf í strjálbýlinu. Hjá talsmanni hv. minni hl. kom ekki nákvæmlega fram, hvað þeir meintu í þessu efni. Ég tel það auðvitað vel geta komið til mála, ef fylgi væri fyrir því hér í hv. d., að útfæra þetta þannig að fella niður þetta bráðabirgðaákvæði og láta alla embættismenn, sem embættisbústaði hafa, greiða strax frá gildistöku l. þá endurskoðuðu húsaleigu, sem gert er ráð fyrir í frv. En mér þætti hins vegar fróðlegt að fá að vita, hvort það er það, sem vakir fyrir hv. minni hl., eða hvort það er eitthvað annað, sem ég hef þá ekki áttað mig á. En ég mundi sem sagt álíta, að það væri ekki til bóta að breyta frv. í samræmi við skoðanir hv. minni hl. Í því felst ekki á nokkurn hátt andstaða gegn því sjónarmiði, sem fram kemur hjá minni hl., að það sé nauðsynlegt að stuðla að því að styrkja aðstöðu embættismanna í strjálbýlinu, og ég geri nú ráð fyrir því, og reynslan hefur a. m. k. verið sú, að það er að sjálfsögðu oft á tíðum hið mesta vandamál einmitt fyrir ríkisstj. og viðkomandi ráðh. að tryggja það, að embættismenn þessir fáist til starfa í strjálbýlinu, þannig að það ætti að vera nægilegt aðhald í því, að tryggt yrði, að framkvæmd yrði sú hugsun, sem í frv. felst, að byggja yfir embættismennina, sem eru í strjálbýlinu.

Frsm. minni hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af orðum hæstv. fjmrh. í sambandi við ákvæðin til bráðabirgða, þar sem við gerum ráð fyrir, að þau falli niður. Í 5. gr. er gert ráð fyrir því, eins og kom fram, að þetta verði ákveðið með reglugerð, og mín skoðun var sú, að þegar sú reglugerð yrði samin, yrði að sjálfsögðu tekið tillit til þess, sem gert er ráð fyrir í þessu ákvæði, þeir embættismenn nytu áfram sömu fríðinda á meðan þeir væru í húsnæðinu. Það kom fram, svo að ég vitni nú aftur í viðræðurnar við stjórn Prestafélagsins, það kom fram hjá þeim, að þeir höfðu þennan skilning á þessu, og þeir töldu, að þau hlunnindi hefðu verið metin þeim til launa samkv. úrskurði kjaradóms, og þeir töldu sig, ef þessu yrði breytt, verða fyrir launaskerðingu. Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta. Við töldum aðeins eðlilegt, að þessi ákvæði til bráðabirgða féllu niður og þeir nytu áfram þessara fríðinda, á meðan þeir sætu í embættinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 386,1 felld með 10:5 atkv.
2. gr. samþ. með 12:2 atkv.
Brtt. 386,2 tekin aftur.
3. gr. samþ. með 10:3 atkv.
4.—11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 386,3 tekin aftur.
12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 386,4 tekin aftur.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:1 atkv.

Á 72. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég verð að leita til forseta með afbrigði. Ég ber fram skriflega brtt. vegna þess, að það hefur ekki tekizt eða unnizt tími til að prenta till. og dreifa henni, en þegar umrætt frv. var til meðferðar í fjhn. hv. d., kom fram, að allir nm. að undanskildum form. voru sammála um það að fella niður úr 10. gr. frv. orðin „biskupsbústaðar í Reykjavík.“ Við höfum því sameinazt um það, þrír þm. Reykn., að bera fram brtt. og vildi ég leyfa mér að leita afbrigða hjá forseta, hvort hún megi koma til umræðu.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 388) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Brtt. sú, sem hér liggur fyrir, er skrifleg, en hefur að sönnu verið lesin úr ræðustóli einu sinni, og ef ég hef tekið rétt eftir,

felur hún það í sér að fella niður úr 10. gr. þessa frv., sem hér er til umræðu, ákvæðið um biskupsbústað í Reykjavík. M.ö.o., að það eigi ekki að vera lögboðið, að ríkið eigi embættisbústað handa biskupinum yfir Íslandi. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að vekja athygli hv. dm. á því, að nú liggur hér fyrir þessari hv. d. annað frv., sem kveður svo á, að ríkið skuli selja húseignina Tómasarhaga 14 í Reykjavík, sem mun vera enn eða hafa verið bústaður biskupsins yfir Íslandi, og þess er getið í grg. þessa frv., að ákveðið sé að kaupa aðra húseign hér í bænum í því skyni, að það verði varanlegur biskupsbústaður. Mér sýnist í fljótu bragði, að það sé ekki alls kostar samræmi hér á milli, og ég vil benda á, hvort ekki er ástæða til að athuga þetta mál betur, áður en gengið er til atkvæðagreiðslu um þessa brtt. Ef það er rétt, að það sé búið að festa kaup á húsinu nr. 75 við Bergstaðastræti í Reykjavík í því skyni að hafa þar biskupssetur til frambúðar, eins og segir hér í grg. frv. um sölu Setbergs og fleiri eigna, sýnist vera ástæðulaust a.m.k. að fella niður þetta ákvæði úr frv. um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, sem þessi skriflega brtt. fjallar um.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég stend hér aðeins upp til þess að leiðrétta misskilning, sem mér fannst koma fram hjá hv. 1. flm. þessarar till., þar sem hann gat þess að allir nm. í fjhn. að undanskildum formanni væru meðmæltir þessari till. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni, kom þessi hugmynd fram í n. Það fór nú að vísu ekki, svo að ég muni a.m.k., fram nein allsherjar skoðanakönnun um það þar, hverjir væru með henni og hverjir væru á móti henni, og ég lýsti þá ekki neinni persónulegri afstöðu til þessarar till. frekar heldur en ég gerði í framsöguræðu minni í gær. Hins vegar er það rétt, að ég féllst ekki á það, að till. væri flutt af n. sem slíkri og tók það fram, að ef til þess ætti að koma, vildi ég fyrst segja hæstv. fjmrh. frá því, að n. hefði hug á slíku. Í því lá ekki, að það væri gert í þeim tilgangi að leita fyrirmæla hans um það, hvernig n. ætti að haga sér í þessu máli, heldur taldi ég, að þar sem um stjfrv. væri að ræða, sem lagt var fyrir af hæstv. fjmrh., væri það kurteisisskylda við hann að láta hann vita af því, ef n. sem slík flytti einhverja brtt., og er það alveg hliðstætt því að jafnvel þó að einstakur þm. hefði verið flm. að frv., sem n. hefði tekið til meðferðar, hefði ég alveg á sama hátt talið það kurteisisskyldu við viðkomandi þm. að láta hann vita um það, áður heldur en n. flytti slíka till. Ég vildi aðeins taka þetta fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning varðandi þetta mál, en endurtek svo aftur það, sem ég sagði í minni framsöguræðu í gær, að auðvitað verður það d. að skera úr um þessa brtt.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Mér virðist gæta ofurlítils misskilnings hjá hv. 2. þm. Austf. um þetta mál, því að honum hefur sézt yfir ákvæðin til bráðabirgða, sem í frv. eru, í aths. sínum. Þau gera það að verkum, að sá er sæll, sem hreppir, og sá, sem kominn er í húsnæði, situr þar, þangað til einhver atvik verða til að leiða hann í annað húsnæði þessa heims eða annars. Það er engin tilhneiging hjá flm. þessarar brtt. að fá hans herradómi biskupnum yfir Íslandi neitt lakara né óvirðulegra húsnæði heldur en hann nú hefur. Mér skilst, að í hans tilfelli geti verið um tvær leiðir að velja úr Bergstaðastrætinu, eins og fyrir séra Jóhann forðum, sem sagði: Annaðhvort ég fer til Guðs ellegar ég fer til Kaupmannahafnar. Og ég vil nú heldur fara til Kaupmannahafnar, því að ég veit, að ég kemst til Guðs á eftir. Í tilfellinu með herra biskupinn vitum við, að það var hans æðsta ósk fyrir nokkrum árum, að biskupssetrið yrði flutt að Skálholti, og ég skal ætíð vera tilbúinn til að greiða atkv. með því, að löggjöfin um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins verði ekki látin ná til embættisbústaðar biskups í Skálholti. Einmitt með tilliti til þess, að slíku mætti fram koma síðar, óskuðum við flm. að taka það greinilega fram, að í 10. gr. væri átt við embættissetu forseta Íslands á Bessastöðum. Sá kvittur hefur gosið upp, að einhverjir væru að tala um að flytja forsetann eða hluta af hans embættisbústað, hluta af hans verutíma, til Reykjavíkur, en ég mótmæli algerlega því, að sá virðuleiki sé tekinn af landsbyggðinni að eiga bústað forsetans með fullu og öllu. Stend ég á rétti dreifbýlisins í því máli og skora á hv. d. að fylgja mér í því. Eins væri vonandi, að samþykkt till. að því er til biskupsbústaðarins tekur, gæti orðið til að fá annan virðulegan embættismann út á landsbyggðina, og þeim mun fyrr, sem það má takast, þeim mun betra vonast ég til, að það verði fyrir kristnihald í landinu.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið lýst hér tveimur brtt. við þetta frv. Önnur er þess efnis, að það skuli tekið fram í frv., að undanþegið sé aðeins forsetasetrið á Bessastöðum. Ekki veit ég, hvort það er af sérstökum kjördæmisáhuga hjá hv. 4. þm. Reykn., að hann vill tryggja það, að hann örugglega sitji í hans kjördæmi svo lengi sem embættið verður við lýði. En ég hef ekkert á móti því, að menn hugsi um kjördæmi sitt og vil taka það fram, að það hefur ekki komið upp í minn huga sú hugmynd, þó að hún kunni að hafa verið látin í ljós að vísu á einum stað, að það yrði farið að byggja hér sérstakt hús fyrir forseta Íslands í Reykjavík, þannig að ég get fúslega fallizt á það sjónarmið, að það sé rétt að styðja Reykjaneskjördæmi í því, að forseti sitji þar, þannig að ég er síður en svo á móti þessari till.

Varðandi biskupsbústaðinn skal ég fúslega játa það, að þetta getur verið álitamál, og fjarri mér sé það að gera tilraun til þess að halda því máli til streitu. Það verður hv. þd. að gera upp við sig, hvort hún telur eðlilegt, að biskupsbústaður sé undanþeginn l. eða ekki. Ég skal játa það, að mér

finnst nokkur sérstaða vera varðandi biskupsbústað og því hef ég talið rétt, að þetta væri í frv., en ef hv. dm. skoða það mál frá öðrum sjónarhóli, er það algerlega meinfangalaust af minni hendi. Varðandi það, sem hv. 2. þm. Austf. sagði, held ég, að ef það yrði ofan á, að biskupsbústaður skyldi heldur ekki vera hér í Reykjavík, þurfi sú ákvörðun ekki að vera til hindrunar ákvörðun í því efni, þótt hér sé til meðferðar annað frv. um biskupsbústað, vegna þess, svo sem hér hefur verið fram tekið af öðrum, að gert er ráð fyrir því í frv. um embættisbústaði, eins og það liggur fyrir, að embættisbústaðir þeirra, sem nú hafa embættisbústaði, verði ekki seldir fyrr en þeir víkja úr þeim. Og það er að vísu svo, að biskup er ekki fluttur úr Tómasarhaga, þannig að þá má segja, að strangt tekið yrði að gera kröfu til, að hann væri þá fluttur, áður en frv. yrði að l. En ég held, að það sé nú óeðlilega mikil formfesta. Hinn bústaðurinn hefur verið keyptur, og hér er því aðeins um skipti á bústað að ræða, þar sem biskupsbústaðurinn, sem var, verður seldur í stað þess, sem keyptur hefur verið, þannig að ég mundi álíta, að það lægi nú nokkurn veginn í augum uppi, að í framkvæmd yrði það skilið svo, að núverandi biskup hefði þennan bústað til umráða, nema því aðeins að það yrði niðurstaðan, sem ég skal heldur ekkert um segja og hef ekki nokkurn hlut á móti, að biskupssetrið yrði á einhverju stigi málsins flutt í Skálholt. Þá auðvitað kæmi að því, að þessi biskupsbústaður yrði seldur af öðrum ástæðum. En sem sagt, ég álít ekki, að það mál út af fyrir sig þurfi að hagga því, að efnisleg afstaða sé tekin til þeirra till., sem hér liggur fyrir, þannig að ekki þurfi að seinka meðferð þessa máls í hv. d. af þeim sökum.

ATKVGR.

Brtt. 388, a samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 388, b felld með 11:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PB, EÁ, GilsG, JÁH.

nei: ÓlJ, PÞ, StG, SvG, AuA, BFB, EggÞ, JónÁ, JÞ, MJ, JR.

ÓB, BGuðbj, JM greiddu ekki atkv.

2 þm. (ÁB, BJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 12:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Sþ., 20. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 394).

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Á liðnum tímum hafa verið sett ýmiss konar sérlög, sem gera ráð fyrir, að ríkið byggi embættisbústaði yfir ýmsa hópa embættismanna. Lög þessi hafa verið sett á ýmsum tímum, og í mörgum þeirra er sáralítið samræmi. Lagaskylda hvílir á ríkinu nú — innan þeirra marka að vísu, sem fé er veitt til í fjárl. — að byggja embættisbústaði yfir dómara, presta og dýralækna. Enn fremur hafa verið byggðir embættisbústaðir fyrir ýmsa aðra, þó að það sé ekki beint ákveðið í l., svo sem í sambandi við skógrækt og landgræðslu og vitavarðabústaði, og loks er í skólakostnaðarl. gert ráð fyrir ríkisframlögum til byggingar skólastjóraíbúða og kennarabústaða, og er það langstærsti hópur bústaða og íbúða, sem ríkið á í dag. Fyrir nokkru var hafizt handa um það að kanna þetta mál og safna um það skýrslum. Áður hafa ekki verið nein gögn á einum stað um þessa bústaði, með hvaða kjörum þeir eru látnir í té, og þess vegna tók það nokkurn tíma að safna þessum upplýsingum öllum saman, en á daginn kom, að það var hið mesta nauðsynjamál vegna þess ósamræmis, sem ég gat um að væri, bæði varðandi það, hverjir hafa bústaði og ekki þó síður hitt, hvaða leigumálar gilda um þetta húsnæði ríkisins. Það kom í ljós, að ríkið mun eiga um 500 íbúðir, annaðhvort eitt sér eða í sameign með sveitarfélögum, þannig að hér er um mikinn fjölda íbúða að ræða og mikið fjármagn, sem í þessu er bundið. Það kom jafnframt í ljós, að varðandi leiguákvarðanir um húsnæði þetta var fylgt mjög mismunandi reglum. Sums staðar eru í l. beinlínis ákvæði um það, með hvaða hætti á að meta leigu. Það er sérstaklega varðandi preststsetur, sem leigan er ákaflega lág, og það er í samræmi við bein ákvæði í l. Annars staðar er að vísu gert ráð fyrir því, að þessi leiga verði metin, en í reynd hefur þetta orðið með mjög mismunandi hætti, eins og verða vill, þegar það er enginn einn aðili, sem fylgist með því, hvernig þetta er metið, heldur hafa bústaðir þessir verið í höndum hinna ýmsu rn., sem bústaðirnir heyra undir eða embættin. Það þótti þess vegna mikil ástæða til þess að taka þessi mál til heildarathugunar, og var fulltrúum þeirra rn., sem embættisbústaðir þessir heyra undir, falið að kanna málið til hlítar og semja heildarlöggjöf um embættisbústaði, þar sem mörkuð væri ákveðin stefna, er fylgja skyldi.

Það er auðvitað hv. þdm. öllum ljóst, að það hefur orðið reginbreyting í embættiskerfi ríkisins á undanförnum áratugum, sem hefur valdið því mikla ósamræmi, sem ég gat hér um. Það eru komnir til nýir embættismannahópar, sem í ýmsum greinum má segja, að sé ekkert óeðlilegra að hafi embættisbústaði heldur en þeir embættismenn, sem gildandi lög nú gera ráð fyrir að njóti þessara bústaða. Af þessum sökum þótti nauðsynlegt að marka ákveðna stefnu, og sú stefna er mörkuð í því frv., sem hér er lagt fram, og grundvallarstefnan er sem sagt sú, að ríkið hætti að byggja embættisbústaði. En með hliðsjón af því, að aðstaða embættismannanna er mjög misjöfn, þótti rétt að veita hér undanþágur, sem eru með tvennum hætti. Annars vegar er sú undanþága, sem er minni háttar að segja má, að það er gert ráð fyrir, að byggðir verði áfram embættisbústaðir eða veittar íbúðir, þar sem starfið krefst þess, að menn búi á staðnum, og það getur auðvitað átt við bæði í þéttbýli og strjálbýli, svo sem gæzlustörf og annað sambærilegt, sem gerir kröfu til, að mennirnir séu á

sínum vinnustað, en að öðru leytinu er undanþágan í því fólgin, að gert er ráð fyrir, að áfram verði byggðir embættisbústaðir á þeim stöðum á landinu, þar sem íbúðarhúsnæði getur ekki selzt á eðlilegu markaðsverði.

Það er vitanlegt, að í mjög mörgum stöðum á landinu eða í strjálbýlinu er það miklum erfiðleikum bundið fyrir embættismann að koma húsi sínu í verð með eðlilegum hætti, þegar hann fer úr starfi, og það þykir því ástæða til þess að halda áfram byggingu embættisbústaða, þar sem svo háttar. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að öll lög, sem skylda ríkið til byggingar embættisbústaða verði felld úr gildi og það verði metið eftir þessu meginsjónarmiði, hvar telja má, að húsnæði seljist með eðlilegu markaðsverði, hvar embættisbústaði skuli byggja, og verður það þá á valdi viðkomandi ráðh. að gera till. um það, síðan að sjálfsögðu á valdi Alþ., hvort það vill veita fé til slíks bústaðar, og gert er ráð fyrir því, að ekki sé heimilt að byggja embættisbústaði, nema því aðeins, að fé sé til þeirra veitt í fjárl.

Það er gert ráð fyrir því, að það húsnæði, sem ríkið á nú og er á stöðum, þar sem framvegis á ekki að leggja starfsmönnum til embættisbústaði, verði selt, þegar þeir menn, sem nú gegna því starfi, fara úr þessu húsnæði. Það þykir hins vegar sanngjarnt, að þessir embættismenn hafi forkaupsrétt á húsnæði þessu á eðlilegu verði, en sett er ákveðin regla um það, hvernig húsnæðið skuli selt, til að tryggja það, að þessar eignir ríkisins verði seldar á markaðsverði hverju sinni. Það er gert ráð fyrir því, að settar verði nú almennar reglur um húsaleigu í embættisbústöðum þeim, sem ríkið á framvegis og þess gætt, að samræmi verði varðandi þessa leigu, en þó tekið tillit til þess, hvar embættisbústaðirnir eru, þannig að leigan verði miðuð við það, sem telja má, að sé eðlileg leiga á viðkomandi stað. Hins vegar þykir ekki verða hjá því komizt að fylgja áfram þeim ákvæðum, sem nú gilda um leigu embættisbústaða varðandi þá embættismenn, sem nú eru í störfum og hafa bústað til umráða. Þetta þykir sanngjarnt miðað við þær almennu reglur, sem gilda í þeim efnum. Ef hlunnindum er breytt, þá þykir sanngjarnt, að þeir menn, sem hafa notið hlunnindanna og hafa tekið við störfum beinlínis með hliðsjón af, að í l. væru þá ákvæði um þessi hlunnindi, fái notið þeirra, meðan þeir eru í starfinu, en síðan verður breytt til og hinum almennu reglum um leiguákvæði fylgt, þegar nýir menn koma til starfa og vita þá gerla, að hverju þeir ganga í þessu efni.

Það er gert ráð fyrir því, að embættisbústaðir verði áfram á vegum þeirra rn., sem þeir heyra undir, en hins vegar verði það falið fjmrn. að hafa yfirumsjón með embættisbústöðunum og setja ákveðnar reglur um stærð, gerð og búnað íbúðarhúsnæðis. Eins og hv. þdm. er kunnugt hefur verið mikið ósamræmi í þessu efni og stundum þótt óþarfa munaður og húsnæði byggt óeðlilega stórt. Það er auðvitað sjálfsagt að reyna eftir föngum að standardisera þetta húsnæði, byggja ákveðnar gerðir embættishúsnæðis, en ekki haga byggingunni eftir því, hvaða fjölskyldustærð sá embættismaður, sem af tilviljun gegnir starfinu, þegar bústaðurinn er reistur, hefur. Með þessum hætti ætti að vera hægt að koma við meiri hagkvæmni og gera húsnæði þetta ódýrara.

Það er gert ráð fyrir því í l. með hliðsjón af þeirri grundvallarstefnu, sem í þeim felst, að hér eftir verði ekki byggt eða keypt embættishúsnæði eða íbúð til umráða fyrir starfsmenn ríkisins á þeim stöðum, þar sem ætlazt er til, að þeirri reglu verði framvegis fylgt, að slíkt húsnæði verði ekki veitt embættismönnunum til umráða. Því er ekki slegið föstu í l., til hvaða svæða þetta nái, en fyrst og fremst er ljóst, að það nær til Reykjavíkur og þéttbýlisins hér í grennd og ekki ósennilegt, að það næði einnig til Akureyrarsvæðisins. Það verður kannað að sjálfsögðu með hliðsjón af því, hvað telja má um markaðsverð íbúða á þessum svæðum, og verður reglugerðin um þetta efni við það miðuð.

Frv. þetta hefur hlotið afgreiðslu í hv. Ed., og voru menn í rauninni í meginefnum sammála um frv., sammála að öllu leyti, að segja má, um þá meginstefnu, sem í frv. felst. Eini ágreiningurinn, sem fram kom, var sá, að sumir hv. dm. töldu, að áfram ætti að halda lagaskyldu til þess að ríkið legði embættismönnum sínum til húsnæði á þeim stöðum, þar sem teljast strjálbýlissvæði, en með hliðsjón af því, sem ég áðan sagði, að það verður að teljast á margan hátt ósamræmi ráðandi varðandi það, hvaða embættismenn hafa embættisbústaði, og einnig með hliðsjón af því, að það hvílir auðvitað alltaf sá þungi á þeim rn., sem embættin heyra undir, að reyna að sjá fyrir embættismönnum á viðkomandi stöðum. Ef á annað borð eru erfiðleikar á því, þá er vitanlega engin hætta á því, að ekki verði lögð áherzla á að reyna að tryggja þeim mönnum embættishúsnæði, en það verður að teljast óeðlilegt að halda gildandi l. um þetta efni, þar sem slegið er föstu, að tilteknum embættismönnum sé tryggt húsnæði, því að vel má hugsa sér að það geti verið einhverjir aðrir embættismenn, sem væri einnig brýn nauðsyn fyrir hin strjálbýlli héruð að fá til búsetu og sem nauðsynlegt væri að veita húsnæði, þannig að með þessu frv., eins og það er úr garði gert, er um almennar heimildir að ræða, án þess að það sé bundið við tiltekna hópa embættismanna.

Það varð niðurstaðan í hv. Ed., að hún féllist á það að afgreiða frv. óbreytt að öðru leyti en því, að sú smábreyting var gerð, þar sem talað er um, að frv. nái hvorki til embættisbústaðar forseta Íslands né biskupsbústaðar í Reykjavík eða bústaða sendiherra Íslands erlendis, þá var því breytt varðandi forsetabústaðinn á þann veg, að það skyldi ekki ná til embættissetu forseta Íslands á Bessastöðum og var tilefni þeirra brtt. talið vera það, að fram höfðu komið raddir um það að reisa hús yfir forsetann hér í Reykjavík. En það hefur vitanlega aldrei verið skoðun ríkisstj., sem stendur að þessu frv., að það

yrði farið að ráðast í slíka byggingu, og þess vegna taldi ég sjálfsagt að fallast á þá breytingu við frv., úr því sú hugmynd virtist hafa einhvers staðar skotið upp kolli, en að öðru leyti var frv. samþ. óbreytt.

Ég vildi leyfa mér að vænta þess, að einnig hér í hv. Nd. yrði frv. vel tekið og hv. d. geti fallizt á að afgreiða það nú, áður en þingi lýkur. Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 98. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 394, n. 561 og 596, 421).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. það, sem hér er á dagskrá, til athugunar og fékk m.a. hæstv. fjmrh. til að mæta hjá sér á fundi og ræða frv. Eins og fram kemur, hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu þess, en á þskj. 561 er nál. meiri hl., en minni hl. hefur skilað nál. á þskj. 596.

Eins og fram kemur í grg. með frv. og hæstv. fjmrh. ítrekaði á fundi með fjhn., þá er þessu frv. fyrst og fremst ætlað að ná til þeirra þéttbýlissvæða, sem nú teljast, þ. e. a. s. Reykjavíkur og nágrennis svo og Akureyrar. Það er ekki ætlunin með frv., ef að lögum verður, að óbreyttu ástandi, að breyta þeim reglum, sem gilt hafa um húsnæði í eigu ríkissjóðs úti á landi. Meiri hl. n. leggur því til, að frv. á þskj. 561 verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég tók eftir því, að hv. frsm. meiri hl. sagði, að þessu frv. væri ekki ætlað að breyta þeim reglum, sem gilt hefðu varðandi byggðirnar utan þéttbýlissvæðis þess, sem um ræðir í aths. við frv. Þetta er nú svona og svona skýring. Í 2. og 3. gr. frv. segir svo, með leyfi hv. forseta: „2. gr. Það skal vera meginregla, að ríkið leggi ekki starfsmönnum sínum til húsnæði, nema því aðeins, að þeir gegni störfum í þeim landshlutum, þar sem sérstakir staðhættir gera slíkt nauðsynlegt. Þó skal heimilt að leggja til húsnæði þeim starfsmönnum, sem vegna sérstakra gæzlustarfa þurfa að búa á vinnustað.“ Og í 3. gr. segir svo: „ Hlutaðeigandi ráðh. ákveður í samráði við fjmrh., hvar ríkið skuli leggja starfsmönnum til íbúðarhúsnæði samkv. lögum þessum, eftir þeim meginreglum um svæðaskiptingu, er settar verða í reglugerð, sbr. 11. gr.“ Í þessu finnst mér þvert á móti felast töluvert mikil breyting. Og það verður sérstaklega ljóst, ef litið er á 12. gr., þar sem segir, að úr gildi skuli falla lög, sem þar eru til tekin, en það eru þau lög, sem fjalla um embættisbústaði presta, dómara, dýralækna og ýmissa starfsmanna í skólakerfinu. Þetta er töluvert mikil breyting og töluvert veigamikið mál, sem þarna er um að ræða. Nú er ástandið þannig, eins og alkunna er, að það er mjög erfitt að fá embættismenn til starfa víðs vegar um landið. Þess vegna er það, að ég álít mjög vafasamt og raunar alls ekki rétt að gera svo róttæka lagabreytingu varðandi þessi mál, sem ætlað er með þessu frv. Því það, sem gerist í raun og veru, ef frv. nær samþykki, er það, að lagaskyldan er afnumin, en hins vegar er lagt á vald ráðherra hverju sinni að ákveða, hvar ríkið skuli byggja yfir sína starfsmenn. Ég get ekki fallizt á það, að það sé rétt að gera svo róttæka lagabreytingu nú, eins og málin horfa við. Hins vegar má það vel vera, og ég skal ekki mótmæla því, að það sé ástæða til að taka þessi mál til endurskoðunar og e.t.v. að afnema byggingarskylduna á tilteknum svæðum.

Það kemur fram hér í grg. og það kom fram í fjhn., þegar hæstv. fjmrh. kom til viðtals við n., að það sé alls ekki fyrirhugað á þessari stundu að láta ríkið hætta að eiga húsnæði í hinum ýmsu byggðarlögum utan allra mestu þéttbýlissvæðanna. En þó að það sé ekki fyrirhugað nú, þá er það ekki að mínum dómi nægileg ástæða til þess að fallast á það frv., sem hér liggur fyrir. Ég álít, að það eigi að setja bein ákvæði um þetta í lögin, en að mínum dómi er málið ekki lagt þannig fyrir, að ég telji mig hafa grundvöll til þess að byggja á till. um það í einstökum atriðum, hversu skipta skuli svæðum í þessu tilliti. Ég tel mig ekki hafa aðstöðu til að gera það og hef þess vegna leyft mér með tilliti til þess, sem ég hef nú sagt, og sérstaklega vegna þess, að ég tel ekki málið nægilega undirbúið, að leggja til, að því verði vísað frá með svohljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Þar sem miklir og vaxandi erfiðleikar eru á því að fá menn til að gegna embættisstörfum víða um land og mál þetta virðist hafa fengið fremur einhliða undirbúning, þá telur deildin ekki tímabært að afnema með öllu lagaskyldu ríkisins til að byggja íbúðarhúsnæði fyrir ákveðnar starfsstéttir í þjónustu ríkisins, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég er efnislega algjörlega sammála þeirri stefnu, sem felst í þessu frv., að ríkið leggi ekki starfsmönnum sínum til íbúðarhúsnæði, nema því aðeins, að þeir gegni störfum í þeim landshlutum, þar sem sérstakir staðhættir gera slíkt nauðsynlegt. Það er alkunna, að lögin um embættisbústaði hafa lengi verið úrelt með öllu; það embættismannabústaðakerfi, sem í lögunum felst, er ekki í neinu samræmi lengur við sjálfan embættismannahópinn í þjóðfélaginu, og auk þess hafa þessi lagaákvæði stuðlað að ýmiss konar misnotkun, eins og allir þekkja. Ýmsir gæðingar í hópi embættismanna hafa getað notað þessi lög til þess ýmist að selja ríkinu fasteignir eða kaupa fasteignir af ríkinu út frá einkahagsmunum

sínum, og ég held, að eins og nú er ástatt í þjóðfélaginu, eigi það að vera hin almenna regla, að embættismenn ríkisins sjái sér fyrir húsnæði eins og aðrir þegnar. Hins vegar gegnir öðru máli um staði í þeim landshlutum, þar sem sérstakir staðhættir gera það nauðsynlegt, að ríkið greiði fyrir embættismönnum. Hins vegar er á þessu frv. mjög einkennilegur smíðagalli, sem ég hef flutt till. um, að sniðinn verði af. Í 10. gr. frv. er einn einasti embættismaður ríkisins undanþeginn þessum lögum og það er biskupinn yfir Íslandi. Samkv. þessu frv. á hann einn að njóta þess að hafa embættisbústað í Reykjavík á kostnað ríkissjóðs, og ég fæ ekki með nokkru móti skilið, hvers vegna þessi háttur er á hafður. Þegar þetta frv. var afgreitt í Ed., voru dm. þar m. a. s. svo strangir, hvað þetta atriði snertir, að þeir gerðu breytingu á frv. til þess að koma í veg fyrir, að æðsti embættismaður þjóðarinnar, forseti Íslands, gæti haft nokkra aðstöðu í Reykjavík. Í frv., eins og það var lagt fram, var það tekið fram, að embættissetur forseta Íslands væri undanþegið, en Ed.-mönnum þótti ekki nóg að gert, heldur vildu að það væri tekið fram, að þarna væri átt við embættissetur forseta Íslands á Bessastöðum. Ástæðan var, sem kunnugt er, sú, að forseti Íslands lét þess getið í síðustu áramótaræðu sinni, að hann teldi, að það gæti verið þægilegt fyrir forseta Íslands að hafa eitthvert afdrep í Reykjavík, en Ed.-menn voru sem sagt svo strangir á ákvæðum þessa frv., að þeir töldu nauðsynlegt, að orðalagið á lögunum væri slíkt að það væri tryggilega frá því gengið, að forseti Íslands gæti ekki fengið slíka aðstöðu í Reykjavík. Engu að síður stendur það enn þarna, að biskupinn skuli hafa þessa aðstöðu, og ég segi enn, mér er þetta gjörsamlega óskiljanlegt.

Í Ed. var borin fram brtt. um, að þessi undanþága fyrir biskupsembættið yrði felld niður; hún var flutt af þm. úr þrem flokkum, en samt vildi svo undarlega til, að hún var felld með miklum meiri hl. atkv. Ég geri ráð fyrir, að ástæðan sé sú, að þm. hafi þótt óþægilegt að fella þetta ákvæði niður, fyrst það af einhverjum undarlegum ástæðum villtist inn í frv. sjálft, að þeir hafi talið, að með því væri eitthvað verið að vanrækja tilhlýðilega virðingu við biskupsembættið, en auðvitað er slíkt algjör misskilningur. Samt urðu málalok þessarar till. í Ed. til þess, að ég hef ekki tekið hana upp hér, vegna þess að ég taldi litlar vonir til þess, að hún yrði samþykkt. Ég legg hins vegar til að þessi undarlegi smíðagalli verði leiðréttur með öðru móti. Ég legg til, að í stað „biskupsbústaðar í Reykjavík", sem stendur í 10. gr., komi: biskupsbústaðar í Skálholti. Í því felst, að ef þjóðkirkjan ákveður að hafa biskup sinn í Skálholti, skuli bústaður hans undanþeginn almennum ákvæðum þessara laga og njóta sömu sérstöðu og forsetabústaðurinn á Bessastöðum og bústaðir íslenzkra sendiherra erlendis. Þar með væri það orðið eðlilegt embættisbústaðakerfi, sem felst í þessum lögum, og þessi undarlegi smíðagalli væri sniðinn af.

Ég vil minna á það í þessu sambandi, að þjóðkirkjan beitti sér um skeið mjög fyrir því, að Skálholt yrði endurreist, og þá var notað sem aðalröksemd, að þar ætti að vera biskupsbústaður. Sá maður, sem færði öflugust rök fyrir því og hóf fyrir því mjög harða baráttu, var séra Sigurbjörn Einarsson, sem nú gegnir biskupsembætti á Íslandi. Hann beitti sér fyrir samtökum til þess að berjast fyrir endurreisn biskupsstóls í Skálholti, og hann átti mjög ríkan þátt í því, að Alþingi lagði fram verulega fjármuni til þess að endurreisa Skálholt, koma þar upp mikilli kirkju og íbúðarhúsnæði, sem hver biskup væri fullsæmdur af. Hins vegar hefur þetta farið svo einkennilega, að biskupinn hefur ekki flutt í þetta íbúðarhúsnæði í Skálholti, og eins og allir vita, eru menn í miklum vandræðum með það, hvað gera skuli við hin ágætu mannvirki á staðnum. Ég tel því, að með tilhögun, eins og ég hef lagt til í þessari brtt., væri þjóðkirkjunni og biskupsembættinu sýndur fullur sómi. Hins vegar mundi það að sjálfsögðu ekki felast í því, þó þessi brtt. yrði samþ., að biskupinn yrði að flytjast í Skálholt; það er ekki verið að leggja hér til neins konar sveitarflutninga; ef þjóðkirkjan vill hafa biskup sinn í Reykjavík áfram, þá er henni það að sjálfsögðu heimilt, en þá yrði sá embættismaður, á sama hátt og aðrir embættismenn, að sjá sér sjálfur fyrir húsnæði.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er fyrst og fremst í tilefni af þeirri rökst. dagskrá, sem hér hefur verið flutt og felur það í sér, að þessu máli verði vísað frá, sem ég vildi segja fáein orð.

Ég vil fyrst láta það koma skýrt fram hér til staðfestingar því, sem frsm. hv. fjhn. sagði, að það er rétt, að það er ekki ætlunin með þeirri breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir, að afnema byggingu embættisbústaða út um land, þar sem þeir hafa nú til þessa verið byggðir, heldur að frv. taki til aðalþéttbýlissvæða landsins, þar sem eftirspurn og framboð íbúðarhúsnæðis er með eðlilegum hætti. Það kann auðvitað að vera svo á fleiri stöðum á landinu, að slíkt sé eða hafi verið um eitthvert skeið vegna óvenjulegs atvinnuástands. Við skulum taka t.d., að á vissum stöðum á Austfjörðum kann þetta að vera svo, að það uppfylli þau skilyrði frv., að íbúðarhúsnæði gangi þar kaupum og sölum með eðlilegum hætti, en bæði er, að slíkt getur verið tímabundin aðstaða og eins hitt, að þar kemur til einmitt það, sem vikið hefur verið að af ýmsum, að á hinum afskekktari svæðum eru oft miklir erfiðleikar á að fá embættismenn til þess að setjast að og af þeim sökum óumflýjanlegt að hafa fyrir þá embættishúsnæði. Það er því, eins og sakir standa í dag, ekki nema þéttbýlissvæðin hér, Reykjavík og nágrenni og Akureyri, sem gera má ráð fyrir, að yrðu talin geta fallið undir þessi lög, þar sem hætt yrði að byggja embættisbústaði.

Ástæðan til þess, að það þykir hins vegar rétt að fella úr gildi þessi lög, sem gilda um embættisbústaði, er m.a. sú, að vel getur verið hugsanlegt, að það væru aðrir embættismenn, sem væri ástæða til

að byggja yfir. Þessi ákvæði um hina ýmsu embættismannahópa eru úrelt, eins og hér var sagt áðan, og af þeim sökum óeðlilegt að hafa öll þau sérlög í gildi. Þess vegna mundi ég telja, að í almennum lögum, eins og hér er gert ráð fyrir að setja, sé eðlilegast, að settar séu meginreglur, sem þeim aðilum ber svo að setja aðrar reglur eftir, sem það er falið eftir lögunum. Þar er um tvo öryggisventla að ræða; annars vegar þurfa viðkomandi rn. að meta það svo, að þetta sé nauðsynlegt út frá þeim sjónarmiðum, sem ég hef hér lýst, og í annan stað kemur það til, sem eru aukin áhrif Alþ. að vissu leyti frá því, sem nú er, að það er ekki hægt að ráðast í kaup á íbúðarhúsnæði fyrir embættismenn eða byggingu þess, án þess að samþykki Alþ. komi til, þ. e. a. s. fjárveiting hverju sinni. Þó þetta hafi verið í lögum hingað til, að gert sé ráð fyrir, að tilteknir embættismenn hafi embættisbústaði, þá hefur það ekki verið ákveðið af Alþ., hvar slíka bústaði eigi að byggja. Það hefur að vísu verið háð fjárveitingum hverju sinni, en hins vegar hefur Alþ. ekki ákveðið það, hvar skuli byggt, heldur viðkomandi rn. algjörlega upp á eigin spýtur.

Nú er því haldið fram í sambandi við þá rökst. dagskrá, sem hér er flutt, að út af fyrir sig sé góð og nytsamleg hugsun í þessu frv., en það sé laklega undirbúið. Þetta get ég ekki fallizt á, því þó það séu starfsmenn stjórnardeildar, sem hafa undirbúið það, þá hefur málið verið mjög rækilega kannað frá öllum hliðum, og ég hygg, að fáir þekki það betur en einmitt þeir menn í stjórnardeildunum, sem sérstaklega hafa haft með að gera vandamál embættisbústaðanna, hver í sínu rn., hvernig þarfirnar eru í þessum efnum, því að kröfur embættismanna um embættisbústaði mæða að sjálfsögðu mest á ráðuneytunum þannig, að ég held ekki að það sé hægt að undirbúa málið betur heldur en með þessum hætti. Ég sé því ekki rökin fyrir því að vísa þessu máli frá. Ég álít, að það sé mikilvægt mál til þess að leiðrétta óeðlilega þróun, það skipti veigamiklu máli varðandi sparnað í ríkisbúskapnum á næstunni og það sé þess vegna mál, sem hv. Alþ. eigi að ljá liðsinni sitt til að hægt sé að koma í eðlilegt horf. Af þessum sökum hlýt ég að leggja á það áherzlu, að frv. verði samþ. og vænti þess, að hv d. geti fallizt á till. meiri hl. fjhn. um það efni.

Varðandi till. hv. 6. þm. Reykv., sem hann flytur hér, til þess að laga smíðagalla á frv., verð ég því miður að segja, að á till. er dálítill smíðagalli líka, þannig að mér finnst dálítið erfitt að fallast á hana, hvað sem líður hugsuninni, sem á bak við er. Ég skal ekki hafa á móti því, að biskup sitji í Skálholti, síður en svo, en eins og hv. flm. sagði sjálfur, er ekki hlutverk þessa frv. að ákveða, að hann skuli sitja í Skálholti, heldur vill hann gera það ljóst, að ef kirkjunni þóknaðist að flytja hann til Skálholts, þá skuli hann eiga þar húsakost. Þessi smíðagalli er í því fólginn, að frv., eins og það er, gerir beinlínis ráð fyrir því, að bannið við íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins til handa embættismönnum nái ekki til strjálbýlissvæða. Árnessýsla er tvímælalaust á því svæði, þar sem embættismenn mundu fá bústað samkv. lögum, og af því leiðir, að það er alveg óeðlilegt að segja það, að lögin skuli ekki ná til embættisbústaðar í Skálholti, því þau ná ekki til þess samkv. hljóðan 2. gr., það er alveg ótvírætt, og af þessum sökum skilst mér, að það sé ekki eðlilegt — hvaða efnislega skoðun sem menn hafa á biskupssetri — að taka inn brtt. með þessum hætti. Hitt er allt annað mál, að ef það er sú hugsun, sem vakir fyrir hv. þm., að biskupssetur í Reykjavík eigi ekki að vera áfram í eigu ríkisins, þá er auðvitað eðlilegt að flytja sams konar till. um það eins og gert var í Ed., af því að ég hygg nú, að hv. Nd.-menn séu ekki það skyni skroppnir, að þeir sjái ekki, hvað liggur í þessari till., enda tók hv. flm. það fram, að náttúrlega fælist það í till., að það ætti að leggja niður biskupsbústaðinn í Reykjavík, en það er auðvitað fullkomlega eðlileg meðferð að flytja slíka till., ef menn að öðru leyti vildu á hana fallast, að lögin næðu ekki til biskupsbústaðar í Reykjavík. Um það að takmarka forsetaembættisbústaðinn við forsetasetrið á Bessastöðum, þá var það aftur á móti eðlilegt, vegna þess að Bessastaðir eru á þéttbýlissvæðinu og það mundi ekki hafa náð til þeirra, nema það væri sérstaklega tekið fram. Af þessum sökum er hér um annars eðlis mál að ræða, sem ég efa ekki, að hv. þm. áttar sig fullkomlega á, þegar hann íhugar það mál betur.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég get ekki fallizt á þessa aths. hæstv. ráðh. Í 10. gr. stendur að l. í heild taki ekki til þeirra bústaða, sem þar eru taldir upp. Þar er ekki aðeins átt við þau ákvæði, sem eru í 2. gr., heldur öll ákvæði l., og þarna eru taldir upp embættissetur forseta Íslands, biskupsbústaður í Reykjavík og bústaðir sendiherra Íslands erlendis. Þarna eru tekin út úr nokkur embætti, sem ætlunin er að gera sérstaklega við, og ég fæ ekki betur séð en að till. mín sé í fullu samræmi við uppbyggingu laganna. En ástæðuna til þess, að ég hafði þennan hátt á, skýrði ég út áðan. Það virtist vera einhver undarleg viðkvæmni hjá hv. þm. fyrir því að leiðrétta málið á þann hátt, sem gert var ráð fyrir í Ed., en ég vænti þess, að þannig sé gengið frá þeirri till., sem ég flyt hér, að menn geti samþ. hana, án þess að þeir telji, að þeir séu að sýna biskupsembættinu einhverja óvirðingu með því.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hæstv. fjmrh. Það er látið að því liggja, bæði í grg. og þegar talað hefur verið fyrir þessu frv., að hér sé í raun og veru ekki um svo mikinn vanda að ræða að draga línuna. Þetta liggi nokkuð ljóst fyrir, núna sé það Reykjavík og næsta nágrenni, ennfremur Akureyri og þar með punktum og basta. Það má vel vera, að núverandi valdhafar líti svo á, að þannig sé þetta nú í dag. En ég vil benda á það, að orðalag 9. gr. gefur fyllilega tilefni til þess að álíta, að hér geti

orðið um matsatriði að ræða. 9. gr. hefst á þessa leið: „Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins innan þeirra svæða, þar sem eðlilegur markaður hefur skapazt fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu, sbr. reglugerð, er sett verður samkv. 11. gr., skal selja þegar í stað," o. s. frv.

Þar sem eðlilegur markaður hefur skapazt segir þar. Nú er það svo, sem betur fer, að það hefur verið og er eðlilegur markaður fyrir íbúðarhúsnæði á fleiri stöðum en í Reykjavík og næsta nágrenni og svo á Akureyri. Það hefur verið á nokkrum svæðum á Austurlandi um tíma enginn hörgull á því að selja húseignir á eðlilegu verði. Og mjög mikil eftirspurn og raunar vandræði eru þar með húsnæði. En á þessum sömu stöðum eru sömu vandkvæðin á um embættismennina eins og annars staðar, þar sem húsnæði er í minna verði, þannig að þetta getur verið töluvert mikið matsatriði. Það er að vísu rétt, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að þessi aðstaða getur verið tímabundin, hún getur verið breytileg, en það breytir hins vegar ekki því, að þarna getur oft og einatt verið um mikið matsatriði að ræða. Og með þessu frv., ef að lögum verður, þá er sú breyting gerð, að í staðinn fyrir, að ríkið hafi vissar skyldur varðandi húsnæðismál embættismanna, þá er valdið lagt í hendur einstakra ráðh. Hér er verið að opna leið fyrir óeðlilegt reiptog um þessi mál.

Ég get ekki fallizt á það, sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh., að með þessu frv. sé vald Alþ. aukið á einhvern hátt. Ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi átt við ákvæði 4. gr. frv., þar sem segir: „Óheimilt er að byggja eða kaupa nýtt íbúðarhúsnæði samkv. lögum þessum, nema fé sé til þess sérstaklega veitt á fjárl. og fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi ráðh. um að í byggingu eða kaup skuli ráðizt." En ég hefði nú haldið, að það þyrfti fjárveitingar á fjárl. í embættismannabústaði nú þegar. Nei, þvert á móti er valdið yfir þessum málum tekið frá löggjafanum með frv. og lagt í hendur einstakra ráðh.

Þetta tel ég rangt. Og þar sem ekki liggja fyrir beinar tillögur um skiptingu í svæði, þá legg ég til að vísa málinu frá með dagskrá.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. fjhn. hefur klofnað í þessu máli, þannig að fimm nm. mæla með samþykkt frv., einn nm. vill afgreiða það með rökstuddri dagskrá, en sjöundi nm. virðist ekki hafa tekið þátt í atkvgr. við afgreiðslu málsins í n.

Ég ætla ekki að verða margorður um þetta mál, en ég vil byrja á því að lýsa fylgi mínu við þá brtt., sem fyrir liggur á þskj. 421, sem er um það, að ríkið leggi biskupinum yfir Íslandi til húsnæði í Skálholti, en ekki í Reykjavík eins og stendur í frv. nú. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, og ég veit, að það eru fleiri í hv. d., að biskupinn yfir Íslandi ætti að sitja í Skálholti. Í Skálholti var fyrst settur biskupsstóll hér á landi, og í þann tíð var Skálholt gefið til biskupsseturs með þeim ummælum, að þar skyldi vera biskupsstóll meðan kristni héldist í landinu. Fátækt þjóðarinnar og umkomuleysi varð þess valdandi í lok 18. aldar, að stóllinn var fluttur, og um skeið komst Skálholt sjálft úr eigu hins opinbera. En ég held, að það ætti að vera metnaðarmál fyrir okkur nútímamenn að gera ráðstafanir til þess, að staðið verði við það, sem ákveðið var í öndverðu um, að Skálholt sé biskupssetur. Það stendur nú þannig á, að í seinni tíð hefur allmiklu fé verið varið til þess að prýða Skálholt og koma þar upp mannvirkjum. Þar hefur verið byggð vegleg kirkja. Þar hefur verið komið upp veglegu íbúðarhúsi, og ég skildi það svo, þegar það hús var reist, að þar væri fyrirhugað biskupssetur, en úr því hefur ekki orðið. Ég er, eins og ég sagði, fylgjandi því, að þessi brtt. verði samþ., og ég sé ekki, að það sé neinn smíðagalli á frv., þó að svo yrði gert.

Með því að samþykkja hana er Alþ. í raun og veru að lýsa yfir því, hvernig þessu skuli hagað um biskupssetrið.

Út af frv. sjálfu, sem hér liggur fyrir á þskj. 394, vildi ég segja það í stuttu máli, að ég er því sammála, að það eigi að vera meginregla, að ríkið leggi ekki starfsmönnum sínum til íbúðarhúsnæði, nema því aðeins, að þeir gegni störfum í þeim landshlutum, þar sem sérstakir staðhættir gera slíkt nauðsynlegt. Og mundi það þá væntanlega teljast til sérstaklegra staðhátta, ef þannig horfir við, að erfitt er að fá embættismann á stað, nema því aðeins, að honum sé lögð til íbúð.

Ég er þessu sammála, m.a. vegna þess, að mér sýnist, að ef ríkið leggur fram fé til þess að byggja yfir starfsmenn sína á þeim stöðum, þar sem slíks ætti ekki að þurfa með, þá geti það orðið til þess, að minna fé verði fáanlegt úr ríkissjóði til þess að byggja yfir aðra starfsmenn, þar sem þess er þörf. Og þá er náttúrlega heldur ekki óeðlilegt, að ríkið losi sig smátt og smátt við þau hús, sem byggð hafa verið þar, sem ekki er þörf á að sjá starfsmönnum fyrir bústöðum. Hins vegar verð ég að segja það, að ég hefði kosið ákvæði frv. sum nokkuð á annan veg. Og þá hefði ég m.a talið eðlilegt, að í sjálfum l. væri eitthvað af þeim ákvæðum eða kannske flest þau ákvæði, sem virðist vera fyrirhugað samkv. 3. gr., að sett verði með reglugerð. Ég tel það tæplega rétt að fela ráðherra það mikið vald til að ákveða staði fyrir embættisbústaði, sem þarna er gert í frv., og mér hefur sýnzt, að ákvarðanir ráðh. um byggingu embættisbústaða muni nú hin síðari ár hafa í sumum tilfellum verið nokkuð vafasamar. En í 3. gr. er gert ráð fyrir því, að hlutaðeigandi ráðh. ákveði í samráði við fjmrh., hvar embættisbústaður skuli byggður. Það eru eiginlega þessir hlutaðeigandi ráðherrar, sem hafa ráðin, skilst mér, en þó í samráði við fjmrh.

Það er út af þessu, m.a. í sambandi við 9. gr., sem hér var rætt um áðan, sem ég er dálítið óánægður með frv., þrátt fyrir það, að mér virðist megintilgangur þess í samræmi við það, sem ég tel rétt. Ég vil benda á það, að þetta mál er nokkuð seint fram komið á þingi og að það hefur ekki verið lengi til umr. í n., a.m.k. ekki í þessari hv. d. Og ég er ekki frá því, að það væri nú heppilegust meðferð á þessu

máli, að því væri frestað að þessu sinni og tekið upp í byrjun næsta þings. Ég gæti bezt trúað því, að það væri þá hægt að ná samkomulagi um þetta í þinginu. Mér sýnist undirtektir manna vera á þá leið, að það væri hægt að ná samkomulagi um frv. með einhverjum breytingum, og ég held, að ef einhver vill greiða atkvæði með þessari rökst. dagskrá, sem hér liggur fyrir, þá verði það a.m.k. hjá ýmsum þannig, að þeir séu í sjálfu sér ekki á móti þessum aðaltilgangi frv., heldur telji, að frv. sé ekki að öðru leyti rétt sniðið, þannig að það þyrfti umbótar við. Og um það þyrfti að reyna að ná samkomulagi hér í þ. Mér finnst ekki ólíklegt, að það samkomulag geti tekizt, ef tími væri til.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki fara út í neinar bollaleggingar um það, hvort biskupinn yfir Íslandi eigi fremur að sitja í Skálholti eða hér í Reykjavík. Ég viðurkenni það, að ég mundi telja það mikinn vegsauka fyrir hinn fornhelga stað, ef aftur kæmi biskup í Skálholti. En það telja líka margir mikinn vegsauka fyrir Þingvöll, ef Alþ. yrði flutt þangað. Það hafa verið bornar fram till. hér á Alþ., sem ganga í þá átt að flytja þingið aftur til Þingvalla. En ég efast alveg um, að úr þessu verði, bæði því að biskupinum verði ætlað að sitja í Skálholti, sem og hinu, að Alþingi okkar Íslendinga verði flutt til Þingvalla. Það eru allt aðrar aðstæður í okkar þjóðfélagi í dag heldur en voru, þegar þing var sett hér á landi og þegar biskupsstólar voru settir. Það var gjörsamlega allt annað þjóðfélag, sem við bjuggum við þá. Og ég efa það mjög, að það sé meirihlutafylgi fyrir því meðal íslenzku þjóðarinnar, að biskupinn yfir Íslandi verði fluttur héðan úr Reykjavík til Skálholts, sem og það, að ég efast um, að það sé nokkur meiri hl. fyrir því meðal þjóðarinnar, að Alþingi verði flutt til Þingvalla. Hitt er svo annað mál, sem um hefur verið talað, að það sé ekki ástæðulaust, að biskupum verði fjölgað á Íslandi. Þeir voru tveir um aldaskeið, meðan þessi þjóð var miklu fámennari en hún er í dag, og þá finnst mér, að það gæti vel komið til mála, að biskupsstólar yrðu endurreistir bæði í Skálholti og á Hólum í Hjaltadal.

Ég tek undir það með hæstv. fjmrh., að mér sýnist þessi till. hv. 6. þm. Reykv. vera út í hött, ástæðulaus, því að þó svo fari, að biskup verði fluttur að Skálholti, og það verði ákvarðað af Alþingi Íslendinga, að biskupssetur skuli vera þar, þá kemur það ekki til samkv. þessum lögum eða þessu frv., sem hér er verið um að ræða, að embættisbústaður hans verði seldur. Þess vegna sé ég ekki neina ástæðu til þess fyrir hv. d. að ljá þessari till. fylgi.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var aðeins til þess að koma í veg fyrir misskilning. Hv. 5. þm. Austf. vitnaði til 9. gr. frv. máli sínu til stuðnings og taldi, að það væri hætt við, að það yrði útfært víðar en ég gerði grein fyrir í mínu máli, hvar embættisbústaðir yrðu seldir, vegna þess að þar væri talað um, að íbúðarhúsnæði skyldi selt á svæðum, þar sem eðlilegur markaður hefði skapazt. Vitanlega ber að skilja 9. gr. með hliðsjón af 2. gr., vegna þess að 9. gr. er aðeins ákvæði um það, hvernig eigi að fara með bústaði, sem ber að selja. Í fyrsta lagi, að þeir skuli seldir og í öðru lagi, með hvaða hætti þeir skulu seldir, en 2. gr. er náttúrlega meginstefna frv., alveg eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. réttilega komst að orði, og vonast ég til, að það þurfi því ekki að valda neinum misskilningi.

Ég vil ekki fara að blanda mér í þetta Skálholtsmál að öðru leyti en því, að ég kann ekki við það, að það sé verið að forklúðra málið, ef svo má segja. Menn geta haft sínar skoðanir um, að biskup eigi að sitja í Skálholti, og það væri ekkert athugavert við það, þó hv. þm. flyttu um það frv. eða þáltill. eða tækju það mál upp með einhverjum hætti, að biskup ætti að vera í Skálholti, en ég held, að það liggi alveg í augum uppi, að það að fara að samþykkja hér inn í þetta frv., 10. gr. þess, undanþáguákvæði, eins og gert er ráð fyrir í brtt., það er algjörlega andstætt allri eðlilegri uppbyggingu frv. og það fæst ekki út úr því nein heil hugsun, ef svo má segja, vegna þess að í fyrsta lagi er enginn bústaður í Skálholti og frv. ákveður ekki um það, að hann skuli byggður. A. m. k. vona ég, að það sé ekki hugsunin, því ekki þætti mér gaman að sitja uppi með bæði biskupsbústað í Skálholti og í Reykjavík, því að biskupsbústaðurinn í Reykjavík yrði þó ekki samkv. frv. seldur, fyrr en núv. biskup viki þaðan, og ekki langar mig til, og ég býst ekki heldur við, að það sé hugsun flm., að yrði farið að byggja núna annan bústað í Skálholti. Það hefur hins vegar komið fram hugmynd um það á kirkjuþingi, held ég sé, að það gæti verið gott, að það væru til fleiri bústaðir fyrir biskup, að hann gæti verið í Skálholti eða í Reykjavík eftir atvikum. Það býst ég ekki við, að vaki fyrir flm., en af þeirri ástæðu vildi ég nú sannast sagna helzt fara fram á það, að hann taki till. aftur vegna þess, að verði reist hús í Skálholti, þá taka l. ekki til þess. Það er alveg ljóst samkv. 2. gr., þannig að það þarf ekki að taka það fram. Ástæðan til upptalningarinnar í 10. gr. er beinlínis sú, að ef sú upptalning væri ekki til staðar, þá ætti að selja þá bústaði, sem þar um ræðir. Það er alveg ljóst mál, bæði um embættissetur forseta Íslands og biskupsbústað í Reykjavík, að það yrði að selja þá samkv. almennum reglum frv. Um bústaði sendiherra Íslands erlendis mundi væntanlega gilda það sama, alla vega eru þeir í þéttbýli og varla mundi verða talið, að hinn annmarkinn væri þar á, að menn fengjust ekki til að gegna stöðunum, þannig að af þeim sökum er nauðsynlegt að hafa þetta ákvæði í 10. gr.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Um þetta frv. vil ég segja það, að það hefur bæði kost og galla. Ég er fylgjandi þeirri stefnu frv. að takmarka það, hvar embættisbústaðir skuli reistir. Ég álít, að það hafi verið gengið of langt í því að reisa embættisbústaði, og

það á ekki að reisa embættisbústaði, þar sem gott er að fá leiguhúsnæði og gott er að selja húsnæði. Og það er enginn vafi á því, að ríkið hefur með embættisbústaðabyggingum á síðari árum gengið of langt um framkvæmd þeirra og það svo, að hefur haft veruleg áhrif í uppbyggingu á húsnæði hér á landi, a.m.k. í mörgum byggðarlögum hefur það einmitt valdið því, að húsnæði hafa verið byggð meiri að gerð heldur en ella hefði verið. Þess vegna álít ég, að það sé nauðsyn að setja löggjöf um embættisbústaði yfirleitt og get líka fallizt á þá stefnu, að það eigi að vera heildarlöggjöf um embættisbústaðina. En þeir annmarkar, sem ég sé á þessu frv., eru þeir sömu sem mér finnst að hafi einkennt löggjöf síðari ára og þó sérstaklega verið áberandi í sambandi við frv., sem hafa verið til meðferðar hér á hv. Alþ. í vetur, sem sé það, að ríkisstj. og hæstv. ráðh. er gefið óeðlilega mikið vald með reglugerðum til þess að framkvæma það, sem löggjafinn er að fást við. Þess vegna finnst mér það galli á þessari löggjöf, að það skuli ekki vera kveðið á um, hver þau svæði eru, þar sem embættisbústaði á ekki að byggja, og í öðru lagi, hver þau svæði eru, þar sem embættisbústaði á að reisa. Það mundi svo standa eftir sem áður, að það mundi hvorki vera hægt að byggja embættisbústað eða kaupa embættisbústað, nema fé sé veitt til á fjárl. Svo hefur það verið og svo yrði það að vera, vegna þess að ríkið er ekki bundið við málið, fyrr en til fjárveitinga kæmi.

En í sambandi við frv., eins og það liggur nú fyrir og horfur eru á, að það muni ganga í gegnum hv. Alþ., er gert ráð fyrir að fella úr lögum þau ákvæði um embættisbústaði, sem nú eru gildandi. Í því sambandi vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh., hvernig yrði framkvæmd með embættisbústaði, eftir að þessi lög tækju gildi. Nú er það t.d. svo með bústaði fyrir héraðslækna, að þar greiðir ríkið nú að ⅔. Eftir að þetta ákvæði væri úr l., hver yrði þá þátttaka ríkisins í embættisbústað héraðslækna eða greiddi ríkið þá það að öllu leyti? Til skólastjóraíbúða, t. d. við heimavistarskóla, hefur það verið ¾. Mundi það verða hér eftir að öllu leyti? Hins vegar hefur það verið svo með embættisbústaði presta, sýslumanna og bæjarfógeta og dýralækna, að ríkið hefur greitt þá að öllu leyti. Þess vegna er það mín fsp: Ef þetta frv. verður að l., ber þá að skilja ákvæðið þannig, að ríkið greiði að öllu leyti kostnaðinn við þá embættisbústaði, sem hér eftir yrðu byggðir eða keyptir? Þetta væri nauðsynlegt að fá upplýst. Ég held hins vegar, að það beri mjög lítið á milli t. d. hæstv. fjmrh. og hv. 5. þm. Austf. Það, sem ber á milli, sé ekki annað heldur en það að vilja fá inn í löggjöfina ákvæðið um skiptinguna og framkvæmdina, að framkvæmdin verði bundin í lögum, og eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. tók fram, er málið þannig að það mundi verða auðvelt að ná samstöðu um það hér á hv. Alþ., ef einhver tími væri til að fjalla um það frekar. Þess vegna mundi það ekki skaða málið á neinn hátt, þótt það hefði ekki gengið í gegn á þessu þingi og reynt yrði að vinna sameiginlega af Alþ. að heildarlöggjöf um þennan málaflokk, sem ég tel nauðsyn að setja heildarlöggjöf um, og ég er fylgjandi þeirri stefnu, að aðhald verði af ríkisins hálfu í sambandi við embættisbústaði.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þess, að hæstv. fjmrh. bað mig um að draga brtt. *mína* til baka. Í andmælum sínum beitir hæstv. ráðh. einvörðungu formlegum röksemdum. Hann heldur því fram, að þessi brtt. falli ekki inn í frv. eins og það er. En þetta get ég ómögulega samþykkt. Í 10. gr., sem ég gerði brtt. við, segir svo: „Lög þessi taka hvorki til" o. s. frv. — það er að segja lögin í heild. Þar er ekki um að ræða ákvæði 2. gr., heldur l. í heild, og þarna eru teknir út úr nokkrir sérstakir embættisbústaðir, ekki aðeins hér á landi, heldur einnig erlendis, þannig að ég fæ ekki betur séð en till. *mín* falli mjög eðlilega inn í frv. og að hún sníði raunar af því þá smíðagalla, sem ég vakti athygli á í ræðu minni hér áðan. Mér hefði þótt það miklu forvitnilegra, ef hæstv. fjmrh. hefði gert einhverja skiljanlega grein fyrir því, hvers vegna einn einasti embættismaður á Íslandi er eftirskilinn með embættisbústað í Reykjavík. Um það hefur hæstv. ráðh. ekki sagt eitt einasta orð, og mér er ómögulegt að skilja, hvers vegna taka á út úr þennan eina embættismann og tryggja honum einum embættisbústað í Reykjavík. Hitt vil ég benda hæstv. ráðh. á, að það liggur hér fiskur undir steini, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. benti hér á áðan. Það eru uppi hugmyndir um það að fjölga biskupum á Íslandi í þrjá, og þetta Skálholtsævintýri, sem ráðizt hefur verið í, á að vera aðdragandi að því, að hægt sé að koma þeirri skipan á. Ég hafði skilið hæstv. ráðh. þannig, að hann væri ekki ýkja ginnkeyptur fyrir því að fjölga embættismönnum að óþörfu, eins og nú standa sakir, þannig að ég hefði haldið, að hæstv. ráðh. ætti að taka því fegins hendi, þegar reynt er að sporna við því, að sú þróun verði. Ég held líka, að það hefði verið afar æskilegt fyrir þann mann, sem hefur umsjón með fjármálum ríkisins nú, ef hægt hefði verið að koma því þannig fyrir, að sá bústaður, sem núna er í Skálholti og ekki þarf að byggja, verði notaður sem biskupsbústaður og að hæstv. ráðh. geti þá gengizt fyrir því, að það hús, sem nýlega var keypt hér í Reykjavík handa biskupsembættinu á 4 millj. kr., og síðan þurfti að lagfæra fyrir, að ég hygg, 2—3 millj., komist aftur í verð og þeir fjármunir verði hagnýttir til einhverrar annarrar og meiri nauðsynjar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var fyrst og fremst út af fsp. frá hv. 3. þm. Vesturl. Hann spurðist fyrir um það, hver áhrif þessi lög mundu hafa á læknisbústaði. Þessi lög hafa ekki áhrif á læknisbústaði. Það er tilgreint í 12. gr. frv., hvaða lög falla úr gildi af þeim lögum, þar sem gert er ráð fyrir embættisbústöðum. Læknisbústaðir eru samkv. þeim lögum, sem um þá gilda, eign læknishéraðs, og þar er aðeins um að ræða framlag

ríkissjóðs til þeirra bygginga, og það er ekki gert ráð fyrir því, að það breytist með þessum lögum.

Ég tek undir það, sem hv. þm. sagði, að mér skilst, að hér séu menn yfirleitt ekki að deila um efni málsins, heldur aðeins það, að menn séu óánægðir með það annars vegar að auka vald ráðh. í þessum efnum og hins vegar, að það skuli ekki vera skýrar markað beinlínis í l. sjálfum, til hvaða landssvæða þau eigi að taka. Vitanlega hefði það verið æskilegast, að allir gætu orðið um þetta sammála, en úr því að menn efnislega eru sammála um málið, þá fæ ég nú ekki séð, að þessir þættir séu í það veigamiklum atriðum á annan veg en menn almennt mundu kjósa, að ástæða sé til þess að vera á móti frv. af þeirri orsök. Mér finnst það vera ákaflega erfitt í almennum lögum að fara að setja beinlínis ákvæði um það, hvaða landssvæði skuli falla undir lögin. Vitanlega getur þetta orðið breytingum undirorpið, og þetta verður að metast og það verður metið, eins og ég áðan sagði, út frá vissum grundvallaratriðum. Og það, að hér sé verið að auka vald ráðh., er í rauninni meira og minna formsatriði, vegna þess að hingað til hefur ráðh. ráðið því, hvaða embættisbústaðir hafa verið byggðir innan ramma þeirra laga, sem um það hafa gilt. Alþ. hefur ekki ákveðið hverju sinni, í hvaða embættisbústað væri veitt fé, heldur hefur verið varið einni heildarupphæð til tiltekinna tegunda embættisbústaða og ráðh. síðan ákveðið, hvernig því hefur verið ráðstafað, þannig að mér finnst við hér vera að deila um keisarans skegg að þessu leyti. Hins vegar er beinlínis tekið fram, að ráðh. er að því leyti bundinn hér eftir, að hann getur ekki ráðizt í nein slík kaup eða byggingu, nema hafa fengið sérstaka fjárveitingu frá Alþingi til þess, þannig að það er alls ekki verið að taka vald af Alþ. í þessu sambandi.

Ég mundi því telja, að skoðanir okkar allra séu svo skyldar í þessu efni, að það ætti ekki að þurfa að valda deilum um efni þessa máls. Komi fram síðar óánægja um það, hvernig ráðh. túlki þessi lög, þá er auðvitað alltaf hægurinn hjá að breyta l., þannig að þingið afsalar sér á engan hátt þeim rétti, þó að frv. yrði samþ. í þeirri mynd, sem það nú er í. Ég vildi nú þess vegna mega leyfa mér að vænta þess, að menn gætu fallizt á að samþykkja málið. Ég tel það mikils virði, að þessi stefna verði mörkuð og eins og hér var bent á, með því að spara fé til embættisbústaða í þéttbýli, verður auðvitað auðveldara um vik að leysa þá e.t.v. vandamálin annars staðar. Og ég álít, að það sé mikilvægt að fá þessa löggjöf ákveðna nú, vegna þess að það eru umsóknir uppi um byggingu ýmissa embættisbústaða hér í þéttbýlinu, þannig að meðan lög um það efni eru í gildi, þá auðvitað verður mjög erfitt um vik að standa gegn þeim óskum, og það er ástæðan til þess, að ég vildi leggja áherzlu á, að hv. þm. gætu fallizt á að samþykkja frv. eins og það er.

Varðandi biskupsmálið vil ég ekkert frekar segja. Ég endurtek aðeins það, sem ég hef sagt, þó að ég geti ekki fallizt á skoðun hv. 6. þm. Reykv. um það efni, að hér sé ekki galli á málatilbúnaði. Það var hins vegar algerlega eðlilegur málatilbúnaður að leggja til, að biskupsbústaður væri tekinn út úr frv. út af fyrir sig. Það var hrein og afdráttarlaus ákvörðun um það, að hann ætti ekki hér að vera. Ég get alveg fullvissað hv. þm. um það, að ég er andvígur því, að það verði farið að setja upp mörg biskupsembætti hér á Íslandi, þannig að okkur ber ekki á milli í því efni. Varðandi það atriði, að bústaðurinn var yfirleitt tekinn inn í frv., held ég, að ég hafi nú gert grein fyrir því í framsögu um málið, að Alþingi sjálft hefur nú um nokkurt bil veitt í fjárlögum sérstaka fjárveitingu til biskupsbústaðar í Reykjavík, þó að um það gildi engin sérstök lög. Þá hefur það lýst vilja sínum í þessu efni og á þeim grundvelli var það, sem ráðizt var í kaup á biskupsbústað. Og með hliðsjón af þessari ákvörðun Alþ. þótti óeðlilegt, að svo yrði lagt til núna að fella niður þennan bústað hér, enda er sannleikur málsins sá, þó að menn kunni að greina á um þetta, að auðvitað er ekkert sambærileg nauðsyn biskups hér að hafa bústað eða presta í Reykjavík, bæði miðað við launakjör biskups og presta og miðað við þá risnu, sem biskup þarf að hafa í sambandi við bæði innlenda og erlenda gesti. Ég skal svo fullkomlega fallast á það, að það má deila um það, hvort yfirleitt eigi að hafa biskupsbústaðinn engu að síður, en þá á Alþ. bara að taka rögg á sig og segja til um það, og þeir, sem eru á móti því, eiga þá einfaldlega að flytja till. um að fella þetta niður, en ekki að reyna að komast að málinu með krókaleiðum, eins og hér er gert, sem verða aðeins til að klúðra frv., sem um er að ræða.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 596 felld með 20:8 atkv.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 421 felld með 20:6 atkv.
10. gr. samþ. með 10:1 atkv.
11.—12. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 625).

---

41. Vernd barna og ungmenna.

Á 84. fundi í Nd., 28. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna [176. mál] (stjfrv., A. 453).

Á 85. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er flutt að ósk borgarstjórans í Reykjavík. Efni þess er formlegs eðlis einvörðungu. En svo er mál með vexti, að á s.l. ári gerði borgarstjórn Reykjavíkur samþykkt um nokkra breytingu á skipan félagsmála hér í höfuðstaðnum. Komið var á fót svonefndu félagsmálaráði, en í reglum þeim, sem borgarstjórn setti fyrir félagsmálaráð, er gert ráð fyrir því, að á sviði félagsmála Reykjavíkurborgar starfi tvær lögskipaðar nefndir, barnaverndarnefnd og áfengisvarnanefnd. En félagsmálaráð er yfirstjórnandi þessara tveggja nefnda.

Í barnaverndarlögum er einungis rætt um barnaverndarnefnd, en ekki gert ráð fyrir félagsmálaráði í Reykjavíkurborg. Það er eðlilegt, að höfuðborgin ráði því algerlega sjálf, hvern hátt hún hefur á skipulagi félagsmála innan sinna vébanda, og ég er enn fremur þeirrar skoðunar, að sú skipulagsbreyting, sem hér hefur átt sér stað í borginni, sé til bóta, sé skynsamleg. En þá er nauðsynlegt, að í barnaverndarlögum sé heimilt að fela þessu nýstofnaða félagsmálaráði þau störf eða hluta þeirra starfa, sem barnaverndarnefnd eru ætluð samkv. l. Það er m.ö.o. efni þessa frv., að heimilað sé að gera félagsmálaráð ásamt barnaverndarnefnd að aðila að barnaverndarmálum í höfuðstaðnum, og tel ég sjálfsagt að verða við óskum Reykjavíkurborgar í þessu efni. Ég vona, að hv. þdm. séu sammála um, að þessi smávægilega breyting sé eðlileg og greiði götu þessa einfalda frv. í gegnum hv. d., og sömu óskum mun ég beina til hv. Ed. á síðara stigi málsins.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 453, n. 516).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. leggur til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 84. fundi í Ed., 8. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta mál er komið frá hv. Nd. og var þar samþ. með shlj. atkv. eftir að hv. menntmn. d. hafði einróma mælt með samþykkt þess. Hér er um mjög einfalt mál að ræða. Á s.l. ári breytti borgarstjórn Reykjavíkur skipulagi félagsmála hér í höfuðstaðnum og kom á fót félagsmálaráði, sem hefur með höndum yfirstjórn allra félagsmála á vegum borgarinnar. Í gildandi barnaverndarlögum er auðvitað ekki gert ráð fyrir þessari stofnun, sem komið var á fót eftir að barnaverndarlög voru sett, en í l. er gert ráð fyrir vissum samskiptum ríkisvaldsins og barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Það, sem felst í þessu frv., ef að lögum verður, er það, að menntmrh. er heimilað að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf barnaverndarnefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti, og er gert ráð fyrir nánari ákvæðum í reglugerð. Þetta frv. er flutt samkv. ósk Reykjavíkurborgar, og taldi ríkisstj. sjálfsagt að verða við óskum höfuðborgarinnar í þessu efni, eðlilegt að hún ráði sjálf, hvaða skipun hún hefur á félagsmálum innan sinna vébanda og sjálfsagt, að löggjafinn taki tillit til þeirrar skipunar, sem höfuðborgin óskar eftir að hafa á málum eins og þessum. Þess vegna vona ég, að hv. Ed. líti eins á málið og hv. Nd., að samhugur skapist um málið og það nái fram að ganga þegar á þessu þingi.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 453, n. 567).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til, að sú breyting verði gerð á l. um vernd barna og ungmenna, að menntmrh. verði heimilað að fela félagsmálaráði Reykjavíkurborgar störf barnaverndarnefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti og verði kveðið nánar á um starfssviðið í reglugerð. Frv. þetta er flutt að ósk borgaryfirvalda og í beinu framhaldi af nýskipan félagsmála í Reykjavík og stofnun félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar frá því í júlí á s.l. ári, en samþykkt fyrir félagsmálaráðið fylgir frv. sem fskj.

Með stofnun félagsmálaráðs var að því stefnt að samræma félagsmálastörf Reykjavíkurborgar, sem áður höfðu lotið nefndum og ráðum, sem fóru þá

hvert um sig með ákveðinn, afmarkaðan þátt félagsmála. Hins vegar var það ljóst orðið, að nauðsyn var á að samræma þessi störf, og var með stofnun félagsmálaráðs einmitt að því unnið. Það er a. m. k. að svo stöddu ekki ætlunin, að félagsmálaráði verði falin öll þau störf, sem barnaverndarnefnd hefur með höndum. Það er ætlunin, að barnaverndarnefnd fari áfram með vissa þætti þeirra starfa, sem hún nú sinnir, þ. á m. úrskurði hún um vistun og forræði barna, veiti umsagnir og hafi auk þess með hendi eftirlitsstörf með ýmsum stofnunum, og er frá þessu greint í aths. við lagafrv. Starfssvið félagsmálaráðs, eins og það er ákveðið í samþykkt þess, kallar á breytingar á nokkrum lögum og þ. á m. á lögum um vernd barna og ungmenna. Það má minna á það, að Alþ. hefur nú fyrir örfáum vikum síðan afgreitt sem lög breytingu á framfærslulögum, þar sem félagsmálaráði Reykjavíkurborgar eru falin störf framfærslunefndar í Reykjavík. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um frv. Það hefur verið til athugunar hjá menntmn. þessarar hv. þd., og n. leggur einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 632).

---

42. Ríkisborgararéttur.

Á 7. fundi í Ed., 24. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [18. mál] (stjfrv., A. 18).

Á 11. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í fjarveru hæstv. dómsmrh. leyfi ég mér að skýra frá því, að þetta frv. er undirbúið í dómsmrn. með venjulegum hætti. Er hér lagt til, að þeir fái ríkisborgararétt, sem um það hafa sótt og fullnægja þeim skilyrðum, sem þingvenja hefur kveðið á um. Þess ber að geta, að það munu vera töluvert fleiri en hér eru taldir, sem sótt hafa um réttinn. Mörg þau erindi verða send n., sem málið fær til meðferðar, vegna þess að fullar upplýsingar lágu ekki fyrir, þegar frv. var samið, en talið er, að nú þegar hafi nokkrir bætzt í hópinn, sem bersýnilega fullnægi settum skilyrðum, og einmitt um þessar mundir eru að berast að umsagnir frá embættismönnum, sem um þessi mál fjalla, sem sýna, að skilyrðunum er fullnægt. Þau erindi verða sem sagt lögð fyrir þingnefnd, svo að með þessu frv. er engan veginn sagt, að hér sé tæmandi upptalning þeirra, sem hinum venjubundnu skilyrðum fylgja.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði afgr. til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 460, 461).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. því til l. um veitingu ríkisborgararéttar, sem hér er til umr., var vísað til allshn. Mál þetta hefur þar hlotið hefðbundna meðferð, sem er sú, að allshn. beggja d. hafa starfað saman, kosið fjögurra manna undirnefnd. Síðan hefur þessi undirnefnd ásamt skrifstofustjóra Alþ. farið yfir allar umsóknir þeirra 11 einstaklinga, sem 1. gr. frv. greinir frá, og öll fylgigögn með þeim umsóknum. Síðan hefur n. einnig farið yfir fjölda umsókna, sem bárust, eftir að þetta frv. var lagt fram á Alþ. í haust, en þessar umsóknir berast eins og kunnugt er til dómsmrn. og síðan eru þær sendar til skrifstofu Alþingis. Þar lá fyrir fjöldi umsókna og þessi undirnefnd fór einnig gegnum þær, og varð það niðurstaðan af þessum athugunum undirnefndarinnar að staðfesta í fyrsta lagi umsóknir þeirra 11 einstaklinga, sem upp eru taldir í 1. gr. frv. Við umsóknir þessara aðila var ekkert að athuga. Enn fremur varð það niðurstaðan að af þeim umsóknum, sem síðar komu fram, skyldu teknar til greina umsóknir frá 28 einstaklingum, en frá þeim greinir í brtt. allshn. á þskj. 461. En tveimur eða þremur umsóknum var hafnað, þar sem umsækjendurnir uppfylltu ekki þau skilyrði, sem farið er eftir. En skilyrði þau, sem sett eru fyrir veitingu ríkisborgararéttar og allshn. og Alþ. hefur miðað við síðustu árin, hafa í raun og veru verið að mestu leyti hin sömu frá því á árinu 1955, þó með minni háttar breytingum, en þessar reglur, sem nú er farið eftir, eru teknar upp í nál. allshn. á þskj. 460. Allshn. varð síðan sammála því, sem undirnefndin hafði gert, og leggur allshn. til, að þetta frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem greinir á þskj. 461. En rétt er þó að vekja athygli á því, að tveir umsækjenda, sem teknir eru upp í brtt. á þskj. 461, umsækjendur nr. 19 og 20, uppfylla ekki að fullu skilyrðið um dvalartímann hér á Íslandi. En það var mjög skammt í land og þess vegna voru umsóknir þeirra teknar til greina með þeim fyrirvara, að þessir aðilar fengju réttinn síðar á tilteknum tíma, nr. 19 21. júní 1968, nr. 20 24. maí 1968, þannig að það eru ekki nema örfáar vikur þangað til þetta fólk fær ríkisborgararéttinn samkv.

þessu frv. Þótti eðlilegra að taka þetta til greina með þessu skilyrði, eins og tíðkazt hefur áður, heldur en að láta þetta fólk bíða ákvörðunar næsta Alþ.

Þá er enn fremur rétt að vekja athygli á brtt. undir b-lið á þskj. 461. Þar er einungis um leiðréttingu að ræða. Við athugun kom í ljós skekkja, þar sem umsækjandi nr. 5 í 1. gr. frv. var sagður fæddur í Færeyjum í apríl 1945, en átti að vera 1942, og það er leiðrétt með þessari brtt. Ég endurtek síðan, að allshn. varð sammála um að leggja til, að þetta frv. yrði samþ. með þeirri brtt. á þskj. 461, sem ég hef gert grein fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 461 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkv.gr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 489).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 89. fundi í Nd., 2. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 90. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. og hefur verið afgreitt þaðan með hefðbundnum hætti. Það hefur verið farið eftir almennum reglum um veitingu ríkisborgararéttar, sem Alþ. hefur mótað sjálft og miðað framkvæmd sína við á undanförnum árum. Ég vildi mega vænta, að hér gæti einnig orðið góð samstaða um málið og leyfi mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 489, n. 572, 573).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. beggja deilda hafa haft samráð um þær umsóknir, sem bárust um ríkisborgararétt, og eins og málið var afgreitt frá Ed., leggur Ed. til, að 39 umsækjendur fái ríkisborgararétt. En eftir að frv. var afgreitt frá allshn. Ed., barst allshn. Nd. umsókn frá tveimur aðilum og enn fremur ein umsókn, sem allshn. Ed. hafði ekki tekið til greina, vegna þess að nokkur gögn vantaði með umsókninni, en þessi gögn höfðu borizt, þegar allshn. Nd. fór yfir umsóknirnar. Leggur n. því til, að sú umsókn verði tekin gild, sem hér er nr. 1 á þskj. 573, en n. tekur aftur till. sína nr. 2, því að þar er um barn að ræða, sem öðlast ríkisborgararétt við það, að móðirin fær ríkisborgararétt, en um það fjallar liður nr. 3. Samkv. þessu leggur allshn. til, að 41 umsækjandi öðlist ríkisborgararétt, og eru flestir umsækjenda Danir, 11 talsins, Færeyingar 7, Þjóðverjar 8, Bandaríkjamenn 4, Norðmenn 3, Austurríkismenn 3, Svíar 3, Finnar 3 og Júgóslafi 1.

ATKVGR.
Brtt. 573,2 tekin aftur.
Brtt. 573,1 og 573,3 samþ. með 32 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 612).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 91. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 93. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 645).

---

43. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum.

Á 4. fundi í Ed., 17. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum [14. mál] (stjfrv., A. 14).

Á 6. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Svo sem í upphafi aths. við þetta frv. greinir, var það flutt af hv. sjútvn. að beiðni minni á síðastliðnu þingi, en náði þá ekki fram að ganga og er nú endurflutt af sömu hv. n.

Frv. hliðstætt þessu höfðu áður verið flutt varðandi Stýrimannaskólann í Reykjavík og atvinnuréttindi vélstjóra og voru lög um það efni afgreidd fyrir u. þ. b. hálfu öðru ári síðan og má

segja, að frv. það, sem hér er til umr., sé í meginatriðum flutt til samræmis við þær breytingar, sem þá voru gerðar á fyrrgreindum lögum.

Þetta frv. hefur að geyma 7 meginbreytingar frá gildandi lögum, sem frá greinir í aths. við frv.:

1) Kröfur þær, sem gerðar eru í h-lið 2. gr. núgildandi laga um að vera talinn fullgildur háseti á verzlunar- eða varðskipi, eru felldar niður.

2) Núgildandi ákvæði laga um skipstjórnarréttindi á allt að 120 rúmlesta skipum eru felld inn í frv. til samræmis við frv. til laga um breytingu á l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík og væntanlega reglugerð þar um.

3) Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna á fiskiskipum af ótakmarkaðri stærð og á verzlunarskipum allt að 400 rúmlestir verði eitt og hið sama.

4) Nýmæli er það í frv. þessu, að þeir, sem lokið hafa prófi upp úr 2. bekk farmannadeildar Stýrimannaskólans, hljóti undirstýrimannsréttindi takmarkaðan tíma.

5) Siglingatími til að hljóta stýrimannsskírteini er skv. frv. þessu styttur nokkuð og ekki bundinn við utanlandssiglingar einar, eins og áður var á verzlunarskipum. Þá er og aldursmark til að taka gildan siglingatíma nú miðað við 15 ár í stað 16 ára áður. Aldursmark til að vera stýrimaður á fiskiskipi er miðað við 18 og 19 ár.

6) Í frv. þessu eru sett sérstök skilyrði um varðandi Stýrimannaskólann sjálfan.

7) Skilyrði til að hafa stýrimenn á fiskiskipum, sem ætlað er að leggja afla sinn á land daglega er nú miðað við 60 rúmlesta skip í stað 30 rúmlesta áður. Skylda til að hafa 3 stýrimenn á varðskipum ríkisins er miðuð við 300 rúmlesta skip í stað 200 rúmlesta áður.

Eins og sjá má af meginefni þessa frv., er það flutt með hliðsjón af þeim öru breytingum, sem átt hafa sér stað í far- og fiskiskipaflota landsmanna á undanförnum árum, sem óþarft er að rekja hér í þessu sambandi, en öllum hv. þdm. er vel kunnugt um. Við umr. um málið á síðasta þingi komu ekki fram nein veruleg andmæli gegn framgangi frv., svo mér sé kunnugt um, og ætti því ekki að vera þörf á því, að það dagaði uppi eða hlyti ekki endanlega afgreiðslu á þessu þingi, þegar það kemur fram svo snemma þings.

Ég óska þess að lokum, að hv. n. leiti eðlilegra umsagna um málið, sem ekki hafa þegar legið fyrir, en ítreka það, sem ég áðan sagði, að frv. er fyrst og fremst flutt til samræmis við áður samþykkt frv. varðandi vélstjóra og Vélskóla Íslands og þá einnig varðandi Stýrimannaskólann sjálfan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 389).

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Þetta er nú í þriðja sinn, sem hv. Ed. Alþingis hefur þetta frv. til meðferðar. Það verður ekki annað sagt, en að málið væri þegar í upphafi vel undirbúið af nefnd skipaðri mönnum með sérþekkingu í siglingamálum og ágætum lögfræðingum og öðrum embættismönnum, sem um slík mál fjalla; samt fór það nú svo, að í hitteðfyrra dagaði málið uppi hér í d. Í fyrra hygg ég, að það hafi verið afgr. óbreytt úr Ed., en komst ekki lengra í Nd. en að vera vísað til n. Það var eitt þeirra mála, sem þegar voru lögð fyrir í byrjun þingfunda í haust, en þess varð strax vart, að þrátt fyrir þennan langa undirbúningstíma fór því fjarri, að allir væru á eitt sáttir um þetta mál.

N. leitaði sérstaklega álits Skipstjórafélags Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um málið, og þessi tvö mætu félög voru á öndverðum meiði um, hvernig bæri að afgreiða það. Skipstjórafélagið fann eiginlega fáa kosti á frv., en marga galla, en Farmanna- og fiskimannasambandið áleit, að rétt væri að afgreiða málið óbreytt. Enn fremur barst n. erindi frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Vísi á Suðurnesjum, þar sem frv. var fundið ýmislegt til foráttu, og voru það að mestu leyti sömu atriðin sem þegar höfðu verið tekin fram í bréfi frá Skipstjórafélaginu og síðan í samtali, sem formaður þess, sá ágæti maður Jón Eiríksson skipstjóri, átti við n., þar sem hann útskýrði sjónarmið þeirra félaga mjög ítarlega.

Og loks má geta þess, að eftir að nál. var afgreitt frá n., barst henni enn eitt erindi frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Öldunni hér í Reykjavík, þar sem þess er getið, að aðalfundur þess félags, haldinn 2. þ. m., mótmæli harðlega þeirri breytingu, sem fram kemur í frv., þar sem ekki er gert að skyldu að hafa stýrimann á bátum allt að 60 rúmlestum. Það er nú of flókið mál að fara út í öll þau tæknilegu atriði, sem fundið var að í bréfi Skipstjórafélagsins. Þeir sem óska að kynna sér það frekar, geta litið á fskj. I með nál., sem er prentaður kafli úr bréfi félagsins, en niðurstaða n. varð sú að rétt væri að taka tillit til vissra af þeim aðfinnslum, sem fram komu.

Á það var bent, bæði af Skipstjórafélaginu og Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Vísi, að það væri óvarlegt í senn að lækka það aldurstakmark, sem siglingaréttindi eru talin frá, um eitt ár, þ.e.a.s. úr 16 árum í 15 ár, og samtímis að stytta þann tíma, sem þarf til að öðlast ýmis réttindi. Þessari mótbáru hefur n. reynt að mæta með 1., 2. og 3. brtt. á þskj. 389, og er öll n. sammála um þessar þrjár brtt.

Þá var annað atriði í viðbót, sem bæði þessi félög og enn fremur Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan höfðu mikið á móti; það var, að skyldan til að hafa stýrimann á svo kölluðum landróðrarbátum skyldi fyrst eiga við frá 60 rúmlestum í stað 30 rúmlesta nú. Nú má að vísu segja, að þetta yrði að nokkru leyti löghelgun á því ástandi sem nú er, því að mikill hluti þessara báta er með stýrimenn, sem aðeins hafa fengið undanþágu til þess að gegna því starfi og hafa ekki þá menntun,

sem tilskilin er í lögum. En samt varð það nú niðurstaða 5 af 7 nm. að halda lögunum óbreyttum um þetta og halda áfram að miða við 30 smálestir, eins og nú er, og í því sambandi vil ég — a.m.k. frá eigin brjósti og ég hygg fyrir hönd ýmissa nm. — bæta því við, að þessar undanþágur, sem veittar eru, eru ósköp óskemmtilegar. Þær kunna að vera óhjákvæmilegar, eins og á stendur, en ég hygg, að það eigi að fara hægar og varlegar en gert hefur verið og eiga ekki á hættu að fá ásakanir um, að þeir fái slík bráðabirgðaréttindi, sem t. d. hefur verið neitað um inntöku í Sjómannaskólann, vegna þess, að þeir hafa ekki haft þá sjón, sem þarf til þess, að þeir hefðu nokkur líkindi til að geta öðlazt stýrimanna- eða skipstjórnarréttindi síðar. Sem sagt, ég vil fyrst og fremst fyrir sjálfs mín hönd — en ég þykist vita, að ég tali fyrir hönd margra sjómanna, — biðja hæstv. atvmrn. að fara sér hægara en stundum hefur verið gert um þessar undanþágur.

Tveir nm. hafa skrifað undir nál. með fyrirvara, einmitt um þetta atriði, hvort miða skuli við 60 eða 30 rúmlestir; ég geri ráð fyrir, að þeir eða annar hvor þeirra geri nánari grein fyrir rökum þeirra fyrir sinni skoðun og fjölyrði því ekki um það. Að svo mæltu leyfi ég mér að mælast til þess, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem n. hefur borið fram, og að því verði síðan vísað til 3. umræðu.

Jón Árnason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. sjútvn., er þetta mál ekki nýtt hér í þessari hv. d. Það hefur áður verið rætt hér og rakið allítarlega. Undanfari þess, að rn. skipaði n. til þess að undirbúa þetta frv., voru margs konar kvartanir, sem höfðu borizt varðandi lögin og framkvæmd þeirra, og það hafði sýnt sig, að þeir, sem bezt fylgdust með í þessum efnum, töldu nauðsynlegt að breyta ýmsu í þeim lögum sem hafa verið og eru í gildi allt til þessa varðandi þessi atvinnuréttindi. Og það er einmitt á þeim forsendum, sem n. er skipuð. Í þessari n. eiga sæti, eins og fram kemur í aths. við lagafrv., þessir menn:

Kristinn Gunnarsson, fulltrúi í atvmrn. Það er sá maður þar, sem fjallar um allar undanþágurnar, sem berast til rn. og sér um þá fyrirgreiðslu, sem óhjákvæmilega verður að eiga sér stað til þess að koma þessu áfram.

Gunnar Í. Hafsteinsson. Hann er fulltrúi hjá LÍÚ og hefur líka mjög náin kynni af, hvernig þetta allt fer fram.

Guðmundur H. Oddsson, sem er form. Farmanna- og fiskimannasambandsins, er þessum málum einnig gagnkunnugur. Sömuleiðis Jónas Sigurðsson skólastjóri og Hjörtur Magnússon fulltrúi.

Allir þessir menn hafa ábyggilega sett sig mjög vel inn í þetta málefni, sem verið er nú að ræða og afgreiða hér út úr þessari hv. d. Ég mundi því telja, að eftir þá rækilegu athugun, sem átt hefur sér stað, hefði verið ástæða til að gera sem minnstar breytingar á frv., eins og það liggur hér fyrir. Hins vegar er það rétt, eins og komið hefur fram hjá frsm., að n. er einróma samþykk því og sammála um að gera þær breyt., sem felast í 1., 2., og 3. tölulið brtt. En hitt atriðið, um stærð landróðrarbáta, sem ekki þurfi að hafa stýrimann, sýndist mönnum vafasamara, eins og fram kemur í sjálfu nál., einkum með tilliti til þess, að mikill fjöldi þessara báta er nú með stýrimenn, sem ekki hafa full réttindi að lögum, heldur hafa fengið undanþágu atvmrn. Og okkur, sem erum með fyrirvara um afgreiðslu málsins út af þessu, þykir einmitt eðlilegt að þetta ákvæði sé eins og það er í frv., sem hér liggur fyrir, vegna þess að þetta er rétt, að það er um mikinn fjölda stýrimanna að ræða með undanþágu á landróðrarbátunum, þessum litlu, og ef að því yrði horfið að hætta við að veita þessar undanþágur, er hægt að fara að ganga út frá því, að meginhlutinn af vertíðarbátunum verði bara alls ekki gerður út á vertíð. Og ef menn vilja horfast í augu við, að slíkt ástand skapist, þá er það náttúrlega nýtt sjónarmið. Hitt er það, sem hefur viðgengizt.

Og það er náttúrlega fjarri öllum sanni, sem fram kemur hérna í bréfi frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Vísi á Suðurnesjum, þar sem er látið að því liggja, að það sé þá jafnvel ekki um annað að velja heldur en 15 ára ungling, sem eigi að trúa fyrir stýrinu á siglingunni að landi í misjöfnum veðrum. Við vitum það, að þar sem ekki er um að ræða að fá stýrimann með prófi, eru það venjulegast valinkunnir menn, sem eru kannske ekkert verri en menn með skipstjóraréttindi, sem fá þessar undanþágur og er trúað til þessara starfa. Það segir sig alveg sjálft, að hér er um algera fjarstæðu að ræða, að halda því fram, að það verði 15 ára unglingar, sem muni hafa þessi störf á höndum, ef þetta verði lögfest, sem lagt er til í þessu frv.

Við skulum segja, að það sé allt í lagi með að veita þessar undanþágur, eins og gert hefur verið allt til þessa, en þá er þess að gæta, að þetta kostar geysilega fyrirhöfn, sérstaklega fyrir menn úti á landi. Allt þarf að sækja til Reykjavíkur. Það fæst engin undanþága, nema búið sé að senda símskeyti eða eiga símtal við stjórnarráðið í Reykjavík. Síðan þarf að senda umsóknina til Farmanna- og fiskimannasambandsins, sem Guðmundur H. Oddsson er forseti fyrir, en hann leggur til, að sú breyting verði gerð á lögunum, sem felst í þessu frv. Síðan eiga viðkomandi aðilar, sem fá þessa undanþágu, að greiða tilskilda upphæð. Þeir greiddu lengi vel 150 kr. fyrir þessa undanþágu, en nú allra seinustu mánuðina hefur þetta breytzt á þann veg, að það þarf að borga 1500 kr. fyrir undanþáguna, og þessar 1500 kr. renna í félagssjóð hjá viðkomandi félagi, sem veitir undanþáguna. Hér er um svo mikinn nýjan skatt að ræða á útgerðina, að það er út af fyrir sig alveg óviðunandi.

Við skulum hugsa okkur, að við skiptum árinu í tímabil. Venjulega er undanþágan bara miðuð við viðkomandi vertíð, vetrarvertíð, vorvertíð og síðan haustvertíð. Þá þarf að greiða fyrir slíkan mann ekki minna en 4500 kr. á hverju ári, bara til þess að

hann fái þessa undanþágu, sem alltaf hefur verið veitt, því að það er ekki um annað að ræða en að horfast í augu við það, að annaðhvort verður að veita þessar undanþágur ellegar þá að bátarnir liggja bundnir við festar. Og það er ekki bara um það að ræða, að þessi maður, sem á að fá undanþáguna, missi sína atvinnu, heldur einnig aðrir skipverjar, sem eiga atvinnu sína undir því, að viðkomandi landróðrarbáti sé haldið út.

Ég vil biðja hv. d. og alþm. að athuga það við afgreiðslu þessa máls, að hér eru bornar fram sanngirniskröfur, að yfirlögðu ráði og yfirveguðu, af þeim mönnum, sem bezt til þekkja í þessum efnum og falið var að semja þetta frv. Og ég veit það, að þegar forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins hefur lagt þetta til, ásamt skólastjóra Stýrimannaskólans, þá erum við ekki að fara út fyrir þau takmörk, sem ætla má að sé óhætt að treysta í þessum efnum. Ég vil því eindregið leggja til, að 4. tölul. þessarar brtt. verði felldur og frv. að öðru leyti samþ. með þeim breyt., sem n. leggur til.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér inn í umræðurnar, sem hafa átt sér stað um þetta mál. Þess hefur réttilega verið getið, að málið hefur átt sér alllangan aðdraganda, og var þó talið, að vandlega hefði verið til þess stofnað, þegar það var upphaflega lagt fyrir Alþingi og haft hefði verið áður nauðsynlegt samráð við þá aðila, sem máli skipta og frv. varðar, alls konar samtök, sem hér eiga hlut að máli. Eigi að síður hefur það komið upp hér sem ávallt áður, þegar um réttindamál er að ræða, að mál reynast viðkvæm og oft erfið úrlausnar. Ég tel þó hiklaust, að frv., eins og það var upphaflega lagt fyrir, hafi verið það vandlega undirbúið, að vel hefði mátt styðja það eins og það var.

Frsm. sjútvn., hv. 4. þm. Reykn., hefur hins vegar skýrt frá aths., sem fram hafa komið við málið nú undir meðferð þess í n. Ég skal ekki fara út í einstök atriði þess, en það, sem olli því, að ég kvaddi mér nú hljóðs, var ein aths. hans eða áminning til rn. um að fara varlega með undanþáguveitingar frá gildandi lögum. Engum væri kærara en mér, að til slíkra undanþáguveitinga þyrfti ekki að koma, svo hvimleiðar sem þær eru og geta oft orkað tvímælis. En frammi fyrir þeim vanda, sem hv. 2. þm. Vesturl. minntist hér á áðan, hefur rn. alloft staðið. Synjað hefur verið um af hálfu Farmanna- og fiskimannasambandsins að veita tilteknar undanþágur, þó að ekki væri hægt að útvega mann með tilskildum prófum. Þá er með slíkri synjun verið að koma í veg fyrir skráningu á hlutaðeigandi bát eða skip og stöðva þar með útgerð skipsins. Þetta kemur ósjaldan fyrir, einmitt í litlum þorpum úti á landi, sem ekki eru eftirsótt aðsetur skipstjórnarmanna, og þorpin eiga því þeim mun meira undir því, að þessi fáu atvinnutæki, sem þar eru, séu rekin.

Það hefur komið fyrir, a.m.k. tvisvar sinnum, að mig minnir, þann tíma, sem ég hef setið í þessum stól, að um það hefur verið að ræða að stöðva tvo eða þrjá báta, einu bátana, sem á umræddum stöðum voru. Slíka ábyrgð hef ég ekki treyst mér til að taka á mig og hef, þrátt fyrir andmæli farmannasambandsins, á stundum orðið að grípa til þess ráðs að nota mitt ráðherravald til að veita slíka undanþágu, beinlínis til að koma í veg fyrir atvinnulegt hrun á þessum stöðum, sem byggja alla sína afkomu á því, að umræddir bátar séu gerðir út.

Ég endurtek það, að það væri engum kærara en mér að losna við slíkar undanþágubeiðnir og þar með að fella slíka úrskurði. Sjálfum er mér vel kunnugt um, hve mikill vandi þeim er á höndum, sem með skipstjórn fara á mjög erfiðum stöðum og eiga oft við erfiðar landtökur að etja margsinnis á hverri vertíð, og ég veit, hvaða ábyrgð því starfi fylgir. En hitt hygg ég að mundi þó sæta meira ámæli, ef atvinnurekstur, og sér í lagi þessara minni byggðarlaga, sem menn vilja síður dveljast á, yrði lagður í rúst um hábjargræðistímann. Af þessum ástæðum hafa umræddar undanþágur verið veittar og ég get fullvissað hv. þd. um það, að það mun verða farið eins varlega í þessum veitingum og kostur er, en þegar menn standa frammi fyrir þeim vanda, sem ég hef hér drepið á, finnst mér, að valið geti ekki orðið nema á einn veg.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil sem einn af nm. að þessu nál. aðeins láta í ljós þá skoðun varðandi frv. eins og það lá fyrir, að ég var á móti þeim tón, sem þar kom fram, en hann var, almennt séð, í þá átt að stytta undirbúningstíma hjá skipstjórum, einmitt á þeim tíma, þegar fleiri og flóknari tæki koma til og þegar meiri þekkingar er krafizt til þess að fara með það, sem sett er í skipin. Það finnst mér alveg öfug þróun. Það breytir engu, þó að hv. skólastjóri Sjómannaskólans hafi verið aðili að frv. og ágætir fulltrúar með honum. Ég tel rangt að skerða þann undirbúningstíma, sem settur var í lög og talinn hefur verið nauðsynlegur undanfarið til þess að öðlast þá þekkingu og hæfni, sem skipstjórnarmanni er nauðsyn að hafa til að vera öruggur í sínu starfi. Það hefur komið fram, bæði hér á Íslandi og annars staðar, að sú aukna þekking, sem þarf, vegna fleiri tækja í bátunum, kostar talsvert og það tekur tíma að afla hennar. Við vorum sammála í n. um það, að það væri ekki rétt stefna að sinni að skerða þann undirbúningstíma svo mikið sem frv. gerði ráð fyrir, en hins vegar vorum við á því, að það mætti miða við yngri aldur viðkomandi persónu en verið hafði, þ.e. fara úr 16 árum niður í 15 ár. Þetta vildi ég, að kæmi fram, og eins það, að í sambandi við það að talað er um að fella niður stýrimanninn á bát allt að 60 rúmlestum, ræddum við um það öryggi, sem því fylgir að hafa hæfa menn sem víðast, þrátt fyrir þá staðreynd, að í dag eru undanþágur allt of almennar. Það er auðvitað ástand, sem þarf að ráða bót á, en bót getur ekki falizt í því að strika út þá þekkingu, sem nauðsynleg er til að stjórna skipi, vegna þess að þrátt fyrir allt er auðvitað mannslífið

það verðmætasta, síðan er báturinn, skráður á ákveðnu krónuverðmæti, og við megum ekki slaka á nema tilneyddir og að vissu marki.

Þetta er mín skoðun, og þetta er held ég sú almenna skoðun, sem á hljómgrunn víða, að við komumst ekki hjá því að hafa visst aðhald. Hins vegar eru ýmsar orsakir til þess, að þetta hefur þróazt upp í of almenna undanþágu, því miður. Það þyrfti að rannsaka sérstaklega, hvað liggur á bak við slíka þróun, og fráleitt er, ef það er orðin féþúfa að veita slíkar undanþágur upp á 1500 kr. á mann. Mér finnst mjög undarlegt, að þessar undanþágur þurfi að kosta svona mikið, og ég tel varhugavert að fara til baka að frv., eins og það lá fyrir, og skerða það, sem nauðsynlegt er, þ. e. a. s. þekkingu til þess að geta stjórnað skipunum sem allra bezt og veitt öllum sem mest öryggi.

Jón Árnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þetta með áhættuna, sem því sé fylgjandi að hafa ekki menn með fullum réttindum til þess að vera stýrimenn á þessum 30—60 tonna landróðrarbátum.

Þegar þessi lög voru upphaflega sett á sínum tíma, var það algengt, að landróðrarbátarnir voru ekki stærri en í kringum 30 tonn. 50 og 60 tonna bátar lágu oft úti á vertíðinni, og ég vissi, að t. d. á Akranesi var hafnaraðstaða þá enn svo ófullkomin, að þessir bátar fóru í verið í Sandgerði, söltuðu í sig fiskinn um borð, þegar kom fram á vertíðina og lönduðu svo aflanum t.d. uppi á Akranesi. Þeir bátar, sem voru raunverulega landróðrarbátar á þeim tíma, voru ekki stærri en í kringum 30 smálestir. Hins vegar er þetta breytt, eins og við vitum í dag, og þeir bátar, sem núna stunda róðra á þennan hátt, eru almennt í kringum 50 og 60 smálestir, og það er þess vegna ekkert óeðlilegt að gera þessa breytingu. Og ég vil spyrja þá menn, sem vilja samþykkja þetta með tilliti til þess, að hér sé verið að hugsa um mannslífið eða annað þess háttar: Ja, hvers eiga þá þeir að gjalda, sem eru á 30 smálesta bátunum, ef það skiptir engu máli, að það sé maður með réttindi þar við stýrið, þegar tekið er land?

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 389,1 samþ. með 16:1 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 389,2 samþ. með 17:1 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
13.—15. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 389,3 samþ. með 16:1 atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 389,4 felld með 8:8 atkv.
21. gr. samþ. með 13:2 atkv.
22.—26. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
27.—31. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 409).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 81. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 83. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, var lagt fyrir síðasta hv. Alþ., en náði þá ekki fram að ganga. Frv. er, eins og fram kemur í aths. við það, samið af n., sem samgmrh. skipaði hinn 5. ágúst 1965, en í þeirri n. áttu sæti Kristinn Gunnarsson fulltrúi í rn., sem var formaður n., Gunnar Í. Hafsteinsson fulltrúi, tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, Guðmundur H. Oddsson, tilnefndur af Farmannasambandinu, Hjörtur Magnússon fulltrúi og Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans.

Þetta frv. var flutt, eins og ég áðan sagði, á síðasta hv. Alþ., þá af n. og aftur nú af n. að ósk minni og er það gert m. a. til samræmis við þær breytingar, sem gerðar voru á ákvæðum um réttindi vélstjóra í frv. því, sem afgreitt var hér á síðasta þingi. Það fer vart á milli mála, að nauðsyn ber til þess, að endurskoðuð séu lagaákvæði um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, þegar tillit er til þess tekið, að þau lög, sem í gildi eru, eru frá árinu 1946, en vart greinir okkur á um það, að stórkostlegar breytingar hafi á orðið í íslenzkum fiskiskipastól og sjávarútvegsmálum almennt á því tímabili, sem síðan er liðið. Þessu frv. er ætlað að ganga nokkuð verulega til móts við þær breyttu aðstæður, sem fyrir hendi eru nú. Um málið varð ekki fullkomin eining í hv. Ed. Hún gerði á því nokkrar breytingar, svo sem fram kemur á þskj. þar um, en ég mun ekki fara út í í einstökum atriðum. Ég legg áherzlu á það, að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi, ef þess er nokkur kostur, því að ýmsar mikilvægar ráðstafanir er nauðsynlegt að gera til þess að geta mætt þeim nýju aðstæðum, sem fyrir hendi eru í íslenzkum sjávarútvegsmálum, þeim aðstæðum, sem eru gjörbreyttar frá því, sem var þegar hin fyrrgreindu lög voru sett.

Þó að málið sé flutt af n., er það flutt að ósk rn. Þess vegna kvaddi ég mér hljóðs hér um það nú, en legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 409, n. 589, 590).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er til umr., er komið frá Ed., og hefur sjútvn. d. haft málið til athugunar á nokkrum fundum og kynnt sér þær umsagnir, sem lágu fyrir, þegar málið kom til þings, og einnig þær mörgu umsagnir, sem borizt hafa til Alþ. síðan, en eins og segir í nál. frá sjútvn., hafa mjög veigamiklar mótbárur verið bornar fram gegn frv. í þeirri mynd, sem það var borið fram í byrjun, og eins reyndar gegn því, eins og það kemur frá Ed. Sjútvn. Nd. hefur tekið til greina margar af þessum mótbárum, sem hafa m. a. borizt frá Skipstjórafélagi Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Vísi á Suðurnesjum, frá aðalfundi Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Ægi, Slysavarnafélagi Íslands og frá nokkrum siglingafræðikennurum við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Þá hafa einnig borizt munnleg mótmæli frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Bylgjunni á Ísafirði, og auk þess hefur n. fengið upplýsingar, sem falla í sama farveg, frá forstöðumanni lögskráningarskrifstofunnar hér í Reykjavík.

Eins og segir í nál., er höfuðáherzlan lögð á það í þessum mótmælum, að um mikla afturför sé að ræða, þegar segir í þessu frv., að eigi skuli þurfa að hafa stýrimann á landróðrarbátum undir 60 rúmlestum að stærð í stað 30 rúmlesta samkv. gildandi lögum, og enn fremur, að það sé vafasamt að stytta siglingatímann, sem þarf til þess að öðlast réttindi, bæði sem skipstjóri og stýrimaður, svo og að lækka aldursmarkið, sem siglingatíminn er miðaður við, úr 16 árum í 15 ár.

Við höfum ekki orðið algerlega sammála kollegum okkar í Ed. um siglingatímann. Við erum að vísu sammála þeim um það, að rétt sé að fallast á nýmælið um að telja hann frá 15 ára aldri, en við erum þess fullvissir, að margir þeirra, sem mótmælt hafa þessum ákvæðum, hafi ekki gert sér grein fyrir því, að fyrir aðeins tveim árum var samþ. hér á Alþ. ný löggjöf um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og reyndar er enn styttra síðan sambærilegar breytingar voru gerðar á l. um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, en með þeim lagabreytingum var námstími til undirbúnings fyrir öll próf, sem tekin eru í stýrimannaskólunum, lengdur mjög. Og þegar haft er í huga, að þessi lenging á skólanámstímanum hefur fyrst og fremst verið notuð til þess að auka þekkingu nemenda á helztu raf- og radíótækjum, sem notuð eru í skipum, ekki aðeins við veiðarnar sjálfar, heldur og við siglingu skipanna, en notkun þeirra hefur farið stórlega í vöxt nú á síðustu árum, og þegar vitað er, að það hefur síður en svo verið dregið úr kennslu í verklegri sjómennsku, frekar hefur hún verið aukin, þá teljum við, að sá aukni skólatími, sem nú liggur til grundvallar menntun þessara manna, vegi fullkomlega upp á móti styttingu siglingatímans sjálfs.

Við höfum hins vegar fallizt á rök aðila, sem við n. hafa rætt, þ. á m. nokkurra kennara úr Stýrimannaskólanum, um það, að ekki væri rétt, um leið og leyfilegt væri að miða upphaf svokallaðs siglingatíma við lægri aldur en áður, að lækka þá einnig aldursmarkið sem tilskilið er til að fá stýrimannsatvinnuskírteini í hendur og taka til starfa sem stýrimaður, heldur eigi að hækka það nokkuð. Þykir mörgum aldursmarkið vera býsna lágt þrátt fyrir það, þegar haft er í huga, að stýrimenn með meira fiskimannapróf frá stýrimannaskólunum geti komizt í það að stjórna 60—70 manna hóp og jafnvel að taka við skipstjórn á togskipum með þennan fjölda manna, þótt þau séu ekki fyrir hendi hjá okkur í dag. Það sé því nokkuð mikill ábyrgðarhluti að láta yngri menn en tvítuga fá þessi réttindi, stýrimannsréttindi á slíkum skipum. Við höfum þess vegna viljað verða við þessum óskum og leggjum til, að þessi aldursákvæði verði hækkuð nokkuð.

Ég mun nú fara lauslega í gegnum þær brtt., sem sjútvn. leggur til að gerðar verði á frv., eins og það kom frá hv. Ed. Ég vil taka það fram, að hv. þm. Sverrir Júlíusson skrifar undir nál. með fyrirvara gagnvart þeim lið, sem ég hef þegar minnzt á, að í stað 60 rúmlesta komi 30 rúmlestir í 21. gr., en er að öðru leyti samþykkur þeim brtt., sem við leggjum til, að gerðar verði á frv.

Þrjár fyrstu brtt. eru nánast leiðréttingar, en í b-lið 3. brtt. leggur n. til, að aftur sé tekið upp í lögin ákvæði um það, að til þess að fá vottorð um lægstu réttindi, sem skipstjórnarmönnum heimilast hér á landi, þurfi þeir að koma með vottorð um sundkunnáttu. Við vitum, að víða um land er erfitt að fullnægja lögbundnum skilyrðum um sundkunnáttu, en við teljum nauðsynlegt, að það sé bundið með lögum, að a. m. k. einn maður á slíku skipi sé syndur. Fyrir aðra, sem þessi lög fjalla um, þarf ekki að taka þetta fram, vegna þess að nemendur úr sjálfum Stýrimannaskólanum fá ekki sitt prófskírteini frá skólanum fyrr en slíku vottorði er skilað, en við leggjum sem sagt til, að þetta sé tekið aftur upp í frv., en þetta er nú í gildandi lögum. Þá gerum við till. um það að breyta e-lið 8. gr. í það horf eins og ég hef þegar nokkuð drepið á, að sá einn geti fengið hið minna stýrimannaskírteini á fiskiskipi, sem sé minnst 19 ára að aldri, í stað 18 ára, eins og segir í frv.

Ákvæðum 10. og 12. gr. breytum við aftur í sama horf og var í frv., þegar það var lagt fram hér á Alþ. á haustmánuðum, og við breytum einnig aldursákvæðum fyrir stýrimenn, sem fá hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi, úr 19 í 20 ár.

Við 14. gr. leggjum við til, að inn komi nýr liður. Margir aðilar, og þá sérstaklega skipstjórnarmenn á verzlunarskipum, hafa mótmælt því, að niður væru felld ákvæðin um það, að skipstjórnarmenn eða skipstjórar á verzlunarskipum þyrftu að öðlast reynslutíma eða siglingatíma sem stýrimenn á

verzlunarskipum í utanlandssiglingum. Sjútvn. hefur fallizt á röksemdir þessara aðila, enda er það ekki minnsta atriðið í sambandi við stjórn á slíkum farartækjum að kunna að meðhöndla farminn, bæði við losun og lestun og eiga þau viðskipti við erlenda aðila, sem nauðsynleg eru. Við leggjum til, að inn í þessa gr. frv. komi nýr liður þess efnis, að þessir stýrimenn þurfi, áður en þeir fái skipstjóraréttindi, að hafa verið af þeim siglingatíma, sem talinn er í b-lið gr., a. m. k. 6 mánuði stýrimenn á verzlunarskipi í utanlandssiglingum.

Í 16. gr. eru sambærilegar breytingar gerðar á siglingatímanum eins og ég hef þegar getið um, en í 18. gr. er um breytingu að ræða, sem ekki hafði verið rædd í Ed. á sínum tíma, en fjallar um þá menn, sem hlotið hafa takmörkuð atvinnuréttindi eftir 2. stigs farmannapróf, sem tekið var upp við þær breytingar, sem gerðar voru á l. um stýrimannaskóla, en til farmannaprófs er nú þriggja vetra nám. Þessum mönnum hefur verið gefin heimild til þess að öðlast atvinnuskírteini í 6 mán., eftir að þeir ljúka þessu prófi, og hefur þá verið reiknað með, að þeir hyrfu til skólans aftur að hausti. Nú höfum við fallizt á þau rök kennara Stýrimannaskólans, sumra hverra a. m. k., að þannig geti staðið á hjá einstaka nemanda, að hann eigi þess ekki kost að hverfa til skólanáms að hausti, af fjárhagsástæðum og öðrum ástæðum, en muni kannske vilja koma aftur ári seinna, og teljum við þá ekki nema sjálfsagt að hann haldi atvinnuréttindum á meðan svo stendur á, en viljum þó ekki veita þau lengur, þótt ég persónulega álíti það galla á þessari löggjöf, að þessir menn fái engin réttindi út úr sínu námi, sem jafnast þó fullkomlega á við það nám, sem krafizt er til fiskimannaprófs hins meira, að þeir fái ekki önnur réttindi en minni stýrimannsréttindi á fiskiskipi. Þetta er að vísu ekki eina gatið í þessari löggjöf, heldur eru þau vissulega fleiri, og hefði verið æskilegt að hafa lengri tíma til þess að skoða þau nánar.

Að síðustu leggur meiri hl. n. til, að sú breyting verði gerð á síðustu mgr. 21. gr., að í stað „undir 60 rúmlestum“ komi: undir 30 rúmlestum. Við, sem fylgjum þessari till., teljum, að þetta sé nauðsynlegt vegna öryggis áhafnar og skips. Það kemur skýrt fram í öllum þeim mótmælum frá skipstjórnarmönnum, sem borizt hafa alls staðar að af landinu, að þarna sé verið að hverfa frá því öryggi, sem verið hefur, og ég tel alls ekki rétt að miða við tímabundinn skort á stýrimönnum á þessi skip, sem verið hefur, en það hefur sannarlega mjög breytzt hin síðustu misserin.

Við, sem höfum stundað sjó, bæði á fiskiskipum og farskipum, vitum, að mannekla á hinum ýmsu tegundum skipa er mjög tímabundin og fer eftir því, hvernig gengur með þessa og þessa veiðiferðina hverju sinni. Við erum þess vegna andvígir því, að þetta tímabundna ástand verði lagt til grundvallar því, að þessi skip þurfi ekki að hafa stýrimenn. Auk mótmæla skipstjórnarmanna, sem þekkja þetta auðvitað manna bezt, er þessu atriði einnig mótmælt af Slysavarnafélagi Íslands. Þeir, sem þar starfa, þekkja nokkuð til þessara mála líka, og þeir telja, að þetta að taka stýrimenn af landróðrarbátum allt að 60 rúmlestum að stærð, snerti öryggi sjófarenda, og þeir mótmæla frv. í meginatriðum á þeirri forsendu.

Í mótmælum Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis segir alveg réttilega, með leyfi forseta: „Í síðustu málsgr. 21. gr. eru fiskiskip undir 60 rúmlestum undanþegin skyldu til að hafa stýrimann, ef þeim er ætlað að leggja afla á land daglega. Vér leyfum oss að benda hinu háa Alþ. á, að hér er vegið freklega að öryggismálum skipa og skipshafna, og við teljum, að forðast verði allt það, sem á nokkurn hátt geti rýrt öryggi sjófarenda frá því, sem nú er. Þess hefði mátt vænta, að hin hörmulegu sjóslys, sem orðið hafa að undanförnu, hefðu orðið hvatning til þess að auka og bæta öryggismálin og láta einskis ófreistað í því efni. Það ber að harma, að frv. felur í sér hið gagnstæða.“

Þetta var úr umsögn Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis. Ég held, að þeir, sem til þekkja, verði að viðurkenna það, að þeir menn, sem hafa lokið siglingafræði- og sjómennskunámi frá Stýrimannaskólanum, séu betur hæfir til þess að gegna stýrimannsstöðu heldur en hinir, sem hafa því miður of oft á undanförnum árum fengið undanþágu til þess að rækja þetta starf. Allt útlit er fyrir, að sú breyting verði á, að það fáist nógir menn á þessa tegund skipa, eins og raun ber nú vitni um á yfirstandandi vertíð. Þó að ekki sé algerlega búið að fullnægja þeim óskum, sem komið hafa fram um að fá slíka menn, hefur orðið stór breyting þar á, eins og ég segi, og við verðum að telja það, sem til þekkjum, að þetta sé það stór liður í öryggi þeirra skipshafna, sem hafa slíka menn um borð hjá sér, að við viljum ekki láta hjá líða að reyna að fá þessu ákvæði breytt, og ég held, að það sé samdóma álit allra þeirra, sem hafa látið heyra í sér um þetta mál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 590,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 590,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 590,3 samþ. með 26 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 590,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 590,5 samþ. með 25 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 590,6 samþ. með 25 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 590,7 samþ. með 25 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

15. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 590,8 samþ. með 24 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 590,9 samþ. með 23 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
19.—20. gr., samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 590,10 samþ. með 22:2 atkv.
21. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
22.—26. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
27.—31. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 617).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 95. fundi í Ed., 18. apríl, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 668).

---

44. Meðferð einkamála í héraði.

Á 52. fundi í Ed., 8. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um áskorunarmál, viðauki við l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði [127. mál] (stjfrv., A. 265).

Á 53. fundi í Ed., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Ed., 15. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fyrir hv. Ed., er samið að tilhlutan n., sem ég skipaði í okt. 1966 til þess að fjalla um dómaskipun og meðferð dómsmála í landinu. En frá aðdraganda að þeirri nefndarskipun er nánar greint í skýrslu þeirri um athugun og meðferð dómsmála og dómaskipun, er ég lagði fyrir hv. Alþingi í árslok 1966.

Svo sem heiti frv. ber með sér, er hér um að ræða viðauka við lög um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936, en með frv. er ráðgert að taka upp nýja og mun fljótvirkari meðferð á hinum einfaldari einkamálum, þ.e. á þeim málum, þar sem fjallað er um heimtur fjárkrafna skv. skýrum, einhliða og óskilyrtum skuldaviðurkenningum, og þar sem oftast er um að ræða vangetu skuldara til greiðslu. Svo sem á er bent í grg. frv., eru þessi mál yfirgnæfandi meiri hluti einkamála, sem fjallað er um fyrir héraðsdómi. Varðar því að sjálfsögðu miklu, að unnt verði að spara verulega vinnu og tíma, bæði fyrir dómstólinn og skuldareiganda, með einfaldari meðferð þeirra, án þess að hætt sé nokkrum réttmætum hagsmunum skuldara. Hin nýja meðferð er í því fólgin, að stefna í málum, sem ætlað er að sæta þeirri meðferð, þarf að vera í sérstöku, skýru formi, sem inniheldur áskorun til skuldara um að greiða skuldakröfuna, en dómari getur síðan, ef lögvörnum er ekki haldið uppi, svo sem langtíðast er í málum þessum, lokið málinu með áritun á stefnuna um aðfararhæfi. Hefur stefnan með þessu hlotið sama gildi og venjulegur dómur. Hefur þá með þessari meðferð sparast talsverð vélritunarvinna og umfangsmeiri vinna dómara. Jafnframt munar verulega um þann tíma, sem skuldareigandi vinnur með hraðari gangi málsins, en málum þessum er þannig háttað, að skuldheimta hans er jafnan engum vafa bundin og því réttmætt, að hann fái, svo skjótt sem við verður komið, aðstöðu til að tryggja sér greiðslu hjá skuldara, eftir því, sem efni standa til.

Svo sem nánar er greint frá í grg. frv., er fyrirmyndar að þeirri málsmeðferð, sem þar er gert ráð fyrir, leitað í austurrískum og þýzkum rétti. Ég gat þess í upphafi, að leitað væri ráða til að flýta meðferð dómsmála. Það kom fram í dómsmálaskýrslunni, sem áður var getið, að mjög mikil fjölgun dómsmála hefði orðið á síðari árum. Hafa dómstólunum þá og verið fengnir talsvert auknir starfskraftar á undangengnum áratugum. Það verður hins vegar að horfast í augu við þá staðreynd, að sú aukning starfskrafta stendur engan veginn í hlutfalli við aukinn fjölda mála þeirra, sem dómstólarnir fá til meðferðar.

Hv. alþm. er eflaust jafnljóst og mér, hve brýnt það er að forðast svo sem verða má þá útþenslu í ríkiskerfinu, sem aukin umsvif á ýmsum sviðum óneitanlega kalla eftir. Því nauðsynlegra er að leita annarra úrræða, sem við verður komið, til að halda uppi forsvaranlegri og jafnvel bættri þjónustu.

Að því er lítillega vikið í aths. við þetta frv., að með lagabreytingu, sem samþ. var á Alþingi vorið 1966, var lögleidd einfaldari meðferð ýmissa hinna einfaldari opinberra mála. Haustið 1966 var byrjað að hagnýta þá meðferð við sakadómara-embættið í Reykjavík, og vil ég geta þess til fróðleiks, að á ½ ári, sem síðan er liðið, hefur réttum 300 málum vegna ölvunar við akstur verið lokið með dómssátt, en án umræddrar lagabreytingar hefðu öll þau mál orðið að ganga til venjulegrar dómsmeðferðar. Hafa með þessu sparazt óhemjumiklar skriftir og vélritun, svo og mjög veruleg og tímafrek vinna við dóma-samninga. Er ljóst, að sakadómur Reykjavíkur

hefði með engu móti getað afkastað þeirri auknu vinnu án talsverðrar aukningar starfskrafta. Bendingar um möguleika á breytingum þessum komu fram við skýrslusöfnun til fyrrnefndrar dómsmálaskýrslu og var það efni þegar tekið til meðferðar með umræddum árangri. Ég nefni hér sérstaklega sakadómaraembættið í Reykjavík, en sama máli gegnir um önnur dómaraembætti, er um opinber mál fjalla, þessi nýbreytni hefur einnig orðið þeim alldrjúg til vinnusparnaðar. Er jafnframt kostnaður og umsvif dómþola talsvert minni, án þess að hagsmunum hans sé hætt.

Ég hef einnig undir höndum skýrslur frá lögreglustjóranum í Reykjavík um afgreiðslu sektargerðamála við það embætti eftir breytingar, sem 1966 voru gerðar á l. um meðferð opinberra mála, að því er lögreglustjóraembættið snertir, og lögreglustjóraembættin yfirleitt, en með þessum breytingum var lögreglustjórum veitt heimild til þess að afgreiða kærur, er berast um brot gegn umferðarlögum, áfengislögum, lögum um tilkynningar aðsetursskipta eða lögreglusamþykkt, enda telji hann viðurlög við brotinu eigi fara fram úr kr. 5000. Má þá bréflega gefa sökunaut kost á að ljúka slíkum málum innan ákveðins tíma með greiðslu hæfilegrar sektar, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun lögreglustjóra með undirskrift sinni. Synji sökunautur þessum málalokum eða sinni þeim ekki, vísar lögreglustjóri málinu til dómara. Saksóknari ríkisins lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau, sem framangreind sektarheimild nær til, og veitir leiðbeiningar um sektarupphæð fyrir hverja tegund brota. Síðan gefur lögreglustjórinn í Reykjavík nokkurt yfirlit yfir, hvaða áhrif þetta hafi haft í hans embætti um þessa tegund mála, og skal ég leyfa mér að vitna til þess, með leyfi hæstv. forseta:

„Í nóv. 1966 gaf dóms- og kirkjumrn. út reglugerð um sektargerðir lögreglustjóra, þar sem settar eru nánari reglur um meðferð þeirra mála. Í febrúarmánuði 1967 var byrjað hér við embættið að afgreiða kærur fyrir nokkrar tegundir umferðarlagabrota með sektargerð lögreglustjóra. Í árslok höfðu verið gefnar út samt. 3969 sektargerðir með þeim árangri, að 2312 mál fengu fullnaðarafgreiðslu, án þess að dómsmeðferð þyrfti til að koma. 136 sektargerðir voru felldar niður, er framburður hinna kærðu og nánari athugun lögreglunnar leiddi í ljós, að refsigrundvöllur var eigi fyrir hendi. Af hinum 3969 sektargerðum voru 1512 sendar ásamt viðeigandi lögregluskýrslum til sakadóms Reykjavíkur. Ástæðan var langoftast sú, að sökunautur hafði ekki sinnt boði um að ljúka málinu með greiðslu sektar innan tiltekins frests. Í nokkrum tilfellum höfðu sökunautar frammi mótbárur, sem talið var rétt að dómari fjallaði um.

Greinilegt er af þeirri reynslu, sem fengizt hefur á árinu 1967, að hin nýja málsmeðferð, sem rakin er hér að framan, mun geta létt mjög á dómstólum, ef rétt er á haldið. Gerir hún kleift að útkljá einföld umferðarmál á skjótan hátt, en þó með fullu réttaröryggi.

Brot á umferðarlögunum, sem afgreidd voru árið 1967 með sektargerð lögreglustjóra, voru af ýmsum tegundum. Oftast var um að ræða brot á ákvæðum um ökuhraða, en þar næst brot á ákvæðum um búnað ökutækja, vanrækslu á því að endurnýja ökuskírteini eða hafa það meðferðis við akstur, vanrækslu á því að færa ökutæki í skoðun, brot á reglum um öxulþunga o. s. frv. Öll voru brotin framin af aðilum búsettum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Tekið skal fram, að fjöldamörg minni háttar umferðarlagabrot, stöðu- og stöðvunarbrot, biðskyldubrot o. fl., voru afgreidd með sektargerð lögreglumanna, en um það eru eldri ákvæði í lögum."

Þetta segir lögreglustjóri um reynsluna af þessari lagabreytingu, sem gerð var 1966, að því er hans embætti áhrærir, og það staðfestir ótvírætt, að þessi breyting laganna hefur þar komið að góðu haldi, og vil ég vitna til þess umfram það, sem ég taldi áðan, að þetta hefði komið mjög í gagnið og orðið til þess að flýta málsmeðferð hjá sakadómaraembættinu í Reykjavík.

Fjölgun einkamálanna, sem dómstólarnir fá til meðferðar, hefur einnig orðið mjög stórkostleg á tiltölulega fáum árum, og á það má benda til upplýsinga í þessu efni, að í dómsmálaskýrslunni, sem fjallar um árin 1961—1965, er þess getið, að þingfest mál við bæjarþing Reykjavíkur voru 2946 árið 1961, en fjölgaði jafnt og þétt í 4551 1965 og urðu 1966 5068, og árið 1967 munu þau hafa orðið 6019 talsins. Málafjöldinn hefur þannig meira en tvöfaldazt á 6 árum, en eins og ég gat um í upphafi, eru mál þau, er fallið geta undir meðferð þá, er þetta lagafrv. gerir ráð fyrir, yfirgnæfandi meiri hluti þess fjölda. Má af því sjá, hve miklu varðar, að geta komið við vinnubrögðum, sem eru mun einfaldari og mun fljótvirkari.

Ég leyfi mér að öðru leyti að vísa til grg. frv. um tæknileg atriði, sem fram koma í einstökum greinum og skýrð eru í aths. Er hér um réttarfarstæknileg atriði að ræða, sem æskilegt er að verði frekar könnuð í n., en í hv. allshn., sem ég vil óska að málinu verði vísað til að umr. lokinni, eru meðal annarra ágætismanna tveir reyndir lögfræðingar. Að lokum vil ég svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 265, n. 407).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Máli þessu eru gerð mjög ítarleg og glögg skil í aths. við frv. og meðfylgjandi grg., þannig að ég sé ekki

ástæðu til að fara um þetta nema örfáum orðum. Eins og kunnugt er, hefur undanfarin ár verið unnið að því að hraða meðferð dómsmála. Má m.a. vísa til þess, að fyrir nokkrum árum var samþ. þáltill. á Alþ. í þá átt. Það, sem þetta frv. fjallar sérstaklega um, er að flýta afgreiðslu hinna svonefndu einfaldari skuldamála, sem hafa hrúgazt upp hjá dómstólunum á undanförnum árum og tekið ákaflega mikið af tíma þeirra, en það eru mál samkvæmt víxlum, tékkum og skuldabréfum og öðrum einhliða óskilyrtum skuldaviðurkenningum. Og þar er í langflestum tilfellum um að ræða mál, þar sem ekki er ágreiningur um fjárhæð eða skyldu, heldur eru þetta fyrst og fremst vanskilamál, þar sem skuldararnir hafa ekki staðið í skilum og skuldareigendurnir hafa orðið að leita ásjár dómstólanna til þess að fá dóma, svo að þeir gætu gengið að eignum skuldara til að innheimta kröfur sínar.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir þeirri breytingu og einföldun á meðferð þessara mála, að í stað þess, að dómari þurfi að kveða upp sérstakan dóm, geti hann við þingfestingu málsins eða síðar, þegar varnir falla niður af hálfu stefnda, áritað stefnuna og hún hafi þá í raun og veru sama gildi og dómur hefur í dag og verði þá aðfararhæf, en jafnframt er aðfararfrestur styttur í þessum málum úr 15 sólarhringum í 7. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Þetta liggur allt í raun og veru mjög ljóst fyrir og er ákaflega skýrt í aths. með frv. Þessu frv. var vísað til allshn. og samþ. hún einróma að mæla með því, að það yrði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
6.—18. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 84. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 85. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mál þetta hefur hlotið afgreiðslu í Ed. Í sambandi við þetta mál vil ég minna á dómsmálaskýrslu, sem ég lagði fram haustið 1966 hér á Alþ., en þessi skýrsla fól í sér yfirlit yfir meðferð og afgreiðslu dómsmála og átti að skapa grundvöll til frekari athugunar í þá átt að hraða meðferð dómsmála í landinu og einnig að gera aðrar umbætur á grundvelli fenginnar reynslu, sem æskilegar teldust. Í framhaldi af þessari skýrslugerð skipaði ég sérstaka dómsmálanefnd til þess að hafa áfram með höndum athugun á ýmsum atriðum í sambandi við haganlegri meðferð dómsmála og einnig endurskoðun á dómaskipun í landinu. Og frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið að tilhlutun þessarar n. af þeim Magnúsi Thoroddsen borgardómara og Stefáni M. Stefánssyni, fulltrúa yfirborgardómara. En því er ætlað að gera mögulega mun hraðari meðferð verulegs hluta hinna einfaldari einkamála.

Eins og segir í grg., er lagabreytingu þeirri, sem hér er um að ræða, ætlað að stuðla að hraðari afgreiðslu nokkurra einfaldari dómsmála, sem þannig er farið, að ætla megi, að stafi eingöngu af getuleysi skuldara til að greiða. Þau mál, sem falla mundu undir ákvæði þessa lagafrv., eru t. d. yfirgnæfandi meiri hluti þeirra mála, sem nú er stefnt fyrir bæjarþing Reykjavíkur. Fjórir fulltrúar yfirborgardómara eru nú nær eingöngu bundnir við afgreiðslu þessara mála og mikið vélritunarstarf fer í að endurrita dóma í málum þessum.

Sú nýja meðferð, sem hér er lagt til, að tekin verði upp með þessu frv., er í því fólgin, að stefna í málum, sem ætlað er að sæta þeirri meðferð, þarf að vera í sérstöku skýru formi, sem inniheldur áskorun til skuldara um að greiða skuldakröfuna, en dómari getur síðan, ef lögvörnum er ekki haldið uppi, svo sem langtíðast er í málum þessum, lokið málinu með áritun á stefnuna um aðfararhæfi. Hefur stefnan með þessu hlotið sama gildi og venjulegur dómur. Hefur þá með þessari meðferð sparazt, eins og ég sagði áðan, talsverð vélritunarvinna og umfangsmeiri vinna dómaranna sjálfra. Jafnframt munar verulega um þann tíma, sem skuldareigandi vinnur með hraðari gangi málsins, en málum þessum er þannig háttað, að skuldheimta hans er jafnan engum vafa bundin og því réttmætt, að hann fái, svo skjótt sem við verður komið, aðstöðu til þess að tryggja sér greiðslu hjá skuldara, eftir því sem efni standa til.

Það er mjög athyglisvert, að fjölgun einkamála, sem dómstólarnir fá til meðferðar, hefur orðið mjög stórkostleg á tiltölulega fáum árum undanfarið. Það má benda á það til upplýsingar í þessum efnum, að í dómsmálaskýrslunni, sem fjallar um árið 1961—1965, er þess getið, að þingfest mál við bæjarþing Reykjavíkur voru 2946 árið 1961, en fjölgaði jafnt og þétt í 4551 árið 1965 og urðu árið 1966 5068 og árið 1967 6019 talsins. Málafjöldinn hefur meira en tvöfaldazt á 6 árum, en eins og ég gat um í upphafi, eru mál þau, er fallið geta undir meðferð þá, sem þetta lagafrv. gerir ráð fyrir, yfirgnæfandi meiri hluti þessa fjölda. Má af þessu ráða, hversu miklu varðar að geta komið við vinnubrögðum, sem eru mun einfaldari og mun fljótvirkari.

Ég leyfi mér að öðru leyti að vísa til grg. frv. um tæknileg atriði, sem fram koma í einstökum greinum og skýrð eru í aths. Ég er þakklátur þeim mönnum, sem hafa unnið að samningu þessa frv.,

en það eru ungir embættismenn og það er unnið að tilstuðlan dómsmálanefndarinnar. Ég hygg, að hér sé um að ræða mjög verulegar umbætur á dómsmálameðferð á vissu sviði hjá okkur. Þessi meðferð mála er aðallega sniðin, eins og kemur fram í grg., eftir þýzkum og austurrískum rétti. Mér er kunnugt um, að þetta frv. hefur þegar vakið nokkra athygli hjá nágrönnum okkar á Norðurlöndum, sem hafa óskað eftir að fá þýðingar af því og fylgjast með því, hvernig því reiðir af hér í þinginu.

Ég vildi því leyfa mér að mælast til þess, að málið geti fengið góða afgreiðslu nú, og ég geri ekki ráð fyrir ágreiningi um það í þessari hv. d. fremur en í Ed., þar sem samkomulag varð um málið.

Ég vil leyfa mér að svo mæltu, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 265, n. 576, 575).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. Gerði hún ekki á því neinar breytingar, heldur samþykkti það eins og það var lagt fyrir. Eftir að frv. var vísað til allshn. Nd., óskaði stjórn Lögmannafélags Íslands eftir viðræðu við n. um frv. og hafði allmargar aths. fram að færa um það. Sendi hún nefndinni síðan aths. sínar skriflega og tók n. þær til athugunar. N. ræddi einnig við ráðuneytisstjóra dómsmrn., Baldur Möller, sem er formaður þeirrar n., sem dómsmrh. skipaði haustið 1966 til að fjalla um endurskoðun á dómaskipan í landinu, og enn fremur ræddi n. við yfirborgardómara í Reykjavík, Hákon Guðmundsson.

N. varð að lokum sammála um að leggja til, að gerðar yrðu nokkrar breytingar á frv. Þær breytingar eru prentaðar á þskj. 575 og er veigamesta brtt. við 1. gr., að í stað orðsins „skulu" í upphafi greinarinnar komi „mega", en með því er lögmönnum veitt valfrelsi um hvora leiðina þeir nota, samkvæmt þessu frv., ef að l. verður, eða hina eldri leið. Er það gert til þess að koma til móts við óskir Lögmannafélagsins, og formaður n., ráðuneytisstjóri dómsmrn. og yfirborgardómari hafa lagt á það mjög mikla áherzlu, að Alþ. afgreiddi frv. og vilja fyrir sitt leyti fallast á þessar breytingar, ef það yrði til þess, að frv. næði fram að ganga. Þessari lagabreytingu er ætlað að stuðla að hraðari afgreiðslu nokkurra einfaldari dómsmála, sem þannig er farið, að ætla megi að stafi eingöngu af getuleysi skuldara til að greiða. Eru mál, sem falla undir ákvæði þessa lagafrv., yfirgnæfandi meiri hluti þeirra mála, sem nú er stefnt fyrir bæjarþing Reykjavíkur. Fjórir fulltrúar yfirborgardómara eru nú eingöngu bundnir við afgreiðslu þessara mála og mikið vélritunarstarf fer í að vélrita endurrit af dómum í málum þessum.

Það kemur fram í bréfi til dómsmrh. frá yfirborgardómara í Reykjavík, að á árinu 1967 voru þingfest 6019 mál á móti 5068 málum árið á undan. Varð aukningin því tæplega 20%, og segir borgardómari, að ætla megi, að aukningin muni halda áfram svipað og verið hefur á undanförnum árum. Þrátt fyrir þessa breytingu, sem n. leggur til, að í stað orðsins skulu í 1. gr. frv. komi „mega" ætlar yfirborgardómari, að vel flestir lögmenn muni nota sér hina greiðari leið samkvæmt þessu frv., þó að þeir hafi valfrelsi í sambandi við þennan málarekstur.

Aðrar brtt. eru nánast til að gera ákvæði skýrari heldur en þau eru í frv. og eru settar fram samkvæmt ábendingu Lögmannafélagsins. Ég held, að ég megi segja, að með því að gera þessar brtt. á frv., hafi náðst samkomulag við Lögmannafélagið og sömuleiðis samkomulag við formann n., ráðuneytisstjórann í dómsmrn. og yfirborgardómarann í Reykjavík um frv. Frá þeirra sjónarmiði séð telja þeir auðvitað þessa breytingu vera til hins verra, en telja, að ef það mætti verða til þess, að frv. fengi greiðari afgreiðslu og yrði að lögum á þessu þingi, þá vildu þeir það heldur en að frv. næði ekki fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 575,1 samþ. með 31 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 575,2 samþ. með 30 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 575,3 samþ. með 29 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 575,4 (ný 10. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
11.—16. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 575,5 (ný 17. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 616).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 95. fundi í Ed., 18. apríl, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 669).

45. Stofnfjársjóður fiskiskipa.

Á 75. fundi í Ed., 26. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um Stofnfjársjóð fiskiskipa [171. mál] (stjfrv., A. 420).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Annars vegar gerir þetta frv. ráð fyrir 124 millj. kr. greiðslu til styrktar þorskveiðiflotanum, en sú upphæð er veitt úr ríkissjóði samkv. öðru frv., sem nú er fyrir þinginu. Hins vegar fjallar frv. um notkun þessarar upphæðar, en þar er stefnt að því fyrst og fremst að auðvelda skipaeigendum greiðslu afborgana og vaxta af stofnlánum skipa sinna. Við fiskverðsákvarðanir undanfarin ár hefur þeirri stefnu verið fylgt, að sjómenn á þorskveiðiflotanum skyldu a. m. k. halda í við aðrar starfsgreinar, að því er tekjur snertir, miðað við þann afla, sem vænta má. Þessari meginstefnu var enn fylgt í vetur við ákvörðun á fiskverðinu fyrir árið 1968. Með úrskurði oddamanns í yfirdómi verðlagsráðs um verð á þorski o. fl. í jan. s. l., var ákveðin 10% hækkun, og var þá miðað við það, að sjómenn fengju hækkun á sínum tekjum, sem telja mætti eðlilega miðað við þær hækkanir, sem aðrar starfsgreinar í landi höfðu fengið á árinu.

Nú kom hins vegar upp vandamál, sem stóð annars vegar í sambandi við gengislækkunina, en hins vegar í sambandi við hlutaskipti. Fyrir áhrif gengisbreytingarinnar hlaut að verða veruleg hækkun á ýmsum veigamiklum kostnaðarliðum útgerðarinnar. Hins vegar varð það augljóst, að með þeim hlutaskiptum, sem í gildi eru, hrökk 10% fiskverðshækkun, sem tryggði sjómönnum þá afkomu, sem áður getur, hvergi nærri til þess, að veiðiskipin gætu vænzt viðunandi afkomu á þorskveiðum á þessu ári. Var þá miðað við árið 1965, sem talið var sæmilegt ár, en hins vegar gengið út frá aflamagni eins og það var 1966 og að því stefnt, að afkoman gæti orðið svipuð á árinu 1968 og verið hafði út frá þessum forsendum árið 1965.

Þegar tekið hafði verið tillit til alls þessa, var augljóst, að ekki varð hjá því komizt, ef tryggja átti þorskveiðiútgerðinni þessa afkomu, að sjá henni fyrir beinu framlagi í einni eða annarri mynd. Við fiskverðsákvörðunina var því yfir lýst af oddamanni, að ríkisstj. hefði heitið greiðslu, 124 millj. kr., úr ríkissjóði til þorskveiðiútgerðarinnar á árinu 1968, en jafnframt var ákveðið, til hvers þetta fé skyldi notað.

Efling fiskveiðasjóðs á undanförnum árum hefur gert honum kleift að standa undir hinni stórkostlegu endurnýjun og aukningu fiskiskipaflotans undanfarin ár. Áframhaldandi uppbygging og efling sjóðsins byggist á því, að afkoma útgerðarinnar sé góð, svo að hún geti greitt vexti og afborganir af lánum sínum í fiskveiðasjóðinn. Verði það ekki, er sjóðurinn í hættu og geta hans til þess að standa undir viðhaldi og endurnýjun flotans þá einnig. Einmitt þetta kom fljótt í ljós, þegar halla tók undan fæti að því er varðaði afkomu fiskiflotans. Fyrst kom þetta til með þann flota minni skipa, er stunda þorskveiðar, en síðan bættist síldveiðiflotinn við, er síldveiðiaflinn brást á árinu 1967. Þessar breytingar á afkomu fiskiskipaflotans til hins verra komu fljótlega fram í getuleysi eigenda bátanna til að standa í skilum með greiðslur vaxta og afborgana af stofnlánum skipanna í fiskveiðasjóði.

Fyrri hluta ársins 1967 var tekin sú ákvörðun að gera sérstakar ráðstafanir til þess að auðvelda eigendum hinna minni þorskveiðiskipa að standa í skilum við fiskveiðasjóð, en allmikil vanskil höfðu safnazt þar fyrir á undangengnum tímabilum. Þessar ráðstafanir þýddu hins vegar það, að í bili yrðu tekjur fiskveiðasjóðs af vöxtum og afborgunum af þessum skipalánum minni á því ári en átt hefðu að vera að réttu lagi. Enn alvarlegra var þó það áfall, sem síldveiðarnar orsökuðu síðari hluta ársins 1967, því að einmitt sá floti, sem síldveiðarnar stundar, hafði fram að þeim tíma haft mun betri aðstöðu en hin minni skip til að standa í skilum með skuldbindingar sínar við fiskveiðasjóð. Hið stórkostlega tekjutap síldveiðiflotans leiddi óhjákvæmilega af sér getuleysi þessa flota til þess að standa í skilum með greiðslur afborgana og vaxta af stofnlánum skipanna, og eftir atvikum taldi stjórn fiskveiðasjóðs þá, að ekki yrði hjá því komizt að veita þessum flota frest á greiðslum afborgana, sem enn hlaut að þýða verulegan tekjumissi fyrir sjóðinn. Hér var að sjálfsögðu um algera neyðarráðstöfun að ræða, sem mótaðist af því erfiða ástandi, sem veiðibresturinn á síldveiðunum og erfiðleikarnir yfirleitt við síldveiðar s.l. ár höfðu skapað.

Þegar litið er á þessar staðreyndir, var það eðlilegt, þegar til þess kom að greiða beint framlag til styrktar þorskveiðiflotanum, að það framlag yrði þá fyrst og fremst notað til þess að auðvelda mönnum að standa í skilum með greiðslu afborgana og vaxta á þeim lánum, sem á skipunum hvíla. Þegar á það er litið, að mestur hluti þeirra stofnlána, sem á skipunum hvíla, er úr fiskveiðasjóði, var það einnig ljóst, að slík ráðstöfun mundi færa fiskveiðasjóði nokkrar tekjur og auðvelda honum jafnframt innheimtu á vöxtum og afborgunum af skipalánum.

Frv. gerir því ráð fyrir, að sett verði upp sérstök deild við Fiskveiðasjóð Íslands og muni hún taka við fyrrgreindri greiðslu ríkissjóðs á árinu 1968, en þeim peningum, sem þannig koma, verði fyrst og fremst varið til greiðslu afborgana og vaxta af lánum úr fiskveiðasjóði. Svo sem greinilega kemur fram í frv., er meginregla þess sú, að greiðslur úr sjóðnum séu vegna stofnfjárskulda. Skipting framlags ríkissjóðs til sjóðsins á milli skipanna ákvarðast af aflaverðmæti þeirra á árinu 1968 á þorskveiðum, en þær undantekningar eru þó gerðar, að þetta nær ekki til togaranna, enda var í

umr. um þetta í vetur út frá því gengið við fulltrúa útvegsmanna, og enn fremur, eins og áður segir, nær þetta aðeins til þorskveiðiflotans og því eru undanskildar síldveiðar og einnig rækjuafli og loks sá afli, sem landað er úr veiðiskipi til sölu erlendis. Hins vegar nær þetta til afla á humarveiðum, enda má segja, að þar sé einnig um blandaðar veiðar að ræða, þar sem nokkuð veiðist af bolfiski um leið og humarinn er veiddur.

Skipting sjóðsins á milli fiskiskipanna byggist á skýrslum frá Fiskifélagi Íslands um afla og aflaverðmæti fiskiskipanna á þeim veiðum, sem hér koma til með að heyra undir. Hvert það fiskiskip, sem þetta nær til, fær því sama hundraðshluta úr þessum sjóði í sinn hlut eins og aflaverðmæti þess skips nemur af heildarverðmæti allra þeirra skipa, sem þetta nær til.

Eftir að sinnt hefur verið meginhlutverki þessa sjóðs, þ.e. að greiða meginverð skipanna hjá stofnfjársjóði, gjaldfallnar afborganir og vexti og annan kostnað af lánum úr fiskveiðasjóði, sem tryggð eru með veði í skipinu, getur svo að sjálfsögðu farið, að eftirstöðvar verði á innstæðum einstakra skipa í stofnfjársjóðnum sjálfum. Í 8. og 9. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ef slík tilfelli koma fyrir, geti eigandi skips, sem innstæðuna á í stofnfjársjóði, notað það, sem þannig verður eftir af fénu, til ýmiss konar annarra greiðslna, en þó verður heimild fiskveiðasjóðs að koma til, áður en af slíku getur orðið. Þar má t.d. nefna, að til greina koma greiðslur til annarra opinberra sjóða og einnig greiðsla kostnaðar við vélaskipti í skipinu eða endurbætur á því, en það er sameiginlegt öllum þessum greiðslum, að þær tilheyra stofnkostnaði skipsins eða þá meiri háttar framkvæmdum í sjávarútvegi.

Það er augljóst, að ráðstöfun á þessu fé samkv. 8. og 9. gr. getur skipt allmiklu máli fyrir innstæðueigendur, þar sem þar er um margvíslega möguleika að ræða, sem geta haft áhrif á rekstur þeirra. Það er því eðlilegt að gera ráð fyrir því, að fulltrúar samtaka útvegsmanna geti átt kost á því að láta í té umsögn, áður en kemur til ákvarðana um ráðstöfun á innstæðum samkv. fyrrnefndum greinum. Þá verður að gera ráð fyrir því tilviki, að innstæða sé í stofnfjársjóði eftir að allar gjaldfallnar greiðslur vegna stofnlána skipsins hafa verið greiddar og það enn fremur, að ekki sé fyrirsjáanlegt eða líklegt, að viðkomandi aðili muni ráðast í neinar þær framkvæmdir, sem gert er ráð fyrir að verja megi fé til. Gæti þá svo farið, að fé yrði fast í stofnfjársjóði og lægi þar ónotað, þar sem enginn grundvöllur væri til að ráðstafa því til þeirra þarfa, sem frv. annars gerir ráð fyrir. Það verður því að teljast eðlilegt, að undir slíkum kringumstæðum sé heimild til þess að greiða skipseiganda innstæðu skipsins hjá stofnfjársjóði, eins og gert er ráð fyrir í 10. gr. frv.

Þar sem innstæður í stofnfjársjóði eru ætlaðar til greiðslu tiltekinna gjalda vegna skipsins, eins og fyrst og fremst er ákveðið í 7. gr. frv. og einnig í 8. og 9. gr., verður ekki hjá því komizt að tryggja, að ekki megi leggja löghald á þessar innstæður eða taka þær fjárnámi eða lögtaki og enn fremur að óheimilt sé að veðsetja eða ávísa á innstæður, og þannig eru ákvæði 11. gr. til komin. Það er augljóst, að innstæða getur aðeins myndazt í stofnfjársjóði í sambandi við aflaverðmæti skipsins og því er það eðlilegt, að innstæða fylgi skipinu undir öllum kringumstæðum. Vegna þess er einnig nauðsynlegt að tryggja það, að nafni skips, umdæmisbókstöfum og umdæmisnúmeri verði ekki breytt, nema fiskveiðasjóður hafi gefið til þess leyfi sitt, en ákvarðanir um þessi atriði eru í 12. og 13. gr. frv.

Gert er ráð fyrir því, að lög þessi taki þegar gildi, en til þess að allur afli ársins verði reiknaður með í aflaverðmæti þessa flota, sem frv. tekur til, var nauðsynlegt að hafa um það ákvæði, eins og er í 15. gr. frv., að ákvæði þessi um aflaverðmæti nái til tímabilsins frá ársbyrjun 1968, því að skipting sjóðsins hlýtur að miðast við aflaverðmæti alls ársins 1968.

Þegar kunnugt varð um þetta framlag ríkissjóðs í sambandi við fiskverðsákvörðunina 15. jan. s.l. má gera ráð fyrir því, að þau tilvik hafi verið, að fiskiskip hafi verið leigð til lengri eða skemmri tíma á árinu 1968. Með því að mönnum var fyrir þann tíma ekki kunnugt um, að þetta framlag kæmi, hefur ekki verið hægt að gera ráð fyrir því í þeim leigusamningum, sem til urðu fyrir þennan tíma. Þar sem innstæða í stofnfjársjóði er bundin við skip, en myndast hins vegar af aflaverðmætinu, er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir því, að leigutaki skips fái notið þeirra tekna, sem af aflaverðmæti skipsins leiðir, þar sem í leigusamningi hefur verið gert ráð fyrir því, eðli málsins samkv., að skipseigandi greiddi af stofnlánum skipsins. Bráðabirgðaákvæðið gerir því ráð fyrir þessum möguleika, að heimilt sé að draga það fé frá leigufjárhæðinni, sem aflaverðmæti á leigutímanum veitir rétt til úr stofnfjársjóði fiskiskipa. Í leigusamningum, sem gerðir hafa verið eftir að kunnugt varð um þetta framlag, verður að gera ráð fyrir, að tillit sé tekið til framlagsins, sem frv. gerir ráð fyrir.

Hitt bráðabirgðaákvæðið er staðfesting á samkomulagi, sem gert var í verðlagsráði sjávarútvegsins í sambandi við verðlagningu á síld til bræðslu á tímabilinu jan.—febr. 1968. Samkv. þessu ákvæði eiga eigendur fiskiskipa, sem stunduðu síldveiðar á tímabilinu 1. jan.—29. febr., rétt til þátttöku í stofnfjársjóði, og er þetta eina undantekningin í frv. frá þeirri reglu, að síldveiðiskip skuli ekki tekin með. Til að standa undir kostnaði af þessari þátttöku greiðist stofnfjársjóði 1 millj. kr. af stofnframlagi til verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, samkv. ákvæðum í lögum um ráðstafanir á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum, sem samþ. voru í des. s. l. Um skiptingu þessarar fjárhæðar milli fiskiskipanna, sem þátt tóku í síldveiðum á þessu tímabili, og um ráðstöfun innstæðna fer að sjálfsögðu eftir sömu reglum og almennt eru í frv.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um frv. fleiri orð á þessu stigi málsins, nema frekara tilefni gefist til, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 420, n. 553).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til l. um stofnfjársjóð fiskiskipa er flutt til að fullnægja einu ákvæði þess samkomulags, sem gert var, þegar fiskverð fyrir yfirstandandi ár var ákveðið í janúarmánuði s.l. Eins og kunnugt er, hækkaði fiskverð á þorski og öðrum bolfiski um 10%. Talið var, að sú verðhækkun gæfi sjómönnum þá tekjuhækkun, sem nægði til þess, að þeir fengju leiðréttingu eða tekjuaukningu til jafns við aðrar starfsgreinar. Það var hins vegar mat Efnahagsstofnunarinnar, að þessi fiskverðshækkun ein út af fyrir sig nægði ekki til að tryggja rekstur vertíðarbátsins. Var því talið óhjákvæmilegt, að ríkissjóður veitti nokkurn viðbótarstyrk til þess að tryggja rekstur sjávarútvegsins. Einn þáttur þeirra framlaga úr ríkissjóði, sem hér um ræðir, er fólginn í þessu frv. um stofnfjársjóð fiskiskipa.

Sjóður þessi, sem ákveðið er að fái 124 millj. kr. úr ríkissjóði á árinu 1968, skal vera sérstök deild við fiskveiðasjóð. Fjárupphæðinni skal skipt milli fiskiskipa eftir aflaverðmæti og í hlutfalli við heildaraflamagn fiskveiðiflotans, og eignast skipin innstæðu í stofnfjársjóðnum í samræmi við það. Eins og fram kemur í 2. gr. frv., er það meginhlutverk stofnfjársjóðsins að veita eigendum fiskiskipa aðstoð til þess að standa straum af stofnfjárkostnaði fiskiskipa sinna og þá fyrst og fremst með því að greiða afborganir og vexti af lánum þeim, sem veitt hafa verið úr fiskveiðasjóði og tryggð eru með veði í skipunum. Eignist skipseigandi hins vegar meiri innstæðu í stofnfjársjóðnum en þarf til þess að gera full skil við fiskveiðasjóð, þá er einnig heimilt að verja inneigninni til greiðslu gjaldfallinna afborgana og vaxta af stofnlánum vegna skipsins eða til greiðslu annarra skulda vegna þess hjá öðrum opinberum sjóðum. Samkv. 9. gr. frv. er enn færð út heimildin fyrir skipseiganda til þess að notfæra sér innstæðu í sjóðnum að fullnægðum þeim greiðslum, sem um getur varðandi stofnlánin. Þá er heimilt að leyfa skipseiganda að nota það, sem þá kann að vera fyrir hendi, til þess að standast kostnað við að skipta um vél í bátnum eða við aðrar verulegar endurbætur á skipinu. Þá er einnig heimilt að verja, þegar þannig stendur á um innstæðu í sjóðnum, upphæðum til kaupa á öðru fiskiskipi eða til greiðslu kostnaðar við meiri háttar framkvæmdir í sjávarútvegi.

Eins og fram kemur í nál., leggur n. til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem hún hefur leyft sér að flytja og fram koma á þskj. 553. Fyrri brtt. kveður á um það, að Fiskifélagi Íslands beri að senda Fiskveiðasjóði Íslands skýrslu um afla og aflaverðmæti allra fiskiskipa ársfjórðungslega í stað þess, sem í frv. segir: „eigi sjaldnar en misserislega."

Fiskifélag Íslands safnar slíkum skýrslum eigi sjaldnar en mánaðarlega. Þess vegna er ekki talið óeðlilegt, að þessi skýrslugerð fari fram eins og hér er lagt til. Seinni brtt. er í því fólgin, að aftan við 12. gr. komi ný mgr., sem kveður á um það, að þegar svo stendur á, að skip ferst eða verður dæmt ónýtt, hvort heldur sem er af völdum þurrafúa eða af einhverjum öðrum ástæðum, þá skuli innstæða hjá stofnfjársjóði falla til skipseiganda. Um þetta efni eru engin ákvæði í frv. og því taldi n. rétt að flytja þessa brtt.

Ég hef nú í stórum dráttum getið þess helzta, sem máli skiptir varðandi afgreiðslu þessa máls, en ég vil þó að lokum láta það álit mitt í ljós um frv., að ég tel, að hér sé um mikið og gott málefni að ræða fyrir íslenzkan sjávarútveg, og enda þótt tekjur sjóðsins í framtíðinni séu í dag óráðnar, hygg ég, að með þessu frv. sé lagður grundvöllur að því að tryggja einn veigamesta þáttinn í okkar áhættusama sjávarútvegi.

Herra forseti. Ég vil að svo mæltu leyfa mér að vænta þess, að brtt. n. verði samþ. og frv., þannig breyttu, verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 553,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
5.—11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 553,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
13.—15. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 568).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 95. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 96. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 568, n. 602).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. það um stofnfjársjóð fiskiskipa, sem hér liggur fyrir til umr. og afgreiðslu, er lagt fyrir Alþ. í sambandi við þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til aðstoðar útveginum vegna erfiðrar afkomu hans.

Þegar fiskverð var ákveðið um s.l. áramót og fiskverð til fiskseljenda hækkaði um 10%, þá gaf sú fiskverðshækkun að vísu sjómönnum á þorskveiðum kjarabót, sem gat talizt eðlileg miðað við aðrar starfsgreinar, en það var aftur á móti augljóst, að hlutur útgerðarinnar mundi ekki vera nægilegur til þess, að bátarnir gætu vænzt viðunandi afkomu á þorskveiðum á árinu 1968.

Meðal þeirra ráðstafana, sem samkomulag varð svo um við forsvarsmenn útvegsins, var það, að ríkissjóður skyldi á þessu ári leggja fram 124 millj. kr., sem renna eiga í sérstaka deild hjá fiskveiðasjóði, til þess að standa undir afborgunum og vöxtum af lánum útgerðarinnar hjá sjóðnum, sem fyrirsjáanlegt er, að útgerðin getur ekki risið undir miðað við þær afkomuhorfur, sem við blasa. Þetta frv. felur þess vegna í sér, að við fiskveiðasjóð verði stofnuð sérstök deild, sem nefnist stofnfjársjóður fiskiskipa. Í 2. gr. frv. er kveðið á um meginhlutverk sjóðsins, en það er að veita eigendum fiskiskipa aðstoð við að standa straum af stofnfjárkostnaði fiskiskipa sinna, og þá fyrst og fremst með því að greiða afborganir og vexti af lánum þeim, sem veitt hafa verið af fiskveiðasjóði og tryggð eru með veði í skipunum. Stofnféð verður samkv. 3. gr. frv., eins og ég áðan gat um, 124 millj. kr., og leggur ríkissjóður það fram á þessu ári, en um tekjur sjóðsins í framtíðinni hefur ekki verið ákveðið.

Það eru svo í frv. nánari ákvæði um, eftir hvaða reglum þessi sjóður skuli skiptast milli skipaeigenda, en það er í meginatriðum eftir heildarfiskimagni hlutfallslega, og var kveðið svo á í upphaflega frv., að Fiskifélag Íslands skyldi senda fiskveiðasjóði eigi sjaldnar en misserislega skýrslur, þannig að hægt væri samkvæmt þeim að reikna út aflaverðmæti fiskiskipanna og finna út, hvað kæmi í hlut hvers og eins á sérstökum reikningi hjá sjóðnum. Í meðförum hv. Ed. var þessu ákvæði 4. gr. breytt, þannig að í staðinn fyrir að skýrslur Fiskifélagsins áttu að koma misserislega til sjóðsins, þá stendur nú í frv., að það eigi að skila þeim ársfjórðungslega.

Í sjútvn. þessarar hv. d. ræddum við lítillega um þessa breytingu, og þar kom fram sú skoðun, að breytingin mundi naumast hafa raunverulega þýðingu, vegna þess að skýrslur Fiskifélagsins eru eingöngu um heildarfiskmagn, en ekki um verð á aflanum. Það er ekki hægt að reikna verðið út fyrr en í fyrsta lagi í vertíðarlok á aðalvertíðinni og sennilega ekki fyrr en í árslok vegna síðari hluta árs, en að sjálfsögðu er það hagsmunamál útvegsmanna sjálfra, að þessar skýrslur berist á réttum tíma, því að eftir því, sem meiri dráttur verður á, að þær berist, dregst það lengur að þeir fái uppgjör á sínu innleggi í þennan sjóð. Þess vegna var ekki talin ástæða til að breyta þessu aftur í upphaflegt form, þó að nefndin dragi í efa, að breytingin hafi praktíska þýðingu.

Síðan er í frv. kveðið á um, að verja megi innstæðum útgerðarmanna í stofnfjársjóði fiskiskipa til annarra hluta en til greiðslna á afborgunum og vöxtum hjá fiskveiðasjóði, og er þá fyrst og fremst gert ráð fyrir, að þær greiðslur gangi til þess að gera upp vanskil hjá öðrum stofnlánasjóðum, en einnig að verja megi sjóðnum til nýrra framkvæmda eða til endurnýjunar á skipi, ef viðkomandi útgerðarmaður er ekki skuldugur við stofnlánasjóðina.

Við 12. gr. frv. gerði hv. Ed. þá breytingu, að bætt var við greinina því, sem stendur nú í síðari málsl.: „Ef skip ferst eða verður dæmt ónýtt, skal innstæða hjá stofnfjársjóði falla til skipseiganda."

Þessari breytingu er sjútvn. d. algjörlega sammála, og sér ekki ástæðu til að gera neinar athugasemdir við hana.

Um 13. gr. urðu nokkrar umr. í n., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Óheimilt er að breyta nafni skips, sem aðild á að stofnfjársjóði, umdæmisbókstöfum eða umdæmisnúmeri, nema að fengnu skriflegu leyfi stjórnar fiskveiðasjóðs."

Þetta þótti sumum nm. nokkuð strangir kostir, en sáu þó ekki ástæðu til að gera við það athugasemdir eða brtt. Niðurstaðan af athugun sjútvn. á frv. er sú, að við leggjum til, að það verði samþykkt óbreytt.

Ég vil geta þess, að persónulega lít ég þannig á þá ráðstöfun, sem gerð er með þessu frv., að hún eigi eingöngu að miðast við það erfiðleikaástand, sem skapazt hefur hjá útgerðinni um þessar mundir. Ég álít, að það sé ekki æskileg þróun að gera mikið meira af því en gert hefur verið, að ríkissjóður taki að sér að greiða einstaka kostnaðarliði hjá útgerðinni, því að sé það gert langtímum saman, skapast sá hugsunarháttur hjá viðkomandi aðilum, að um þessi mál þurfi þeir ekki frekar að hugsa eða hafa af þeim áhyggjur.

Við höfum nokkra reynslu af þessu varðandi vátryggingargjöldin, sem undanfarin ár hafa verið greidd fyrir milligöngu ríkisins, þannig að hluti af útflutningsgjaldi hefur runnið til þess að greiða vátryggingargjöldin. Mín skoðun er sú, að þetta fyrirkomulag hafi skapað mjög mikið vandræðaástand í tryggingarmálunum, ástand,

sem við erum ekki búnir að greiða fram úr ennþá, og sem gerir það að verkum, að nú liggur hér fyrir þinginu frv. um hækkun og tilfærslu á útflutningsgjöldunum, sem alls ekki er æskileg miðað við þær aðstæður, sem við búum við í dag.

Ég skal ekki ræða það mál frekar, en ég tel, að vátryggingariðgjöldin hafi hækkað óeðlilega mikið, vegna þess að þetta fyrirkomulag býður þeirri hættu heim, að tjónakröfur á tryggingarfélögin verði óeðlilega miklar. Þau mæta að sjálfsögðu tjónakröfunum með því að hækka iðgjöldin. En meðan útgerðin fær iðgjöldin greidd gegnum ríkissjóð, þó að gjaldið sé tekið af sjávarútveginum, hugsa menn ekki nægilega vel um þessi mál, og af þeirri hagsýni, og með því aðhaldi, sem vera þyrfti. Ég er anzi hræddur um, að ef það ástand, sem nú ríkir, verður varanlegt, að við þurfum að greiða vexti og afborganir af stofnlánum með svipuðum hætti, geti það haft alvarlegar afleiðingar.

Ég vil þess vegna nota þetta tækifæri til að benda á þessa hættu, þó að mér sé ljóst, að eins og sakir standa er ekki um annað að ræða en að fara þessa leið. Ég vona, að strax þegar afkomuhorfur útgerðarinnar batna, verði horfið frá þessu hvorutveggja, þ.e. að greiða vexti og afborganir á þennan hátt, sem nú er lagt til, og að greiða tryggingariðgjöld með því móti, sem gert hefur verið undanfarin ár. Það má segja, að það sé hægt að vera hygginn eftir á, en ég álít, að einmitt á meðan góðæristímar gengu yfir útgerðina, hafi alls ekki átt að hafa þann hátt á greiðslu tryggingariðgjaldanna, sem gert hefur verið.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, herra forseti, en endurtek það, að sjútvn. mælir með frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—15. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 674).

46. Kosningar til Alþingis.

Á 8. fundi í Nd., 24. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959 [20. mál] (stjfrv., A. 20).

Á 10. fundi í Nd., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 480 og 482, 224, 303, 437).

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, hefur legið fyrir allshn. síðan mjög snemma á þessu þingi, en n. taldi ekki ástæðu til þess að afgreiða frv. frá sér, fyrr en frv. til stjórnarskipunarlaga væri komið til n., og taldi rétt að afgreiða það á undan, svo sem hefur nú verið gert fyrir nokkru. N. er sammála um að samþykkja frv., eins og það var lagt hér fram, en í frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á 33. gr. stjórnarskrárinnar, sem samþ. var á síðasta Alþ. og nú þegar hefur verið afgreitt, er gert ráð fyrir, að kosningarréttur og þar með talið kjörgengi skuli miðast við 20 ára aldur í staðinn fyrir 21 árs aldur, og einnig er sú breyting gerð, að fellt er niður 5 ára búsetuskilyrði fyrir kosningarrétti. Í samræmi við þessa breytingu samkv. ákvæðum stjórnarskrárinnar þarf að breyta samsvarandi ákvæðum um kosningar til Alþ., og þess vegna var þetta frv. fram borið, og n. er um það sammála, eins og það liggur fyrir.

Hins vegar tók n. til athugunar og afstöðu til tveggja till., sem fram komu um breyt. á l. um kosningar til Alþingis. Það er í fyrsta lagi till., sem prentuð er á þskj. 303, frá 4 alþm., Halldóri E. Sigurðssyni, Ásgeiri Péturssyni, Benedikt Gröndal og Jónasi Árnasyni, en það er sú breyting, sem þeir leggja til, að á eftir 1. málsl. 2. mgr. 58. gr. l. komi ný mgr., svo hljóðandi:

„Þar sem fleiri en eitt hreppsfélag eiga í sameiningu félagsheimili, skal hreppsnefnd heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað í félagsheimilinu, þó að það sé ekki staðsett innan hreppsins."

Meiri hl. allshn. vill gera breyt. á 58. gr. l., þar sem ég tel, að meiri hl. n. komi alveg til móts við flm. þessarar till., en vill gera þetta heimildarákvæði rýmra, ekki eingöngu miða það við félagsheimili, og leggur því meiri hl. allshn. til, að viðbót við 58. gr. kosningalaga verði þessi:

„Hreppsnefnd er heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað utan hreppsfélagsins."

Um þetta atriði þarf ég ekki að hafa fleiri orð. Það getur verið ástæða til og vilji hreppsnefndar að hafa kjörstað utan síns hrepps fyrir hreppsfélagið eða einhvern hluta hreppsfélagsins ef þannig háttar til í samgöngulegu tilliti.

Þá ræddi n. um fram komna till. frá hæstv. dómsmrh. Dómsmrh. hefur sagt mér, að fyrri till., sem hann lagði hér fram, mundi hann taka aftur. Hún er prentuð á þskj. 224. Hann lagði svo fram till., sem prentuð er á þskj. 437, og hann mun

vitaskuld gera grein fyrir henni hér á eftir, þegar frsm. n. hafa lokið sínu máli.

Minni hl. n., hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 8. landsk. þm., voru andvígir því að taka brtt. fyrir eða afgreiða þær, vildu afgreiða frv. óbreytt, eins og það liggur hér fyrir í hv. þd., svo að n. hafði ekki samstöðu um þessa afgreiðslu.

Ég þarf ekki að fara út í till. dómsmrh. Hann mun gera það sjálfur hér á eftir. En það kemur auðvitað engum alþm. á óvart, að slík till. er komin fram, þegar við minnumst þeirra miklu umr., sem fóru hér fram í sameinuðu þingi eftir þingsetningu við afgreiðslu kjörbréfa út af þeim málum, sem áttu sér stað fyrir síðustu kosningar, og er þá hafður í huga sá ágreiningur, sem var í Alþb., og síðar ágreiningur, sem varð á milli yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar og landskjörstjórnar, að við þær umr. lýsti dómsmrh. því yfir, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir að fá fyllri ákvæði lögfest á þessu þingi, og manni skildist að þm. utan stjórnarflokkanna margir hverjir væru sama sinnis og hann hvað þetta snertir. Ég ætla ekki að fara að rifja þær umr. frekar upp hér, þær eru öllum svo í fersku minni. En meiri hl. allshn. leggur til, að þessi till. dómsmrh. verði samþ. ásamt hinni till., sem ég lýsti hér áðan.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég aðeins koma inn á það, sem segir í áliti meiri hl. allshn., að það kom fram í umr. í n., að ástæða væri til, að fram færi heildarendurskoðun á kosningal., því að ýmislegt hefur komið í ljós, sem þarf breytingar á að gera, og þá alveg sérstaklega í sambandi við utankjörfundarkosningar að okkar dómi, sem undir álit meiri hl. allshn. skrifum. Það eru því ákveðin tilmæli okkar, að ríkisstj. láti endurskoða þessi lög fyrir næsta reglulegt Alþ. Ég skal ekki fara frekar út í það, sem hér var gert að umræðuefni og endurskoðunar þyrfti við að dómi okkar, en vil þó aðeins nefna eitt atriði, en það eru þeir erfiðleikar, sem eru fyrir gamalt og lasburða fólk, sem er annars staðar en í sínu kjördæmi, að geta neytt atkvæðisréttar síns, þegar það getur ekki kosið utankjörstaðarkosningu, og þess vegna væri eðlilegt að rýmka þau ákvæði, og í því sambandi benti sérstaklega hv. 10. þm. Reykv. á fjölmennan hóp gamals fólks, sem væri á dvalarheimilinu Hrafnistu og ætti lögheimili í öðrum kjördæmum en Reykjavík. Mikið af þessu fólki treystir sér ekki til og getur ekki kosið utan kjörstaðar, þó að það haldi andlegri heilsu og fylgist vel með, og með þeim ákvæðum, sem nú eru gildandi í sambandi við utankjörstaðarkosningu, er í raun og veru öllu þessu fólki og mörgu öðru fyrirmunað að greiða atkv. við kosningar, og því er það skoðun okkar í meiri hl. allshn., að það sé rík ástæða til þess að endurskoða í heild kosningal., og til þess mælumst við í okkar nál., að ríkisstj. láti framkvæma þá endurskoðun fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Á Alþ. í fyrra var samþ. breyting á 33. gr. stjórnarskrárinnar og þessi stjórnarskrárbreyting hefur legið fyrir þingi því, er nú situr, til endursamþykktar. Breyting sú, sem gerð er á stjórnarskránni með þessu frv., sem ég nefndi, varðar lágmarksaldur kjósenda, sem færður er úr 21 ári niður í 20 ár. Enn fremur er breytt því ákvæði í 33. gr. stjórnarskrárinnar, sem kvað á um það, að til þess að öðlast kosningarrétt þyrfti 5 ára búsetu í landinu. Því er breytt þannig að lögheimili nægi, og þar sem í hinni eldri gr. er talað um að vera fjárráður, þá er í nýju gr. talað um lögræði.

Frv., sem hér liggur fyrir, er, eins og hv. frsm. meiri hl. sagði, borið fram af hæstv. ríkisstj. til samræmis við breytinguna á stjórnarskránni, og þessu frv. var útbýtt hér í þessari hv. d. 24. okt. s.l. Hv. frsm. meiri hl. gerði grein fyrir því, hverja hann hygði vera ástæðuna til þess, að málið hefði ekki verið afgreitt úr n. fyrr en þetta, sem sé, að beðið hefði verið eftir afgreiðslu sjálfs stjórnarskrárfrv. En frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 20, var afgreitt frá allshn. rétt fyrir mánaðamótin, þannig að nál. minni hl. er dags. 28. marz, en nál. meiri hl. dags. 30. marz.

Þegar þetta mál kom til meðferðar í n., kom það fram, að allir nm. voru sammála um, að stjórnarfrv. eins og það lá fyrir og liggur fyrir, ætti að ganga fram, og þeir vildu mæla með því, enda er það, eins og fram hefur verið tekið, bein afleiðing af stjórnarskrárbreytingunni og borið fram til þess, að hún komi til framkvæmda. Hins vegar bar það til, þegar að því kom að greiða atkv. um frv., sem mundi hafa fallið mjög á einn veg, að formaður n. bar jafnframt fram tvær brtt., sem hefur verið útbýtt í þinginu fyrir nokkru, till. á þskj. 303 og á þskj. 437. En þessar brtt. eru ekki við sömu gr. l. og brtt. frv., sem eru við 1. og 15. gr., heldur við 27. og 58. gr. kosningalaganna og lagði formaður til, að brtt. þessar yrðu afgreiddar ásamt frv. og að n. mælti með því, að þær yrðu samþykktar, önnur till. óbreytt, þ.e.a.s. till. frá hæstv. dómsmrh., og hin till., á þskj. 303, nokkuð breytt. En till. á þskj. 303 frá 4 hv. þm. er þess efnis, að þar sem fleiri en eitt hreppsfélag eigi í sameiningu félagsheimili, skuli hreppsnefnd heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað í félagsheimilinu, þó að það sé ekki staðsett innan hreppsins. Það sem formaður lagði til og meiri hl. n. stendur að, er hins vegar ákvæði á þá leið, að hreppsnefnd skuli vera heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað utan hreppsfélagsins, þ.e.a.s. í öðrum hreppi, án tillits til þess, hvort hrepparnir eiga sameiginlegt félagsheimili eða ekki. Af þessu má sjá, eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, að þarna er um að ræða í meðferð hv. meiri hl. n. töluverða breytingu á till. á þskj. 303. Till. á þskj. 303 er mjög takmörkuð, og má segja, að það sé eðlilegt, að hreppsfélög, sem hafa komið sér upp sameiginlegu félagsheimili, væntanlega til sameiginlegra afnota, geti notað það í þessu skyni, þó að ýmsir kunni að líta svo á, að það sé engan veginn sjálfsagt. En hver verða mundi framkvæmd á þeim ákvæðum sem í

brtt. meiri hl. n. felast, sýnist mér eiginlega ekki liggja fyrir.

Ég vil svo í sambandi við þessar brtt. báðar, þ.e.a.s. varðandi kjörstaðinn, segja það, úr því að ég er farinn að nefna þær, að náttúrlega eru ákvæðin um kjörstaði og kjördeildir ekki sett vegna hreppsnefnda eða til hagræðis sveitarstjórnum, heldur eru þau sett vegna kjósendanna, og þá sér í lagi kjósenda í afskekktum bæjum eða þar sem strjálbýli er mikið og þegar svona ákvæðum er breytt, verður náttúrlega að hafa þeirra sjónarmið mjög í huga. Með þessu er ég ekki neitt að mæla á móti þessum brtt., hvorki brtt. fjórmenninganna né meiri hl. n., efnislega, enda tilheyrir það ekki þeirri afstöðu, sem minni hl. hefur til málsins, en vildi aðeins leyfa mér að benda á þetta, að hér má umfram allt sjónarmið kjósendanna ekki gleymast.

Þetta var þannig, eins og ég nefndi, að þessar tvær brtt. voru þarna teknar upp af formanni ásamt frv., þannig að afgreiðslan í n. snerist í raun og veru ekki aðeins um frv., heldur um þessar brtt. líka. Ég hygg, að brtt. hefðu getað komið til meðferðar hér í þingi með venjulegum hætti, án þess að ágreiningur væri í n. Nefndir taka ekki ævinlega fyrir brtt., sem kunna að vera komnar fram, þegar þær taka mál til meðferðar, enda mun það ekki talið skylt, heldur aðeins málið sjálft, eins og það liggur fyrir. Þarna voru sem sé á ferðinni og komnar á afgreiðslustig tvær brtt. við sjálft stjórnarfrv., sem leiðir af lækkun kosningaaldursins. En fleira hafði borið á góma í þessu sambandi. Það hafði legið fyrir þinginu alllengi brtt. frá hæstv. dómsmrh. á þskj. 224 við 27., 32. og 42. gr. l. Einnig hafði það komið fram við umr. í n., að einstakir nm. voru þeirrar skoðunar, að ástæða væri til að athuga um breytingarmöguleika á fleiri greinum kosningalaganna, og sumt af þessu var nokkuð rætt í n. Þessar umr. í n. vörðuðu a.m.k. þrjár greinar kosningalaga þ. e. 63. 93. og 110 gr., og hv. frsm. meiri hl. hefur sagt lauslega frá einni þessari till., ef nefna má hana því nafni, þar sem hún kom ekki fram skriflega, en þar var rætt um nauðsyn þess, að sjúkt fólk á sjúkrahúsum gæti fengið möguleika til þess að greiða atkv. utan kjörstaðar. Og ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég er alveg sammála þeim þm., sem var sérstaklega nefndur í þessu sambandi um það, að þetta ákvæði þarf að athuga, og ég hef orðið var við óskir í þá átt. Mér finnst þetta vera svo mikið sanngirnismál eða sanngirnisóskir, sem þarna er um að ræða, að það sé full ástæða til að gefa því gaum, enda þótt aldrei verði lögð of mikil áherzla á það, að við megum ekki hverfa aftur til þess ástands, sem var fyrir nokkuð mörgum áratugum í þessum efnum og a.m.k. var almennt talið að gæti raskað öryggi atkvgr. Við megum ekki hverfa aftur til þess ástands. En það er sanngirnisósk sem hér er á ferðinni.

Ég ætla ekki að ræða hér meira um þetta, sem fram kom munnlega í n., en ég nefni þetta, sem ég nú hef nefnt, eins og gert er í nál. minni hl., til þess að skjóta stoðum undir þá skoðun, að það er ekki ástæða til þess núna, að Alþ. fari að samþykkja aðrar breytingar á kosningalögunum en þær, sem í stjórnarfrv. felast. En af því leiðir, að við töldum í minni hl. ekki ástæðu til þess að breyta því frv. Í raun og veru hefur meiri hl. fallizt á þetta sjónarmið, að það þurfi að endurskoða kosningal., algerlega fallizt á það, því að í nál. meiri hl. er að þessu vikið. Þar segir: „Það kom til umr. í n., að ástæða væri til, að fram fari heildarendurskoðun á kosningal., því að ýmislegt hefur leitt í ljós, að þar þarf breytingar að gera, einkum í sambandi við utankjörfundarkosningar.“ Þetta segir meiri hl. En ég veit ekki, hvort ég mundi vilja skrifa undir þetta orð: einkum. Það eru e.t.v. önnur atriði í kosningal., sem alveg eins mikil ástæða er til þess að taka til endurskoðunar. Síðan segir: „Það eru því ákveðin tilmæli okkar, að ríkisstj. láti endurskoða þessi lög fyrir næsta reglulegt Alþingi.“ Þessu erum við í minni hl. sammála að því leyti, að við teljum, að það eigi að láta endurskoða kosningalögin núna á milli þinga, en við höfum ekki rætt það sérstaklega okkar á milli í minni hl., hvort við mundum leggja til, að endurskoðunin yrði framkvæmd á þennan hátt, sem meirihlutamenn virðast vera sammála um að leggja til. En þáltill. um slíka endurskoðun liggur enn ekki fyrir. Hins vegar er með tilliti til beggja nál. og þess sem sagt hefur verið, óhætt að ganga út frá því, að allshn. sé sammála um, að endurskoðun eigi að fara fram á kosningalögunum.

Nú er það svo, að þegar kunnugt er um það, að fyrir dyrum stendur endurskoðun á l. af þessu tagi, hefur Alþ. yfirleitt ekki haft þá aðferð að breyta rétt fyrir endurskoðunina ákvæðum slíkra laga, nema ríka nauðsyn beri til, og af eðlilegum ástæðum, því að það er ekki eðlileg hagræðing að samþykkja breytingu á slíkum l. og fyrirskipa svo strax á eftir endurskoðun á breytingunni ásamt öðru því, sem í l. stendur. Það liggur fyrir, að þau ákvæði, sem felast í stjórnarfrv., ber nauðsyn til að samþykkja vegna stjórnarskrárbreytingarinnar. En við fáum ekki séð í minni hl. að neina slíka sambærilega nauðsyn beri til þess að gera aðrar breytingar nú á þessu stigi, þegar menn eru sammála um, að það eigi að endurskoða kosningal. og að sú endurskoðun eigi að líkindum að hefjast þegar að loknu þessu þingi. Það sýnist vera miklu eðlilegra, að breytingarnar biði þangað til sú meðferð kosningal. hefur átt sér stað, sem um er rætt, þ. e. a. s. endurskoðunin.

Vera má, að hér á þingi hefði getað tekizt samkomulag um till. eins og þá, sem 4 hv. þm. hafa lagt fram á þskj. 303, þannig að ekki hlytist nein töf af nú undir þinglokin. Ég fæ þó ekki séð, að þeirri breytingu bráðliggi á. Og í því formi, sem hún kemur frá meiri hl. n., er ég ekki frá því að hún kunni að orka nokkuð tvímælis. En að því er varðar brtt. á þskj. 437, frá hæstv. dómsmrh., þá er víst ekki nokkur vafi á því, að þar er um ágreiningsmál að ræða hér í þingi. Hv. frsm. meiri hl. vék að því og

honum fórust orð eitthvað svipað og mér um það efni. Hann sagði, að það hefði komið fram á öndverðu þingi, að það væri mikill ágreiningur um þessa breytingu. Ég hef ekki hugsað mér að svo stöddu að fara neitt út í þennan ágreining efnislega. En mér sýnist það algerlega ástæðulaust og nálgast ofurkapp að heimta nú á þessu stigi þingmálanna umr. og atkvgr. um þetta ágreiningsmál, á sama tíma og menn eru sammála um að gera ráð fyrir, að endurskoðun hefjist á kosningal. eftir nokkrar vikur og þá m.a. og ekki sízt á þessu ákvæði. Hér er um mál að ræða, sem alls ekki er einfalt og kann að standa í nokkru sambandi við önnur ákvæði í kosningalögunum, og þess vegna miklu heppilegra á allan hátt, að þetta sé gert allt í einu, þ.e.a.s. endurskoðuð þessi og önnur atriði, sem fram hafa komið, og einnig önnur atriði, sem síðar kynnu fram að koma innan eða utan þess hóps, sem endurskoðar kosningalögin. Eins og ég sagði, ætla ég ekki að ræða efnislega a. m. k. ekki að svo stöddu eða án þess að tilefni gefist til, efni þessarar brtt. En ég vil nú skjóta því til hæstv. ráðh., sem hefur borið fram till., hvort honum sýnist ekki að öllu athuguðu eðlilegt að láta hana ekki koma til meðferðar nú á síðustu dögum þingsins í sambandi við þetta ágreiningslausa og nauðsynlega stjórnarfrv., og að menn taki sér tíma til að íhuga þessi mál öll og reyna að komast að samkomulagi. Það er æskilegt, ef unnt er, að kosningalög séu gerð með samkomulagi á Alþ. Það er nóg að deila um í kosningum, þó að menn þurfi ekki að deila um það, hvort kosningal. séu réttlát eða ranglát eða hverju einn eða annar hafi haldið fram við gerð þeirra.

Ég legg svo til, herra forseti, fyrir hönd okkar minnihlutamanna, að stjórnarfrv. á þskj. 20 verði samþ. óbreytt.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera nokkra grein fyrir tveimur brtt., sem ég hef flutt á þskj. 437 og þskj. 224. Ég skal ekki ýfa neitt upp ágreining, sem orðið hefur í sambandi við þau mál, sem þessar brtt. snerta. Það er, eins og sagt hefur verið, öllum í fersku minni og kannske þarflaust. En ég vildi mega leyfa mér að rifja upp aðeins örfáar staðreyndir í málinu, sem gera nánar grein fyrir í sjálfu sér, vegna hvers þessar brtt. voru fluttar.

Eins og hv. þm. er kunnugt, varð ágreiningur um, hvernig merkja skyldi framboðslista hér í Reykjavík á s. l. sumri, og um það var mikill ágreiningur milli þeirra manna, sem eru innan Alþb., og svo hins vegar á milli yfirkjörstjórnar og landskjörstjórnar. Niðurstaðan varð í stórum dráttum þessi, að yfirkjörstjórnin í Reykjavík merkti lista, sem kenndur var við Hannibal Valdimarsson, sem óskaði eftir, að listinn væri listi Alþb. og merktur GG-listi í samræmi við 41. gr. kosningal., yfirkjörstjórnin ákvað, að þessi listi skyldi merkjast sem I-listi og vera talinn utan flokka. En strax daginn eftir að þetta skeði var fundur í landskjörstjórn og það var haft eftir formanni landskjörstjórnar í ríkisútvarpinu, eins og þar segir, að hvernig sem yfirkjörstjórn auglýsti listann, leiddi úrskurður landskjörstjórnar, sem hún hafði gert á þessum fundi, til þess, að uppbótarþingsætum yrði úthlutað í samræmi við þann úrskurð, þannig að atkv., sem greidd yrðu listanum, teldust til lista Alþb.

Niðurstaðan varð svo þessi, að listinn var merktur I-listi, og hv. þm. Hannibal Valdimarsson, sem var efsti maður listans, fékk kjörbréf frá yfirkjörstjórninni sem I-listamaður, en við úthlutun uppbótarsætanna voru hins vegar atkv. I-listans og G-listans talin saman, og samkv. því var úthlutað uppbótarþingsætum í samræmi við það, sem formaður landskjörstjórnar hafði sagt.

Án þess að taka nokkra afstöðu til þessa máls hef ég haldið því fram hér áður, og við erum margir, sem erum þeirrar skoðunar, að atvik eins og þetta séu mjög til þess fallin að villa fyrir kjósendum í sambandi við kosningar, einkum og sér í lagi þegar höfð er í huga afstaða umboðsmanna G-listans, sem borinn var fram af Alþb., sem kom fram í blöðum, en var einnig lögð fram sem grg. og þessi grg. birt fyrir yfirkjörstjórn um afstöðu Alþb. til merkingar listanna, og þetta rifjast bezt upp með því að fá að vitna hér í nokkur orð úr þessari grg., með leyfi hæstv. forseta, en þar sagði af hálfu umboðsmanna Alþb.:

„Því er haldið hér fram, að stjórnmálaflokkarnir hver um sig séu sjálfstæð persóna að lögum. Það þýðir, að sérhver stjórnmálaflokkur er einn bær að kveða á um það, hver kemur fram á vegum flokksins og hvað er gert í nafni hans. Enginn einstaklingur eða hópur innan eða utan flokksins getur tekið sér vald eða umboð, sem stjórnmálaflokkur hefur ekki gefið honum, til þess að koma fram í nafni flokksins eða lýsa einhverju yfir á ábyrgð flokksins eða bjóða fram fyrir hans hönd. Þetta á sér rætur í grundvallarreglum laga, og er fjarri öllu lagi að beita lögskýringum við óljós lagaákvæði, svo að í bága fari við þessar grundvallarreglur.

Í 27. gr. kosningalaganna segir, að framboðslista skuli fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda listans um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk listinn sé borinn fram. Í 41. gr. kosningalaganna segir, að nú séu fleiri en einn listi í kjöri fyrir sama stjórnmálaflokk og skuli þá merkja þá eins og þar segir. Þeir, sem lagt hafa fram lista Hannibals Valdimarssonar o.fl. við þessar kosningar hér í Reykjavík, krefjast þess, að þessi listi þeirra sé úrskurðaður að vera listi Alþb. og merkjast GG-listi, með þeirri furðulegu röksemd, að túlka beri ákvæði framanritaðra lagagreina á þann hátt, að það séu meðmælendurnir einir, sem geti boðið fram lista fyrir hvaða flokk sem þeir vilja, án þess að þeir séu í nokkrum tengslum við þann flokk, sem þeir vilja bjóða fram fyrir, og án þess að flokkinn varði nokkuð um það. Þessari lögskýringu er mótmælt sem alrangri. Því hefur líka verið haldið fram, að lögskýring þessi byggðist á

þeim sjónarmiðum að gefa minni hl. flokkanna sem óánægður er, en ekki vill segja skilið við flokkinn, tækifæri til að koma fram framboði í nafni flokksins. Þótt eitthvað væri til í þessum sjónarmiðum, eiga þau ekki við hér. 9 af meðmælendum lista Hannibals Valdimarssonar hafa skriflega sagt sig úr Alþb. Aðeins 30 af meðmælendahópnum eru meðlimir í Alþb. Þetta eru því utanflokksmenn að langmestu leyti, sem eru að koma fram sprengiframboði gegn Alþb.

Rétt skýring á þessum lagaákvæðum er sú, að þau eru heimildarákvæði fyrir stjórnmálaflokk að bera fram fleiri en einn framboðslista í sama kjördæmi, ef flokknum þykir það henta. Þessi ákvæði hreyfa ekki við sjálfræði flokkanna um framboð sín. Ef stjórnmálaflokkur vill bera fram tvo lista í sama kjördæmi, eins og hefur gerzt á Seyðisfirði og eins og gæti hafa gerzt í Alþb. í Reykjavík, verður það ekki gert nema af þeirri stofnun flokksins, sem er bær að flokkslögum að fjalla um framboð í viðkomandi kjördæmi. Engir aðrir aðilar hafa heimild til að bera fram lista í nafni flokksins."

Hér lýkur tilvitnun í grg. umboðsmanna Alþb., sem lögð var fram fyrir yfirkjörstjórn í Reykjavík. Síðan mun það hafa verið 12. maí, að þá kemur saman stjórn Alþb. hér í Reykjavík og gerir eftirfarandi ályktun, sem birt var í blöðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Að gefnu tilefni þykir stjórn Alþb. í Reykjavík rétt að taka fram, að Alþb. hefur í samræmi við lög samtakanna á almennum félagsfundi hinn 10. apríl raðað mönnum á framboðslista Alþb., sem birtur hefur verið og borinn verður fram fyrir Alþb. í Reykjavík við alþingiskosningarnar 11. júní 1967. Jafnframt tekur stjórnin fram, að aðrir framboðslistar í kjördæminu eru Alþb. í Reykjavík óviðkomandi og lýsir yfir, að samkvæmt lögum Alþb. getur enginn annar aðili en að framan segir borið fram framboðslista í Reykjavík í nafni Alþb."

Hér lýkur þessari tilvitnun í þessa samþykkt. Ég ætla eins og ég sagði áðan ekki að leggja dóm á þessa deilu, en ég hef vitnað til þessa til þess að færa þeim orðum mínum stað, að það liggi ákaflega nærri að ályktа, að allur þessi ágreiningur, allar þessar yfirlýsingar og mismunandi skoðanir hafi verið til þess að villa mjög um fyrir mönnum í kosningunum, og raunar veit ég fyrir víst í einstöku tilfellum, að sögn kjósenda, að þær hafi gert það og þess vegna hafi þeir kosið öðruvísi en þeir mundu hafa kosið, ef þessi óljósu ákvæði kosningal. hefðu ekki leitt til þess ágreinings, sem varð, án þess að nokkuð skuli um það sakazt, hvort einn eða annar hafi rétt fyrir sér eða ekki. Það var af þessum sökum, sem stjórnarflokkarnir, þegar þeir endurnýjuðu stjórnarsamning sinn, settu það inn í þennan samning, að þeir vildu beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á kosningal. Og þegar rætt var um kjörbréf hv. þm., sagði ég fyrir hönd ríkisstj. m. a. á þessa leið:

„Það er eflaust vafamál frá lögfræðilegu sjónarmiði, eins og ráða má af því, hversu mjög kjörstjórnir hefur greint á, þótt skipaðar séu lögfræðingum, hvernig eigi að skera úr þessari deilu, og enda þótt Alþingi sé fengið hið endanlega úrskurðarvald um gildi kjörbréfa, er það eðli málsins samkvæmt ekki stofnun, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, sem talin væri frá lögfræðilegu sjónarmiði til dómsúrskurðar fallin. En Alþ. getur sett undir þennan leka, að vafi leiki áfram á um það, hvernig skilja beri eða framkvæma ákvæði kosningalaga. Þess vegna eru stjórnarflokkarnir ráðnir í því að beita sér fyrir breytingu á kosningal. í því skyni að girða fyrir, að nokkuð sambærilegt og gerzt hefur geti endurtekið sig."

Þetta sagði ég þá, og hæstv. menntmrh., formaður þingflokks Alþfl., gaf efnislega samhljóða yfirýsingu, og ég hygg einnig, að formaður þingflokks Framsfl., hv. 1. þm. Austf., hafi þá talið nauðsynlegt að breyta þessum ákvæðum til þess að taka af vafa í þessum málum, án þess að nokkur okkar á þessu stigi málsins færi nánar út í það, hvernig það skyldi gert. Í framhaldi af þessu lagði ég svo fram brtt., er þing kom saman aftur eftir áramótin, á þskj. 224, til þess að setja undir þennan leka. En það skal viðurkennt, að sú brtt. gekk í sjálfu sér lengra en það að girða fyrir þessa deilu, sem þarna hafði komið upp. Samkvæmt brtt. var ákveðið, að skrifleg viðurkenning hlutaðeigandi flokksstjórnar þyrfti fyrir því, að listi skyldi vera í kjöri fyrir flokkinn. Og svo var enn fremur annað ákvæði: „Ekki getur stjórnmálaflokkur boðið fram fleiri en einn lista í sama kjördæmi." Í sjálfu sér var þetta lengra gengið en þurfti, miðað við þá deilu, sem uppi hafði verið, því að ef flokksstjórn hefði viljað bjóða fram 2 lista, hefði enginn ágreiningur þurft að vera um það. Ágreiningurinn var aðeins um það atriði, að menn gætu ekki boðið fram lista í nafni flokks ofan í mótmæli flokksstjórnar eða án þess að hún væri því samþykk. Það kom fljótt í ljós, að nokkur ágreiningur var um þetta atriði, hvort stjórnmálaflokki ætti að vera heimilt, eins og áður var, að bjóða fram einn eða fleiri lista. Ég skal upplýsa, að það voru um það dálítið skiptar skoðanir í stjórnarflokkunum, þó að ofan á yrði að flytja þessa brtt. þannig, að það væri tilskilið. Ég hygg, að þar muni kannske hafa ráðið mestu, af því að ég átti sem dómsmrh. að flytja brtt., sú skoðun mín, að ég taldi það skýrast og eðlilegast, og þá var það látið gott heita af öðrum í stjórnarflokkunum. Hins vegar gerði ég grein fyrir því mjög fljótt á vettvangi innan pólitísku félaganna hér í Reykjavík, — málið hefur ekki verið til umr. í þinginu, — innan ríkisstj. og meðal samherja minna í þingflokki sjálfstæðismanna, að ég legði enga áherzlu á þetta atriði og það væri þess vegna mjög eðlilegt að breyta því aftur, ef það gæti orsakað nánara samkomulag um till. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., að það er mjög æskilegt sem fyllst samkomulag um breytingar á kosningal., og þess hefur jafnan verið freistað, þó að stundum hafi þurft að skerast í odda með það eins

og annað. En það var í mínum huga einnig og okkar í ríkisstj. talið mjög æskilegt, að sem víðtækast samkomulag gæti orðið um þessa brtt. Þess vegna var það, að ég fyrir hönd ríkisstj. hafði samráð um það við fulltrúa úr hinum þingflokkunum, formann Framsfl. og formann þingflokks Alþb. og einn af þm. Alþfl., að ræðast við um breytingar á þessari brtt., sem stuðlað gætu að nánara og víðtækara samkomulagi en ella. Og það er upp úr þessum viðræðum, sem flutt er svo aftur af minni hálfu brtt. á þskj. 437, og ég hef ástæðu til þess að ætla að um hana sé mjög víðtæk samstaða í þinginu, þó að það sé rétt að um hana sé líka ágreiningur. Meiri hl. n., 5 af 7 mæla með samþykkt till. og ég hygg, að samstaða um afgreiðslu hennar kunni að vera enn þá víðtækari í þingflokkunum en fram kemur í nál. með meirihlutaáliti þessara 5 hv. þm. En þar eru gerðar tvær brtt. frá fyrri till. Að efni til er látið haldast óbreytt, eins og verið hefur í kosningal., í 41. gr., að flokkur geti boðið fram fleiri en einn lista og þá skuli þeir merktir eins og þar segir, A og AA, B og BB o. s. frv. Hins vegar er hin breytingin formsbreyting, en hefur þó sem slík verulega þýðingu. Það er horfið frá því, sem segir í fyrri till., að þurfi að fylgja framboðslista skrifleg viðurkenning hlutaðeigandi flokksstjórnar fyrir því, að listinn skuli vera í kjöri. Hins vegar er hnigið að því ráði, að ef komi fram tveir listar fyrir sama flokk og meðmælendur bjóði fram fleiri en einn lista, þá skuli þeir teljast til flokksins, ef ekki koma fram mótmæli frá þeim aðila, sem samkvæmt reglum flokks er ætlað að ákveða framboðslista eða staðfesta framboðslista endanlega. Og þó að þetta sé kannske formsbreyting, þá er eðlismunur á þessu, því að þeir, sem vilja bera fram annan lista, við skulum segja minni hl. innan flokks, þeir þurfa ekki fyrir fram, áður en listi er lagður fram, að fá viðurkenningu flokksstjórnarinnar, en geta lagt listann fram, og þá verður það í höndum þess aðila, sem á að ákveða framboðið, að taka afstöðu til þess, hvort sá aðili vilji mótmæla listanum sem flokkslista. Með þessu móti er gengið til móts við ýmis þau sjónarmið, sem fram hafa komið, eftir að brtt. mín fyrri var flutt, og eins og ég sagði áðan, ég hef mikla ástæðu til þess að ætla að nokkuð víðtækt samkomulag geti orðið um þessa brtt. í þinginu.

Þegar talað er um aðila sem samkvæmt reglum flokks er ætlað að ákveða framboðslista eða staðfesta framboðslista endanlega, liggur það fyrir, eftir því sem ég hef kannað, að það er í flokksreglum allra núverandi þingflokka ákvæði um, að svokölluð kjördæmaráð eða einhver sérstakur aðili, kjördæmaráð eru þau held ég jafnan kölluð, í flokkunum ákveði framboðið í hverju kjördæmi fyrir sig, og það er endanlegt í öllum þingflokkunum nema hjá Sjálfstfl., en þar er í flokksreglunum gamalt ákvæði, sem ég man ekki, hvenær upp var tekið, en er a.m.k. orðið nokkurra ára, líklega upp úr breytingunni 1959, þar sem segir um þingframboð: „Kjördæmisráð ákveður framboðslista flokksins við kosningar til Alþ.“ Og svo eru ákvæði um fulltrúaráð, eins og er hér í Reykjavík, sem svarar til kjördæmisráðsins, og í öðru lagi: „Staðfestingar miðstjórnar þarf á framboðslista, svo að hann verði borinn fram í nafni flokksins.“ Þetta mundi þá þýða að það eru kjördæmisráð, sem eru úrskurðarbær um þetta, en vegna ákvæða í reglum Sjálfstfl., meðan þær eru ekki breyttar, er það annaðhvort kjördæmisráðið eða fulltrúaráðið eða miðstjórnin, sem getur borið fram mótmæli. Þetta staðfestingarákvæði hefur í raun og veru verið meira formsatriði — við getum talað alveg hreint út um það — í Sjálfstfl., en ákvæðið er til og er fyrir hendi og er samþ. af landsfundi og ítrekaðar samþykktir um það gerðar, og þar af leiðandi er þetta nú þannig orðað. Ég taldi rétt að gera grein fyrir þessu, svo að mönnum blandaðist ekki hugur um, að það eru þeir aðilar, sem ákveða framboðin, sem geta borið fram mótmæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir viðkomandi flokk, annaðhvort þá fulltrúaráð eða kjördæmaráð, og í því tilfelli, sem hér er um að ræða með Sjálfstfl., annaðhvort þau eða miðstjórnin. Og svo eru bein ákvæði um það, til þess að ekkert sé um að villast, að ef slík mótmæli komi fram, skuli yfirkjörstjórn úrskurða slíkan lista utan flokka og landskjörstjórn úthluta uppbótarþingsætum í samræmi við það. Þá á hún ekki annarra kosta völ.

Þetta gæti sjálfsagt, eins og vikið var að, verið með öðrum hætti. En þetta eru a.m.k. mjög skýr ákvæði og eins og ég hef komizt næst því í viðleitni minni að orða þannig, að ég hefði ástæðu til þess að ætla, að sem flestir þm., eins og nú standa sakir, gætu sætt sig við. Ég veit að vísu, að það er ágreiningur um þetta, enda lýsti hv. 9. þm. Reykv., eins og eðlilegt er, því yfir í umr. um kjörbréf þm. í haust, að hann vildi ekki, að gerð yrði breyting í þá átt, sem hér er um að ræða, og var það í eðlilegu framhaldi af afstöðu hans í þeirri deilu, sem stóð í sambandi við framboðin í sumar er leið.

Nú skal ég ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég vil aðeins víkja að því, sem fram kom hjá hv. frsm. meiri hl. n. og kemur fram í nál. meiri hl., að það er óskað eftir heildarendurskoðun á kosningal. Það voru einkum viss minni atriði, sem hann vék að eða gaf í skyn að þyrfti að breyta. Það munu vera fleiri atriði áþekk, sem aths. hafa komið fram um og liggja fyrir í dómsmrn. En þegar hins vegar er talað um heildarendurskoðun, vandast málið auðvitað miklu meira til þess að láta hana liggja fyrir næsta þingi, því að sum ákvæði kosningal. eru, eins og hv. þm. er ljóst, þannig, að þeim verður ekki breytt nema með breyttri stjórnarskrá sem er miklu umfangsmeiri breyting, og þó að ég telji, að það sé mjög eðlilegt að huga að heildarendurskoðun kosningalaganna, held ég, að veigamestu breytingarnar hlytu að vera í tengslum við breytingar á sjálfri stjórnarskránni, sem er líka tímabært að fara að hugleiða um að breyta í sambandi við þá reynslu, sem fengizt hefur af kjördæmabreyting-

unni, breytingu kjördæmaskipunar og kosningalaga frá árinu 1959.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. tók nokkuð djúpt í árinni um brtt. á þskj. 437 að mínum dómi, þegar hann sagði sem svo, að honum fyndist það ástæðulaust og nálgast ofurkapp að láta ganga til afgreiðslu á þessari till. nú, og beindi þeim tilmælum til mín, hvort ég gæti ekki fallizt á, að frestað yrði afgreiðslu málsins, þar sem ágreiningur væri um það, sem réttilegt er, en ég held hann sé ekki mikill. Ég get ekki fallizt á, að þetta standist, að það sé ástæðulaust og nálgist ofurkapp. Mér væri mjög ljúft að verða við tilmælum um að fresta afgreiðslu þessa máls til næsta þinghalds, ef ekki stæði þannig sérstaklega á, að við vitum ekki, hvenær verður kosið, og ég fyrir mitt leyti vil setja undir þann leka, eins og ég hef áður sagt, að aftur verði kosið í þessu landi eftir kosningal. óbreyttum. Það er aðeins út frá þessari einföldu staðreynd, sem ég og samherjar mínir í stjórnarflokkunum hafa talið, að það væri nauðsynlegt að afgreiða þessa till. á þessu þingi. Það væri náttúrlega hugsanlegt að draga þessa till., ef við fengjum einhverjar sérstakar trausts yfirlýsingar eða öryggisventil frá stjórnarandstöðunni um það, að ekki mundi vera nein hætta á því, að ríkisstj. þyrfti að efna til neinna kosninga, áður en næsta Alþ. fengi tíma til að afgreiða svona mál eins og kosningal. En þetta er nú sagt í gamni og ekki hægt að ætlast til þess, en ríkisstj., sem aðeins hefur eins atkvæðis meiri hl. í d., gerir sér auðvitað ljóst hverju sinni, að hún að því leyti stendur völtum fótum og hefur það ekki örugglega í hendi sér að stjórna út kjörtímabilið, eins og lög segja fyrir um. Þetta er í raun og veru mjög einfalt mál og það er eingöngu þess vegna, sem ég get fyrir mitt leyti ekki orðið við þessum tilmælum frá hv. þm. og tel nauðsynlegt að þessi brtt., enda þótt um hana sé nokkur ágreiningur, því miður, nái fram að ganga, og legg áherzlu á, að hún komi til afgreiðslu á þessu þingi. En ég vil líka mega vona, að með brtt. á þskj. 437 hafi verið gengið töluvert til móts við þá hv. þm., sem jafnvel geta ekki fylgt þeirri till., miðað við það, sem lagt var til í till. á þskj. 224, og líka í þeim tilgangi er seinni till. flutt, og þar af leiðandi, herra forseti, dreg ég til baka till. á þskj. 224.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég álít að undirbúningur þesa máls hefði þurft að vera með öðrum hætti en orðið hefur, og skynsamlegast hefði verið að setja n. þegar s.l. sumar og þá með þátttöku frá öllum flokkunum til þess að skoða kosningalögin, því að sannleikurinn er sá, að ég hygg, að margir hafi séð, að þeim þurfti að breyta. M.a. þurfti vitanlega að endurskoða þau ákvæði þeirra, sem brtt. hæstv. dómsmrh. tvær fjalla um. En það gat verið eðlilegt að skoða fleira í sambandi við það og skoða þau mál nánar en gert hefur verið, áður en endanlega var ráðið til lykta þessum atriðum sérstaklega t.d. hvort það kæmi til mála að setja ákvæði í kosningal. um flokkana, skyldur þeirra og réttindi og ýmislegt fleira í því sambandi, nánari en koma fram í þeirri brtt., sem hæstv. dómsmrh. hefur lagt fram. Ýmislegt af því tagi gat komið til álita, þegar farið var að skoða stöðu flokkanna til þess að bjóða fram og stöðu þeirra til þess að starfa og til þess að vera sá grundvöllur lýðræðis og þingræðis, sem byggt er á. En auðvitað eru það stjórnmálaflokkarnir fyrst og fremst, sem eru sá grundvöllur, sem reist er á.

Ég var ekki ánægður með fyrri brtt. hæstv. dómsmrh., og þannig hygg ég, að fleirum hafi verið farið m.a. vegna þess, eins og hann raunar útlistaði sjálfur, að flokksstjórnum, þ. e. a. s. yfirstjórnum flokkanna, var þar gefinn rétturinn til þess að ákveða hvort listi skyldi talinn fyrir flokk eða ekki, og enn fremur var numinn úr lögum réttur til þess, að flokkur gæti haft tvo framboðslista í sama kjördæmi. Það er einmitt þannig ástatt a.m.k. í sumum flokkum eins og Framsfl. t.d., að þar er vald á framboðsmálum í höndum kjördæmaþinganna og á aldrei að koma til álita flokksstjórnarinnar um framboðin og þarf því ekki að sækja neina staðfestingu til hennar á eina eða aðra lund um þau efni. En það mátti kannske líta svo á, ef þessi till. hefði verið samþ., að þarna hefði verið fært vald til miðstjórna flokkanna, sem þær í sumum flokkunum alls ekki höfðu áður, og að dregið væri úr sjálfræði flokksmanna í héruðunum. Að vísu efast ég um, að þannig hefði orðið um framkvæmdirnar, að þetta hefði nokkru breytt í þessu tilliti, en það var a.m.k. ekki að mínu viti og ýmissa fleiri hyggilegt að setja þetta í lög. Vægast sagt gat þetta valdið miklum misskilningi, og kom strax fram nokkur óánægja víða og ásakanir um að hér væri verið að kreppa að sjálfræði flokksmanna í héruðum. Eins mátti segja, að það væri kannske nokkur söknuður að því, að banna það, að stjórnmálaflokkar gætu haft fleiri en einn lista í sama kjördæmi. Ég hygg, að það sé skynsamlegra, eins og nú er gert ráð fyrir, að það sé leyfilegt áfram. Eftir þær viðræður, sem hæstv. dómsmrh. átti við ýmsa forráðamenn flokkanna, hefur hann breytt till., eins og hann gerði sjálfur grein fyrir, og er hún nú þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef sá aðili, sem samkvæmt reglum flokks er ætlað að ákveða framboðslista eða staðfesta framboðslista endanlega, ber fram mótmæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir flokkinn, skal yfirkjörstjórn úrskurða slíkan lista utan flokka og landskjörstjórn úthluta uppbótarþingsætum í samræmi við það.“ Ég vil lýsa því yfir, að ég mun greiða þessari till. atkv. og felli mig við hana til þess að leysa úr þessu vandamáli. Mér finnst þessi tilhögun eðlileg. Í því sambandi vil ég aðeins minna á, að ég hygg, að það mundi verða talinn alveg sjálfsagður hlutur varðandi hvaða félagsskap sem er í landinu, að hann réði því sjálfur og þá eftir eðlilegum lýðræðisreglum, hverjir koma fram fyrir hönd félagsins, en ekki aðrir. Og því skyldu stjórnmálaflokkarnir, sem fyrst og fremst eru félagssamtök, ekki hafa sömu réttindi og öll önnur félagssamtök í landinu, og hví skyldi, eins og nú virðist vera

mögulegt, óviðkomandi mönnum vera heimilt að nota nafn stjórnmálaflokks til stuðnings framboði sínu til Alþ. án þess að taka á sig nokkrar félagslegar skyldur í þeim félagsskap á eina eða aðra lund eða vinna nokkuð í félagsskapnum með eðlilegum hætti? Mundi það vera talið hugsanlegt, að þannig væri búið að nokkrum félagsskap í landinu, nema þetta, að sumum dettur í hug, að þannig eigi að búa að stjórnmálaflokkunum? Ég vil biðja menn að íhuga þetta hleypidómalaust. Ef þetta á að byggjast t.d. á þeim hugsunarhætti, að stjórnmálaflokkarnir séu hættulegri félagsstofnanir en annar félagsskapur í landinu, þá er stutt yfir í meiri öfgar í þessa grein, sem gætu sannarlega orðið lýðræðinu hættulegar. Ég lít þannig á, að stjórnmálaflokkar eigi að hafa í þessu tilliti samskonar rétt og annar frjáls félagsskapur.

Nú hefur það heyrzt á stöku stað og komið fyrir, að maður hefur heyrt því haldið fram í þessu sambandi, að lýðræðið væri ekki nægilega tryggt með því, að stjórnmálaflokkarnir fái að starfa eins og annar félagsskapur frjálsra manna, en verði að hafa um þá einhverja sérreglu. Ég get ekki verið sammála þessu, vegna þess að þeir, sem vilja ekki starfa eftir venjulegum félagsreglum í stjórnmálaflokki, hafa þá einföldu leið, sem þeim er tryggð í stjórnarskránni og löggjöfinni, að bjóða fram til Alþingis utan flokka, koma þá hreinlega fram og bjóða fram utan flokka, enda hygg ég, að með því móti mundi þetta verða skýrast fyrir kjósendurna og alla, sem hér eiga hlut að máli, og mest í sönnum lýðræðisanda. Ég held, að menn megi ekki láta rugla sig í þessum hugsunargangi, þó að þeim kannske líki ekki allt, sem gert hefur verið á vegum eins eða annars stjórnmálaflokks.

Ég er ekki þeirrar trúar eða skoðunar, að það styrki lýðræðið í landinu að grafa í sundur stjórnmálaflokkana, því fer alls fjarri. Ég álít, að sé óskipulega starfað að stjórnmálunum og stjórnmálaflokkunum í raun og veru gert ómögulegt að starfa hliðstætt og öðrum frjálsum félögum í landinu, geti orðið stutt í það, að stór óhöpp hendi einmitt í sambandi við eðlilega framkvæmd þingræðis og lýðræðis, t. d. ef menn lentu í því að stuðla með kosningalagaákvæðum að margklofningi stjórnmálaflokkanna í alþingiskosningum, þar sem fjöldi minnihlutaframboða og utanflokksframboða *í nafni flokkanna*, — *raunverulega utanflokks*framboð — en í nafni flokkanna, kæmu til eftir alls konar sérsjónarmiðum og persónulegum viðhorfum. En á slíku sýnist mér hreinlega mikil hætta, eins og ákvæðin hafa nú verið túlkuð, — eins og okkur er sagt, að kosningalögin séu nú.

Það á að heita svo, að ég sé framarlega í stjórnmálastarfi, en ég hafði ekki gert mér grein fyrir því, þangað til á s.l. ári, að þessi möguleiki væri til. Þess vegna vil ég eiga hlut að því að setja um þetta betri og eðlilegri reglu en er í kosningalögum okkar. En mér finnst, eins og ég sagði, sá ágalli, að það hefði átt að endurskoða fleira og byrja strax í sumar að skoða málið. En þó að það hafi ekki verið gert, vil ég samt stuðla að þessari miðlun, sem hæstv. dómsmrh. hefur gert með sinni síðari brtt., því að mér sýnist satt að segja ekki mega vera minni vernd í löggjöfinni fyrir stjórnmálafélagsskap, hliðstætt öðrum félagsskap, en sú, *sem þar er gert ráð fyrir.*

Ef menn vilja tortryggja stjórnmálaflokkana og telja að ekki séu nægilega tryggðar lýðræðislegar ákvarðanir innan þeirra, t.d. um framboð, sem vel má vera, ég skal ekkert fullyrða um slíkt, ættu menn að beita sér fyrir einhvers konar lagasetningu um stjórnmálaflokkana og skyldur þeirra í þessu tilliti ásamt réttindum. En þó vil ég segja, að það verður að fara mjög varlega í þessu, mjög varlega og hugsa sig vel um, áður en sterk eða ýtarleg ákvæði eru sett um þetta, því að það getur verið stutt yfir í það að setja þennan félagsskap í einhvers konar spennitreyju, sem ekki gæti samrýmzt eðlilegu og frjálsu pólitísku starfi. Það þarf að fara mjög gætilega í þessu. En ef menn óttast þetta, finnst mér þó, að athyglin eigi að beinast að því að tryggja lýðræðið innan flokkanna, en hitt mundi ekki til bóta og engu geta bjargað, en þvert á móti orðið mjög til tjóns, ef stjórnmálaflokkarnir eru hreinlega ofurseldir öllum, sem í skrokk á þeim vilja ganga, hvaðan sem þeir koma, sem hlýtur að verða gert ef óviðkomandi fólk getur notfært sér nöfn og þá aðstöðu flokkanna sem þeir hafa skapað sér. Flokkarnir hafa nöfn og aðstöðu meðal þjóðarinnar sem þeir gjalda eða njóta eftir því, hvernig þeim hefur tekizt. Og þetta er réttur, sem þeir eiga og ekki má að mínu viti leyfa hverjum sem er að hrifsa til sín, kannski stundum með fölskum forsendum.

Ég vil taka fram, að ég er ekki að dæma um það, sem gerðist hér í fyrra. Ég er aðeins að ræða um það, sem komið hefur í ljós, sem sé, að kosningalögin eru gölluð að þessu leyti. Ég tel því, að það þurfi að breyta þeim. Ég álít, að í sambandi við það komi til greina ýmsar almennar íhuganir af því tagi, sem ég er að flytja, og eigi fullan rétt á sér og samkvæmt því eigi menn að taka afstöðu til þessa að sumu leyti vandasama máls. En eins og ég sagði áðan, er ég fyrir mitt leyti ánægður með þá brtt., sem nú liggur fyrir, sem miðlun. Með því er engu raskað í því, að fullt lýðræði eigi sér stað innan flokkanna. Það er ekki á nokkurn hátt dregið úr valdi hins einstaka kjósanda innan þeirra. Það er ekkert dregið úr valdi héraðanna í flokkssamtökunum. Það á aðeins að fyrirbyggja að þeir, sem ekki vilja starfa í flokkunum eftir venjulegum lýðræðislegum og félagslegum reglum, geti að flokkunum þvernauðugum notfært sér nöfn þeirra og aðstöðu.

Fyrst ég er nú kominn hingað og farinn að ræða á þennan hátt fram og aftur um flokkana og lýðræðið og ýmislegt í sambandi við það, langar mig að bæta við örfáum orðum um hlutverk flokkanna og um Alþingi, þessa stofnun, sem við störfum í.

Þingræðið, lýðræðið hlýtur að byggjast á starfsemi stjórnmálaflokka, og ef þeir eru tættir í sundur, er stutt að endalokum lýðræðisins. Menn verða að gera sér grein fyrir þessu. Þess vegna

verða menn að venja sig á að vinna í slíkum félagsheildum. Það kann að vera, að sumum finnist þetta of bindandi, en þá er sá möguleiki, sem gert er ráð fyrir í stjórnarskrá og kosningalögum, að starfa utan flokka. En án stjórnmálaflokka verður lýðræðið áreiðanlega ekki framkvæmt.

Þingflokkarnir eru beinlínis hluti af Alþingi. Það er skrýtið, að þegar menn tala um Alþ. og störf þess, þá tala menn stundum eins og þeir geri sér ekki grein fyrir því, að Alþ. er ekki aðeins fundur í Sþ. og deildunum og nefndarfundir, heldur eru þingflokkarnir hluti af Alþingi. Ekki vil ég neita því, að ýmsar hættur steðji hér að lýðræði og þingræði. En þær hættur eru ekki að mínu viti fyrst og fremst fólgnar í því, að stjórnmálaflokkarnir íslenzku séu of sterkar stofnanir. Þær hættur, sem steðja að þingræði og lýðræði hér, stafa ekki af því, t.d. sú hætta, sem óneitanlega er fyrir hendi, að Alþ. missi þau tök í þjóðfélaginu, sem það á með réttu móti að hafa. Sú hætta kemur ekki frá stjórnmálaflokkunum, t. d. því, að þeir séu of sterkar stofnanir. Að mínu viti er hætta sú, sem steðjar hér að þingræði og lýðræði, allt annars eðlis og þveröfugt farið. Hættan stafar sem sé að verulegu leyti af því, að þingflokkarnir eru of veikar stofnanir og Alþ. er þar af leiðandi of veik stofnun til þess að vega á móti öðrum öflum í þjóðfélaginu, sem nálega vélrænt, eins og nú er komið draga til sín það vald, sem að réttu lagi á að vera hjá Alþingi.

Það mætti segja margt í þessu sambandi, og það eru fleiri en eitt afl, sem eru þarna að verki og Alþ., sem mjög byggist á þingflokkunum, hefur ekki í fullu tré við. En ég nefni núna embættiskerfið og þar með talið peningakerfið hér í okkar landi, sem er hluti af embættiskerfinu. Sú hætta er yfirvofandi í sífellt ríkara mæli, að það vald, sem með réttu á að vera hjá Alþ., dragist yfir í embættiskerfið með öllum sérfræðingunum, og þar með talið, eins og ég sagði áðan, peningakerfið.

Ég má ekki eyða mjög löngum tíma í þetta, því að það má segja, að það sé nokkuð langsótt að ræða þetta vandamál í sambandi við kosningalögin, en ég tel, að eitt þýðingarmesta úrræðið, sem hægt væri að grípa til, til þess að koma þessu aftur í betra horf, færa þetta í réttara horf, tryggja eðlilegt jafnvægi í þessu tilliti, tryggja hér í framtíðinni sterkara þingræði — og ég vil segja lýðræði — en við búum við nú, að eitt aðalúrræðið í því ætti að vera að efla aðstöðu þingflokkanna stórlega frá því, sem hún er nú, og hervæða þá til mótvægis gegn öðrum þjóðfélagsöflum.

Ekki dettur mér í hug að halda því fram, að þetta afl, sem fer vaxandi, embættiskerfið, sé hættulegt, ef vel er fyrir öðru séð. Síður en svo. Því fer fjarri. Það er margt afbragðsmanna, sem í því kerfi starfa, en þeir eru embættismenn og þeir eru sumir sérfræðingar í einstökum greinum í því flókna samfélagi, sem við lifum í og verður alltaf flóknara og flóknara. Þeir eru ekki kosnir til starfa sinna. Þeir eiga ekki að standa frammi fyrir þjóðinni með vissu millibili og bera ábyrgð á gerðum sínum. Þeir þurfa þess ekki, og þeir eru vitanlega ekki nema menn, og þetta setur með eðlilegu móti sitt svipmót á allt þeirra viðhorf og allt þeirra starf.

Þar, sem lýðræði á að ríkja og þingræði, eins og hér hjá okkur, má ekki of mikið af valdinu dragast yfir í embættis- og peningakerfi, heldur á það að vera hjá þeim, sem eru kosnir af þjóðinni til þess að fara með málefni hennar á löggjafarsamkomunni og þurfa að standa reikningsskap á gerðum sínum, sem verða að standa eða falla með verkum sínum. Ef þetta hnikast þannig til í okkar þjóðfélagi, að valdið dregst um of úr höndum þessara kjörnu fulltrúa þjóðarinnar og yfir til annarra, hverjir sem þeir eru, er sjálfur grundvöllurinn í stórkostlegri hættu. Og það leikur enginn vafi á því, að það er vaxandi háski yfirvofandi í þessu efni, sem stafar af því annars vegar, hversu þjóðfélagið verður sífellt flóknara og flóknara og embættiskerfið sífellt öflugra og öflugra, m. a. í skjóli sérfræðinnar í fleiri og fleiri greinum, hins vegar af því, að gagnvart þessu standa þingflokkarnir, sem mörgum finnst að séu svo óskaplega voldugir og jafnvel óskaplega hættulegir, en eru of veikir. Sumir telja, að þeir séu hin stórkostlega þjóðfélagshætta, sem yfir vofi, og af þeim stafi margvísleg óhöpp til tjóns fyrir þjóðina og þeir sölsi allt undir sig. En gagnvart þessu vaxandi valdi annarra standa þessir flokkar, eftir því sem ég lít á, eins og risar á leirfótum, eins og nú er komið málum. Skal ég færa fram örfá atriði því til stuðnings, svo að menn skilji betur, hvað ég á við.

Hvers er krafizt af þingflokkunum, og hver er starfsaðstaða þeirra? Þess er auðvitað með réttu krafizt af þingflokkunum, að þeir kunni skil á þjóðmálunum í öllum greinum, þ. á m. mörgum hásérfræðilegum efnum og mjög erfiðum viðfangs. En hver er svo aðstaða þingflokkanna til þess að sinna þessum skyldum? Hún er þannig, að þeir hafa hreinlega engu starfsliði á að skipa. Alþm. eru þannig launaðir, að þingstörfin verða að vera þeim aukastörf. Flestir þeirra eru þm. fyrir nokkra tugi hreppa og fleiri en einn kaupstað. Málefnum allra þessara byggðarlaga eiga þeir að sinna og þar að auki eiga þeir að vera svo vel að sér, að þeir kunni a.m.k. skil á ýmsum þýðingarmiklum þáttum almennt í þjóðarbúskapnum þar fyrir utan. Við skulum segja, að menn reyni að skipta með sér verkum, þannig að allir þurfi ekki að vita allt, en allir verða að vera vel að sér í nokkrum þýðingarmiklum greinum þjóðarbúsins, auk þess að vera þm. fyrir sín héruð. En þeim er þannig launað, þm., að þeir verða að hafa þetta starf, sem ég var að lýsa og mætti lýsa í miklu lengra máli og ýtarlegar, verða að hafa þetta nálega sem aukastarf. Og við bætist að þingflokkarnir hafa enga aðstoð, enga málefnalega aðstoð. Þeir hafa t.d. engum sérfræðingum á að skipa til þess að hjálpa til þess að byggja upp sjálfstæða skoðun eða viðhorf í hinum flóknustu viðfangsefnum, enga sérfræðilega aðstoð í því tilliti, ekki einu sinni starfsmenn til þess að afla upplýsinga eða draga saman staðreyndir. Hér við

bætast svo vinnuskilyrði stjórnarandstöðunnar. Henni er auðvitað ætlað að vita allt eins vel og stjórnin um alla meginþætti þjóðarbúskaparins. Henni er einnig ætlað að byggja upp og endurskoða látlaust, miðað við breytt viðhorf, stefnu sína og úrræði í öllum þýðingarmestu málum og hafa afstöðu til alls þess, sem kemur fram frá stjórninni, og loks að kunna full skil á því sem stjórnarandstöðunni þykir nauðsyn bera til að hreyfa af sinni hendi. Stjórnarandstaðan á að geta gefið út afstöður látlaust eins og nú er komið með fjölmiðlunartæki og hraða í meðferð mála og þarf því sífellt að sinna þessum verkefnum. Þetta er stjórnarandstöðuflokkunum ætlað að vinna sérstaklega, en aðbúnaðurinn á þá lund, sem ég hef verið að lýsa.

Nú mættu menn halda, að stjórnarflokkarnir væru mjög vel settir að þessu leyti og ólíkt betur en þingflokkar stjórnarandstöðunnar, og ég veit, að ráðh. hafa náttúrlega menn á hverjum fingri og geta haft menn til þess að draga að sér upplýsingar o. s. frv. En ég held, að í sjálfum þingflokkum stjórnarliðsins, hverjir sem þeir eru, sé ákaflega lítið betur ástatt í þessu efni en hjá stjórnarandstöðunni, og sannarlega þarf á vegum þingflokkanna, ekkert síður stjórnarflokkanna en þingflokka stjórnarandstöðunnar, að fara fram sjálfstætt starf, sjálfstætt mat á því, sem er að gerast, og því, sem þarf að gerast, til þess að þingræðið raunverulega fái notið sín, því að ég mundi segja það af langri reynslu sjálfs mín og enn fremur af því að horfa á aðra starfa í ráðherrastólum, að það sé veruleg hætta á því, að ráðherrar — og ég vil segja það þannig, svo að tekið verði eftir því, — að ráðherrar verði að meira eða minna leyti fangar embættiskerfisins. Þeir þurfa a.m.k. að vera talsverðir fyrir sér og allvel í stakk búnir, þegar þeir ganga inn í kerfið, ef þeir eiga ekki að verða að meira eða minna leyti fangar þess. Og hvaðan eiga ráðherrar að koma hervæddir inn í þetta kerfi, t.d. ungur maður, sem verður ráðherra í fyrsta skipti? Hvaðan á hann að koma hér væddur inn í þetta kerfi, þannig að hann eigi í fullu tré við það og geti unnið þar sjálfstætt og ekki orðið of háður því, en geti notfært sér það? Hvaðan á hann að koma? Jú, úr stjórnmálaflokkunum, úr þingflokkunum, sem eru svona settir eins og ég hef verið að lýsa. Eru þingflokkarnir líklegir eins og að þeim er búið, til þess að „framleiða" eða leggja til ráðh., sem geta raunverulega haft í fullu tré við embættiskerfið og geta komið í framkvæmd því, sem þeir vilja sjálfir, eða því, sem meiri hluti Alþ. raunverulega vill, eða því, sem þeirra eigin flokkar vilja, hvernig sem menn vilja orða það? Ég held, að hér sé um atriði að ræða, sem þarf að gefa meiri gaum en við höfum gert, og sannarlega þurfi hér stórkostlegra endurbóta við. Og endurbæturnar verða alltaf nauðsynlegri og nauðsynlegri, eftir því sem þjóðfélagið verður flóknara og flóknara.

Fyrir 30 árum var kannske hægt að segja, að hættan í þessu tilliti, hættan á því, að Alþ. missti tökin af málunum yfir til annarra, væri ekki mjög stórfelld. Ég fullyrði, að hún er margfalt meiri nú. Það er margfalt meiri nauðsyn nú en þá á því, að taka þetta verkefni föstum tökum, að búa þingflokkana þannig í stakk, að það stuðli ekki aðeins að sóma og virðingu Alþ., heldur tryggi hreinlega, að Alþingi haldi því valdi sem það með réttu móti á að hafa, og geri flokkunum mögulegt að búa ráðherraefni framtíðarinnar þannig að heiman, það þau hafi í fullu tré.

Við tölum talsvert um, að við höfum hér aðskilið framkvæmdavald og löggjafarvald. En eins og þetta er hér hjá okkur, grautast þetta mjög mikið saman og hlýtur raunar að gera það, þegar þingræði er framfylgt, því að ráðherrar eru eins konar umboðsmenn þingmeirihluta eða framkvæmdastjórar hans á þjóðarbúinu. En ég held, að þróunin gangi og hafi gengið hratt í þá átt, að framkvæmdavaldið, og þáttur í því er embættisvaldið, sem ráðh. vinna með, verði óðfluga allt of sterkt og vald Alþ. minnki að sama skapi.

Þetta höfuðmein, sem að mínu viti er orðið mjög umfangsmikið í okkar þjóðarbúskap, verður ekki læknað með því að veikja stjórnmálaflokkana. Hættan stafar ekki frá þeim. Hún mundi stafa frá þeim, ef þeir tækju upp ólýðræðislegar vinnuaðferðir eða kæmu ólýðræðislega fyrir starfi innan flokkanna. Þá gætu flokkar orðið hættulegir. En hættan fyrir skynsamlega og eðlilega framkvæmd þingræðis og lýðræðis kemur ekki frá stjórnmálaflokkunum eins og nú er ástatt, og það er allra sízt ástæða til þess að gera nokkuð það, sem gæti grafið þá í sundur. Hættan kemur annars staðar frá. Ég tel, að helzta læknislyfið í þessu tilliti sé einmitt það að snúa sér að því að gera stjórnmálaflokkunum kleift að sinna lýðræðis- og þingræðisskyldum sínum málefnalega í starfinu á Alþingi, gera flokkunum mögulegt að vinna sjálfstætt og t.d. að ala upp sjálfstæða þjóðmálamenn, sem hafa þá þekkingu, sem þarf til þess að geta notið sín. Slíkt verður að mínu viti gert m.a. með því að gefa þingflokkunum tækifæri á því að hafa hæfilegu starfsliði á að skipa, til þess að kleift reynist að byggja upp sjálfstætt starf og eðlilegt mótvægi í þjóðfélaginu. Þá þarf að gera betur við alþm. en nú er gert og gera þeim mögulegt að leggja meiri vinnu í starfið en nú tíðkast. Alþ. nær ekki að mínum dómi að starfa eins vasklega og það þyrfti að gera á meðan alþm. hafa jafn lélega aðstöðu og nú til þess að vinna að þeim stórfelldu verkefnum, sem þeim er ætlað að sinna. Enginn skyldi halda, að verk alþm. geti, án þess að stórslys verði af, eingöngu verið fólgið í því að koma til þings óundirbúinn sama daginn og Alþingi er kallað til fundar og fara síðan strax þegar setu þess lýkur til þess að starfa að allt öðru allan þann tíma, sem þingið ekki situr. Það getur ekki góðri lukku stýrt, ef þannig er haldið á. Það er alveg víst.

Það er náttúrlega margt, sem hér kemur til greina, en mér sýnist, að eitt af því sé þetta, að þingflokkarnir fái starfsaðstöðu ekki síður en aðrar

greinar í þjóðarbúskapnum, aðrar greinar í stjórnkerfinu til þess að sinna þeim verkefnum, sem hér verður að vinna. Það verður að gera alþm. mögulegt að vera þm. meira en að nafninu til, og gera Alþ. þannig fært að framkvæma það vald, löggjafarvaldið, sem því er ætlað að hafa með höndum.

Það væri ástæða til, fyrst ég er farinn að ræða um þetta almennt, að tala um ýmsar aðrar hættur, sem óneitanlega steðja að í þessu sambandi. Og án þess að ég vilji fara út í kappræður um þetta núna, nefni ég eina hættu, sem þarna kemur til greina, þó að hún snerti ekki beinlínis þetta, sem hér á að afgreiða. En það er sú hætta, að ríkisstj. og stjórnarflokkar hafa öðlazt stórkostleg sérréttindi, eins og nú er komið málum, varðandi notkun þeirra fjölmiðlunartækja, sem nú eru sífellt að verða áhrifameiri og áhrifameiri, þ. e. útvarps og sjónvarps. Og þessi hætta er svo gífurleg, að ég álít, að fulltrúar flokkanna á Alþ. ættu að setjast niður og bera saman bækur sínar í þessu tilliti. Eins og þetta horfir núna, er náttúrlega óhugsandi, — ég tek svo djúpt í árinni, — alveg óhugsandi, að hér geti staðizt eðlilegt lýðræði framvegis, ef því á að fara fram sem nú er að gerast í þessu efni. Ég er ekki að segja, að verið sé að framkvæma einhverja áætlun í þessu eða þetta sé gert af ásettu ráði, en nú er þetta þannig, að fulltrúar þeirra, sem standa að ríkisstj., ráðh. og aðrir, eru nálega daglega að skýra fyrir þjóðinni, hvað þeir eru að gera, auðvitað frá sínu sjónarmiði, og greina frá framkvæmdum sínum, en stjórnarandstaðan hefur sáralitla möguleika til þess að greina frá sínum viðhorfum eða gera grein fyrir, hvað hún mundi vilja gera.

Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að hér sé unnið eftir áætlun að því að skapa skakka í þessu efni. Samt er þetta svona og þetta er eitt af því, sem mér finnst, að fulltrúar þingflokkanna allra, ekkert síður stjórnarflokkanna en stjórnarandstöðuflokkanna, þyrftu að taka til athugunar sameiginlega, og þá án þess að metast nokkuð um það, sem orðið er í þessu tilliti, og þá til þess að finna fyrir þessu eðlilegar og skynsamlegar reglur.

Niðurstaða mín af þessu tali er sú, að ég mun greiða atkv. með síðari brtt. hæstv. dómsmrh. og tel hana skynsamlega og hóflega lausn á því vandamáli, sem fyrir liggur.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hér verður til framhaldsumr. í kvöld frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis. Þetta frv. felur þær breytingar í sér, að kosningarrétt við kosningar til Alþ. eigi allir karlar og konur að hafa, sem orðnir eru 20 ára og eldri, þegar kosning fer fram, í öðru lagi eiga ríkisborgararétt hér á landi, í þriðja lagi eiga lögheimili hér á landi, í fjórða lagi hafa óflekkað mannorð og í fimmta lagi hafa eigi verið sviptir lögræði.

Þetta frv. er flutt af hæstv. ríkisstj. í upphafi þessa þings, og er ætlunin, að það sé til síðari meðferðar í sambandi við stjórnarskrárbreytingu, sem þegar hefur náð fram að ganga. Það er þegar vitað, að þessi réttindalöggjöf unga fólksins mundi engri andstöðu sæta af hv. Alþ., og er það víst að um efni þessa frv. er ekki ágreiningur. Þess hefði því verið kostur, ef menn hefðu viljað nýta hann, að fá þetta frv. afgreitt þegar á fyrstu dögum þingsins, eftir að það kom fram. En til þess hefur sá möguleiki ekki verið nýttur, því að málið hefur verið látið liggja allt frá upphafi þings á s.l. hausti og þar til nú, að komið er að því að fresta þingfundum fyrir páska, síðan er ætlunin að ljúka þinginu á örfáum dögum eftir páskana. Og þá er blandað inn í það haströmmu og viðkvæmu deilumáli, sem engin leið er að komast hjá að ræða. Þar að auki er það deilumál þess eðlis, að það virðist vera ákaflega erfitt að tengja það þessu réttindamáli unga fólksins, því að deilumálið, sem nú er flutt í formi brtt. við þetta frv., er um réttindaskerðingu ungs fólks, og hefur unga fólkið látið allmyndarlega til sín heyra um það, að það vilji ekki una slíkri réttindaskerðingu. Ég segi: Það er næstum því óviðurkvæmilegt efnisins vegna að tengja þessa réttindaskerðingu ungs fólks réttindafrv., sem því var heitið í fylgd með stjórnarskrárbreytingu fyrir síðustu kosningar.En þennan hátt hafa menn viljað hafa á um þetta mál, og þess vegna getur ekki hjá því farið, að þessi vinnubrögð verði nú til einhverrar tafar fyrir hið annars svo sjálfsagða réttindamál unga fólksins um að fá kosningaaldurinn lækkaðan úr 21 ári niður í 20 ár.

Ég hygg, að ég hefði getað orðið mjög stuttorður um þetta mál, ef menn hefðu ekki í dag gert þetta mál og sérstaklega ágreiningsatriðið, sem í brtt. við það felst, að umræðuefni og hæstv. dómsmrh. í tilefni af sínum brtt. rifjað upp forsögu málsins. Af því leiðir, að ég kemst ekki heldur hjá því að gera það, og í þriðja lagi af því, að einn af forustumönnum þingflokkanna, hv. 1. þm. Austf., hélt hér fyrirlestur, að nokkru leyti fræðilegan fyrirlestur um flokkana sem stofnanir og það, hvort þá bæri að veikja eða styrkja, og tjáði sig svo í sambandi við þennan fyrirlestur sinn um flokkana ákaflega ánægðan með þá till. hæstv. dómsmrh., sem nú liggur hér fyrir, eftir að hann hefur tekið aftur aðra till., sem hann hafði áður flutt við þetta mál. En lítil breyting hefur orðið á málinu við það, að hæstv. dómsmrh. tók sína fyrri till. aftur og flutti aðra í staðinn, því að það er, eins og hann sagði sjálfur í ræðu sinni í dag, meira formsbreyting heldur en efnisbreyting. Síðari till. er um nokkurn veginn það sama og hin fyrri, þ. e. að efla flokksræðið og rýra lýðræðið innan flokkanna. Tilgangurinn er sá hinn sami og getur ekki dulizt neinum, og hygg ég, að það verði, áður en máli mínu lýkur, gerð nokkur tilraun til þess að sýna fram á það, að efnislega eru till. náskyldar og að sumu leyti sú síðari öllu óskemmtilegri. Þar er aðeins reynt með formsbreytingunni að breiða yfir tilgang hennar, en hin till., eins og hún lá upphaflega fyrir, var alveg ódulbúin, hún var um

það að skerða þau lýðræðislegu réttindi, sem meðlimir stjórnmálaflokkanna hafa haft um langan aldur, og um heimild til stjórna flokkanna að banna fleiri en eitt framboð í kjördæmi, og þannig duldist engum, hver tilgangurinn með henni var. En ég hygg, að það sé ótvírætt ætlun flm. till. að ná hinum sama tilgangi með hinum nýja búningi. Þess vegna er málið í raun og veru alveg óbreytt, eins og það lá fyrir, þegar hæstv. dómsmrh. hafði borið fram sína fyrri till. Fyrri till. hæstv. dómsmrh. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda listans um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk listinn sé borinn fram, svo og skrifleg viðurkenning hlutaðeigandi flokksstjórnar fyrir því, að listinn skuli vera í kjöri fyrir flokkinn. Ekki getur stjórnmálaflokkur boðið fram fleiri en einn lista í sama kjördæmi. Vanti aðra hvora yfirlýsinguna, telst listinn utan flokka."

Þetta er a-liður í brtt. hæstv. dómsmrh., sem legið hefur alllengi hér fyrir þinginu og er tengd frv. um 20 ára kosningaaldur unga fólksins. Ég hefði talið, að þetta mál hefði átt að taka upp sem sjálfstætt mál í þinginu og harma mjög, að því skyldi vera blandað saman við þetta réttindamál unga fólksins. En það vinnst kannske eitthvað með þessum vinnubrögðum, það t.d., að þetta mál hefur aldrei verið til 1. umr. hér, það verður látið nægja að taka það nú með í umr. um stjórnarfrv., og það er nú hér til 2. umr. og fer svo út úr þessari deild, þegar þessari umr. og þeirri 3. lýkur. Þar með fara ekki fram um þetta stóra mál, um gerbreytingu á kosningal. í þessum atriðum, fram nema 2 umr. í þessari hv. d. Ef um góð mál er að ræða, er það venja flm. að gera engar ráðstafanir til þess, að þau verði lítið rædd, en ef menn hafa hugboð um það, að þeir séu ekki að flytja gott mál, get ég vel skilið, að þeir vilji komast hjá sem allra mestum umr. um það. Má vera, að einhver neisti af þeirri tilfinningu liggi að baki því, að þessari brtt. er hnoðað saman við stjfrv. um lækkaðan kosningaaldur ungs fólks. Nú hefur hæstv. ráðh. lýst því yfir, að þessi upphaflega till., í því formi sem hún er, sé tekin aftur, en aftur borin fram önnur till., er þannig hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef sá aðili, sem skv. reglum flokks er ætlað að ákveða framboðslista eða staðfesta framboðslista endanlega, ber fram mótmæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir flokkinn, skal yfirkjörstjórn úrskurða slíkan lista utan flokka og landskjörstjórn úthluta uppbótarþingsætum í samræmi við það."

Menn sjá, að nú er það að vísu ekki flokksstjórn sem þarf að gefa skriflega viðurkenningu fyrir framboðslista, til þess að hann geti tilheyrt flokki, heldur er það sá aðili, sem samkvæmt reglum flokks er ætlað að ákveða framboðslista eða staðfesta framboðslista endanlega, í þessu tilfelli líklega kjördæmisráð í einstökum kjördæmum, eða eftir atvikum bara sá aðili, sem um þetta skal fjalla skv. reglum flokkanna. Þá skal ekki vera mikill vandi á höndum landskjörstjórnar, því að þá skal þessi listi vera úrskurðaður utan flokka, hún skal úrskurða hann utan flokka, og landskjörstjórninni eru enn fremur gefin fyrirmæli um það, að undir þessum kringumstæðum, þegar mótmæli hafa komið fram, frá kjördæmisráði skulum við segja, þá skuli úthlutað uppbótarþingsætum í samræmi við það. En ef engin mótmæli berast, virðist landskjörstjórnin eiga að hafa frjálsar hendur um það, að listinn geti talizt flokkslisti og uppbótarþingsætum verði þá úthlutað að mér skilst eftir núgildandi ákvæðum laga.

Þarna á því greinilega að ná sama tilgangi og í hinni fyrri till., en binda ákvæði kosningal. þeim reglum, sem flokkarnir hafa nú um þessa framkvæmd. Lögin skulu laga sig eftir reglum flokkanna, sem þó kunna að vera mismunandi, og var einmitt upplýst af hæstv. dómsmrh. í dag, að þetta væri ekki eins hjá öllum flokkunum, ákvæði Sjálfstfl. væru t.d. á annan veg í þessum efnum heldur en hinna flokkanna. En samt sem áður á að miða lagasetninguna nú á hv. Alþ. við reglur flokkanna, að því er þetta varðar. Mér finnst þetta vera ambögulegt. Mér finnst þetta vera hálfgerð afturfótafæðing. Maður skyldi ætla, að flokkunum væri miklu fremur ætlað að móta sínar reglur í samræmi við lög, sem Alþ. hefur sett. En svona á þetta að vera, og þá er það komið í það form, að hv. 1. þm. Austf. sér alveg sérstaka ástæðu til þess að lýsa yfir, að vankantar, sem hann hafi séð á hinni fyrri till., séu sniðnir af og þessi till. sé alveg að hans skapi, þessi sé ágæt og hann mæli með henni og ætli að greiða henni atkv.

Ég mun þá þessu næst víkja nokkuð að umr., sem fram hafa farið í dag um þessa till. hæstv. dómsmrh., því að um hana hafa umr. fyrst og fremst snúizt, till. sem legið hafa fyrir frá hans hendi, og það form, sem till. hans er nú í. Allir hafa lýst því yfir, að um frv. sjálft væru þeir sammála og óskuðu eftir, að það yrði samþ., það yrði afgreitt á þessu þingi óbreytt, án þess að hnoða við það einum eða öðrum brtt.

Hv. 4. þm. Vestf. hafði orð fyrir meiri hl. hv. allshn. og greindi frá þessari niðurstöðu í n., að n. hefði verið algerlega sammála um sjálft frv., en hún hefði klofnað um afstöðuna til brtt., sem formaður n. hefði borið fram, till., sem væri á þskj. 303 og till. hæstv. dómsmrh. á þskj. 437.

Frsm. meiri hl. gat þess, að það hefði verið rætt í n. um hugsanlegar breytingar aðrar, miklu fleiri, á núgildandi kosningal., en horfið þó frá að flytja þær brtt. nú og hefði n. þess vegna eða meiri hl. hennar komið sér saman um að flytja tilmæli til ríkisstj. um, að kosningal. verði tekin til endurskoðunar, almennrar endurskoðunar. Mér finnst þetta dálítið sérkennilegt líka. Ef n. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að margra annarra breytinga væri þörf á kosningal. en þessara tveggja, sem n. tók upp á sína arma, eða meiri hl. hennar, þá væri eðlilegt, að n. flytti till. um það, að kosningal. yrðu tekin til endurskoðunar og síðan til afgreiðslu á næsta Alþ. Nei, svo er það ekki. Það eru aðeins

aftan við efnisbrtt. við stjórnarfrv. borin fram tilmæli um það, að frv. verði endurskoðað. Þetta er orðað þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Það kom til umr. í n., að ástæða væri til, að fram færi heildarendurskoðun á kosningal., því að ýmislegt hefur leitt í ljós, að þar þarf breytingar að gera, einkum í sambandi við utankjörfundarkosningar. Það eru því ákveðin tilmæli okkar, að ríkisstj. láti endurskoða þessi l. fyrir næsta reglulegt Alþ."

Till., sem meiri hl. hv. n. tekur síðan upp á sína arma, sýnist ekki vera bráðaðkallandi, sem sé það, að það hafði komið till. frá einum fjórum hv. þm. um það, að ef svo bæri við, að félagsheimili væri sameiginlegt fyrir fleiri en eitt sveitarfélag, þá mætti utankjörstaðaratkvæðagreiðsla fara fram utan hreppsfélags, miðað við kjósandann. Þessi till. hv. þm. var síðan gerð af meiri hl. n. nokkru rýmri og færð í það horf, að hreppsnefnd sé heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað utan hreppsfélagsins. Þetta er þannig orðin almenn heimild, og held ég, að það sé vafasamt að breyta l. í þessa átt, en a. m. k. sé ég ekki, að þetta hafi verið aðkallandi nauðsyn, þegar mælzt er til, að löggjöfin sé síðan endurskoðuð.

En aðalatriðið, aðalbreytingin, sem hv. meiri hl. n. tekur að sér að mæla með, er brtt. hæstv. dómsmrh. í hinni síðari útgáfu. Hv. frsm. meiri hl. tók það fram, að minni hl. n. hefði boðið að standa að samþykkt frv. óbreytts, en ekki viljað veita öðrum till. nú stuðning. Hins vegar mun minni hl. hafa mjög tekið undir það, að hann teldi þörf almennrar endurskoðunar á kosningal., og gjarnan viljað samþykkja það, að slík till. væri nú flutt, ef engar breytingar væru gerðar á stjórnarfrv. En um það fékkst ekki samkomulag. Hv. 1. þm. Norðurl. e. gerði svo grein fyrir afstöðu minni hl., þ. e. a. s. tveggja af sjö nm., hans sjálfs og hv. 8. landsk. þm., Steingríms Pálssonar. Það var vottað, að allt, sem frsm. meiri hl. hafði sagt um afstöðu minni hl., var rétt, minni hl. hefði verið fús til þess að standa að afgreiðslu stjórnarfrv. án breytinga, en verið andvígur því, að nokkrar brtt. væru nú samþykktar. Þeir höfðu einnig látið í ljós, að þeir væru á ýmsan hátt samþykkir hugmyndum meiri hl. um aðrar breytingar, sem þörf væri að gera á kosningal., t.d. að auðvelda farlama fólki, sem statt væri utan síns eigin kjördæmis, að neyta kosningarréttar síns. Það dæmi var nefnt og allir sammála um, að athuga bæri breytingar í þá átt að gera þessu fólki auðveldara að njóta þessara mannréttinda.

Ég tók sérstaklega eftir því, að hv. frsm. minni hl., Gísli Guðmundsson, hv. 1. þm. Norðurl. e., undirstrikaði það í sinni ræðu, að það væri óvenjulegt á Alþingi, að verið væri að gera smábreytingar, kákkenndar breytingar á löggjöf, ef endurskoðun á þeirri löggjöf stæði fyrir dyrum. Og það hlýtur hver maður að viðurkenna, að slíkt eru engin vinnubrögð. Það á auðvitað að láta allar breytingar á þeirri löggjöf bíða, sem menn eru sammála um að taka þurfi og taka skuli til almennrar endurskoðunar. Það virðist því sem það hefði verið mjög eðlilegt, að samstaða hefði náðst um að afgreiða nú stjórnarfrv. óbreytt, en fá algert samkomulag að öðru leyti um að láta allar brtt. nú bíða, en sameinast um till. um það, að kosningal. yrðu tekin til almennrar endurskoðunar og þeirri endurskoðun lokið fyrir næsta Alþingi.

Ég tók einnig eftir því, að hv. frsm. minni hl. undraðist það ofurkapp, sem hæstv. dómsmrh. virtist leggja á að knýja sína brtt. fram um viðkvæmt mál, þegar svo langt væri liðið þingtímans og ágreiningur um málið gæti jafnvel stofnað framgangi þess í hættu, með því að tengja brtt., sem ágreiningur væri um, við það, en hins vegar er enginn ágreiningur um málið sjálft og þannig auðsótt mál að fá það afgreitt viðstöðulaust. Hæstv. dómsmrh. taldi frsm. minni hl. taka of djúpt í árinni með þessum orðum, að sér fyndist það nálgast ofurkapp að vilja knýja brtt. fram í viðkvæmu deilumáli, ágreiningsmáli, þrátt fyrir það þó að svona stæði á um starfsháttu Alþ., þ.e.a.s. komið er að þinglokum.

Ég er hv. frsm. minni hl. enn fremur alveg sammála um það, að víst er það almennt séð gott að ná sem víðtækustu samkomulagi um lausn mála, hver sem þau eru, en alveg sérstaklega mjög þýðingarmikið að geta náð samkomulagi milli flokka um setningu kosningalaga. Þau fjalla um framkvæmd mjög viðkvæmra mála, og þess vegna er mjög óhyggilegt að afgreiða kosningalög með ágreiningi, allra helzt þegar það er gert að óþörfu eins og í þessu tilfelli.

Þetta voru, að mér fannst, meginniðurstöður hv. frsm. minni hl., og er ég honum alveg sammála í þessum niðurstöðum hans og sé ekki annað en honum hafi mælzt viturlega og það sé full ástæða til að taka tillit til þessara skoðana hans um afgreiðslu þessa máls, og held, að það væri affarasælla, að menn tækju tillit til þessara orða hans, því að það er algerlega að tilefnislausu, algerlega að óþörfu, ef svo fer, að hér verði knúin fram breyting á kosningalögum í samræmi við efni þeirrar till., sem hæstv. dómsmrh. hefur tvívegis borið fram. Það er að vísu hugsanlegt, að kosningar verði á næsta ári, og það má vel vera, að hæstv. ráðh. búist við, að svo verði, að það verði þingrof og kosningar, og þá sé betra að vera búinn að gera breytingu á kosningal. að því er þetta varðar. En ekki er það nú á almannavitorði enn, að kosningar standi fyrir dyrum. Við erum stödd á fyrri hluta kjörtímabils, og er ekki vitað, að til kosninga muni draga á tímabilinu til næsta Alþingis. En það má vera, að hæstv. ráðh. viti eitthvað meira um þetta heldur en ég eða menn almennt og þess vegna þyki honum liggja svo mjög á um að koma sinni till. fram. En sú nauðsyn byggist a.m.k. ekki á því, að það þurfi að taka af neinn vafa varðandi ákvæði gildandi kosningal., því að hafi nokkur maður verið í vafa um hin skýru ákvæði kosningalaganna, eins og þau voru á s.l. vori, eru allar efasemdir um það,

hvernig eigi að skilja þau lög, þurrkaðar burt með úrskurði landskjörstjórnar, sem hefur staðizt og hefur fengið staðfestingu hv. Alþ. Eftir það vita allir, að um þau mál, sem deilt var um á s.l. vori, þarf enginn að fara í neinar grafgötur. Lögin eins og þau eru nú, eru skýr og þau mundu ekki verða misskilin af neinum, hvorki af yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis né neinum öðrum, eftir að landskjörstjórn hefur fengið sinn úrskurð staðfestan af Alþ. Það er því alger þarfleysa að flytja till. til þess að taka af vafa um skilning gildandi kosningalaga.

Hæstv. dómsmrh. rifjaði upp ýmis atriði, sem hann nefndi staðreyndir um það, hvers vegna till. hans væru fluttar. Hann sagði, að tilefnið væri það, að ágreiningur hefði orðið um framboðslista í Reykjavík á s. l. vori. Sá ágreiningur hefði verið tvenns konar. Það hefði verið innbyrðis ágreiningur meðal Alþb.-manna og það hefði verið ágreiningur milli yfirkjörstjórnar Reykjavíkur og landskjörstjórnar. Allt er þetta rétt. En það vantaði niðurlag lýsingarinnar. Það vantaði, að mér fannst, frásögnina af því, að Alþ. skar úr og tók af allan vafa, staðfesti niðurstöðu landskjörstjórnar og varpaði þannig úrskurði yfirkjörstjórnar Reykjavíkur fyrir borð sem marklausum og löglausum. Það er því alveg ótímabært fyrir hæstv. dómsmrh. að hafa kápuna á báðum öxlum lengur. Hann gerði það á s. l. vori, áður en úrskurður Alþ. féll, en það er ekki fært fyrir hann að hafa kápuna á báðum öxlum, eftir að Alþ. hefur úrskurðað að lögin voru með þeim mönnum, sem stóðu að framboði hins svokallaða I-lista, eins og hæstv. forsrh. orðaði það einmitt á s. l. hausti í byrjun þingsins, þegar málið var hér til umr. „Því verður ekki neitað," sagði hann, „að Hannibal og þeir, sem sömu afstöðu höfðu og hann, höfðu lögin sín megin." Þetta voru óbreytt orð hæstv. forsrh., sem mundi þó af ýmsum vera talinn kunna allmikið fyrir sér í lögum.

Það er því algerlega óþarft nú að koma með brtt. við núverandi kosningalög til þess að skera úr einhverjum vafaatriðum, sem enn þá vefjist fyrir mönnum. Nú er það skýrt, að framboð eins og framboð mitt á s.l. vori var í fullu samræmi við skýran lagabókstaf stjórnarskrár og kosningalaga og fékk staðfestingu Alþ. sem slíkt. Þar með vita allir, að það er flokkum frjálst að hafa fleiri en eitt framboð í sama kjördæmi við sömu kosningar, og jafnframt hitt, að það þarf ekki uppáskrift flokksstjórna, til þess að slíkt framboð sé löglegt. Þetta mundi enginn láta sér detta í hug nú að vefengja á nokkurn hátt.

Hæstv. dómsmrh. vitnaði alllangt mál í grg., sem umboðsmenn G-listans í Reykjavík höfðu borið fram í yfirkjörstjórn Reykjavíkur í þeim tilgangi að reyna að sanna, að slíkt framboð sem framboð mitt og þeirra manna, sem skipuðu lista með mér, væri ekki flokkslegt framboð Alþb. og Alþb. alveg óviðkomandi, og má vera, að hann hafi orðið svo hrifinn af þessum rökstuðningi, að hann hafi þess vegna orðið að koma honum nú inn í þingtíðindin á ný. En svo mikið er víst, að það er hæstv. dómsmrh. ljóst og það er öllum ljóst nú, að þessi rökstuðningur, svo ágætur sem hann virtist vera hjá umboðsmönnum G-listans, var rangur, studdist ekki við lög og því að engu hafandi. Ég skil því ekki, hvaða tilgang það hafði að rekja þennan rökstuðning umboðsmanna G-listans svo ýtarlega hér í málflutningi fyrir brtt. hæstv. dómsmrh., nema ef vera skyldi af því, að till. hæstv. ráðh. fer mjög í sömu átt og rökstuðningur þessara manna, sem reyndist stangast á við gildandi lög. Þessi málflutningur umboðsmanna G-listans var í algeru ósamræmi við úrskurð landskjörstjórnar, sem fékk síðan staðfestingu hv. Alþ.

Hæstv. dómsmrh. vitnaði líka, vafalaust máli sínu til stuðnings, til stuðnings sínum brtt., í samþykkt, sem stjórn Alþýðubandalagsfélagsins í Reykjavík hefði gert 12. maí s. l. Þetta var alllöng tilvitnun líka hjá hæstv. ráðh. í dag, og efni þessarar tilvitnunar var það, að aðrir framboðslistar en G-listinn í Reykjavík væru Alþb. óviðkomandi. En það er þó öllum ljóst, að þessi samþykkt reyndist líka vera markleysa. Listi minn og þeirra, sem á honum voru með mér, var dæmdur af landskjörstjórn og Alþ. að vera Alþb. viðkomandi. Atkv. hans voru reiknuð Alþb., uppbótarsætum var úhlutað Alþb. samkv. niðurstöðum kosningarinnar, atkv. þessa lista bætt við annað atkvæðamagn Alþb. Þessi tilvitnun virtist mér því líka vera nokkuð mikið út í hött á þessum tíma, þegar Alþ. hafði kveðið upp sitt dómsorð. Það var verið að vitna í plögg, sem höfðu af Alþ. og landskjörstjórn verið dæmd ómerk. En því verður ekki neitað, að till. hæstv. dómsmrh. fara nokkuð að efni og anda í þá átt, sem þessar tilvitnanir frá því í vor hnigu.

Þá vitnaði hæstv. dómsmrh. í það, að flokkarnir hefðu í haust í þingbyrjun gefið út yfirlýsingar hér á hv. Alþ., þegar Alþ. fjallaði um afgreiðslu kjörbréfa, yfirlýsingu um það, að þeir mundu freista þess að bera fram brtt. við kosningal., breyta, eins og hann sagði, óljósum ákvæðum kosningalaga. Sjálfstfl. hefði lýst þessu yfir og Alþfl. hefði gefið yfirlýsingu um það, og það er hvort tveggja rétt. Stjórnarflokkanir lýstu þessu yfir, að þeir mundu bera fram brtt. við kosningalögin vegna óljósra ákvæða þeirra, en það var einmitt rökstuðningur dómsmrh. þá: óljósra ákvæða þeirra. Og enn fremur hafði heyrzt ein rödd úr röðum Alþb. um það, að hann mundi verða samþykkur slíkum breytingum, þegar þær kæmu fram, án þess að mér sé þó kunnugt um, að sá þm. Alþb. hafi talað í flokks nafni eða stuðzt við einhverjar samþykktir Alþb. eða þingflokks þess um þá afstöðu. Það var mér ókunnugt þá, og það er mér ókunnugt enn, þó að það kunni kannske að skýrast í þessum umr., hvernig sakir standa nú með það. En á þeim tíma vissi ég ekki til, að Alþb. hefði tekið þá afstöðu. En ég hef áður vikið að því, að hafi einhverjum þótt ákvæði kosningalaga varðandi þessi mál óljós á vordögum, hafa þau nú skýrzt svo, að enginn getur

sagt nú, að þau séu óljós. Alþ. hefur þar alveg tekið af skarið samhljóða niðurstöðu landskjörstjórnarinnar. Ég held, að það geti þess vegna enginn maður rökstutt það nú, að það sé nauðsynlegt að gera breytingu á kosningalögum, svo að framboð eins og á s.l. vori endurtaki sig ekki. Það er alveg augljóst mál, að framboð með sama hætti og framboð mitt á s. l. vori mundi tvímælalaust teljast löglegt og það mundi enginn fara af stað með að fitja upp á því, að það væri óljóst, hvernig ætti að merkja slíkan lista. Eftir úrskurð landskjörstjórnar og eftir úrskurð Alþingis mundu allir vita, að þann lista ætti að merkja, ef Alþb. hefði G-lista, sem GG-lista, og það mundi enginn heldur fara í grafgötur um það, að það ætti að leggja atkvæðamagn slíks lista við annað atkvæðamagn Alþb. og úthluta uppbótarþingsætum samkv. því. Ekkert af þessu er vafaatriði lengur. Það er öllum ljóst, að ef það henti einhverja flokkskjörstjórn að stilla upp svo þröngt, svo einhliða, að flokksfólk unnvörpum vildi ekki sætta sig við, er það skýlaust heimilt samkv. gildandi kosningalögum að bjóða þá fram annan lista í nafni sama flokks. Ef allir frambjóðendur á þeim lista lýsa yfir, að þeir séu í framboði fyrir flokkinn, eða allir meðmælendur listans lýsa því yfir, að þeir mæli með listanum fyrir ákveðinn flokk, þá duga engin mótmæli félagsstjórnar eða flokksstjórnar. Það er öllum nú ljóst. Það er kannske skýrast í þessu máli að lesa orðrétt úrskurð landskjörstjórnar, sem féll varðandi þetta mál, sem sagt er undirrót þess tillöguflutnings, sem hér er um að ræða. Úrskurður landskjörstjórnar var á þessa leið í heild, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. d-lið 31. gr. stjórnarskrárinnar sitja á Alþingi 11 landskjörnir þm. til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Er landskjörstjórn í kosningalögum falin framkvæmd þessa ákvæðis.

Landskjörstjórn getur ekki úthlutað uppbótarþingsætum fyrr en að kosningum loknum, svo sem mælt er í 119. gr. kosningalaga. Hins vegar leiðir af 40. gr. l., að landskjörstjórn á úrskurðarvald um það, hvernig listar eru merktir, en af því leiðir, að yfirkjörstjórn ber að hlíta ákvörðun landskjörstjórnar í því efni.

Í 27. gr. kosningalaga er svo mælt, að framboðslista skuli fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda listans um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk listinn sé boðinn fram. Jafnframt er í 41. gr. afdráttarlaust heimilað, að fleiri en einn lista megi bjóða fram fyrir sama stjórnmálaflokk í kjördæmi, og skal þá merkja listana svo sem mælt er í greininni. Meðferð kosningalaga á Alþ. 1933 og 1959 sýnir, að ætlan löggjafans var sú, að ekki þyrfti samþykki stjórnmálaflokks til þess, að listi yrði boðinn fram fyrir flokkinn. Um fjölda frambjóðenda á hverjum lista gildir niðurlagsákvæði 31. gr. stjórnarskrárinnar og um fjölda meðmælenda á lista ákvæði 27. gr. kosningalaga. Þar sem meðmælendur framboðslista Hannibals Valdimarssonar o.fl. hafa lýst því yfir, að listinn sé boðinn fram fyrir Alþb., og ágreiningslaust er, að Alþb. hefur listabókstafinn G, verður með skírskotun til 41. gr. kosningalaga að telja, að lista Hannibals Valdimarssonar o.fl. beri að merkja bókstöfunum GG."

Þá kemur að dómsorðinu:

„Því úrskurðast: Listi Hannibals Valdimarssonar o. fl. við alþingiskosningarnar 11. júní 1967 skal merktur bókstöfunum GG.

Landskjörstjórn, 13. maí 1967,

Einar B. Guðmundsson, Einar Arnalds,
Vilhjálmur Jónsson, Guðjón Styrkársson,
Björgvin Sigurðsson."

Einnig lá svo fyrir yfirlýsing frá formanni landskjörstjórnar, Einari Baldvin Guðmundssyni. Hún kom í ríkisútvarpinu og var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Fréttastofan hafði í kvöld samband við Einar B. Guðmundsson, formann landskjörstjórnar. Hann sagði, að landskjörstjórn hefði ekki haldið fund, síðan bréfið barst frá yfirkjörstjórn. Hins vegar sagði Einar, að hvernig sem yfirkjörstjórn auglýsti listann, leiddi úrskurður landskjörstjórnar til þess, að uppbótarsætum yrði úthlutað í samræmi við hann, þannig að atkv., sem greidd yrðu listanum, teldust til lista Alþb.

Staðfest rétt,
Margrét Indriðadóttir."

Ég segi það enn, ég get ekki séð, að það sé nokkrum manni fært að halda því fram, að ákvæði núverandi kosningalaga séu óskýr, séu ekki skiljanleg öllum, sem læsir eru á mælt íslenzkt mál, og eftir að úrskurður landskjörstjórnar hefur komizt í framkvæmd og Alþ. staðfest hann, er það út í hött að tala um nauðsyn á því að gera óljós ákvæði kosningalaga skýrari.

Hæstv. dómsmrh. tók það fram í dag í ræðu sinni, að þegar flokkarnir gáfu yfirlýsingar hér á Alþ. um þetta mál á s.l. hausti, hefðu þeir ekkert um það sagt, hvernig þeir ætluðu að gera hin óljósu ákvæði kosningal. skýr. En það virðist eiga að gerast með þeim till., sem hæstv. dómsmrh. hefur flutt. En þær till. koma eftir að málið er hætt að vera á nokkurn hátt vafamál. Nú er það ekkert vafamál og allur tillöguflutningur til þess að gera gildandi kosningalög skýrari algerlega óþarfur, allur slíkur tillöguflutningur óþarfur. Það er hætt að vera vafamál, hafi það verið vafamál fyrir einhverjum í vor. Það er ekki þörf á því, að flokksstjórnir leggi samþykki á fleiri en eitt framboð. Það er skýrt, að það er heimilt, ef frambjóðendur lýsa því yfir, fyrir hvaða flokk þeir bjóði sig fram, og ef meðmælendurnir lýsa því yfir, fyrir hvaða flokk þeir mæli með lista. Samkv. fyrri till. hæstv. forsrh. átti að banna það, að framboð gæti verið nema eitt fyrir einn og sama flokk og það átti að tilskilja samþykki flokksstjórnar, en samkv. síðari till. á nú að vera leyfilegt að bera fram tvo eða fleiri lista og

ekki krafizt skriflegra yfirlýsinga flokksstjórna, heldur þess aðila, sem á að staðfesta framboð hjá viðkomandi flokki. Og að því leyti er þessi till. verri en sú fyrri, að það á að vera eftir geðþótta flokkanna. Það á að vera leyfilegt, að framboðin séu fleiri en eitt þegar flokkur ætlar í spekúlasjónsskyni að hafa framboðin fleiri en eitt. Samkv. síðari till. hæstv. dómsmrh. getur flokkur tekið upp á því að hafa þrjú framboð, fjögur framboð, engin takmörk hve mörg, ef honum reiknast svo til, að með mörgum framboðum geti hann nurlað saman atkv. frá öðrum flokkum, þá geti hann haft flokkslegan ávinning af því. En ef fólkið, kjósendurnir þyrftu að hnekkja einhliða þröngu framboði klíku í flokki, þá á ekki að tryggja rétt fólksins með þessari till. Þess vegna segi ég: Þessi till. er óhæfari hinni fyrri. Ef hópur skattsvikara t. d. vildi bjóða fram sérstaklega og hópur stóreignamanna, hópur kaupmannasamtaka t. d., o.fl o.fl. hópar vildu bera fram framboð og flokksstjórnin eða sá aðili, sem staðfesta skal framboð, kæmist að þeirri niðurstöðu, að líklega kæmu þessir mörgu listar að landi með fleiri atkv. en einn flokkslisti, eiga samkv. síðustu till. hæstv. dómsmrh. slík framboð að vera heimil. En ef það kæmi fram framboð eins og mitt og minna félaga á s.l. vori, þannig að þeir sem skipuðu sérstök framboð, teldu, að of þröngt væri siglt, svo einhliða, að það væri einungis einn skoðanahópur innan flokksins, sem hefði valið sína menn á framboðslista, og þeir vildu ekki við það una og vildu bjóða fram sérstakan lista samkv. skýlausum ákvæðum gildandi kosningalaga og leggja þannig undir dóm kjósenda, hvort það væri rétt eða ímyndun ein, að framboðið hjá flokksstjórninni hefði verið of þröngt, hvað þá? Ef fólkið vildi ganga undir þennan dóm, þá á það ekki að fá að ganga undir þennan dóm núna samkv. till. dómsrh. Það á ekki að fá það. Þá á bara einhver aðili í flokknum að geta sagt: Nei, þetta framboð skal ekki samþykkt. Og ef mótmæli koma fram, fá menn ekki að bjóða sig fram fyrir sinn flokk, fá ekki að leggja atkv. sínum flokki, þá skal landskjörstjórnin dæma þetta utanflokksframboð. Þeir skulu ekki fá að velja á milli manna, flokksmennirnir, mannanna á G-listanum og I-listanum, svo að maður minni á dæmið frá því í vor, og atkv. leggist síðan flokknum. Nei, það skal bannað. Þó er það vitanlegt, þegar slíkt framboð fær undirtektir og fær mann kosinn, þá er það sönnun þess, að viðkomandi flokksstjórn eða þeir, sem stilltu upp lista upphaflega fyrir flokkinn, hafa gert sig seka um of þröngt framboð og að flokksmennirnir hafa viljað hafa valfrelsi um að velja aðra menn fyrir flokkinn, en það skal þeim bannað.

Með þessari brasktillögu hefur hv. 1. þm. Austf. séð sérstaka ástæðu til þess að mæla alveg sérstaklega, að flokkur megi hafa marga í kjöri, ef og í þeim tilfellum, sem hann metur það flokkslegan ávinning heldur en hafa framboðið eitt, en ekki til þess að ganga úr skugga um það, hver dómur fólksins er. Fólkið má ekki hafa rétt til þess að dæma á milli tveggja lista fyrir sinn flokk og segja til, hverja menn á þessum listum það vilji heldur, en þó þjóna flokknum.

Það er í samræmi við það, sem ég hef nú sagt, alveg hárrétt, sem hæstv. dómsmrh. sagði í dag, þegar hann bar saman sína fyrri og sína síðari till., það er formsbreyting. Það er formsbreyting, en ekki efnisbreyting, sem um er að ræða milli hans fyrri till. og hinnar síðari. (Dómsmrh.: Ég sagði, að það væri bæði efnisbreyting og formsbreyting.) Eg skrifaði það rétt af vörum hæstv. ráðh., að hann sagði, að þetta væri formsbreyting, og hann neitar því nú ekki, hann segir að það hafi verið formsbreyting og efnisbreyting, en hann lagði áherzlu á að það væri formsbreyting. Og það tel ég, að hafi verið rétt hjá honum. Hann er þeirrar skoðunar, að það megi koma fram fleiri en einn listi, ef honum sé ekki mótmælt, þ.e.a.s. hann sé talinn vera í þágu stjórnenda flokksins. Það mega koma fram fleiri framboð, þegar flokkur sér sér hag í því, en ekki þó að kjósendur sæju sér hag í því fyrir sinn flokk og vildu fá rétt til þess að velja milli annarra manna í flokknum. Það mun vera rétt, að hjá mörgum flokkum gildir sú regla, að kjördæmisráðin í hverju kjördæmi ákveði framboðin, og hjá sumum flokkunum þarf ekki staðfestingu miðstjórnar, hjá öðrum flokkum þarf staðfestingu miðstjórnar á þessu. Það mun vera hjá Sjálfstfl. þannig, að þó að framboðin séu ákveðin í kjördæmunum, hafa þau ekki hlotið gildi, fyrr en þau hafa fengið staðfestingu miðstjórnar. Samkv. orðalagi till. dómsmrh. eins og hún liggur nú fyrir, skal landskjörstjórn úrskurða lista utan flokka ef mótmæli koma fram frá þeim aðila í flokknum sem á að ákveða eða staðfesta framboð, og landskjörstjórn skal úrskurða úthlutun uppbótarþingsæta í samræmi við það, þegar mótmæli hafa komið fram, en með allt öðrum hætti, ef ekki er mótmælt.

Ég skal nú ekki fara miklu fleiri orðum um ræðu hæstv. ráðh. í dag, aðeins þó víkja að því, að hann viðurkenndi í sinni ræðu, að það væri vissulega þörf endurskoðunar kosningalaga. En þó vildi hann ekki fresta afgreiðslu brtt. við stjórnarfrv. nú, virtist halda sér fast við það að knýja sína brtt. fram. Og hann gerði það með þessum orðum: Við vitum ekki, hvenær kann að verða kosið. Þess vegna er bezt að setja undir lekann. — En þessi leki hæstv. ráðh. er bara ímyndun. Það er ekki neinn leka að setja undir, því að Alþ. hefur kveðið upp skýran úrskurð um, hvaða réttur sé til fleiri en eins framboðs fyrir einn og sama flokk í sama kjördæmi. Það þarf ekki að setja undir neinn leka, því að hann er þegar stöðvaður. Það hefur gerzt með skýrum úrskurði landskjörstjórnar, og það hefur enn betur gerzt með lokaúrskurði Alþ.

Ég heyrði það á ræðu hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, að hann hafði ekki verið alls kostar ánægður með fyrri útgáfu af till. dómsmrh., því að hún hefði ekki samrýmzt að öllu leyti flokksreglum Framsfl. um framboð, en till. hæstv. ráðh., eins og hún væri nú í þessu breytta formi, hann lýsti sig

samþykkan henni, ánægðan með hana og mundi greiða henni atkv., því að hann teldi hana eðlilega. Hann sagði, að flokkarnir ættu að hafa sama rétt og sérhver önnur félagssamtök, og mér skildist á honum, að þar ætti það að ráða, að meiri hl. í flokki ætti að hafa alger ráð. Ég gat ekki skilið það öðruvísi. Rétt minni hl. minntist hann ekki á a.m.k. En það er einmitt þetta, sem er um að ræða: Eiga þau ákvæði, sem eru í gildandi kosningalögum og verja rétt minni hl. að vera eða á að afnema þau? Á að ofurselja minni hl. í flokkum algerum flokkslegum yfirráðum, flokkslegu einræði þeirra, sem merkja meiri hl. í flokki, og á að loka öllum leiðum til þess, að kjósendur megi velja á milli manna, ef minni hl. hefur verið misboðið með einhliða og þröngu framboði? Ég er ekki þeirrar skoðunar, að flokkar veikist neitt við það, þó að réttur minni hl. sé allvel tryggður. Ég held, að það sé einmitt í samræmi við anda lýðræðis og þingræðis að réttur minni hl. sé allverulega tryggður og það jafnvel betur en gert er í íslenzkri löggjöf.

Hv. þm. Eysteinn Jónsson taldi það vera nægilegt, að ef minni hl. í flokki væri óánægður með ákveðið framboð, þá hefðu þeir leyfi til þess að bjóða fram utan flokka. Er það nú víst, að það væri til bóta að neyða minni hl. í flokki til að segja skilið við sinn flokk og stofna nýjan? Er það alveg víst, að það væri til bóta að knýja menn þannig til að fjölga flokkum fremur en lögin heimili minni hl. vissan rétt og gefi honum þannig kost á að velja á milli manna innan flokksins með fleiri en einu framboði, eins og lögin ætlast til nú? Ég er þeirrar skoðunar, að flokkarnir séu sterkari, ef þeir iðka það og jafnvel verða að gera það samkv. gildandi lagaákvæðum að taka tillit til minni hl. Það má vel vera, að ef till. hæstv. dómsmrh. hefði verið orðin að lögum í vor, hefðum við í Alþb., sem stóðum að öðru framboði, ekki átt neins annars kost en að bjóða fram utan-flokkalista, sem við ekki gerðum. Við vildum, að okkar flokkur nyti atkv., sem við fengjum og okkar flokkur fékk þau atkv. En ef till., sem við erum að ræða um núna, hefði verið orðin samþ., hefðum við ekki átt þennan möguleika. Við hefðum orðið að hröklast úr röðum Alþb. og bjóða fram utan flokka, koma sem sérstæður flokkur inn í þingið. Hefði Alþb. verið að sterkara? Ég sé það ekki. Ég sé ekki, að þau ákvæði í gildandi kosningalögum, sem leiddu til tveggja framboða hjá Alþb. á s. l. vori, hafi á nokkurn hátt veikt Alþb., og það finnst mér stangast á við röksemdafærslu hv. 1. þm. Austf.

Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, mælti með brtt. dómsmrh. Ef hún á rétt á sér nú, þessi till. mundi hún vafalaust við vandlega endurskoðun kosningal. á næstu mánuðum, fyrir næsta þing, hljóta náð fyrir augum manna, augum glöggra endurskoðenda á löggjöfinni. Þá mundi hún sennilega skila sér, þessi góða till. Ég sé ekki, að það ætti að vera nokkur hætta á því, að hún fyrirfærist og þess vegna spyr ég hv. þm.: Telur hann svo bráðnauðsynlegt, að þessi till. hæstv. dómsmrh. verði samþ. nú, að hann geti ekki fallizt á, að hún verði látin bíða eins og önnur atriði kosningal., sem endurskoða þarf að margra áliti? Mér mundi þykja mjög mikilsvert að heyra frá honum, hvort hann teldi hana svo bráðaðkallandi, þó að hann sé efnislega samþykkur henni, að hann gæti ekki hugsað sér, að hún biði hinnar almennu endurskoðunar. Ég fer ekkert dult með það, að ég mun bera fram ákveðin tilmæli til hæstv. dómsmrh. um það og til ríkisstj., að hún láti sér nægja að fá stjórnarfrv. eitt samþ. án annarra breytinga, en því sé jafnframt slegið föstu, að kosningal. verði tekin til endurskoðunar fyrir næsta haust og þá borin fram á Alþ. endurskoðuð. Ég býst við því, að ef þessum tilmælum mínum verður synjað af hæstv. dómsmrh., sem getur ráðið þar mestu um, þar sem hann er tillögumaður, ættu forustumenn annarra flokka, þ. á m. hv. 1. þm. Austf., að geta fallizt á frestun á afgreiðslu þessarar till. Þó veit ég það ekki, og þess vegna spyr ég hann um það, hvort hann telji, að svo mikið liggi á að samþykkja þessa breytingu, sem í till. felst, að hann gæti ekki hugsað sér að fallast á, að sú breyting yrði látin bíða almennrar endurskoðunar, sem fram færi fyrir næsta þing.

Hv. þm. Eysteinn Jónsson orðaði það þannig í dag, að flokkarnir væru ofurseldir óviðkomandi fólki, ef kosningal. væru óbreytt og brtt. ráðh. væri ekki samþykkt. Ég veit nú ekki, hvað hann á við með þessu. Hafi hann haft í huga framboð mitt og minna félaga s.l. vor, er það augljóst mál, að það fólk var ekki óviðkomandi Alþb. (Gripið fram í.) Einhvern tíma í ræðunni tók hv. þm. það fram, að hann væri ekki með hugann við það framboð, en ég held samt, að það hafi af og til hvarflað að honum, að breytingarinnar væri þörf vegna þess, sem komið hefði fyrir, og það kæmi nánar fram í því, sem hann sagði. Það var ekkert óviðkomandi fólk, sem stóð að þessum lista. Það var formaður Alþb. í efsta sæti, og það voru fjöldamargir Alþb.-menn alkunnir á listanum, ýmsir forustumenn úr verkalýðshreyfingunni fyrr og síðar og meðal meðmælendanna, þekktir Alþb.-menn og forustumenn í stéttarfélögunum hér í Reykjavík. Það var þetta fólk, sem fór fram á það að mega nota sér skýr og skýlaus ákvæði kosningal. um það að bjóða fram annan lista, af því að það hafði verið boðinn fram í nafni Alþb. listi, sem svo að segja eingöngu var skipaður einum skoðanaarmi Alþb., þ.e.a.s. viðurkenndum kommúnistum. Og við þetta vildum við ekki sætta okkur. Ef þessi listi, sem merktur var G-listi, hefði í hugum fólks verið talinn þannig samansettur, að Alþb.-fólk almennt vildi og gæti sætt sig við hann, þá hefði minn listi sennilega lítið sem ekkert atkvæðamagn fengið, en það lítið það hefði verið, hefði það þó fallið Alþb. En dómurinn varð sá, að kommúnistaarmurinn í Alþb. hefði stillt of þröngt til þess að ná atkv. og stuðningi Alþb.-manna almennt. Hálft fjórða þús. kjósenda sagðist ekki vilja sætta sig við það framboð, sem vissulega hafði þó verið ákveðið af stjórn

Alþb.-félagsins í Reykjavík, og leyfði sér það samkv. kosningalögum að kjósa annan lista. Og af því að við notuðum þennan rétt, fékk Alþb. þennan stuðning, stuðning þessa fólks, sem að öðrum kosti hefði verið misboðið á þann hátt, að það hefði orðið að yfirgefa Alþb., bjóða fram utan flokka og ætlast þannig alls ekki til þess, að Alþb. fengi þetta atkvæðamagn, mikið eða lítið, sem listinn dregi að landi. Eins og l. eru nú, fer það ekkert á milli mála, að þegar boðinn er fram annar listi í nafni ákveðins flokks og fullnægir gildandi ákvæðum um það, frambjóðendurnir lýsa því yfir, fyrir hvaða flokk þeir bjóði sig fram, og meðmælendurnir votta það allir saman, þá fær viðkomandi flokkur atkv. og hann fær uppbótarsæti, eins og atkvæðamagnið nægir til. Getur nokkur bent á, að flokkur geti haft tjón af þessum rétti, sem kosningal. heimila? Menn hafa verið að tala um, að þetta skapi möguleika fyrir því, að annarra flokka menn geti hópað sig saman á lista og boðið sig fram í nafni annars flokks. Þetta er slík fásinna, að engu tali tekur. Dettur nokkrum manni í hug, að sjálfstæðismenn raði sér upp á lista í Reykjavík og segist bjóða sig fram fyrir Framsfl., og fái 200 meðmælendur til að votta það, að þeir styðji þennan lista fyrir Framsfl., þennan lista sjálfstæðismanna fyrir Framsfl.? Sjálfstæðismennirnir sem þetta gerðu, eða úr hvaða flokki sem þeir væru, yrðu að leggja sig í þá áhættu, að atkv., sem listinn fengi, féllu svo sem ekki Sjálfstfl., ekki þeirra flokki, nei, heldur yrðu Framsfl. til styrktar, hversu fá eða mörg sem þau yrðu. Þetta mundi vera algerlega utan við takmörk hins mögulega. Þetta er fásinna. Það kemur ekki fram annar listi í nafni flokks, nema flokksmenn fáist til þess að skipa hann og flokksmenn fáist til þess að mæla með honum. Þeir, sem tala um nauðsynina á því að afnema þennan rétt flokksmanna til að velja á milli manna, en láta sinn flokk njóta atkv., sem báðir listarnir fá, eru, hvort sem þeir vilja játa það eða ekki, talsmenn fyrir óheftu flokksræði. Þeir vilja ekki láta sér nægja neitt annað eða minna en að meiri hl. skuli einn geta ákveðið framboð og ákveðið þannig hverja kjósendurnir í flokknum skuli og verði að kjósa, ella víkja úr flokknum. Þeir vilja ekki viðurkenna minni hl. neinn rétt til þess að gefa fólki kost á að velja á milli manna í flokknum. Þeir eru að berjast fyrir flokksræði. Þeir eru að berjast móti lýðræði, engu síður hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, heldur en sjálfur dómsmrh. Þeir eru báðir að berjast fyrir flokksræði gegn lýðræði. Og það hefur ekkert breytzt frá fyrstu till. dómsmrh. annað en það, að hin síðari er dulbúin árás á lýðræðið, dulbúinn málflutningur fyrir flokksræðið, en fyrri till. hans var opinská og heiðarleg og duldist engum. En þessa breytingu þurfti til, til þess að hv. 1. þm. Austf. lýsti sig ánægðan og samþykkan. — Og þá hlær Björn Pálsson.

Nei, sú till., sem hér liggur fyrir frá hæstv. dómsmrh. í annarri útgáfu, gengur á svig við rétt minni hl. í flokkum, gengur gegn rétti minni hl., og hún gengur þráðbeint gegn mannréttindum hins almenna kjósanda, í hvaða flokki sem er. Hún er flokksræðistill., svolítið dulbúnari í seinni útgáfunni en þeirri fyrri. Það er því eingöngu formsbreyting, sem átt hefur sér stað í þessum tillöguflutningi, lítil eða engin efnisbreyting.

Hv. 1. þm. Austf. talaði um, að það mætti ekki veikja flokkana, það þyrfti að styrkja þá og styðja, og að lýðræðið mundi ekki eflast, ef flokkarnir yrðu veiktir. Ég er sízt á móti því, að flokkar séu sterkar stofnanir. En ég held, að svo bezt séu þeir sterkar stofnanir, en ekki risar á brauðfótum, eins og hv. þm. orðaði það, að þeir taki tillit til minni hl. Ef þeir taka ekki tillit til minni hl. og vilja sníða lög á þann hátt, að þeir þurfi ekki að gera það, þá verða þeir veikir. Það er mín sannfæring. Sá lýðræðisandi er til í Íslendingum, að með þeim vinnubrögðum verða flokkarnir veikir, gera sig veikari. Þeir munu ekki styrkja sig með auknu flokksræði. Þeir munu styrkja sig, ef þeir gæta anda lýðræðisins og ætla minni hl. einnig nokkurn rétt. Þar eru gildandi lagaákvæði miklu meira í anda lýðræðisins heldur en þau ákvæði, sem nú er ætlunin að lögfesta með brtt. hæstv. dómsmrh.

En það fannst mér furðulegt, að meginstofn ræðu hv. 1. þm. Austf. var um það, að það þyrfti að efla flokkana á margvíslegan hátt, það þyrfti að gera þeim fært að hafa starfsmenn, það þyrfti að gera þeim fært að afla sér upplýsinga, og um þetta fór hann mörgum orðum og hélt mikinn fyrirlestur um þetta, hvernig ætti að efla flokkana að þessu leyti. Og ég var honum samþykkur að þessu leyti. En það var bara allt saman um efnisatriði, sem ekkert koma nálægt kosningalögum á nokkurn hátt. Hann lýsti því, hvernig stjórnarflokkarnir væru að vísu betur settir en stjórnarandstöðuflokkarnir að því leyti að geta sótt vit sitt í alls konar sérfræðinga og embættismenn, þeir hefðu menn á hverjum fingri sjálfir ráðh., en þm. í stjórnarflokkunum væru litlu betur settir um þekkingaröflun á almennum þjóðmálum og að kryfja þau til mergjar heldur en þm. stjórnarandstöðuflokkanna. Og hann sagði, að ungur ráðh. væri alveg ömurlega settur, þegar hann yrði settur andspænis þessu valdamikla embættis- og sérfræðingakerfi, sem nú ríkti í íslenzku þjóðfélagi, hann gæti varla risið gegn því og það gætu þm. jafnvel í stjórnarflokkunum ekki heldur. Þetta embættis- og sérfræðingakerfi væri orðið svo sterkt, að það yfirbugaði allt og gerði þá, eins og hann sagði, bæði unga ráðh. og þm. stjórnarandstöðuflokkanna og þm. stjórnarflokkanna líka, að föngum embættis- og sérfræðingakerfisins.

En hvað kemur þetta allt saman, þó að hann hafi hárrétt fyrir sér í þessu, — hvað kemur þetta við kosningalögunum? Ekki hið minnsta. Ég held, að hann hafi tekið einhverja gamla ræðu, sem ekkert átti við í þessu samhengi, og ágæta ræðu, en hún snertir ekki þetta mál. Það má vel vera, að það þurfi að efla flokkana og starfsaðstöðu þeirra að því er þetta snertir. En um það er hægt að bera fram alveg sjálfstæðar till., þó að við látum brtt. hæstv.

dómsmrh. bíða almennrar endurskoðunar kosningal., svo mikið er víst. Nei, þó að ég berjist á mót till. hæstv. dómsmrh., er það ekki af því, að ég vilji veikja flokkana. Það er ekki af því, að fyrir mér vaki neinar ólýðræðislegar hugsanir. Ég held einmitt, að lýðræðinu sé betur sinnt með lögunum eins og þau eru nú heldur en að samþykktri brtt. ráðh., og ég held líka, að flokkarnir séu sterkari, ef þeir verða að lúta lýðræðislegum ákvæðum laga um það, að flokkarnir taki tillit til minni hl. Og því aðeins að flokkarnir taki til ólýðræðislegra vinnubragða veikjast þeir. En ef þeir taka tillit til lýðræðislegra vinnubragða í sínum starfsháttum, styrkjast þeir, og það held ég, að sé mergurinn málsins. Og l., eins og þau eru, eru vörn gegn því, að flokkarnir beiti minni hl. ofríki.

En núna vakir það fyrir mönnum með fylgi við brtt. hæstv. dómsmrh. að auka flokksræðið, veikja lýðræðið, og þannig mundi samþykkt till. veikja flokkana og ganga þvert gegn því, sem hv. 1. þm. Austf. taldi skipta mestu máli í þessu sambandi.

Hv. Alþ. hefur áður fyrr staðið frammi fyrir því, hvort ætti að innleiða þau vinnubrögð, sem fólust í fyrri till. hæstv. dómsmrh. og þar með einnig í till. hans í núverandi mynd, því að efnið er hið sama. Alþ. hefur tvisvar sinnum tekið ákvarðanir um, hvort það ætti að lögfesta þessi ákvæði í einni eða annarri mynd eða ekki. Til þessa hefur Alþ. tekið afstöðu bæði 1933 og 1959. Og það vekur því athygli áreiðanlega, hvað Alþ. gerir nú, þegar það er tekið til athugunar í þriðja sinn, hvernig eigi að haga löggjöf um þessi efni.

Eins og alkunnugt er, var stjórnarskrárbreyting samþ. á árinu 1933, og sú stjórnarskrárbreyting heimilaði stjórnmálaflokkunum að bera fram landslista og hafa þannig áhrif á úthlutun uppbótarþingsæta, því að það voru flokksstjórnirnar, sem máttu ráða röðun á landslista. Ég man það sérstaklega, að Alþfl. notfærði sér jafnan, meðan þessi lagaheimild var, heimildina til þess að raða á landslista, og má vera, að einhverjir fleiri flokkar hafi notfært sér þá heimild. En svo mikið er víst, flokkarnir fengu með stjórnarskrárbreytingunni frá 1933 heimild til þess að bera fram landslista og raða á landslistann og fengu þannig ákaflega mikil flokksleg ráð til þess að hafa áhrif á úthlutun uppbótarþingsæta.

Í frv. til kosningalaga, sem lagt var fram á Alþ. á aukaþingi 1933, eftir að stjórnarskrárbreytingin hafði verið samþ., var svo hljóðandi ákvæði um takmörkun á rétti manna til þess að bjóða fram frambjóðanda eða í Reykjavík lista í nafni flokks:

„Framboði einstaks frambjóðanda, svo og framboðslista í Reykjavík, skal fylgja skrifleg yfirlýsing frambjóðandans, eða þegar um lista er að ræða þeirra, sem lýsa yfir, að þeir styðji kosningu listans, fyrir hvern stjórnmálaflokk frambjóðandinn eða listinn sé boðinn fram, svo og skrifleg viðurkenning hlutaðeigandi flokksstjórnar fyrir því, að frambjóðandinn eða listinn skuli vera í kjöri fyrir flokkinn. Þó nægir, ef yfirlýsing flokksstjórnar kemur áður en kjörseðlar eru fullgerðir. Vanti aðra hvora yfirlýsinguna eða báðar, telst frambjóðandinn eða listinn utan flokka."

Kannast menn við þetta orðalag? Þetta er nákvæmlega það, sem felst í fyrri útgáfu till. hæstv. dómsmrh. Hann hefur tekið hér upp till., sem var borin fram í kosningalagafrv. 1933. Orðalagið er nákvæmlega það sama og efnisatriðin eru þau sömu. En hvernig leizt nú Alþ. á þetta 1933? Þetta ákvæði 1933, sem fól augljóslega í sér, að fleira en eitt framboð í nafni flokks skyldi því aðeins tekið gilt, að því fylgdi skrifleg viðurkenning hlutaðeigandi flokksstjórnar, en ella skyldi framboðið teljast utan flokka, var fellt. Ákvæðið var fellt 1933. Strax í meðferð Nd. Alþ. var það fellt með 16:12 atkv., og í stað þess var sett ákvæði samhljóða því, sem nú gildir og ekki krefst neinnar viðurkenningar flokks á öðru framboði í flokksnafni. Þannig fór þetta 1933. Það var borið fram stjórnarfrv. með þeim ákvæðum, sem hæstv. dómsmrh. vill nú láta taka upp, en það var fellt í Nd. strax með 16:12 atkv. En fulltrúar flokksræðisins þá voru iðnir við kolann eins og nú, því að eftir að þessi efnisatriði, sem ég nú greindi, höfðu verið felld í Nd., var samt gerð tilraun til þess í Ed. að koma aftur inn í frv. ákvæði um, að skrifleg viðurkenning hlutaðeigandi flokksstjórnar fyrir því, að frambjóðandi eða listi mætti vera í framboði fyrir flokkinn, væri gerð að skilyrði fyrir því, að bjóða mætti fram fleiri en einn frambjóðanda eða lista fyrir einn og sama flokk. Og hvernig fór þetta þá í Ed. við aðra tilraunina á því þingi? Sú tilraun mistókst einnig, því að þessi till., sem þar var borin fram, var felld í Ed. með 8:5 atkv. Um þetta má sjá í Alþingistíðindum, B-deild, árið 1933, 220. dálki. Þar með var þessi tilraun til þess að tryggja einræði flokksstjórnanna endanlega fallin á þessu þingi, 1933, og hefur aldrei skotið upp kollinum á Alþ. síðan þar til nú. Afturgangan er komin nú.

Ég skal fara fljótt yfir þessa sögu, en þó má geta þess, að meðal þeirra, sem stóðu að því að fella þetta ákvæði, voru Ólafur Thors, Tryggvi heitinn Þórhallsson, Pétur Ottesen, Ásgeir Ásgeirsson núv. forseti og Jörundur Brynjólfsson. Og ég get enn fremur upplýst, að aðrir, sem lögðu hönd að því verki að fella ákvæðið í burtu, voru Magnús Guðmundsson, Pétur Halldórsson, Guðbrandur Ísberg, Þorsteinn Þorsteinsson, Jóhann Þ. Jósefsson, Jón Ólafsson, Bernharð Stefánsson, Halldór Stefánsson, Jón Sigurðsson á Reynistað, Jón Pálmason á Akri og Hannes Jónsson.

Mér virðist, að þessi upptalning sýni, að það voru engir aukvisar, sem risu upp til varnar lýðræðislegum rétti kjósendanna gegn flokksræðinu á þinginu 1933. Kannske eru þessir menn einskis virtir nú í Framsfl. og Sjálfstfl., en hér hef ég þó nefnt nöfn flestra forustumanna þessara flokka og margra virtra þm. þeirra, sem þá sátu á þingi. Menn halda kannske, að afstaða sósíalista á því þingi, 1933, hafi verið á annan veg en Ólafs Thors og Tryggva Þórhallssonar og Péturs Ottesens og

Jóns á Reynistað og Jóns á Akri og þeirra, sem ég áðan nefndi, en það var nú síður en svo. Einar Olgeirsson, foringi Sósfl., lét þá í ljós, að sér þætti gæta allt of mikillar tilhneigingar til flokkslegs einræðis, og taldi, að það væri þó stefnt í rétta átt, að menn fengju rétt til þess að bjóða fram annan lista í sama flokki, en þó væri þar varla sinnt nægilega réttindum fólksins. Hann sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Mér hefur virzt vera nokkur tilhneiging til þess að gera ráð flokkanna nokkuð mikil í þeim till. og hugmyndum, sem fram hafa komið í umr. um þessi mál. Að vísu eiga kjósendur þess kost, ef þeir eru óánægðir með t.d. 1., 2. eða 3. frambjóðanda eða einhvern þeirra, að bjóða fram annan lista, þó að þeir tilheyri sama flokki, og ef sá listi yrði sterkari, er, t. d. ef um 1 mann er að ræða, efsti maður af honum kosinn."

Þannig er það, að enginn ómerkari maður en formaður Sameiningarflokks alþýðu, Sósfl., hefur opinberlega samkv. vitnisburði þingtíðindanna sett fram sinn skilning á þessum ákvæðum kosningal., þegar umr. fór fram um þau á Alþ. 1959. Hann taldi sem sé ekki nægilega langt gengið til þess að tryggja rétt flokksmannanna með þeim ákvæðum, sem enn eru í gildi í kosningal., og hann studdi því vissulega að því að fella þessi ákvæði, sem borin voru fram í stjórnarfrv. 1933, fella þau úr gildi, og þau eru samhljóða þeim ákvæðum, sem felast í fyrri till. hæstv. dómsmrh. Ég kemst ekki hjá því að minna enn á 26. gr. stjórnarskrárinnar frá 1934:

„Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkv. annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða þá landslista."

Þessi ákvæði stjórnarskrárinnar frá árinu 1934 um landslista í nafni flokkanna voru í gildi fram til ársins 1959, en þá steig löggjafinn það geysiþýðingarmikla skref að fella niður með öllu ákvæðið um heimild flokka til þess að hafa landslista í kjöri, og þar af leiðandi voru felld niður ákvæðin um rétt og skyldur flokka til þess að raða mönnum á landslista. Með því féllu eðlilega alveg niður ákvæði kosningalaga um rétt flokka eða flokksstjórna til þess að hafa nokkur áhrif á úthlutun uppbótarþingsæta, og það hafa stjórnir flokka ekki haft síðan, þar til á að reyna að innleiða þann rétt til handa flokksstjórnunum nú. Ákvæði núgildandi kosningalaga eru líka frá árinu 1959. Aukaþing var kallað saman í júnímánuði 1959, og lá fyrir því það verkefni að samþykkja stjórnarskrárbreytinguna í annað sinn, eins og á þessu þingi, og veita henni þar með stjórnarskipunargildi og setja ný kosningalög í samræmi við stjórnarskrárbreytinguna og endurskoða þau að öðru leyti, ef Alþ. þá sýndist svo. Þegar páv. dómsmrh., Friðjón Skarphéðinsson, lagði frv. til hinna nýju kosningalaga fyrir Alþ., lét hann þess getið, að það hefði verið samið af þremur færum lögfræðingum og í frv. væri gert ráð fyrir því, að ákvæði þágildandi kosningalaga yrðu látin haldast nær því óbreytt, önnur en þau ákvæði, sem stjórnarskrárbreytingin tæki til. Í kosningalagafrv. hinna lærðu lögfræðinga voru m. a. þessi ákvæði í 26. gr., þ. e. a. s. í niðurlagi 1. mgr.:

„Þegar landslistar eru bornir fram, skulu þeir tilkynntir landskjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 4 vikum og 2 dögum fyrir kjördag."

Og í 28. gr. kosningalagafrv. stóð svo:

„Landskjörnir þm. eru kjörnir samkv. landslistum, sem stjórnmálaflokkar bera fram. Landslista skal fylgja til landskjörstjórnar skrifleg yfirlýsing um það, hver stjórnmálaflokkur beri hann fram, undirrituð af flokksstjórninni. Slík skýrsla ein nægir, þegar um stjórnmálaflokk er að ræða, sem átt hefur fulltrúa á síðast háðu Alþ., eða náð 1000 atkv. við síðustu alþingiskosningar, þar af a.m.k. 20% greiddra atkv. eða 500 atkv. í einu og sama kjördæmi. Nú uppfyllir stjórnmálaflokkur ekki þessi skilyrði, og skal hann þá láta fylgja lista sínum og skýrslu til landskjörstjórnar skriflega yfirlýsingu frá eigi færri en 500 kjósendum, þar af eigi færri en 20% kjósenda á kjörskrá eða 250 kjósenda í einu og sama kjördæmi, um, að þeir fylli flokkinn, enda séu þeir ekki í öðrum stjórnmálaflokki, er þátt tekur í þeim kosningum, sem í hönd fara."

En hvað gerði nú Alþ. 1959 við þessar frvgr. lögfræðinganna, sem höfðu samið kosningalagafrv.? Þessir lögfræðingar vildu gera það að skilyrði fyrir löglegum landslista og þar með rétti til uppbótarþingsæta, að honum fylgdi skýrsla, undirrituð af flokksstjórninni, um það, hvaða stjórnmálaflokkur bæri hann fram. Það er fljótsagt. Alþ. kolfelldi einróma báðar þessar fyrirhuguðu lagagreinar, nam þær í burtu úr kosningalagafrv. Og hvernig stóð nú á því, að Alþ. felldi þessar gr. úr kosningalagafrv. 1959? Þær voru við nákvæma athugun í n. taldar brjóta í bága við stjórnarskrána. Mjög mikilsvirtur hæstaréttardómari, sem var einn höfundur stjórnarskrárbreytingarinnar og kosningalagafrv., viðurkenndi, að hér væri um yfirsjón að ræða, og að fengnu þessu áliti varð stjórnarskrárnefnd Nd., sem fékk málið fyrst til meðferðar, einróma sammála um það, að öll þessi ákvæði hinna lærðu lögfræðinga um landslista og skilyrði um yfirlýsingu frá flokksstjórn fyrir rétti til uppbótarþingsæta væru lögleysa ein og brytu í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar, eins og þau voru þá orðin, eftir að niður hafði verið felld úr henni heimild til handa flokkum til þess að bera fram landslista eftir sínu höfði og gefa flokksstjórnunum þar með vald til að hafa áhrif á úthlutun uppbótarþingsæta og þar með að svipta t.d. þá menn, sem bornir væru fram í kjördæmum án viðurkenningar flokksstjórnanna, rétt til uppbótarþingsæta. Og nú hefði verið gott, að hæstv. dómsmrh. væri við, því að ég spyr nú: Hver hafði forustu fyrir þessari afstöðu stjórnarskrárnefndarinnar í Nd. um að fella niður þessar greinar, fella þær burt úr kosningalagafrv.? Það var einmitt núv. dómsmrh., Jóhann Hafstein. Hann var frsm.

stjórnarskrárnefndarinnar að því er þessi ákvæði snerti, og hann viðurkenndi í framsöguræðu sinni, að nokkur mistök hefðu orðið á samningu kosningalagafrv. hjá hinum lærðu lögfræðingum og þannig hefði láðst að taka í frv. breyt. þær, sem hlaut, eins og hann sagði, að leiða af breytingum nýju stjórnarskrárinnar, þeim breytingum að felld er niður heimild stjórnmálaflokkanna til þess að bera fram landslista. Þetta þurfti að leiðrétta, og er mikið af brtt. n. eingöngu miðað við það. Það var sjálfur núv. hæstv. dómsmrh., sem sagði, að þessi ákvæði, m.a. um viðurkenningu flokksstjórnanna varðandi uppbótarþingsæti, brytu í bága við stjórnarskrána og þess vegna yrði að taka þessi atriði út úr kosningalagafrv. Og allir vita, að stjórnarskránni hefur ekki verið breytt síðan þangað til nú, þegar breyta á kosningaaldrinum, sem ekki snertir þetta mál.

Í umr. um málið í Nd. 1959 kom það skýrt fram, að tilgangur þeirra mætu manna, sem ég áðan nefndi og vildu fella það ákvæði frv. niður, að skrifleg viðurkenning flokksstjórnar þyrfti að fylgja framboði í kjördæmi, var einmitt sú að takmarka vald flokksstjórnanna. Með því að fella þessi ákvæði niður lýstu þm. unnvörpum yfir, að þeir væru að takmarka vald flokksstjórnanna, þeir væru að vinna gegn auknu flokksræði. Halldór Stefánsson, 2. þm. N.-Múl., komst t. d. svo að orði um þetta ákvæði, sem einmitt var fellt niður úr frv. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í síðustu mgr. 27. gr. frv. er svo til tekið, að auk þess sem framboði einstaks frambjóðanda skuli fylgja skrifleg yfirlýsing hans sjálfs um það, hvaða stjórnmálaflokki hann fylgi, skuli og fylgja skrifleg yfirlýsing hlutaðeigandi flokksstjórnar um það, að hann sé í kjöri fyrir flokkinn. Samkv. þessu eru því sjálfir frambjóðendur og meðmælendur þeirra ekki teknir trúanlegir um það, hvaða flokksafstöðu þeir hafi. Mér finnst þetta í fyllsta máta óviðkunnanlegt, þar sem líka hugsunin, sem liggur til grundvallar fyrir því, er sú að koma hér á alræði flokksstjórnanna yfir þjóðarheildinni og einstaklingunum. Ég legg því til, að þetta ákvæði um hina skriflegu yfirlýsingu flokksstjórnanna sé fellt burt úr greininni."

Og það var gert. Það var fellt burt úr gr. En fleiri þm. d. beittu mjög svipuðum rökum gegn þessu fáránlega ákvæði, enda var það, eins og áður segir, fellt úr kosningalagafrv. og hefur aldrei skotið upp kollinum á Alþ. síðan þar til nú. Till., sem var samhljóða till. hæstv. dómsmrh., var, eins og ég áðan sagði, felld í Nd., og þegar hún var tekin upp í Ed., var hún þar einnig felld. Þar lagðist Pétur Magnússon, síðar ráðh., eindregið á móti þessari till. um einræði flokksstjórna um framboð og beitti sér gegn slíku. Ég skal hafa eftir honum örstutta tilvitnun, með leyfi hæstv. forseta. Hann sagði í þessu tilfelli m.a.:

„Flokksstjórnirnar hafa vissulega gott af því að fá eitthvert aðhald frá kjósendunum. Ef það aðhald hverfur, er hætt við, að flokksstjórnirnar gætu leiðzt til þess að velja á landslista meira með tilliti til flokkshagsmuna en þjóðarhagsmuna."

Þá greip Jón Þorláksson fram í fyrir honum og sagði: „Ætli flestir flokkar álíti nú ekki, að það fari saman?" En Pétur Magnússon svaraði af bragði: „Má vel vera, en mér finnst, að reynslan hafi áþreifanlega kennt okkur, að það gerir það ekki ávallt, en hvað sem því líður, tel ég engum efa undirorpið, að heppilegra sé, að þm. finni til ábyrgðar gagnvart þjóðinni en gagnvart flokknum. En á því gætu e.t.v. orðið einhverjir misbrestir, ef í framkvæmdinni væru flokksstjórnirnar einar, sem réðu yfir endurkosningu þm."

Og nú er það einmitt það, sem á að gera. Það á að setja það undir flokksstjórnirnar, hverjir verða endurkjörnir af þm. og hverjir nýir þm. valdir til. Fólkið á ekki að hafa það frjálsræði, sem það hefur samkv. gildandi kosningalögum til þess að velja á milli manna.

Eins og ég hef nú gert grein fyrir, var mikill bálkur felldur úr kosningalagafrv. 1959, af því að lögfræðingunum hafði sézt yfir að breyta ýmsu í þeim, vegna þess að landslistarnir voru lagðir niður, og kosningalagafrv. 1959 var alveg umsteypt. Þeir höfðu gleymt stjórnarskránni við samningu þess, og brtt. n. urðu 46 að tölu, og það var núv. hæstv. dómsmrh., sem minnti á, að þessi ákvæði brytu í bága við hina breyttu stjórnarskrá. Þess vegna hlýt ég að spyrja: Hafði hæstv. dómsmrh., Jóhann Hafstein, sem leiðrétti yfirsjón lögfræðinganna 1959 gleymzt að taka tillit til stjórnarskrárinnar, þegar hann bar fram sína fyrri till. núna? Síðan þá hefur stjórnarskránni alls ekki verið breytt að þessu leyti, og fyrst krafa um yfirlýsingu frá flokksstjórn fyrir rétti til uppbótarþingsæta stangaðist á við ákvæði stjórnarskrárinnar, hvernig getur sami Jóhann Hafstein þá leyft sér nú, að stjórnarskránni óbreyttri, að bera fram þá till., að bæta skuli í kosningalög ákvæði um skriflega viðurkenningu flokksstjórna fyrir því, að listi skuli vera í kjöri fyrir flokk. Þetta taldi hæstv. ráðh., og ekki aðeins hann, heldur einnig stjórnarskrárnefndin 1959 og sjálft Alþ., þá brjóta í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Ráðh., stjórnarskrárnefndin og Alþ. í heild var þá á því, að þessi ákvæði brytu í bága við hina breyttu stjórnarskrá. Og hafi hann haft rétt fyrir sér þá, þá getur það ekki farið á milli mála, að hann hefur nú með till. sínum verið að biðja Alþ. um að samþykkja ákvæði, sem ekki samrýmast stjórnarskránni eftir breytingu þá, sem á henni var gerð 1959. Og þó að ekkert annað kæmi til en þetta, bæri auðvitað að fella slíkar till. Efnislega er síðari till. alveg um það sama og hin fyrri, þó að hún sé öðruvísi orðuð. Sú fyrri hefur verið tekin aftur, en efni hennar tekið upp með breyttu orðalagi í þeirri síðari.

Hvernig undirtektir fengu nú till. hæstv. ráðh., þegar þær komu fram í hinni fyrri útgáfu sinni? Ég hef fáa heyrt mæla þeim bót. Mér er hins vegar kunnugt um það, að mótmæli gegn þessari till.

komu fram í Alþýðublaðinu, málgagni annars stjórnarflokksins. Það komu einnig fram mótmæli gegn till. hæstv. ráðh. í Tímanum, blaði Framsfl. Og undirtektir flokksmanna Sjálfstfl. komu skýrlega fram í fleiri en einu eintaki af Morgunblaðinu. Sérstaklega var það áberandi, hverjar undirtektir ungra sjálfstæðismanna voru við þessari till. ráðh. Ég hef áður greint frá því, hvert viðhorf hinna öldnu forustumanna Sjálfstfl. með Ólaf Thors í broddi fylkingar og ýmissa þeirra, sem enn eru á lífi, eins og Péturs Ottesens, Jóns á Akri, var við sams konar till. á þingi 1933 og 1959. En nú kemur að því, hver er afstaða unga fólksins í Sjálfstfl. núna. Hún er nefnilega nokkuð á sömu lund og gömlu forustumannanna, sem snerust eindregið gegn sams konar till. tvívegis eins og þeirri, sem hæstv. dómsmrh. ber nú fram og vill lemja fram, getur ekki fallizt á, að því er virðist, að verði frestað, þar til almenn endurskoðun fari fram á kosningalögunum.

Það var 3. febr. í vetur, sem Morgunblaðið birti heilsíðugrein um þessar till. hæstv. ráðh. Greinarhöfundur var ungur, efnilegur lögfræðistúdent, Ármann Sveinsson. Blaðið setti fyrirsögn á grein hans á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Tillaga liggur fyrir Alþingi um stóraukið flokksræði. Alvarleg atlaga að svigrúmi einstaklinganna í stjórnmálaflokkunum.“ Og síðan sagði þar, — ég skal grípa niður í greininni hingað og þangað, með leyfi hæstv. forseta, — hann sagði:

„Fyrir Alþ. liggur nú stjórnarfrv. um breytingu á kosningalögum, nr. 52 1959, til samræmis við till. til stjórnarskrárbreytingar, sem samþykkt var á síðasta þingi og er í annað sinn nú til meðferðar. Við þetta stjórnarfrv. hefur dómsmrh. flutt svo hljóðandi brtt., þskj. 224:

„2. mgr. 27. gr. l. orðist svo:

Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda listans um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk listinn sé borinn fram, svo og skrifleg viðurkenning hlutaðeigandi flokksstjórnar fyrir því, að listinn skuli vera í kjöri fyrir flokkinn. Ekki getur stjórnmálaflokkur boðið fram fleiri en einn lista í sama kjördæmi.“

Aðrar brtt. dómsmrh. eru til samræmis við þessa.“

Síðan segir: „Till. dómsmrh. lætur ekki mikið yfir sér, og hafa litlar umr. farið fram um hana enn. Kann það að nokkru að stafa af því, að mál þetta hefur ekki verið á dagskrá d., eftir að ráðh. lagði fram till. Hér er um stórmál að ræða, sem ekki má afgreiða umræðulítið. Till. ráðh. er alvarleg atlaga að svigrúmi óbreyttra flokksmanna stjórnmálaflokkanna, svo og annarra stuðningsmanna þeirra. Hugmyndir um að auka flokksræði kunna að vera eðlilegar frá sjónarhóli forustumanna stjórnmálaflokka, en óbreyttir flokksmenn og aðrir stuðningsmenn fallast ekki á sjónarmið, sem ganga í þá átt.“

Hæstv. dómsmrh. er kominn, og er það vel, því að ég hef hér áður minnt á afstöðu fyrri foringja Sjálfstfl. til samhljóða till. og fyrri útgáfan af hans till. fjallar um og er nú að minna á afstöðu ungu kynslóðarinnar í Sjálfstfl., og sú afstaða er gegn till. hæstv. ráðh., en gengur mjög í sömu átt og afstaða hinna fyrri forustumanna flokksins, eins og Ólafs Thors, Péturs Ottesens, Péturs Magnússonar, Jóns frá Akri og margra fleiri. Ungi maðurinn segir, að till. ráðh. feli í sér „afnám þess ákvæðis, sem staðið hefur í kosningalögum frá 1933 og gilti um kosningar í eina kjördæminu, sem kosið var hlutfallskosningu, Reykjavík, þess efnis, að heimilt sé að bjóða fram fleiri en einn lista í nafni sama flokks í sama kjördæmi. Jafnframt kveður till. ráðh. á um, að skrifleg viðurkenning flokksstjórnar skuli fylgja framboðslista. Núgildandi ákvæði um þetta efni eru í 41. gr. kosningal.“ — á þessa leið, og það eru hin skýru ákvæði, sem enginn hefur getað farið í grafgötur um, hvernig ætti að skilja, og sízt af öllu er hægt að efast um, eftir að Alþ. hefur fellt sinn úrskurð í samræmi við úrskurð landskjörstjórnar. En 41. gr. núgildandi kosningalaga er á þessa leið:

„Nú eru fleiri en einn listi boðnir fram fyrir sama stjórnmálaflokk í kjördæmi, og skal þá merkja þá bókstöfunum A, AA, B, BB og C, CC o. s. frv. Listi, sem boðinn er fram utan flokka, skal merktur bókstaf í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistum.“

Í 27. gr. segir:

„Framboðslista í kjördæmi skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra, sem á listanum eru, að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, svo og skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá eigi færri en 100 og eigi fleiri en 200 kjósendum í Reykjavík og eigi færri en 50 og eigi fleiri en 100 í öðrum kjördæmum. Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda listans um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk listinn sé borinn fram. Ef yfirlýsingar vantar, telst listi utan flokka.“

Síðan rekur hinn ungi lögfræðinemi, hvernig þetta mál hafi áður borið að Alþ., og minnir á, að sams konar till. hafi verið felld 1933 og einnig 1959, eins og ég hef þegar gert grein fyrir. Síðan kemur ungi maðurinn með tilvitnun í ræðu, sem núv. formaður Sjálfstfl., núv. hæstv. forsrh., hélt á Alþ. 1959, og segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í umræðum á Alþingi 24. apríl 1959 um stjórnarskrárbreytinguna komst Bjarni Benediktsson forsrh., þáv. formaður stjórnarskrárnefndar Nd., svo að orði í framsöguræðu fyrir nál. meiri hl. n.“ Og síðan kemur tilvitnunin í ræðu hæstv. forsrh. núv. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef margir eru í kjöri, 5 eða 6, og kosið hlutfallskosningu, er ljóst í fyrsta lagi, að kjósandi getur valið um fleiri menn á hverjum lista og er ekki bundinn við þá röðun, sem er á listanum, þegar hann er lagður fram af flokkssamtökum. En eins verður það mun minni áhætta fyrir óánægða flokksmenn að bera fram sérstakan lista, ef hlutfallskosningar eru, vegna þess að þá er líklegt eða meiri líkur til þess, að minni hl. geti komið að

sínum manni og þó að klofningur verði í flokki, þurfi það ekki að leiða til þess, að sæti glatist alveg, heldur geti af tveimur mismunandi flokkslistum jafnvel tveir mismunandi menn verið valdir.

Þetta aukna frjálsræði kjósenda sést berlega af tali manna um það, að þessari skipan sé sérstaklega fylgjandi hætta á smáflokkum. Sú hætta er í raun og veru ekkert annað en það, að kjósendur megi sjálfir velja þann, sem þeim líkar. Sumir kalla það hættu, aðrir kalla það aukið frjálsræði. En öruggt er, að bezta ráðið til þess að vinna á móti þessari hættu er það að hafa á listunum sem allra vinsælasta menn, þá sem líklegir séu til þess að afla flokknum sem mests fylgis.

Það er því svo gersamlega öfugt, að verið sé að svipta kjósendur frelsi, að það er verið að veita þeim mikinn aukinn rétt frá því, sem verið hefur, og gera líklegra, að eftir óskum sem allra flestra sé farið."

Þetta er allt saman tilvitnun í ræðu Bjarna Benediktssonar, sbr. Alþingstíðindi B 1958—1959, dálk 1313—1314. Síðan segir Ármann Sveinsson um þessa tilvitnun í ræðu hæstv. forsrh.:

„Þessi gagnmerku ummæli lýsa sömu afstöðu til flokksræðis og yfirsterkari varð á aukaþinginu 1933. Á sama veg er andinn í kosningalagaumr. síðustu áratuga. Þar hafa lagt fram drjúgan skerf Magnús Guðmundsson fyrrv. dómsmrh., Pétur Magnússon fyrrv. fjmrh., dr. Bjarni Benediktsson forsrh. og Einar Baldvin Guðmundsson hrl., formaður landskjörstjórnar. Annaðhvort eru menn farnir að bera brigður á túlkun þessara viðurkenndu lagamanna eða viðhorf til flokksræðisins hefur tekið annarlegum breytingum."

Síðan víkur Ármann Sveinsson að meðferð aukaþingsins 1959 á kosningalagabreytingunni og kemur þá að því, sem ég vitnaði einmitt til áðan, hvað núv. hæstv. dómsmrh. lagði þá til, sem var formaður n. og frsm. meiri hl. hennar, og skýrir einmitt frá því, hvernig færir lögfræðingar höfðu undirbúið frv., en yfirsézt að kippa út úr kosningalagafrv. alllöngum kafla vegna þeirrar breytingar, sem gerð hafði verið á stjórnarskránni. En dómsmrh. núv. hæstv., Jóhann Hafstein, kom auga á þetta og lagði til, að þessi ákvæði væru öll saman felld niður úr kosningalagafrv. Ármann Sveinsson lögfræðinemi segir um starf núv. hæstv. dómsmrh. og umr.:

„Verður ekki séð, að frsm. meiri hl. (þ.e.a.s. Jóhann Hafstein) hafi vikið neinum orðum í d. að efni 27. gr. Stjórnarskrárnefndin lagði til, að 41. gr. yrði eins og hún er nú í l., og vék formaður n. ekki að mikilsverðasta ákvæði gr., þ.e. heimild til framboðs tveggja eða fleiri lista í nafni sama flokks í kjördæmi."

Hann dregur auðvitað þá ályktun af þessu, að þá hafi núv. hæstv. dómsmrh. ekkert haft við slíkt að athuga og hafi lagt blessun sína yfir það, þar sem hann vék ekki að því einu orði. Og „ekki verður séð, að stjórnarskrárnefnd Nd. hafi unnið athugun sína og tillögugerð þá í neinu fljótræði, því að margvíslegar brtt. flutti n., eins og áður hefur verið sagt."

Síðan víkur hann að hinum breyttu viðhorfum nú vegna framboðs míns s.l. vor og segir:

„Úrskurður yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis um það, hvort listi Hannibals Valdimarssonar o. fl. s. l. vor skyldi teljast utan flokka eða ekki, kann að hafa ruglað ágætustu menn í ríminu. Nú liggur hins vegar fyrir úrskurður landskjörstjórnar um tilvik sem þetta. Í úrskurði hennar 13. maí 1967 sagði m.a.:

„Meðferð kosningalaga á Alþ. 1933 og 1959 sýnir, að ætlan löggjafans var sú, að ekki þyrfti samþykki stjórnmálaflokks til þess, að listi yrði borinn fram fyrir flokkinn".

Við afgreiðslu kjörbréfa s.l. haust staðfesti Alþ. úrskurð landskjörstjórnar. Engum blandast því lengur hugur um, hvaða reglur gilda um tvö eða fleiri framboð í nafni sama flokks.

Öllum má ljóst vera, að vald forustumanna stjórnmálaflokkanna er ærið. Það væri því eins og að færa bakarabarni meira brauð að veita forustumönnunum lögverndaðan rétt til útgáfu leyfisbréfa handa frambjóðendum. Frambjóðendur strjálbýlisins mundu þá væntanlega verða að sækja flokksstimpil á flokksskrifstofu í öðru kjördæmi til þess að sanna kjósendum sínum, að þeir væru útvaldir til framboðs."

Þetta var meginefnið í grein, sem ungur lögfræðinemi í samtökum ungra sjálfstæðismanna fékk birta í Morgunblaðinu 3. febr. s. l. En ungir sjálfstæðismenn létu meira að sér kveða í þessu máli. Það er alveg bersýnilegt, að þeim hefur verið allmikið niðri fyrir út af till. dómsmrh. og talið sig standa á verði um frjálslyndi og lýðræði, þegar þeir hófu að ræða þessi mál, því að næst sjáum við það í Morgunblaðinu, að það er boðaður fundur í Félagi ungra sjálfstæðismanna, Heimdalli, og fyrirsögnin í auglýsingunni um fundinn er á þessa leið: „Á að auka flokksræðið á Íslandi. — Stjórn Heimdallar boðar til almenns félagsfundar mánudaginn 5. febr., kl. 8.30, um fram komna till. á Alþ. um breytingu á kosningalögunum. Fundurinn verður haldinn í Himinbjörgum í Valhöll. Framsögumenn eru Ármann Sveinsson stud. jur. og Jón E. Ragnarsson hdl."

En var þessi ungi maður nú ekki kveðinn niður á Heimdallarfundinum með þessar skoðanir, sem gengu gegn till. dómsmrh.? Nei, svo virðist ekki vera, því að þann 10. febrúar, 5 dögum eftir að fundurinn var haldinn, fáum við að heyra þá samþykkt, sem Heimdallarfundurinn gerði. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, undir fyrirsögninni „Félagsfundur í Heimdalli" og í samræmi við auglýsinguna:

„Mánudaginn 5. febrúar s.l. var boðað til félagsfundar í Himinbjörgum, félagsheimili Heimdallar. Auglýst fundarefni var: Á að auka flokksræði á Íslandi. Framsögumenn voru Ármann Sveinsson stud. jur. og Jón E. Ragnarsson hdl. Voru fundarmenn mjög á einu máli um, að ekki beri að auka flokksræðið, og spunnust umr. út frá því um till., sem liggur fyrir Alþ. um breytingu á

kosningal., nr. 52 frá 1959. Á fundinum var samþykkt eftirfarandi ályktun:

Fundurinn álítur, að sporna beri gegn allri tilhneigingu í þá átt að efla völd forustumanna stjórnmálaflokkanna. Með vaxandi flokksræði færist valdið frá fólkinu í hendur fárra forustumanna hvers stjórnmálaflokks. Það er verkefni ungs fólks að koma í veg fyrir slíka öfugþróun, sem stofnar lýðræðinu í hættu. Fram hefur komið á Alþ. till. um breytingu á kosningal., nr. 52 1959, en hún felur tvímælalaust í sér skerðingu á svigrúmi einstaklinga í stjórnmálaflokkum við val á frambjóðendum til alþingiskosninga og stuðlar að auknu flokksforustuvaldi. Fundurinn mótmælir fram kominni till., en hvetur jafnframt til heildarendurskoðunar stjórnarskrár og kosningalaga og bendir á ályktanir Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna, og Sambands ungra sjálfstæðismanna um breytingu á kjördæmaskipun landsins í einmenningskjördæmi."

Þannig var samþykktin, sem Heimdallarfundurinn gerði, eftir að ungu mennirnir tveir höfðu flutt framsöguræður um þetta mál. Þeir enda till. sína á því, að þeir mæli með endurskoðun kosningal., og er þá komið nokkuð inn á það svið, sem bæði frsm. minni hl. allshn. hefur gerzt talsmaður fyrir og ég hef einnig tekið undir í minni ræðu.

Annar ungur maður, sjálfsagt úr samtökum ungra sjálfstæðismanna, einnig laganemi, Friðrik Sophusson, skrifar grein í þetta sama Morgunblað, 10. febr., undir fyrirsögninni: „Flokksræði lýðræði." Hann rekur tilefnið, sem var till. dómsmrh. í sinni fyrri mynd, og minnir á, að Vaka, félag lýðræðissinnaðra stúdenta, hafi gert ályktun um þá till., þar sem hún var harðlega gagnrýnd og talin vera tilraun til að efla flokksforustuvald stjórnmálaflokkanna. Síðan segir þessi ungi maður, að frsm. stjórnarskrárnefndar 1959 hafi skírskotað til þess frjálsræðis og svigrúms, sem um geti í 27. gr., en það sé einmitt sama frjálsræðið og nú sé verið að gera tilraun til að afnema. Þá segir hann, að inn í umr. um fram komna till. hafi svo spunnizt vangaveltur um núverandi kosningalöggjöf, kjördæmaskipunina og hver eigi að vera staða og hlutverk stjórnmálaflokka í þjóðfélaginu. Inn á líkar brautir hafa nú umr. sveigzt hér í dag. Síðan kemur undirfyrirsögn hjá honum um lýðræðið. Og þar segir:

„Íslenzkt stjórnarfyrirkomulag grundvallast, eins og í flestum öðrum vestrænum ríkjum, á lýðræðishugsjóninni. Hugtakið lýðræði er ákaflega óskýrt og ónákvæmt hugtak. Sú skilgreining hefur þó verið sett fram, að hið „ideala" lýðræðisþjóðfélag komi fram í því stjórnarfyrirkomulagi, þegar sem flestir borgarar ráða sem mestu um sem flest málefni ríkisins. Lýðræðið í framkvæmd birtist síðan aðallega í því, þegar kjósandinn, hinn almenni borgari, velur á milli skoðana og manna við kjörborðið á kjördegi. Fari þessi skilgreining saman við þær hugmundir, sem við höfum um lýðræðið og finnist okkur ástæða til að viðhalda lýðræðinu, þá hljótum við að sporna við hverri þeirri tilraun, sem færir valdið til þess að velja og hafna frá fjöldanum í hendur fámenns hóps útvaldra manna.

Í lýðræðisþjóðfélögum er hlutverk stjórnmálaflokka að koma á framfæri skoðun og hugmyndum þjóðfélagshópa, ásamt því að bjóða fram menn, sem eru eins konar boðberar þessara skoðana og hugmynda. Stjórnmálaflokkarnir eru þess vegna tæki í höndum almennings til þess að hafa áhrif á stjórn ríkisins, og til þess að þeir fái sem bezt valdið þessu hlutverki sínu, má ekki útiloka áhrifamátt minnihlutahópa í stjórnmálaflokkunum með því að skerða svigrúm einstaklinga, sem fylgja þeim að málum. Með till., sem nú liggur fyrir Alþ., er stefnt að því að minnka þessi áhrif, en af því leiðir, að valdið færist yfir á færri hendur. Sú þróun, sem þá mun eiga sér stað, er þeim mun hættulegri, þegar til þess er tekið, hve Íslendingar virðast íhaldssamir á flokkaskipan í landinu, en sem kunnugt er hafa allar tilraunir til þess að fjölga íslenzkum stjórnmálaflokkum undanfarinn aldarþriðjung runnið út í sandinn.

Ungir sjálfstæðismenn hafa látið í ljós þá skoðun sína, að nauðsynlegt sé að endurskoða stjórnarskrá og kosningalöggjöf. Það hlýtur að vera áhugamál æskunnar á hverjum tíma að búa sem bezt í haginn fyrir framtíðina. Þetta gildir einnig um stjórnskipun ríkisins. Það er þess vegna von okkar, að till. sú, sem nú liggur fyrir Alþ., verði ekki samþ. óbreytt, heldur verði dýrmætum tíma þm. frekar varið til þess að undirbúa heildarendurskoðun á stjórnarskrá og kosningalöggjöf.

Við skulum hafna auknu flokksræði, en standa vörð um lýðræðið," segir ungi maðurinn.

Ég lýsi því hiklaust yfir, að ég er þakklátur hinum ungu mönnum Sjálfstfl., sem taka alveg í sama streng og hinir eldri foringjar Sjálfstfl. um það, að það megi ekki auka flokksræðið, það verði að gæta neista lýðræðisins. Og ég tek alveg sérstaklega undir kröfur þeirra um almenna endurskoðun á kosningalöggjöfinni, eins og þeir gera. Sú krafa hefur verið höfð uppi af frsm. minni hl. allshn., og ég hef mjög tekið undir þá ósk og kröfu. Þar með mætti taka auðvitað til meðferðar og hlyti að vera til meðferðar efni þeirra till., sem hæstv. dómsmrh. hefur borið fram í sambandi við þetta mál, ásamt mörgum öðrum atriðum, og ég sé ekki, að það gæti neinn skaði af því hlotizt þó að þessi athugun biði næsta þinghalds.

Allt, sem ungu mennirnir, sem ég nú hef vitnað til, í Vöku, félagi lýðræðissinnaðra stúdenta, og Heimdalli, félagi ungra sjálfstæðismanna, segja, er að vísu borið fram, þegar till. hæstv. dómsmrh. var í sinni fyrri mynd. En það er formsbreyting fyrst og fremst, sem síðan hefur átt sér stað. Efnið er í raun og veru hið sama, eins og ég hef áður reynt að skýra. Hér er lagt til, að ef sá aðili, sem samkv. reglum flokks er ætlað að ákveða framboðslista eða stað-

festa framboðslista endanlega, ber fram mótmæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir flokkinn, skal yfirkjörstjórnin úrskurða slíkan lista utan flokka og landskjörstjórn úthluta uppbótarþingsætum í samræmi við það. Ég held, að það sé alveg augljóst mál, að hér er verið að leggja það til, að landslögin séu sniðin eftir mismunandi reglum flokkanna um framboð, og það eitt er nógu ambögulegt. En það er verið að heimila fleiri en eitt framboð, þegar flokkarnir sjá sér hag í því sjálfir að hafa framboðin fleiri. Það er beinlínis ýtt undir það, að þeir geri það í „spekúlasjóns"-skyni. En með mótmælum einum saman er hægt að koma í veg fyrir það, að flokksmennirnir, kjósendurnir, eigi þann rétt að skírskota til fólksins um það, hvort ráðandi afl í flokki hefur sýnt of mikla þröngsýni og þannig gengið á rétt minni hl. Þá þarf ekkert annað en mótmælin frá þessum aðila. Þá skal flokksframboðið vera dæmt utan flokka og úthlutun uppbótarþingsæta fara fram í samræmi við það. Menn skulu ekki mega tjá stuðning sinn við sinn eigin flokk. Það verður ekki tekið mark á því, þó að frambjóðendurnir lýsi því yfir, að þeir bjóði sig fram fyrir flokkinn. Þó að allir meðmælendur votti það, að framboðið sé fyrir flokkinn, þá skal það ekki tekið til greina. Ef aðili í kjördæmi, sem á að leggja blessun yfir framboð samkv. flokksreglum, ber fram mótmæli, þá skulu þeir hrekjast úr flokknum, þeir skulu teljast utanflokkamenn. Ég sé ekki, að þetta verði til eflingar flokkunum. Ég sé ekki annað en þetta leiði það af sér, að menn séu flæmdir úr flokkum sínum, ef þeim líkar ekki framboð og vilja berjast þar á móti og prófa sinn rétt. Og ég held, að það sé ekki heppilegt. Með öðrum lista í nafni eins og sama flokks, eins og nú er heimilt, eru menn að tjá stuðning sinn og fylgi við sinn eigin flokk, en vilja fá að velja um aðra menn. Og það er mín sannfæring, að ef menn vilja taka tillit til lýðræðislegs réttar fólksins, á ekki að afnema þennan rétt. Hins vegar, ef menn vilja búa sem bezt um einræðisvald flokksstjórnenda, er þetta eðlilegt. En það mun sízt verða til þess að styrkja flokkana. Þeir verða svo bezt sterkir, að þeir taki lýðræðislegt tillit, ekki aðeins til þess hóps, sem myndar meiri hl. í flokknum, heldur einnig til þeirra hópa, sem mynda minni hl. Ef þeir fá að bjóða fram í nafni flokksins, sannast það, hvort ákvörðunaraðili í flokknum hefur stillt upp af víðsýni og frjálslyndi, þannig að minni hl. hafi átt kost á að kjósa þá menn, sem honum falla í geð, og þá kemur það fram í litlu fylgi flokkslistans, en flokkurinn nýtur þeirra atkv., og það getur ráðið úrslitum um uppbótarsæti hjá flokknum. En ef það sannast, að sá ákvörðunaraðili í flokknum, sem ákvað framboð, hefur beitt minni hl. ofríki, kemur það í ljós í verulegu fylgi, sem hinn listinn fær, og það atkvæðafylgi kemur flokknum til góða, og náist maður kosinn, þá á hann einnig þingsæti fyrir flokkinn. Og það er þetta, þessi réttur fólksins, til vals milli frambjóðenda, sem menn vilja svo ákaft afnema, að það er ekki tekið í mál að bíða með ákvarðanir um þetta til næsta þings.

Er ástæðulaust að ætla annað en þessi sjónarmið yrðu grandskoðuð af þeim, sem settir verða til að endurskoða kosningalögin, og væru þeir sama sinnis að þeirri athugun lokinni og núv. hæstv. dómsmrh. og hv. 1. þm. Austf., mundi þessi till. að ári liðnu skila sér og verða lögð undir dóm alþm. En ef hún þyldi ekki nákvæma skoðun, þá að vísu mundi hún ekki verða með í þeim brtt., sem almenn endurskoðun kosningal. leiddi af sér, en þar finnst mér, að tillögumaður eigi að láta reynsluna skera úr og sætta sig við það, að till. hans í hinni síðari útgáfu fari undir þessa skoðun og fáist þá lögfest, ef meirihlutafylgi væri fyrir henni, ásamt öðrum breyt. við kosningal. á næsta þingi. Það fer ekkert á milli mála, að ef till. hæstv. ráðh. fæst ekki tekin aftur nú og verður hér samþ., er Alþ. að taka allt aðra stefnu í þessum málum en niðurstaða varð um 1933 og 1959. Og það, sem hlálegast er, það eru ekki aðeins hinir eldri foringjar Sjálfstfl., sem hafa tjáð sig andvíga þeirri breyt., sem hér er verið um að ræða, heldur hefur hæstv. dómsmrh. sem frsm. nefndar 1959, að því er virðist, verið samþykkur núgildandi ákvæðum kosningalaganna og mælt gegn breyt. í þá átt, meira að segja haldið því fram, að það væri brot á stjskr. að hafa ákvæði um yfirlýsingar flokksstjórna í kosningal., eftir að stjskr. var breytt 1959. Það hefur einnig verið vitnað í ræðu núv. hæstv. forsrh., formanns Sjálfstfl., þegar hann 1959 lýsir því með mörgum orðum, að það sé aukið svigrúm fyrir kjósendurna og flokkunum engin hætta, það sé bókstaflega þeim til styrktar, að ákvæðin séu eins og þau voru ákveðin í kosningal. þá. En allt þetta er nú lagt fyrir róða og gengið gegn því, gerð hver tilraunin á fætur annarri að orða breyt. alveg í gagnstæða átt við það, sem Alþ. hefur tvívegis áður samþ., og þannig standa málin nú, að það efni, sem fólst í fyrri tillögu hæstv. dómsmrh., er nú að finna með breyttu orðalagi í hinni síðari útgáfu till. Efnislega er þar ákaflega litlu breytt, nema að því leyti, að orðalagið verður ógeðslegra að því leyti, að flokkarnir skulu samþykkja — geta samþykkt mörg framboð, ef þeir telja sér flokkslegan ávinning að því, ef þeir geta „spekúlerað" í því. En kjósendurnir, flokksfólkið skal svipt þeim rétti að velja á milli frambjóðenda af fleiri en einum lista hjá flokki og láta síðan kjósendurna á kjördegi skera úr um það, hvort óánægja hefur verið í flokknum og þeirra málstaður hefur fengið hljómgrunn. Þeim skal fyrirmunað það. Þeir skulu ekki fá að bjóða fram í nafni flokksins, og þá skal dæma þá utanflokkamenn og landskjörstjórnin skal í þessu tilfelli, ef mótmæli hafa komið fram, úthluta uppbótarþingsætum í samræmi við það, að framboðið sé utanflokksframboð.

Ég lýk máli mínu með því að óska þess eindregið við hæstv. dómsmrh., að hann taki till. aftur, láti hana bíða almennrar endurskoðunar kosningalaganna, sem lokið verði áður en næsta Alþ. kemur

saman. Ég mundi gjarnan vilja standa að till. um slíka endurskoðun og hygg, að það fengist allsherjarsamkomulag um það. Slík afstaða væri í samræmi við afstöðu Alþ. 1933, í samræmi við afstöðu Alþ. 1959, í samræmi við afstöðu forustumanna stjórnmálaflokkanna, sérstaklega Framsfl. og Sjálfstfl., bæði 1933 og 1959, og í samræmi við kröfur og óskir unga fólksins í Sjálfstfl. nú 1967 og 1968. Og ég sé ekki, að neinu væri glatað, þótt á það væri fallizt, að till. væri ekki knúin fram nú, heldur eingöngu frv. eins og það var upphaflega lagt fram, stjfrv., um lækkaðan kosningaaldur unga fólksins. Ef svo fer, að ekki verði orðið við þessari ósk minni, sem ég ber fram af einlægni við hæstv. dómsmrh. og ríkisstj., mun ég a. m. k. freista þess að bera fram till. og láta mér ekki tilmælin ein nægja um allsherjarendurskoðun kosningalaganna fyrir næsta þing.

Ég lýsi andstöðu minni við þessa till., jafnt í fyrstu sem annarri útgáfu, og tel þá till. vera jafnaugljóslega í anda flokksræðis og gegn anda lýðræðis og þess vegna eigi Alþingi að fella hana og vera þar í samræmi við fyrri afstöðu Alþingis, bæði 1933 og 1959.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil, áður en lengra er farið, og vil raunar vona, að það verði ekki lengra farið að sinni, bera fram þá ósk við hæstv. forseta d., að þessari umr. verði nú frestað. Ég ber þessa ósk fram sem annar af frsm. n., sem hefur haft þetta mál til meðferðar. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að hér eru mjög fáir á fundi. (Gripið fram í.) Ja, ég fæ ekki séð annað en að hér sé innan við fjórðung dm. á fundi, og meðal þeirra sem ekki eru á fundi, er hv. frsm. meiri hl. og sumir þeirra, sem tekið hafa til máls í þessum umr.

Ég hef hugsað mér að koma fram með málsatriði og rök, sem ekki hafa áður komið fram í málinu, fyrir því, að ekki sé rétt að samþ. þær brtt., sem hér eru til staðar. En mér þykir illt að bera þau rök fram þannig, að þm. heyri ekki. Þó gæti ég hugsað mér að falla frá frekari umræðu um þetta mál nú, ef hæstv. dómsmrh. skyldi fallast á það að taka aftur brtt. sína til 3. umr., því að þá get ég að sjálfsögðu komið fram með það, sem ég ella mundi segja nú að því er hana varðar. — Ég bíð svars við þessari ósk.

Forseti (SB): Ég leyfi mér að vekja athygli hv. 1. þm. Norðurl. e. á því, að þetta er 2. umr. málsins, þannig að það er ein umr. eftir í þessari hv. þd., þar sem honum gefst auðveldlega tækifæri til þess að láta þær nýju upplýsingar, sem hann segist hafa á takteinum í málinu, koma fram. Ég vil að sjálfsögðu gjarnan gera hv. þm. til geðs, en ég sé ekki ástæðu til þess eftir þær umr., sem hér hafa farið fram, og eftir það, að enginn hv. þm. er á mælendaskrá, að fara að fresta 2. umr. um málið. Það hafði verið ætlun forseta að ljúka umr. í kvöld, og nú er enginn hv. þm. á mælendaskrá, og ég vil þess vegna mjög eindregið fara þess á leit við hv. 1. þm. Norðurl. e., að hann ljúki nú máli sínu.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Ég vil leyfa mér að benda á það, að við lok þeirrar umr., sem nú stendur yfir, mun fara fram atkvgr. um brtt. hæstv. dómsmrh. Þess vegna er það helzt til seint að ræða hana við 3. umr., þannig að ég fellst ekki á þessi rök, sem hæstv. forseti hefur haft uppi. Eða á ég að skilja þetta svo, að ég eigi að halda áfram ræðu minni? Það er raunar ekki svo að skilja, að ég ætli að flytja hér langa ræðu. En mig furðar nokkuð á meðferð þessa máls. Og ég held, að það sýni sig nú enn betur en áður, að það lýsi ofurkappi, hvernig málið er sótt. Þarna hefur ekki verið ofmælt hjá mér í ræðu minni í dag. Það er mjög óvenjulegt eða hefur verið til þessa, að fundi hafi verið haldið áfram svona lengi, og eins og ég sagði, stendur þannig á, að mjög fáir menn eru viðstaddir.

Ég gat þess í ræðu minni í dag, framsöguræðu minni, að ég ætlaði ekki að ræða efni till., sem hér er aðallega deilt um, að ég ætlaði ekki að svo stöddu að taka neina afstöðu til þess hér í ræðustól, hvort brtt. frá hæstv. dómsmrh. ætti rétt á sér. Það, sem ég ræddi, og það, sem nál. minni hl. byggist á, er, að það sé þarflaust og ótímabært að samþ. brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir frá hæstv. ríkisstj. og allir virðast vera sammála um, þarflaust og ótímabært, þegar það liggur fyrir eftir umræðunum að dæma, að menn séu einnig sammála um, að það sé rétt að endurskoða kosningalögin nú milli þinga, en það hins vegar skapi töf, ófyrirsjáanlega töf á afgreiðslu sjálfs frv., að leiða inn í meðferð málsins deilumál og það deilumál, sem hefur vakið þjóðarathygli á sínum tíma og virðist vera nokkuð mikill hiti í. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. hafi sannfærzt um það af þeirri nokkuð löngu ræðu, sem hv. 9. þm. Reykv. hefur flutt á þessum fundi, að það er ekkert ofmælt hjá minni hl., að þetta sé ágreiningsmál. Ég fæ ekki betur séð en að þeim, sem hafa haldið því fram hér í umr., að till., sem hæstv. dómsmrh. hefur lagt fram, till. á þskj. 437, sé sáttatillaga í þessu máli, hafi verið nokkuð dimmt fyrir augum. Það er alveg auðsætt, að hún er það ekki. Það hefur komið fram í umr. Og það er vitanlega ekki heldur réttmæli, þó að viðræður hafi átt sér stað um þetta mál, að hér sé um víðtækt samkomulag að ræða, eins og ég held að hæstv. dómsmrh. hafi orðað það í dag. Það er sem sé ekki um neitt samkomulag að ræða, hvorki víðtækt né ekki víðtækt samkomulag. Hitt getur verið, að hæstv. ráðh. sé kunnugt um, að þessi till. muni hafa nokkuð víðtækan stuðning. Hann kann að hafa gert sér hugmynd um, að það muni vera mikill meiri hl. með henni. En það er allt annað mál, að eitthvað, sem knúið er fram, hafi víðtækan stuðning, mikinn meirihlutastuðning, eða að gert hafi verið víðtækt samkomulag. Víðtækt samkomulag er samkomulag, sem nær yfir margt.

Ég vil leyfa mér að benda á, að það hefur að vísu

verið talað um endurskoðun kosningalaganna, sem eigi að fara fram á milli þinga, og það getur vel verið og virðist svo, að bæði í hv. allshn. og hér á þingfundi, að því leyti sem menn hafa sótt þennan þingfund, þá séu menn þess sinnis nú að láta slíka endurskoðun fara fram. En um það hefur þó engin tillaga komið fram, heldur aðeins ummæli. Og grunur minn er sá, að ef þessi tillaga verður samþykkt, sem hér liggur fyrir, þá kunni það að hafa áhrif í öfuga átt, þannig að ekki verði úr þeirri endurskoðun að svo stöddu, alveg eins og samþykktir um breytta kjördæmaskipan hafa haft þau áhrif, að áhugi manna hefur dvínað fyrir því að endurskoða stjórnarskrána.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi það í ræðu sinni áðan, að hann hefði haft tilhneigingu til þess að fallast á sjónarmið minni hl., að fresta afgreiðslu þessa deilumáls og að láta hana bíða endurskoðunar, ef ekki kæmi til eitt atriði. Hann sagði, að það gæti reynzt ónóg að gera breytingar á kosningalögunum á næsta þingi, því að vel gæti svo farið, að það færu fram alþingiskosningar áður. Ég heyri það nú í fyrsta sinn frá hæstv. ríkisstj., að þetta kunni að vera á döfinni, og ætla nú ekkert að inna nánar eftir upplýsingum um það, en ég mun við 3. umr. ef till. hæstv. ráðh. verður samþykkt nú, flytja við frv. brtt., sem sker úr um það, hvort það er í raun og veru svo, að þetta sé meginástæða ráðh. til þess að beita sér fyrir því með slíku ofurkappi sem raun er á, að till. verði samþykkt.

Varðandi hitt og þetta, sem komið hefur fram í þessum umr., hef ég haft tilhneigingu til þess að ræða það. En af því að svo fáir eru viðstaddir og af því að hæstv. forseti er ófáanlegur til þess að veita mér þá ánægju fyrir hönd minni hl. n. að ræða við þá sem fjarverandi eru, og þeim hv. þm. tækifæri til að hlusta á mín lítilfjörlegu rök, þá ætla ég að ljúka máli mínu með þessum orðum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að svara neinu af því, sem fram hefur komið í umræðunum, vegna þess að ég tel mig hafa gert grein fyrir því í minni frumræðu, hvers vegna ég styð brtt. hæstv. dómsmrh., þá hina síðari og hef engu við þann rökstuðning að bæta. En ég vil aðeins undirstika þau orð í því sambandi, sem hv. þm. Hannibal Valdimarsson hafði eftir mér og fannst ekki að öllu leyti viðeigandi, en þau voru, að eins og nú væri ástatt væru flokkarnir, að því er framboðsmálin snerti, ofurseldir óviðkomandi fólki. Og þetta er kjarni málsins í mínum augum, að setja ákvæði inn í l., sem gera það að verkum, að flokkarnir þurfi ekki að eiga það á hættu, að vera á þann hátt ofurseldir eins og þeir eru núna.

Í þessu sambandi var ég ekkert að ræða um það, sem gerðist s.l. vor. Ég legg engan dóm á það. En það kom fram í sambandi við þau málefni, að skv. gildandi kosningalögum þarf ekkert nema yfirlýsingu meðmælenda, til þess að flokksframboð sé kallað. Það er þetta sem mér finnst ekki viðunandi, að þannig sé hægt að fara að og flokkarnir fái ekki komið neinni vörn við.

Þessi brtt. hæstv. dómsmrh. breytir engu í því tilliti, að það geta verið fleiri en eitt framboð á vegum flokka og ástandið að því leyti verið áfram eins og það er nú. Það getur nú verið fleira en eitt framboð af hendi flokka með samþykki flokksstjórna, og að sjálfsögðu getur það verið þannig, ef brtt. er samþ. Það eina, sem breyttist, væri það, að flokkarnir þyrftu ekki að sæta því, að óviðkomandi fólk byði fram í þeirra nafni. Það er eina breytingin, sem stungið er upp á. En nú skal ég ekki fara lengra út í þetta.

Ég fór að minnast á í dag, hvort ástæða væri til að efla flokkana eða til að veikja þá og hlutverk þeirra í þingræðinu. Vil ég nota tækifærið nú til þess að gefa nokkrar bendingar í því efni, sem mér finnst að ætti að taka til athugunar. Það eru ekki tæmandi till. um endurbætur, en ég vil, að þetta komi fram ásamt því, sem ég sagði í dag, fyrst ég fór inn á þá braut, að ræða þessi málefni, sem eru mjög þýðingarmikil og ein hin allra þýðingarmestu í okkar þjóðlífi.

Ég vil, að þingflokkarnir fái nokkuð aukið starfslið, — þeir hafa nú ekkert starfslið, — t. d. 2—3 menn til rannsóknarstarfa á þeirra vegum og upplýsingasöfnunar og sérfræðilegra starfa og leiðbeininga á vegum þingflokkanna. Ég álít, að þm. eigi að vera betur launaðir en þeir eru nú og vinna þá meira að þingmálum sjálfstætt en þeir gera nú og það komi þannig fram í þeirra störfum hvers um sig og þeirra flokka, sem þeir starfa í, og til þess að þeir geti haft meira samband við fólk og atvinnulíf en þeir hafa tök á eins og nú er að þeim búið.

Ég vil, að formenn stjórnmálaflokka séu launaðir eins og ráðherrar, ef þeir gegna ekki ráðherrastörfum og þar með sé forusta í stjórnmálaflokkum gerð að aðalstarfi, eins og ég hygg, að víðast sé annars staðar, þar sem lýðræði og þingræði er í hávegum haft og menn skilja, til hvers ætlazt er af þessum mönnum.

Ég álít, að þingtíminn eigi að lengjast frá því, sem nú er, árlegur þingtími, og ekki vera skemmri en t.d. 8 mánuðir á ári, og eigi að skipta honum niður í a.m.k. tvö tímabil með a.m.k. mánaðar millibili — eða þrjú tímabil. Með þessu móti mundi það bráðabirgðalagafargan, sem við búum nú við og hljótum að búa við, meðan þinghaldinu er hagað eins og nú er gert, geta orðið að mestu úr sögunni. En það vofir yfir sú stórkostlega hætta að óbreyttu fyrirkomulagi í þessu tilliti, að löggjafarvaldið verði að miklu leyti togað úr höndum Alþ. og yfir til ríkisstjórnanna. Ég er ekki í þessu sambandi að deila neitt sérstaklega á þessa ríkisstj. Það liggur hreinlega í eðli málsins, að eins og nú er háttað, þarf sífellt að vera að gera nýjar ráðstafanir og koma þurfa til greina ný löggjafaratriði, eins og þjóðfélagið er orðið. Því dregst löggjafarvaldið mjög úr höndum Alþingis, ef það situr ekki langtímum saman. Vinnunni á að haga þannig að mínu viti, að þingfundir séu ekki nema fjóra daga

vikunnar, nema eitthvað alveg sérstakt sé um að vera, eins og víða er gert annars staðar, þar sem betri skipan er á þessum málum en hér. Þingmenn geta þá notað hina þrjá daga vikunnar til þess að ferðast í kjördæmi sín og hafa samband við kjósendur sína og til þess að líta eftir þeirri starfrækslu, sem þeir kunna að hafa tengsl við, og einnig noti þeir þennan tíma til þess að búa sig undir þá sérstöku vinnu, sem í fundahaldi Alþingis felst.

Með þessum endurbótum á þinghaldinu hygg ég, að margt mundi snúast til betri vegar og mörgum hættum verða afstýrt, sem nú vofa yfir. Fer ég ekki lengra út í það hér á þessum kvöldfundi, en ég vildi, að þetta kæmi fram nú í framhaldi af því, sem ég sagði í dag.

Þá vil ég, að það verði komið á jafnræði á milli ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu varðandi framkomu í og afnota af sjónvarpi og útvarpi, en slíku er alls ekki til að dreifa, eins og nú er, og fréttaflutningur þessara stofnana verði miðaður við það sjónarmið, að það séu ekkert minni fréttir í því, sem stjórnarandstaðan segir og heldur fram, heldur en hinu, sem kemur frá ríkisstj. Það er lífsnauðsyn að fá breytingu á þessu, og hygg ég, að menn mundu sjá það, ef þeir settust niður og bæru saman bækur sínar öfgalaust og án nokkurs metings. Þetta þarf að komast á hér, eins og tíðkast víða annars staðar.

Loks er ein bending enn, sem ég vil koma á framfæri, fyrst ég fór að ræða þessi efni aftur, og það er að taka upp aftur að undirbúa mál í milliþinganefndum, eins og gert var áður fyrr og gaf alþm. mjög mikla möguleika til þess að hafa áhrif á löggjöfina; miklu meiri möguleika en þeir hafa nú, eftir að sá háttur hefur verið upp tekinn að undirbúa nálega öll mál í stjórnskipuðum nefndum, sem annaðhvort eru skipaðar sérfræðingum einum eða þá eingöngu alþm. og sérfræðingum úr stjórnarflokkunum. Þetta fyrirkomulag er að mínu viti mjög hættulegt, og ætti að breyta þessu aftur í gamla horfið, sem var það, að æðimörg af þýðingarmestu lagafrumvörpum voru undirbúin í milliþinganefndum, sem einhverjir alþm. sátu oft í og þá frá öllum stjórnmálaflokkunum, en sérfræðingar voru kvaddir til ráðuneytis, en ekki látnir setja einir upp lagafrumvörpin eins og nú tíðkast orðið of oft og er að mínu viti alveg röng starfsaðferð.

Sú breyting, sem orðið hefur á starfsháttum í þessu tilliti, hefur sett Alþingi niður og dregið vald úr höndum þess inn í embættis- og sérfræðingakerfið og ég vil segja að sumu leyti dregið valdið líka úr höndum ríkisstj. Ég held, að það mundi nýtast miklu betur fyrir ríkisstjórnirnar að hafa slíkar mþn. til að styðjast við en sumar af þeim sérfræðinganefndum, sem notaðar eru.

Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að það verði miklar umræður um þessi atriði nú í sambandi við þetta mál, þó að ég tæki þann kost að koma þessu hér á framfæri. Ég hef eiginlega setið um tækifæri til þess að koma þessum sjónarmiðum á framfæri í því trausti, að það gæti orðið til þess, að þessi mál væru eitthvað rædd í landinu, þessi undirstöðuatriði: hvaða gallar eru á starfsháttum, eins og þeir eru nú, og hvernig væri hugsanlegt að breya til.

Það er sífellt verið að tala um, að völdin dragist úr höndum Alþ., og menn virðast standa í þeirri meiningu, að það séu helzt stjórnmálaflokkarnir, sem séu hættulegar stofnanir í því tilliti og eigi þátt í þessu. Frá mínu sjónarmiði er þessu alveg þveröfugt farið. Völdin dragast úr höndum Alþingis vegna þess, að þingflokkarnir, sem eru grundvöllur Alþ., eru ekki nægilega efldir til þess að þjóna hlutverki sínu í nútímaþjóðfélagi. Þingflokkarnir eru hluti af ríkiskerfinu, þótt þeir séu ekki hluti af embættiskerfinu. Þeir eru hluti af þeim þætti í ríkiskerfinu, sem á að vega mest, þ. e. a. s. Alþingi. En þá verður líka að búa þannig að þessum stofnunum, þingflokkunum, að hægt sé að gera kröfu til þess, að þeir ráði við verkefni sín, en það er óhugsandi að þeir ráði við þau nema endurbætur komist á. Þess vegna vildi ég nota tækifærið til þess að koma þessum bendingum á framfæri, en vona, að það gefist tækifæri síðar til þess að ræða þessi mál nánar.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal ekki teygja þessar umr. fram á nýjan dag, enda er nú orðin allmikil værð yfir þingsölunum og ástæðulaust að ýfa upp deilur að nýju.

En það er þá fyrst aðeins, að ég vildi segja nokkur orð um meðferð málsins, því að það hefur verið ítrekuð ósk til mín um, að frestað yrði afgreiðslu brtt. minnar, og aðallega rökstutt með því, að hún kæmi þá til athugunar í sambandi við heildarendurskoðun, sem fram hefðu komið óskir um að færi fram á stjórnarskránni. Ég tók afstöðu til þessarar frestunar í dag og þarf ekki við það að bæta, og þá sagði ég m.a., eins og réttilega hefur verið tekið fram, að aðalástæðan fyrir því, að ég vildi ekki fresta þessu máli nú, væri sú, að það vissi enginn, hvenær kosningar gætu farið fram, og við í stjórnarflokkunum a.m.k. vildum ekki, að kosningar færu fram aftur eftir þeirri löggjöf, sem nú gildir, með þeim glundroða, sem því fylgdi. Og það hljóta hv. þm. að sjá, að ef á að fara fram heildarendurskoðun á stjórnarskránni, þá getur það ekki orðið að mínum dómi öðruvísi en kosningar verði aftur að fara fram eftir þeim kosningal., sem nú eru, því að ég tel það alveg óhugsandi, að heildarendurskoðun fari fram á kosningal., nema það séu teknar með langveigamestu breytingarnar, sem snerta ákvæði stjórnarskrárinnar og verður ekki breytt, fyrr en búið er að breyta stjórnarskránni, og til þess þarf kosningar. Þetta leiðir af hlutarins eðli. Það hefur verið talað um ýmis minni háttar mál í sambandi við endurskoðun á kosningal., sem ekki snerta stjórnarskrána, en heildarendurskoðun getur ekki farið fram að mínum dómi, og ég held, að við hljótum að verða sammála um það, þegar menn

hugsa um það, með öðrum hætti en að það séu þá um leið endurskoðuð ákvæði þau, sem veigamest eru og eru bundin í sjálfri stjórnarskránni.

Um hina löngu ræðu hv. 9. þm. Reykv. skal ég ekki annað segja en það, að hún byggist að langsamlega mestu leyti á grundvallarmisskilningi, og ég held, að það komi skýrast fram með því að vitna til þess, að hann taldi sig ekki skilja tilgang minn með því að gera grein fyrir álitsgerðum umboðsmanna G-listans fyrir kosningarnar í vor, og taldi, að ég hefði vitnað í ályktun stjórnar Alþb., sem ég gerði í dag, til stuðnings brtt. minni. Þetta er mikill misskilningur. Ég dró fram í dagsljósið álitsgerð umboðsmanna G-listans, sem töldu að listi sá, sem kenndur var við Hannibal Valdimarsson, væri Alþb. algerlega óviðkomandi, og einnig vitnaði ég í ályktun Alþb.-stjórnarinnar, sem sagði hið sama. Alþb.-stjórnin sagði: „Þessi listi er okkur algerlega óviðkomandi, þetta er klofningslisti, borinn fram af mönnum óviðkomandi okkur.“ Og svo merkir yfirkjörstjórnin listann I-lista, sem utan flokka, og það er á þessum grundvelli, enda þótt komið hafi fram yfirlýsing, sem öllum er kunnugt um, frá formanni landskjörstjórnar og úrskurður hennar, en það er á þessum grundvelli, sem gengið er til kosninga. Og ég tók einmitt ekki afstöðu til þess og skal þess vegna ekkert fara inn á hinar löngu umr. um það, hvort þessi ákvæði kosningal. hafi verið rétt skilin af Hannibal Valdimarssyni eða andstæðingum hans, eða réttara sagt flokksmönnum hans, sem skildu kosningal. öðruvísi, heldur aðeins það, að úr því að kosningal. eru það óljós, að listi er merktur utan flokka, sem óskað er eftir að sé þó listi tiltekins flokks, og þessi tiltekni flokkur og flokksstjórn og umboðsmenn flokksins telja listann óviðkomandi, þá er, þegar kjósendur ganga að kjörborði, raunverulega gert svo mikið til þess að villa um fyrir þeim í kosningunum, að það er miklu ósennilegra, að menn hafi ekki ruglazt við kosninguna, og ég sagði að ég þekkti þess dæmi, að menn hefðu kosið á röngum forsendum í þessum kosningum, af því að þeir héldu, að Hannibal Valdimarsson byði sig raunverulega fram í andstöðu við kommúnista í Alþb. og vildi ekki láta þá njóta síns stuðnings, heldur skyldu þeir mæta hans andstöðu. Þetta er meginástæðan til þess, að við höfum talið, sem að þessum till. stöndum, að nauðsynlegt sé, eins og ég sagði, að setja undir þennan leka eða gera það skýrt, að til kosninga verði gengið þannig, að kjósendur fari ekki í neinar grafgötur með það, hvaða lista þeir eiga að kjósa, þennan eða hinn. Alþ. hefur ekki kveðið upp neinn úrskurð um þetta atriði, þetta gæti endurtekið sig við næstu kosningar. Hv. 9. þm. Reykv. veit, að hann er hér með kjörbréf sem I-listamaður, og það er það kjörbréf, sem hefur verið samþ. hér á Alþ. Hitt er svo rétt, að Alþ. hafnaði ekki kjörbréfi hv. 8. landsk., en stjórnarflokkarnir tóku ekki afstöðu til þessa máls þá, og mátti segja, að grundvöllurinn undir því væri að taka ekki afstöðu til hinnar lögfræðilegu deilu, sem uppi var. Og ég sagði það í dag, og hef sagt það áður, að menn hljóti að skilja það, að Alþ. er í sjálfu sér ekki stofnun til þess að kveða upp lögfræðilega úrskurði, þótt hins vegar samkvæmt stjórnarskránni beri Alþ. valdið til að úrskurða kjörbréf, og þess vegna var það okkar ráð að láta það afskiptalaust, en boða, að við mundum gera af okkar hálfu það, sem við teldum nauðsynlegt, til þess að slíkur glundroði gæti ekki skapazt og með öllu væri girt fyrir, að það endurtæki sig, að til kosninga væri gengið á þeim forsendum, að það væri mjög sennilegt — það getur enginn fullyrt nokkuð um þetta, en mjög sennilegt, að sumir kjósendur hefðu greitt atkv. öðruvísi en þeir hefðu gert, ef þessi mál hefðu legið alveg ljóst fyrir. — Ég skal, eins og ég sagði áðan, svo ekki lengja þessar umr. og læt nú máli mínu lokið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mér þykir leitt, að hæstv. forseti skyldi ekki geta fallizt á jafnsanngjarna ósk og fram kom frá hv. 1. þm. Norðurl. e. um það að fresta umr. að hans ósk sem frsm. minni hl. n., þegar svo er ástatt, að frsm. meiri hl. n. situr hér ekki þingfund og aðeins örfáir þm. gátu heyrt hans málflutning og rök. Mér fannst þetta ærin ástæða fyrir hæstv. forseta til að taka till. til greina um að fresta umr., svo að hann gæti komið rökum sínum á framfæri við m.a. frsm. meiri hl. og aðra þm., áður en búið væri að ganga til atkvgr. um till. þá, sem deilan stendur um. Að leyfa mönnum að tala um málið, eftir að búið er að ganga til atkvæða um till., það er tilgangslítið. En svo er búið að halda á þessu máli, að það er búið að láta frv., sem allir voru sammála um, liggja hér allan þingtímann, frá því um 20. okt., að ég hygg, þangað til komið er að þinglokum, svo að það telst ekki fært að verða við sjálfsögðum þingræðislegum óskum þm., af því að það er búið að halda þannig á málinu, að málinu sé stofnað í hættu, sjálfu ágreiningslausa málinu, ef farið sé að réttum þingsköpum og þm. gefinn kostur á að eiga orðastað á eðlilegan þinglegan hátt við þá, sem á greinir í málinu. Það er í slíka tímaþröng komið, að jafnvel svo mætur og réttlátur maður sem hæstv. forseti er, hann sér sér ekki annað fært en að brjóta þinglegan rétt á frsm. minni hl. Þetta harma ég, og ég tel, að þar sem það er ekki sök hæstv. forseta, að málinu er svo komið, hefði hann ekki átt að taka á sig þann ranglætiskross fyrir aðra að synja um slík sanngjörn og sjálfsögð tilmæli. Það eru aðrir, sem hafa haldið þannig á málum, að málið er komið í tímaþröng, og það var ástæðulaust fyrir hæstv. forseta að setja nokkurn blett á sinn forsetaheiður með því að synja um svo sjálfsagða réttlætiskröfu, sem fram var borin. Ekkert meira um það, það er búið að neita um þessa sjálfsögðu ósk og við það situr. Forsetarétturinn er hæstiréttur í hv. þd.

Hv. 1. þm. Austf. hélt hér aðra ræðu um þetta mál, en þó að hann talaði upp undir hálftíma, sá hann þó ekki ástæðu til að svara þeirri eindregnu og

ákveðnu spurningu minni, sem ég beindi til hans, hvort hann legði svo mikið kapp á, að till. hæstv. dómsmrh. yrði nú látin ná fram að ganga, að hann gæti ekki séð sér fært að sætta sig við frestun á henni, þangað til almenn endurskoðun kosningal. gæti farið fram. Þessari spurningu svaraði hann ekki, og legg ég það þannig út, að honum sé framgangur till. dómsmrh. svo mikið kappsmál, að hann ljái ekki máls á frestun. Hins vegar ræddi hann nú öllu ýtarlegar en í fyrirlestri sínum í dag um ráðstafanir, sem hann taldi að gera þyrfti til þess að efla flokkana, gera þá sterkari, starfhæfari, og get ég játað það, að sumar af hans till. varðandi þau efni eru ekkert fjarlægar minni afstöðu, en þessar bollaleggingar allar snerta bara ekkert það deilumál, sem hér er til umr. Það er alveg út í hött. Hann sagðist hafa verið að leita að tækifæri til þess að koma þessum skoðunum sínum á framfæri, nú hefði hann gripið tækifærið. En það fellur á engan hátt inn í þetta mál með neinum eðlilegum hætti og er í raun og veru alveg út í hött, utan við það ágreiningsmál, sem hér er um að ræða. Þessar breytingar á löggjöf, sem hann ræðir þarna um að væru æskilegar til þess að efla og bæta starfsemi flokkanna, snerta á engan hátt kosningalögin, ekki á hinn minnsta hátt. Lagaákvæði í þá átt, sem hann ræddi um, yrðu áreiðanlega að vera flutt í sambandi við annað en lög um kosningar til Alþ. Ég fer því ekki fleiri orðum um það, en tel, að í stað þessara hugleiðinga hefði verið æskilegra, að hann hefði svarað spurningu minni.

Hæstv. dómsmrh. varð við ósk minni um að svara því, hvort hann gæti hugsað sér að taka till. aftur, og svaraði því umsvifalaust og neitandi, og það skal ég vissulega virða við hann. Ég hefði hins vegar óskað þess heldur, að hann hefði rökstutt það, hvers vegna hann gæti ekki orðið við slíkri ósk. Ég fæ ekki séð, að nein gild rök liggi fyrir því, að það verði að gera þessa breytingu á kosningal., sem hann leggur til. Sú breyting er ekki í þjónustu lýðræðis, það fer ekkert á milli mála. Hún er í anda flokksræðis, aukins flokksræðis, a.m.k. frá mínu sjónarmiði, og eins og ég hef þegar vísað til, andstæð skoðunum fjöldamargra mætra forustumanna stjórnmálaflokka á Íslandi a.m.k. tvisvar sinnum, 1933 og 1959, og nú í andstöðu við skoðanir ungu kynslóðarinnar, sem ekki ætti hvað sízt að taka tillit til. Allt þetta leiðir til þess, að ég tel æskilegt, að meira svigrúm hefði gefizt til þess að skoða, hvort breytingar í þá átt, sem till. hæstv. dómsmrh. ganga í, séu yfirleitt æskilegar, og taldi ég eðlilegast, að sú athugun færi fram ásamt almennri endurskoðun kosningal.

Hæstv. dómsmrh. svarar því til, að allsherjarendurskoðun kosningal. hlyti auðvitað að taka til meðferðar ýmis atriði, sem ákveðin eru í stjórnarskránni, og það er hárrétt hjá honum. Og ef kosningal. yrðu tekin til allsherjarendurskoðunar, er það alveg sjálfgefinn hlutur, að þá yrði ekki lengur undan því komizt eða undan því svikizt að endurskoða stjórnarskrána. Því var lofað, þegar lýðveldi var stofnað á Íslandi 1944, að bráðabirgðabreytingarnar á stjórnarskránni þá skyldu aðeins vera til naumra bráðabirgða, en það hefur verið rækilega svikið. Við höfum ekki neina lýðveldisstjórnarskrá enn, við höfum lítt breytta hina gömlu konunglegu stjórnarskrá, og það hefur verið skipuð stjórnarskrárn. eftir stjórnarskrárn. og sendir menn með pomp og pragt land úr landi til þess að safna saman stjórnarskrám lýðvelda á ríkisins kostnað. En stjórnarskrárn. hafa lognazt út af án þess að koma svo mikið sem nafni á lýðveldisstjórnarskrá og ég spyr: Er ekki kominn tími til þess nú árið 1968 að standa við það loforð, sem gefið var við vöggu lýðveldisins, að lýðveldisstjórnarskrá skyldi verða samin, því að hin, sem sett var við stofnun lýðveldisins, var talin aðeins til naumra bráðabirgða. Þannig var það orðað. Ég hefði einmitt haldið, að það ætti ekki að vera neitt fráhrindandi tilhugsun, að nauðsynlegar breytingar, sem kynni að leiða af almennri endurskoðun kosningal. leiddu líka til gagngerðrar, almennrar og víðtækrar endurskoðunar á stjórnarskránni, þannig að við þó loksins á árinu 1968 fengjum lýðveldisstjórnarskrá, sem lofað var 1944. En það má ekki. Ef væri farið að breyta kosningal. almennt, endurskoða þau, mundi það leiða til breytinga á stjórnarskránni, hún yrði tekin til endurskoðunar líka. Það ber að forðast enn. Hæstv. dómsmrh. færði það fram sem rök fyrir því, að ekki væri ráðlegt að geyma þessa breytingu til endurskoðunar kosningal., að af því hlyti að leiða, að menn færu þá að endurskoða stjórnarskrána líka. Ég heyrði ekki betur en hann segði þetta rétt áðan.

Svo vék hann að því, að hann vildi ekki láta kosningar eiga sér stað aftur upp á þau býti, að menn gætu ruglað kjósendur, eins og þeim hefði tekizt að gera í kosningunum í vor. Hverjum tókst að rugla kjósendur? Þeim, sem fóru með þær falskenningar, að annar listi borinn fram í nafni flokks væri ekki heimill samkvæmt gildandi lögum og væri þannig viðkomandi flokki óviðkomandi. Þeir, sem þessi falsrök báru fram, voru stjórn Alþb.-félagsins í Reykjavík og umboðsmenn G-listans í Reykjavík, en landskjörstjórn sýndi fram á með úrskurði sínum, sem hefur staðizt, að þessir fóru með rugl og þvætting, sem stangaðist við lög og voru marklaust fjas. Hvernig ætlast dómsmrh. til þess, að komið sé í veg fyrir þetta rugl? Með því að fallast á sjónarmið þeirra, sem ekki höfðu lögin með sér vorið 1967. Þeir vildu, að listi, sem þá var borinn fram, væri úrskurðaður utan flokka. Till. dómsmrh. er um það að gera þeim, sem eiga að ganga frá framboði innan flokkanna, auðvelt bara með mótmælum einum, kannske örökstuddum mótmælum, að gera slíka lista, sem nú eru úrskurðaðir flokkslistar, að utanflokkalistum, eins og hinir kröfðust. Þannig skal koma í veg fyrir ruglið. Það skal fallizt á sjónarmið kommúnistanna, sem vildu dæma I-listann utanflokkalista, þó að það stæðist ekki, þegar kom til úthlutunar uppbótarsæta samkvæmt úrskurði æðsta aðila í þessum málum, landskjörstjórnarinnar, og þó að

Alþ., þrátt fyrir allt, treysti sér ekki til annars en að fallast á úrskurð landskjörstjórnarinnar um, að atkvæðamagnið skyldi falla Alþb. og úrskurða uppbótarþingsæti samkvæmt því. Slíkur glundroði skal ekki skapast aftur, segir hæstv. dómsmrh. Og það vill hann gera með því að auðvelda þeim, sem fóru með rugl og þvætting s. l. vor, að bera bara fram einföld mótmæli, og þá skal viðkomandi listi, eins og þeir vildu vera láta í vor, en gátu ekki að *óbreyttum lögum, vera dæmdur utan flokka,* — skuli beint lögfesta fyrirmæli til landskjörstjórnar um það, að hafi mótmæli komið fram, skuli listi teljast utan flokka.

Ég tel, að það fari ekki neitt á milli mála, að með þessu hafi hæstv. dómsmrh. tekið afstöðu með þeim, sem úrskurður landskjörstjórnar og Alþ. gekk gegn að óbreyttum lögum á s.l. hausti, þegar kjörbréf voru hér afgreidd, og það er þá gott, að það sé orðið upplýst. Nógu lengi hefur skikkjan verið höfð á báðum öxlum til þess að reyna að dylja þetta. En það var þetta samsæri flokkanna s. l. vor, sem ekki náði þá fram að ganga, vegna þess að landskjörstjórn lét ekki hafa nein áhrif á sig og úrskurðaði samkvæmt gildandi landsl., skýrum landsl., sem menn eru að tala um að séu svo óskýr, að þar verði um að bæta með breytingu lagaákvæða, sem er út í bláinn. Það er eins skýrt og verða má í gildandi kosningal., að ef fleiri en eitt framboð kemur fram í kjördæmi fyrir sama flokk, þarf þar ekkert til, til þess að það sé löglegt framboð, annað en að frambjóðendurnir sjálfir og meðmælendur framboðslistans lýsi því yfir, að listinn sé borinn fram fyrir ákveðinn flokk. Þá skal merkja listann eins og þar segir, A eða AA, B eða BB, eða G eða GG, og þannig var skýrt, að yfirkjörstjórn í Reykjavík átti að merkja þennan lista. Það var ekkert úrskurðaratriði fyrir hana, það voru skýr fyrirmæli í l. um það, að svona skyldi hún merkja listann, því að hann fullnægði öllum ákvæðum kosningal. Þessar yfirlýsingar fylgdu, bæði frá frambjóðendum og meðmælendunum með tölu, að þessi listi væri borinn fram fyrir Alþb., og þá átti að merkja hann á þann hátt, sem lögin segja, það er ekki hægt að misskilja.

Hér er kannske að því stuðlað, að minni hl. megi ekki verja sig fyrir ofríki og einstrengingsskap meiri hl. í flokkunum, þá skuli þeir fara úr flokkunum og að *hér sé því verið að stíga það skref, sem neyði* menn til að segja skilið við flokka, ef þeir verða fyrir slíku ofríki sem tilraun var gerð til þess að beita innan Alþb. s.l. vor. Og það er ekkert víst, að Sjálfstfl. eða Framsfl. sleppi betur frá þeim leik, þó að þeir nú stofni til hans. En verði þeim að góðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 90. fundi í Nd., 5. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 224 tekin aftur.

Brtt. 437 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, FÞ, GeirG, GuðlG, GunnG, HS, JP, LJós, MK, MB, PJ, PS, SI, JK, VH, ÁÞ, BGr, BF, BBen, EKJ, BrS, EmJ, SB.

nei: GíslG, HV, IG, SV, SP, ÞÞ, BP.

JónasÁ greiddi ekki atkv.

9 þm. (GÞG, IngJ, JóhH, JSk, MÁM, SE, SvJ, BK, EðS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég tel það óheppilega málsmeðferð að blanda svo viðkvæmu deilumáli sem þessari till. inn í umr. um aðalefni frv., eins og það var upphaflega lagt fyrir. Ég fortek þó ekki, að till. styðjist við ýmis réttmæt rök. Hins vegar hefði ég talið heppilegra að fresta endanlegri ákvörðun um þetta efni um sinn og segi nei.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þar sem samkomulag virðist um, að heildarendurskoðun kosningalaganna sé nauðsynleg, tel ég ekki heppilegt að gera aðra breytingu á l. að þessu sinni en þá, sem leiðir beint af breyttu aldurstakmarki samkv. nýorðinni stjórnarskrárbreytingu. Ég segi því nei.

Brtt. 482 samþ. með 26:2 atkv.

Brtt. 303 (ný gr., verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

4. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26:1 atkv.

Á 91. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 535, 537).

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs vegna þess, að ég þarf að mæla fyrir brtt., og einnig vegna þess, að ýmislegt, sem fram kom við 2. umr. þessa máls, varð mér tilefni til hugleiðinga, sem ég hafði hugsað mér að koma á framfæri, en af því varð ekki við 2. umr., vegna þess að hún dróst á langinn og nótt fór að, og hæstv. forseti var þess mjög fýsandi, að umr. yrði lokið. En á þetta vildi ég eitthvað minnast nú við 3. umr.

Ég hélt því fram við 2. umr. fyrir hönd minni hl. allshn., að ekki bæri að samþykkja brtt. við stjórnarfrv. á þskj. 20, sem stóð eingöngu í sambandi við stjórnarskrárbreytinguna um að færa kosningarréttarlágmarkið úr 21 ári niður í 20 ár. Það var okkar sjónarmið í minni hl. þá, að í sambandi við brtt., sem fram höfou komið, væri um töluvert ágreiningsmál að ræða, sem reyndist rétt, og mundi það tefja málið að vera að leita eftir eða

gera ráð fyrir afgreiðslu á þeim, enda engan veginn nauðsynlegt, þar sem allir nm. og margir aðrir virtust sammála um, að ástæða væri til að endurskoða kosningal. nú á milli þinga. Sýndist okkur í minni hl. alveg sjálfsagt að fresta þessu ágreiningsatriði og láta það koma inn í endurskoðunina. Hins vegar gerði ég ekki efnisatriði þessa ágreiningsmáls neitt verulega að umræðuefni við 2. umr., taldi afgreiðslu till. minni hl. ekki gefa tilefni til þess. En svo fór, að sjálft ágreiningsefnið var allmikið rætt í umr. og á nokkuð breiðum grundvelli. Það kom í ljós við atkvgr., að allmargir þm. tóku þessi rök gild, sem frá minni hl. komu, enda voru þau auðskilin, og greiddu þess vegna atkv. gegn brtt. frá hæstv. dómsmrh., en aðrir reyndust, og þeir urðu fleiri, betur verjaðir gegn þessum rökum, enda volkinu vanir. Og því var brtt. hæstv. ráðh. samþ.

Einn af þeim, sem létu í ljós, að þeir féllust í raun og veru á röksemdir minni hl., var sjálfur höfundur brtt., hæstv. dómsmrh., sem því miður er hér ekki viðstaddur í dag, mun vera í öðru landi eða á leið þangað. Hæstv. dómsmrh., sem jafnan er sanngjarn í umr., viðurkenndi, að það væri rétt hjá minni hl. n., að úr því að menn væru sammála um endurskoðun, væri það eðlilegt sjónarmið, að ágreiningsmálið kæmi inn í þá endurskoðun og að þar yrði um það fjallað. En hæstv. ráðh. sagðist vera vant við látinn í þessu máli og af þeim ástæðum verða að fylgja eftir till. sinni. Hann skýrði frá því, sem var raunar nýjung fyrir mig, að vel gæti svo farið, að alþingiskosningar færu fram á þessu ári, áður en ráðrúm ynnist til endurskoðunar og að hann vildi breyta ákvæðum kosningal., sem hann taldi óeðlileg, fyrir kosningar, sem kynnu að fara fram á þessu ári. Nú hlaut ég að viðurkenna það, að ef svo færi, að kosningar færu fram á þessu ári, í sumar eða haust, gæti auðvitað svo farið, að endurskoðuninni yrði ekki lokið. En af því að mér hefur sýnzt allt til þessa hæstv. ríkisstj. sitja nokkuð fast í sínu sæti og raunar lengur en sætt er, þá gerði ég ekki ráð fyrir, að ég þyrfti að hafa áhyggjur af þessari röksemdafærslu hæstv. ráðh., og greiddi atkv. gegn brtt. Við 2. umr. var frv. síðan breytt nokkuð. Það voru samþ. tvær nýjar gr., sem nú eru 4. gr. og 5. gr. frv.: till. hæstv. ráðh. og till. hv. meiri hl. allshn. um, að hreppsnefnd sé jafnan heimilt, ef hún fær til þess samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað í öðru sveitarfélagi, og ekki aðeins í öðru sveitarfélagi, og ekki aðeins í þeim tilfellum, sem lagt hafði verið til í öndverðu, þegar sveitarfélög eiga saman félagsheimili.

Þannig liggur frv. þá fyrir nú í byrjun 3. umr., og minnugur þess, sem hæstv. dómsmrh. sagði við 2. umr. um ástæður sínar til þess að vilja ekki fallast á afstöðu minni hl., sem hann þó taldi í rauninni eðlilega, hef ég leyft mér að bera fram á þskj. 537 brtt. við 4. gr. frv., eins og það nú liggur fyrir. Og þessi brtt. er um það að sú gr., sem á að verða 3. mgr. í 27. gr. kosningal., hafi takmarkaðan gildistíma, gildi aðeins til 31. des. 1968. Þá sýnist mér, að allir aðilar megi að líkindum við una. Hæstv. ráðh. hefur fengið tryggingu fyrir því, að ef það færi svo, að kosningar yrðu á næsta sumri, verða framboð undirbúin samkv. því, sem hann vill vera láta, en jafnhliða og eigi að síður er fullt tilefni til þess að endurskoða bæði þessa gr. og aðrar í kosningal., vegna þess að hún fellur úr gildi um áramótin. Og það er þá ekki hætta á því, að samþykkt þessarar brtt. frá ráðh. verði til þess, að hætt verði við endurskoðunina, sem ekki er ólíklegt að kunni að verða, ef ekki er settur þar slíkur varnagli.

Ég vona, að mér hafi tekizt að setja þetta nægilega skýrt fram, er í brtt. felst, og hvers vegna mér sýnist, að aðilar gætu báðir við það unað, að hún yrði samþ. Mundi það þá greiða fyrir afgreiðslu málsins nú og væntanlega í hv. Ed.

Hæstv. ráðh. er nú því miður ekki viðstaddur hér, eins og ég sagði, til þess að láta í ljós álit sitt á þessari úrlausn. En ég vænti þess, að aðrir, sem að málinu standa með honum og hafa staðið, taki hana til athugunar fyrir sitt leyti, svo og þeir, sem hafa verið mjög andstæðir efnisbreytingu að þessu leyti, og það leiði til þess, að brtt. á þskj. 537 verði samþ.

Ég hef, eins og ég sagði áðan, ekki talað mikið um efni þess deilumáls sem hér er á ferð fyrst og fremst. Ég hef verið að tala um endurskoðun á því atriði, sem hér er um að ræða, og öðrum atriðum kosningal. Og atkvgr. mína við 2. umr. gegn brtt. hæstv. dómsmrh. ber, eins og ég hef áður að vikið, að skoða sem andstöðu gegn því að afgreiða deiluefnið nú, án samhengis við önnur atriði. Vera má, að endurskoðun hefði leitt í ljós og jafnvel til samkomulags um, að eðlilegt sé að breyta nokkuð framboðsákvæðum l. og fleiru um leið. Ég skal ekki heldur fara langt út í þetta nú, þetta efnisatriði, þótt að vísu sé meira tilefni til þess en var við 2. umr. En ég vil nota tækifærið til þess að taka það fram, að mér finnst ákaflega erfitt að auka enn rétt þingflokka eða stjórnmálaflokka án þess að setja um leið sérstök ákvæði um starfsemi flokkanna og skyldur. Að þessu hef ég áður vikið hér á Alþ. við annað tækifæri. Það eru engin smáræðishlunnindi, að flokkarnir, stjórnmálaflokkarnir eða þingflokkarnir, skuli eiga rétt til 11 fulltrúa fyrir sig á sjálfu löggjafarþinginu eða nálega eins marga og hin fjölmenna höfuðborg, sem hefur 12 fulltrúa eða eins marga og allt Austurland og Suðurland vestur að Hellisheiði saman talið. Menn segja, að þetta séu félög, að stjórnmálaflokkarnir séu félög, og þess vegna eigi ekki að vera að tala um svona lagasetningu, ekki láta sér slíkt um munn fara hér á hv. Alþ. En hafa ekki verið sett lög um samvinnufélög t.d., um stéttarfélög, um hlutafélög o.s.frv.? Jú, það hafa verið sett lög um allar þessar tegundir félaga. Og þó hafa þau engan veginn slíkan rétt í stjórnarskránni sem flokkarnir hafa. Þessi ákvæði, sem ég nefndi um flokka eða þingflokka, gætu verið í kosningalögum, þau gætu líka verið í sérstökum lögum. En ég álít að ef hnigið er að því ráði að auka rétt stjórnmálaflokkanna, og það er óneitanlega

gert á vissan hátt í frv., sem hér liggur fyrir, eins og það er nú, þá eigi jafnframt ákvæði um skyldur flokkanna að koma inn í kosningalög eða önnur lög.

Í sambandi við þetta mál vil ég leyfa mér að fara nokkrum almennum orðum um þingið og þingflokkana. Hvað er Alþingi? Hvað á Alþ. að vera samkvæmt lýðræðishugmyndum manna? 60 þjóðfulltrúar, þeir 60 menn, sem kjósendur landsins eða landshluta eða byggðarlaga sýna við atkvgr., að þeir nefni til þess fyrir sína hönd og treysti bezt til þess að setja landinu lög og skipa landsstjórn til þess að fara með framkvæmd laga. En hvað er Alþ. nú? Og hvað er það að verða? Hv. 1. þm. Austf. t.d., sem ég hef löngum metið mikils, sagði sitt af hverju um þetta efni og greiddi atkv. með brtt. hæstv. dómsmrh. Hann sagði m.a., að á Alþ. væru 4 risar á leirfótum. Þannig held ég, að hann hafi orðað það á einum stað. Og þessir 4 risar eru þingflokkarnir. Ef þetta er rétt og ef það á að vera svona áfram, þá má segja, að það sé eðlilegt að reyna, eins og hv. þm. minntist á, að koma sterkari fótum undir „risana", þar eigi t.d. að koma gullfætur í stað leirfótanna og þarna eigi ríkissjóður til að koma með sínar líknarhendur. Þessi hv. þm. setti fram ákveðnar hugmyndir um þessa fótaaðgerð á „risunum", og þær eru vissulega þess verðar, að um þær sé hugsað. Og nú ber nýrra við í „risalandi". Morgunblaðið, sem við þekkjum öll, hefur núna fyrir helgina varið meira en hálfri síðu til að kynna þessar hugmyndir með fyllstu samúð og segir þær hinar merkilegustu. Það birtir m.a. óspjallaða mynd af stjórnarandstöðuforingja í þessu sambandi. Það mætti láta sér detta í hug, að sjálfur stjórnarformaðurinn hæstv. hefði verið með eitthvað svipaðar hugmyndir. Það kynni líka að vera til þess fallið að stytta þrásetu stjórnarformanna nú og síðar, ef þeir gætu haft ráðherralaunin sín og t.d. efnahagsmálaráðunautinn sinn og seðlabankastjórann sinn með sér úr stjórnarráðinu og staðsett þá á flokksskrifstofunni sér og flokknum að kostnaðarlausu.

Nú hefur hæstv. dómsmrh. talað um það, eins og ég sagði áðan, að það kunni að verða kosningar á þessu ári, og þá er þetta ósköp elskulegt tilhugsunarefni fyrir stjórn, sem er að syngja sitt síðasta vers. Ég segi þetta bæði í gamni og alvöru. En við lifum á breyttum tímum, sem mora af nýstárlegum hugmyndum, sem við hinir eldri eigum, eins og von er, dálítið erfitt með að vinza úr, en sjálfsagt koma margar hverjar til framkvæmda síðar. Hv. 1. þm. Austf. var í sjálfu sér ekki að hrósa þessum hugmyndum, sem hann varpaði fram til umhugsunar fyrir þm. og ráðh. Hann sagði í rauninni, að framkvæmd þeirra gæti reynzt nauðsynleg til að koma í veg fyrir eitthvað, sem verra væri, þegar tímar líða og það getur víst verið rétt. Svona hugmyndir eða líkar hafa svo sem borizt í tal fyrr, og ekki veit ég, hvaðan þær eru upprunnar í öndverðu, þótt hv. þm. yrði til þess að reifa þær að þessu sinni.

En fleira hefur gerzt í „risalandi" um þessar mundir. Daginn eftir 2. umr. þessa frv., sem nú er til umr., fór hæstv. forsrh. á kreik í Sþ. og hélt langa ræðu um till. um endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem þar liggur fyrir, og var sýnilega mikið niðri fyrir. Það væri nú æskilegt, að hann væri hér viðstaddur, en hann er það nú ekki. Hann leyfði sér þar m.a. að fara með ósannaðar fullyrðingar um tilgang ákveðinna manna á stjórnmálasviðinu fyrir 20—25 árum, og var það athyglisvert. En að ræðu hæstv. forsrh. lokinni frestaði hæstv. forseti Sþ. umr., án þess að aðrir fengju tækifæri til þess að gera aths. við málflutning hæstv. ráðh. Ég er ekkert að deila á hæstv. forseta Sþ. fyrir það. Hann hefur sjálfsagt haft sínar ástæður og m.a. kannske þá, að fundartíminn hafi verið langt kominn. (Gripið fram í.) Já, vera má, að hann heyri þetta einhvers staðar í tæki. En þessi ræðuflutningur hæstv. ráðh. og að umr. var frestað, eftir að hann hafði flutt þessa löngu ræðu, sem vissulega gaf tilefni til andsvara, það er í rauninni ekki ný aðferð, það er aðferð sem við höfum átt að venjast nokkuð hér í þessum sal. Og það minnti mig á það, að nú er mál til komið, að athugað verði á milli þinga í sambandi við þingsköpin og frv. um breytingu á þingsköpum, sem hér hefur legið fyrir, en það mun ekki verða afgreitt, að það verði athugað í sambandi við þingskapamálið, hvort það eigi að haldast án takmarka, að ráðherrar geti sýnt þm. ójöfnuð með því að eiga sjálfir ótakmarkaðan ræðutíma hvenær sem er og geta gripið inn í ræðuhöldin á milli ræðna hvenær sem er, en geta varnað öðrum máls á eftir með því að láta taka mál af dagskrá og eiga ekki afturkvæmt þangað aftur.

Ég minnist slíkra tilfella. Ég minnist þess t. d. að fyrir nokkrum árum var þm. í miðri ræðu, og þá frestaði forseti ræðunni, og seinni hluti ræðunnar var aldrei haldinn, hann hefur ekki verið haldinn enn. Þetta kalla ég að sýna þm. ójöfnuð, vitandi eða óvitandi, sem þeir ættu ekki að láta sér lynda, og ég nota þetta tækifæri til þess að minnast á það. En ég er að minnast á þessa merkilegu stjórnarskrárræðu, sem kannske verður aldrei tækifæri til að svara, vegna þess að það er mín hyggja, að málið, sem nú er til umr. og liggur hér fyrir í hv. d. hafi trúlega minnt hæstv. forsrh. á það, að í till. um stjórnarskrána er einnig vikið að þingflokkunum og rétti þeim, er þeir hafa, án þess að skyldur komi á móti. Og ég heyrði það glöggt, að honum er eins og fleirum illa við umtal um það, sem almenningur kallar flokksræði.

Mér koma í hug þingin, sem kölluð voru saman fyrr á tímum, þegar konungar voru við völd af guðs náð í mörgum ríkjum Norðurálfu. Þetta voru þing stéttanna. Það voru ekki kjörin löggjafarþing, það voru þing stéttanna, enda stundum bara kölluð stéttir eða stéttirnar, eins og menn geta lesið um í sögulegum ritgerðum, en ekki þing. Það var talað um stéttirnar og að stéttirnar kæmu saman. Aðalsmenn komu saman út af fyrir sig, klerkar út af fyrir sig, svo voru út af fyrir sig borgarar og bændur eða þriðja stétt, sem nefnd var. Það var upphaf

frönsku byltingarinnar eða stjórnarbyltingarinnar í Frakklandi, sem kölluð hefur verið, að stéttirnar gengu saman í einn sal. Stéttaþing með þrem stéttum var í rauninni þrjú þing og með fjórum stéttum fjögur þing. Þetta var ekki gott fyrirkomulag, enda árangurinn eftir því. Þar varð annað vald æðra til að koma.

Mér verður stundum um þessar mundir á að spyrja sjálfan mig: Er eitthvað í þessa átt að verða til smám saman á Alþingi Íslendinga? Má vera, að ég sé búinn að vera lengur í stjórnmálaflokki en nokkur annar í þessum sal um þessar mundir, að undanteknum hv. 1. þm. Vestf. og hv. 9. þm. Reykv. Og ég hef verið nokkuð lengi í þingflokki. Það situr því sízt á mér að tala illa um flokka eða flokkafyrirkomulagið eða telja það óalandi og óferjandi, enda geri ég það ekki. Víst er um það, að flokkar hafa gegnt mjög mikilsverðu sögulegu hlutverki í þróun lýðræðisins, og enn álít ég, að ekki sé hægt að vera án þeirra og ekki fyrst um sinn. En flokkarnir þurfa að gæta sín fyrir freistingum og kunna sér hóf, muna, hvað þeir eru og eiga að vera. Og þjóðin þarf að gæta sín fyrir flokkum sínum, ekki bara vegna varhugaverðrar stefnu sumra flokka að mínum dómi, heldur fyrir flokkafyrirkomulaginu sem slíku. Þó að það hafi verið nauðsynlegt og gert mikið gagn, getur það umskapazt, vanskapazt, er tímar líða, og þá er illt í efni.

Á meðan flokkarnir okkar hér á Íslandi gera sér í hugarlund a.m.k., að þeir starfi fyrir hugsjónir eins og sjálfræði, öðru nafni frelsi, félagshyggju, landsbyggð eða eitthvað, sem þeir kalla sósíalisma, er okkar litlu þjóð enn þá lífs von. En ef þeir, þegar þeir eru orðnir nokkuð fastir í sessi, fara að líta á sjálfa sig fyrst og fremst sem stofnun eða fyrirtæki, sem allt velti á að hægt sé að efla með einhverjum ráðum, hvað sem öðru líður, þá er illt í efni. Málstaður eða stefna á að skapa flokk um sig og þarf þess með. En flokkur í leit að málum, í leit að stefnumálum, er það, sem vitur maður, nú látinn, kallaði mettan flokk. Ég er ekki að deila á neina sérstaka flokka miðað við núverandi ástand, en ég er hræddur um, að þróunin geti færzt í þessa átt á komandi tímum, að flokkarnir fari að líta á sig sem stofnanir, eða fyrirtæki, þar sem varla er hægt að þekkja sundur stefnuskrárnar ef nöfnin eru strikuð úr.

Ég vona, að það verði ekki svo. En mér verður samt ósjálfrátt að sjá fyrir mér í dálítið óskyggilega mynd einhvers staðar yfir í framtíðinni: Ekkert Alþingi, sem því nafni megi nefnast, aðeins fjögur þing í stað þess, fjögur þing, fjórir þingflokkar eða kannske fleiri, þar sem það er úr sögunni, að þm. reyni að komast að niðurstöðum sameiginlega á vettvangi þingsins sjálfs. En þá er Alþingi sem slíkt raunverulega ekki lengur til, bara risar, kannske á gullfótum, og þm., sem verða fangar risanna. Og það er nú það, að risaþing er ekki heldur líklegt til einingar. Það er hætt við, að risarnir haldi áfram að slást, þá ekki síður en nú. Grunur minn er sá, að stjórnmálaflokkarnir eða þingflokkarnir hafi kannske þegar gengið of langt, þó að það væri hugsanleg framtíð, sem ég var að lýsa hér áðan. Ég álít, að allt of mörg mál séu gerð að flokksmálum, tekin fyrir á flokksfundum eða sótt um leyfi hjá ráðh., áður en þau eru rædd í þinginu almennt, — mál, sem ekki eru flokksmál í eðli sínu, alls ekki. Auðvitað eru mörg mál eðlileg flokksmál, en ekki svona mörg eins og þau stundum reynast. Við megum ekki gleyma því, ef vel á að fara, að við erum þjóðfulltrúar á Alþingi og að það á að vera svo áfram, ekki bara flokksmenn og kannske ekki það fyrst og fremst. Og samt skulum við ekki óvirða flokkana eða stuðla að því, að það sé almennt gert.

Það er stundum talað um, að Alþingi eða alþm. njóti ekki mikillar virðingar í landinu um þessar mundir. Ég held, að þetta sé orðum aukið, alþm. njóti kannske ekki miklu minni virðingar nú en stundum áður. En fólk er samt að velta því fyrir sér, af hverju þetta stafi, þessi hugmynd, að þingið njóti ekki nógu mikillar virðingar. Einu sinni var sagt, að það stafaði af því, að þm. mættu ekki með pípuhatt við þingsetningu, það hefðu þeir gert áður, a.m.k. allir embættismenn. En einhver, ég held þm. — ég skal ekki alveg með það fara, hver það var, en þó minnir mig, að það væri hv. 4 landsk., gizkaði á það nýlega, að þetta væri af því, að þm. rökuðu nú skegg sitt, en væru ekki eins og í fyrri daga alskeggjaðir. Það hefði verið mjög virðulegt að hafa alskegg. Það skyldi nú ekki vera, að flokkarnir okkar og blöðin okkar hefðu það fyrir öðrum að tala illa um þingið eða hluta af því, sem verður þingið allt saman, ef saman er lagt og allt tekið trúanlegt? Margt af þessu er sjálfsagt réttmæli, en ekki allt.

Þetta eru nú þær almennu hugleiðingar, sem ég var að tala um áðan. Þær hafa orðið til hjá mér við að hlýða á þær nokkuð löngu umr., sem urðu síðast um þetta frv. En ég ætla að enda á því, að mér finnst, að þegar mjög mikið liggur við, verði risarnir okkar að hætta að slást og risarnir sem þykjast vera að meðaltali einni alin hærri en hinir, að gleyma þessari einu alin, því að einnig þeir standa á leirfótum við stjórnvölinn, þó að þeir hafi ríkisvaldið og hagfræðingana á sínum vegum. Og það veitir sannarlega ekki af öllum þingsins leirfótum til þess að standa undir þunga þjóðmálanna, þegar mest reynir á.

Ég skal svo láta útrætt um þetta mál, en vænti þess, að hv. þm. geti fallizt á að samþykkja brtt. mína á þskj. 537 við 4. gr. frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 94. fundi í Nd., 9. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 537 felld með 23:6 atkv.
Frv. samþ. með 25:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 85. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt í samræmi við þá stjórnarskrárbreytingu, sem samþ. var á síðasta þingi og nú hefur verið endursamþykkt, og er þar ákveðið, að kosningaaldur skuli vera í samræmi við það, sem stjórnarskráin segir fyrir um. Segja má, að þetta sé formleg breyting, sem meira að segja er óþörf, vegna þess að stjórnarskráin hefur meira gildi en venjuleg lög, en víst fer betur á að hafa samræmi þarna á milli. Um þetta ákvæði eru allir sammála.

En í Nd. voru svo gerðar, að því er ég hygg, tvær aðrar breytingar, önnur um það, að með vissum skilyrðum má hafa kjörstað utan hrepps, það var minni háttar ágreiningur um það atriði, en meiri háttar ágreiningur um hitt, hvort setja skyldi þær takmarkanir á heimild manna til að bjóða fram í nafni flokks, sem hv. Nd. samþykkti. Hér er um að ræða deilumál, sem þegar hefur verið rætt um og mönnum sýnist sitt hvað um, eins og gengur og gerist. Í mínum huga er það ljóst, að það eitt sé eðlilegt, að enginn geti boðið fram í nafni flokks, ef réttir aðilar, þeir sem flokkurinn sjálfur hefur þar til kjörið, mótmæla því, að í nafni flokksins sé fram boðið. Með þessu eru ekki lögð höft á neina, því að þeir, sem ekki vilja una mótmælum flokksins, geta þá boðið fram í eigin nafni, en í nafni hvorki flokks né annarrar stofnunar eða einstaklinga er eðlilegt að fram sé boðið, a.m.k. ef aðili sjálfur mótmælir. Um tíma var ráðgert, að það þyrfti beinlínis samþykki eða staðfestingu þess aðila. Frá því var horfið og haldið sér við það eitt, að framboð skyldi ekki tekið gilt að þessu leyti í nafni flokks, ef réttir aðilar innan hans, sem til þess eru valdir af flokknum sjálfum, mótmæla því, að svo sé gert. Þetta sýnist mér sú minnsta réttarvernd fyrir flokkinn, fyrir samtök almennings, sem hægt sé að ætlast til, og því sé á engan hallað með þessu fyrirmæli.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið. Ég tala hér einungis í fjarveru hæstv. dómsmrh., en vil eindregið mælast til, að málið gangi til 2. umr. og verði vísað til hv. allshn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég tel nú, að hér sé um svo stórt mál að ræða, að það hefði mátt vænta ýtarlegrar framsöguræðu fyrir málinu. En að sjálfsögðu verður það að virðast til betri vegar, þar sem sá maðurinn, sem hefur borið þá þýðingarmiklu breytingu, sem hér á að gera á kosningal., sérstaklega fyrir brjósti og haft orð fyrir þeim, sem að henni standa í hv. Nd., og borið hana fram í eigin nafni, er í skyndi hlaupinn burt af landinu og því kannske eðlilegt, að staðgengill hans, þótt ekki sé ómerkari maður en hæstv. forsrh., hafi hér skemmri skírn á hlutunum. En eins og kom fram í hans örstuttu ræðu, er hér um að ræða annars vegar breytingar á kosningalögum til samræmis við þá stjórnarskrárbreytingu, sem þegar hefur verið samþ., þess efnis, að kosningaaldur sé lækkaður úr 21 ári í 20 ára aldur. Um þær breytingar, sem þetta varða, munu allir hv. alþm. vera fyllilega sammála, og mundi þetta mál því engar deilur hafa ýft upp hér á hv. Alþ., ef það hefði ekki komið til, sem ég áðan gat um, að hæstv. dómsmrh. hefur í umboði ríkisstjórnarflokkanna og eftir samninga a. m. k. bak við tjöldin við formann þingflokks Framsfl. og einnig, að því er bezt verður séð, við formann þingflokks Alþb. tekizt að smeygja inn í þetta frv. breytingu, sem hefur í för með sér ákaflega veigamikla umturnun á þeim ákvæðum, sem gilda um framboð við kosningar. Þessi breyting, sem hæstv. dómsmrh. hefur beitt sér fyrir, hefur valdið allmiklum deilum í hv. Nd. Alþingis og mér er óhætt að segja vakið sterka andúðaröldu utan þings meðal hugsandi fólks úr öllum stjórnmálaflokkum. Það er sýnilegt af allri málsmeðferð, að þessi brtt., sem nú hefur hlotið samþykki í hv. Nd., hefur valdið miklum höfuðverk í ríkisstj. og langvarandi bollaleggingum, eins og sést á því, hve lengi hún hefur verið þar í burðarliðnum og svo miklum og óeðlilegum töfum sem hún hefur valdið á framgangi máls, sem allir hv. alþm. eru þó sammála um. Þegar fyrri útgáfan af þessari till. sá dagsljósið hér á hv. Alþ., reis þegar í stað mótmælaalda, sérstaklega meðal ungu kynslóðarinnar, ekki sízt í Sjálfstfl. og einnig í Framsfl., og það fór svo, að hæstv. dómsmrh. þorði ekki að láta sverfa til stáls í þingsölunum um þetta fóstur sitt og meðráðh. sinna. En eftir tveggja eða þriggja mánaða umhugsun og bollaleggingar í ríkisstj. og makk við formenn stjórnarandstöðuflokkanna á þingi kemur hann svo nú undir þinglokin með nýja útgáfu af fyrri till. sinni, breytta að orðfæri, en að mínu áliti óbreytta að efni og eðli, og þykist nú hafa hagað svo málum, að hún gæti með góðri aðstoð forustumanna stjórnarandstæðinga flotið í gegnum þingið, án þess að andstaðan gegn henni fái rönd við reist, þegar svo er komið þingstörfum, að málum er mokað í haugum gegnum hv. þd., eins og óhæf venja hefur skapazt um, þegar líður að lokum hvers þings árlega.

Efni þessarar brtt. formanna þingflokkanna og ríkisstj. er kunnara en frá þurfi að greina, þ.e.a.s. það, að upp verði tekinn og lögfestur sá háttur, að ekki megi bjóða fram í nafni stjórnmálaflokks fleiri en einn lista í sama kjördæmi nema með beinu eða óbeinu leyfi bæði þess aðila, sem samkv. lögum viðkomandi flokks skal aðallega ákvarða framboð, og eins hins, sem endanlega skal staðfesta framboð. En sá aðili mun í flestum tilfellum vera flokksmiðstjórn eða framkvæmdastjórn eftir því, hvað það er kallað í lögum viðkomandi flokka, sem nú eru starfandi í landinu. En til þess að dulbúa ofur lítið tilganginn, sem allir mega sjá að er sá og sá einn að útiloka önnur framboð í flokksnafni heldur en þau, sem miðstjórnarvald flokkanna hefur velþóknun á, hvað sem líður vilja almennra kjósenda í kjördæmunum, er þessi tilgangur nú í

hinni nýju útgáfu breytingarinnar orðaður svo, að ef sá aðili, sem ákveða skal framboð, þ.e.a.s. efnislega orðað svo, eða staðfesta það, mótmælir þrátt fyrir uppfyllingu allra skilyrða, sem í gildandi l. eru sett, að listi sé borinn fram fyrir viðkomandi flokk, skuli hann samt teljast utan flokka og merktur samkv. því. En í eldri útgáfunni hljóðaði breyt. upp á það efnislega, að framboð í nafni flokks væri því aðeins gilt sem slíkt, að viðkomandi flokksstjórn hefði samþykkt það. Ég hygg, að allir megi sjá, að hér er enginn munur á í raun og veru, að í báðum tilvikum eru flokksstjórnirnar, fámennar stjórnir flokkanna, löggiltar sem úrslitaaðili um þann mikilvæga þátt í okkar lýðræðis- og þingræðisskipulagi, hverjir þeir frambjóðendur flokkanna skuli vera, sem hinn almenni borgari í landinu á kost á að velja á löggjafarþing þjóðarinnar.

Það er vissulega engin furða að mínu viti, þó að ýmsar spurningar vakni, þegar slíkt mál er vakið upp og það af mönnum, sem varla opna svo munninn í umr. um stjórnmál, að þeim vökni ekki um augu af umhyggju fyrir lýðræði og þingræði, — þegar slíkt mál er vakið upp af arftökum þeirra forustumanna, sem kváðu þennan flokksræðisdraug niður, sem hér er nú verið að magna gegn lýðræðinu í landinu, fyrir röskum aldarþriðjungi og gerðu það svo kirfilega, að hann hefur ekki látið á sér kræla síðan þar til nú. Og þó að ég þykist raunar vita, að það hafi ekki mikinn tilgang að spyrja, vegna þess að þeir, sem ber að svara, hvorki vilja né þora að svara hreinskilnislega til um hinar raunverulegu orsakir þess, að ákveðið hefur verið að knýja þetta mál fram nú fyrir þinglok, að því er bezt verður séð, þá hlýt ég þó að taka undir spurningar eins og þær, hvers vegna þetta mál sé einmitt fram borið nú, hvers vegna þessu máli liggi svo mikið á einmitt nú, að það megi ekki bíða milli þinga til slíkrar yfirvegunar, sem viðeigandi er, þegar um grundvallaratriði í stjórnarfari okkar og stjórnmálabaráttu er að ræða. Við spurningum eins og þeim, hverjar líklegar afleiðingar samþykkt slíkra breytinga hafi fyrir framtíðarþróun stjórnmálaflokkanna og þar með þingræðisins í landinu, og raunar mörgum fleiri spurningum, sem upp vakna, þegar þetta mál er skoðað, hefur hvorki Alþ. enn þá, svo að ég viti, né þjóðin fengið annað en gervirök og gervisvör frá fyrirsvarsmönnum flokksræðisins, flytjendum og stuðningsmönnum þeirrar breytingar, sem hér er á ferðinni. Rökin, sem við fáum að heyra, eru helzt þau, að ákvæði gildandi kosningalaga séu svo óljós, að við þau sé ekki unandi, og ekkert megi á hætta í því efni, að sá skelfilegi ruglingur, sem átt hafi að eiga sér stað í hugum fólks í síðustu kosningum vegna tveggja framboða Alþb. í Reykjavík, endurtaki sig. Okkur er líka sagt, að gildandi kosningalög séu til þess fallin að rifta og rífa niður sjálfsögð réttindi flokkanna, þeim verði að veita vernd, eins og hæstv. forsrh. orðaði það áðan, lágmarksvernd. Og okkur er sagt, að það sé hægt að splundra flokkunum jafnvel af óviðkomandi misindisfólki, og okkur er sagt, að þrátt fyrir það, þó að þessi ákvæði, sem nú gilda, eða önnur hliðstæð hafi verið í gildi í landinu í 35 ár, hafi menn ekki gert sér enn þá grein fyrir því, hver skeflileg ógn geti af þessum ákvæðum stafað. Eftir atvikum þykir mér rétt að reyna í örstuttu máli að meta þau rök, sem fram hafa verið borin í þessu máli, og þá fyrst þau, að gildandi ákvæði séu svo óljós, að ekki sé viðunandi. En ég held, að ekkert sé fjær sanni en þessi fullyrðing, og þarf raunar í engar grafgötur um það að fara, þegar skoðuð eru ákvæði 27. gr. og 41. gr. l. um kosningar frá 1959, en í 27. gr. l. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Framboðslista í kjördæmi skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra, sem á listanum eru, að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, svo og skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá eigi færri en 100 og eigi fleiri en 200 kjósendum í Reykjavík og eigi færri en 50 og eigi fleiri en 100 í öðrum kjördæmum.

Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda listans um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk listinn sé borinn fram. Ef yfirlýsingu þessa vantar, telst listi utan flokka."

Að því er varðar það deilumál, sem hér er nú uppi, er hér um að ræða algerlega ljósa og tæmandi upptalningu á þeim skilyrðum, sem uppfylla þarf til þess að framboðslisti sé löglega borinn fram fyrir stjórnmálaflokk, og er raunar strax af ákvæðum þessarar gr. auðsætt, að mögulegt er að uppfylla þessi skilyrði af fleiri en einum aðila eða hóp manna, sem vilja bjóða sig fram fyrir einn og sama flokk. En 41. gr. l. kemur svo í rökréttu áframhaldandi af ákvæðum þessarar gr., en þar segir svo:

„Nú eru fleiri en einn listi boðnir fram fyrir sama stjórnmálaflokk í sama kjördæmi, og skal þá merkja þá A, AA, B, BB, C, CC o. s. frv. Listi, sem boðinn er fram utan flokka, er merktur bókstaf í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistum."

Mér þykir það gegna mikilli furðu að hafa heyrt færan lögfræðing eins og núv. hæstv. dómsmrh. við umr. í Nd., sem ég tafði mig á að fylgjast svolítið með og ber nafn dómsmrh. að auki eða nafnbót, halda fram þeirri firru, að hér sé eitthvað óljóst um lögmæti framboðs á ferðinni og skýrari ákvæði þurfi hér til að koma. Ég held, að hver leikmaður, sem er sæmilega læs, hljóti að vera fullfær um að skilja, hvað hér er við átt, við fyrsta lestur þessara ákvæða. Hér verður þó allt enn augljósara, hvað fyrir löggjafanum hefur vakað gegnum alla meðferð þessara mála þangað til nú hér á hv. Alþ., þegar saga málsins og ákvæðanna er skoðuð, því að hér er vissulega ekki um neitt nýmæli að ræða, eins og ég sagði áðan, sem smeygt hafi verið inn í lögin í einhverju fljótræði. Þvert á móti hefur þessi háttur á framboðum, sem gildandi er nú, oftar en einu sinni verið grandskoðaður hér á hv. Alþ. og festur í l. í alveg fullmeðvituðum og ákveðnum tilgangi. Á Alþ. 1933 var borin fram till. svo til nákvæmlega eins orðuð og fyrri útgáfan af brtt. hæstv. núv.

dómsmrh., og þessi till. var felld eftir ýtarlega skoðun hennar á Alþ. og umr., sem tóku af allan vafa um það, hver ætlun meiri hl. löggjafarþingsins var þá í þessum efnum. Sú till. sem felld var þá á þingi, 1933, held ég að það hafi verið, hljóðaði svo:

„Framboði einstaklingsframbjóðanda, svo og framboðslista í Reykjavík, skal fylgja skrifleg yfirlýsing frambjóðanda, eða þegar um lista er að ræða, þeirra, sem lýsa því yfir, að þeir styðji kosningu listans, fyrir hvern stjórnmálaflokk frambjóðandinn eða listinn sé boðinn fram, svo og skrifleg viðurkenning hlutaðeigandi flokksstjórnar fyrir því, að frambjóðandinn eða listinn skuli vera í kjöri fyrir flokkinn. Þó nægir, ef yfirlýsing flokksstjórnar kemur áður en kjörseðlar eru fullgerðir. Vanti aðra hvora yfirlýsinguna eða báðar, telst frambjóðandinn eða listinn utan flokka."

Þessari till. var í það sinn algerlega hafnað og þurfti vissulega ekki að fara í neinar grafgötur með það, hver tilgangurinn var með því að fella þessa brtt., þegar umr. frá þeim tíma eru athugaðar. En sá augljósi tilgangur var að hamla gegn fámennisvaldi flokksstjórna og stjórnmálaflokkanna um það, hverjir væru í kjöri til Alþ., og gefa hinum óbreyttu liðsmönnum rúmar hendur í þeim efnum, veita flokkunum aðhald í því efni að úrskurða ekki til framboðs menn, sem ekki nytu mjög almenns trausts og fylgis, þótt þeir kynnu að vera í náðinni hjá flokksvaldinu, — í annan stað að viðurkenna þá augljósu staðreynd, sem allir þekkja, sem við stjórnmál hafa fengizt hér á landi og fást, að stjórnmálaflokkarnir eru hér, eins og raunar víðast annars staðar, annað og meira en þeir tiltölulega fámennu hópar, sem skipulagðir eru í flokkssamtökum og allajafna fjalla einir um slík málefni sem framboðsmál. Stjórnmálaflokkarnir eru og hafa verið einnig þeir stóru hópar óskipulagðra liðsmanna, sem hafa ekki kært sig um að skuldbinda sig í flokksfélögum eða flokkssamtökum, en eru engu að síður meginhlutinn af fylgi flokkanna, þegar kosningar ber að höndum.

Tilgangur þeirra alþm., sem felldu hina áminnstu flokksræðistill. 1933, verður, eins og ég sagði áðan, algerlega augljós, þegar gripið er niður í þær umr., sem þá fóru fram um kosningal., og ætla ég ekki að tefja hér umr. með því að fara út í langar tilvitnanir í því sambandi, en þó aðeins minna á það, sem sá mæti maður, Pétur Magnússon, sagði hér í þessari hv. d., þegar nokkrir framsóknarmenn endurfluttu þá till., sem áður hafði verið felld með atkv. forustumanna úr öllum flokkum í Nd., sem m.a. voru Bernharð Stefánsson, Pétur Ottesen, Jón á Reynistað, Jóhann Þ. Jósefsson, Ásgeir Ásgeirsson, Ólafur Thors og margir aðrir, 16 þm. samtals. En málið kom aftur fyrir Ed., og þá sagði Pétur heitinn Magnússon m.a.:

„Flokksstjórnirnar hafa vissulega gott af að fá eitthvert aðhald frá kjósendunum. Ef það aðhald hverfur, er hætt við, að flokksstjórnirnar geti leiðzt til að velja á landslistana meira með tilliti til flokkshagsmuna en þjóðarhagsmuna."

Þegar hér var komið í ræðu Péturs, greip Jón Þorlákssson fram í og sagði: „Ætli flestir flokkar álíti nú ekki, að það fari saman?" Og Pétur Magnússon svaraði af bragði: „Mér finnst, að reynslan hafi áþreifanlega kennt okkur, að það geri það eigi ávallt. Tel ég engum efa undirorpið að heppilegra sé, að þm. finni til ábyrgðar gagnvart þjóðinni en gagnvart flokknum. En á því gætu e.t.v. orðið nokkrir misbrestir, ef það í framkvæmdinni væru flokksstjórnirnar einar, sem réðu yfir endurkosningu þeirra."

Í umr. í Nd., sem ég minntist á áðan, orðaði Halldór Stefánsson m. a. sína afstöðu, að hún mótaðist af nauðsyn þess að hamla gegn alræði flokksstjórnanna yfir þjóðarheildinni og einstaklingunum og láta flokksstjórnirnar fá aðhald frá kjósendum. En í þessum dúr held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að umr. hafi yfirleitt verið um þessa till., þannig að það fer ekkert á milli mála, hver meiningin var.

Enn komu þessi ákvæði kosningalaganna til álita bæði 1942 og 1959. Ég hef ekki gögn í höndum til þess að fara mörgum orðum um það, hvernig um þetta hafi verið fjallað 1942, en 1959 koma þessi ákvæði enn til skoðunar í sambandi við stjórnarskrárbreytinguna, sem þá var samþ., og kjördæmabreytinguna. Og þá verður það sama uppi á teningnum og áður, að allir eru samþykkir því að halda þeirri skipan óbreyttri, að fleiri en einn lista megi bera fram í nafni sama flokks og án þess að til komi náðarsamlegast leyfi flokksstjórnar. Og enn er augljóst, að tilgangurinn er sá sami og áður, að tryggja lýðræðislegt vald hins almenna fylgismanns flokks, ekki aðeins til þess að greiða atkv. á kjördegi, heldur til þess að ráða einhverju um það, hverra kosta þá sé völ, sem auðvitað er engu lítilvægara en sjálfur atkvæðisrétturinn, þar sem lifandi og raunverulegt lýðræði á að ríkja. Einar Olgeirsson, þáv. þingflokksmaður Alþb., sagði þá m. a.: „Mér virðist vera nokkur tilhneiging til þess að gera ráð flokksstjórnarmanna nokkuð mikil í þeim till. og hugmyndum, sem fram hafa komið um þessi mál," en segir svo og þykir þar helzt til skammt gengið: „Að vísu eiga kjósendur þess kost, ef þeir eru óánægðir með t.d. 1., 2. eða 3. frambjóðanda eða einhvern þeirra, að bjóða fram annan lista, þó að þeir tilheyri sama flokki, og ef sá listi yrði sterkari, er t.d., þegar um einn mann er að ræða, efsti maður af honum kosinn."

Hæstv. núv. forsrh. ræddi þessi mál einnig. Ég er að vísu ekki með tilvitnanir úr þingtíðindum um það, sem hann hafði um málið að segja, en Morgunblaðið ætti að jafngilda sem sönnunargagn um það hvernig hann leit á málið þá. En í umr. á Alþ. 24. apríl 1959 um stjórnarskrárbreytinguna komst hæstv. forsrh., formaður stjórnarskrárnefndar Nd., svo að orði í framsöguræðu fyrir meiri hl. n.:

„Ef margir eru í kjöri, 5 eða 6, og kosið hlutfallskosningu, þá er ljóst í fyrsta lagi, að kjósandi getur valið um fleiri menn á hverjum lista og er ekki

bundinn við þá röðun sem er á listanum, þegar hann er lagður fram af flokkssamtökunum. En eins verður það mun minni áhætta fyrir óánægða flokksmenn að bera fram sérstakan lista, ef hlutfallskosningar eru, vegna þess að þá er líklegt eða meiri líkur til þess, að minni hl. geti komið að sínum manni, og þó að klofningur verði í flokki, þurfi það ekki að leiða til þess, að sæti glatist alveg, heldur geti af tveimur mismunandi flokkslistum jafnvel tveir mismunandi menn verið valdir. Þetta aukna frjálsræði kjósenda sést berlega á tali manna um það, að þessari skipan sé sérstaklega fylgjandi hætta á smáflokkum. Sú hætta er í raun og veru ekkert annað en það, að kjósandinn megi sjálfur velja þann, sem honum líkar. Sumir kalla þetta hættu, aðrir kalla það aukið frjálsræði. En öruggt er, að bezta ráðið til þess að vinna á móti þessari hættu er að hafa á listunum sem allra vinsælasta menn, þá, sem líklegir séu til þess að afla flokknum sem mest fylgis. Það er því gersamlega öfugt, að verið sé að svipta kjósendur frelsi, það er verið að veita þeim aukinn rétt frá því, sem verið hefur, og gera líklegra, að eftir óskum sem allra flestra sé farið.“ Ég held, að þarna fari ekkert á milli mála, að 1959 hafi hæstv. núv. forsrh. verið nákvæmlega sömu skoðunar og Pétur heitinn Magnússon og aðrir þeir, sem börðust gegn flokksræðistill., sem borin var fram 1933. En nú þykir mér vera heldur sköpum skipt í þessu efni og af tilefni, sem ég fæ ekki auga á komið.

Eftir stjórnarskrárbreytinguna 1959 hefur hæstv. núv. dómsmrh. framsögu fyrir stjórnarskrárnefnd Nd., — sú ræða, sem ég nú vitnaði til, var haldin fyrir stjórnarskrárbreytinguna á vetrarþinginu 1959 — og þar telur hann upp ýmislegt, sem láðst hafi í frv., sem þáv. dómsmrh., Friðjón Skarphéðinsson, hafi lagt fram, og þurfi að breyta frekar en í frv. var ákveðið í samræmi við stjórnarskrárbreytinguna, m.a. það, að fellt verði niður, að flokksstjórnir geti raðað á landslista. Það telur hann nauðsynlega og eðlilega afleiðingu af þeirri stjórnarskrárbreytingu, sem þá var gerð, en minnist hins vegar hvergi á það í sinni löngu og ýtarlegu ræðu þá, að á því sé nein nauðsyn að hindra það, að unnt sé að bjóða fram fleiri en einn lista fyrir sama flokk í sama kjördæmi. Þá var sem sagt alveg greinilegt, að núv. hæstv. dómsmrh. og núv. hæstv. forsrh., hafi hann ekki skipt um skoðun frá því á vetrarþinginu og til aukaþingsins sumarið 1959, voru ekki betur sjáandi á þær geigvænlegu hættur, er í því frjálsræði til framboða í flokksnafni felast, sem þeir svo skyndilega telja nú svo ógnvekjandi, að þeir virðast vera sviptir sálarró sinni, meðan það er ekki þurrkað út, svo hættulegt, að ekki megi með nokkru móti taka sér neinn umhugsunarfrest áður en svo verður gert, ekki láta það bíða þeirra tíma að fram fari sú athugun á kosningalögunum, sem flestir virðast sammála um að æskilegt væri að færi fram hið fyrsta.

Þegar litið er til þeirrar eftirminnilegu meðferðar sem hin nú umdeildu ákvæði kosningalaganna fengu á Alþ. 1939, 1942 og 1959, dylst engum, að í þeim felast engin vafaatriði, allt hjal manna um það, að ákvæðin séu óljós, er fyrirsláttur einn. Hinu ber ekki að neita, að eitt atriði laganna, varðandi merkingu lista og meðferð mála, þegar tveir eða fleiri listar eru í kjöri, mætti e.t.v. vera ljósara, eins og sást af meðferð þessara mála í síðustu kosningum hér í Reykjavík, þ.e.a.s. það yrði gert alveg augljóst og þannig úr garði, að ekki gæti leikið á því neinn vafi, að landskjörstjórn sé og verði æðsti dómstóll varðandi úrskurði um þau efni, sem hér er um að fjalla. Tveggja lista framboð Alþb. í Reykjavík eða þó öllu heldur meðferð kjörstjórna á þeim framboðum gaf vissulega tilefni til þess, að slíkt væri gert alveg ljóst og óumdeilanlegt, enda var það í raun og veru ótvírætt þá, að þetta atriði var í rauninni hið eina, sem deilum og ruglingi olli í sambandi við þau framboð, framboð Alþb. þá, þó að þar væri vissulega fáránlegur áróður þeirra, sem stóðu að G-listanum, hinum lista Alþb. og annarra andstæðinga hins framboðslista Alþb. frumorsök og ég vil segja aðalorsök þess, að ýmsir kjósendur hafa vafalaust átt erfitt með að sjá í gegnum allt moldviðrið, sem þessir aðilar þyrluðu upp í skelfingu sinni yfir fylgi og framboði þessa síðarnefnda framboðslista. En síðan þetta framboð frjálslynda arms Alþb., vil ég kalla það, kom fram, hefur líka sitt hvað fleira gerzt, sem ekki verður fram hjá gengið að taka til greina. Í fyrsta lagi það, að landskjörstjórn úrskurðaði hin svonefndu I-listaatkv. Alþb., sem að réttu hefðu átt að heita GG-listaatkv. Alþb., hún úrskurðaði þau Alþb. og gaf út kjörbréf til landsk. þm. í samræmi við þann úrskurð, byggð á skýrum lagafyrirmælum og loks það, að sjálf löggjafarsamkoman staðfesti þennan úrskurð nú í byrjun þessa þings, sem nú er senn að ljúka, og skýrði þannig rétt og óumdeilanlega, hver meining og tilgangur laganna hefur verið og er.

Héðan í frá er því ekki um neitt að deila í þessum efnum, þó að menn vilji kannske halda því fram, að áður hafi svo verið. Héðan í frá er því um ekkert lengur að deila. Öll saga málsins allt frá 1933, öll meðferð þess á Alþ. a.m.k. í fjögur skipti, því að það var fjallað um það tvisvar sinnum 1959 og aftur nú í byrjun þessa þings, og úrskurður landskjörstjórnar, sem skipuð var hinum færustu lögfræðingum í landinu, hefur tekið af öll tvímæli um það, að tiltekinn hópur manna má og getur borið fram lista í nafni flokks, án þess að til komi formlegt eða óformlegt samþykki flokksstofnana eða flokksstjórna.

Rökin, sem hafa verið aðallega færð fram fyrir þessu máli, þ. e. a. s. um óljós ákvæði, rugling, sem slíkt geti valdið meðal kjósenda, og reynt sé að villa um fyrir þeim af þessum tilefnum, eru þess vegna margsinnis fallin dauð og ómerk. Hitt er svo auðvitað annað mál, hvort ekki er rétt að vega og meta það, hvort gallar þessara skýru ákvæða eru svo augljósir að þurrka beri út ákvæði frjálsræðisins, eins og nú er lagt til, og hvort kostir þeirra fljótfærnislegu breytinga, sem nú á að knýja

í gegn og koma í staðinn fyrir eldri ákvæði, knýja í gegn með miklum hraða, — hvort þessir kostir þess eru svo auðsæir, að breyting, gerð af mikilli skyndingu, sé réttlætanleg út frá því mati.

Frá mínum bæjardyrum séð er þessu mjög auðsvarað, og fer því þó fjarri, að ég álíti núgildandi skipan stjórnarskrár og kosningalaga hafna yfir alla gagnrýni. Gildandi skipan um frjálsræði almennra kjósenda til framboða hafa verið og eru áreiðanlega visst aðhald gagnvart flokkum og flokksstjórnum, aðhald, sem er til þess fallið, að þeir taki tillit til a.m.k. stórra minni hl. í flokkum eða meðal fylgismanna sinna, en sigli ekki beint af augum með valdasjónarmið fámennisstjórnanna ein að leiðarljósi og herði þannig flokksræðisólarnar að áhangendum sínum og raunar þá um leið að þjóðinni gegnum vald sitt á Alþ. Gildandi skipan er viss trygging fyrir því, að flokksvaldið, í hvaða flokki sem er, geti ekki endalaust níðzt á minnihlutasjónarmiðum innan flokkanna, og hún er hvetjandi fyrir þá til þess að gefa slíkum sjónarmiðum tækifæri til þess að prófast í almennum þingkosningum, án þess að flokkar séu klofnir og nýir flokkar myndaðir. Af sjálfu leiðir svo, að þetta aðhald er fallið til þess að hindra eða a.m.k. að torvelda stofnun nýrra flokka. En almennt mun sú skoðun vera ríkjandi, að breyting flokkaskipunar í marga og smærri flokka sé ekki mjög æskileg, og sumir mundu jafnvel segja, að slík þróun væri hættuleg, þó að það sé hins vegar vissulega fjarri lagi að mínu viti og í andstöðu við allar viðteknar hugmyndir um lýðræði og þingræði að ganga of langt í þeim efnum að torvelda stofnun nýrra flokka, enda er slíkt í rauninni mjög auðvelt hér á landi og auðveldara en víða annars staðar, þar sem hér eru í rauninni engar kröfur gerðar til stjórnmálaflokka, hvorki að því er áhrærir skipulag þeirra, fylgi þeirra eða önnur formsatriði, sem um er að ræða, og þá vitanlega heldur engar kröfur gerðar til þess að innan þeirra ríki neitt lýðræði. Þær stofnanir sem nú á að löggilda, geta verið stofnanir, sem eru þannig uppbyggðar eftir flokkslögum, að þar hafi lýðræði ekki komið mikið við sögu, og er það áreiðanlega í mörgum tilfellum. Ég held, að reynslan af núgildandi skipan þessara mála geti ekki talizt slæm, og varla getur það talizt misnotkun, að alla þá áratugi, sem þessi ákvæði hafa verið í gildi, hefur aðeins komið tvisvar fyrir, að þessi skipan hafi verið notuð, og ég held, að það hafi sannazt í bæði skiptin, bæði með framboði Jónasar Jónssonar fyrir Framsfl. í Suður-Þingeyjarsýslu á sínum tíma og framboði Hannibals Valdimarssonar o.fl. í Reykjavík, að ákvæðin voru nauðsynleg og þau hafa ekki verið notuð nema í þeim tilfellum, þegar fullgildar ástæður lágu fyrir því.

Ég held þess vegna að rökin, sem voru færð fram frjálsræðinu til stuðnings allt frá 1933 af forustumönnum úr öllum flokkum, séu enn í fullu gildi og hafi reynzt flokkunum aðhald, það hafi komið að mestu í veg fyrir myndanir nýrra smáflokka. Ég held þess vegna, að þessari skipun eigi ekki að breyta nema þá að mjög vandlega athuguðu máli og þá því aðeins, að önnur ákvæði, sem þingræði og lýðræði er meiri stuðningur að, komi í þeirra stað. Gallar þeirrar fljótræðis- og flokksræðisskipunar, sem allir oddvitar þingflokkanna hér á hv. Alþ. hafa nú brætt sig saman um, sýnast mér hins vegar liggja í augum uppi. Með hinni nýju skipan, sem hér er verið að reyna að koma á, er fámennisstjórnum flokkanna eða öllu heldur meiri hl. þeirra fengið í hendur úrslitavald um framboð í öllum kjördæmum landsins og þeirri hættu þá um leið boðið heim, að ekki aðeins misvel fengið meirihlutavald í kjördæmisráðum eða einstökum flokksfélögum hafi þar öll ráð í sinni hendi, heldur geti flokksstjórnir eða meiri hl. þeirra, t.d. þrátt fyrir einróma samþykki um framboð í kjördæmisráðum, rift samþykktum þeirra um framboð og látið úrskurða þau utan flokka eða þá haft uppi hótanir við kjördæmisráðin og heimamenn í héruðum um, að þeir skuli haga framboðum svo og svo, svo að slíkt hljótist ekki af, að þeim verði mótmælt og þau úrskurðuð utan flokka. Þessari hættu er tvímælalaust boðið heim. Þannig er örfáum valdamönnum í raun og veru fengið allt framboðsvaldið í hendur, ef svo vill verkast, en hinar lægra settu flokksstofnanir og almennir fylgismenn, sem ekki eru skipulagsbundnir í flokkunum, sviptir öllu valdi. Ég álít, að slík skipan mála eigi ekkert skylt við lýðræði, heldur sé hér um það að ræða, að verið sé á gerræðisfullan hátt að löggilda hvert það tilræði, sem fámennisstjórnir flokkanna telja eða kunna að telja sér fært að beita gegn hinum óbreyttu liðsmönnum.

Samkv. hinni nýju breytingu er ráðizt að mínu viti á hinn freklegasta hátt inn á svið flokkanna og flokksstjórnunum, a.m.k. sumum þeirra, — því að það gilda ekki sömu lög í öllum stjórnmálaflokkunum, — sem ekkert vald hafa nú samkv. flokkslögum og reglum, sem innan þeirra eiga að gilda, fengið í hendur úrslitavald um framboð. Það er þess vegna að mínu viti hin freklegasta blekking, sem borin hefur verið fram af hæstv. dómsmrh., þegar hann hefur fullyrt, að hann og sálufélagar hans í hinum flokkunum séu með breytingu sinni að samræma kosningal. flokksreglunum. Þetta eru orðrétt ummæli hæstv. dómsmrh. úr umr. í Nd. Sumum kynni kannske að finnast sú háttsemi löggjafans rökréttari, að flokksreglur væru samræmdar landslögum, en ekki öfugt. En látum það nú í bili gott heita, þó að það sé eins og í öðrum efnum í þessu sambandi farið aftan að siðunum. Hitt er öllu lakara, að þessi fullyrðing hefur ekki við neitt að styðjast. Hér er ekki verið að samræma landslögin flokksreglunum. Ef ég tek t.d. Alþb. sem dæmi um þetta, þá eru þar gildandi lagaákvæði, sem segja, að kjördæmisráðin annars staðar en í Reykjavík hafi ákvörðunarvald um framboð í samráði við framkvæmdastjórn. Það eru sem sagt tveir aðilar samkv. lögum Alþb., sem eiga að taka ákvörðun um framboðið, en endanleg ákvörðun er

hins vegar tekin af kjördæmisráði. Með þeirri breytingu, sem hér er á ferðinni, tel ég alveg vafalaust, að samkv. lögum Alþb. mundi það verða úrskurðað svo, að framkvæmdastjórnin, sem nú hefur ekkert vald í sínum höndum til þess að hindra framboð, sem ákveðið er af kjördæmisráði, hefði fengið slíkt vald fullkomlega í sínar hendur. Það getur því átt sér stað, þar sem slík ákvæði gilda — og ég hugsa, að það séu ekki alveg ósvipuð ákvæði um þetta t.d. í lögum Framsfl., þó að ég fullyrði ekki um það, ég verð þá leiðréttur, ef það er ekki, — að það geti vel farið svo, að framboðslista, sem jafnvel hefði verið einróma samþykktur heima í héraði, væri hafnað af fámennisstjórn þessara flokka og úrskurðaður utanflokkalisti. Og það er líka rétt að gæta að því í þessu sambandi, að flokkarnir geta breytt lögum sínum og sett inn ákvæði, sem tryggja þetta enn þá betur en e.t.v. kann að vera gert með þessum ákvæðum, sem nú er verið að reyna að lögfesta. Formenn þingflokkanna, sem bera þetta mál svo mjög fyrir brjósti, álíta greinilega, að hér sé vel sett fyrir allan leka, þeir hafi fengið valdið í sínar hendur og þeim hafi tekizt, ef þessi breyting nær fram að ganga, að gerbreyta jafnvel þeim lögum, sem nú gilda innan sumra stjórnmálaflokkanna, og færa hugsanlega mjög fáum mönnum, allt niður í 8 mönnum í flokki eða jafnvel færri, allt endanlegt vald í framboðsmálum viðkomandi flokks. Ég tel þess vegna, að af þessu sé alveg augljóst, að hæstv. dómsmrh., ef hann hefur ekki farið vísvitandi með rangfærslur, hafi fengið alrangar upplýsingar hjá samráðsmanni sínum í þessu máli, — þar á ég við formann þingflokks Alþb., — um lög þess flokks, ef hann telur sig hafa verið að samræma landslög lögum Alþb. En ég tel reyndar síðari tilgátuna, að hann hafi fengið rangar upplýsingar hjá formanni þingflokks Alþb., miklu sennilegri en þá, að hann hafi vísvitandi farið með rangt mál, þegar hann sagði þetta.

Ég held, að í engar grafgötur þurfi um það að fara, að hin breytta flokksræðisskipan geti hæglega valdið stórfelldri og hættulegri ringulreið í íslenzkum stjórnmálum. Flestum mun þegar finnast, að vald flokkanna og þó alveg sérstaklega fámennra stjórna þeirra sé nú þegar orðið svo mikið, að ekki sé á það bætandi. En hér er hugmyndin sú að gera það svo að um munar. Öflugt, jafnvel einróma fylgi flokksmanna og fylgismanna heima í héruðunum á ekki lengur að vera nein trygging frekar en verkast vill fyrir því, að menn hljóti viðurkenningu til þess að mega vera í kjöri til Alþ. fyrir þann flokk, sem þeir fylla eða fylgja. Náð fárra útvaldra ráðamanna verður að skína yfir þeim, til þess að svo megi verða. Ef hún gerir það ekki, eiga menn aðeins tveggja kosta völ, annarra en þeirra að láta ýta sér til hliðar og verða gerðir áhrifalausir um stjórnmál, þ. e. a. s. að bjóða fram utan flokka eða stofna nýja flokka. Eftir gildandi lögum eru utanflokkaframboð því sem næst útilokuð, þar sem atkv. nýtast þar verr en í flokksframboðum eða falla dauð, ef hlutaðeigandi nær ekki kosningu. Þeim, sem kunna því illa að kyssa á flokksvendina, er því sá kostur í raun og veru einn eftir skilinn að mynda nýja flokka til þess að geta háð stjórnmálabaráttu sína á jafnréttisgrundvelli. Þeir verða neyddir til þess, jafnvel þó að ekki sé um grundvallarágreining að ræða um stærstu markmið, heldur önnur smærri atriði, sem eðlilegt væri og sjálfsagt að útkljá að meira eða minna leyti með framboðum á tveimur listum í sömu kjördæmum og láta sjónarmiðin þróast. Afleiðing þessara nýju ákvæða verður því óhjákvæmilega, a.m.k. þegar til lengdar lætur, fjölgun stjórnmálaflokka, smárra eða stórra. Sé því eitthvert sannleikskorn í þeirri röksemd, sem heyrzt hefur, að sú skipan, sem nú gildi, sé flokkum þeim, sem nú eru fyrir í landinu, hættuleg, sem reynslan raunar afsannar með öllu, þá er hitt alveg öruggt, að það flokka- og flokksstjórnarvald, sem hlýtur að komast í algleyming við þá breytingu, sem nú er verið að knýja fram, mun rífa þá sundur hvern af öðrum. Umbúðalaus sannleikurinn er nefnilega sá, að yfirgnæfandi meiri hl. kjósenda í landinu hefur megna skömm á því óhefta flokksræði, sem hér ríkir, og á því, hve blygðunarlaust fámennar stjórnir flokkanna beita valdi sínu, bæði utan þings og innan. Það mun því fyrr eða síðar rísa gegn flokksræðinu eftir hverri þeirri leið, sem því verður eftir skilin. Þetta er því augljósara sem þeirrar staðreyndar er betur gætt, að núverandi flokkaskipun er orðin afgömul og úrelt á ýmsa lund, hefur staðnað mitt í brimróti nýrra tíma og nýrra viðhorfa, og forusta flokkanna hefur gert það ekki síður, þar sem endurnýjun er nánast bannorð, nema alger ellidauði, annað hvort andlegur eða líkamlegur, komi til skjalanna og kveði upp dómsorð sitt. Og þegar svo er komið, stendur hinn nýi fyrrum flokksþægi prins á þröskuldinum reiðubúinn til að taka við stýrinu á strandaðri og staðnaðri flokksskútunni, og nú vil ég taka fram, að ég meina þetta ekki sérstaklega til hv. 3. þm. Norðurl. v.

Það er þess vegna vissulega engin tilviljun, að hin nýja flokksræðisskipan hefur hlotið harða andstöðu almennings, og ég vil segja jafnframt gleðilegt tímanna tákn, að unga fólkið, sem áhugasamast er um stjórnmál, hefur tekið upp einarða og harða baráttu gegn þessum ráðagerðum öllum, enda þótt þessu óþurftarmáli sé laumað inn í frv., sem á að fela í sér aukin stjórnmálaleg réttindi til handa unga fólkinu í landinu. Einróma samþykktir í Heimdalli, félagi ungra sjálfstæðismanna, í Vöku, því félagi, sem ungir sjálfstæðismenn í háskólanum fylla, samþykktir félags háskólastúdenta og myndarleg skrif ungra framsóknarmanna í Tímanum og margt annað ber þessari uppreisn gegn flokksræði — uppreisn æskunnar gegn flokksræðinu greinilegt og gleðilegt vitni. Og það þarf ekkert að draga í efa, að þeir munu ekki standa einir í baráttu sinni gegn því, né heldur að sú barátta gegn flokksræðinu, sem hlýtur að verða eitt af höfuðviðfangsefnum í stjórnmálunum á næstu tímum, mun setja svipmót sitt þegar á næstu

alþingiskosningar, hvort sem þær verða háðar á næsta sumri eða síðar. Það má vel vera, að þeir formenn þingflokkanna hér á hv. Alþ., sem hafa brætt sig saman um þessa breytingu og hafa ákveðið að hafa forgöngu um það að herða flokksböndin að lýðræðislegum réttindum almennra kjósenda, þeir álíti, að þeir muni a.m.k. um sinn geta bjargað sínu pólitíska skinni og hindrað uppreisn gegn ofurvaldi sínu, og svo mikið er víst, að til þess eins er leikurinn gerður. Tillitslaust fljótræðið, sem hér á að ráða ferðinni, á líka sínar aðrar augljósu skýringar, annars vegar þær, að núv. stjórnarflokkar telja líklegt, að ríkisstj. þeirra verði gliðnuð í sundur á næsta sumri, og þess vegna liggur málinu svo mikið á, að það getur ekki beðið stundinni lengur, og að haustkosningar séu þess vegna líklegar. Í annan stað hefur sú uppreisn gegn misbeitingu klíkuvalds og flokksræðis, sem framboð Hannibals Valdimarssonar var í síðustu kosningnum, orðið öllum ráðandi flokksbroddum hin mesta hrollvekja. Það kom sem sagt á daginn þá, að flokksvaldið, þó að það sé sterkt, þá er það ekki almáttugt. Það getur tapað gegn uppreisnarmönnunum, ef mannlega er á móti því tekið.

Það er þess vegna auðsætt, að það er hræðslan, óttinn, sem nú hefur bundið vináttuböndin milli Heródesar og Pílatusar, t. d. milli hæstv. dómsmrh. og hv. 4. þm. Austf. meðal annarra. En óttinn hefur aldrei reynzt mjög ráðhollur leiðbeinandi og allra sízt í stjórnmálum. Og það kynni enn svo að fara, að þessir herrar, sem nú láta stjórnast af hræðslunni einni saman og reiða til höggs gegn lýðræðinu að boði hennar, verði frekar skamma stund höggi fegnir. Baráttan gegn auknu flokksræði mun þrátt fyrir þá atlögu, sem nú er gerð, brjóta sér nýjar leiðir, þó að einni þeirra sé lokað. Víðtæk samstaða um vernd lýðræðis og þingræðis og um heiðarlegar leikreglur í stjórnmálabaráttunni verður knýjandi dagskrármál allra andstæðinga aukins flokksræðis, aukins fámennisvalds yfir grundvallarréttindum hins almenna kjósanda, á samri stundu og flokksvélarnar hér á hv. Alþ. hafa knúið fram þá breytingu, sem hræddir flokksforingjar hafa í ótta sínum við heiðarlega lýðræðisreglu gerzt frumkvöðlar að. Og við skulum ekkert fullyrða um það á þessari stundu, að slík samstaða sé ekki möguleg eða geti tekizt á allra næstu tímum. En ég fullyrði a.m.k. hér og nú, að það mun ekki standa á okkur, sem teljumst til hins frjálslynda arms Alþb., að vinna heils hugar að slíkri samstöðu, hve mikið sem í milli ber að öðru leyti, og að taka jafnframt til gaumgæfilegrar íhugunar endurskoðun á öllum öðrum leikreglum, sem um er að tefla í íslenzkum stjórnmálum, jafnt kjördæmaskipunarinnar sjálfrar sem annars, sem hér að lýtur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 535, n. 635 og 647).

Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Frv. um breyt. á l. um kosningar til Alþ., sem hér liggur fyrir, er að stofni til eitt af fyrstu málunum, sem lagt var fyrir þingið, og þá fjallaði frv. eingöngu um að breyta kosningal. að því marki, sem leiddi af þeim stjórnarskrárbreytingum, sem hér hafa verið samþ. um að færa kosningaaldurinn úr 21 ári niður í 20 ár, og það er ekki vitað, að um það hafi verið neinn ágreiningur á Alþ. Samt sem áður hefur afgreiðsla málsins dregizt, svo sem sjá má, að það kemur nú til afgreiðslu í Ed. á allra seinustu dögum þingsins, því að fyrirhugað er, að þinginu ljúki í lok þessarar viku. Það, sem gerir það að verkum, er, að ríkisstj. lýsti því yfir í haust, að hún vildi fyrir sitt leyti standa að breytingum á kosningal. í þá átt, að ekki yrði leyft, að fleiri listar en einn yrðu í kjöri fyrir neinn einstakan flokk í sama kjördæmi. Hún hefur í ræðum og tillöguformi látið koma fram þessa skoðun sína, en skoðunin hefur mætt mikilli andstöðu hjá þjóðinni og ekki minni í flokkum ríkisstj. sjálfrar en utan þeirra. Þannig hafa ungir sjálfstæðismenn snúizt gegn þessari hugmynd og réttilega. Það er hér um að ræða þrengingu á lýðræðinu í landinu. Þeir hafa talið, að með þessari hugmynd og yfirlýsingu ríkisstj. væri verið að færa lýðræði landsins í flokksræðisátt meira en orðið er.

Í stjórnskipunarl. og í kosningal. eru flokkunum gefin viss réttindi, einkanlega í sambandi við úthlutun uppbótarþingsæta til jöfnunar í þá átt, að hver flokkur fái þingsæti í sem mestu samræmi við það atkvæðamagn, sem hann hlýtur. Auðvitað eru þetta mikil réttindi fyrir fólkið í landinu, og þau eiga að tryggja það, að hvert sjónarmið, sem sett er fram af einstökum flokki, fái sinn fulltrúa á löggjafarsamkomu þjóðarinnar í sem nánustu samræmi við það kjörfylgi, sem fram kemur í hverjum kosningum. Það er eðlilegt, að í lýðræðisþjóðfélagi séu flokkar, sem marki stefnumið og birti þau og kjósendurnir geti valið um þau. Það er á hinn bóginn nokkur þrenging á lýðræðinu, að hinn skipulagði kjósendahópur, þ.e.a.s. flokkarnir, skuli geta ákveðið það, þannig að litlir sem engir möguleikar séu eftir skildir utan við flokksstjórnarvaldið sjálft til þess að ákveða, hverjir eigi að fylgja málunum fram eftir þeim stefnuskrám, sem út hafa verið gefnar. Nú vitum við það, að í landinu eru bæði flokksbundnir og óflokksbundnir menn, með ákveðnar skoðanir þó. Ekki get ég vitað, hvert hlutfall er þarna á milli. En víst er þó hitt, að sá hluti kjörfylgisins í landinu, sem ekki skipar sér undir nein flokkslög, er miklu stærri en hinn, sem skipulagsbundinn er í einstökum flokkum.

Í lögum er nú og hefur lengi verið, að ekki sé

nauðsynlegt, að viðkomandi flokksstjórnir hafi goldið samþykki við þeim framboðum til Alþ., sem fram koma og telja sig vilja framkvæma ákveðnar flokksstefnuskrár. Þannig hefur það iðulega komið fyrir, að fleiri en einn einstaklingur í einmenningskjördæmum og fleiri en einn listi í kjördæmum, þar sem listakosning er, en það er í þeim öllum á síðari árum, efni til framboðs og hefur þá kjörfylgið, hvort sem það var flokksbundið eða óflokksbundið, ráðið því, hvorir fulltrúarnir hafa komizt lengra eða náð kosningu á hverjum stað hverju sinni. Þetta er þess vegna rúmt lýðræði, og ég hef ekki heyrt neinn halda því fram, að þetta hafi á einn eða neinn hátt gefizt illa. En sem sagt, ríkisstj. gaf út þá fyrirætlun í haust, að þessu vildi hún breyta og gefa flokkunum meira vald en þeir áður höfðu. Þess vegna er komin hér í þetta frv., sem allir virtust áður sammála um, ný grein, sem kveður svo á, að ef ein flokksstjórn eða ef sá aðilinn í einhverjum flokki, sem þar hefur hlotið umboð til þess að framkvæma uppstillingar eða framboð, koma fram framboðum, mótmæli einhverju öðru framboði, skuli það dæmast utan flokka og vera þannig sett út af sakramentinu, ef svo mætti segja, við úthlutun uppbótarþingsæta. Enginn vafi er á því, að hér er um þrengingu á lýðræðinu að ræða. Hér er tilfærsla á því, að hið óbundna kjörfylgi geti notið sín, og valdið fært í hendur flokksstjórnanna eða þeirra stofnana í einum flokki, sem eftir lögum hans hafa með framboðin að gera. Þessu er ég mótfallinn og sé enga ástæðu til þess að skerða lýðræðið í landinu á þennan hátt. Annað er það í þessari gr., sem nú er 4. gr. frv., eins og það liggur fyrir, sem ég tel með öllu ósæmilegt, en það er það atriði, að Alþ. afhendi einstökum stjórnmálaflokkum vald til þess að ákveða um framboð, og það er engin trygging fyrir því, að það muni ekki verða framkvæmt á mismunandi máta í hinum einstöku flokkum. Ég tel það skyldu Alþ. að ákveða, hvernig kosningar skuli ákveðnar, hvernig kjörreglur skuli ákveðnar, og þetta eigi að gera með landslögum og þetta eigi ekki að vera mismunandi eftir því, sem ákveðið verður í hinum einstöku stjórnmálaflokkum. Mér finnst það fráleitt, að Alþ. gefi þannig einstökum flokkum óbundnar hendur með að ákveða það, hvernig staðið verður að framboðum, en í þessari frvgr., 4. gr., segir: „Ef sá aðili, sem samkvæmt reglum flokks er ætlað að ákveða framboðslista, eða staðfesta framboðslista endanlega, ber fram mótmæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir flokkinn, skal úrskurða slíkan lista utan flokka og landskjörstjórn úthluta uppbótarþingsætum í samræmi við það.“ Auðvitað þýðir þetta það, að þeir flokkar, sem kunna að vilja lofa einnig hinum óflokksbundna hluta kjörfylgisins að njóta sín, eins og verið hefur, geta sleppt öllum slíkum reglum. Aðrir flokkar geta sett þær, og þá er aðstaðan milli flokka orðin mismunandi. Ég vil benda hv. alþm. á, að mjög getur það orkað tvímælis, að sæmilegt sé af Alþ. að fara þannig að, að óflokksbundið kjörfylgi, sem þó styður stefnuskrá einhvers ákveðins flokks, skuli hafa mismunandi möguleika til þess að gera álit sitt gildandi eftir því, hvort það er stefnuskrá Sjálfstfl., Alþb., Framsfl. eða Alþfl., sem hún styður. Áður en hv. alþm. taka ákvörðun um þetta, að Alþ. gefi þetta atriði frá sér og eftirláti það flokkunum, vildi ég brýna þá til þess að hugleiða málið, hugleiða það, hvort það samrýmist þeirra skyldu sem löggjafa að gefa atriði eins og þetta alveg laust og eiga það á hættu, að um þetta gildi mismunandi reglur í hinum einstöku flokkum, eins og þær gera nú. En með því að lögfesta gr. eins og hún er, þá er visst löggjafaratriði og hreint ekki lítilvægt gefið upp af Alþ. og fengið flokkunum, og þeir geta ráðskað með það og hagað því eftir vild sinni. Og það er engin trygging fyrir því einu sinni, að þeir myndi neina hefð í þessu. Þeir geta breytt lögum sínum og reglum, eftir því sem þeim hverju sinni finnst bezt henta.

Þessi tvö atriði eru það, sem ég vil vekja athygli á, og mín skoðun er sú að Alþ. eigi hvorki að þrengja lýðræðið í landinu né heldur að gefa frá sér til flokkanna ákvörðun um það, með hverjum hætti skuli staðið að kosningum, og þess vegna hef ég lagt til, að 4. gr., sem nú er í frv., verði felld.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., um breyt. á l. um kosningar til Alþ., var flutt í hv. Nd., og var í upphafi aðalefni þessa frv. að breyta kosningaaldrinum, þ.e.a.s. færa hann úr 21 ári niður í 20 ár til samræmis við nýgerðar breytingar á stjórnarskránni. Í Nd. komu síðan fram ýmsar brtt. við þetta frv., og voru tvær þessara tillagna samþ., annars vegar till. um, að hreppsnefnd sé heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað utan hreppsfélagsins, og svo hins vegar till. frá dómsmrh., sem segir, að ef sá aðili, sem samkvæmt reglum flokks er ætlað að ákveða framboðslista eða staðfesta framboðslista endanlega, ber fram mótmæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir flokkinn, skal yfirkjörstjórn úrskurða slíkan lista utan flokka og landskjörstjórn úthluta uppbótarþingsætum í samræmi við það.

Hér á Alþ. hefur ekki verið mér vitanlega neinn ágreiningur um hið upprunalega meginefni frv. um að færa niður kosningaaldurinn, og ég hygg, að það sé ekki heldur neinn ágreiningur um þessa fyrrnefndu brtt. úr Nd., sem ég gat hér um, þ.e.a.s. að hafa megi kjörstað utan hreppsfélags. Hins vegar snýst ágreiningurinn um þetta frv. um till. hæstv. dómsmrh., sem samþykkt var í Nd., og mun ég því fyrst og fremst gera þetta atriði frv. hér að umræðuefni.

Upphaf þessa máls má rekja til alþingiskosninganna á s.l. vori, en eins og kunnugt er, kom þá fram listi hér í Reykjavík, þar sem Hannibal Valdimarsson skipaði efsta sætið. Það var ágreiningur um merkingu þessa lista. Yfirkjörstjórnin í Reykjavík úrskurðaði þennan lista utan flokka og merkti hann bókstafnum I, en

landskjörstjórn gaf út yfirlýsingu eða úrskurð fyrir kosningar þess efnis, að hún teldi, að atkv. þessa lista ættu að leggjast við G-listaatkv. eða lista Alþb. og hefði raunar átt að merkja hann GG samkvæmt kosningal., og mundu atkv. þessara tveggja lista, G-listans og I-listans, verða lögð saman við úthlutun uppbótarþingsæta. Ég held það hafi komið mörgum á óvart, hvernig kosningal. voru úr garði gerð, þegar þessi deila reis. Menn hafa kannske skiptar skoðanir á því, hvort kosningal. séu ljós eða óglögg, en mér finnst þetta alveg sláandi dæmi um það, að kosningal. séu alls ekki eins skýr og vera ætti. Þetta var lögfræðilegur ágreiningur milli yfirkjörstjórnarinnar í Reykjavík og landskjörstjórnar, því í yfirkjörstjórninni í Reykjavík eru 5 menn og þar af held ég að séu 4 lögfræðingar, í landskjörstjórn eru einnig 5 menn og þar eru allt lögfræðingar að ég hygg. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en allir þessir menn í báðum þessum kjörstjórnum hafi viljað dæma þetta mál eftir fyllstu samvizkusemi og beztu þekkingu, en samt sem áður varð ágreiningurinn slíkur sem allir þekkja. Ég hafði ekki leitt hugann að þessu áður og varð ærið undrandi á því, að það væri í rauninni hægt að bera fram fleiri en tvo lista í nafni sama stjórnmálaflokks, og það gegn mótmælum flokksins.

Það sem kom hér fyrst og fremst til álita, var ákvæðið í l. um kosningar til Alþ., 41. gr., sem segir, að nú verði fleiri en einn listi boðnir fram fyrir sama stjórnmálaflokk í kjördæmi, og skuli þá merkja þá A, AA, B, BB, C, CC o.s.frv., en listi, sem borinn er fram utan flokka, er merktur bókstaf í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistum. Það er fyrst og fremst þessi grein, sem veldur ágreiningi. Yfirkjörstjórnin virtist leggja þann skilning í greinina og reyndar önnur ákvæði kosningal. og stjórnarskrárinnar, að það sé alls ekki heimilt, þrátt fyrir þetta ákvæði að bjóða fram tvo lista í nafni sama stjórnmálaflokks í sama kjördæmi, ef full tala frambjóðenda er á báðum listunum. Aftur á móti segir landskjörstjórnin, að það sé tvímælalaust heimilt, og taldi hún að listi Hannibals Valdimarssonar ætti að merkjast GG. Hins vegar kom það ekki skýrt fram hjá landskjörstjórn, hvort í raun og veru, eins og ég hef heyrt marga halda fram, eigi að skilja þetta ákvæði á þann hátt, að það geti hvaða hópur manna sem er, ef hann nær nógu mörgum mönnum á lista og tilteknum fjölda meðmælenda, þá geti hvaða hópur sem er, í hvaða kjördæmi sem er, boðið fram viðaukalista eða hjálparlista fyrir hvaða flokk sem er, þ. e. að það sé ekki einungis verið að ræða um það, hvort minni hlutinn í einhverjum flokki á að hafa rétt til að bjóða fram viðbótarlista, heldur bara hvort Pétur og Páll, einhverjir menn, sem eru algerlega óflokksbundnir, hafi þennan rétt líka. Þennan skilning hef ég heyrt marga túlka. Og ég verð að segja það, að anzi horfir það undarlega við, ef menn, sem eru einhverjum tilteknum stjórnmálaflokki alveg óviðkomandi, ekki þar einu sinni flokksbundnir, geta notað nafn stjórnmálaflokksins og sett fram framboðslista í hans nafni. Ég held, að engum detti það í hug t.d., að minni hl. fulltrúa á flokksþingi einhvers stjórnmálaflokks geti gefið út stjórnmálaályktun í nafni flokksins. Hann getur gert það í eigin nafni, en hann getur ekki gert stjórnmálaályktanir í nafni flokksins. Á sama hátt geta menn auðvitað ekki tekið sig saman og gefið út blað, stjórnmálablað, og gefið það út í nafni einhvers tiltekins flokks, ekki nema viðkomandi flokkur hafi samþykkt. Minn persónulegi skilningur er, að það höggvi nærri 73. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, að menn hafi rétt til að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi og þau njóti þannig verndar ef stjórnmálafélag sem stofnað er beinlínis í þeim tilgangi að vinna að framgangi ákveðinnar stjórnmálastefnu og m. a. með því að bjóða fram, verður að þola það, að einhverjir alveg óviðkomandi menn geti komið og notað nafn þessa félags gegn mótmælum þess.

Menn eru að tala um, að umrædd brtt. hæstv. dómsmrh. sé eiginlega til þess að efla flokksræðið í landinu, eins og það sé út af fyrir sig hættulegur hlutur. Nú er það auðvitað alveg augljóst, að það er hagsmunamál stjórnmálaflokkanna í landinu að fá um þetta skýr og ótvíræð ákvæði og vita, hvar þeir standa, og það geti ekki annaðhvort minni hl. þeirra eða einhverjir óviðkomandi menn tekið upp nafn flokksins og notað það í framboði og kosningaáróðri. Það er út af fyrir sig alveg ljóst, að þetta er hagsmunamál flokkanna. En verðum við ekki að hugsa þetta eitthvað lengra, skoða þetta betur? Er þetta hagsmunamál þjóðarinnar? Er þetta til þess fallið að styrkja lýðræðið, að hafa lögin svona óbreytt? Margir halda því fram reyndar, ég að vísu tek ekki undir það, að helzt ættu bara að vera tveir stjórnmálaflokkar í landinu, og sumir vilja breyta kjördæmaskipun með það fyrir augum, að það sé naumast grundvöllur fyrir nema tvo stjórnmálaflokka. Ég hugsa, að á hinu leitinu séu margir þeirrar skoðunar, að ekki beri að ganga svona langt, þótt hins vegar sé hættulegt að hafa slíkt kosningafyrirkomulag og stjórnskipan, að hætta sé á, að mjög margir smáflokkar rísi upp, það geti verið ógnun við lýðræðið. En ég spyr: Er það þá ekki einnig hættulegt fyrir lýðræðið í landinu og stjórnarfarið, ef kosningalögin eru þannig, að það sé auðvelt að margkljúfa sérhvern stjórnmálaflokk? Eru menn þá nokkru bættari? Mönnum er kannske gjarnt að hugsa þetta mál einvörðungu með stjórnmálaflokka í huga. Í kosningalögunum er talað um lista stjórnmálaflokka, og það er talað um lista utan flokka, og þarna virðist ekki vera til neitt millistig. En það mætti hugleiða ýmis dæmi. Við skulum taka sem dæmi, að í einhverju kjördæmi væri borinn fram listi óháðra borgara eða listi launþega eða listi frjálslyndra kjósenda, listi bindindismanna o.s.frv. Eru þá þetta væntanlega flokkslistar eftir kosningalögunum, af því að það eru einhver samtök á bak við listana, þó að þau hafi kannske önnur verkefni aðallega en bjóða fram til Alþ. og standa í stjórnmáladeilum eða berjast

fyrir einhverjum málefnum á stjórnmálavettvanginum. Ég álít, að á þessu sviði sé kosningalögunum nokkuð ábótavant, því að þau gera annaðhvort ráð fyrir hreinum listum stjórnmálaflokka og jafnvel fleirum en einum í sama kjördæmi, eða þau gera ráð fyrir utanflokkalistum. En ef við hugsum þetta mál miðað við gildandi lög, þó ættum við ekki endilega að horfa á stjórnmálaflokkana, — það getur stundum villt okkur sýn, mönnum finnst stundum, að þeir séu samtök einhverra kaldrifjaðra manna, þar sem klíkur ráði lögum og lofum o.s.frv., þó að það sé kannske ekki vert að taka allt of mikið tillit til slíks. Við skulum taka sem dæmi, að í næstu alþingiskosningum, að óbreyttum kosningalögum bjóði Verkamannafélagið Dagsbrún fram lista samþykktan af stjórn þess, trúnaðarmannaráði og félagsfundi. Fyndist mönnum þá ekki andkannalegt, ef einhver hópur Reykvíkinga, við skulum segja menn, sem alls ekki væru í Dagsbrún, gæti verið einhver ótiltekinn hópur, kæmi og semdi lista og segði: Við bjóðum þennan lista fram í nafni Dagsbrúnar. — Ef Dagsbrúnarlistinn héti H, þá væri þetta bara HH-listi. Mér finnst þetta í rauninni alveg fáránlegt. Við skulum taka annað dæmi. Aðalhlutverk stjórnmálaflokka er auðvitað stjórnmálabarátta, að gefa út blöð, bjóða fram við bæjarstjórnarkosningar og alþingiskosningar og reyna að þoka sínum stefnum áleiðis. En nú er til einn stjórnmálaflokkur, sem hefur vanrækt þennan framboðsþátt nokkuð undanfarinn áratug og lengur, það er Sósfl. Hugsum okkur nú það dæmi, að Áki Jakobsson hefði í síðustu alþingiskosningum ekki stofnað Lýðveldisflokkinn, heldur hefði þessi listi hans og meðmælendur sagt: Við bjóðum þennan lista fram í nafni Sósfl., Sameiningarfl. alþýðu, Sósfl., þó að kannske enginn af þessum mönnum á listanum væri í þeim flokki. Fyndist mönnum ekki alveg stórfurðulegt, ef þetta væri hægt, ég heyri marga túlka kosningalögin þannig, að þetta væri í raun og veru fullkominn möguleiki.

Nei, menn verða að hafa það í huga, að sérhver stjórnmálaflokkur þarf auðvitað að leggja sig fram um það að bjóða fram þá menn, sem líklegastir eru til trausts og vinsælda, líklegir til þess að afla flokknum atkv. og berjast fyrir hans málstað, og ef einhverjar klíkur ná undirtökunum í flokksstjórnunum eða kjördæmaráðunum og koma fram einhverjum framboðum eða mönnum, sem ekki væru ákjósanlegir eða menn væru óánægðir með, þá geldur flokkurinn þess auðvitað í kosningum. Minni hl. í kjördæmisráði eða flokksstjórn hefur alltaf sín áhrif, því að á listanum eru margir menn, og þótt kannske minni hl. fái ekki 1. sæti, þá fær hann 2. sæti o.s.frv. Hver stjórnmálafl. reynir auðvitað alltaf að bjóða fram sinn sterkasta lista með sín flokksfélög að bakhjarli, hann mótar sína stefnu, berst fyrir henni og hann býður fram menn, sem eiga að fylgja þessari stefnu og berjast fyrir henni á Alþ., ef þeir ná kosningu. En svo gæti komið einhver hópur, annaðhvort minni hl. úr þessum flokki eða óflokksbundnir menn, og sagt: Þetta er ágæt stefna hjá þessum flokki, við fylgjum henni alveg, en við erum óánægðir með frambjóðendur þessa flokks í þessu kjördæmi og við ætlum að búa til annan lista og koma honum fram til þess að koma þar að betri mönnum. Það er tæpast eðlilegt, að menn, sem eru með sömu skoðanir í stjórnmálum, séu sitt á hvorum lista. Ef menn fylgja sama flokki að málum, ef menn vilja hafa áhrif á, hverjir eru boðnir fram til þess að fylgja stefnuskrá flokksins eftir á Alþ. og annars staðar, þá geta menn gengið í viðkomandi flokksfélag og haft sín áhrif þar að koma þeim mönnum á framfæri, sem þeir hafa mestan áhuga á. Ég held, að það sé eiginlega grundvallarhugsunin á bak við lýðræðislegar kosningar að velja milli málefna, en ekki manna.

Ég tel, í ljósi þess, sem ég hef sagt hér að framan að þá sé í raun og veru alls ekki viðunandi fyrir stjórnmálaflokk að þurfa að þola mótframboð og jafnvel framboð óviðkomandi manna í nafni flokksins og það gegn beinum vilja flokksins. Ég álít líka, að slíkir möguleikar, ef þeir væru hafðir a.m.k. mjög opnir, væru í raun og veru afbökun á lýðræðinu.

Ég skal taka það fram, að það eru auðvitað ýmis önnur ákvæði kosningalaganna, sem kynnu að þurfa endurskoðunar við, þó að þetta ákvæði, sem hér hefur verið aðallega til umr., sé það brýnasta að bæta úr. Ég vil t. d. taka reglu kosningalaga um að utanflokkalistar eigi ekki rétt á að fá uppbótarþingsæti. Persónulega álít ég, að það hefði verið eðlilegast, — það er kannske ekki lagaheimild fyrir því sem stendur, — í sambandi við I-listann hér í Rvík, að annar maður á I-listanum, Vésteinn Ólason, hefði fengið uppbótarþingsæti við síðustu kosningar, en ekki sá uppbótarþm., sem valinn var og borinn fram af G-listanum á Vestfjörðum. Og mér finnst t.d. afar óeðlilegt, ef við hugsum okkur það, að listi Lýðveldisfl., sem borinn var fram hér í kosningunum í vor, hefði fengið sama atkvæðamagn og listi Hannibals, miðað við, að listi Hannibals væri utan fl., þá ætti sá listi, sem kenndi sig við nafn eða flokksheiti uppbótarþingsæti, en listi, sem væri utan fl., ætti það ekki. Það finnst mér vissulega vera atriði, sem þarf að taka til athugunar.

Ég tel, að með þessum breytingum, sem gerðar hafa verið í Nd., á þessu frv., og þá sérstaklega þessu ákvæði, sem hér hefur verið mest um rætt, þ.e.a.s. breyt. á 27. gr. kosningalaganna, skapist öryggi. Breytingin skapar líka miklu meiri vissu fyrir kjósandann. Ef við lítum enn á ný til baka til kosninganna 1967 og sjáum, hvernig ástandið var: fyrst kemur yfirkjörstjórn í Reykjavík og merkir listann I-lista, það stendur á kjörseðlinum, síðan birtir landskjörstjórn yfirlýsingu í blöðum og útvarpi, þar sem hún segir, að hún muni ekki hlíta þessari merkingu og taka listann sem GG-lista, og svo vita allir, að Alþingi á svo hið endanlega

úrskurðarvald, þá verður auðvitað allt of mikil óvissa fyrir kjósandann, hann veit ekki, hvernig þessu reiðir af að lokum, og m.a. ástæða til að samþ. þessa breyt. er sú, að þetta skapar miklu meiri vissu fyrir kjósandann. Og ég álít, að þrátt fyrir þennan úrskurð landskjörstjórnarinnar, sem tvímælalaust segir, að það sé heimilt að bjóða fram tvo lista fyrir sama stjórnmálaflokk í sama kjördæmi, — hann nær það langt, að það sé heimilt, þrátt fyrir mótmæli viðkomandi stjórnmálaflokks, því að Alþb.-félagið hér í Reykjavík, sem hafði rétt til að bjóða fram G-listann, mótmælti þessum lista, en þrátt fyrir það leit landskjörstjórn svona á, að þetta væri heimilt, — en samt sem áður tel ég, að í þessum úrskurði landskjörstjórnar felist ekki endanleg úrlausn, það er aðeins skorið úr þessari tilteknu deilu. Ef slíkar deilur kæmu upp aftur, þori ég ekki að fullyrða, hvort landskjörstjórn teldi að einhver lágmarkstengsl þyrftu að vera á milli viðaukalista og lista þess flokks, sem hann vill kenna sig við. En þarna er alveg nauðsynlegt að hafa nokkuð skýr mörk, og ég held einmitt, að þessi brtt., sem gerð var í Nd., leysi þetta mál á nokkuð ákjósanlegan hátt. Það er ekki lokað fyrir þann möguleika, að flokkur hafi fleiri en einn lista í kjöri í sama kjördæmi, en hins vegar er óheimilt að bjóða fram lista gegn mótmælum flokksins, enda verð ég að segja, að það sé alger lágmarkskrafa frá hendi stjórnmálaflokkanna, að það geti ekki hver og einn hlaupið með þeirra nafn og notað sér það án nokkurrar heimildar frá viðkomandi flokki og það gegn mótmælum hans.

Þessu frv., eins og það lá fyrir eftir breyt. í Nd., var við 1. umr. hér í þessari hv. d. vísað til allshn., og meiri hl. n., eins og nál. hans ber með sér, mælir með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 15:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁH, JÞ, MJ, ÓB, ÓJ, PÞ, PB, StG, SvG, AuA, BGuðbj, BFB, EggÞ, EÁ, JR.
nei: KGuðj, BJ, GilsG.

2 þm. (JÁ, ÁB) fjarstaddir.
5.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

Á 96. fundi í Ed., s.d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 675).

---

47. Vörumerki.

Á 4. fundi í Nd., 17. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um vörumerki [13. mál] (stjfrv., A. 13).

Á 8. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er einnig flutt hér á Alþ. að tilhlutan hæstv. dómsmrh., sem ekki er viðstaddur nú, eins og menn vita. Það er um endurskoðun á vörumerkjalögum, en þau hafa verið að stofni til óbreytt frá því 1903 og er því eðlilegt, að endurskoðunar hafi verið þörf. Slík endurskoðun var ákveðin á árinu 1958, því að þá skipaði ríkisstj. þrjá menn í nefnd til þess að framkvæma endurskoðun og skiluðu þeir af sér frv. fyrir réttu ári. Það var svo lagt fyrir síðasta þing, en þá vannst ekki tími til afgreiðslu og ég hygg í raun og veru ekki til neinnar efnismeðferðar málsins. Þetta er lögfræðitæknilegt mál, sem ég skal ekki rekja hér frekar, en er eðlilegt að fái athugun í þn., og ég leyfi mér að leggja til, að því sé vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 486).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta frv. til athugunar og afgreiðslu og óskað umsagnar allmargra aðila um frv., og flestir aðilar, sem til var leitað, hafa sent umsögn um það, og allir, undantekningarlaust, mæla með, að frv. verði samþ. óbreytt. Þetta frv. var flutt hér á síðasta þingi og náði þá ekki fram að ganga, enda kom það fremur seint fram, en það er samið af n., sem skipuð var árið 1958 til að endurskoða löggjöf um vörumerki. Sú n. lauk störfum í okt. 1966 með því að senda frá sér þetta frv. ásamt ítarlegri grg., sem því fylgir. Fyrsta löggjöfin um vörumerki var sett árið 1903 og var sú löggjöf að verulegu leyti þýðing á dönsku vörumerkjalöggjöfinni. Á þessari löggjöf hafa aðeins verið gerðar smávægilegar breytingar tvisvar sinnum, svo að það var mikil þörf fyrir að semja hér nýtt frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, og er allshn. sammála um að mæla með samþykkt þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
12.—24. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
25.—27. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
28.—31. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
32.—35. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

36. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
37.—42. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
43. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
44.—48. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 84. fundi í Ed., 8. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir þessu máli einnig í umboði hæstv. dómsmrh. sökum fjarveru hans. Hér á landi gilda lög um vörumerki, sem voru sett 1903, en voru þá sniðin eftir eldri vörumerkjalögum frá Norðurlöndum. Það gefur auga leið, að síðan hefur ákaflega margt breytzt, ekki sízt í þeim viðskiptum, þar sem vörumerki einkum hafa þýðingu. Þess vegna var það að á árinu 1958 voru þeir Sigurgeir Sigurjónsson hrl., Páll Pálmason ráðuneytisstjóri og Theódór Líndal skipaðir í n. til þess að endurskoða lögin frá 1903. Páll Pálmason hefur marga áratugi farið með þessi mál í rn. og er þeim allra manna kunnugastur. Það er af sömu ástæðum, eins og ég gat um áðan, að þó að málið hafi heyrt undir annað rn., hefur það lengi svo til viljað, að þessi tegund mála hefur verið lögð undir þann mann, sem hefur gegnt starfi dómsmrh., að dómsmrh. ber formlega ábyrgð á meðferð málsins. Í þessari löggjöf er tekið tillit til þeirra breytinga, sem hafa orðið á Norðurlöndum í meðferð þessara mála, og alþjóðasamþykkta, sem síðan hafa verið gerðar. Þetta er hreint tæknilegt mál, sem ég geri ráð fyrir, að þm. hvorki hafi ákaflega mikla þekkingu á né geti vel dæmt um. Eins og ég segi, það er tæknilegt annars vegar, hvernig þessu verði bezt komið fyrir innanlands og hins vegar sniðið eftir alþjóðasamningum og framkvæmd hjá okkar nágrönnum eða helztu viðskiptaþjóðum.
Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn., sem ég hygg, að hafi farið með málið í Nd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 636).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið flutt hér áður á síðasta þingi og vannst þá ekki tími til að afgreiða það. Nú var þetta frv. borið fram á ný, og það hefur verið samþ. í Nd. án nokkurra andmæla.
Þetta frv. er mjög sérfræðilegs eðlis, en því fylgir góð og glögg grg., þar sem þetta efni er rakið mjög ítarlega og vel. Okkar löggjöf um vörumerki er orðin mjög gömul og úrelt, frá því skömmu eftir aldamót, og reyndar höfum við þegar gengizt undir alþjóðlegar skuldbindingar, sem gera okkur skylt að breyta löggjöfinni. Það verður ekki annað séð en þetta frv. hafi hlotið mjög vandaðan og ítarlegan undirbúning. Sú n., sem hafði það til meðferðar, hv. allshn. Nd., sendi frv. mörgum aðilum til umsagnar, Verzlunarráði, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og ýmsum fleiri, og allir þessir aðilar mæltu eindregið með samþykkt þess.
Þessu frv. var vísað til allshn., og n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og kemur fram í nál. á þskj. 636. En eftir að n. afgreiddi þetta mál, sem var náttúrlega með nokkru hraði, vegna þess að mjög er orðið áliðið þingtímans og álag á n. að afgreiða málin fljótt, eins og allir hv. dm. þekkja, var mér bent á það, að í síðustu gr. frv., 48. gr., stæði: „Lög þessi öðlast gildi þann 1. jan. 1968," þ.e.a.s., þegar frv. var flutt í haust, hafa menn reiknað með, að það yrði afgr. fyrir áramótin, en þar sem svo varð nú ekki og naumast þykir nú fært að láta lögin verka aftur fyrir sig, hef ég leyft mér hér að flytja skriflega brtt. á þá leið, að þetta breytist þannig, að í staðinn fyrir „Lög þessi öðlast gildi þann 1. jan. 1968" komi: „Lög þessi öðlast þegar gildi". Ég tek það fram, að ég hef ekki getað náð til allra hv. nm. til þess að bera þessa till. undir þá og þess vegna flyt ég þessa till. sjálfur, en ég geri ráð fyrir, að þetta sæti engum andmælum, og ég vildi biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir till.

ATKVGR.
Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 676) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
12.—24. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
25.—27. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
28.—31. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
32.—35. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
36. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
37.—42. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
43. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
44.—47. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 676 samþ. með 15 shlj. atkv.
48. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., s.d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 677).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 102. fundi í Nd., 19. apríl, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 677 útbýtt á fundinum.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (A. 686).

---

48. Bókhald.

Á 27. fundi í Ed., 30. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um bókhald [67. mál] (stjfrv., A. 106).

Á 28. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Núgildandi lög um bókhald eru nú orðin nær 30 ára gömul. Á þessu tímabili hafa orðið mjög stórfelldar breytingar á öllu viðskipta- og atvinnulífi og fram komið margvísleg ný viðhorf, sem krefjast þess, að bókhald fyrirtækja sé með töluvert öðrum hætti og gefi fyllri og nákvæmari upplýsingar heldur en áður var. Þetta snýr annars vegar að fyrirtækjunum sjálfum. Það er vaxandi nauðsyn á því fyrir fyrirtækin að hafa sem gleggsta yfirsýn yfir rekstur sinn og það hefur berlega komið í ljós á síðustu árum, að mjög hefur á það skort og oftlega valdið stórvandræðum fyrir fyrirtækin sjálf, hversu ófullkomið bókhald þau hafa haft.

Í annan stað kemur hér til nútíma skýrslugerð og margvísleg hagskýrslugerð, sem gerir nauðsynlegt, að bókhald fyrirtækja og ýmiss konar upplýsingar séu nákvæmari, sundurgreindari heldur en áður hefur verið. Náskyld þessu er svo hin vaxandi þörf í sambandi við skattheimtu og skatteftirlit, að bókhald fyrirtækja sé með sem skipulegustum hætti og gefi sem fyllstar upplýsingar um allan rekstur fyrirtækjanna. Það hefur komið í ljós í sambandi við skattaeftirlitið, að í langflestum tilfellum hafa þar komið til miklir vankantar á bókhaldi fyrirtækja og við kerfisbundnar athuganir á því, hvernig skattaeftirliti verði á sem virkastan hátt fyrir komið, er ljóst, að það tekst ekki nema með því móti, að það sé hægt að koma á fyllra og skipulegra bókhaldi fyrirtækja heldur en nú er.

Það voru því margvísleg rök fyrir því, að nauðsynlegt þótti að taka til athugunar l. um bókhald og því var það, að skipuð var að minni tilhlutan n. manna til þess að endurskoða þessi lög í heild og var lögð áherzla á það, þar sem hér er einnig um mjög tæknilega löggjöf að ræða, að fá til þeirrar endurskoðunar þá menn, sem fróðastir væru í þessum efnum og hefðu þar víðtækasta reynslu. Í annan stað hefur svo, eftir að frv. var samið, það verið tekið til meðferðar hjá endurskoðendum og ýmsum þeim aðilum, sem málið sérstaklega varðar. Niðurstaðan af öllum þessum athugunum hefur orðið það frv., sem hér liggur fyrir. Í grg. frv. er að finna mjög nákvæma skilgreiningu á því, hvaða meginreglum hefur verið fylgt við samningu frv. og hvaða nýmæli það eru, sem í frv. er að finna, og eru þau sérstaklega talin upp í grg., þannig að ég tel ekki ástæðu til að fara um þau mörgum orðum. Meginreglan um bókhaldsskyldu fyrirtækja er sú, að bókhaldsskyldir séu allir, sem hafa sjálfstæðan atvinnurekstur og enn fremur yfirleitt allir þeir, sem hafa undir höndum annarra fé. Þeir einu, sem mega teljast atvinnurekendur, en ekki eru bókhaldsskyldir, eru bændur. Sums staðar á Norðurlöndum, t.d. í Finnlandi, hafa bændur einnig verið gerðir bókhaldsskyldir, en það þykir of viðamikið að leggja á slíka skyldu, enda ekki beinlínis ástæða til hennar.

Það má segja, að mönnum kunni kannske að þykja það nokkuð óeðlilegt hugtak, sem tekið er upp í l., þar sem fyrirtækjum er gert það að meginreglu og skyldu að hafa þær bókhaldsreglur, sem góð bókhalds- og reikningsskilavenja gerir kröfu til. Þetta er að vísu nokkuð óljóst hugtak, en er þó á máli endurskoðenda talið vera fullgilt til þess að menn geti áttað sig á því, hvað hér sé um að ræða, og ekki er hægt tæknilega að skilgreina þetta nánar. Það eigi að vera háð eðli atvinnurekstrarins, hversu langt eigi að ganga í bókhaldskröfum og það liggi nokkurn veginn í augum uppi fyrir a.m.k. hvern þann mann, sem almenna bókhaldsþekkingu hefur, að gera sér grein fyrir því, hvað í þessu hugtaki felist.

Þá eru settar nokkru strangari kröfur varðandi réttinn til þess að nota lausblaðabækur, sem hefur færzt mjög mikið í vöxt og orðið nauðsynlegra eftir því, sem skýrsluvélar hafa komið meira til. En einmitt af þeim ástæðum er nauðsynlegt að setja um það strangari reglur en verið hafa.

Í þessu frv. er ekki að finna sérstök refsiákvæði fyrir það, að l. séu ekki haldin, og það byggist á því, að í almennum hegningarlögum eru ákvæðin viðurlög við því, ef brotið er gegn bókhaldsreglum og reikningsskilum, þannig að það þykir ekki sérstök ástæða til að hafa þau ákvæði í þessu frv. Málið er þess eðlis, að það er útilokað að setja í löggjöf ákvæði um öll einstök atriði málsins og þess vegna er ætlazt til þess, að ráðh. hafi heimild til þess að skipa einstökum atriðum með reglugerð.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, nema sérstakt tilefni gefist, að ræða málið nánar á þessu stigi. Það er, eins og ég sagði, mjög teknisks eðlis, en það þjónar þeim tilgangi, sem ég í upphafi máls míns gat um, að reyna að tryggja það, að bókhald

fyrirtækja komist í það horf, að það uppfylli þær margvíslegu kröfur, sem bæði frá þjóðfélagsins hálfu og með tilliti til hagsmuna fyrirtækjanna sjálfra hljóta að verða gerðar, miðað við það ástand í viðskiptamálum og fjárhagsmálum, sem ríkjandi er í þjóðfélaginu í dag.

Ég vil svo leggja til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 29. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 106, n. 442).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Þetta mál, sem hér er til umr., frv. til l. um bókhald, er mjög sérfræðilegs eðlis og því varð þn., er fékk mál þetta til athugunar, að treysta mjög á skýringar og röksemdir þeirra sérfræðinga, sem hafa samið þetta frv. Þeir eru allir mjög færir menn í bókhaldsfræðum.

Gildandi lög um bókhald eru nú 30 ára gömul og talin úrelt á ýmsan hátt. Á síðustu þremur áratugum hafa atvinnu- og viðskiptahættir hér tekið allmiklum breytingum. Skattalöggjöfin hefur gerbreytzt. Nýjar bókhaldsaðferðir og ný bókhaldstækni hefur rutt sér til rúms. Af öllu þessu leiðir, að það er brýn þörf á setningu nýrrar bókhaldslöggjafar, sem fullnægir kröfum tímans.

Grundvallarstefnan í því frv. til bókhaldslaga, sem hér liggur fyrir til umr., kemur fram í 5. gr. frv., en þar segir, að bókhaldið skuli veita svo sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og efnahag eins og þarfir eigenda, lánardrottna og hins opinbera krefjist. Með frv. er lagt til, að bókhaldsskyldir séu allir þeir, sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda, að undanskildum bændum, svo og þeir, sem hafa undir höndum eða fara með annarra manna fé. Með þessu frv. eru gerðar meiri kröfur en áður til þeirra, sem bókhaldsskyldir eru. Hins vegar er vægilega farið í það í frv. að láta bókhaldsskyldu ná til fleiri aðila en samkv. gildandi l., en þá verður líka að hafa hugfast, að lagaákvæði um bókhald er víðar að finna en í bókhaldsl. frá 1938, því að í l. um söluskatt frá 1960, 27. gr. 2. mgr., segir:

„Fjmrh. getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga, þar á meðal fyrirskipað sérstakt bókhald, þar með talið birgðabókhald, fyrir alla söluskattsskylda aðila, svo og um löggildingu þess, færslu og geymslu," en í reglugerð nr. 15 frá 1960 eru svo settar ýtarlegar reglur um bókhald söluskattsskyldra aðila.

Þessu frv. var vísað til allshn. N. kvaddi á sinn fund höfunda þessa frv. og ræddi við þá um málið og fékk skýringar. Enn fremur aflaði n. sér umsagna um frv. frá Verzlunarráði Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Félagi löggiltra endurskoðenda og ríkisskattstjóra. Umsagnir þessara aðila voru yfirleitt jákvæðar, en þó komu þar fram ýmsar ábendingar um sitt hvað, sem betur mætti fara. Niðurstaðan af þessari athugun n. varð svo sú að mæla með því, að frv. verði samþ., en þó með tilteknum breytingum, sem koma fram á þskj. 442, sama skjali og nál.

1. brtt. er við 11. gr. 1. málsgr. hljóði svo: Sjóðbók, sjóðdagbók og dagbók sé lokað eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Niðurstöður hinna einstöku reikninga skulu þá færast í aðalbók. Þarna er á ferðinni breyting frá ákvæðum frv., sem segja, að þessum bókum skuli lokað mánaðarlega og niðurstöður mánaðarlega færðar inn í aðalbók. Það komu fram um það ábendingar bæði frá Félagi löggiltra endurskoðenda og svo ríkisskattstjóra, að það væri heldur strangt að krefjast þess, að þetta væri fært mánaðarlega og varð n. við þeim ábendingum og breytti þessu, gerði till. um, að þarna yrði miðað við ársfjórðung í staðinn fyrir mánuð.

2. brtt. á þessu þskj. er við 12. gr., en í 12. gr. segir, að þau útgjöld, sem færð eru í bækurnar, skuli vera samkv. áreiðanlegum og fullnægjandi skjölum. Það sama gildir um tekjur eftir því, sem við verður komið. Ríkisskattstjóri lagði til, að þessi gr. yrði miklu lengri og ýtarlegri, en í till. hans fólust ærið flóknar forskriftir um það, hvernig ætti sérstaklega að hafa eftirlit með, að tekjurnar kæmu fram hjá fyrirtækjunum, hvaða fskj. og sannanir þar ættu að liggja fyrir. Og n. vildi koma til móts við sjónarmið ríkisskattstjóra í þessum efnum með því að undirstrika, að um þessi atriði skyldi sérstaklega kveðið á nánar í reglugerð.

3. brtt., sem er einna veigamest, er á þá leið, að 23. gr. frv. falli niður. Það var einnig gert eftir till. ríkisskattstjóra að fella þessa gr. úr frv., en hann segir í sinni umsögn, að rétt þyki að fella þessa gr. niður í heild og segir enn fremur, að varhugavert sé að hvetja menn með þessu ákvæði til að framkvæma e.t.v. árlega endurmat eigna sinna og skulda. Hætt er við, að erfitt reynist að setja um þetta reglur, sem reynast raunhæfar, þar sem raunvirði eigna í atvinnurekstri þarf ekki að fylgja almennum verðbreytingum. Enn fremur vísar ríkisskattstjóri til þess, að það eigi að vera nægilegar heimildir til endurmats í 25. gr. frv. og þurfi ekki lengra að fara. En í þessari 23. gr., sem n. leggur til, að sé felld niður, segir m.a., að hafi orðið almenn og veruleg verðbreyting fasteigna, skipa, véla, áhalda og annarra eigna, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar í rekstrinum frá því að þeirra var aflað, sé heimilt að endurmeta þær til samræmis við verðbreytingu slíkra eigna, metna á almennan og viðurkenndan mælikvarða. En það var skoðun okkar nm., að það væri ærið erfitt að finna nokkurn almennan og viðurkenndan mælikvarða í þessu efni. Auk þess væri það mjög á reiki með þessar

breytingar, ef mönnum væri þetta alveg í sjálfsvald sett, hvort þeir endurmeta eignir sínar jafnvel árlega eftir þessu ákvæði. Að vísu getur það verið alveg rétt, að þegar verðlag breytist og verðbólga ríkir, geti, þegar frá líður, mat á eignum orðið nokkuð ranglátt og þá væri eðlilegra að setja sérstök lagaákvæði, t.d. á 10 ára fresti, um almenna heimild til þess að leiðrétta þetta heldur en það sé á valdi hvers og eins að gera það eiginlega hvenær sem honum sýnist, þannig að þetta væri allt of reikult til þess að hægt væri á þessu að byggja eða treysta á það, að þessari gr. yrði framfylgt í reynd, ef hún yrði samþ. Að öllu þessu athuguðu og sérstaklega með tilvísun til umsagnar ríkisskattstjóra, lagði n. til, að þessi gr. yrði felld niður.

Síðasta brtt. er á þá lund, að lagt er til, að l. öðlist ekki gildi fyrr en 1. jan. 1969, og er þar farið eftir ábendingum frá Verzlunarráði Íslands, enda verður það að teljast eðlilegt, að bókhaldslög taki yfirleitt gildi um áramót, þar sem reikningsárið miðast yfirleitt við áramót og það væri óeðlilegt að krefjast breytinga á bókhaldsskipan fyrirtækja og bókhaldsskyldra aðila á miðju ári, og þess vegna leggur n. til, að l. öðlist ekki gildi fyrr en 1. jan. 1969.

Að lokum vil ég svo undirstrika, að við afgreiðslu þessa máls í n. áskildu einstakir nm. sér rétt til þess að flytja nýjar brtt. við þetta frv. eða fylgja öðrum brtt., er fram kynnu að koma, og kemur þessi fyrirvari fram á nál. á þskj. 442.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
5.—10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 442,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 442,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
13.—17. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
18.—22. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 442,3 (23. gr. falli niður) samþ. með 16 shlj. atkv.
24.—25. gr. (verða 23.—25. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 442,4 (ný 27. gr., verður 26. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 474).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 87. fundi í Nd., 1. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. L. þau, sem nú gilda um bókhald, eru orðin 30 ára gömul og á því tímabili hafa vitanlega orðið mjög miklar breyt. í sambandi við þær kröfur, sem gerðar eru um bókhald fyrirtækja, og margvíslegar upplýsingar, sem nú er talin þörf á að fyrir liggi um afkomu fyrirtækja, en ekki var á þeim tíma gerð jafnsterk krafa um.

Hér er um að ræða hagsmunamál eigenda fyrirtækjanna. Mönnum hefur orðið æ ljósara, að það er hin brýnasta nauðsyn fyrir heilbrigðan rekstur fyrirtækja, að eigendurnir geti haft á hverjum tíma sem gleggsta yfirsýn yfir afkomu þeirra, og í annan stað hafa komið til eigi síður margvíslegar kröfur vegna annarra þarfa, sem gert hafa nauðsynlegt að gera bókhald fyrirtækja gleggra og fullkomnara í ýmsum greinum. Á síðustu tímum hefur komið til aukin hagskýrslugerð í ýmsum greinum og jafnframt hefur reynzt nauðsynlegt af skattheimtuástæðum og vegna ýmissa annarra opinberra upplýsinga, sem nauðsynlegt er að fá um rekstur fyrirtækja, að bókhald þeirra sé gleggra og gefi á ýmsan hátt betri upplýsingar en oft og tíðum hefur verið.

Allar þessar ástæður ollu því, að fyrir tveimur árum fól fjmrn. nefnd manna að semja ný bókhaldslög. Í þessa n. voru valdir menn, sem allir hafa mikla sérþekkingu í þessum efnum, þ. á m. skattrannsóknarstjóri, sem valinn var í nefndina vegna þeirra hagsmuna, sem kom á daginn, að skattamálin og skattrannsóknir gerðu nauðsynlegt, að gætt væri í þessu efni. Hann hafði einnig sérþekkingu í þessum efnum sem viðskiptafræðingur, lögfræðingur og löggiltur endurskoðandi. Aðrir nm. voru Bjarni Bragi Jónsson, deildarstjóri í Efnahagsstofnuninni, Guðlaugur Þorvaldsson, þá ráðuneytisstj. og nú prófessor í viðskiptafræði við háskólann, Sigurður Stefánsson, löggiltur endurskoðandi, og Þorvarður Elíasson fulltrúi hjá kjararannsóknarnefnd.

Síðan var frv., eftir að þessir menn höfðu lokið samningu þess, tekið til athugunar af ýmsum aðilum, m.a. rætt á ráðstefnu löggiltra endurskoðenda, og hygg ég því, að þegar endanlega var frá því gengið, hafi verið komin til öll sú sérþekking, sem nauðsynlegt var að hafa hliðsjón af í máli sem þessu, sem er mjög tæknilegs eðlis.

Frv. hefur verið til allýtarlegrar athugunar í fjhn. Ed., og hefur n., eftir að hafa haft samband við ýmsa aðila, gert þar nokkrar breytingar á frv., fæstar þeirra þó veigamiklar. Það má e.t.v. segja, að veigamesta breytingin, sem gerð var á frv. og rétt er að vekja athygli á, sé sú, að felld var niður 23. gr. þess, sem gerði ráð fyrir því, að heimilt væri að endurmeta eignir og hækka þær til samræmis við verðbreytingu. N. taldi, eftir allýtarlega athugun

málsins, og var um það sammála, að örðugt væri að setja um slíkt endurmat almennar heimildir sem þessar, heldur væri eðlilegra að til kæmi, ef ástæða þætti til, almenn ákvörðun með einhverra ára millibili, þar sem heimilað væri að taka upp allsherjarendurmat á eignum, svo sem gert var ráð fyrir í þessari grein. Varð því niðurstaðan sú, að á það var fallizt að fella þessa grein niður. Þá var einnig breytt gildistöku laganna. Það var gert ráð fyrir því, að þau tækju þegar gildi, en það þótti sýnt, að nauðsynlegt væri að hafa visst svigrúm í þessu efni, til þess að menn hefðu aðstöðu til að kynnast þessari löggjöf og hafa svigrúm til að gera þær breytingar á bókhaldi, sem löggjöfin, eða frv., ef að l. yrði, leiðir af sér, og var því ákveðið, að gildistakan yrði 1. jan. 1969.

Eins og ég áðan sagði, er hér um mjög tæknilegt mál að ræða, og sé ég ekki ástæðu til þess að hafa um það langt mál. Grg. frv. skýrir, að ég hygg, mjög glögglega, hvað fyrir mönnum vakir með hverri einstakri grein þess, og auk þess er tilgreint í upphafi grg., hvaða helztu breytingar það eru, sem frv. myndi leiða af sér. Ég hygg það engum efa bundið, að það væri til mikilla bóta, ef þetta frv. yrði að lögum og hægt væri að koma við þeirri breyt. á bókhaldskerfi, sem gert er ráð fyrir. Breytingin er að vísu ekki svo mikil, að það sé ástæða til þess að neinn fælist að taka upp þessa nýju skipan. Það er meira í því fólgið að setja ljósari og skýrari reglur um ýmis framkvæmdaatriði og einmitt með hliðsjón af því, sem ég áðan sagði um nauðsyn margvíslegra upplýsinga, sem nú er orðin þörf á, að fyrir liggi um afkomu fyrirtækja. Það er meginsjónarmiðið, sem haft hefur verið í huga við samningu frv., að það gæti uppfyllt þær þarfir, sem viðskiptalíf nútímans krefst. Ég vildi leyfa mér að beina því til þeirrar hv.n., sem fær frv. til meðferðar nú, að hún taki það til athugunar, hvort hún sæi sér fært að afgreiða málið, áður en þingi lýkur. Það er nú farið að nálgast þinglok, þannig að ég veit, að það er kannske farið fram á nokkuð mikið í því efni, en ástæðan til þess, að ég geri það, er sú, að Ed. hafði þetta mál til meðferðar og nefndin þar aflaði um það rækilegra upplýsinga, sem ég tel víst að geti verið til afnota fyrir þá hv. n., sem fær málið til meðferðar í þessari d., og ætti því ekki að vera ástæða til þess að afla neinna sérstakra viðbótarupplýsinga með hliðsjón af því, að frv. hefur verið rækilega undirbúð.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 474, n. 622).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar frv. um bókhald, eins og það kom breytt frá hv. Ed. Fjhn. hefur athugað frv., og eins og fram kemur á þskj. 622, mælir n. með því, að frv. verði samþ., en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Þegar fjhn. þessarar hv. d. hafði frv. til athugunar, ræddu nm. m. a. um 2. gr. frv., þ.e.a.s. 15. lið í b-lið, varðandi bókhaldsskyldu bænda. Hins vegar töldu nm. ekki á þessu stigi málsins fært að gera brtt. þess efnis að gera bændur bókhaldsskylda. Það þyrfti nánari athugun. Engu að síður var talið rétt að láta það koma fram hér við 2. umr., að þetta hefði verið skoðað og umr. átt sér stað um þetta atriði. En að athuguðu máli töldu nm., að málið þyrfti að skoða betur og þess vegna ekki talið rétt á þessu stigi að flytja um það brtt. N. leggur því til, að frv. verði afgreitt til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
5.—17. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
18.—23. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
24.—27. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 687).

---

49. Verzlunaratvinna.

Á 27. fundi í Sþ., 16. jan., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um verzlunaratvinnu [89. mál] (stjfrv., A. 212).

Á 51. fundi í Nd., 18. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera lítillega grein fyrir frv. því til l. um verzlunaratvinnu, sem hér er á dagskrá.

Eins og fram kemur í grg. frv., var það árið 1964, í lok þess árs, að ég skipaði n. til þess að endurskoða eldri lög um verzlunaratvinnu, þ.e.a.s. l. nr. 52 frá 1925, og það var af því tilefni, að þess hafði verið óskað af Félagi íslenzkra stórkaupmanna og Kaupmannasamtökunum, að slík n. yrði sett á laggirnar til þessarar endurskoðunar. En frá báðum

þessum aðilum voru fulltrúar í n. auk annarra fleiri, sem getið er í grg.

Það kemur fram í grg., að þessi n. hafi verið skipuð vegna ítrekaðra óska Félags ísl. stórkaupmanna og Kaupmannasamtaka Íslands um endurskoðun á gildandi l. um verzlunaratvinnu til samræmis við breyttar aðstæður og verzlunarhætti frá þeim tíma, sem gildandi lög voru sett. Ég fékk hins vegar ekki þetta frv. eða till. að þessu frv. frá n. fyrr en 16. jan. 1967, svo að n. hafði þá haft þær til meðferðar um tveggja ára skeið. Ég hafði hugsað mér hins vegar að leggja frv. fyrir þingið, strax og það kom saman í haust, en það tafðist af ýmsum ástæðum, sem ég kannske get síðar gert lítillega grein fyrir. En í aðalatriðum má segja um þetta frv., að það er endurskoðun á eldri lögum, og ég tel engan efa á því, að það sé til mikilla bóta og n. hafi að öllu athuguðu unnið gott starf. Hún hefur mótað þá meginstefnu, sem hún telur, að fylgja beri við setningu slíkra l. um verzlunaratvinnu, sem kemur fram í 1. gr. frv. og er þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Að borgararnir eigi völ á sem beztri verzlunarþjónustu á hverjum stað og tíma.

2. Að þeir aðilar, sem fást við verzlun, séu búnir þeim hæfileikum, að þeir geti uppfyllt skyldur, sem slíkur rekstur leggur þeim á herðar gagnvart viðskiptavinum sínum og samfélaginu.

3. Að verzlun geti þrifizt í landinu sem atvinnugrein."

Það er athyglisvert, sem fram kemur í aths. n., að hún bendir á þá þróun, sem hefur átt sér stað, og það með réttu, að ýmsar atvinnustéttir hafa sótzt eftir einkarétti og forgangsrétti til ákveðinnar tegundar vinnu, en n. telur hins vegar ekki æskilegt með hliðsjón af þeim markmiðum, sem hún setur sér og ég vék að í 1. gr. frv., að rétturinn til að stunda verzlun verði gerður að neins konar sérréttindum. Það skýrir nokkuð þann langa tíma, sem n. tók að semja frv. Hún aflaði sér víða upplýsinga, eins og fram kemur, ritaði öllum sýslumönnum og bæjarfógetum bréf og óskaði aths. og ábendinga um drög að frv., eins og það þá var, og n. bárust ýmis svör, sum seint og önnur ekki. En aftur á móti nokkur svör, sem voru mjög ýtarleg og mikið verk lagt í.

Ef ég ætti að víkja nánar að sérstökum atriðum, vil ég vekja athygli á 2. gr. frv., þar sem ákvæði eru um það, til hverra atriða þessi lög taka ekki. Þar hefur verið gerð á nokkur breyting frá eldri lögum, sem er í því fólgin, sem ég tel rétt, að komi fram. Það er ekki stórvægileg breyting að vísu, en það er fellt niður úr eldri lögum, að undanskilin þessum l., eins og þar stendur, sé sala á öðrum slíkum innlendum afla eða framleiðslu, eins og það er orðað. En samkv. þessari breytingu, með því að fella þetta úr eldri l., mundu fisksalar og brauð- og mjólkursalar þurfa verzlunarleyfi. En það mun sennilega vera svo, að margt af því fólki, sem nú stundar þessa atvinnu, mun ekki fullnægja þeim þekkingarkröfum, sem gerðar eru til þess að öðlast verzlunarleyfi. Ég hef hins vegar ekki séð ástæðu til annars en að taka þessar till. n. óbreyttar og megi teljast kannske til bóta að kveða sterkar á um þetta nú heldur en áður var.

Þá vil ég víkja sérstaklega að 4. gr. frv. Hún fjallar um það, hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til þess að eiga rétt á leyfi eða endurnýjun leyfis til verzlunar, enda hafi réttur til verzlunarrekstrar ekki verið af viðkomandi dæmdur.

Þar er 1. liðurinn: „Hefur íslenzkt ríkisfang og er heimilisfastur á Íslandi." Hér er sú breyting frá því, sem áður var, að það var nægjanlegt að hafa haft búsetu hér eitt ár áður, en hér er tekið upp ríkisfangsákvæðið. Það má segja, að hér sé um allveigamikla breytingu að ræða. Svo er einnig, að erlendir farandsalar og umboðssalar, sem ekki hafa fast aðsetur hér á landi, geta samkv. l. nr. 78 frá 1907 keypt leyfisbréf til þess að bjóða til kaups eða útvega erlendan varning, en frv. gerir ráð fyrir, að þessi heimild verði afnumin. Það er gert ráð fyrir því, að l. nr. 78 frá 1907 falli úr gildi. Það má segja um þetta, að íslenzk verzlunarfyrirtæki missi spón úr aski sínum vegna starfsemi þessara erlendu farandsala, og það er talið af mörgum, að þarna sé misjafn sauður í mörgu fé. Það er líklega einnig svo, að þessir menn greiða engin opinber gjöld af atvinnurekstri sínum nema leyfisgjaldið og væri þess vegna frá þessum sjónarmiðum æskilegt að losna við þessa erlendu verzlunarmenn. Hins vegar er á það að líta, að nágrannaþjóðirnar krefjast ekki innlends ríkisfangs til umboðs- og farandsölu, og það má kannske frekar segja, að stefnt hafi að því í nágrannalöndum okkar, Norðurlöndum, og komið upp í Norðurlandaráði að skapa á þessu sviði meiri sameiginlegan vinnumarkað en áður hefur verið, en að margra áliti og n., sem samdi þetta frv., mundi það tæpast samrýmast okkar hagsmunum.

En í sambandi við þetta ákvæði um ríkisfang, sem ég út af fyrir sig hef ekki séð ástæðu til þess að breyta og tekið upp till. n., vil ég vekja athygli á síðustu mgr. í 4. gr., en þar stendur, að ákvæði þessarar gr. skuli gilda, að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við ákvæði í samningum Íslands við erlend ríki eða ákvæði alþjóðlegra samninga, sem Ísland kann að gerast aðili að. Ég verð að segja það eins og er, ég felli mig ekki sem bezt við þessa mgr., og ég bað n. um að endurskoða afstöðu sína til þessara atriða, því að þá er annars vegar í l. ákvæði um það, að ríkisfang skuli vera skilyrði til þess að fá verzlunarleyfi, en ef einhver samningur er í gildi nú, sem ákveður annað, gildir ekki þetta ákvæði gr., og enn fremur gæti þá hvaða ríkisstj. sem væri gert viðskiptasamninga, af því að þessi mgr. er þannig, sem fara í bága við ríkisfangsákvæðið, og þá mundi samningurinn gilda að þessu leyti, ef t.d. væri aðeins krafizt heimilisfesti, en ekki ríkisfangs, þó að í upphafi gr. sé svo kveðið á sem í 1. tölulið segir. Ég tel, að þurfi undir meðferð málsins í þinginu að líta svolítið betur á þetta atriði og hvort ekki væri hægt að koma því heppilegar fyrir.

Í 6. gr. frv. er ákvæði um það, að verzlunarleyfi

megi ekki veita starfsmönnum ríkisins eða ríkisstofnana, starfsmönnum sveitarfélaga eða stofnana þeirra og ekki heldur opinberum sýslunarmönnum né mökum þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðh. hafi úrskurðað, að verzlunarrekstrinn megi samrýmast stöðu þeirra. Þetta er ekki nýtt ákvæði, en var í eldri l., en þó nokkuð öðruvísi orðað, og kemur það fram í aths. við 6. gr., að n. hefur orðað gr. að nýju og látið hana ná til starfsmanna ríkisins eða ríkisstofnana, starfsmanna sveitarfélaga og stofnana þeirra og til opinberra sýslunarmanna og maka þeirra, ef hjón búa saman. En að öðru leyti gerir n. þannig grein fyrir þessu ákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ástæða er til að undirstrika, að þessi gr. miðar ekki að því að koma í veg fyrir, að ríkisstarfsmenn almennt eða starfsmenn bæjarfélaga geti fengið verzlunarleyfi. Á hinn bóginn er gr. ætlað að tryggja, að þeir slíkra starfsmanna, sem gegna opinberum störfum, sem eru ósamrýmanleg verzlunarrekstri, hljóti ekki verzlunarleyfi. Þannig yrði að telja fráleitt, svo að dæmi sé nefnt, að starfsmenn Innkaupastofnunar ríkisins eða tollstjóraskrifstofunnar ræku innflutnings- og heildverzlun."

Þá vil ég vekja sérstaka athygli á efni verzlunarbréfa, eins og þau eru ákveðin með frv. þessu, en ákvæðin um það eru í 8. og 9. gr., og þau eru nokkru fyllri en áður hefur verið, og er nánar gerð grein fyrir því í aths. við þessar greinar, 8. og 9. gr. Þar er beinlínis vakin athygli á því, að það eru allmiklar efnisbreytingar. Það er gert ráð fyrir því, að verzlunarleyfi sé samkv. 9. gr. frv. annaðhvort gefið út fyrir ákveðið lögsagnarumdæmi, sem tiltekið sé í leyfisbréfi, eða fyrir landið allt og síðan kemur þar athyglisverður kafli, sem ég vil leyfa mér að vekja sérstaka athygli á og hefur vakið nokkurt umtal og jafnvel blaðaskrif, nokkrar deilur, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í því sambandi er gert ráð fyrir sérstöku ákvæði um verzlun í hreyfanlegri starfsstöðu (t. d. kjörbúðabílar). Er með þessu ákvæði viðurkennd nauðsyn þess, að slík verzlun sé rekin. Jafnframt er tekið fram í 9. gr. frv., að verzlunarleyfi, sem gefið er út fyrir landið allt, veiti takmarkaða heimild til verzlunar, þannig að það veiti í fyrsta lagi heimild til verzlunar utan löggiltra verzlunarstaða og í öðru lagi veiti það heimild til verzlunar innan löggiltra verzlunarstaða með þær vörutegundir, sem ekki er verzlað með í þeim verzlunarstað.

Hér er um að ræða nýmæli, sem vert er að skýra nokkru frekar. N. hefur gert sér ljóst, að víða á landinu, þar sem viðskiptavinahópur verzlunar er mjög þröngur, getur verið örðugt að halda uppi verzlun sem lífvænlegri atvinnugrein, þannig að séð sé fyrir sæmilegu úrvali vara. Þessi aðstaða hefur orðið kaupmönnum og kaupfélögum þeim mun erfiðari, sem þeir viðskiptahættir hafa tíðkazt allmikið og færzt í vöxt, að verzlanir, aðallega í Reykjavík, setji upp stóra markaði, aðallega í sjávarplássum úti um land, þegar ætla má, að fólk á þessum stöðum hafi handbært fé. Vöruúrval á slíkum mörkuðum er skiljanlega miklum mun meira en kaupmenn eða kaupfélög þessara staða geta boðið, og því fer svo, að þessir aðilar njóta viðskipta, sem eru miklu meiri en svarar til þeirrar takmörkuðu þjónustu, sem þeir veita íbúum þessara þorpa og kaupstaða, þegar litið er á allt árið. N. telur æskilegt, að löggjöfin um verzlunaratvinnu sporni gegn þessari þróun og reyni að sjá til þess, að þeir aðilar, sem sjái tilteknum stað fyrir verzlunarþjónustu allt árið, megi að sem mestu leyti njóta allra viðskipta íbúanna. N. telur þá takmörkun, sem hér er gert ráð fyrir, engan veginn koma í veg fyrir, að neytendur á þessum stöðum njóti þeirrar þjónustu, sem þeir nú fá með stórum vörumörkuðum, sem koma og fara. Á hinn bóginn telur hún eðlilegt, að slík þjónusta sé veitt á vegum þeirra aðila, sem reka verzlun á viðkomandi stað, sem umboðsmanna verzlana í Reykjavík eða annars staðar."

Ákvæði þessarar gr. miðar að því, að þeir þurfi að fá sérstakt leyfi lögreglustjóra á staðnum og slíkir markaðir væru í beinum tengslum við þær verzlanir, sem fyrir eru á staðnum.

Þá vil ég loks vekja athygli á því ákvæði þessa frv., sem fram kemur í 10. gr. og er nýmæli, að verzlunarleyfi er gert tímabundið og þá ætlazt til, að það gildi í 5 ár, en sé endurnýjað að þeim tíma liðnum, ef leyfishafi fullnægir þá enn skilyrðum þessara laga. Þetta hefur kannske nokkru meiri skriffinnsku í för með sér, en það kemur hins vegar meiri röð og reglu á skipan þessara mála. Það er talinn tilgangur þessa nýmælis að reyna að tryggja betri vitneskju almennings og ekki sízt opinberra aðila um þá, sem leyfi hafa til að stunda verzlunaratvinnu, og sama tilgangi þjónar einnig ákvæði 11. gr., sem kveður á um, að Hagstofa Íslands skuli halda skrá um þá aðila, sem á hverjum tíma hafa leyfi til verzlunarrekstrar. Álít ég, að slík heildarskrásetning þeirra aðila, sem við verzlunarrekstur fást, auðveldi ýmiss konar eftirlit, svo sem skatteftirlit, heilbrigðiseftirlit og annað slíkt. Og nokkuð í samræmi við þetta er það nýmæli í þessari sömu gr., að það er gert ráð fyrir tilkynningu, sem birtist í Lögbirtingablaðinu um útgáfu leyfisbréfs til að stunda verzlunaratvinnu.

Ég held, að ég hafi með þessu gert nægjanlega grein fyrir efni þessa frv. Ég veit, að það er mikið áhugamál þeim, sem að verzlun standa, og einnig þeirra annarra aðila, sem þátt tóku í að semja þetta frv. í þeirri n., sem ég hef gert grein fyrir, að þetta frv. mætti ná fram að ganga á þessu þingi, og ef svo yrði, er gert ráð fyrir því, að það taki gildi 1. júlí 1968. Ég vildi leyfa mér að vænta þess, að sú n., sem fær þetta til meðferðar, reyndi því eftir atvikum að hraða afgreiðslu þess. Hins vegar er mér ljóst, að ýmis atriði í því þurfa gaumgæfilegrar athugunar við, og mundi þá þn. eðlilega geta snúið sér til rn. eða þeirrar n., sem undirbjó frv., og þá vil ég sérstaklega mælast til þess, að til athugunar komi

þau sérstöku atriði, sem ég vék að í sambandi við 4. gr.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. að lokinni þessari umr. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 212, n. 488).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til l. um verzlunaratvinnu, hefur verið til athugunar í allshn., og n. hefur rætt frv. á nokkrum fundum sínum og leitað umsagnar um það hjá nokkrum aðilum. Allir þeir aðilar, sem svöruðu eða sendu umsagnir frá sér, mæla með samþykkt frv. Allshn. var sammála um afgreiðslu málsins og mælir því með, að frv. verði samþ. með einni breytingu, en það er umorðun og nokkur breyting við 4. gr. frv., 3. tölul., sem prentuð er á þskj. 488. Einn nm. skrifar þó undir nál. með fyrirvara.

Eins og fram kemur í aths. við þetta lagafrv., er það samið af n., sem atvmrn. skipaði í árslok 1964, og í þeirri n. áttu sæti fulltrúi frá Félagi ísl. stórkaupmanna, fulltrúi frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, fulltrúi frá Neytendasamtökunum og fulltrúi frá Kaupmannasamtökum Íslands, en deildarstjóri í atvmrn. var 5. maður í n. og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Þetta mál hefur verið tekið upp fyrir beiðni Félags ísl. stórkaupmanna og Kaupmannasamtaka Íslands, en það hafa borizt beiðnir frá þessum aðilum oftar en einu sinni um endurskoðun á gildandi l. um verzlunaratvinnu til samræmis við breyttar aðstæður og verzlunarhætti frá þeim tíma, sem gildandi lög voru sett. Eins og fram kemur hjá þeirri n., sem samdi þetta frv., segist hún hafa tekið til greina atriði, sem þessi samtök hafa leitað eftir, að vissu marki.

N. leitaði álits bæði Félags ísl. stórkaupmanna og Kaupmannasamtakanna á frv., en atriði, sem Félag ísl. stórkaupmanna óskaði breytinga á og ekki hafa verið tekin til greina í frv., eru í sambandi við 4. gr., 3. tölul., að í frv. komi 5 ára störf við verzlun sem mark við verzlunarleyfisveitingu í stað þriggja ára starfa. Meiri hl. n. telur ósennilegt, að síðustu tvö árin aukist hæfni verzlunarmannsins verulega í þessu tilliti, og heldur sér þess vegna við þriggja ára starfstíma. Þá fóru Kaupmannasamtökin fram á það, að fortakslaust bann yrði gegn veitingu verzlunarleyfis til handa þeim, sem gegna opinberum störfum og getið er um í 6. gr., en meiri hl. n. taldi sig ekki geta lagt til svo umfangsmikla skerðingu á atvinnurekstrarréttindum þessa stóra hóps manna. Þá var einnig farið fram á það, að verzlunarleyfi gilti ævilangt og komi ekki til endurnýjunar, en á það gat n. ekki heldur fallizt. Eitt atriði, sem Kaupmannasamtökin gerðu aths. við, var, að verzlun í hreyfanlegri starfsstöð, en þar er átt við kjörbúðarbíla, sé óheimil nema utan löggiltra verzlunarstaða, ef verzlað er með vörur, sem í þeim verzlunarstað eru seldar. Meiri hl. n. taldi svo mikilvæga þessa þjónustu, þar sem svo hagar til, að langt er í verzlanir eða þær óbyggðar, að fyrir henni yrði að sjá með einhverjum hætti. Þá fóru sömu samtök fram á, að það nýmæli yrði tekið í frv., sem banni leigusölum verzlunarhúsnæðis að hefja sjálfir að reka verzlun eða leigja húsnæði til verzlunar, sams konar og verið hefur í húsnæðinu, í 5 ár eftir að leigutaka hefur verið sagt upp leigu. Á þetta atriði gat n. ekki heldur fallizt og telur meginefni l. um verzlunaratvinnu varða form og efniskröfur til að mega reka verzlun, og vandamál, sem upp rísa gegn „goodwill" verzlunar í leiguhúsnæði, taldi n. því ekki eiga heima í þessum lögum.

Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir allmikilli efnisbreytingu, því að þar er gert ráð fyrir, að verzlunarleyfi sé samkv. þeirri gr. frv. annaðhvort gefið út fyrir ákveðið lögsagnarumdæmi, sem tiltekið er í leyfisbréfi, eða fyrir landið allt. Í því sambandi er gert ráð fyrir sérstöku ákvæði um verzlun í hreyfanlegri starfsstöð eða kjörbúðarbíla, eins og ég kom inn á áðan, og jafnframt er tekið fram í 9. gr. frv., að verzlunarleyfi, sem gefið er út fyrir landið allt, veiti takmarkaða heimild til verzlunar, þannig að það veiti í fyrsta lagi heimild til verzlunar utan löggiltra verzlunarstaða og í öðru lagi veiti það heimild til verzlunar innan löggiltra verzlunarstaða með þær vörutegundir, sem ekki er verzlað með í þeim verzlunarstað.

Hér er um að ræða nýmæli. N. hefur gert sér það ljóst, að víða á landinu, þar sem viðskiptamannahópur verzlana er mjög þröngur, getur verið örðugt að halda uppi verzlun sem lífvænlegri atvinnugrein þannig, að séð sé fyrir sæmilegu úrvali af vörum. Þessi aðstaða hefur orðið kaupmönnum og kaupfélögum þeim mun erfiðari sem þeir viðskiptahættir hafa tíðkazt allmikið og færzt í vöxt í seinni tíð, að verzlanir, aðallega í Reykjavík, setji upp stóra markaði, einkum í sjávarplássum úti um land, þegar ætla má, að fólk á þessum stöðum hafi handbært fé. Vöruúrval á slíkum mörkuðum er skiljanlega miklum mun meira en kaupmenn og kaupfélög á þessum stöðum geta boðið, og því fer svo, að þessir aðilar njóta viðskipta, sem eru miklu meiri en svarar til þeirrar takmörkuðu þjónustu, sem þeir veita íbúum þessara kauptúna og kaupstaða, þegar litið er á allt árið. N. taldi því æskilegt, að löggjöfin um verzlunaratvinnu sporni gegn þessari þróun og reyni að sjá til þess, að þeir aðilar, sem sjá tilteknum stað fyrir verzlunarþjónustu allt árið, megi að sem mestu leyti njóta allra viðskipta íbúanna. N. taldi þá takmörkun, sem hér er gert ráð fyrir, engan veginn að koma í veg fyrir, að neytendur á þessum stöðum njóti þeirrar þjónustu, sem þeir nú fá með stórum vörumörkuðum, sem koma og fara. Á hinn

bóginn telur hún eðlilegt, að slík þjónusta sé veitt á vegum þeirra aðila, sem reka verzlun á viðkomandi stað, sem umboðsmanna verzlana í Reykjavík eða annars staðar. Í samræmi við þetta gerir n. að till. sinni að taka það nýmæli upp í 3. mgr. 9. gr. frv., þar sem leyfi til verzlunar samkv. 2. mgr. 9. gr. er bundið samþykki viðkomandi lögreglustjóra hverju sinni. Er lögreglustjóra þannig veitt vald til að meta þá hagsmuni, sem hér eru í húfi, með hliðsjón af 1. gr. frv., sem er almenns eðlis, að borgararnir eigi völ á sem beztri verzlunarþjónustu á hverjum stað og tíma.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um efni þessa frv. Hér er um nýja og samræmda löggjöf að ræða og niður felld gömul lög, allt frá 1907 og 1909. Sum þessi lagaákvæði eru fyrir löngu orðin úrelt, og því var mikil þörf á því að setja hér nýja löggjöf, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég er á sama máli og aðrir nm. um það, að frv. þetta hafi verið undirbúið á þann hátt, að eðlilegt sé að mæla með því í meginatriðum. Fyrirvari minn, sem fram kemur í nál., varðar eingöngu þá brtt., sem n. hefur komið fram með, og er þar fremur um orðalag að ræða en verulega efnisbreytingu, sem ég hefði fremur kosið. Ég mun ekki leggja fram við þessa umr. neina brtt. um þetta, en mun athuga það til 3. umr. hvort ég tel ástæðu til að bera fram slíka tillögu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 488 samþ. með 23 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
5.—17. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 524).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 83. fundi í Ed., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 84. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í fjarveru hæstv. dómsmrh. vildi ég með örfáum orðum gera grein fyrir þessu frv.

Ákvæðin um verzlunaratvinnu eru nú orðin allgömul og miða að nokkru leyti við annað þjóðfélagsástand heldur en við búum nú við. Aðalfyrirmælin eru frá 1925, sum frá 1907 og árunum þar á milli. Þess vegna var það, að á árinu 1964 skipaði atvmrn. n. til þess að endurskoða þessa löggjöf, og áttu í henni sæti fulltrúar Félags íslenzkra stórkaupmanna, Sambands ísl. samvinnufélaga, Neytendasamtakanna og Kaupmannasamtaka Íslands og svo deildarstjóri í atvmrn. Þessir aðilar hafa orðið sammála um það frv., sem hér liggur fyrir. Vegna gamallar verkaskiptingar, sem hefur tíðkazt alllengi, er það svo, að þó að málið formlega heyri undir atvmrn., hefur þessi grein í starfi atvmrn. verið lögð undir dómsmrh., bæði í núv. ríkisstj. og nokkrum fyrri ríkisstj.

Um þetta varð, eins og ég segi, samkomulag í n. og ekki verulegur ágreiningur um það í hv. Nd., og vildi ég mælast til þess, að frv. fengi vinsamlega athugun einnig hér í þessari hv. d. Ég hygg, að það hafi verið hjá allshn. í Nd., ekki þori ég að ábyrgjast það, vegna þess að málið hefur ekki heyrt undir mig, þó að ég geri hér grein fyrir því í fjarveru dómsmrh. En ég vil samt mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og þá hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 524, n. 657).

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um verzlunaratvinnu, 89. mál Nd. Umsögn n. liggur fyrir á þskj. 657. Hefur n. orðið sammála að mæla með frv. óbreyttu, eins og Nd. hefur gengið frá því, en Nd. gerði breytingu á 4. gr., sem miðar að því að létta skilyrði til verzlunarleyfa, sbr. þskj. 524.

Núverandi lög um verzlunaratvinnu eru frá árinu 1925, eða 33 ára gömul. Er því ekki að undra, að nokkrar breytingar séu nú æskilegar. Í lok ársins 1964 skipaði hæstv. dómsmrh. n. til endurskoðunar á l. um verzlunaratvinnu. Formaður þeirrar n. var Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri, en aðrir í n. voru skipaðir eða tilnefndir skv. eftirfarandi: Frá Félagi íslenzkra stórkaupmanna, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, Kaupmannasamtökum Íslands og Neytendasamtökunum. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið af þessari n., og virðist takmarkið í þessu lagafrv., að neytendum sé veitt betri þjónusta, að íslenzk verzlunarstétt sé búin sem beztum hæfileikum til starfa síns og í sambandi við það, að verzlunaratvinna sé af löggjafa viðurkennd frekar en áður sem nauðsynlegur atvinnurekstur. Enda þótt verzlunarrekstur sé samkvæmt frv. í fastara formi en áður, þá eru þó undanþáguákvæði ráðh., svo að ekki ætti að vera hætta á, að slíkt torveldi þeim, sem þessa atvinnu stunda, að halda henni áfram, einnig þá aðra, sem stunda þessa atvinnu og hafa nokkra aðra menntun, t.d. tæknimenn eða löglærðir.

Skv. 14. gr. er gengið út frá, að öll eldri leyfi til

verzlunarrekstrar þurfi að endurnýja við gildistöku þessara laga. Er þetta í beinu samhengi þess, sem 11. gr. ákveður, að Hagstofa Íslands haldi skrá yfir alla þá, sem fá leyfi til verzlunarrekstrar. Gjald fyrir slíka endurnýjun verzlunarleyfa mun vera óverulegt, eða aðeins 200 kr.

Eitt er það nýmæli, sem telja má mikilsvert, þ. e. að samkvæmt 4. gr. er kveðið svo á í 1. lið um rétt til útgáfu verzlunarleyfa, að viðkomandi þurfi að vera íslenzkur ríkisborgari og vera heimilisfastur á Íslandi. Mjög hefur farið í vöxt, að erlendir menn stundi hér verzlunaratvinnu án þess að hafa hér fast heimilisfang. Þannig hefur íslenzka ríkið misst skatta og skyldur af slíkum atvinnurekstri.

Samkv. 12. gr. er gert ráð fyrir því, að þeir, sem stunda verzlunaratvinnu, hafi fasta starfsstöðu á Íslandi.

6. gr. frv. kveður á um takmarkanir og bann opinberra starfsmanna til verzlunarrekstrar. Er hér mjög hert á gildandi ákvæðum, og er slíkt án efa til góðs. Ekki er hægt að horfa upp á ríkjandi ástand, að opinberir starfsmenn tollstjóra eða ríkisbankanna, svo að eitthvað sé nefnt, stundi samhliða fullu starfi hjá ríkinu umfangsmikla verzlunarstarfsemi og jafnvel noti sér þá vitneskju, sem þeir afla sér í opinberu starfi.

Aðfluttir vörumarkaðir hafa verið tízkufyrirbrigði víða úti á landi nú á síðustu árum. Með 9. gr. frv. er leyfi til slíkra verzlunarhátta nokkuð takmarkað og bundið samþykki viðkomandi lögreglustjóra.

Eitt nýmæli er það í frv. þessu, sem áður var undanþegið lögum um verzlunaratvinnu, en það er sala mjólkur- og mjólkurafurða, sala á fiski og brauðvörum. Hér er um að ræða brýnustu nauðsynjavörur almennings, og vissulega er alveg sjálfsagt, að tryggja almenning sem bezt varðandi góða þjónustu við sölu á slíkri nauðsynjavöru.

Samkv. 17. gr. er gengið út frá, að lög þessi öðlist gildi 1. júlí n.k. Verður að vænta þess, að þetta frv. verði samþykkt á yfirstandandi þingi og undirbúningur undir framkvæmd laganna hefjist nú þegar, en eins og fyrr greinir, þá er gert ráð fyrir, að Hagstofa Íslands skrái öll verzlunarleyfi framvegis.

Herra forseti. Allshn. mælir með samþykkt þessa frv. með þeirri breytingu, sem gerð var í hv. Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
5.—17. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Bráðabirgðaákvæði samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 690).

---

50. Lán vegna framkvæmdaáætlunar 1968.

Á 94. fundi í Nd., 8. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968 [187. mál] (stjfrv., A. 547).

Á 95. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um að afla heimildar fyrir ríkisstj. til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar ríkisins fyrir árið 1968. Áður en ég vík að því að skýra frv. og lántökuheimildirnar, vildi ég aðeins fara örfáum orðum um málið í heild og hvaða viðfangsefni hér hefur verið við að glíma. Ég skal í því sambandi geta þess, að núna í næstu viku mun ég flytja Alþ. yfirlitsskýrslu um framkvæmdaáætlunina og yfirlit um þróun efnahagsmála á s. l. ári og framkvæmd þeirrar áætlunar, sem gilti fyrir það ár.

Þegar fjárlög voru til afgreiðslu hér fyrir áramótin varð mönnum það ljóst í sambandi við undirbúning þeirra, að vegna ástands í efnahagsmálum og peningamálum væru horfur á því, að mjög þröngt yrði á lánamarkaði á árinu 1968. Það var því þá þegar gerð bráðabirgðaframkvæmdaáætlun fyrir ýmsar helztu ríkisframkvæmdir, til þess að gera sér grein fyrir því, hvaða viðfangsefni væri hér við að fást, hvaða framkvæmdir það væru fyrst og fremst, sem óumflýjanlegt væri að afla fjár til. Með hliðsjón af þessum erfiðu horfum um fjáröflun var farið inn á þá braut, sem hv. Alþ. var þá gerð grein fyrir, að teknar voru inn í fjárlög allverulegar fjárhæðir til ýmissa framkvæmda, sem áður höfðu verið fjármagnaðar innan framkvæmdaáætlunarinnar, og var þannig ætlunin að létta verulega á um lánsfjáröflun á hinum almenna lánsfjármarkaði í landinu. Síðan gerðist það, sem hv. þdm. er kunnugt, að eftir áramótin varð að grípa til nýrra aðgerða til aðstoðar sjávarútveginum, sem leiddu af sér mjög veruleg ný útgjöld fyrir ríkissjóð, og í sambandi við lausn þess vanda kom í ljós, að það mundi vanta um 60 millj. kr. til þess að ná saman endum. Var því ekki um að ræða nema þrjá möguleika: að leggja á nýja skatta til þess að afla þessa fjár, hætta við þessar framkvæmdir eða í þriðja lagi að gera tilraun til þess að afla lánsfjár til

framkvæmdanna. Enda þótt vitað væri, að aðstæður höfðu síður en svo breytzt til batnaðar á hinum almenna peninga- og lánsfjármarkaði, var þó horfið að því ráði að freista þess, og þá með nýjar aðgerðir í huga til lánsfjáröflunar, að taka þessar 62 millj. kr. út úr fjárl. og reyna að afla fjár til þeirra innan ramma framkvæmdaáætlunar ársins 1968.

Miðað við allar aðstæður í efnahags- og peningamálum var það auðvitað hið eðlilegasta að skera verulega niður framkvæmdir á árinu 1968. Það var eðlilegt, eðlileg viðbrögð að sjálfsögðu, miðað við erfiðleikana á að afla fjár. Ríkisstj. hvarf hins vegar ekki að þessu ráði. Ekki voru framkvæmdir skornar niður að neinu ráði, og raunar var um beinar aukningar að ræða í mörgum greinum á framlögum til verklegra framkvæmda í fjárl. ársins 1968 og þegar leitað var sérstakrar heimildar til þess að draga úr ríkisútgjöldum nú eftir áramótin, var einnig þeirri meginstefnu fylgt að draga ekki úr fjárfestingum eða framlögum til verklegra framkvæmda að neinu ráði. Þetta byggðist á því, að mönnum var ljóst vegna ýmiss konar samdráttar í atvinnulífi, að það væri mjög erfitt, ef grípa þyrfti til þess neyðarúrræðis nú að láta erfiðleikana í fjáröflunarmálum verða þess valdandi, að verulega þyrfti að draga úr opinberum framkvæmdum. Þetta kom jafnframt í ljós í sambandi við kjarasamningana nú eftir áramótin, að verkalýðsfélögin lögðu að sjálfsögðu á það verulega áherzlu, að reynt yrði að halda í horfinu og út frá því var gengið, að ríkisstj. mundi reyna að miða framkvæmdaáætlun sína fyrir árið 1968 við þá meginstefnu að framkvæmdir yrðu svipaðar og þær voru á s.l. ári.

Þetta sjónarmið, sem látið hefur verið einnig ráða í sambandi við undirbúning framkvæmdaáætlunarinnar, hefur að sjálfsögðu skapað veruleg ný vandamál. Framkvæmdaáætlunin er að heildarupphæð, eins og fskj. með frv. bendir til, 575 millj. kr., en var 521 millj. árið 1967. Nú segir þetta að sjálfsögðu ekki nema lítinn þátt þeirrar sögu, hvað opinberar framkvæmdir séu miklar í landinu á hverju ári, vegna þess að þessi fjáröflun innan framkvæmdaáætlunarinnar, bæði til fjárfestingarlánasjóða og til ýmissa einstakra ríkisframkvæmda er ekki nema mikill minni hluti þess fjár, sem árlega er varið til opinberrar fjárfestingar eða fjármunamyndunar, bæði á vegum ríkis og sveitarfélaga. Og þegar það mál er skoðað niður í kjölinn, kemur einnig í ljós, að þar er um aukningu að ræða á árinu 1968. Ef fjármunamyndun hins opinbera er tekin samtals, varð hún á árinu 1967, miðað við verðlag þess árs, 2 milljarðar 490 millj., en verður á næsta ári, miðað við þær áætlanir, sem fyrir liggja, 2 milljarðar 770 millj., miðað við verðlag ársins 1967, en upphæðin sjálf á verðlagi ársins 1968 er 3 milljarðar 210 millj. kr. Ég mun ekki fara lengra út í þessa sálma hér, vegna þess að fyrir þessum tölum öllum mun verða gerð nánari grein í skýrslu minni til þingsins nú í næstu viku, en nefni þetta aðeins til þess að gefa heildarmynd af því, hvernig horfur eru í þessum efnum.

Fjáröflun innan framkvæmdaáætlunar ríkisstj. er tvíþætt. Annars vegar er fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og hins vegar fjáröflun til ýmissa opinberra framkvæmda. Fjáröflun til framkvæmdasjóðanna er nú á vegum Framkvæmdasjóðs Íslands, en er hins vegar tekin með í framkvæmdaáætlunina, vegna þess að innan hennar þarf að sjá fyrir fé til handa framkvæmdasjóðnum, sem hann svo aftur endurláni til sjóðanna.

Það er nauðsynlegt í rauninni, áður en horfið er að útgjaldamálunum, að gera sér grein fyrir þeim mörkum, sem voru á tekjuáætlunarmöguleikum, vegna þess að auðvitað er ótal margt, sem æskilegt væri að afla fjár til. Bæði hefði verið þörf á því, að sjóðirnir hefðu fengið meira fé og jafnframt áreiðanlega verið frá margra sjónarmiði þörf á því að verja meira fé til ýmiss konar opinberra framkvæmda. Þess vegna vildi ég leyfa mér að snúa mér fyrst að því að gera lítillega grein fyrir þeim peninga- eða fjáröflunarmöguleikum, sem til staðar voru og varð að miða útgjöldin við.

Í þessum efnum, eins og ég áðan sagði, er hagurinn allur miklu verri en á s.l. ári, og var það þó tilviljun að ýmsu leyti, hvernig það ár kom út. Í fyrsta lagi voru til ráðstöfunar á því ári 57 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966. Það fé er auðvitað ekki til staðar fyrir árið 1968.

Í öðru lagi var gert ráð fyrir að afla 125 millj. með sölu spariskírteina á árinu 1967. Það var ljóst, þegar leið á árið, að það var engin von til þess, að þessi spariskírteini seldust. Þau seldust að vísu öll, en það var af sérstökum ástæðum og vegna þess, að gengisbreytingin kom til og olli því, að menn keyptu þá verulegt magn af þessum spariskírteinum og má segja, að þar hafi verið hyggilegri fjárráðstöfun en margt annað, sem gert var í því sambandi á vegum borgaranna. En með þessum hætti tókst að afla þessa fjár á s. l. ári.

Það var hins vegar alveg ljóst, enda hygg ég, að það geti varla orðið deiluefni hér á hinu háa Alþ., að auðvitað fer því víðs fjarri, að nokkur von sé til þess að selja slíkt magn spariskírteina á þessu ári. Og jafnvel þó að það væri hægt, er svo þröngt á lánamarkaði til þess að mæta fjárþörfum atvinnuveganna, að þess er enginn kostur að leggja slíka byrði á lánamarkaðinn.

Upphaflega var ætlunin að bjóða aðeins út 50 millj. í nýju spariskírteinaláni í ár, en við erfiðleikana á að koma saman framkvæmdaáætluninni, varð þó að spenna bogann nokkru hærra og fara upp í 75 millj. kr., sem er algert hámark þess, sem nokkur von er til, að hægt sé að selja, og raunar djarft spilað. Af þessu leiðir, að um er að ræða 50 millj. kr. minni möguleika til þessarar fjáröflunar en á s. l. ári. Gert er ráð fyrir að PL-480 lán fáist á þessu ári svipuð upphæð og á s. l. ári, og er reiknað með því í fjáröflununni.

Það hefur verið föst venja undanfarin ár að semja

við viðskiptabankana um það, að þeir legðu 10% af sparifjáraukningu sinni eða innlánsfjáraukningu til framkvæmdaáætlunarinnar, og hefur það fé verið látið ganga til fjárfestingarlánasjóðanna. Sparifjáraukning hefur minnkað mjög að undanförnu, minnkaði stórlega á s. l. ári og það, sem af er þessu ári, benda horfur til þess, að hún verði enn minni í ár. Það er því áreiðanlega teflt á tæpt vað með því að áætla, að þessi möguleiki geti gefið nú um 50 millj. kr., svo sem gert er ráð fyrir í þeim áætlunum sem gerðar hafa verið um þessa fjáröflun. Þegar þetta var skoðað og við höfðum þessar tölur fyrir okkur miðað við útgjaldaþörfina, var það augljóst mál, að þess var enginn kostur að ná saman endum, nema þá með stórfelldum niðurskurði verklegra framkvæmda og raunar illmögulegt, vegna þess að í mörgum greinum var ríkið bundið með samningum í sambandi við útboð verka. Það varð að standa straum af skuldum, sem varð að greiða árgjöld af, og ýmsar aðrar aðstæður voru þannig, að það var illframkvæmanlegt. Það var þá í rauninni ekki annað fyrir hendi til viðbótarfjáröflunar en að kanna möguleikana á því að taka erlend lán og það hefur verið í athugun nú að undanförnu. Seðlabankinn hefur annazt könnun þess fyrir ríkisstj. hvort möguleiki væri á að afla erlends láns.

Ég skal hins vegar játa það fúslega, að taka á erlendu láni til almennra framkvæmda í landinu er mjög varhugaverð og verður að gerast af mikilli varúð og réttlætist ekki, nema um sé að ræða sérstæðar aðstæður, sem telja verður að nú séu fyrir hendi miðað við þann samdrátt, sem í ýmsum greinum hefur orðið í atvinnulífinu. Það er það eitt, sem réttlætir slíka lántöku til almennra framkvæmda, vegna þess að við þurfum á næstunni að leita á náðir erlendra lánastofnana með verulegar lántökur. M. a. hefur verið talað um vegamálin í því sambandi, og ýmis önnur mannvirki koma þar til greina, en eftir því sem við tökum meira af erlendum lánum, því minni verða möguleikar okkar á því að taka erlend lán til viðbótar. Þetta liggur í augum uppi, og því verður að sýna fulla varúð í þessu efni. En engu að síður sér ríkisstj. ekki annað ráð til þess að koma þessari framkvæmdaáætlun saman en leita heimildar Alþ. til að taka erlend lán, er nemi að jafnvirði 275 millj. kr. Þetta er orðað í íslenzkri mynt vegna þess að það er ekki alveg vitað enn þá, í hvaða mynt lánið verður tekið, þannig að það þykir ekki rétt að setja það inn í frv. En það er miðað við, að lánsfjárhæðin sé um það bil 2 millj. sterlingspunda. Með því að nota allt þetta erlenda lánsfé, hefur tekizt, með herkjum þó, að koma saman framkvæmdaáætluninni. Ég segi með herkjum þó, vegna þess að í rauninni standa þar út af um 12 millj. kr., sem okkur hefur ekki enn þá tekizt að brúa, og það verður þó svo að vera, að það verði reynt að brúa það með bráðabirgðaláni í bili. Þetta stafar m. a. af þeim miklu útgjöldum, sem nú eru til vegamála í ár og þarf að afla innan framkvæmdaáætlunarinnar, enda þótt nú sé gert ráð fyrir nýrri fjáröflun til vegasjóðs. En þó að eitthvað þyrfti að velta vissum fjárhæðum þar á milli ára, smávegis fjárhæðum, ylti það kannske ekki á öllu, en það verður að miða við, eins og ég segi, að þessar 12 millj. verði með einhverju móti teknar sem bráðabirgðalán, ef okkur tekst ekki að spara á einhverjum öðrum sviðum, þannig að það er ljóst, að hér er teflt á yztu nöf.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þessa sálma, en aðeins lítillega að gera grein fyrir því, hvað hér er beðið um. Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að gefa út 75 millj. kr. spariskírteinabréf og sömuleiðis að endurnýja þau spariskírteinalán, sem átti að innleysa á þessu ári. Þá er leitað heimildar til þess að mega taka hið erlenda lán, sem ég gat um áðan, og heimildar til þess að endurlána það, en gert er ráð fyrir því, eins og séð verður í þeirri töflu, sem frv. fylgir, að hluti af þessu láni gangi til fjárfestingarlánasjóðanna. Öðruvísi er ekki hægt að afla fjár til þeirra, og þetta léttir að sjálfsögðu á bankakerfinu að þurfa þá ekki að leggja fram það fé, sem þarf til hinnar opinberu fjárfestingar eða framkvæmda ríkissjóðs.

Þá er gert ráð fyrir því að leita heimildar til þess að taka 500 þús. dollara að láni hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, en það er framhald af framkvæmdaáætlunarfé Vestfjarða og verður notað til framkvæmda á Vestfjörðum, þannig að af þessu fé mundu fara 16 millj. kr. í vegi, 9.8 millj. í hafnir og 1.2 millj. til flugsamgangna. Þá er og óskað eftir heimild til þess að fjmrh. megi taka PL-480 lán að upphæð 1 millj. 425 þús. dollara. Þá er leitað heimildar til þess, að taka megi tækjakaupalán erlendis í þágu flugmála og raforkumála, þ. e. í samræmi við það, sem gert hefur verið tvö síðustu árin, og loks er leitað heimildar til þess að mega taka 90 millj. kr. lán eða allt að þeirri upphæð til byggingar hinna tveggja strandferðaskipa, sem nú eru í smíðum fyrir Skipaútgerð ríkisins. Það er gert ráð fyrir því, að fjár verði aflað með sérstökum hætti til þeirra framkvæmda og fyrst og fremst með því að taka vörukaupa- og exportlán erlendis, þannig að þær framkvæmdir leggjast ekki með þunga á aðra liði framkvæmdaáætlunarinnar.

Loks er í III. kafla frv. leitað heimildar til þess að ráðstafa þessu fé til framkvæmda, í fyrsta lagi að mega lána af erlenda láninu Framkvæmdasjóði Íslands 113 millj. kr. og í öðru lagi að mega ráðstafa öðru fé innan framkvæmdaáætlunarinnar til þeirra sérstöku framkvæmda, sem taldar eru í 11. gr. frv.

Í töflu II á bls. 5 með frv. er að finna sundurliðun á því fé, sem fer til einstakra þeirra framkvæmdaliða, sem nefndir eru í 11. gr., vegna þess að þar er vitanlega um að ræða margvíslega aðra fjáröflun til þessara framkvæmda en sem felast í framkvæmdaáætluninni sjálfri. Þar er um viðbótarfjáröflun að ræða. Og jafnframt er að finna þar skýringar með einstökum liðum á því, hvernig þessa fjár er aflað, og sé ég því ekki ástæðu til, nema sérstakt tilefni gefist til, að fara að þreyta hv. d. með því að rekja

það í einstökum atriðum. Þessi tafla ætti að skýra sig sjálf að þessu leyti. En það sem er hæsta nýja upphæðin í þessari fjáröflun, er til Búrfellsvirkjunar, 75 millj. kr. Ríkissjóður á samkv. samningi að leggja fram 100 millj. kr. til Búrfellsvirkjunar og verður að hafa lokið því á þessu ári. Greiddar hafa verið 25 millj. kr. af þessu framlagi á s. l. ári, en 75 millj. kr. þurfa því að greiðast í ár.

Um raforkumálin er það að segja aðeins í örfáum orðum, að hér er um að ræða hina venjulegu fjárfestingarþörf Rafmagnsveitna ríkisins. Það er fyrirtæki, sem er mjög illa statt fjárhagslega, hefur enga varasjóði til þess að leggja fram til framkvæmda og hefur því þurft að afla lánsfjár til allra framkvæmda á vegum þess fyrirtækis eða stofnunar. Annar liðurinn, sem þar er um að ræða, er raforkumál og sérstakar framkvæmdir. Þar er með talin hugmynd, sem uppi hefur verið um það að gera tilraun að gufuvirkjun í Námaskarði, sem er talin mjög nauðsynleg, áður en lengra er farið í rafvæðingarmálunum, og það ætti að vera hægt að koma þeirri gufuvirkjun upp mjög skjótlega, án þess að hún kosti mikið fé. Gufuveita í Reykjahlíð er í sambandi við kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn. Ríkið er skuldbundið til þess samkv. samningi að leggja verksmiðjunni til gufu og það greiðist að sjálfsögðu á sínum tíma, þannig að þetta er ekki baggi á ríkissjóði.

Jarðborun á Reykjanesi er hugsuð til þess að kanna möguleika í sambandi við sjóefnaverksmiðju, og er það hin brýnasta nauðsyn, að þetta verði kannað til hlítar. Þetta eru athuganir á jarðhita á Reykjanesi, sem þarf að gera til þess að fullvissa sig um það, hvort þarna er nægileg orka til þess að reisa slíka verksmiðju á þessum stað.

Sérstök fjáröflun er 40 millj. til landshafnanna, sem er aðallega til tveggja landshafna; í Njarðvíkum og Þorlákshöfn, og þar hafa verið gerðir verksamningar, þannig að það verður að sjá fyrir þessu fé.

Vegirnir koma þarna einnig inn, 82.6 millj., sem er flokkað undir vegi almennt og síðan Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi með 10.9 millj. Um þá vegaframkvæmd var gerð áætlun á s. l. ári. Það er ekki gert ráð fyrir, að hún verði baggi út af fyrir sig, en það þarf að afla í bili allverulegs lánsfjár til þess að hægt sé að vinna að þessum framkvæmdum, þar eð tekjur, sem eiga að standa undir þessu, koma smám saman til, og það var gerður um það samningur í fyrra, að hafizt yrði handa um þetta í ár og ekki neinn möguleiki til þess að fresta því lengur.

Aðrar vegaframkvæmdir eru þarna mjög verulegar, eins og hv. þdm. sjá, og það er utan þeirra framkvæmda, sem getið er um í sambandi við fjáröflun til vegamála í þeim till., sem nú liggja fyrir Alþ. um það efni, þannig að heildarfjárvöntunin til vegamála á árinu 1968 var raunverulega um 200 millj. kr. Langstærsti liðurinn, sem hér er um að ræða, er lánsfjáröflun vegna Reykjanesbrautar. Það er til að greiða afborganir og vexti af þeirri miklu framkvæmd umfram það, sem tekjur hrökkva til af þeim vegi og fjárveitingar, sem á öðrum sviðum eru til þess að mæta þessari þörf. Og það mun á næstu árum verða að taka upp verulegar fjárveitingar til þess að standa straum af kostnaði við þessa vegagerð, því að það tekur alllangan tíma að greiða það á þann hátt, sem áætlað hafði verið, fyrst og fremst með vegagjaldinu.

Þá er þarna einnig um að ræða framkvæmd í sambandi við byggingaráætlun ríkisstj., 3.6 millj. kr., við Breiðholtsveginn, sem þurfti að leggja fé til, og til Kísilvegarins við Mývatn, sem á að ljúka á þessu ári niður á Húsavíkurveginn, eru 11.6 millj. kr., sem einnig er gert ráð fyrir, að verði aflað með þessum hætti, en það hefur verið samið um það verk, og það verður að greiðast á tveimur árum. Hluti af þeim kostnaði eða 15 millj. kr. er nú í fjárl. Og loks eru 3 millj. kr. til Austurlandsvegar. Þar að auki eru svo 20 millj. umfram þessar framkvæmdir, sem ég hef nefnt, annars vegar 10 millj. vegna Landsvirkjunarvegar, sem Landsvirkjun hefur lagt út, en ríkið á að endurgreiða, og 10 millj. kr. er algert lágmark að greiða af láni vegna Keflavíkurvegar, sem tekið var erlendis og er lausaskuldalán, og verður að gera um það einhvern samning og ekki hugsanlegt, að það verði hægt að sleppa betur með það en að borga af því 10 millj. Þetta lán mun nú vera 85 millj. kr.

Flugmálin þurfa engrar skýringar við. Þarna er um að ræða verulega lækkun frá því, sem varð á s. l. ári, en það er gert ráð fyrir, að nokkur hluti komi einnig í gegnum tækjakaup. Svo ber þess einnig að gæta, bæði með vegamálin, flugmálin og hafnarmálin, að Vestfjarðaáætlunin er ekki tekin þarna með, heldur er hún alveg sér á blaði.

Næstu tveir liðir, skólar og sjúkrahús, eru þær upphæðir, sem voru teknar út úr fjárl. og ætlunin er að fjármagna innan framkvæmdaáætlunarinnar.

Lögreglustöð í Reykjavík hefur verið í byggingu alllengi. Upphaflega var gert samkomulag um það við bankana að afla fjár til þeirrar byggingar. Þar hefur orðið sú reyndin á, eins og í flestum öðrum tilfellum um opinberar framkvæmdir, sem staðið hafa árum saman, að framkvæmdin hefur orðið mun dýrari en gert var ráð fyrir, þannig að það þarf að afla verulegs viðbótarfjár, og er gert ráð fyrir að afla 7 millj. til þeirra framkvæmda innan áætlunarinnar í ár.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um þetta á þessu stigi. Það eru auðvitað ótal mörg atriði, sem ég þykist vita, að hv. þm. vilji gjarnan fá upplýsingar um. Eins og ég áðan sagði, mun í einstökum atriðum verða gerð grein fyrir þessu í grg. minni um framkvæmdaáætlunina fyrir 1967 og heildaryfirlitið fyrir árið í ár, sem flutt verður þinginu að venju, áður en þinghaldi lýkur, en ef ég ætti að öðru leyti að fara að skýra þetta í einstökum atriðum, væri það allt of langt mál, og hygg ég, að þá væri æskilegra, ef einhverjir hv. þm. hafa fsp. fram að bera um þetta efni, að þeir geri

það áður en ég fer að flytja lengra mál um þetta, og ég mun þá leitast við að svara því, eftir því sem ég hef aðstöðu til og upplýsingar um hér, en að öðru leyti verður að sjálfsögðu hægt að gefa hv. n., sem fær þetta til meðferðar, allar þær upplýsingar, sem hún óskar að fá.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og ég verð því miður að fara þess á leit við hv. n., að hún reyni að hraða svo störfum sínum, að hægt verði að taka frv. helzt hér aftur til meðferðar á þriðjudag að loknu páskahléi, því að frv. þarf að sjálfsögðu að afgreiðast, áður en þingi lýkur. Og ég tel þó auðið að fara fram á þetta, vegna þess að hingað til hefur það ekki verið neitt deilumál út af fyrir sig að veita ríkisstj. heimild til að taka þessi lán, sem eru svipað því, sem hér um ræðir, að undanskildu erlenda láninu, þó að menn kunni að hafa haft eitthvað skiptar skoðanir um það, að hvaða verkefnum ætti svo að vinna, en það er nokkuð annað mál.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég held, að það sé ekkert of mikið sagt, að þetta frv., þó að ekki sé það fleiri greinar eða lengra meginmál, sé eitt hið flóknasta mál, sem Alþ. fær til meðferðar og gangi næst fjárl. í því tilliti. Í þessu máli er fólgin í raun og veru áætlun, framkvæmdaáætlun fyrir opinberar framkvæmdir og hvernig fjár skuli aflað til þeirra umfram það, sem gert er á fjárl.

Ennfremur er í þessu frv. í raun og veru mótuð fjárfestingarlánastefna stofnlánasjóða atvinnuveganna, eins og þeir leggja sig, og hvernig þess fjár skuli aflað til þeirra, sem þeir hafa ekki tryggt með föstum ákvæðum í löggjöfinni eða á annan hátt.

Hér er sem sé um framkvæmdaáætlun að ræða fyrir opinberar framkvæmdir og fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna. Verður að telja það mjög miður farið, að hæstv. ríkisstj. skuli leggja þetta mál fram jafn flókið og það er, alveg á síðustu dögum þingsins, ef maður á að trúa því ótrúlega, að það sé ætlun hæstv. ríkisstj. að ljúka þingi á laugardaginn í vikunni eftir páska, — ég segi trúa því ótrúlega, því að það munu vera tugir mála, sem þurfa afgreiðslu fyrir þinglok.

Má nærri geta, hvernig aðstaða hv. Alþ. er til þess að kryfja þetta stórflókna mál til mergjar, sem hér liggur fyrir, og t. d. nefndanna, sem eiga að fjalla um þetta efni. Ég álít, að það sé rík ástæða til að finna að þessu og láta í ljósi þá ósk, að menn leggi sig fram um, að framvegis verði þessu ekki háttað á þessa lund.

Í raun og veru þyrfti mál af þessari gerð að fylgja sjálfum fjárl., vegna þess að þetta er í raun og veru eins konar viðauki við þau. Þetta eru eins konar lánafjárlög fyrir ríkið og þyrftu að fylgja sjálfum fjárl. í afgreiðslunni, til þess að menn fengju þá heildaryfirlit um, hvað ætti að gera, sumpart fyrir þær tekjur, sem ríkissjóður aflar sér, og sumpart fyrir það lánsfé, sem skrapað yrði saman. Þá fyrst væri hægt að segja, að hér væri afgreiðsla gerð af fullu yfirliti.

Ef þetta reyndist ekki ætíð fært, væri æskilegt, að þetta mál, lánafjárlögin, yrði þá lagt fram strax þegar þingið kæmi saman að afloknu jólahléi, þannig að hægt væri að vinna að hinum venjulegu fjárlögum fram að áramótum og ljúka þeim af, en síðan hægt að taka til við lánafjárl. og framkvæmdaáætlunina í þinginu strax eftir áramótin. Ég vildi skjóta því fram, að reynt yrði að koma því til vegar, að þessi venja skapaðist framvegis.

Auðvitað afsaka menn sig með því, að það sé í mörg horn að líta og í mörgu að snúast og betra að sjá fleira en færra af því, sem á eftir að gerast allra fyrstu mánuði ársins, áður en lánafjárl. eða lánastefnan er ákveðin. En slíkt er ekki hægt að telja frambærilega afsökun vegna þess, hversu mikið er í húfi, að þetta málefni geti fengið skynsamlega athugun í þinginu, ekki síður en fjárl. sjálf. Þessu má ekki kasta á þessa lund inn á Alþingi, því að enginn veit þá í raun og veru upp né niður um það, hvað verið er að afgreiða, því að það er alveg víst, að þó að menn leggi alla þá vinnu, sem hægt er að koma við, eins og nú er háttað um þinghaldið, í þetta mál, munu flestir verða nokkurn veginn jafnnær um suma þýðingarmestu þætti þess. Svo margslungið er þetta eins og hv. þm. geta séð með því að lesa greinargerðina, því að þá vaknar spurning nálega við hverja línu, sem lesin er, því að hér er víðast hvar í frv. um að ræða viðbótarfjáröflun í einhverja stofnlánadeild eða einhverja stofnun og til þess að hafa nokkurn möguleika til að skapa sér skoðun á því, hvort hún sé skynsamleg eða ekki eða réttmæt samanborið við annað, þyrftu menn að hafa sem frumgagn heildarlánaáætlun þeirrar stofnunar, sem þar á hlut að máli, eða framkvæmdaáætlun þeirrar greinar, sem við er átt.

Ég ætla ekki í sambandi við þetta mál að setja upp sérstakan eldhúsdag á hæstv. ríkisstj., allra sízt þar sem bráðlega verður rætt almennt um landsmálin og hennar stefnu og framkvæmdir. En óneitanlega er sú yfirlýsing hæstv. fjmrh. mjög athyglisverð, sem hér kom fram, að ríkisstj. sér nú engin úrræði til þess að halda uppi venjulegum almennum opinberum framkvæmdum önnur en þau að taka erlend lán til þeirra í stórum stíl. En þetta var stefnuyfirlýsing og niðurstaða hæstv. ráðh. Stjórnin sæi engin önnur ráð, eins og nú væri komið fjármálum landsins og efnahag, sæi engin önnur ráð til þess að halda uppi almennum verklegum framkvæmdum. Þetta kemur raunar ekkert á óvart miðað við þá þróun, sem hér hefur verið á undanförnum árum, þegar þess er gætt, að opinberar framkvæmdir hafa í sívaxandi mæli, ár frá ári, í mestu góðærum, sem við höfum lifað, verið pillaðar út af fjárl. og hætt að fjármagna þær með venjulegum tekjum ríkissjóðs, en tekin lán til þeirra, sem síðar þurfti vitaskuld að borga. Það hlaut að koma að skuldadögunum.

Þessa fjármálapólitík hefur ríkisstj. rekið ár eftir ár í mestu góðærum, sem við höfum nokkurn tíma lifað. Hún hefur ekki fundið pláss á fjárl. sínum, þó að þau hafi hækkað árlega um 700—800 millj. eða eitthvað svoleiðis, hefur ekki fundið pláss fyrir þessar framkvæmdir. Því hefur í vaxandi mæli orðið að tína þær út af fjárl. og fjármagna þær með lánum, og það sumpart til stutts tíma. Spegilmyndin er svo að dálitlu leyti í þessu frv., eins og sést á því, að af þeim 330 millj., sem ríkisstj. ætlar að afla með lánsfé til þess að greiða með inn í opinberar framkvæmdir, eiga 156 millj. að fara til þess að höggva eitthvað í þessar skuldir, sem sagt til þess að greiða þær framkvæmdir, sem á undanförnum árum hafa verið unnar, — eða nálega helmingur af því lausafé, sem meiningin er að afla í svokallaðar opinberar framkvæmdir. Nú hygg ég, að flestir hljóti að vera sammála um, að hvað sem tautar verður að halda uppi framkvæmdum, m. a. vegna þess, að ef það verður ekki gert, munum við búa hér við dynjandi atvinnuleysi. Og má vel vera, að það verði hlutskiptið að búa við atvinnuleysi, þó að hæstv. ríkisstj. fái þetta erlenda lán til þess að fleyta með opinberu framkvæmdunum í bili. Það gæti svo farið, að hér yrði atvinnuleysi eigi að síður. En það er alveg víst, að úr framkvæmdunum má ekki draga og vafalaust sízt of í lagt í því sambandi í þessum lánafjárlögum hæstv. ríkisstj.

Ef við lítum á þessi lánafjárlög, sem ég kalla, þann þátt þeirra, sem fjallar um opinberar framkvæmdir, vakna svo ýmsar spurningar, og væri æskilegt að fá svör við þeim, ef ekki við þessa 1. umr., þá í sambandi við störf þeirrar n., sem fjallar um þetta málefni. Ég vil nefna hér aðeins fjögur atriði. Það eru fyrst framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins. Hvaða framkvæmdir eru þetta á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, sem þarna er gert ráð fyrir upp á 52 millj.? Það þarf að fá upplýsingar um það. Eru þetta framkvæmdir, sem heimilaðar eru einhvers staðar í l. áður, sérstökum l. eða t. d. 22. gr. fjárl. eða hafa þær ekki verið heimilaðar neins staðar í l. og því verið að leita lagaheimildar fyrir einhverjum framkvæmdum í þessari grein í þessu frv.? Þetta þarf að liggja alveg ljóst fyrir um þennan lið og um aðra þá framkvæmdaliði, sem greindir eru í þessari áætlun. Sannast að segja eru þessi málefni öll orðin svo flókin, að það er tæpast nokkrum manni fært að botna í þessu lengur. Málin eru afgreidd í mörgu lagi í mörgum bútum, og það þarf orðið sérfræðinga til þess að finna út úr þeirri flækju. T. d. er það alveg augljóst af þessu frv., sem hér liggur fyrir og grg. með því, að það getur enginn maður í þessum gögnum séð hvað af þeim framkvæmdum, sem hér er gert ráð fyrir, hefur verið ákveðið áður í löggjöf af Alþ. eða heimilað og því alls ekki, hvort verið er að leita nýrra heimilda eða ekki. En auðvitað hefðu þessu máli þurft að fylgja í grg. skýringar á þessu til fullrar hlítar, þannig að hv. alþm. gætu séð, án þess að spyrja hvaða framkvæmdir það eru á vegum ríkisins, sem meiningin er að greiða með því lánsfé, sem stjórnin sækist eftir, og eins og ég hef margtekið fram, hvort þær eru áður heimilaðar eða ekki.

Þá vil ég næst gera sams konar fsp. um 5. liðinn. Það eru hafnirnar. Hvaða hafnir eru það, sem gert er ráð fyrir að vinna við samkvæmt þessum lánafjárl., og hafa þau framlög, sem þarna er gert ráð fyrir af ríkisins hendi verið heimiluð áður eða er þar um nýjar heimildir eða nýjar fjárveitingar í raun og veru að ræða til hafna? Það kemur alls ekki fram af frv. eða fskj. þess, að ég fái séð, hvernig þessu er farið.

Þá kemur 6. liðurinn. Það eru vegirnir, og þeim eru ætlaðar hér á þessari áætlun 174 millj., og 94 millj. af því eða meira en helmingur er til þess að greiða vegalán, vegagerðarlán, 79 millj. til nýrra vega. Og kemur þá enn þessi sama spurning: Hvaða vegir eru þetta? Eru þetta eingöngu þeir vegir, sem eru á vegáætlun? Það er vafalaust ekki. Þar eru sjálfsagt einhverjir vegir sem heimilað hefur verið að vinna í fyrir lánsfé. En þá spyr ég: Hverjir eru þeir? Hvaða vegir eru ráðgerðir í þessari framkvæmdaáætlun eða þessum nýju fjárl.? Hvaða vegir eru í þessari tölu? Eru það þá vegir, sem búið er að heimila lántöku til, eða er þarna verið að sækja um lántökuheimild í einhverja vegi, sem ekki hafa áður verið teknir inn á vegáætlun eða vegalánaáætlun?

Alveg nákvæmlega sams konar spurninga má spyrja í sambandi við 8. liðinn, um flugmál, 9. liðinn, um skólana og 10. liðinn, um sjúkrahúsin. Allir þessir liðir eru sama eðlis og ómögulegt að sjá, hvort hér er eingöngu um fjárveitingar að ræða, sem áður hafa verið heimilaðar sérstaklega, eða hvort hér er um nýjar ákvarðanir að ræða varðandi einstakar byggingar. Og yfirleitt sýna þessar spurningar, sem ég hef sett hér fram, og það sem ég hef sagt um þetta mál, hversu nauðsynlegt það er, að mál eins og þetta fylgi fjárl. Þetta eru hreinlega viðbótarfjárl. Eða a. m. k. er nauðsynlegt, að það komi í kjölfar fjárl. og að skýrt sé nákvæmlega samhengi þessara mála, þannig að menn vaði ekki gjörsamlega í villu og svima um það, hvað er að gerast, eins og menn hljóta að gera, þegar menn kynna sér þetta frv. og það, sem því fylgir.

Vandann, sem við er að fást í okkar efnahagslífi, og í hvert óefni komið er í okkar fjárhagsmálum, má svo m. a. sjá af því, sem hæstv. fjmrh. rifjaði upp, að það er alveg nýlega búið að taka 60 millj. af þeim litlu verklegu framkvæmdum, sem voru á fjárl., út af þeim, vegna þess, að því er sagt er, að það séu ekki peningar til að borga með af fjárlagafé, þó að þau séu komin á 6. milljarð og er þá ráðgert, að þetta verði unnið fyrir lánsfé. Síðan er búið að vera að leita að lánsfé hér innanlands, að því er stjórnin segir, og það finnst ekki, og þá verður að bjarga með erlendri lántöku á þá lund, sem hæstv. ráðh. gerði grein fyrir. Og um það er ekkert að efast, að okkar málum er þannig komið, að það er brýn þörf á erlendri lántöku til þess að fleyta okkur á næstunni, ef eðlilegar framkvæmdir eiga að eiga sér stað. En þá þyrfti að sjálfsögðu, ef vel væri, að nota þann

tíma, sem menn fleyta sér yfir með stórfelldum erlendum lántökum, eins og verður okkar hlutskipti á næstunni, til þess að koma fram stefnubreytingu í fjármálum og efnahagsmálum og fitja algjörlega upp á nýjan leik. Reyna að koma sér inn á einhverja heppilegri leið en þá, sem menn hafa farið undanfarið og endar með þessum ósköpum eftir þau mörgu góðu ár, sem við höfum óneitanlega lifað.

Þá vil ég víkja aðeins örfáum orðum að því, hvernig hæstv. ríkisstj. hyggst snúa sér að útvegun lánsfjár innanlands. Ég hef rætt aðeins um erlendu lántökuna og skal ekki fjölyrða meira um hana. Við sjáum, að það er gert ráð fyrir því að bjóða út innanlands sparifjárskírteini fyrir 75 millj. kr. og enn fremur vitum við, sem erum í stjórn framkvæmdasjóðs, sem kemur inn í þessa mynd, að í þessum útreikningum um fjármagnsþörf framkvæmdasjóðsins er gert ráð fyrir því, að viðskiptabankarnir leggi 50 millj. af sínu fé í fjárfestingarlán á þessu ári. Við getum því í raun og veru sagt, þegar þess er gætt, að þessar 75 millj. í sparifjárskírteinum verða annaðhvort sparifé, sem tekið er út úr bönkunum til þess að breyta í sparifjárskírteini, eða þá menn leggja það fé í sparifjárskírteini, sem þeir ella hefðu farið með í bankana, — getum í raun og veru sagt, að hæstv. ríkisstj. ætlist til þess, að viðskiptabankakerfið, sem ég stundum kalla rekstrarlánabankana, því að þeir eru það nú að mestu leyti, það er þeirra hlutverk að hafa rekstrarlánastarfsemina með höndum, en fjárfestingarsjóðirnir hafa stofnlánastarfsemina og svo ríkið sjálft, — getum við sagt, að ætlazt sé til þess, að viðskiptabankarnir eða rekstrarlánabankarnir leggi inn í þetta 125 millj. kr., sumpart beint af því fé, sem þeir fá inn til sín, og sumpart af því, sem þeir ella hefðu fengið, ef sparisjóðsskírteinin hefðu ekki verið seld.

Ég vil segja það alveg hiklaust, sagði það í fyrra og segi það enn, og ég vil segja það með enn meiri þunga í ár, að það er komið þannig fyrir viðskiptabönkunum, að það er ekki hugsanlegt, að þeir geti tekið þetta á sig að óbreyttum öðrum ástæðum. Það er með öllu óhugsanlegt, að þeir verði píndir til þess að gera þetta án þess að stórslys verði af. Ef þeir verða píndir til þessa verður afleiðingin einfaldlega sú, að þeir munu klemma enn meira en gert hefur verið að atvinnuvegunum með rekstrarfé, og er þó sízt á það bætandi, því að árum saman hefur það verið ein helzta meinsemd í íslenzkum þjóðarbúskap og íslenzku atvinnulífi, hvað viðskiptabankarnir hafa verið vanmegnugir þess að leggja atvinnuvegunum lífsnauðsynlegt rekstrarfé. Það hefur kveðið svo rammt að þessu, að það hefur tæpast verið hægt að reka nokkurt fyrirtæki á Íslandi með fullri ráðdeild árum saman vegna skorts á rekstrarfé. Þess vegna mundi það vera að fara algjörlega úr öskunni í eldinn í þessu efni, ef nú á enn að klemma að viðskiptabönkunum.

Mín skoðun er sú, að þetta sé með öllu óhugsandi að gera, án þess að stóróhöpp hljótist af, nema því aðeins að jafnframt verði minnkuð hin árlega sparifjárbinding eða felld niður, sparifjárbindingin til Seðlabankans. Stjórnvöldin ættu að viðurkenna, að hvað sem líður eldri deilum um þessa sparifjárbindingu, þá er núna orðið þvílíkt neyðarástand hjá viðskiptabönkunum í sambandi við *rekstrarfjárþörf atvinnuveganna*, að þessari bindingu er ekki hægt að halda áfram eins og verið hefur. Það er að mínu viti með öllu óhugsandi að láta viðskiptabankana halda áfram að leggja inn í fjárfestingarlánin, nema með því að minnka þá á móti sparifjárbindinguna og auka eitthvað endurkaup Seðlabankans á afurðavíxlum frá því, sem verið hefur. Það er alveg tvímælalaust, að þetta hvoru tveggja verður að ske í verulegum mæli.

Það er býsna fróðlegt að athuga það, hvernig búið hefur verið að viðskiptabönkunum undanfarin ár í sambandi við þá nýju lánastefnu, sem tekin var upp 1960 og var fólgin í því að reyna að draga úr þenslunni með því að láta Seðlabankann leggja sífellt minna og minna af sinni hálfu inn í almenna lánakerfið, sérstaklega inn í almenna rekstrarlánakerfið. Þessi tilraun til þess að draga úr þenslunni með því að þjarma þannig að rekstrarlánabönkunum eða viðskiptabönkunum, hefur að mínu viti verkað eins og eitur fyrir atvinnulífið á undanförnum árum, og það er ekki sízt af þessum ástæðum, að svo er komið sem komið er fyrir mörgum íslenzkum fyrirtækjum. En þó að rekstrarlánaklemman hafi verið okkur erfið á undanförnum árum, þá hefur hún aldrei verið verri en nú. Í því sambandi langar mig til þess að vitna í þskj. sem hér hefur nýlega verið lagt fram, en þar er umsögn um þetta efni frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Samtökin hafa álitið, að undanfarin ár hafi hvergi nærri verið séð fyrir nægjanlegu rekstrarfé til útgerðar fiskiskipa né nægjanlegu láni út á unnar sjávarafurðir og lýsa sig því fylgjandi sérhverjum aðgerðum og till., sem eru til bóta í þessu efni.“ Enn fremur segja forráðamenn þessara samtaka: „Þá viljum við benda á, að rekstrarfjárskorturinn til útgerðar fiskiskipa hefur aldrei verið meiri en nú, einkum eftir gengisbreytinguna á s. l. hausti, og hafa rekstrarlán ekkert hækkað, þrátt fyrir eindregnar óskir samtakanna og ábendingar um mikinn kostnaðarauka við að hefja útgerð.“

Þetta segja forráðamenn útgerðarinnar og segja áreiðanlega satt. Aldrei hefur verið verr ástatt í þessu efni en einmitt nú. Í sama streng tekur Stéttarsamband bænda, enda er það kunnugt mál, að rekstrarlánum til landbúnaðarins hefur verið haldið óbreyttum að krónutölu í nálega 9 ár, þeim sem út eru látin í marz-júní. Geta menn ímyndað sér, hvernig ástandið muni vera orðið í þeim herbúðum.

Og iðnaðurinn hefur í raun og veru nokkuð sömu sögu að segja varðandi rekstrarlán, enda er sannleikurinn sá, að mörg af myndarlegustu fyrirtækjum landsins og bezt stæðu eru nú í svo

ferlegum greiðsluvandræðum, að liggur við stöðvun, jafnvel stælt og efnuð fyrirtæki. Þess vegna vil ég taka mjög kröftuglega undir það, sem hér kemur fram frá LÍÚ, að hér er mikið í hættu. Sannleikurinn er sá, að það gagn, sem getur orðið að gengisbreytingunni og ýmsum ráðstöfunum til stuðnings atvinnugreinum, sem gerðar hafa verið á undanförnum mánuðum, getur bókstaflega orðið að engu eða verra en það, ef menn gera ekki einhverjar skynsamlegar ráðstafanir til þess að bæta úr þessu.

Menn segja kannske sumir, að þetta séu innantómar hugleiðingar, því að það séu ekki peningar til þess að leysa úr þessum vanda. Og þess vegna sé í raun og veru ekki til neins að vera með tómar vangaveltur um þetta. Það væri gott að geta gert meira, en það sé ekki hægt. Í þessu sambandi vil ég upplýsa hv. þm. um það, hvernig þróunin hefur verið undanfarin ár, þ. e. a. s. hvernig búið hefur verið að viðskiptabönkunum, hvernig viðskipti þeirra hafa verið við Seðlabankann. Í árslokin 1959 skulduðu viðskiptabankarnir Seðlabankanum umfram inneignir 920 millj. Það var það fé, sem viðskiptabankarnir fengu til sín til þess að standa undir rekstrarlánum og almennum lánaviðskiptum. Þeir höfðu sem sé um 920 millj. frá Seðlabankanum þá. Þetta lagði Seðlabankinn til í rekstrarlánakerfið af sinni hendi. En núna hefur þetta gjörsamlega breytzt, að sjálfsögðu vegna þess, að Seðlabankinn hefur dregið úr endurkaupum og enn fremur vegna þess, að Seðlabankinn hefur dregið inn verulegan hluta af sparifjáraukningunni ár frá ári og skapað þannig inneignir viðskiptabankanna hjá sér. Með því hefur hann tekið fé úr umferð frá viðskiptabönkunum og þannig er þetta komið um áramótin síðustu 1967—'68, að viðskiptabankarnir hafa að láni frá Seðlabankanum, — endurkaupin að sjálfsögðu alltaf talin með, — 1 milljarð 734 millj., en eiga inni 2 milljarða og 60 millj. M. ö. o. að í staðinn fyrir að Seðlabankinn lagði inn í rekstrarlánakerfið 920 millj. 1959, þá hefur hann nú dregið út úr þessu kerfi 300 millj. nettó. Þetta er breyting upp á 1200 milljónir á þessu tímabili. Hér er því um byltingu að ræða, þegar þess er gætt, hversu mjög rekstrarkostnaður hefur aukizt á þessu tímabili, og gerir það áhrifin af þessu enn stórfelldari en menn skyldu ályktа af þessum tölum. Það er þess vegna ekki hægt að deila um það, og er barnalegt að deila um það, að Seðlabankinn hefur verið látinn gjörbreyta um stefnu gagnvart rekstrarlánakerfinu og viðskiptabönkunum, og í staðinn fyrir að leggja þessu kerfi stórfé leggur hann því ekki neitt fé, þvert á móti dregur til sín fé frá því. Og það er vitaskuld þetta, sem skapar þessa ofboðslegu rekstrarlánakreppu, sem við búum við. Og þess vegna endurtek ég það, að það er náttúrlega algjör fjarstæða að ætla sér ofan á þetta að láta rekstrarlánabanka lána til fjárfestingar að óbreyttum aðbúnaði. Það verður auðvitað til þess, að þessi mál komast öll í enn verra öngþveiti en nokkru sinni áður. Ef það ætti að gerast, yrði að koma þar á móti að breyta bindingarreglunum, minnka fjármagnsbindinguna, minnka það, sem tekið er frá viðskiptabönkunum, dregið frá þeim inn í seðlabankakerfið, og auka endurkaupin. Að öðrum kosti að hætta við að láta viðskiptabankana láta nokkuð í fjárfestinguna, hætta við útboð sparifjárskírteina og láta Seðlabankann í ríkara mæli leggja fé beint í fjárfestingaráætlunina með eitthvað auknar erlendar lántökur að baki, ef þess er talin þörf vegna gjaldeyrisstöðunnar. En það hljóta allir að sjá, að þessi stefna, sem hér er mörkuð í þessu frv. er með öllu óframkvæmanleg.

Ég sagði það í fyrra, þegar verið var að ræða þessi mál, að sala sparifjárskírteinanna og framlag viðskiptabankanna í fjárfestingaráætlunina mundi verða viðskiptabönkunum algjör ofraun, enda hefur sú orðið raunin á og af því stafar ekki svo lítið af þeim fjárhagsvandræðum, sem atvinnulífið á við að búa, enda sagði hæstv. fjmrh. það hér áðan, að ef ekki hefði komið til óttinn við gengislækkunina, hefðu sparifjárskírteinin alls ekki selzt öll.

Það er enginn vafi á því, að það þarf að endurskoða þessi mál frá rótum í þessu ljósi, sem hér er brugðið upp, ekki aðeins af mér, heldur einnig af fjölmörgum forráðamönnum atvinnulífs og áreiðanlega þeim, sem standa fyrir viðskiptabönkum landsins, því að engum eru ljósari þau vandkvæði, sem orðin eru, en þeim, sem í þessu standa daglega og sjá, hvernig algjörlega óviðráðanleg vandamál og illkynjuð hlaðast upp sem afleiðing af þessari rekstrarlánapólitík.

Ég ætla ekki að rifja upp þrætur þær, sem um þetta hafa gengið undanfarin ár. Við getum algjörlega látið þær liggja milli hluta og í þess stað snúið okkur að því að skoða þetta eins og það liggur fyrir núna, en svo blindir mega menn ekki vera, að þeir neiti að sjá þær upplýsingar, sem liggja fyrir, um stefnubreytinguna í lánamálunum, sérstaklega rekstrarlánamálunum, sem orðið hefur og ég gaf upplýsingar um áðan, og berji þannig höfðinu við steininn að halda því fram, að það hafi hreint engin áhrif haft á rekstrarlánaveitingar í landinu til atvinnulífsins, að Seðlabankinn hefur snúið blaðinu algjörlega við og í stað þess að leggja inn í rekstrarlánakerfið gífurlegar fjárhæðir á hann nú orðið inneignir hjá viðskiptabönkunum.

Varðandi það atriði, sem menn stundum eru að kasta á milli sín, hálfpartinn eins og krakkar, að það séu ekki peningar til, og því verði þetta að vera svona, þá er náttúrlega hægt að leika sér með alls konar orðasukki, en það hefur enga praktíska þýðingu í þessu sambandi, því að við vitum, að það er ekkert algilt lögmál til um það, hversu mikla peninga skuli setja í umferð. Það er álitamál hverju sinni, og ber að hafa þar margt í huga, bæði gjaldeyrisstöðuna og þarfir atvinnulífsins fyrir rekstrarfé, og það hefur aldrei komið fyrir á Íslandi, að ekki hafi verið lánað meira út en nemur innstæðum í bankakerfinu. Það hefur aldrei neinum dottið annað í hug en svo þyrfti það að

vera, en það hefur verið mismunandi mikið fram yfir það, sem seðlabankakerfið hefur lagt inn í rekstrarlánastofnanirnar, og það er álitamál auðvitað, hvað það á að vera mikið á hverjum tíma. En sú pólitík, sem rekin hefur verið í lánamálum undanfarið, fær ekki staðizt, eins og nú er komið fram.

Menn geta hér um bil gert sér í hugarlund, hvaða breytingar hafa orðið á þessu, þegar nokkrar staðreyndir eru skoðaðar. Fyrir 1960 var ekki nein binding, og rekstrarlánabankarnir lánuðu út það, sem þeir fengu inn. Endurkaupin voru þá 67%, — Seðlabankinn endurkeypti 67% út á afurðir og rekstrarlán til landbúnaðarins voru þá jafnhá eins og þau eru nú í krónutölu í heild, og þá voru almennar ríkisframkvæmdir yfirleitt greiddar með sköttum og tollum. Hvað hefur svo gerzt? Hvernig er þetta núna?

Nú er þetta þannig, að sparifjárbindingin hefur verið innleidd, eins og menn kannast við, og inndregnar í því sambandi nálega 2 þús. millj., sem eftir gamla laginu hefðu verið í útlánum hjá viðskiptabankakerfinu. Endurkaupin hafa verið lækkuð niður í 53—55% úr 67%, og rekstrarlán til landbúnaðarins hafa verið látin standa í stað í krónutölu. Í stað þess að áður voru nálega allar almennar ríkisframkvæmdir greiddar af sköttum og tollum, þá er nú verulegur hluti af þeim orðinn fjármagnaður með lánsfé og hefur verið undanfarin ár, og það lánsfé hefur að sumu leyti verið tekið frá rekstrarlánabönkunum ofan á annað. Þurfa menn nokkuð að vera hissa á því, að við búum við rekstrarlánserfiðleika? Áreiðanlega ekki. Í þessu sambandi þýðir ekkert að benda á, að heildarútlánatölur bankanna hafa hækkað. Það væri nú skárra, ef svo væri ekki, þar sem verðlag og rekstrarkostnaður hefur líklega fimmfaldazt á þessum árum. Þessi stefnubreyting sem ég hef verið að lýsa, hefur verkað eins og seigdrepandi eitur fyrir íslenzkt atvinnulíf. Um það er ekkert að villast.

Hvort þessi lánastefna, sem áður var, hefur verið réttmæt, þori ég ekki að fullyrða. Það má vera, að það hafi verið rekin fullógætileg útlánastefna á þeim árum, en menn neyddust til að hafa þetta svona, því að annars var ekki hægt að halda framleiðslu gangandi, og gjaldeyrisstaðan var náttúrlega oft léleg, það skal ég játa. En menn neyddust til að hafa þetta svona, því að annars var ekki hægt að halda atvinnuvegunum gangandi, það vantaði fjármagn til þess að öðrum kosti og hjólin verða þó að geta snúizt. Nú hafa sumir sagt, að menn hafi lagt svona ofboðslega á sig, á atvinnulífið og þjóðarbúið til þess að byggja upp gjaldeyrisvarasjóðinn, og sjálfsagt hafa þessar ráðstafanir eitthvað hjálpað til þess að laga gjaldeyrisstöðuna í bili. En menn verða á hinn bóginn að gæta þess, að áhrif í þá átt standa ekki til lengdar, ef of langt er gengið, þannig að framleiðslan lamast. Þá hefnir þetta sín, og þá hverfur gjaldeyrissjóðurinn eins og dögg fyrir sólu, jafnvel þótt lánsfjárbindingin haldi áfram. Það er ekki hægt að tryggja góða afkomu landsins út á við með því einu að binda sparifé í Seðlabankanum. Það sjáum við núna þessa mánuðina og misserin, þegar bindingin heldur áfram, en gjaldeyrissjóðurinn er að verða að engu samt sem áður. Þetta er ekki svona einfalt. Þetta er ekki eins og bókhald, þar sem menn geta fært í debet og credit og leikið sér með tölur á ýmsar lundir. Þetta er miklu flóknara en svo, því að hér er ekki aðeins um að ræða sjálfar lífæðar peningakerfisins, heldur einnig lífæðar sjálfs þjóðarbúsins. Það þarf að hafa fjármagn í umferð, til þess að hægt sé að nota vinnuaflið og vélaaflið og ekki aðeins nota það, heldur nota það skynsamlega og hægt sé að reka fyrirtækin skynsamlega. Það eru engin fyrirtæki rekin af neinu viti, sem þjást af rekstrarfjárskorti. Það er alveg öruggt. Og þjóð, sem ætlar að halda því ástandi við, sem hér er nú varðandi þessi efni, til frambúðar, hlýtur að grafa grunninn undan sinni eigin afkomu. Hún hlýtur að grafa hann undan, hvernig sem menn rembast við að binda sparifé og telja sig með því vera að vernda leifar af gjaldeyrissjóði.

En sem sagt, við skulum ekki deila um það, sem liðið er í þessu. Við skulum snúa okkur að því að horfast í augu við ástandið, eins og það er, og þá sjáum við þetta, sem við höfum verið að ræða hér, ég og hæstv. fjmrh. Hann hefur sem sagt lýst þessu þannig, að eina leiðin, sem nú sést til þess að halda uppi almennum verklegum framkvæmdum, hliðstæðum framkvæmdum og áður voru borgaðar af tollum og sköttum, sé stórfelld erlend lántaka. Þetta eru út af fyrir sig alvarleg tíðindi, sem hæstv. fjmrh. segir okkur, og samt sem áður er viðskiptabankakerfinu ætlað að leggja inn í púkkið 125 millj., sem það getur ekki lagt fram af þeirri einföldu ástæðu, að það getur ekki einu sinni sinnt brýnustu þörfum sjálfra atvinnuveganna fyrir rekstrarfé.

Þess vegna verður annaðhvort að ske, eins og ég hef margtekið fram: Að hætt verði við þessar fyrirætlanir um, að viðskiptabankarnir leggi þetta inn í fjárfestingaframkvæmdir, eða þá að linað verði á bindingunni, eða að Seðlabankinn auki endurkaup afurðavíxla, þ. e. a. s., að Seðlabankinn hlaupi meira undir bagga áður. Vilji menn ekki gera þetta, verður að taka meira af erlendum lánum í framkvæmdirnar, því að þetta lánsfé er ekki hægt að taka frá atvinnuvegunum. Það er ekki hægt að klemma enn meira að varðandi rekstrarlánin. En framkvæmdirnar verða auðvitað að eiga sér stað, eins og nú er komið í okkar atvinnumálum, því að það væri þó verst af öllu, ef við gæfumst upp við það að hafa fulla atvinnu fyrir alla, og vitanlega verðum við að nota okkar lánstraust erlendis, ef svo er komið, að við getum ekki sjálfir kostað það, sem þarf að gera til þess.

Við verðum að reyna á okkar lánstraust erlendis til fullrar hlítar, til þess að nota allt okkar vinnuafl og vélaafl. Þá veltur mikið á því, að það séu skynsamlegar framkvæmdir, sem í er ráðizt, og ekki sízt á hinu, að þau góðu fyrirtæki, sem við höfum

nú þegar, geti notið sín, en séu ekki hálflömuð vegna skorts á rekstrarfé. Það er ekki hægt að skilja rekstrarlánavandamálið frá og láta eins og það sé ekki til og snúa sér að öflun fjárfestingarlána. Þetta hangir allt saman, eins og raunar kom fram hjá hæstv. fjmrh.

Ég skal ekki eyða meiri tíma, en vildi koma þessum bendingum að við 1. umr. málsins, og sérstaklega vil ég í lokin skírskota til þeirra spurninga, sem ég bar fram. Ekki til þess að gera ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. svari þeim endilega núna, heldur treysti ég því, að n. fái upplýsingar um þetta og þá sé hægt í nál. að gefa svörin og þm. fái þá vitneskjuna, svo að allt sé þá öruggt varðandi það, hvað verið er að samþykkja.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að fara að ræða um þetta frv. almennt, enda hefur hv. 1. þm. Austf. gert það svo rækilega, að þar þarf engu við að bæta. En það er ein fsp., sem mig langar að bera fram við hæstv. fjmrh. í sambandi við sundurliðunina í 11. gr. frv., þar sem eru 82.6 millj. kr. til vegamála.

Hæstv. fjmrh. nefndi nokkra vegi, sem fengju lánsfé samkv. þessari heimild, en einn var sá vegur, sem ég hlustaði eftir, en heyrði ekki, það var Heydalsvegur. Við afgreiðslu á vegáætlun eða við endurskoðun hennar á þinginu 1967 fékkst samþ. í vegáætlun 1 millj. kr. lánsheimild til Heydalsvegar á árinu 1967 og 3.7 millj. á árinu 1968. Þegar leitað var eftir aðstoð í sambandi við þessa 1 millj. kr. lánsheimild á árinu 1967, var því svarað til, að þessi lánsheimild hefði ekki verið tekin á framkvæmdaáætlun 1967 og úr lánsútvegun gæti þess vegna ekki orðið á því ári. Nú vorum við, þm. Vesturl. þeirrar skoðunar, að Vegagerð ríkisins hefði gert till. um það, að í framkvæmdaáætlun fyrir árið 1968 yrðu þessar lánsheimildir teknar með, svo að hægt væri að nota þær og vinna að framkvæmdinni einmitt á árinu 1968 sem svaraði 4.7 millj. kr. En það eru þeir fjármunir, sem þarf til þess að undirbyggja veginn á árinu 1968, svo að hægt verði að ljúka vegarlagningunni á árinu 1969, eins og stefnt hefur verið að, ef fjármunir verða til þess. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. um það, hvort ekki sé gert ráð fyrir því í þessum 82 millj. kr. lánsheimildum vegna vega að taka 4.7 millj. kr. vegna Heydalsvegar?

Hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, mál, sem lengi er búið að bíða eftir afgreiðslu, og við treystum því, þm. Vesturl., að það þurfi ekki lengur að bíða eftir framkvæmdum í þessum mjög svo nauðsynlega vegi, sem Heydalsvegur mun verða, er hann er orðinn að veruleika, og ég treysti hæstv. fjmrh. til að upplýsa þetta.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál að þessu sinni á almennum eða breiðum grundvelli, því að þetta mál fer í þá n., sem ég á sæti í, og þar verða eflaust lagðar fram upplýsingar um hin einstöku atriði málsins. En mig langar til þess að gera hér almenna aths. af svipuðum toga og ég hef gert hér áður, þegar eins hefur verið ástatt, að ríkisstj. hefur verið að leita eftir lánsheimildum í sambandi við afgreiðslu sína á framkvæmdaáætlun ríkisins. Eins og hv. þm. taka eftir, þá er þetta frv. í rauninni aðeins lántökuheimildarfrv. Það er aðeins um það að veita ríkisstj. heimild til að taka lán að ákveðinni upphæð eftir ýmsum leiðum. En frv. sem slíkt fjallar ekki um framkvæmdaáætlun ríkisins.

Hæstv. fjmrh. gat þess hér í framsöguræðu sinni fyrir þessu frv., að hann mundi í næstu viku flytja Alþ. skýrslu um framkvæmdaáætlun og ýmis málefni í sambandi við hana. Auðvitað hefði slík skýrsla frá hæstv. fjmrh. átt að vera komin hér fram að mínum dómi, og það hefði einnig átt að hafa þann hátt að leggja fram till. ríkisstj. um framkvæmdaáætlun ríkisins, og hún hefði átt að samþykkjast á Alþ. Þetta er auðvitað alveg fráleit stefna og verður enn þá fráleitari eftir því, sem lengra sækir í þessa átt að færa á þennan hátt, sem nú er verið að gera, hið raunverulega fjárveitingavald úr höndum Alþ. og í hendur ríkisstj. Ríkisstj. fær heimildir til þess að taka lán svo hundruðum millj. kr. skiptir, og hún ákveður síðan ein, án þess að leita þar samþykkis Alþ., að ráðstafa þessu láni og breyta raunverulega fyrri ákvörðun Alþ. um fjárveitingar til ýmissa málaflokka. Alþ. er áður búið að ákveða, hve miklu fé skuli varið til hafnarframkvæmda, skólabygginga, rafmagnsframkvæmda o. s. frv., en svo kemur bara hitt, að ríkisstj. fær heimild Alþ. til þess að taka lán í allstórum stíl, og hún ákveður að breyta fyrri samþykktum með því að ákveða viðbótarfjárframlög til tiltekinna framkvæmdaliða, en auðvitað ekki til annarra.

Ég tel fyrir mitt leyti, að þetta sé óeðlilegt. Hið rétta er, að ríkisstj. undirbúi framkvæmdaáætlun þá, sem nauðsynlegt þykir að hafa til viðbótar við fjárlög. Séu ekki tök á því, að slík áætlun fylgi fjárlagafrv. og fjárlagaafgreiðslu, sem auðvitað væri æskilegast, þá á slík tillagnagerð að koma eins fljótt þar á eftir og tök eru á, og Alþ. á að fjalla um þessi mikilvægu mál. Ég vil alveg sérstaklega benda á, út í hvaða ófæru er raunverulega verið að fara hér, þegar þessar upphæðir fara vaxandi, eins og raun hefur orðið á. Það má búast við því, að eftir stuttan tíma verði ekki orðið um fjárhæð að ræða eins og rætt er um í þessu frv., upp á 575 millj., heldur verði hún fljótlega komin upp í 1 milljarð og þar er ríkisstj. ein á ferðinni og ákveður alla þá fjárveitingu. Þetta er auðvitað að brjóta þá grundvallarreglu í okkar þingræði, að fjárveitingavaldið sé Alþingis.

Það má að vísu segja, að það var hægt að afsaka það að nokkru fyrstu árin, að þessar framkvæmdaáætlanir væru nýsmíði á vegum ríkisstj. og ekki komnar í alveg fast form, en ég trúi því ekki, að hæstv. ríkisstj. viðurkenni ekki, eins og nú er komið, að hér er um svo stórkostleg fjárveitingamálefni að ræða, að þau eiga eðli málsins samkvæmt að berast undir Alþ. Alþ. á að fjalla um slíkar fjárveitingar

sem þessar, jafnvel þó að þar sé verið að ráðstafa lánsfé.

Ég fyrir mitt leyti get verið samþykkur því í öllum aðalatriðum að veita ríkisstj. heimild til þess að taka þau lán, sem þetta mál fjallar um. Ég er að vísu enn þá ósammála ríkisstj. um það að hafa ríkisskuldabréfalánin með þeim hætti, að þau skuli vera undanþegin framtalsskyldu og fellst ekki á nokkur önnur atriði í sambandi við formið, en ég get verið samþykkur því, að ríkisstj. fái heimild til að taka þessi lán. Hins vegar tel ég mig eiga fullan rétt á því sem alþm. að eiga hlutdeild í því að ákveða, hvernig eigi að ráðstafa þessum lánsfjárhæðum. Það er ekki og á ekki að vera einkamál ríkisstj. að ráðstafa þessum upphæðum, sem teknar eru að láni í sambandi við þessar framkvæmdir, og þó að þetta verði ekki frekar í þetta skipti en það hefur verið á undanförnum árum, þá vil ég vænta þess, að hæstv. ríkisstj. taki þessi mál til íhugunar á ný og að hún geti fallizt á, að það er rétt að breyta hér um.

Það á að leggja drög að framkvæmdaáætlun fyrir Alþ. Alþ. á að fjalla um þær till. Þær eiga að sendast til n. og athugast þar. Þm. geta komið fram með sínar brtt. um ráðstöfun á þessu fé og það er Alþ., sem á að leggja blessun sína yfir þessa framkvæmdaáætlun og síðan á eftir henni að fara, en þetta á ekki að vera einkamál ríkisstj.

Og þó að það kunni að vera svo, að þeim þyki þetta hagkvæmt, sem í ríkisstj. sitja hverju sinni, þá hygg ég nú, að þeir verði að hafa það í huga, að vissulega getur það verið svo, að þeir, sem nú eru í ríkisstj., verði utan ríkisstj. einhvern tíma og þá sjái þeir það, að hér er verið að taka af þeim stórkostlegan rétt, sem þeir eiga samkvæmt okkar grundvallarlögum, þar sem fjárveitingavaldið er Alþingis.

Þetta hef ég minnzt á áður við afgreiðslu á hliðstæðum málum og ég geri það enn, en að öðru leyti ætla ég ekki að ræða málið hér við 1. umr. Það fer til fjhn., sem ég á sæti í, og þar mun ég leita eftir upplýsingum um ýmis atriði, eftir því sem mér þykir vera ástæða til.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfáar upplýsingar, sem ég ætlaði að leyfa mér að leita hjá hæstv. ráðh., af því að hann mæltist heldur til þess, að menn kæmu með fsp. núna, ef þeir hefðu þær á takteinum og kvaðst reyna að svara þeim, eftir því sem hann gæti, á þessu stigi.

Ég sé, að í töflu II á bls. 5 í þessu frv. var greint frá hinum opinberu framkvæmdum, sem koma til samkv. þessu frv. Þar sé ég, að taldar eru 174.7 millj. til vega, en það eru ekki hinar raunverulegu framkvæmdir, heldur eru það 79.9 millj. Hitt eru skuldagreiðslur, 94.8 millj. Mér heyrðist hæstv. ráðh. segja í ræðu sinni áðan, að þessar framkvæmdir væru umfram það, sem vegáætlun segir til um. En svo segir neðanmáls í 7. lið: „Þar af fjárveitingar á vegáætlun 37,8 millj." og „Reykjanesbraut 14 millj.", en hún er einnig á vegáætlun. Þarna eru 51 millj. kr. rúmar, sem eru óneitanlega á vegáætlun. Hvernig liggur í þessu? Það er öllum ljóst, að vegaframkvæmdir í landinu skv. vegáætlun eru fyrir miklu meiri upphæð en hér er greint, 174 millj., en samt eru hér taldir með liðir, sem eru í vegáætlun. Ég fæ ekki samhengi í þetta.

Annað er það, sem ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. Hér segir, að skuldagreiðslur vegna vega séu 94.8 millj., en hæstv. samgmrh. hefur sagt okkur fyrir nokkrum dögum, að vextir og afborganir af öllum vegaskuldum verði 64.5 millj. á þessu ári. Þarna munar æði miklu eða yfir 30 millj. Hvernig stendur á þessu? Þá vil ég spyrja, hvort þessar vegaskuldir, sem á að borga á þessu ári, tæpar 95 millj., hvort þetta eru bæði vextir og afborganir af skuldum eða eru þetta bara afborganirnar? Og loks, á maður að skilja það svo, að þessar tæpar 95 millj. séu allar skuldagreiðslur á árinu vegna vegalána, þannig að vegasjóður þurfi þá ekki að borga neina skuldir vegna slíkra lána?

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki tímann mikið. Það eru að vísu margar fsp., sem hér hafa komið fram, og athyglisverð ræða ein hefur verið hér flutt af hv. 1. þm. Austf., sem vissulega hefði verið fróðlegt að gera að umtalsefni, ef lengri tími hefði verið til, vegna þess að þar var að finna mjög eftirtektarverðar kenningar í efnahagsmálum, peningamálum, en ég ætla ekki að þreyta þm. með langri ræðu um það. Ég ætla hins vegar að reyna fyrst og fremst að víkja að þeim atriðum, þar sem um beinar fsp. er að ræða í sambandi við frv.

Hv. 1. þm. Vestf. spurði að tvennu. Í fyrsta lagi, hvort allt það fé, sem ég hefði verið að tala hér um, væri umfram vegáætlun. Ég held, að hann hafi misskilið mín orð þar, vegna þess að ég var að ræða um frv., sem hér var í þinginu. Ég sagði, að það fé, sem þar væri gert ráð fyrir að afla nú innan framkvæmdaáætlunarinnar, væri til viðbótar því fé, sem þar væri ráðgert að afla með sérstökum hætti. Ég sagði að það vantaði um 200 millj. núna til vega, og með þessum tvennum ráðstöfunum, annars vegar fjáröfluninni beint hér í þessu frv. eða innan framkvæmdaáætlunarinnar og hins vegar með hinni nýju fjáröflun til vegasjóðs, er verið að brúa þetta bil, en það felur ekki í sér, að ég hafi meint, að þetta væri utan vegáætlunar. Þessir vegir allir munu vera í vegáætlun, þannig að það er annað mál, sem ég veit, að hv. þm. skilur fullkomlega.

Varðandi aðra fsp. hans, um skuldagreiðslur vegna vegagerða, hef ég ekki annað að segja en að þessar skuldir eru væntanlega eins og þær eru hér tilgreindar á þessu blaði, ég hef það ekki sundurliðað hjá mér. En þar kom einnig fram, að því er ég held, annar misskilningur hjá honum. Þessi listi, sem hér er á töflu II gefur alls ekki til kynna, að það eigi að taka inn á framkvæmdaáætlun alla þessa liði, sem þar eru taldir, heldur er verið að gera

grein fyrir heildarframkvæmdunum, sem að hluta til eru fjármagnaðar innan framkvæmdaáætlunarinnar með hinni sérstöku fjáröflun, sem er í næstsíðasta lið. Svo eru aftur ótalmargir aðrir tekjustofnar, eigið fé og fjárveitingar, þegar tryggt og væntanlegt lánsfé eftir öðrum leiðum, og þar í er að finna fjárveitingarnar, sem einmitt eru til þessara vega á vegáætlun eða með öðrum hætti, svo að það merkir ekki, að þessar 94.8 millj. verði greiddar innan framkvæmdaáætlunarinnar, heldur er hér aðeins verið að bókfesta það, að í heildina eru skuldirnar eða greiðslubyrðin á þessum vegum sem hér segir: Samtals er þörfin 174 millj. og af því er gert ráð fyrir að afla innan framkvæmdaáætlunar 82.6 millj. Að hve miklu leyti það svo fer í að borga þessar 94.8 millj., um það er auðvitað ekkert sagt. Í mörgum greinum er það að vísu eingöngu afmarkað við skuldagreiðslur, eins og t. d. Keflavíkurvegurinn, hann er allur tekinn, ja, ekki allur, en að meginhluta til. Það er viss upphæð, sem fer í hann í vegáætlun. Það eru 43,7 millj., sem fara af framkvæmdafénu til þessa vegar, en fjárveiting til hans í vegáætlun er nokkur og eigin tekjur líka. Það er gert ráð fyrir, að það samtals, vegaskatturinn og fjárveitingin, sem er í vegáætlun til þess vegar, gefi 20.8 millj. og nokkurt framlag er einnig í þessu til þess að ljúka því verki. Ekki er enn lokið vegagerð hér handan við Hafnarfjörð, þannig að gert er ráð fyrir, að kostnaður við þennan veg á árinu 1968 verði 11.3 millj. Hér er því að sjálfsögðu um blandaða fjárþörf að ræða, annars vegar greiðslu á skuldum, hins vegar greiðslu á framkvæmdakostnaði, og síðan er tekið það sem á vantar, að hinir föstu stofnar standi undir greiðslunum og það fjármagnað innan framkvæmdaáætlunarinnar. Ríkið verður einhvern veginn að standa undir þessu, þetta eru opinberar skuldbindingar, og þá verður að afla fjárins með þessum hætti.

Varðandi fsp. hv. 3. þm. Vesturl. um Heydalsveg, þá er það rétt, að hann er ekki í þessari framkvæmdaáætlun. Innan framkvæmdaáætlunarinnar eru yfirleitt ekki aðrir vegir en þeir, sem óumflýjanlegt er að afla fjár til, eins og ég sagði um Reykjanesbrautina, í samræmi við þær skuldbindingar sem hvíla á ríkinu. Sama er um Breiðholtsveginn að segja og um Kísilveginn, Landsvirkjunarveginn einnig, það verður að greiðast. Þetta var lagt út af Landsvirkjuninni og á að greiðast af ríkisfé. Og 10 millj. til viðbótar sem ég gat um, að væri afborgun af lausaláni í Hambros Bank vegna Keflavíkurvegar, bætist þarna einnig við, þannig að í þessari áætlun eru í rauninni engir almennir vegir aðrir en þeir, sem eðli málsins samkvæmt varð ekki hjá komizt að afla fjár til vegna skuldbindinga og vegna skuldagreiðslna, sem varð að standa undir. Það eru auðvitað tugir vega, sem ég geri ráð fyrir, að menn hefðu áhuga á, að aflað væri fjár til með þessum hætti, en það hafa ekki verið tök á því. Ég efast ekkert um og veit, að það er rétt hjá hv. þm., að Heydalsvegur er mikið nauðsynjamál, og það eru margir aðrir vegir, en það hefur ekki þótt fært að taka þá inn í þessa áætlun innan þess ramma, sem fjáröflunarmöguleikar afmarka.

Hv. 4. þm. Austf. vék að því og einnig hv. 1. þm. Austf., að þetta bæri óheppilega að, þessa framkvæmdaáætlun. Æskilegast væri, að hún fylgdi fjárl. og sömuleiðis væri æskilegt, að áætlunin kæmi fyrst fyrir Alþ. og lægi fyrir, þegar frv. um lánsfjáröflun væri tekið til meðferðar og enn fremur, að eðlilegra væri, að formlega væri leitað samþykkis Alþ. á áætluninni. Þetta má allt til sanns vegar færa. Og gjarnan vildi ég, að hægt væri að láta framkvæmdaáætlun fylgja fjárl., en þess er naumast nokkur kostur, vegna þess að vissir þættir í henni eru alls ekki ljósir, þegar fjárlög eru samin, og margt af því, sem komið hefur til hér og hv. þm. munu sjá, þegar þeir fara að skoða þetta frv., eru atriði, sem alls ekki var vitað um, þegar fjárlög voru samin. Einn mjög veigamikill þáttur í þessu eru sjóðirnir, sem ekki eru ríkisframkvæmdir, en talið er ógerlegt að ákvarða fyrr en eftir áramót, hver sé fjárþörf sjóðanna. Það þarf að athuga, hve miklar lánveitingar þeirra hafi orðið árið áður, og framkvæmdasjóðurinn eða Seðlabankinn, sem hefur undirbúið það mál, hefur ekki hingað til talið gerlegt að leggja þær upplýsingar fram um áramót.

En ég skal fúslega játa, að það væri æskilegt, að þetta væri þáttur í fjárlagaafgreiðslunni. Þetta stafar þó alls ekki af því, að ríkisstj. hafi haft einhverja löngun til að hafa þetta öðruvísi, heldur vegna þess, að þetta hefur a. m. k. hingað til ekki verið viðráðanlegt með öðrum hætti.

Varðandi það atriði, að það sé æskilegt, að þm. fái rétt til þess að ráðstafa þessu fé og ríkisstj. eigi ekki að hafa þetta í sinni hendi, þá er þetta auðvitað allt rétt og í meginefnum ráðstafar Alþ. auðvitað því fé, sem aflað er til þessara framkvæmda. Þar er a. m. k. gerð grein fyrir því í öllum meginefnum, hvernig eigi að ráðstafa fénu, og sannleikurinn er nú sá, að þetta er að ákaflega litlu leyti fé, sem er til frjálsrar ráðstöfunar og raunar að engu leyti til frjálsrar ráðstöfunar fyrir ríkisstj. Þetta er yfirleitt vandamál, sem hún stendur andspænis og verður að leysa. Yfirleitt er ekki tekið inn í þessa framkvæmdaáætlun annað en þess konar viðfangsefni, að það leiðir algjörlega af eðli málsins, að þau verður að leysa. Það skal að vísu játað, að það hefur kannske verið farið fullgeyst í sumar ríkisframkvæmdir, s. s. einstaka skólabyggingar, sérstaklega á undanförnum árum, og það getur þá verið álitamál, hvort átti að taka aðra skóla. Um það hefur hins vegar aldrei verið nein deila hér á Alþ., að eðlilegt væri, að þeir skólar, sem hafa verið teknir, sem fyrst og fremst hafa verið menntaskólarnir, sætu í fyrirrúmi. En að öðru leyti er ríkisstj. í sannleika sagt bundin í langflestum greinum. Dyrnar sem hún gengur um, eru í rauninni ákaflega þröngar, þannig að hún getur ekki ráðstafað eftir geðþótta neinu fé. Og það munu menn bezt sjá af þessari áætlun, sem hér liggur fyrir, að yfirleitt er hver einasta upphæð, sem þar er um að ræða, þess

eðlis, að hún er annaðhvort skuldagreiðsla eða þá greiðsla til þeirra framkvæmda sem ríkið hefur beinlínis skuldbundið sig til að leysa af hendi.

Hv. 1. þm. Austf. sagði, að það væri farið að leika þann leik að taka fjárveitingar út af fjárlögum og fjármagna með lántöku. Þetta er ekki rétt nema að nokkru leyti. Í rauninni hafa engar fjárveitingar verið teknar út af fjárlögum. Heildarframkvæmdafé í fjárlögum til opinberra framkvæmda hefur hækkað ár frá ári, en það er rétt, að þetta hefur ekki verið tekið inn í fjárlög. Hér um að ræða upphæðir umfram það, sem Alþ. telur hverju sinni mögulegt að verja af skattheimtufé til þessara opinberu framkvæmda. Ég skal fúslega játa, að í mörgum greinum væri æskilegt, að þetta væri í fjárl. og við hefðum getað hækkað þessar fjárveitingar. En það hefur ekki verið talið gerlegt. Nú síðast átti að gera þetta, en ég skal játa, að við verðum að taka það aftur vegna þeirra þrenginga, sem við lentum í með afkomu ríkissjóðs á þessu ári vegna nýrra skuldbindinga.

Efnislega get ég alveg fallizt á þetta sjónarmið, en hins vegar ekki á þá röksemd, að við séum hér að taka út, við séum hér að létta af ríkissjóði því, sem hann hafi borið til þessa, og raunverulega að fela útgjöld að þessu leyti. Það get ég ekki fallizt á. Hér er verið að auka fjárfestingar. Það er t. d. alveg greinilegt um flugmálin, sem á síðustu tveimur árum hafa fengið margfaldar fjárveitingar með þessum hætti einum, að það hafa verið tekin lán innan framkvæmdaáætlunarinnar. Sama er að segja um skólamálin, sem hafa hækkað ár frá ári, meira en aðrar framkvæmdir. Og engu að síður hefur verið talið óumflýjanlegt að afla einnig fjár með lánum, til þess að hægt væri að vinna að ákveðnum verkefnum í stærri áföngum en fjárveitingar hafa leyft.

Hv. 1. þm. Austf. spurðist fyrir um það, hvaða heimildir væru til þess að verja fé til þeirra framkvæmda, sem gert er ráð fyrir hér í framkvæmdaáætluninni, eða hvort þörf væri á að afla sérstakra heimilda í því skyni. Ég tel ekki, að það sé þörf að afla neinna heimilda í þessu sambandi. Ýmist eru heimildir fyrir hendi eða þessar framkvæmdir eru með þeim hætti, að það hefur ekki sérstaklega þótt ástæða til að afla til þeirra heimilda á undanförnum árum.

Við skulum taka Rafmagnsveitur ríkisins. Þær hafa á hverju ári notað mikið lánsfé, en það hefur ekki verið borið undir Alþ. sérstaklega, hvaða mannvirki þær réðust í. Við vitum, að átt hefur sér stað aukning á dísilstöðvum og viðbót við stöðvar og dreifikerfi og eitt og annað, sem aldrei hefur verið aflað sérstakra heimilda fyrir. Þetta er fyrirtæki, sem hefur tekið sín lán til þeirra framkvæmda, sem hverju sinni hefur verið talið óumflýjanlegt að ráðast í.

Um gufuveituna í Námaskarði getur verið álitamál, ef í hana verður ráðizt. Hún er í rauninni þáttur af Laxárvirkjunarvandamálinu, og ef í hana verður ráðizt, verður það í samráði við stjórn Laxárvirkjunar, sem er sameignarfyrirtæki ríkis og Akureyrarbæjar. Sérstök lagaheimild er þegar fengin fyrir Laxárvirkjun, þannig að ég tel, að Námaskarðsveitan mundi falla með eðlilegum hætti undir þá heimild. Gufuveitunni í Reykjahlíð fylgja vissar skuldbindingar, sem um getur í samningi þeim, sem gerður var í sambandi við Kísiliðjuna, og á ekki að þurfa að leita sérstakrar heimildar vegna hennar, því að hún er einn þáttur í því, sem ríkið tók þar á sig að inna af hendi.

Um jarðborun á Reykjanesi er það að segja að það hefur hingað til ekki verið aflað sérstakrar heimildar fyrir framkvæmdum á vegum jarðhitadeildar Raforkumálaskrifstofunnar. Það er gerð sérstök áætlun um það, sem gengið er út frá í orkulögum, að komi til meðferðar í orkuráði og sé síðan endanlega samþ. af ráðinu, en það hefur ekki verið aflað neinnar sérstakrar heimildar fyrir einstökum jarðborunum.

Landshafnirnar eru að sjálfsögðu byggðar samkvæmt lögum um þær. Þetta fé, sem hér er um að ræða, á að renna til þriggja núverandi landshafna, Njarðvíkur og Þorlákshafnar aðallega og að nokkru leyti til Rifshafnar. Fyrir öllum þessum höfnum eru ákveðin lög, sem heimila framkvæmdir á þeirra vegum.

Vegirnir eru, að ég hygg, innan vegáætlunar, Reykjanesbraut er það einnig, og þar er gert ráð fyrir að fjármagna framkvæmdir með vissum hætti, svo að það þarf því í rauninni ekki annað en afla lántökuheimildanna. Vegirnir hafa allir verið lagðir eða á þeim byrjað með heimildum frá Alþ., þannig að ég sé ekki, að hér sé um neinn nýjan veg að ræða, sem ekki er til á vegáætlun.

Skipting fjár til flugmálanna hefur ekki verið framkvæmd af Alþ. til þessa, heldur er þar um að ræða heildarfjárveitingu, sem er síðan skipt af flugráði og endanlega af flugmálaráðh. Alþ. hefur ekki skipt þessu framkvæmdafé, svo að það er ekkert vald af því tekið í því efni.

Varðandi skólana og sjúkrahúsin er um að ræða sömu fjárhæðir og samþykktar voru í fjárl., þannig að þar er aðeins um að ræða að verja því fé í samræmi við það, sem gert var ráð fyrir í fjárl., og ekki ætlunin að breyta því á neinn hátt efnislega.

Fyrir Búrfellsvirkjun er lagaheimild, og um löggreglustöðina í Reykjavík vita menn, að hún hefur verið hér í byggingu í mörg ár og sérstök heimild fyrir því, samkvæmt viðkomandi lögum, að hún verði byggð. Og hinir einstöku fjárfestingarlánasjóðir, sem eiga að taka fé að láni, hafa allir heimildir til lántöku í sínum sérlögum.

Ég gæti að vísu svarað hér öllum einstökum atriðum, sem hv. 1. þm. Austf. bar fram fsp. um, varðandi skiptingu fjár til hafna og vega, en ég sé ekki ástæðu til að vera að þylja það hér yfir nokkrum hv. þm., heldur tel ég eðlilegt, að það komi til meðferðar í n., og ég hef gert ráðstafanir til þess, að hv. n. fái allar þær upplýsingar sem hún óskar eftir, sem er sjálfsagt og eðlilegt, og skal ég ekki telja eftir neina vinnu við það. Ég held, að ég þurfi því ekki að

víkja meira að einstökum atriðum varðandi frv. sjálft, en eins og ég áðan sagði, hefði verið ákaflega fróðlegt að víkja að stefnu hv. 1. þm. Austf. í efnahagsmálum. Það yrði bara of langt mál að fara út í það hér, en mér skildist nánast sagt á hans ræðu, að hann teldi ákaflega hæpið eða a. m. k. að þá væri mjög illa komið, ef þyrfti að taka erlend lán til þess að fjármagna þessar ríkisframkvæmdir. Hann taldi hins vegar alveg fráleitt að leggja það á bankakerfið að leggja fram 10% af sparifjáraukningu, og það mætti alls ekki selja verðtryggð skuldabréf, vegna þess að það yrði til þess að draga fé frá atvinnuvegunum.

Eins og ég áðan sagði, hefur ríkisstj. haft fullan skilning á því að fara eins hófsamlega í þetta og auðið er, en hún hefur ekki séð önnur úrræði til þess að afla fjár en einhverjar lántökur á þennan hátt. Það er hins vegar til önnur leið, og hún er sú að afla miklu meira fjár með sköttum. Hvort það er nákvæmlega það, sem við ætlum að gera í dag, skal ég ekkert um segja, en einhver úrræði verður að hafa til að ná fénu, úr því að menn eru sammála um það, og einnig hv. 1. þm. Austf., að sjálfsagt sé að leggja í þessar framkvæmdir, og hann vildi ekki draga úr því, að út í þessar framkvæmdir allar yrði ráðizt. Það var að vísu ein leið kannske, sem er rétt að játa, að hann benti á. Hún er sú að auk þess, sem nú væri ekki ástæða til þess að binda sparifé, væri það í rauninni ekkert atriði, hvað væri gefið út mikið af seðlum, og þess vegna mættum við bara fjármagna þetta með því að láta seðlapressuna velta. Ég held nú, að það þurfi ekki að orðlengja mikið um það, hver afleiðing af slíkri stefnu eða ráðslagi mundi verða, ef út í það yrði farið. Hv. þm. sagði, að stefna ríkisstj. hefði verkað eins og seigdrepandi eitur á atvinnuvegina. Það er rétt, að hans stefna, ef hún hefði verið hér í útfærslu seinustu árin, hefði ekki verkað sem seigdrepandi eitur, heldur hefði það drepið samstundis.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hæstv. ráðh. hefði alveg getað sparað sér þann útúrsnúning, sem hann var með í lok sinnar ræðu, því að hann var honum ekki til sóma á nokkurn hátt. Það sómir sér ekki vel fyrir fjmrh. að ræða um þýðingarmikil efnahagsmál eins og hann gerði í lok sinnar ræðu. Það er með öllu ósæmandi að tala eins og krakki og látast ekki skilja, að það er álitamál, hvað seðlabankakerfið á að leggja mikið inn í bankakerfi landsins. Það er engin föst formúla til fyrir slíku, og það er álitamál, hvað það eigi að vera mikið. Það er atriði, sem verður að meta hverju sinni, og það er ekki annað en útúrsnúningur að halda því fram, að ég hafi sagt, að það skipti engu máli, hvað mikið væri gefið út af seðlum. Ég sagði, að það væri álitamál, hvað Seðlabankinn ætti að leggja mikið inn í lánakerfið. Vitanlega þýðir ekkert að bjóða hv. þm. upp á þann barnaskap í málflutningi, að það sé hægt að segja á einhverri tiltekinni stundu, að það séu ekki peningar til í Seðlabankanum. Og það af þeirri einföldu ástæðu, að það er látlaust álitamál, hversu mikið peningamagn skuli setja í umferð fyrir tilstuðlan Seðlabankans.

Hæstv. fjmrh. reyndi ekki að ræða það með neinum rökum, sem var aðalatriðið í því, sem ég hélt fram, að Seðlabankinn lagði inn í rekstrarlánakerfið nálega 920 millj. nettó 1959, en núna leggur hann minna en ekki neitt inn í rekstrarlánakerfi viðskiptabankanna. Minna en ekki neitt. Þar að auki hefur viðskiptabönkunum verið gert að leggja í fjárfestingarlán til viðbótar. Hvar er það lögmál skráð, að þetta skuli vera svona, en ekki öðruvísi?

Þetta er aðeins stefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið, og hún er fólgin í því að reyna að halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum, reyna að vega á móti áhrifum síldaruppgripanna í þjóðarbúskapnum með því að draga saman það fjármagn, sem rekstrarlánabankarnir hafa til meðferðar. Þessa aðferð væri kannske hægt að nota án þess að stórtjón hlytist af, í landi, þar sem mikið væri um einkafjármagn í fyrirtækjunum, og þar, sem fyrirtæki væru lítið háð rekstrarlánastarfsemi bankanna.

En í okkar landi, þar sem fyrirtækin eru mjög mikið háð lánsfé í sínum rekstri, meira háð því en víðast hvar annars staðar, og þar sem einkafjármagn er of lítið, til þess að það geti komið inn í atvinnureksturinn í staðinn fyrir það, sem út úr honum er dregið með þessu móti, hlaut þetta að hafa í för með sér stórhættulegar afleiðingar fyrir atvinnulífið, eins og glöggt hefur komið fram. Það verður ekkert fyrirtæki rekið á útúrsnúningum hæstv. fjmrh., þeir eru léttir í vasa og einnig hnýfilyrði hans. Það lifir enginn á þeim. Þetta er miklu meira alvörumál en svo, að það sé sæmandi fyrir ráðh. að neita því að ræða þetta með rökum en kasta þess í stað fram ósæmilegum dylgjum, algjörlega ósæmilegum dylgjum og barnalegum, nánast eins og götustrákar gera. En þannig leyfði hæstv. ráðh. sér að ræða þessi mál áðan í lok sinnar ræðu. En það tel ég götustrákamál að hafa það eitt að segja um þau rök, sem ég lagði hér fram, byggð á óvefengjanlegri skýrslu um þróunina í þessum málum, að ég hefði haft það eitt til þessara mála að leggja, að það væri ekkert atriði, hvað út væri gefið af seðlum. Svo var það búið. Þetta var afgreiðsla ráðh. á þessu vandamáli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 547, n. 595 og 598, 599).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar á tveimur fundum. Á fundum þessum mættu þeir Jónas Haralz, forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar, og dr. Gísli Blöndal, hagsýslustjóri ríkisins. Veittu þeir fundarmönnum þær upplýsingar, sem þeir báðu um, og gerðu grein fyrir einstökum atriðum frv. eftir því, sem óskað var af hv. nm. Eins og fram kemur á þskj. 595 og 598, hefur fjhn. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til á þskj. 595, að frv. verði samþ. óbreytt til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Eins og lög gera ráð fyrir, þá var 1. mál þessa þings frv. til fjárl. fyrir árið 1968. Nú er eitt síðasta mál, sem lagt er fyrir þingið, þegar líður fast að lokum þess, frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968. Þetta er eitt síðasta mál þingsins, en hefði raunverulega átt að leggjast fyrir Alþ. snemma á þingtíma og helzt í byrjun og þá í tengslum við fjárl. sjálf.

Þegar þetta mál var rætt í fjhn. þessarar hv. d., þar sem mættir voru fulltrúar frá ríkisstj., féllust þeir fyllilega á það, að þannig ætti þetta í raun og veru að vera og kváðu að því hafa verið stefnt í byrjun. Það hefði verið unnið að undirbúningi þessarar áætlunar þegar á liðnu sumri og hausti, og að eðlilegum gangi mála hefði hún átt að geta verið tilbúin miklu fyrr og raunar þegar við upphaf þings. 1. umr. um þetta frv., þessi lánafjárlög, fer fram 9. apríl. Þm. hefur verið sagt, að þingslit yrðu þann 20. apríl. Á þessum tíma, frá því, að 1. umr. fer fram um þetta mál og þangað til Alþ. á að ljúka störfum nú, þar til slíta á þinginu, á þeim tíma er öll páskahelgin, og virkir dagar, sem Alþ. hefur til umráða til þess að fjalla um þetta mál, eru ekki nema 6. Frv. fjallar þó um lántökuheimildir upp á fleiri hundruð millj., 5—600 millj. trúi ég, og einnig um ráðstöfun þessa fjár. Og með frv. fylgir sjálf framkvæmdaáætlunin eins og í kaupbæti, og það er þó a. m. k. ekki óeðlilegt, þegar slíkt mál er lagt fyrir Alþ. á prentuðu þskj., að nokkurt tóm gefist til þess að ræða þær tölur einnig, sem þar eru birtar, um leið og frv. sjálft er rætt. Og ég spyr: Hvernig verður meðferð mála, þegar svona er að unnið, og hvernig verður meðferð þessa máls í hv. Alþ.? Ég hef ekki yfirlit yfir önnur verkefni þeirrar viku, sem til þess er ætluð að fjalla um þetta mál, en þau eru vissulega mörg. Það er raunar tóm endaleysa að ætlast til þess, að alþm. geti fjallað um svo viðamikil mál á jafnstuttum tíma og hér er um að ræða og undir þeim kringumstæðum, sem nú eru. Og ég verð að segja það, að mér finnst, að með þessum vinnubrögðum sé Alþ. sýnd óvirðing. Afgreiðsla Alþ. á þessu máli hlýtur að verða hrein sýndarmennska. Ég kem kannske örlítið nánar inn á þessa málsmeðferð síðar.

Í I. kafla þessa frv. er fjallað um útgáfu og sölu ríkisskuldabréfa. Í 1. gr. segir:

„Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.". Á síðasta ári var einnig tekin í lög heimild til útgáfu slíkra skuldabréfa eða sparimerkjaskírteina. Þá var heimildin 125 millj. Hvers vegna skyldi hún vera þetta mikið lægri núna? Það er líklega ekki af því, að ríkissjóður sé síður févana nú en þá var, heldur speglast í þessu mat ríkisstj. sjálfrar á ástandinu — fjárhagsástæðum þjóðarinnar eins og þær eru í dag. Þetta hefur áður verið gert, og það er þannig margítrekað búið að fara í þessa sömu slóð um fjárútvegun til handa ríkissjóði og vegna framkvæmdaáætlunarinnar, eða til þeirra verkefna, sem hún fjallar um. Um þetta má auðvitað deila, og það getur vel verið, að eitthvert fjármagn komi fram við slíkt útboð sem þetta, sem ekki er beint tekið frá hinu almenna bankakerfi eða hefði ella komið inn í það eftir venjulegum innlánaleiðum. Það má sjálfsagt deila um þetta atriði, en ég held, að það verði varla um það deilt, að að meginhluta er það fé, sem hér um ræðir, í raun og veru tekið af viðskiptabönkunum og öðrum innlánastofnunum landsmanna. Og þegar hér við bætast svo aðrar aðgerðir ríkisstj. á undanförnum árum í peningamálunum og í bankamálunum, frysting sparifjárins t. d. og einnig sá siður, sem nú hefur verið tekinn upp, að semja við bankana um það, að þeir leggi árlega tiltekinn hluta af sparifjáraukningu sinni inn í stofnlánastarfsemina, þá er ekki furða, þó að þröngt sé orðið á hinum almenna lánamarkaði og að bönkunum gangi erfiðlega að fullnægja því stóra verkefni að sjá atvinnuvegunum fyrir rekstrar- og starfsfé.

Það hefur ekki verið farið neitt dult með það af hálfu ríkisstj., að hún hefur ætlað að stjórna fjármálalífi landsins og peningamálunum gegnum aðgerðir í bankamálum. Með stefnu sinni í þeim málum hefur ríkisstj. ætlað sér að hafa hemil á verðbólguþróuninni og beina þróun efnahagsmálanna í farsælli farveg en verið hefur. En þegar hér er komið sögu, nú í dag, held ég að enginn — og ekki heldur stjórnarliðið — haldi því fram, að þetta hafi tekizt til neinnar hlítar. Aftur á móti fer það ekki á milli mála, að gegnum árin hefur með lánamálastefnunni verið þrengt tilfinnanlega að atvinnuvegunum á margan hátt. Það er áreiðanlega ekki með nokkrum rétti hægt að segja, að það sé eðlilegt, að fyrirtæki, allgóð fyrirtæki, sem hafa búið við uppgrip, séu svo til strand um leið og uppgripin eru búin. Það er einhver sérstök ástæða til þess, að þetta á sér stað víðs vegar í atvinnulífi þjóðarinnar. Og ein af meginástæðunum er áreiðanlega sú stefna, sem fylgt hefur verið í lánamálum, bæði varðandi stofnlán og rekstrarlán, og sú velta, sem ýmsar atvinnugreinar hafa búið við í þessu efni, bæði sjálfir undirstöðuatvinnuvegirnir og einnig ýmsar þær þjónustugreinar, sem starf-

andi eru í landinu og ómissandi eru fyrir undirstöðuatvinnuvegina.

Það er ástæða til þess í þessu sambandi að minna á það, sem segir í l. um Seðlabankann, að það sé m. a. hlutverk hans „að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé nýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt. Fyrr á þessu þingi var lögð fram till. til þál. um hlutverk Seðlabankans og var leitað umsagnar um þá till. hjá fulltrúum atvinnuveganna og þeir, sem svöruðu, voru ómyrkir í máli og hikuðu ekki við að láta í ljósi skoðun sína um það, hvernig staðið hefði verið að verkum hvað þetta atriði snertir. Það kom t. d. umsögn frá Landssambandi ísl. útvegsmanna einmitt um þetta atriði. Þar segir svo m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Samtökin hafa álitið, að undanfarin ár hafi hvergi nærri verið séð fyrir nægjanlegu rekstrarfé til útgerðar fiskiskipa né nægjanlegu láni út á unnar sjávarafurðir og lýsa sig því fylgjandi sérhverjum aðgerðum og till., sem miða til bóta í þessu efni. Þá viljum vér benda á, að rekstrarfjárskorturinn til útgerðar fiskiskipa hefur aldrei verið meiri en nú, einkum eftir gengisbreytinguna á s. l. hausti, og hafa rekstrarlán ekkert hækkað, þrátt fyrir eindregnar óskir samtakanna og ábendingar um mikinn kostnaðarauka við að hefja útgerð."

Þetta eru þeirra ummæli hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Stéttarsamband bænda hefur einnig svarað varðandi þetta mál og minnt á það, að endurkaup vegna rekstrarlána eru hin sömu í krónutölu og þau voru 1959, og þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hversu hagkvæmt það er fyrir þann atvinnurekstur, sem þar á hlut að máli. Það held ég, að sé ómótmælanlegt með öllu, að sú stefna, sem fylgt hefur verið í bankamálum og peningamálum yfirleitt, hefur ekki stöðvað verðbólguna. En hitt hefur tekizt, að þröngva mjög kosti atvinnulífsins í mörgum greinum. Og það er ekki sjáanleg nein breyting á þeirri stefnu.

Í umr., sem áttu sér stað á milli fulltrúa bændastéttarinnar og ríkisstj. fyrir nokkrum vikum síðan, var skýrt frá því, að ákvæðin um bindingu sparifjár væru í ýtarlegri endurskoðun og að því er ég bezt gat skilið, með tilliti til þess að athuga sérstaklega, hvort ekki væri rétt og tímabært að draga úr bindingunni. Um það hefur maður síðan ekkert frétt meira. Og það er ekki annað að sjá af því frv., sem hér liggur fyrir og þeim upplýsingum, sem fram hafa komið í sambandi við það, heldur en halda eigi bindingunni áfram í óbreyttri mynd. Við í minni hl. fjhn. flytjum brtt. varðandi þetta efni, að efni til líka þeim brtt., sem áður hafa verið fluttar varðandi sams konar mál hér í Alþ.

Í 3. gr. þessa frv. er nú eins og áður ákvæði um það, að ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., og svo vextir af þeim og verðbætur skuli undanþegin ekki einungis skattlagningu, heldur einnig framtalsskyldu. Við í minni hl. fjhn. erum andvígir þessu ákvæði. Við teljum það nauðsynlegt, ef hægt á að vera að halda uppi eðlilegu og réttmætu eftirliti með skattaframtölum, að ekki sé heimilt að fella eignir niður úr framtali. Það sé ekki heimilt, jafnvel þótt það kunni að þykja réttmætt að undanþiggja þær skatti í vissum tilfellum. Og við teljum það óeðlilega þróun og viðsjárverða að auka á þetta og gefa mönnum oftar og oftar og í ríkara mæli kost á að telja ekki fram eignir sínar. Og við sjáum ekki, að það sé nein frambærileg ástæða fyrir því að halda slíku ákvæði í frv. og l. um ríkisskuldabréf og sölu spariskírteina og flytjum brtt. varðandi það.

Í II. kafla þessa frv. eru svo lántökuheimildirnar sjálfar, erlendu lánin fyrst og fremst. Þar er um fernar heimildir að ræða. Í fyrsta lagi er það almenn heimild um 275 millj. kr. lántöku. Það er heimild til að ábyrgjast lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins upp á 500 þús. dollara vegna Vestfjarðaáætlunar, þ. e. a. s. vegna framkvæmda í samgöngumálum á Vestfjörðum. Það er í þriðja lagi vörukaupalán að upphæð 1 millj. 426 þús. dollarar, og í fjórða lagi er svo heimild til 10 millj. kr. lántöku vegna tækjakaupa fyrir flug og rafmagn. Hér er vissulega um stórar fjárfúlgur að ræða, og ég held, að það geti ekki með réttu kallazt neitt óeðlilegt við það, þó að alþm. telji sig þurfa að fjalla um mál, sem eru þetta stór í sniðum, á annan hátt en unnt verður að gera, eins og nú er allt í pottinn búið.

Í III. kafla frv. eru svo ákvæði um það, hversu ráðstafa skuli því fé, sem ræðir um í I. og II. kafla. Þar er í fyrsta lagi um það að ræða að endurlána framkvæmdasjóði allt að 113 millj. kr. af láni skv. 5. gr., þ. e. a. s. af almenna 275 millj. kr. láninu.

Það er einnig augljóst, að ráðstöfun þessa fjár er mikið mál. Og það er óhætt að segja það, að mörgum hv. alþm. mundi áreiðanlega þykja það miklu varða, að eiga um það nokkurn tillögurétt, hversu Framkvæmdasjóður Íslands deilir því fé, sem hann fær til umráða, á milli hinna ýmsu stofnlánasjóða. En það er með það eins og fleira, að til þess gefst lítið tóm hér í Alþ. eða annars staðar.

Ein sú lánastofnun, sem framkvæmdasjóðurinn leggur til fé, er stofnlánadeild landbúnaðarins. Um þau verkefni, sem henni er ætlað að sinna, er það t. d. vitað, að mjög miklar og dýrar framkvæmdir eru nauðsynlegar í hinum ýmsu vinnslustöðvum landbúnaðarins. Þar er um að ræða bæði mjólkurbúin, því að eins og mönnum er kunnugt, er orðið langt um liðið síðan þau voru reist í fyrstunni, sem er að vísu búið að endurbyggja, en önnur þurfa endurbyggingar við, og sums staðar stendur endurbygging yfir. En þó er enn meiri og enn brýnni þörf átaka á þeirri hliðinni, sem viðkemur kjötframleiðslunni. Endurbygging margra sláturhúsa er nú mjög aðkallandi, bæði vegna þess að þau fullnægja ekki þeim kröfum, sem innlend heilbrigðisþjónusta og vandlátir erlendir markaðir gera til þeirra, og einnig

vegna hins, að þau þarf að endurbyggja af hagkvæmniástæðum, til þess að hægt sé að koma við nýjustu vinnubrögðum, sem að áliti þeirra, sem skoðað hafa þessi mál nákvæmlega, gætu orðið til mjög verulegs sparnaðar og lækkunar á vinnslukostnaði kjötsins. Ég nefni þetta rétt svona sem dæmi um þau atriði, sem þarna er um að ræða, því að þetta eins og skýrir það, hversu margt það er og stórt í sniðum, sem hér er fjallað um, og mikil ástæða til þess að skyggnast nánar undir yfirborðið en hægt er að gera, eins og málið ber hér að.

Í 11. gr. frv. er svo fjallað um það, hvernig því lánsfé, sem aflað er með sölu ríkisskuldabréfa og með almenna erlenda láninu o. fl., skuli varið, því, sem ekki fer gegnum framkvæmdasjóðinn og út í stofnlánakerfið. Í þessari gr. eru liðir eins og Rafmagnsveitur ríkisins, sérstakar framkvæmdir í raforkumálum, gufuveita í Reykjahlíð, jarðborun á Reykjanesi, landshafnir, vegir, m. a. Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi o. s. frv. Og upphæðirnar, sem nefndar eru, eru allt upp í 82.6 millj. kr. á einum og sama lið.

Hér gætu áreiðanlega verið deildar meiningar um það, hversu með þetta fjármagn skuli fara, en það er hvort tveggja, að málið er þá fyrst lagt fram, þegar búið er að setja það upp lið fyrir lið, og að tími til skoðunar er nálega enginn, svo að útilokað má kalla að setja fram veigamiklar brtt. En það er vissulega ekki af því, að þarna sé ekki um mörg atriði að ræða, sem menn kynnu að vilja skoða nánar. Hér er t. d. einn eða tveir liðir um raforkumál, og þá fer ekki hjá því, að menn leiði hugann að því, hvernig búið hefur verið að þeim málum á undangengnu góðæristímabili. Hvað hefur verið gert í orkuvinnslumálunum, í byggingu nýrra orkuvera, á þessu tímabili? Það er næsta lítið. Allt Austurlandssvæðið og Hornafjarðarsvæðið með býr nú að mjög miklu leyti við olíuorku, sem er mjög dýr, miklu dýrari en á orkuveitusvæðum vatnsorkuvirkjana og auk þess ótrygg. Og á þessu árabili hefur verið hrúgað upp dísilstöðvum á dísilstöðvar ofan, á meðan eitthvert bezta og auðvirkjanlegasta vatnsfall á landinu, Lagarfljót, rennur óbeizlað til sjávar. Á Hornafirði, sem ekki er á Austfjarðaveitusvæðinu, hefur alveg sama sagan gerzt. Þar hefur dísilrafmagnið verið notað á Höfn og því hefur verið veitt út um sveitirnar á sama tíma og Smyrlabjargaá fellur óbeizluð fram á sandinn, á meðan hluti af virkjanaefninu liggur þar í sandinum í 8—9 ár og rústar. En annar hluti af efni til þessarar virkjunar, vélarnar, eru geymdar innsmurðar í vörugeymsluhúsum suður í Reykjavík. Það er einnig möguleiki að nýta betur þá vatnsorku, sem þó er fyrir á sumum svæðum, með því að tengja inn á þau svæði staði, sem enn þá búa við dísilrafmagn, og mér er kunnugt um það, að í till. framkvæmdastj. Rafmagnsveitna ríkisins um framkvæmdir á þessu ári voru a. m. k. tvö atriði, sem fjölluðu um það að tengja slík svæði við vatnsorkuver, annars vegar kauptúnin á Melrakkasléttunni við Laxárvirkjunarsvæðið og hins vegar Dalasýslusvæðið og Búðardal við virkjanirnar norður í Strandasýslu.

Það er augljóst hversu vanrækt hefur verið að beina orkuvinnslunni að vatnsaflinu á þessu undangengna árabili, en í stað þess hlaðið upp með gífurlegum kostnaði dísilstöðvum, sem framleiða svo rafmagn, sem stöðugt hækkar í verði vegna hækkana á brennsluefninu. Þarf því nokkurn að undra, þó að þm. kynnu að vilja skoða hluti eins og þessa nokkru nánar en hægt er að gera á fjórum annríkisdögum eða svo. Og það er þannig um ýmislegt fleira hér í frv. og þeim skjölum, sem því fylgja.

Hér er t. d. einhvers staðar gert ráð fyrir fjárveitingu eða lánsfé til að gera tilraunagufuvirkjun norður við Mývatn. Þetta er sjálfsagt ágætt mál og nauðsynlegt að kanna það, hverjir möguleikar hér eru fyrir hendi, en það breytir ekki því, að það er óeðlilegt, að Alþ. fjalli um það á þann hátt, sem hér er gert.

Það eru vissulega fleiri þættir, sem menn kynnu að vilja skoða nánar, ef tóm væri til. Það eru t. d. hafnarmálin. Hér er gert ráð fyrir að nota í þrjár landshafnir 40 millj. kr., og það er langdregið sú fjárhæð, sem ætluð er á fjárl. til allra annarra hafna á landinu. Það er ekkert með ólíkindum, að menn vildu athuga þá hluti örlítið nánar. Og það er raunar eins með það fé, sem hér er ætlað til vega. Sennilegt þykir mér þó, eftir þeim upplýsingum, sem við fengum í fjhn., að um vegamálin megi segja það, að flest þau atriði, sem fjallað er um hér, séu einnig í vegáætlun. En þá kemur það líka til athugunar, sem áður hefur verið rætt hér um og gagnrýnt, að í vegáætlun, sem er þó vissulega áætlun um framkvæmdir, hvernig þeim skuli raðað og hvað skuli gert það og það árið, í vegáætluninni eru lántökuheimildir fjölda margar, en síðan er í framkvæmdaáætlun ríkisins valið úr og þar með skekkt sú mynd, sem Alþ. var búið að setja upp af því, í hvaða röð verkefni í vegamálum skyldu unnin. Allar stærstu upphæðirnar í þeim 82 millj. kr., sem hér um ræðir, fara í skuldagreiðslur. Langsamlega hæsta upphæðin er til þess að greiða af skuldinni vegna Reykjanesbrautar, 43.7 millj. kr., 10 millj. vegna vega til Búrfellsvirkjunar og 11.6 millj. vegna Kísilvegarins norður frá.

Það er auðvitað tilgangslaust að fara að rekja í einstökum atriðum hina ýmsu liði varðandi ráðstöfun þessa fjár. En meðferð þessa máls hér nú, sem afgreitt verður á 6 dögum, máls, sem með eðlilegum hætti hefði átt að fylgja fjárl. og fá líka afgreiðslu og fjárlög fá, er enn þá eitt áberandi dæmi um það, hversu raunverulegt fjárveitingavald er dregið úr höndum Alþingis eftir ýmsum leiðum. Annars er það mjög eftirtektarvert, að nú er svo komið, að fjölmargar þær framkvæmdir, sem áður voru á fjárl., fjölmargar almennar framkvæmdir er nú fyrirhugað að vinna með lánsfé, annaðhvort erlendu eða innlendu. Þetta er vissulega viðsjárverð þróun, en hún er hins vegar alveg dæmigerð fyrir þá stefnu og þá starfsaðferð,

sem núv. hæstv. ríkisstj. temur sér í vaxandi mæli. Það eru kunn dæmin frá því fyrir síðustu kosningar, hversu reynt var að velta á undan sér hlutunum og enn þá er þessu haldið áfram að nokkru leyti, þó að menn hafi þegar orðið að taka til við að greiða suma þá „víxla“ sem þá voru gefnir út.

Ég ætla ekki að rifja þau mál upp í einstökum atriðum. Það er ástæðulaust við þessa umr. En ég vil þó rétt minna á það, að við vorum ekki fyrr teknir til við þingstörf í haust en komið var með frv. til l. um efnahagsaðgerðir, sem fól það í sér að klóra saman um 400 millj. kr. til þess að ljúka við að ná saman endum á þeim fjárl., sem höfðu verið afgreidd fyrir kosningar.

Erlendar lántökur eru ekki nýtt fyrirbæri. En það hefur löngum þótt góð latína — og er það vissulega enn — að nota erlent lánsfé fyrst og fremst til þess að efla arðbærar atvinnugreinar eða hrinda áleiðis framkvæmdum, sem eru þjóðhagslega mikilvægar og nokkuð stórar í sniðum. En hér eins og víðar í ferli ríkisstj. hefur verið brotið blað, og það er kannske skiljanlegt, þegar athugað er, hvernig allt er nú komið á kaf hjá þessari hæstv. ríkisstj.

Minni hl. fjhn. flytur aðeins tvær brtt. við frv. að þessu sinni. Fyrri brtt. er við 1. gr. frv. og er þess efnis, að útgáfa ríkisskuldabréfa og spariskírteina sé því aðeins leyfð, að Seðlabankinn hverfi frá frystingunni. Hin brtt. er um það atriði, sem ég gerði að umtalsefni hér áðan, framtalsskylduna, að fella niður úr 3. gr. orðin „framtalsskyldu og“, því að eins og ég þá gerði grein fyrir, teljum við það atriði alveg óeðlilegt. Það er vissulega ýmislegt fleira en ég hef gert að umtalsefni, sem athugunarvert er við þetta frv. að okkar dómi í minni hl. fjhn., en til þess er tíminn allt of naumur. Og það er áreiðanlega ekki til þess ætlazt af hæstv. ríkisstj., að um þessi mál sé fjallað á venjulegan hátt eða farið með neinni nákvæmni ofan í málið. Ég held, að nál. meiri hl. um þetta stóra mál sanni það betur en mörg orð, því að það hefur rúmazt hér í tveimur línum.

En meðferð þessa máls í Alþ. er í samræmi við aðra meðferð mála hér í þingi í vetur. Frá því að Alþ. kom saman í haust og fjárlög voru lögð fram og þangað til þetta frv. er lagt fram, þá telst mér svo til, að ríkisstj. sé búin að leggja fram 20 frv. um alls konar fjármálaráðstafanir og flest einhvers konar vandræðaráðstafanir. Þetta byrjaði með efnahagsmálafrv., sem dagaði hér uppi í þinginu í þann mund, sem Bretar felldu sterlingspundið, og síðan hefur straumurinn haldið áfram nær óslitið, svolítið mismunandi hratt að vísu. Það munu hafa orðið ein sjö frv., sem fylgdu gengislækkuninni, og það vildi svoleiðis til, að síðasta frv. í þessum flokki, þ. e. frv. um breytingu á tollskránni, var ekki búið að vera nema nokkra daga fyrir Alþ., þegar ríkisstj. lagði fram frv. til bjargar sjávarútveginum, sem hún hafði verið að hjálpa með gengisbreytingunni við áramót. En þó tókst ekki verr til en svo, að frv., sem beint fylgdu gengisbreytingunni, voru komin fram aðeins á undan, svo að þetta varð allt í réttri röð! Ég hygg, að frv. vegna erfiðleika sjávarútvegsins séu orðin ein fjögur a. m. k. Og „fjárlaga“-frv. eru orðin mörg. Fyrst kom fjárlagafrv. sjálft, síðan efnahagsmálafrv., sem var viðbætir við fjárl. 1967. Síðan kom gengisbreytingin með öllu tilheyrandi og vissulega hafði hún stórkostleg áhrif á fjárreiður ríkissjóðs. Svo koma sérstök vegafjárlög, þá sparnaðarfjárlög og svo koma loks þau lánafjárlög, sem hér er fjallað um núna. Ég held, að það sé ekkert ósanngjarnt, þó að maður segi, að í þessum málum hafi á þessu Alþ. frá hálfu ríkisstj. ríkt alger ringulreið. Ég held, að það sé bara ekkert of djúpt tekið í árinni. Og ég held, að það sé varla hægt að búast við því, að nokkur ríkisstj. komist þá öllu lengra en að leggja fram að jafnaði eitt vandræðafrumvarp á viku. Svo fylgir það langoftast með í kaupbæti, að málin á að afgreiða sem allra, allra fyrst, núna t. d. á sex dögum. Og þannig hefur þetta verið æ ofan í æ, að það hefur verið óskað eftir afgreiðslu með hraði.

Svo er rekið smiðshöggið á verkið hvað snertir vinnubrögðin á Alþ. þessa síðustu daga, því að nú er hér allt í einni bendu. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að telja þau stjfrv., sem nú liggja fyrir til afgreiðslu, en þau eru mörg. Hitt er ég viss um, að það skiptir mörgum tugum, sem fyrir Alþ. liggur nú af nál. um mál, sem búið er að afgreiða í nefndum og ekki hefur verið tóm til að ræða. Mér er sagt, að það standi til, að utanrrh. flytji hér skýrslu um utanríkismál. Sennilegt er, að hún verði eitthvað rædd. Mér skildist á tali manna í fjhn. á skírdag, því að þá var þar síðasti fundur í fjhn., að það væri von á skýrslu frá fjmrh. E. t. v. vildu þm. segja eitthvað um hana. Svo eru útvarpsumr. tvö kvöld. Allt á þetta að ljúkast á 4 dögum. Það er ekki furða, þó að það séu ýmis mál, sem erfitt er að fá rædd hér á þingi undir lokin, þegar svona er að unnið. Og ég spyr: Hvers vegna þarf að vinna svona að málum á síðustu dögum þingsins og hvað er það, sem liggur á bak við þá ákvörðun, að Alþ. skuli ljúka á laugardaginn kemur, eins og okkur hefur verið tjáð, hvað sem tauti og rauli, — hvað er það, sem þarna er á bak við?

Varðandi frv., sem hér liggur fyrir, vil ég aðeins segja það að lokum, að minni hl. fjhn. lætur sér nægja að flytja við það þær brtt. tvær, sem ég hef lýst, enda þótt að hans dómi séu þar mjög mörg atriði, sem þurft hefði að athuga nánar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr. Hv. 5. þm. Austf. sagði, að það væri hættuleg þróun að lána til framkvæmda. Um þetta geta verið skiptar skoðanir, en þegar þessir sömu menn kvarta jafnframt undan háum sköttum og krefjast meiri framkvæmda, þá er auðvitað erfitt að mæta því nema með því að taka lán. Hins vegar get ég að sumu leyti verið sammála því, sem hv. þm. sagði í byrjun sinnar ræðu í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna fram-

kvæmdaáætlunar fyrir árið 1968. Mér er það alveg ljóst, að að baki slíku frv. liggur mikil vinna og það er kannske erfitt og ekki sanngjarnt að krefjast þess, að það liggi fyrir við afgreiðslu fjárl., en hitt verður þó að segja, að það er afleitt, að það skuli vera lagt fram, þegar komið er að þinglokum, og erfiðast af öllu finnst mér, og um það get ég ekki látið hjá líða að gera aths., að um ráðstöfun fjár samkv. ýmsum liðum 11. gr. frv. liggja ekki fyrir, þm. til glöggvunar, neinar sundurliðaðar upplýsingar. Og mér brá nú heldur í brún, þegar frsm. meiri hl. fjhn. mælti hér fyrir frv. og skýrði á engan hátt þessa liði. Hv. frsm. minni hl. var svo að burðast við að skýra lítillega liðina, maður fékk þó meginþorrann af vegunum út úr hans ræðu. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég hef ekki hugmynd um, hvernig þessir liðir sundurliðast hér í frv. Ég tel, að þetta frv. beri alls ekki rétt að.

Í aths. við 11. gr. frv. segir, að nánari grg. um skiptingu lánsfjár á einstakar framkvæmdir verði gefin út í sambandi við framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj. árið 1968. Ég hefði talið, að slík skýrsla hefði átt að koma á undan, áður en þetta frv. er afgreitt hér út úr hv. þd. Ég get ekki látið hjá líða að gera þessar aths. Mér er það ljóst, að í 11. gr. eru ákveðnir liðir, sem skýra sig sjálfir, og það stórir liðir eins og Búrfellsvirkjun, 75 millj. kr. Þetta er auðvitað sjálfsögð og eðlileg heimild, og raunar eru kannske allar þessar heimildir það, en ég tel, að þdm. eigi að fá skýrslu um það, hvernig þessir liðir sundurliðast.

Mér leikur t. d. mikil forvitni á að vita nánar um efni 7. gr. frv. Þar er endurnýjuð heimild handa fjmrh. til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, sem mun tekið af Framkvæmdasjóði Íslands, að fjárhæð 500 þús. dollarar. Þegar samgönguáætlun Vestfjarða var samþ. og ríkisstj. ákvað að hrinda þeirri áætlun í framkvæmd, sem var myndarleg áætlun og Vestfirðingar meta mikils, þá var reiknað með, að 50% kæmu á móti af innlendu fjármagni. Sá hluti hefur komið að verulegu leyti til hafnarframkvæmda, einnig hefur komið allmikill hluti, en þó engan veginn nóg, til vegaframkvæmda, en til þess að halda þessum framkvæmdum áfram, verður auðvitað það fé að koma allt. Í einum þætti þessarar áætlunar, flugmálunum, finnst mér, að lítið hafi komið af innlenda fjármagninu, og mér er það einnig ljóst, að framlögum, sem veitt eru til flugvalla- og flugstöðvabygginga hefur verið skipt af flugráði. Ég sé hér á töflunni 6 millj. kr. til flugmála. Á þetta að fara til flugráðs? Á það að skipta þessu? Eða er þetta einhver ákveðin framkvæmd, sem um er að ræða? Þetta hef ég talið, að þm. ættu kröfu til að fá að vita, fá gleggri skýrslu yfir, og ég tel, að þó áliðið sé þingtíma, eigi, ef þetta ber rétt að og skýrslur eru gefnar, að vera hægt að afgreiða málið, afgreiða bæði þessi mál og önnur á tiltölulega stuttum tíma, því að ég hygg, að sem betur fer séu þm. almennt það fljótir að átta sig á hlutunum, þegar upplýsingar liggja fyrir, að það þurfi ekki að vera að fresta þingslitum þess vegna fram eftir öllu vori. Þing hefur nú staðið þegar nógu lengi að mínum dómi, en ég vildi sem sagt láta þetta koma hér fram, að ég lýsi yfir óánægju minni með það, að þessi skýrsla skuli ekki gefin á undan og það eigi að afgreiða þetta frv. út úr þd., án þess að gefa slíka skýrslu.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þegar ég hlustaði á síðasta ræðumann, datt mér í hug, „að bragð er að, þá barnið finnur.“ Hann þarf nú að kvarta svona alvarlega undan vinnubrögðum sinnar eigin ríkisstj. En ég er honum sammála um, að það er lítt viðunandi að gera þá kröfu til þm. að samþykkja frv. sem þetta og láta þeim ekki í té frekari upplýsingar en liggja hér fyrir. En ég vil beina orðum mínum engu síður til hv. frsm. minni hl. n., sem sjálfsagt er búinn að fá meiri upplýsingar í þessu máli en við hinir, jafnframt því sem ég beini því til hæstv. fjmrh., sem ég vil spyrja um. Ég geri ráð fyrir, að hv. n. hafi leitað sér upplýsinga um skiptinguna á þessu lánsfé, sem í þessu frv. felst. Ég ætla ekki að gera margt hér að umtalsefni, þó að ég hefði mikla löngun til þess að fá að heyra t. d., hvað á að vinna mikið í raforkumálum á Vestfjörðum á þessu ári fyrir það lánsfé, sem til raforkumálanna er ætlað. Fyrir hve mikið og hvar á að vinna að hafnarframkvæmdum fyrir lánsfé? Það er eins um flugmálin. En það eru allar horfur á því, að við fáum ekkert um þetta að vita, þó að við séum að ræða þetta frv. A. m. k. bólar ekki neitt á slíku enn. Mér dettur í hug svona af tilviljun, að það stendur, held ég, í 11. gr., að til jarðborana á Reykjanesi eigi að fara 3.6 millj. Nú hef ég ekki hugmynd um, hvaða Reykjanes þetta er, sem menn eru að tala þarna um. Ég veit, að það eru til a. m. k. tvö Reykjanes í Vestfjarðakjördæmi og einhver eru þau fleiri annars staðar, ég hef t. d. heyrt talað um Reykjanes í Reykjaneskjörd. Hvaða Reykjanes er þetta, sem hæstv. ríkisstj. er að láta skrásetja þarna? Það er bágt að þurfa að spyrja um svona hluti, en þetta er nú svona.

Um vegina var ég að spyrja um daginn og fékk heldur þokukennd svör hjá hæstv. ráðh., það verð ég að segja. Ég ætla að reyna að spyrja samt aftur.

Það segir svo á bls. 5 í töflu þeirri, sem fylgir þessu frv., að framkvæmdir eigi að nema 79.9 millj., mér skilst framkvæmdir af því lánsfé, sem hér er gert ráð fyrir. Í neðanmálsgrein undir 6. lið stendur: „Vegaframkvæmdir á Vestfjarðaáætlun, 19.7 millj. kr., og skuldagreiðslur þeirra vegna, 2.1 millj., eru taldar hér með.“ 19.7 millj. samkv. Vestfjarðaáætlun á árinu 1968. Á að skilja þetta þannig, að það sé verið að auka þarna alveg stórlega við vegaféð á Vestfjörðum úr flóttamannasjóðnum, er við köllum flestir svo? Eða hvernig eru þessar 19.7 millj. til komnar? Það eru nefnilega ekki nema 8 millj. í núgildandi vegáætlun í sambandi við Vestfjarðaáætlun á þessu ári. En þarna eru 19.7. Ég fagna því og tek því með miklum þökkum, ef þetta er svo, að þarna á ríflega að tvöfalda upphæðina.

En ætli þetta sé svona? Mér þætti mjög vænt um, ef hæstv. ráðh. gæti svarað þessu. Þetta er frekar einföld spurning. Það fóru aftur á móti á árinu í fyrra um 11.5 millj. af þessum svo kölluðu Vestfjarðalánum til vega. Og það er dálítið einkennilegt, að þetta er hér um bil nákvæmlega sama upphæð, sem þarna vantar á, að fjárveiting vegáætlunar í ár sé 19.7 millj. En ég get þó ekki ímyndað mér, að þannig sé þessu varið.

En ég spyr sem sé að þessu: Fyrst 19.7 millj. af þessari upphæð eru til Vestfjarðavega og það er árið 1968, sem þessi framkvæmdaáætlun gildir fyrir, eru þetta þá ekki rúmlega 11 millj., sem á að bæta við það, sem áður var búið að ákveða? Og ef svo er, til hvaða vega eiga þær millj. að fara?

Ég veit ekki, hvort það er ástæða fyrir mig að spyrja að fleiru, til þess að rugla ekki þetta mál. En þetta er einfalt. Auðvitað langar mig til þess að fá að vita, hvort eitthvað verður breytt þeim lánum, sem búið var að samþykkja á Alþ. í fyrra til vega á Vestfjörðum, eða m. ö. o., hvort þau lán, sem þar standa, falla nú öll niður og þessi komi í staðinn. Eru vegalánin, sem ákveðin voru í vegáætlun í fyrra fyrir árið 1968, öll úr sögunni með þessu frv., en þessi lán komin í staðinn? Og ef þau koma í staðinn, hvernig skiptast þau þá? Ég get gjarnan getið þess, að mér hefur verið tjáð af manni, sem á sæti í fjhn. Ed., sem búin er að fjalla um þetta mál eitthvað, að t. d. einn vegur á Vestfjörðum, sem í vegáætlun er nú með 1.8 millj. kr. á þessu ári, það er Gemlufallsheiði milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar, falli nú niður og eigi að nota fjárhæðina annars staðar. Ég veit ekki, hvort þetta er rétt athugað eða ekki. En um þetta vil ég t. d. spyrja. Hvernig liggur í þessu? Og er ómögulegt að fá fulla vissu um þetta, hvernig lánin skiptast til hinna einstöku framkvæmda og að hve miklu leyti þau brjóta í bága við ákvæði vegáætlunar, sem er enn í gildi? Mér sýnist, að þetta sé síðasta tækifærið til að spyrja um þetta, og alveg hreinasta tilviljun, að umr. var ekki lokið áðan.

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geti nú svarað þessu, en ef hann á erfitt með að svara þessu við þessa umr., þá er 3. umr. eftir, en e. t. v. á að hespa hana af í kvöld. Það væri kannske betra fyrir hann að svara þessu þá, því að það er ekki hægt að ætlast til þess, að hann hafi allt fyrir framan sig á borðinu, sem maður kann að spyrja um.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér þykir það mjög gleðilegt, að hv. Vestfjarðaþm. geta þó verið sammála og talað saman í bróðerni og fundið einhvern sameiginlega til að snúa geiri sínum að, en sleppum því.

Ég get alveg fúslega fallizt á, að það hefði verið æskilegra, að þetta mál hefði borið fyrr að og verið í ýmsu tilliti með öðrum hætti, og ég gerði grein fyrir því í minni framsöguræðu um málið. Ég hefði talið æskilegast og að því er stefnt, að framkvæmdaáætlunin gæti að meginefni til verið samferða fjárlagafrv., og ég skýrði frá því, að í haust við undirbúning fjárlagafrv. hefðu verið gerð drög að framkvæmdaáætlun fyrir árið 1968. Um það mál var hins vegar ekki fengin það endanleg niðurstaða, að hægt væri að láta það fylgja fjárl. M. a. var ógerlegt á því stigi málsins að gera sér grein fyrir fjárþörf framkvæmdasjóðanna og ýmsu öðru, sem þá var ekki ljóst. Það þótti hins vegar nauðsynlegt að gera sér þá grein fyrir málinu, einmitt vegna þess, að menn þyrftu að átta sig á því, hvaða fé væri hugsanlega hægt að ráðstafa til framkvæmda á þessu ári. Ég held, að ekki þurfi að fara mörgum orðum um þetta mál til þess, að öllum hv. þdm. ætti að vera það fullkomlega ljóst, að eins og málum var háttað, var þetta gersamlega útilokað. Þróun mála hefur orðið svo hröð og breytingar svo miklar á síðustu mánuðum, að framkvæmdaáætlun, sem þá hefði verið gerð, hefði orðið að takast gersamlega til endurskoðunar eftir áramót, og ég býst við, að hefði sungið eitthvað í ýmsum hv. þm., ef þá hefði þurft að fara að endurskoða framkvæmdaáætlunina ásamt mörgu öðru, sem hefur þurft að endurskoða, bæði í sambandi við fjárlög og annað og margoft hefur verið fundið að. En eins og málið liggur nú fyrir mönnum, er það ljóst, að áhrif aðgerðanna eftir áramót, bæði ráðstafananna vegna sjávarútvegsins og þar af leiðandi endurskoðunar fjárl. fyrir 1968 og sparnaðarráðstafananna, sem þar voru ákveðnar, hafi gert óumflýjanlegt að taka framkvæmdaáætlunina alla til heildarendurskoðunar og því miður að draga málið eins og raun hefur orðið á. Það var ekki hægt, þó að ég fullkomlega taki undir, að það hefði verið æskilegt, að leggja framkvæmdaáætlun eða þetta frv. fyrir þingið fyrr en nú. Það var ekki hægt. Og ég verð að sjálfsögðu að taka því, ef mönnum finnst vera óhæfilega að unnið, en um það þýðir ekki að fást.

Það er tiltölulega skammt síðan ákveðið var að freista þess að fjármagna þær 62 millj. t. d., sem voru teknar út úr fjárl., með lántökum, og það þurfti að kanna til hlítar, hvort hugsanlegt væri að ná saman endum með þessum hætti, og eins voru mörg önnur vafaatriði, sem ekki voru ljós fyrr en nú alveg síðustu daga. Og það var ekki dregið einn dag að leggja þetta frv. fyrir Alþ., þegar tekizt hafði að ganga endanlega frá því. Ég get svo alveg tekið undir það með hv. 4. þm. Vestf., að auðvitað hefði verið æskilegast, að gefin hefði verið skýrsla um framkvæmdaáætlunina, áður en þetta frv. var lagt fram um lántökuheimildirnar, til þess að menn fengju yfirlit yfir það, hvað áformað væri að gera. Ég held þó, að það ráði ekki úrslitum málsins, vegna þess að sú grg. er miklu víðtækari, þ. e. yfirlitsskýrsla um þróun og horfur efnahagsmála almennt, fjárfestingarmála í þjóðfélaginu, og svo að sjálfsögðu grg. um þær framkvæmdir, sem ríkið hyggst standa að, ekki eingöngu það, sem framkvæmt er innan ramma þessarar lántökuheimildar, heldur margt annað, vegna þess að þær framkvæmdir, sem lántökuheimildirnar ná til, eru sjálfsagt ekki nema lítill hluti af opinberum

framkvæmdum. Það má vel vera, og ég skal fúslega fallast á það, að að þessu megi finna. Því miður hefur bara vinnubrögðum verið þannig háttað og aðstaða manna slík til þess að ljúka öllum þeim verkefnum, sem á þeim mönnum hafa hvílt, sem að þessu þurfa að vinna, að það hefur verið ógerlegt að koma þessu á annan hátt fyrir, og það er sjálfsagt að biðja afsökunar á því, ef mönnum þykir það fordæmanlegt. En við þetta varð því miður ekki ráðið, og miðað við það, að þingi átti að ljúka innan skamms, varð ekki hjá því komizt að leggja þetta frv. fyrir þingið það tímanlega, að það gæti fengið afgreiðslu.

Hingað til hefur þetta mál ekki verið deilumál hér á Alþ., og hefur það þó borið að með mjög svipuðum hætti og það hefur nú borið að. En hvað um það, allar réttmætar ábendingar og aðfinnslur er auðvitað sjálfsagt og skylt að taka til greina.

Hitt þykir mér mjög leitt, ef ekki hafa komið fram fullnægjandi upplýsingar um málið. Ég gerði grein fyrir því hér við 1. umr., að hv. fjhn. mundu verða látnar í té allar upplýsingar, sem þyrfti í sambandi við einstakar framkvæmdir, því að ég taldi of langt mál að rekja það í minni ræðu þá. Og hv. 1. þm. Austf., sem þá einmitt skaut fram slíkum aths., alveg með réttum og eðlilegum hætti, vék einmitt að því sjálfur í sinni ræðu, að þess væri ekki að vænta, að ég mundi svara því þá á stundinni, heldur að fjhn. fengi allar þessar upplýsingar og gæti áttað sig á, hvað hér væri um að ræða. Og þetta vonast ég til, að n. hafi fengið í hendur og fullvissað sig um, hvað hér væri á ferðinni. Auðvitað er það sjálfsagt mál, að ég reyni að gera grein fyrir frekari sundurliðun hér, en þar sem tími er naumur, verð ég samt að biðja afsökunar á því, að ég reyni að takmarka mig sem mest.

Sumt af þessu skýrði ég þegar í framsögu minni, og ef ég lít aðeins yfir þessa liði, sem hér er um að ræða, þá skulum við fyrst taka Vestfjarðaáætlunarféð, sem mikið er um talað og báðir hv. þm. gerðu að umtalsefni og báru fram fsp. um og þarf út af fyrir sig engan að undra það. Ástæðan til þess, að það er ekki sérstaklega sundurliðað hér, er sú m. a., að það er ætlunin, að Framkvæmdasjóður Íslands taki þetta lán, eins og Framkvæmdabankinn áður gerði, það er því ekki sundurliðað sérstaklega fremur en annað það, sem fer í gegnum framkvæmdasjóðinn. En ég skal fúslega gefa upplýsingar um það. Það eru 27 millj. kr., sem hér er um að ræða tilheyrandi Vestfjarðaáætlun, sem gert er ráð fyrir, að verði tekið að láni hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, og það er gert ráð fyrir, að 16 millj. af því fari í vegi, 9.8 millj. í hafnir og 1.2 millj. í flugmál. Það er gert ráð fyrir því, að sú upphæð öll, sem ætluð er til flugmála, fari til Ísafjarðarflugvallar. Af lánsfjárupphæðinni til hafnanna er gert ráð fyrir því, að Bolungarvík fái um 6.5 millj., Súðavík 0.4 millj., Suðureyri 1.3 millj., Patreksfjörður 0.8 millj. og Flateyri 0.7 millj. Þetta eru þó ekki nákvæmar tölur, ég sleppi þarna tugum þúsunda.

Um vegina er það að segja, að það er gert ráð fyrir því samkv. þeirri áætlun, sem ég hef hér fyrir mér um þetta efni, að vegafénu verði ráðstafað þannig, að í Vestfjarðaveg sunnan Þingmannaheiðar fari 5 millj. 990 þús., í flugvallarveg á Patreksfirði fari 60 þús., í Bíldudalsveg fari 280 þús., í Vestfjarðaveg á Breiðadalsheiði fari 5 millj., í Súgandafjarðarveg fari 2 millj. 890 þús., í Bolungarvíkurveg fari 1 millj. en þar getur orðið breyting á með samkomulagi, og í flugvallarveg við Ísafjörð um 680 þús. Þetta eru 16 millj., sem hér er um að ræða, og þetta eru þær upplýsingar, sem fyrir liggja um Vestfjarðaféð.

Ég hygg, að hv. fjhn. hafi fengið sundurliðun á fjárupphæð til vegaframkvæmda almennt. Sú upphæð er líka ósundurliðuð hér í þessu frv. Bróðurparturinn af þeirri fjárhæð rennur til Reykjanesbrautar, 43.7 millj. Í Breiðholtsveg, sem er hér innan við bæinn, og þarf að leggja þann veg í sambandi við byggingaráætlunina, fara 3.6 millj., í Heydalsveg 1.5 millj., í Siglufjarðarveg 0.5 millj., (fjármagnið til hans kemur aðallega úr vegasjóði), í Kísilveginn frá Mývatni 11.6 millj. og í Austurlandsveg 1.5 millj.

10 millj. renna til vegar þess, sem Landsvirkjun lánaði fé til og lagður var vegna virkjunarinnar, og 10 millj. eru sérstök afborgun af bráðabirgðaláni í Hambrosbanka vegna Keflavíkurvegar, og er þá treyst því, sem þó er ekki vitað um enn, að því láni fáist breytt í lán til nokkurra ára. Þetta eru upplýsingarnar um vegina.

Varðandi Rafmagnsveitur ríkisins, þá er þetta almenn fjáröflun til þeirra, eins og undanfarin ár, og ekkert sérstaklega greint frá því, hvernig því er ráðstafað. Það hefur verið athugað, hver þörfin er, bæði í sambandi við dísilstöðvar og annað, og hér er ekki um að ræða sérstaka fjáröflun vegna dreifiveitna út um landið, það er sérstök fjárveiting í fjárl., sem fer til þeirra þarfa. Um ráðstöfun á liðnum „Raforkumál sérstakar framkvæmdir“ er heldur ekki endanlega ákveðið. Þar af er áætlað, að 5 millj. renni til Rafmagnsveitna ríkisins til ýmissa endurbóta, sem þær telja nauðsynlegar og 10 millj. eru lagðar til hliðar vegna hugsanlegrar gufuveitu við Mývatn. Það liggja till. fyrir um það, til þess að hægt sé að fresta Laxárvirkjun um skeið, að byggð verði þar raforkustöð, þar sem hagnýtt verði jarðgufa með nýrri aðferð, og eru menn yfirleitt, að því er ég hygg, nokkurn veginn orðnir sammála um það, að rétt sé að gera þessa tilraun. Til gufuveitu í Reykjahlíð er um fjáröflun að ræða til framkvæmda, sem þegar er lokið að mestu og eru í sambandi við kísilgúrverksmiðjuna og ríkið er bundið með samningi til þess að gera.

Varðandi Reykjanesið kann svo að vera, að mönnum standi einhver Reykjanes mismunandi nærri huga, ég skal ekki segja um það, en hv. þm. hefur þá ekki hlustað mjög á það, sem ég sagði í 1. umr. þessa máls, því að ég skýrði þá frá því, að það væri hér á Reykjanesi syðra í sambandi við hugmyndir um það að koma hér e. t. v. upp

sjóefnaverksmiðju og þá þyrfti að gera þar athuganir varðandi hafnirnar. Þá er ekki um að ræða aðrar hafnir en landshafnirnar, því skýrði ég frá, það eru Þorlákshöfn og Njarðvíkurhöfn og smáupphæð til Rifshafnar.

Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi býst ég við, að skýri sig sjálfur. Hvað flugmálin snertir, þá eru það ekki ákveðnir flugvellir, heldur er þetta viðbótarfé, sem verður deilt niður á sama hátt og fé því, sem veitt er til flugvalla í fjárl. Það er flugmálaráðherra, sem skiptir fénu eftir till. flugráðs. Það er mun meira fé, sem gert er ráð fyrir í þessu sambandi, vegna þess að það er leitað eftir lántökum í þessu frv. einnig í sambandi við tækjakaup til flugmála, sem eru fyrir utan þetta.

Skólana og sjúkrahúsin hygg ég, að hv. þm. sé fullkunnugt um, vegna þess að þar er um að ræða millifærslu frá fjárl., og eru teknar þær upphæðir, sem þar er gert ráð fyrir að veita í þessu skyni. Lögreglustöð í Reykjavík og Búrfellsvirkjun held ég, að skýri sig sjálft. Ég hygg þess vegna, að það hafi ekki verið svo ákaflega erfitt, ef menn hafa viljað leggja sig eftir því, að fá upplýsingar um þetta efni, sem hér er um að ræða og fá sundurliðun, og það hefur sannarlega ekki verið reynt að fela það fyrir einum né neinum.

Hitt má vel segja, og ég skal fúslega taka við þeirri gagnrýni, að það hefði verið æskilegt, að þetta frv. kæmi fyrr fram og meiri tími hefði gefizt til þess að ræða það. Um það hef ég ekkert annað að segja en ég áðan sagði, að það hefur hver stund verið í það notuð, sem möguleg hefur verið, en miðað við þær erfiðu aðstæður allar, sem verið hafa og þær miklu breytingar, sem við höfum staðið andspænis síðustu mánuði og sem hafa leitt til endurskoðunar löggjafar æ ofan í æ, þá hefur ekki verið auðið í þetta sinn að hafa annan hátt á. En ég skal fúslega fallast á, að það er ekki til fyrirmyndar, og það er sjálfsagt, ef ég hef einhver afskipti af því máli, að reyna að vinna að því, að það geti orðið með öðrum hætti, og við skulum líka vonast til þess og gerum það vafalaust allir, að við stöndum ekki næsta ár eða um næstu áramót andspænis sambærilegum erfiðleikum og við höfum þurft að leysa nú.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs fyrir nokkru, en skal nú játa það, að sumt af því, sem ég ætlaði mér að spyrja um, er þegar fram komið hjá hæstv. fjmrh., en þó vil ég leyfa mér að segja um þetta nokkur orð. Hér er í stjfrv. á þskj. 547 vissulega um allmikið mál að ræða.

Í 1. gr. frv. er heimild til að taka innanríkislán, ríkisskuldabréfa- eða spariskírteinalán, allt að 75 millj. Í 4. gr. er heimild til þess að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini. Í 5. gr. er heimild til þess að taka erlend lán allt að 275 millj. kr. Í 8. gr. er heimild til þess að taka vörukaupalán í Bandaríkjunum, 1 millj. 425 þús. dollara eða allt að því. Í 9. gr. er heimild til að taka lán allt að 10 millj. kr. til tækjakaupa í þágu flugmála og raforkumála. Í 12. gr. er heimild til ao taka innlend og erlend lán allt að 90 millj. til smíði strandferðaskipa. Og í 7. gr. er heimild til að veita ríkisábyrgð fyrir láni Framkvæmdasjóðs Íslands frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins allt að 500 þús. dollara. En lánsfé þessu skal samkv. gr. verja til flugvalla, hafna- og vegaframkvæmda á Vestfjörðum. Það stendur nú ekki þarna, að þessu skuli verja til mannvirkja samkv. Vestfjarðaáætlun. En það virðist koma fram í umr., að það eigi að gera, og þessi Vestfjarðaáætlun hefur enn einu sinni verið nefnd nokkrum sinnum í þessum umr.

Ég innti eftir því í fyrra við afgreiðslu svipaðs máls, hvort ekki væri hægt að fá þessa Vestfjarðaáætlun birta, og ég vil spyrjast fyrir um það aftur hjá hæstv. fjmrh., hvort hann sjái ekki möguleika til þess, að Vestfjarðaáætlunin, sem svo oft hefur verið nefnd, verði birt á Alþ., áður en þingi er slitið að þessu sinni. Ég var að spyrja að þessu í fyrra og er að spyrja að þessu aftur nú, vegna þess að nú mun vera unnið að annarri áætlun, þ. e. a. s. Norðurlandsáætlun, og mér finnst, að það væri mjög gagnlegt fyrir þá, sem vinna að Norðurlandsáætluninni eða hafa áhuga fyrir henni, að sjá það svart á hvítu, hvernig Vestfjarðaáætlunin er, hvernig þessi áætlun er, sem talið er, að gerð hafi verið fyrir Vestfirði, væntanlega á vegum hæstv. ríkisstj. Ég endurtek það, að ég vil spyrja hæstv. fjmrh., hvort ekki sé möguleiki á því, að þessi Vestfjarðaáætlun verði birt hér á Alþ., áður en þingi er slitið að þessu sinni, ekki sízt vegna séráætlana, sem gerðar kunna að verða eða eru í smíðum, og svo auðvitað vegna Vestfirðinga. Ég geri að vísu ráð fyrir því, að Vestfirðingar kunni að hafa fengið áætlunina og viti, hvernig hún lítur út. En ég hef áhuga fyrir því, að við fáum að sjá hana hér á Alþ., svo og almenningur.

Það var að vísu sagt í umr. hér í fyrra og m. a. s. af einum þáv. hv. þm. Vestf., að þessi Vestfjarðaáætlun væri eiginlega ekki til og hann hefði orð ekki ómerkari manns en forstöðumanns Efnahagsstofnunarinnar fyrir því, að áætlunin væri ekki til. En ég vil ganga út frá því, ekki sízt eftir að hafa heyrt hana nefnda oftar en einu sinni í þessum umræðum, að hún sé til. Hún hafi bara ekki verið birt.

Ég verð að taka undir það, sem ég held, að hv. 4. þm. Vestf. hafi haft orð á, að mig furðar á því, hvað álitið frá hv. fjhn. um slíkt stórmál sem þetta er veigalítið og þó sérstaklega álit meiri hl. á þskj. 595, því að það er, eins og ég hef sagt, ekki nema tvær línur, sem hljóða svo:

„Nefndin hefur athugað frv., en eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Mælir undirritaður meiri hl. með því, að það verði samþykkt óbreytt, en aðrir nm. munu skila séráliti."

Það, sem frá meiri hl. kemur, er eiginlega bara þetta, að hann mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég vil taka undir það, að mér finnst, að þetta sé eiginlega ekki viðunandi afgreiðsla hjá meiri hl. hv. fjhn. á slíku máli, og það er ekki nema

von, að hv. þm. hafi þurft að spyrja um eitt og annað, þegar svona er fjallað um mál í n.

Það segir hér í 11. gr. frv., að lánsfé því, sem aflast samkv. þessu frv., að vissum fjármunum þó undanskildum, samtals 330.2 millj. kr., skuli varið eins og þar segir í 12 liðum, að ég ætla. En um þetta liggja ekki fyrir sundurliðaðar upplýsingar frá n., og ég ætlaði einmitt að spyrja um þetta nánar, hvernig ætti að verja þessu fé. Sumar af þeim upplýsingum, sem mér leikur hugur á að fá, eru þegar komnar fram. En eitt atriði vil ég þó staðnæmast við. Það stendur hér, að til vega skuli fara af þessum 330.2 millj. 82.6 millj. Í grg., þar sem fjallað er um 11. gr., segir: „Nánari grg. um skiptingu lánsfjár og einstakar framkvæmdir verður gefin í sambandi við framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj. árið 1968.“ Á bls. 4 er skýrsla, sem heitir Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun 1968, og þar stendur að því er varðar vegina: „Vegir 82.6 millj.“, þ. e. a. s. alveg ósundurliðuð tala eins og í 11. gr. sjálfri, þannig að ég er engu fróðari, þó að ég sjái þessa framkvæmda- og fjáröflunaráætlun, sem þarna er prentuð sem fskj. En mér skilst, að það sé ætlunin að gera nánari grein fyrir þessu síðar. En er það þá ekki ráð að fresta lokaafgreiðslu þessa frv., þangað til sú grg. er komin fram?

Eins og ég sagði, ætlaði ég að spyrja sérstaklega um vegina, hvernig ætti að skipta þessum 82.6 millj., en hæstv. ráðh. hefur þegar gert nokkra grein fyrir því. Þó virðist mér eins og grg. hans muni varla vera alveg tæmandi. En ef svo kynni að vera, vildi ég mega leyfa mér að spyrjast fyrir um það hjá honum eða hæstv. samgmrh., — hann mætti nú líklega frekar svara því, — hvort eða hvernig eigi að sjá fyrir láni samkv. hinni endurskoðuðu vegáætlun fyrir árin 1967 – 68, III. kafla II, 7. og 8. tölul. Það er ekki enn þá búið, svo að ég hafi orðið var við, að sjá fyrir þeim fjármunum, sem þarf til að fullnægja þessum tölul. En það var gert ráð fyrir, að þessi lán yrðu tekin á árunum 1967 og 1968. Ég hef ekki orðið var við, að neitt af þessum lánum hafi verið tekið á árinu 1967. En ef gert er ráð fyrir, að taka ætti lánið í heild á árinu 1968, þarf að gera ráðstafanir til þess, með því að ekki verður séð, að gert hafi verið ráð fyrir fjármunum í þessu skyni í bráðabirgðaákvæði hinna nýju laga um breyt. á vegal. Ég vonast nú eftir að fá upplýsingar um þetta og eins um Vestfjarðaáætlunina, hvort þess megi ekki vænta, að hún verði birt, áður en þessu þingi er lokið.

En að lokum vil ég segja: Það liggja mörg mál óafgreidd fyrir þessu þingi, sum voru borin fram á öndverðu þingi, önnur hafa verið borin fram síðar. Sum hafa naumast fengið afgreiðslu í n., önnur hafa verið afgr. úr n., en ekki í þinginu. Nú er talað um, að þingi verði slitið bráðlega, eftir nokkra daga, á laugardag hef ég heyrt. Og nú vil ég spyrja: Hvað er það, sem gerir það nauðsynlegt að flýta þinginu svo mjög, hraða þinginu svo mjög, þegar þannig stendur á, að fjöldi mála er óafgreiddur, og sérstaklega ef þannig stendur á, eins og þm. hafa kvartað yfir á þessum fundi, að varla er tími til að afgreiða vandasöm mál frá sjálfri hæstv. ríkisstj.? Hvaða nauðsyn ber til að ljúka þinginu nú í þessari viku? Ekki er að því teljandi sparnaður fyrir ríkissjóð, eins og nú er háttað lögum. Það hefur verið algengt undanfarin ár, að þinghald hefur staðið fram yfir mánaðamót apríl—maí, mjög algengt. Og ég hygg, að þm. og þingflokkarnir hafi núna undanfarna daga jafnvel verið að ræða mál, sem ekki eru komin fram á þessu þingi, en þyrftu að koma fram og fá einhverja afgreiðslu. Hverju sætir það, að svo mjög liggur á að ljúka þinginu nú fyrr en venjulegt er? Ég veit, að hæstv. ríkisstj. hefur samkv. stjskr. möguleika til þess að afgreiða sjálf mál, afgreiða sjálf lög, eftir að þingi er slitið. En þó er ekki ætlazt til þess, að slík heimild sé notuð, nema mikla nauðsyn beri til. Og ég á erfitt með að trúa því, að sá háttur verði á hafður, að hæstv. ríkisstj. haldi bara löggjöfinni áfram, eftir að Alþ. er lokið. Ég á erfitt með að trúa því. En er það þá ekki a. m. k. athugunarefni fyrir hæstv. ríkisstj., hvort hún á að halda svo fast við þessa fyrirtekt sína að ljúka þinginu núna á laugardaginn eða gefa því gaum, að það er fyrst og fremst skylda þm. að afgreiða mál þau, sem fyrir eru lögð, og það er ekki eðlilegt, þegar um stórmál er að ræða, að ríkisstj. hindri þm. í að gera þessa skyldu sína.

Ég gerði í fyrra, eftir að þingi var lokið, skrá yfir meðferð málanna hér á hinu háa Alþ. og ég las þessa skrá upp á nokkrum fundum, þar sem ég var staddur í fyrrasumar. Það var athyglisverð skrá um það, hvernig Alþ. undir forustu þeirra, sem nú hafa hér forustu, fer að því að ljúka verki. Slíka skrá hef ég eigi gert nú. En grunur minn er sá, að verkalokin að þessu sinni, ef þingið stendur ekki lengur en fram að næstu helgi, verði ekki álitlegri en í fyrra.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann lét nú í té. Þær voru að verulegu leyti mikils virði fyrir mig, því að þarna greindi hann frá því, hvernig ætlunin væri, að unnið yrði fyrir lánsfé í vegum á Vestfjörðum á yfirstandandi sumri. Og þá kemur það í ljós samkv. þessum upplýsingum hæstv. ráðh., að þessi skýrsla, sem fylgir frv., er röng. Þar segir skýrum stöfum, að vegaframkvæmdir á Vestfjörðum eigi að nema 19.7 millj. kr. og þar að auki skuldagreiðslur þeirra vegna 2.1 millj., eða 21.8 millj., en hæstv. ráðh. segir, að þetta verði ekki nema 16 millj. kr. Þarna er strax farið að leiðrétta skýrsluna, sem fylgir frv., og munar þó nokkru, plöggin taka skyndilega breytingu nú á tímum.

Það kemur einnig fram í svari hans, þó að óbeint sé, að ákvörðun Alþ. frá í fyrra um vegagerð fyrir lánsfé er fallin úr gildi eða réttara sagt er felld úr gildi með þessu frv., og þó ekki með frv. sjálfu, heldur með ákvörðun ríkisstj., þegar hún skiptir fénu, sem þarna er tilgreint í frv. Þó að Alþ. hafi í fyrra ákveðið fjármagn í tiltekna vegi á þessu ári, gildir það ekki. Ég sé hvað snertir Vestfjarðavegina,

að sumir eru hækkaðir, aðrir eru lækkaðir. Nýir vegakaflar eru teknir upp og einn a. m. k. er algerlega felldur niður. Það er Gemlufallsheiði, sem átti að fá tæpar 2 millj. á þessu sumri, en fær nú ekkert. Þetta þykja mér dálítil tíðindi, og mér finnst það nokkurs virði að fá þessar upplýsingar, þótt seint sé.

Hæstv. ráðh. nefndi framlög til hafna á Vestfjörðum, en ég kynni mér það seinna, ég náði því ekki alveg. Til flugvalla nefndi hann 1.2 millj. í Ísafjarðarflugvöll og annað væri það ekki þar. En um rafmagnsframkvæmdir nefndi hann ekki neitt, svo að ég tek það svo, að það eigi ekkert að vinna fyrir lánsfé á Vestfjörðum að rafmagnsframkvæmdum. (Gripið fram í.) Fyrir lánsfé á ekkert að vinna þar eftir þessu að dæma.

Hæstv. ráðh. tók því með lítilli ánægju, að ég gerði aths. við það orðalag í þessu frv. að nefna Reykjanes og taldi, að það væru harla litlar upplýsingar. Hann segir, að ég hefði þó átt að geta vitað þetta, ef ég hefði hlustað á sig um daginn, því að hann hefði sagt, hvaða Reykjanes þetta væri í framsöguræðu sinni fyrir þessu frv. En það er ekki framsöguræðan, sem Alþ. á að samþ., heldur frv. Þess vegna á þetta að standa í frv., jafnvel þótt það stæði ekkert í framsöguræðunni, því að Alþ. greiðir ekki atkv. um hana.

Að öðru leyti skal ég ekki orðlengja þetta meira. Ég heyri, að hæstv. ráðh. hefur viðurkennt, að það mætti mjög að þessari málsmeðferð finna, og það er heldur ekki ofsögum sagt. En ég endurtek það, sem hann sagði sjálfur: Þetta er ekki til fyrirmyndar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki til þess að lengja þessar umr., að ég stend hér upp, heldur aðeins út af því, að hv. síðasti ræðumaður sagði, að upplýsingar mínar hér áðan leiddu í ljós, að það væru rangar upplýsingar í töflu, sem fylgdi frv. Þetta er ekki rétt, vegna þess að inni í þessari töflu eru tæpar 6 millj. kr. úr vegáætlun, sem er þarna talið með heildarupphæðinni, 22 millj. eða nálægt því. Þar af eru um 16 millj., sem fást af hinu erlenda lánsfé. Hitt er framlög, sem ætlazt er til að komi í gegnum vegáætlun og eru um 6 millj. kr.

Hér hefur verið spurt um Vestfjarðaáætlun. Það var gerð grein fyrir henni í upphafi, hvernig hún hefði verið byggð upp, þessi samgönguáætlun Vestfjarða, og fyrrv. fjmrh. gerði grein fyrir henni hér á Alþ., og ég tel hana vel geta komið til athugunar nú, — það hafa margar breytingar orðið á henni, m. a. hefur farið meira fé í hana en gert var ráð fyrir, — og því kann að vera innan tíðar tímabært að gera grein fyrir áætluninni aftur, eins og hún stendur, og framkvæmd hennar.

Ég hygg hins vegar, að Vestfirðingum hafi verið það höfuðatriði málsins, að það hefur sézt á hverju ári, að þeir hafa fengið hér verulegar fjárupphæðir til framkvæmda í vegum, höfnum og flugvöllum. Þetta var samgönguáætlun Vestfjarða, og hefur alltaf verið frá því skýrt, að hún væri samgönguáætlun, og af því leiðir, að það er að sjálfsögðu ekki veitt fé innan hennar til raforkumála. Þau eru annars eðlis. Það merkir hins vegar ekki, að það eigi ekkert fé að fara til rafvæðingar á Vestfjörðum. (Gripið fram í.) Ekki af Vestfjarðaáætlunarfé, það er rétt. (Gripið fram í.) Já, af Vestfjarðaáætlunarfé, er það ekki? (Gripið fram í.) Já, það á ekki að fara á Vestfjarðaáætlun og hefur aldrei farið til rafvæðingar á Vestfjörðum. Það hélt ég að hv. þm. væri mætavel kunnugt um.

Út af mörgu því, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. gat um, þá eru auðvitað ótalmargar heimildir í vegáætlunum um lántökur, miklu fleiri en þær, sem hann nefndi, sem engin tök hafa reynzt enn á að afla fjár til, og það er vissulega mikil þörf á því að vinna að þeim verkum. Framkvæmdaáætlun fyrir vegina eða ný vegáætlun verður samin í haust og það kemur þá á daginn, hve miklu fé verður auðið að verja til þessara ýmsu vega í sambandi við hana. En það er rétt, að innan framkvæmdaáætlunarinnar nú er ekki gert ráð fyrir nema þeim vegum, sem ég gat um, og sú upptalning, sem ég hafði hér áðan, var tæmandi og fól í sér alla þá heildarupphæð, sem framkvæmdaáætlunin gerir ráð fyrir.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til þess að árétta það, sem ég sagði áðan um meðferð þessa máls hér.

Hæstv. ráðh. virtist undrast það, að við hefðum ekki fengið nægar upplýsingar í n. Ég get skýrt frá því að það voru haldnir tveir fundir í fjhn. um þetta mál. Sá seinni var haldinn á skírdag. En þegar farið var að hringja kirkjuklukkum, var fundi slitið, svo að menn gætu farið í kirkju. Það var vissulega búið að upplýsa mjög margt á þessum tveimur fundum. En áreiðanlega hefði það verið ýmislegt fleira, sem hefði verið þörf á að athuga og menn hefðu gjarnan viljað athuga, ef næði hefði gefizt til. En hvað er svo að segja um framhaldið, um meðferð málsins yfir páskahelgina? Eftir að þessum nefndarfundi lýkur á skírdag, eru eintómir helgidagar, þangað til málið er tekið hér fyrir í d. Og okkur var gert að gera nál. og ganga frá því yfir páskahelgina. Við áttum þess engan kost að ræða málið t. d. á flokksfundi, eins og venja er um stórmál, engan, né ráðgast um meðferð þess í einstökum atriðum, auk þess, eins og ég var að segja, að það voru auðvitað ekki nándar nærri allar þær upplýsingar fram komnar, sem menn hefðu viljað fá fram um þetta mjög svo umfangsmikla mál, sem hér er til meðferðar. Þannig er meðferð málsins. Hæstv. fjmrh. viðurkennir það, að þetta frv. er allt of seint fram borið og það er allt of stuttur tími til þess, að hægt sé að meðhöndla það á eðlilegan hátt hér í Alþ. En hvernig stendur á því, að þessi tími er svona naumur? Ég spurðist fyrir um það í minni ræðu áðan, hvernig á því stæði, að Alþ. þyrfti að slíta á laugardag og engum öðrum degi. Og hæstv. ráðh. svaraði því engu. En ég vil spyrja um þetta enn. Ég álít, að starfstími Alþ. hverju sinni eigi ekki að markast af einhverjum einum og ákveðnum degi, heldur eigi hann að markast af

þeim verkefnum, sem Alþ. hefur með höndum og ljúka þarf að dómi meiri hl. Alþ. Og það þarf að stilla svo til, að hægt sé að vinna að þeim á eðlilegan hátt. En eins og þetta mál ber hér að, — ég árétta það, sem ég sagði áðan, — þá virðist bara alls ekki að því stefnt, að Alþ. fjalli um þetta mál á eðlilegan hátt, heldur er málinu fleygt hér inn í þingið á allra síðustu dögum og síðan er ætlazt til þess, að málið sé samþ. óbreytt að öllu. Það er sannleikurinn um meðferð þessa máls og fjölmargra annarra mála hæstv. ríkisstj.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör við tveimur fsp., sem ég bar fram fyrr á fundinum, enda þótt ég sé ekki ánægður með svör hans. Ég spurði um Vestfjarðaáætlunina og gerði grein fyrir því, hvers vegna ég spyrði um hana. Það var ekki eingöngu vegna Vestfirðinga, enda hafa hv. þm. af Vestfjörðum rætt það mál frá sínu sjónarmiði. Ég fékk það svar, að hæstv. fyrrv. fjmrh., ef ég tók rétt eftir, hefði gert grein fyrir Vestfjarðaáætluninni. Það hlýtur að hafa verið í ræðu, og lítt minnist ég nú þeirrar grg. og nokkuð langt er nú orðið síðan. En það, sem ég var að spyrja um, var það, hvort ekki væri hægt að birta þessa áætlun á prenti, áður en þessu þingi lyki.

Hitt var það, að ég spurði um áætlunaratriði úr hinni endurskoðuðu vegáætlun fyrir 1967—1968 varðandi nokkrar upphæðir, sem þar er áætlað að taka að láni á árinu 1967—1968. Mér virtist svar ráðh. við þessu fullglöggt, þó að ég hefði litla ánægju af því. En nú vil ég aðeins láta það koma fram, að ég vil mega vænta þess, að síðasta umr. þessa máls fari ekki fyrr fram en svo, að ráðrúm sé til þess að bera fram brtt. einmitt í tilefni af þessu máli og þá athuga í því sambandi, hvort möguleikar mundu vera til þess að fá slíka brtt. samþykkta.

ATKVGR.
Brtt. 599, 1 felld með 19:10 atkv.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞG, IngJ, GeirH, JP, MB, MÁM, ÓL, PS, SI, SvJ, BGr, BF, BK, BBen, EKJ, BrS, FÞ, GuðlG, GunnG, SB.
HS, HV, LJós, MK, SE, SkG, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ, EystJ, GeirG, GíslG greiddu ekki atkv.
7 þm. (IG, JSk, JónasÁ, SP, BP, EðS, EmJ) fjarstaddir.
Brtt. 599, 2 felld með 20:12 atkv.
3. gr. samþ. með 20:2 atkv.
4. gr. samþ. með 21:1 atkv.
5.—9. gr. samþ. með 21:2 atkv.
10.—11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði, sem ég vildi minnast hér á í tilefni þess, sem ég sagði í ræðu minni við 2. umr. út af framkvæmdum á Vestfjörðum. Og það var í sambandi við ráðstöfun á fé til Bolungarvíkurhafnar. Það var kannski nokkuð vafasamt að fullyrða um það á þessu stigi, um þá ráðstöfun fjárins, sem ég gerði þar grein fyrir í sambandi við Bolungarvíkurhöfn. Þannig standa sakir, að þar hefur gerzt mikið óhapp í vetur. Höfnina hefur fyllt að mestu af sandi, þannig að hún er lítt nothæf. Af þessu hafa risið mjög alvarleg vandkvæði, sem öllum hv. dm. munu vera ljós, og hefur komið til athugunar um það, hvernig hugsanlegt væri að leysa þennan vanda. Og það, sem hefur komið til álita í því efni, er að leita eftir samkomulagi um það við Ísafjarðarkaupstað, að þar verði frestað framkvæmd, sem áformuð var á þessu ári, eða undirbúningi framkvæmdar, sem átti að verja verulegu fé til og féð yrði látið renna til Bolungarvíkurhafnar til að leysa hennar brýna vanda í ár með það svo í huga, að Ísafjörður sitji að því fé á næsta ári, sem annars hefði verið varið til Bolungarvíkurhafnar. Það var aldrei ætlunin, að framkvæmdir í Bolungarvík biðu nema til næsta árs, en talið líklegt af hafnaryfirvöldum, að þær gætu beðið í sumar, en nú hefur hins vegar farið svo óvænt sem ég áðan gat um.

Þetta er nú í athugun með viðræðum við viðkomandi aðila, og ég tel vonir standa til, að það takist að leysa þennan vanda með gagnkvæmum skilningi allra, sem hlut eiga að máli, en ég tel rétt að þetta komi hér fram, þannig að þessi fyrirvari sé um þetta efni. Samþykki Ísafjarðarkaupstaðar liggur ekki endanlega fyrir. Þetta hefur verið rætt jafnframt við alla þm. kjördæmisins, sem hafa ríkan skilning á nauðsyn þess að leysa vandamálið, en ég tel sem sagt rétt að láta þennan fyrirvara koma fram með hliðsjón af því, að ég fullyrti ákveðið í orðum mínum áðan, að fé yrði varið til Bolungarvíkurhafnar á þessu ári, en þetta er þannig til komið.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og aígr. til Ed.

Á 92. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 93. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv það, sem hér liggur fyrir, er þess efnis að afla heimildar fyrir ríkisstj. til að taka lán með ýmsum hætti til að standa straum af þeim framkvæmdum, sem ríkisstj. telur óumflýjanlegt af ýmsum ástæð-

um að fjármagna með sérstökum lántökum á þessu ári. Undanfarin ár hefur árlega verið aflað slíkra heimilda og samin sérstök áætlun um ýmsar ríkisframkvæmdir, sem talið hefur verið nauðsynlegt að afla sérstaks fjár til, til viðbótar því fé, sem veitt er til þeirra í fjárl.

Þessar framkvæmdaáætlanir hafa verið með tvennum hætti. Annars vegar fjáröflun til ríkisframkvæmdanna í þrengri merkingu og hins vegar fjáröflun til hinna ýmsu framkvæmdasjóða atvinnuveganna. Samkv. l., sem nú gilda um Framkvæmdasjóð Íslands, var þeim sjóði fengið það hlutverk að afla fjár til framkvæmdasjóða atvinnuveganna. Framkvæmdasjóðurinn hefur ákveðið fjármagn sjálfur, sem hann ráðstafar árlega til þeirra þarfa, en til viðbótar hefur jafnan verið nauðsynlegt, einnig eftir tilkomu framkvæmdasjóðsins, að afla verulegs fjármagns til viðbótar til þess að fullnægja þörfum sjóðanna eða að veita þeim það viðbótarfjármagn, sem talið hefur verið óumflýjanlegt að afla, til að þeir geti starfað með eðlilegum hætti, og þessi fjáröflun er áfram innan ramma fjáröflunaráætlunar ríkisstj. Það er svo aftur framkvæmdasjóðurinn, sem raunverulega skiptir þessu fé á milli hinna einstöku framkvæmdasjóða.

Það er ætlunin, að á morgun verði flutt hér almenn grg. um framkvæmdaáætlunina í Sþ., hliðstæð þeirri, er flutt hefur verið af fjmrh. undanfarin ár, þar sem bæði verður gerð grein fyrir í einstökum atriðum fjáröflun til ríkisframkvæmda og þeim framkvæmdum, sem aðallega verður unnið að, ekki eingöngu þeim, sem eru innan þessarar framkvæmdaáætlunar í þrengri merkingu, sem hér er verið að fjalla um, heldur þeim, sem almennt verður unnið að á vegum þess opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga, og jafnframt gerð grein fyrir niðurstöðum framkvæmda s. l. framkvæmdaárs og þeim viðhorfum, sem ríkjandi eru í efnahagsmálum og grundvallarþýðingu hafa fyrir fjárfestingarmál ársins. Ég mun því ekki fara langt út í þessa sálma við grg. fyrir þessu frv., til þess að lengja það ekki um of, en aðeins með fáum orðum víkja að viðhorfinu, sem við blasti, þegar framkvæmdaáætlunin, sem hér er til meðferðar, var í undirbúningi.

Það er vitanlega eðlilegt, að framkvæmdaáætlunin sé unnin sem mest í sambandi við fjárlög, og það hafa komið fram kvartanir um það hér á Alþ., sem ég tel ekkert óeðlilegar, að þetta beri að með þeim hætti, að þessi mál komi of seint fram, bæði fjáröflunarúrræðin og lántökuheimildirnar, og þá ekki síður grg. um framkvæmdaáætlunina í heild. Það var ætlunin á s. l. hausti að breyta þessu á þann hátt, að þá var gerð bráðabirgðaframkvæmdaáætlun yfir helztu ríkisframkvæmdir jafnhliða undirbúningi fjárlaga, og sú áætlun var gerð einmitt vegna þess, að menn sáu, að efnahagsþróunin var slík og ástandið á peningamarkaðinum, að það mundi verða mjög erfitt á árinu 1968 að afla nauðsynlegs fjár til framkvæmdaáætlunarinnar. Af þessum sökum þótti nauðsynlegt að gera sér þá þegar grein fyrir þeim viðfangsefnum, sem óumflýjanlegt yrði að vinna að á árinu 1968, og líkunum fyrir því, með hvaða hætti væri hægt að afla fjár til framkvæmdanna. Síðan þetta gerðist hafa orðið, eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, mjög miklar breytingar á allri efnahagsaðstöðu. Vandanum var þá mætt með því, að í fjárlagafrv. voru teknar verulegar fjárhæðir til ýmissa ríkisframkvæmda, sem á s. l. ári og árunum þar næst á undan höfðu verið fjármagnaðar með lánsfé, og gert ráð fyrir að verja til þeirra fé beint úr ríkissjóði. Eftir áramótin var ljóst, að breyting var mjög mikil í öllum þessum efnum, sem ég þarf ekki hér að fara út í nánar. Þá varð að gera sérstakar ráðstafanir til aðstoðar sjávarútveginum til viðbótar gengisbreytingunni, og þeim ráðstöfunum og þeirri auknu fjáröflun, sem nauðsynleg var í því sambandi, var mætt með ýmsum aðgerðum, sem ég þarf ekki hér að rekja, en m. a. stóðu menn andspænis þeim vanda að afla um 60 millj. kr. með einhverjum hætti umfram þær ráðstafanir, sem þá þóttu tiltækar. Það varð í rauninni að fara einhverja þriggja leiða, að skera niður þessar framkvæmdir, leggja á nýja skatta til að mæta þeim eða freista þess að fjármagna þær innan framkvæmdaáætlunarinnar, þ. e. a. s. færa í rauninni til baka yfir á framkvæmdaáætlunina þær framkvæmdir, sem höfðu verið teknar inn í fjárlagafrv. í haust, miðað við þá aðstöðu, sem þá var fyrir hendi.

Vitanlega hafði á þessu tímabili síður en svo vænkazt um það að afla fjár innanlands til framkvæmdaáætlunarinnar, þannig að þetta var ljóslega ekki hægt með neinu móti nema með nýjum fjáröflunaraðgerðum, og af þeim sökum hefur verið kannað á undanförnum mánuðum, hvort auðið væri að fá allverulegt erlent lán, sem að vísu er einnig torfengið nú á dögum, til þess að leysa þennan vanda. Vitanlega væri mjög hæpið á venjulegum tímum að taka slíkt lán, og það hefur ekki verið tekið síðan 1963, slíkt framkvæmdalán, enda ekki eðlilegt miðað við þá þenslu, sem verið hefur í landinu. Það hefur hins vegar ekki þótt óeðlilegt miðað við þann samdrátt, sem í ýmsum greinum verður vart, að grípa til slíkra aðgerða til þess að stuðla að því að halda uppi fullri atvinnu. Og miðað við það, að fjármagn og spenna á vinnumarkaði er ekkert svipuð og verið hefur undanfarin ár, ætti það ekki að hafa sömu afleiðingar, þó að gripið væri til slíkrar ráðstöfunar.

Það er of snemmt að fullyrða um það nú, hvort tekst að fá þetta lán, en það miklar vonir standa til, að auðið sé að fá það, að leitað er hér heimildar fyrir slíkri lántöku, og jafnframt er beinlínis reiknað með því, að framkvæmdaáætlunin byggist að töluverðu leyti á öflun þessa nýja fjármagns. Það er því ljóst, að ef slíkt lán ekki fæst, leiðir það af sér, að það verður að gera grundvallarendurskoðun á allri framkvæmdaáætluninni, en á þessu stigi vil ég þó vonast til, að til þess þurfi ekki að koma. Enn þá er ekki fullvitað, í hvaða gjaldeyri þetta lán yrði tekið, og af þeim sökum er fjárhæðin nefnd í ísl. krónum

eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, en gert hefur verið ráð fyrir því, að lánsupphæðin yrði 2 millj. sterlingspunda eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Það er gert ráð fyrir því, að þetta erlenda lán skiptist síðan á milli fjárfestingarsjóðanna, sem léttir að sjálfsögðu á bankakerfinu, því að fjár til þeirra hefur hingað til verið aflað innanlands, og mun vart gerlegt að gera það með öðrum hætti. Og að öðru leytinu fer rúmur helmingur lánsins til hinna opinberu framkvæmda.

Innanlandsfjáröflun er verulega miklu minni en var á s. l. ári, og kemur þar fyrst og fremst það til, sem ég áðan gat um, að þröngt er mjög á innlendum lánamarkaði. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að spariskírteinalán verði aðeins 75 millj. kr. í staðinn fyrir 125 millj. á s. l. ári, og ekki þykir sennilegt, miðað við þá þróun, sem nú er, að samningar við bankana, sem einnig hafa verið teknir upp um sérstakt framlag þeirra til fjárfestingarlánasjóðanna, 10% af innlánsaukningu, muni gefa nema 50 millj. kr., ef það þá nær þeirri fjárhæð.

Þá hefur sömuleiðis einn tekjuliður algerlega fallið niður, sem var í framkvæmdaáætluninni síðast, en það voru 53 millj. kr., sem hægt var að verja af greiðsluafgangi ársins 1966, og að sjálfsögðu er nú ekki til staðar.

Það er því í fyrsta lagi leitað hér heimildar til þess að mega bjóða út spariskírteinalán að upphæð 75 millj. kr. með sömu kjörum og gert hefur verið undanfarin ár.

Þá er í öðru lagi leitað eftir heimild til þess að taka það erlenda lán, sem ég gat um, að jafnvirði 275 millj. kr.

Í þriðja lagi er leitað heimildar til þess að taka áframhaldandi lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins vegna Vestfjarðaáætlunar eða samgöngumála á Vestfjörðum að fjárhæð 500 þús. dollara.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að fá heimild til lántöku hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna, PL-480 láni, allt að 1 millj. 425 þús. dollurum, og þá er enn fremur leitað eftir heimild til þess að taka lán vegna tækjakaupa í þágu flugmála og raforkumála allt að 10 millj. kr., en það er sams konar lán og tekin hafa verið undanfarin ár.

Síðast er svo leitað heimildar til þess, að fjmrh. megi fyrir hönd ríkissjóðs taka innlend eða erlend lán að jafnvirði allt að 90 millj. kr. til smíði tveggja strandferðaskipa, en þess lánsfjár er nauðsynlegt að afla í því skyni, og verður það að verulegu leyti tekið í sambandi við vörukaup erlendis til þessara framkvæmda.

Það er gert ráð fyrir, að lán vegna Vestfjarðaáætlunar verði á vegum framkvæmdasjóðsins, en skiptist þannig, að til vegamála á Vestfjörðum fari 16 millj., hafnarmála 9,8 millj. og flugmála 1,2 millj., eða alls 27 millj. kr.

Í 11. gr. frv. er gerð grein fyrir því, hvernig ætlunin er að ráðstafa því lánsfé, sem á að ganga til framkvæmdaáætlunarinnar sjálfrar, en í 10. gr. er leitað heimildar til að endurlána framkvæmdasjóði af þessu erlenda lánsfé 113 millj. kr., sem síðan verður skipt á milli sjóðanna af framkvæmdasjóðsstjórninni, svo sem ég áðan gat um og fer ekki nánar út í.

Í 11. gr. eru tilteknar þær ýmsu framkvæmdir, sem ætlunin er að ráðstafa fénu til. Það eru í fyrsta lagi 20,3 millj. til Rafmagnsveitna ríkisins. Það er til almennra framkvæmda á þeirra vegum, svo sem verið hefur undanfarin ár, bæði í sambandi við dísilstöðvar, endurbætur kerfa og eitt og annað. Þetta fyrirtæki er því miður mjög illa statt fjárhagslega og hefur lengi verið, eins og hv. þm. er kunnugt, og hefur þurft að afla því láns til að standa straum af öllum þess framkvæmdum, og verður svo einnig að gera í þetta sinn.

Annar liður er raforkumál, sérstakar framkvæmdir. Þar er um tvö atriði að ræða. 5 millj. eiga að ganga til Rafmagnsveitna ríkisins, og verður það fé aðallega notað í sambandi við ýmsan undirbúning við orkuveitur, en 10 millj. er ætlunin, að til ráðstöfunar verði í sambandi við gufuaflsstöð, sem kann að verða reist í Námaskarði, og allar horfur eru á, að verði reist í rauninni sem upphaf Laxárvirkjunar. Það er talið mjög hagkvæmt fjárhagslega að reisa slíka stöð með nýrri aðferðum en þeim, sem áður hafa verið notaðar við gufuaflsstöðvar hér á landi, og það er nauðsynlegt að sjá fyrir einhverju fjármagni í þessu sambandi. Hér er ekki um dýra stöð að ræða, enda mundi hún ekki verða nema í kringum 3 megavött, en það er ætlunin, að 10 millj. af þessu lánsfé verði handbærar til þeirrar ráðstöfunar.

Þá er gufuveitan í Reykjahlíð. Hún er í sambandi við kísilgúrverksmiðjuna og er samningsbundið, að ríkið leggi henni til gufu, en þessi stöð verður svo að sjálfsögðu greidd af kísilgúrverksmiðjunni með leigugjaldi eða afnotagjaldi af jarðhita.

Þá er næsti liður jarðborun á Reykjanesi. Það er hugmyndin að framkvæma sérstaka jarðborun nú í sumar með hliðsjón af þeim athugunum, sem eru í gangi og hafa farið fram um sjóefnaverksmiðju, sem talið er eðlilegt, að verði reist hér á Reykjanesi, ef þar finnst nægur jarðhiti. Hér er að sjálfsögðu um mjög mikilvæga framkvæmd að ræða miðað við atvinnuástand í landinu að reyna að hagnýta alla þá möguleika, sem tiltækir eru í því sambandi, og þykir þess vegna ekki fært að fresta þessari athugun.

Til landshafnanna eru ætlaðar 40 millj. Það fer aðallega til framkvæmda við Þorlákshöfn og Njarðvíkurhöfn, sem báðar eru í gangi skv. verksamningi og óumflýjanlegt er að afla fjár til. Smáupphæð fer einnig til Rifshafnar af þessu, en það eru aðallega þessar tvær landshafnir.

Vegirnir fá 82.6 millj. og raunar þó meira, vegna þess að til viðbótar eru 10.9 millj. vegna Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi, sem gert hefur verið samkomulag um milli samgmrn. og bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar að ráðizt verði í og hafizt framkvæmda á nú á þessu ári. Þessi vegafram-

kvæmd á að greiðast með sérstökum hætti af kaupstaðafé til vega, en það er nauðsynlegt að afla lánsfjár á vissum tímabilum til þess að standa straum af framkvæmdinni, því að hún gengur hraðar en tekjurnar koma inn á móti, og er því gert ráð fyrir, að aflað verði um 11 millj. á þessu ári til þessara framkvæmda. En vegirnir eru að öðru leyti þessir: Reykjanesbraut 43.7 millj., sem er fyrst og fremst fjáröflun til þess að standa straum af árgjöldum lána, sem á brautinni hvíla. Til viðbótar því er að vísu nokkur framkvæmd á þessu ári til að ljúka við Reykjanesbraut í nánd við Hafnarfjörð. Þá eru 3.6 millj. til Breiðholtsvegar, sem er í sambandi við byggingaráætlunina hér og hvílir á ríkinu sú skylda að sjá fyrir veg að þessu svæði. Gert er ráð fyrir, að Heydalsvegur fái 1.5 millj., Siglufjarðarvegur ½ millj. Það er það, sem á vantar til þess að sjá fyrir fjárþörf þessa vegar til viðbótar við það, sem er í vegáætlun. Kísilvegurinn við Mývatn 11.6 millj. til viðbótar þeim 15 millj., sem eru í fjárl. Ætlunin er að ljúka þeim vegi nú á þessu sumri. Það er einnig samningsbundið verk, og var samið á s. l. ári við verktaka um að ljúka þessari framkvæmd, og verður því að inna þessa greiðslu af hendi. Austurlandsvegur 1.5 millj. kr. Þá eru 10 millj. kr., sem þarf að greiða Landsvirkjun vegna vegar, sem gerður var í sambandi við Búrfellsvirkjun og Landsvirkjun lagði fram fé til á fyrsta stigi, og 10 millj. eru ætlaðar til þess að greiða afborgun og vexti af lausaskuld við Hambrosbanka, sem einnig er vegna Reykjanesbrautar. Gert er ráð fyrir að öðru leyti að reyna að fá samning um þetta lán til nokkurra ára, en lágmark að verða að greiða þessa upphæð af láninu.

Hér er því að meginefni um að ræða fjárhæðir, sem óhjákvæmilega verður að greiða á þessu ári í sambandi við margvíslegar skuldbindingar, bæði til greiðslu lána og til þess að geta staðið við verksamninga.

Til flugmála eru ætlaðar 6 millj. kr. Það er ekki til neinna ákveðinna flugvalla, heldur er gert ráð fyrir, að það sé viðbótarframkvæmdafé flugmála, og verður það þó allverulega minna á þessu ári en s. l. 2 ár. Þessu fé verður skipt á milli einstakra flugvalla af flugráði og samgmrn., eins og gert hefur verið undanfarin ár með allt framkvæmdafé flugmálanna.

Skólana og sjúkrahúsin þarf ekki að útskýra. Það eru liðir, sem voru teknir út úr fjárlögum og verða fjármagnaðir innan framkvæmdaáætlunar með þessum hætti.

Lögreglustöðin í Reykjavík hefur verið hér alllengi í smíðum. Upphaflega var samið við bankana um sérstök lán til þeirrar framkvæmdar. Þetta hefur, eins og margar aðrar framkvæmdir, farið verulega fram úr áætlun, enda það langur tími liðinn, síðan upphaflegar áætlanir voru gerðar. Það er mikil nauðsyn, að þetta mannvirki þurfi ekki lengi enn að standa hálfkarað og því talið nauðsynlegt að afla nokkurs fjár innan framkvæmdaáætlunar til að þoka því áleiðis. Stærsta upphæðin innan þessarar fjáröflunar er þó framlag til Búrfellsvirkjunar, 75 millj. Ríkinu er skylt að leggja 100 millj. fram til Búrfellsvirkjunar. 25 millj. voru lagðar fram í fyrra. Viðbótin verður að leggjast fram á þessu ári, og þar sem ekki var mögulegt að taka þetta inn í fjárlög sem bein framlög, enda kannske ekki eðlilegt að gera það, er gert ráð fyrir, að þess verði aflað með láni á þennan hátt.

Heildarframkvæmdaáætlunin, bæði fyrir sjóðina og ríkisframkvæmdirnar, er 575 millj. Það er nokkru hærri fjárhæð en á s. l. ári. Þá nam heildarupphæðin 521 millj. Að vísu er vafasamt, hvort þar er um hærri upphæð að ræða, þegar tekið er tillit til verðhækkana, en krónulega séð er um nokkru hærri fjárhæð að ræða í heild. Það er rétt að leggja áherzlu á það, að hér er vitanlega ekki um að ræða nema lítinn þátt fjármunamyndunar hins opinbera, og skal ég aðeins til skýringar því nefna þá heildartölu, sem þar er um að ræða, sem sagt bæði framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga.

Fjármunamyndun hins opinbera, þessara aðila, varð á árinu 1967 samkv. bráðabirgðaniðurstöðu 2 milljarðar 490 millj. Það er áætlað, að á árinu 1968 nemi þessi fjárhæð 3 milljörðum 210 millj. á verðlagi ársins 1968, en á verðlagi ársins 1967 eru það 2 milljarðar 770 millj. eða nokkru hærri upphæð en á árinu 1967 miðað við fast verð. Hér munar að sjálfsögðu mest um Búrfellsvirkjun, þannig að aðrar fjárfestingar eru heldur minni. Út í þetta skal ég ekki nánar fara, það mun ég gera í skýrslu minni á morgun, en nefni aðeins þessa tölu til þess að sýna, að þessi fjáröflunaráætlun, sem hér er um að ræða til ríkisframkvæmda og sjóða, er að sjálfsögðu ekki nema lítill þáttur heildarfjárfestingarmála ríkisins á þessu ári.

Með frv. fylgja tvær töflur, tafla I, sem er sundurliðun á framkvæmdaáætlunarfénu í þrengri merkingu, og tafla II, sem er um þær opinberu framkvæmdir, sem framkvæmdaáætlunin fjallar um, þ. e. a. s. þar er einnig tekið annað fjármagn, sem rennur til þeirra framkvæmda, sem sýnir, að samtals er þar um að ræða framkvæmdir upp á 639,9 millj., eða fjáröflun upp á 639,9 millj., en þessi sérstaka fjáröflun hér er aðeins 330,2 millj., þannig að hitt fé kemur með fjárveitingum og úr ýmsum áttum, sem þar er nánar gerð grein fyrir.

Ég tel ekki rétt, herra forseti, að lengja tímann með lengri ræðu, nema tilefni gefist til frekar í umr., en leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er kannske ekki ástæða til þess að vera að tala langt mál um þetta frv. Málsmeðferðin er þannig, að útskýringarnar koma allar á eftir. Það er boðað, að framkvæmdaáætlunin verði flutt á morgun, en þetta frv. á að ræðast í dag, en allt er þetta nú saman tengt að mínu áliti. Mér finnast þetta ekki vera rétt vinnubrögð, því að ég held, að það sé mjög satt og rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að vitanlega ættu þm. að fá þessi mál öll í samhengi, ef þeir ættu

að geta áttað sig á þeim eins og þeir hljóta að þurfa að gera. En um það er ekki að ræða. Þessi fundur verður að halda áfram, þetta mál verður að ræðast nú með hálftíma hléi af einhverjum ástæðum, en lengri frestur er ekki gefinn. En það eru þó örfá atriði, sem mig langar til að gera hér að umtalsefni.

Í fyrsta lagi vil ég segja það, að mér finnst þetta mál vera furðulega seint lagt fyrir hv. Alþ., þegar búið er að slá því föstu, að þingi skuli ljúka á laugardaginn eða eftir tvo daga, hvernig sem á stendur. Og mér finnst það sérstaklega furðulega seint á ferðinni, vegna þess að það liggur fyrir, að þessi drög a. m. k. hafa verið til alllangan tíma. Bankastjórar hér í Reykjavík voru kvaddir til fundar hjá formanni framkvæmdasjóðs þann 2. apríl. Þar var þeim fengið plagg, sem að vísu var talið trúnaðarmál, en hefur inni að halda nákvæmlega eða svo til alveg nákvæmlega þessar tölur, sem nú eru lagðar fram í frv.-formi. Hvaða ástæða liggur til þess, að bankastjórum er gert hærra undir höfði en Alþ., skal ég ekkert um segja. Auk þess hygg ég, að þessi áætlun hafi legið fyrir í nokkurn tíma hjá stjórn framkvæmdasjóðs, áður en umræddur bankastjórafundur var haldinn, og mér finnst, að það hefði átt að sýna Alþ. þann sóma að sýna þm. þetta frv. og þessar áætlanir svona nokkurn veginn jafnsnemma og þessum aðilum, sem ég var áðan að minnast á, án þess að ég vilji gera þeirra hlut á nokkurn hátt lítinn.

Það eru í þessu frv. ráðgerðar lántökur upp á 570 millj. kr. Ein lántakan er sérstaks eðlis. Til hennar er aðeins leitað heimildar, þ. e. þar sem fjallar um í 12. gr., að heimilt sé að taka 90 millj. kr. lán til smíði tveggja strandferðaskipa. Ég geri ekki ráð fyrir, að það sé neinn ágreiningur um það, en líklegt er skv. frv., að þetta lán hafi ekki enn þá fengizt, en sjálfsagt er rétt að afla heimildarinnar um leið og þetta frv. er lagt fram. Ég tek það þá hér með út úr dæminu, en engu að síður er þar um lántökuheimild upp á 90 millj. kr. að ræða. Sama vil ég raunar segja um 10 millj. kr. lántöku til tækjakaupa í þágu flugmála og raforkumála. Þær koma ekki frekar í þetta dæmi eins og ég hafði hugsað mér það, en þarna er um 100 millj. kr. lántöku að ræða.

En lántökur að öðru leyti eru þannig, að erlent lán á að taka upp á 275 millj., spariskírteini skal selja innanlands upp á 75 millj., svo er póstur, sem kallaður er endurkaup spariskírteina, sem mig langar til að gera að umtalsefni aðeins síðar og áætlað er 50 millj., lán frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins 28.5 millj., vörukaupalán frá Bandaríkjunum, svo kallað PL-480 lán upp á 46 millj., og svo er lántaka hjá bönkum landsins, 10% af sparifjáraukningu ársins, sem áætlað er 50 millj., bráðabirgðalán upp á 12.2 millj., og eigið fé framkvæmdasjóðs upp á 53.3 millj., þá eftir því, sem sýnist. Þessar lántökuheimildir eru þá með eigin fé framkvæmdasjóðs 590 millj. Af þessu er svo ráðstafað 575 millj., en 15 millj. eru þarna einhvers staðar í lausu lofti, og væri fróðlegt að fá skýringu á því, hvers vegna þarf að gera ráð fyrir bráðabirgðalántöku upp á 12.2 millj., þegar ákveðnar lántökur virðast gera meira en nægja fyrir þeim framkvæmdum, sem vinna á. Það verður væntanlega upplýst.

Þetta fjármagn, sem hér er um að tefla, skiptist í tvennt. Annars vegar er framkvæmdasjóður, sem ráðstafar 1) eigin fé sínu, 2) 10% af sparifjáraukningu bankanna, hver sem hún kann að verða, áætlað 50 millj., 3) 113 millj. af erlendu láni og 4) 28.5 millj. kr. af láninu frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins eða samtals 244.8 millj. Um þetta er svo ekkert frekar sagt í frv., það er mál framkvæmdasjóðs. Mig minnir, að það sé þannig ákveðið í lögum hans, að sjóðstjórnin hafi ráðstöfunarrétt á þessu. Hins vegar er þetta ekki alþm. algerlega óviðkomandi, hvernig framkvæmdasjóður ráðstafar því fé, sem hann hefur undir höndum, og mér þætti fróðlegt að fá skýringar á því eða upplýsingar um það, skulum við segja, t. d. í hv. fjhn., þegar hún heldur fund, hvernig lánin skiptast, sem framkvæmdasjóður ráðstafar, milli erlends fjármagns og innlends, en það hefur vitanlega mjög mikla þýðingu fyrir þá, sem lánin taka, vegna þess að erlenda lántakan er með gengisákvæði, hún hefur gengisáhættuna. Lántakarnir bera gengisáhættuna, eins og segir í 6. gr. frv., að „heimilt er að endurlána fé samkv. 5. gr., og skal það gert með gengisákvæði".

Nú veit ég ekki, hvort heimilt er að upplýsa hér það, sem bankastjórar og forstöðumenn banka fengu að vita um fyrirhugaða ráðstöfun þessa fjár hjá framkvæmdasjóði. Ég skal allavega ekki gera það, nema leyfi fáist til, en þar er þessi skipting sundurliðuð mjög nákvæmlega og getur áreiðanlega orkað tvímælis, hvaða atvinnuvegir eigi að búa við þau kjör að hlíta gengisálagi og hvaða atvinnuvegir eigi að fá lánin í innlendu fjármagni. Að öðru leyti skal ég ekki ræða um hlut fjárfestingarlánasjóðanna eða framkvæmdasjóð í þessu frv., þar sem það er sérstakt mál.

Um þær opinberu framkvæmdir, sem framkvæma á fyrir umrætt lánsfé, er einnig hægt að vera nokkuð stuttorður, vegna þess að hæstv. fjmrh. gaf nú nokkrar skýringar á því, hvaða framkvæmdir það eru, sem hugsað er að vinna fyrir þetta fjármagn. Það er auðvitað alltaf álitamál, hvaða opinberar framkvæmdir á að leggja áherzlu á. Það er vitað og viðurkennt, að ekki er hægt að gera allt, sem gera þarf, í einu, og það verður matsatriði, hvað verður tekið fram fyrir. Ég mun ekki halda uppi neinni sérstakri gagnrýni á þá ráðstöfun, sem hér er lögð til, enda er hér að mestu leyti um að ræða lið í víðtækara framkvæmda- og fjáröflunarkerfi, eins og hæstv. fjmrh. réttilega gerði grein fyrir hér áðan. Um smávægilegan mismun á þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. gaf hér áðan, og þeim upplýsingum, sem gefnar voru í hv. fjhn. beggja d., þegar þær héldu fundi á skírdag s. l., skal ég ekki ræða mikið, en að mismunur skuli þó geta komið fram sýnir það, að vinnan er ekki nægilega vel undirbúin. Það kom fram smámismunur, eftir því sem ég tók eftir,

á ráðstöfun fjármagns þess, sem aflað er frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðs og lagt er í vegi á Vestfjörðum, mismunur upp á eitthvað 2 eða 3 millj. Það er vafalaust hægt að fá skýringar á því utan þessa fundar, og ég skal ekki halda uppi neinu málþófi út af svo litlu tilefni í öllu þessu stóra máli. (Gripið fram í.) Ég tók nú ekki eftir því, ég þurfti aðeins að fara frá, svoleiðis að ég ábyrgist nú ekkert, en ég tók eftir þessum mismun, og ég tel víst, að hæstv. ráðh. hafi skýringar á reiðum höndum á honum, enda geri ég það ekki að neinu atriði í sambandi við þetta mál sérstaklega.

Það kom fram hjá hæstv. fjmrh. áðan, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki fundizt tilhlýðilegt eða mögulegt að leggja jafnþungar byrðar á bankakerfið í landinu og gert hefur verið á undanförnum árum. Mig langar til þess að athuga þessa staðhæfingu örlítið nánar. Eins og allir hv. dm. vita og margoft hefur verið rifjað upp, þá eru þessar kvaðir bankanna aðallega með þrennu móti. Það er í fyrsta lagi almenn sparifjárbinding, bundin 30% af nýju sparifé, sem myndast í bönkunum, þó aldrei meira en 20% af heildarinnstæðu hvers banka fyrir sig. Það hefur í öðru lagi verið gerður samningur við bankana um það, að þeir legðu fram 10% af nýju sparifé, sem myndaðist í bönkum ár hvert, og það hefur í þriðja lagi verið keppt við bankana um fjármagnið með útgáfu ríkistryggðra skuldabréfa og spariskírteina, sem eru þannig úr garði gerð, að bankarnir hafa enga möguleika til þess að standast þá samkeppni, hafa enga möguleika haft til þess, eru kannske að fá einhverja möguleika til þess, en þó mjög takmarkaða eins og ég mun kannske koma örlítið að síðar.

Hvað er það þá af þessum þremur atriðum, sem hefur verið fellt niður af hæstv. ríkisstj. í ár, en verið haft uppi s. l. ár? Það er ekki almenna bindingin, reglum um hana er ekki breytt. Það á enn þá að binda 30% af nýju sparifé, sem myndast í bönkunum. Eins og hæstv. fjmrh. upplýsti hér áðan, standa nú yfir samningar við bankana um það, að þeir leggi enn sem fyrr 10% af nýju sparifé til kaupa á ríkisskuldabréfum eða ríkistryggðum skuldabréfum til þess að nota í framkvæmdaáætlunina, enda gert ráð fyrir því fjármagni hér. Það er áætlað 50 millj. Það veit auðvitað enginn, hvað það verður, en það lítur ekki vel út, að það verði einu sinni sú upphæð. — [Fundarhlé].

Herra forseti. Mig minnir, að ég væri kominn þar áðan, sem ég var að reyna að gera samanburð á því, hvaða kvaðir hæstv. ríkisstj. vildi leggja á bankana eða treysti bönkunum til að bera nú annars vegar, og svo hins vegar á fyrri árum, og ég komst að þeirri niðurstöðu, að af þrennum álögum, sem bönkunum er gert að standa undir, væru tvær óbreyttar, nefnilega almenn sparifjárbinding og lán vegna innlendra framkvæmdalána. En þá er eftir þriðja atriðið, þ. e. sparifjárskírteinasala hæstv. ríkisstj. Það er alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að það er gert ráð fyrir því í þessu frv. að selja 50 millj. kr. minna af slíkum skírteinum á þessu ári en heimildin t. d. í fyrra hljóðaði upp á, svoleiðis að í fljótu bragði mætti þá ætla, að hér væri um minni kvöð á bankana að ræða en fyrr hefur tíðkazt. En á bls. 4 á þskj. 547 er liður, sem heitir endurgreiðsla spariskírteinalána. Þegar við í fjhn. spurðum þá sérfræðinga, sem mættu á fundi n., hvaða fjármunir þetta væru, sem færðir eru teknamegin í framkvæmda- og fjáröflunaráætlunina, þá upplýstu þeir það, að þetta væri fjármagn, sem aflað hefur verið með spariskírteinum og síðan endurlánað, og hér væri um að ræða endurgreiðslur af þeim lánum. Þetta getur vel verið. Ég hef ekki nein gögn til þess að rengja þetta, má vel vera, að svo sé. En það, sem er þá að brjótast í mér, er það, hvort ekki muni koma til þess, að ríkissjóður þurfi að endurgreiða spariskírteini, sem hann áður hefur selt.

Fyrstu spariskírteinin eru gefin út samkv. l. nr. 54 frá 1964, 75 millj. kr. Í þeim l. er, eins og nú, tilsvarandi heimild við þá, sem er í 4. gr. núna, þ. e. að ráðh. er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini samkv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin samkv. ákvæðum 1. gr., að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót. Nú er það spurningin, sem mér fannst þessir sérfræðingar ekki geta svarað, þegar ég varpaði henni fram: Hvað er áætlað, að ríkissjóður þurfi að endurgreiða mikið af þessu fjármagni? Því að eins og hv. alþm. allir muna, eru þessi bréf innleysanleg eftir 3 ár. Sá tími er liðinn frá sölu fyrstu spariskírteinanna og skuldabréfanna, og mér finnst það liggja í hlutarins eðli, að þannig geti á staðið, að ýmsir þeir, sem keyptu þessi skírteini, þurfi nú á sínum fjármunum að halda og fá bréfin innleyst. Þessu gátu sérfræðingarnir ekki svarað. Þeir vísuðu á Seðlabankann til þess að svara þessu. Ég hef ekki haft aðstæður til þess að leggja þessa spurningu fyrir neinn í Seðlabankanum, en vildi gjarnan leyfa mér að bera þessa spurningu fram hér og nú við hæstv. fjmrh. Það eina svar, sem ég fékk hjá sérfræðingunum, var það, að þeir sögðu: „Þessi heimild verður notuð, eftir því sem á þarf að halda.“ Hér sýnist mér vera möguleiki fyrir ríkissjóð til þess að gefa út meiri skuldabréf en þetta frv. fjallar um, og ég tel alveg víst, að menn hafi gert sér þetta ljóst, þegar þeir sömdu þessa fjáröflunaráætlun og hafi áætlað, hversu mikið komi til innlausnar af þessum bréfum. Nú kann að vera, að hugsunin sé að gefa ekki út ný bréf í stað þeirra, sem þarf að innleysa. Þá væri gott að fá að vita það. En heimildin er fyrir hendi, og svar sérfræðinganna var þetta: „heimildin verður notuð, eftir því sem á þarf að halda.“

Ef svo færi nú, að öll þau bréf, sem gefin voru út samkv. l. frá 1964, bærust ríkissjóði til innlausnar, þá var ekki um mikla tilslökun að ræða, ef þessi heimild verður notuð. Þá er þvert á móti aflað meira fjár með sölu slíkra skírteina en gert var t. d. í fyrra. En það skiptir verulegu máli fyrir bankana, hversu mikið af þessum bréfum er selt. Að vísu liggja ekki fyrir neinar áreiðanlegar skýrslur um, hvað mikið af þessu fjármagni kemur úr bönkunum

eða mundi annars hafa farið í bankana, en allir, sem við banka starfa, eru, að ég held, á einu máli um það, að mjög verulegur hluti af þessu fjármagni komi þarna, og vitað er, að þegar Alþ. hafði frv. um gengisbreytinguna til meðferðar hér í eina viku í nóvembermánuði, þá fór gífurlegt fjármagn út úr bönkunum. Þá seldust öll sparifjárskírteini, sem óseld voru, og það fjármagn kom að verulegum hluta úr bönkum. Það er alveg vitað. Þetta er ein spurning, sem mig langar til þess að varpa fram.

Ég hef við fyrri tækifæri, þegar slík heimild fyrir ríkisstj. til þess að gefa út og selja ríkisskuldabréf hefur verið til umr., oft rætt um það, hversu ranglátt mér finnst, að þessi bréf séu undanþegin framtalsskyldu. Ég get vel fallizt á það, að til þess að örva sparnað séu þessi bréf höfð skattfrjáls eins og annað sparifé, en ég kem ekki auga á nauðsyn þess að hafa þau einnig undanþegin framtalsskyldu, og ég vil leyfa mér að varpa fram þeirri spurningu, hvort nokkurt samráð hafi verið haft við ríkisskattstjóra, þegar þetta ákvæði var samið. Mótbáran gegn því að hafa þessi bréf framtalsskyld hefur ævinlega verið sú, að það gerði þau ekki söluhæf. Á þá mótbáru get ég alls ekki fallizt. Ég hygg, að reynslan hafi sýnt það, að þessi bréf hafa svo mikið upp á að bjóða umfram það, sem hægt er að fá með öðru móti, að þau renna út, og að framtalsskyldan mundi þar ekki, að ég hygg, breyta neinu, sem máli skipti. Hins vegar hlýtur framtalsskyldan að vera þess eðlis að auðvelda mjög eftirlit með skattgreiðslum, sem ég veit, að er hæstv. fjmrh. mjög mikið kappsmál, og hann hefur raunar sýnt á sínum embættisferli, að hann vill ganga langt í því að uppræta skattsvikin, og ég get ekki sagt annað en hrósyrði um hann fyrir það. Þess vegna finnst mér það þeim mun fáránlegra að opna hér leið fyrir þá, sem eru í vandræðum með að stinga undan fjármunum sínum, með því að ríkið sjálft gefi út skírteini, sem þeir þurfa ekki einu sinni að telja fram til skatts. Framkvæmdin á því að hafa þau framtalsskyld er mjög auðveld. Ég hef oft rætt þetta, ég skal ekki þreyta hv. þdm. á langri ræðu um þetta atriði, en ég leyfi mér að gagnrýna þetta mjög stíft enn þá einu sinni og boða það, að ég muni flytja brtt. um þetta.

Ég sé svo ekki ástæðu til að vera að lengja þennan fund, það er nóg annað að gera. Ég sé, að það eru hér tvö mál enn á dagskrá, sem þurfa að komast að fyrir kvöldið. Þess vegna vil ég nú slá botninn í þessa ræðu, þó að margt fleira mætti um þetta segja. Ég vil aðeins að lokum segja það, að þessar lántökur eru vitanlega nauðsynlegar. Svo er nú komið, að ekki er hægt að halda uppi eðlilegum fjárfestingum og framkvæmdum á vegum hins opinbera án þess að taka til þess lán og það erlend lán, nú í fyrsta skipti um nokkra hríð. Það þýðir ekkert annað en horfast í augu við þær staðreyndir. Þessar framkvæmdir verða að halda áfram, þær eru allar nauðsynlegar, en það má deila um það, hvort ein er nauðsynlegri en önnur, hvort finnast kunni framkvæmdir, sem enn þá meiri þörf væri á að taka inn. Eins og ég sagði, skal ég ekki vera að karpa um það við einn eða annan, en þetta fjármagn verður að fást, og þess vegna munum við, ég a. m. k., ekki bregða fæti fyrir þetta frv. En ég vil að endingu aðeins segja það, að ég tel, að eins og ástatt er í banka- og fjárhagskerfi landsins, þá sé of mikið saumað að viðskiptabönkunum, og að rétt væri miðað við ástandið, sem nú er í þjóðfélaginu, að fella niður eða fresta, skulum við segja, almennri sparifjárbindingu, a. m. k. fyrir þetta ár og lofa bönkunum að hafa það, sem til fellur hjá þeim, til frjálsrar ráðstöfunar. Og ég tel eðlilegt og sjálfsagt, að þau spariskírteini, sem seld kunna að verða, verði gerð framtalsskyld a. m. k.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við nokkur atriði, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði í sinni ræðu, sem ég að öðru leyti hef ekkert við að athuga. Hann talaði af reynslu og þekkingu um þessi mál, enda bankastjóri og þekkir vel öll þau vandamál, sem hér er við að glíma. Ég hef ekkert við það að athuga, sem hann sagði, að það er erfitt um lánamál almennt og því eðlilegt, að bankastjórar finni fyrir því, að það sé ekki þægilegt að standa í því starfi og auðvitað taka við kvöðum.

Hitt veit ég jafnframt, enda kom það fram í hans ræðu, að hann hefur fullan skilning á því, að það verður ekki hjá því komizt að leita að vissu marki eftir fé til opinberra framkvæmda, ekki sízt fjárfestingarlánasjóðanna, á hinum almenna lánamarkaði í landinu. Ég held hins vegar, að einmitt öflun hins erlenda fjár nú sé mjög veigamikið spor til að létta undir með bönkunum, vegna þess að auðvitað batnar aðstaða margra þeirra fyrirtækja í bönkunum, sem eiga að njóta góðs af þessu fé gegnum framkvæmdasjóðinn. Þeirra aðstaða í bönkunum batnar, því að með einhverjum hætti ná fyrirtækin í sitt fjárfestingarfé, það er komin reynsla á það undanfarin ár, þannig að auðvitað léttir það allverulega á bönkunum, að þessa fjár skuli nú vera aflað.

Ég skal ekki fara hér út í sparifjárbindinguna. Það er mál, sem vitanlega verður að athuga miðað við efnahagsþróunina í þjóðfélaginu, hvort hægt er með einhverjum hætti að draga úr henni eða hvaða stefnu þarf að hafa í þeim efnum. Það veit ég, að hv. þm. er mér einnig sammála um, að það verður að skoðast með hliðsjón af vandamálinu í heild, sem við er að glíma, bæði eftirspurn eftir lánsfé inn á við og svo aftur okkar gjaldeyrismöguleikum út á við.

Hv. þm. sagði, að þetta mál væri seint á ferðinni, og það var í samræmi við það, sem ég sagði í minni ræðu. Því miður hefur ekki reynzt auðið að bera það fram fyrr, og ég tek fyllilega við öllum ákúrum út af því. En eins og ég gat um í minni ræðu, var m. a. ákveðið í sambandi við það vandamál að leysa erfiðleika ríkissjóðs eftir þessar nýju kvaðir, sem á hann voru lagðar, að taka út úr fjárlögum verulegar fjárhæðir, sem varð þá að reyna að afla fjár til innan framkvæmdaáætlunarinnar, og það var

auðvitað ekki hrist fram úr erminni, án þess að kanna það mál nánar. Það er eðlilegt. Það lán, sem upphaflega var ætlunin að taka, var töluvert lægra en það, sem við sjáum, að við neyðumst til að reyna að taka núna, og sú lánsfjáröflun var hugsuð meira til að „konvertera" ýmsum stuttum lánaskuldbindingum, en ekki til að nota á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, og öll þessi viðhorf, sem við höfum þurft að standa andspænis síðustu mánuðina og alltaf hafa verið breytingum undirorpin, hafa átt sinn þátt í, hvað þessu hefur seinkað.

Varðandi það, að bankastjórar hafi fengið þetta fyrst sem trúnaðarmál, veit ég ekki, hvort er hægt að lasta það, að ríkisstj. gerði það, vegna þess að ég hygg, að þeim hefði líka þótt það nokkuð súrt í brotið, ef farið hefði verið að gera grein fyrir því hér í hv. Alþ., að það væri beinlínis gengið út frá því, að þeir legðu fram fé í þessa framkvæmdaáætlun, án þess að búið væri að ræða við þá, náttúrlega í trúnaði, á því stigi málsins og leita eftir því, hvort það væru líkur til, að bankarnir mundu fallast á að hjálpa til með þetta eins og þeir hafa gert að undanförnu. Að leggja það fyrst opinberlega fyrir þingið, held ég, að hann muni nú geta verið mér sammála um, að hefði ekki verið sérstaklega drengilegt gagnvart bönkunum. En það skiptir nú auðvitað ekki neinu meginefni í þessu máli.

Varðandi örfá atriði, sem hann vék að, vildi ég segja þetta: Hann gat um, að það væri 15 millj. kr. munur á lánsfjárögfluninni og því, sem talin væri þörf á, þ. e. a. s. það stæðu út af í hinn endann rúmar 12 millj. kr., sem gert væri ráð fyrir, að þyrfti að taka bráðabirgðalán til. Ástæðan fyrir þessu er sú, að það eru um 15 millj. kr. af erlenda láninu, sem ekki er reiknað með, að geti komið til úthlutunar, og það byggist á því í flestum tilfellum, að þegar boðin eru út erlend lán, verður að borga einhverja vexti fyrirfram, þannig að við reiknum með, að það geti farið allt upp í þessa fjárhæð, sem óumflýjanlegt verði að borga í fyrirframvexti og ýmsan kostnað í sambandi við þá lántöku.

Skiptingu lána framkvæmdasjóðsins hef ég ekki rætt hér, vegna þess að það er gert ráð fyrir því l. samkvæmt, að sjóðstjórnin skipti fé framkvæmdasjóðsins milli hinna einstöku fjárfestingarlánasjóða og þó að menn hafi að vísu gert sér hugmynd um það og drög hafi legið fyrir um það, hvernig þetta yrði gert, hygg ég, að stjórn framkvæmdasjóðsins sé ekki enn þá búin að leggja síðustu hönd á það verk, þannig að það væri ekki viðeigandi að fara að skýra frá því hér, hvernig hún hugsar sér endanlega ráðstöfun fjárins, og það er ekki löggjafaratriði í sambandi við þetta mál, þar eð það er beinlínis á hennar valdi, hvernig þetta verði gert, heldur er eingöngu aflað hér heimildar til að endurlána framkvæmdasjóðnum, eins og sagt er, vissa fjárhæð, sem svo verði notuð til þessara þarfa ásamt öðru fé sjóðsins.

Mismunur á vegafé Vestfjarða skil ég nú ekki, hvernig getur hafa átt sér stað, nema hugsanlegt er, að nokkur mismunur sé vegna fjárhæðar, sem ætluð hefur verið til Bolungarvíkurvegar og áformað var, að yrði notuð til hafnargerðar í Bolungarvík. Nú er við það vandamál að glíma að Bolungarvíkurhöfn hefur fyllzt af sandi, og það þarf að gera vissar breytingar á fjárveitingum vestra, sem nú eru í athugun, m. a. í samningum við Ísafjarðarhöfn, hvort hægt er að fresta framkvæmdum þar og nota féð til Bolungarvíkur, og það hefur jafnvel verið talað um í því sambandi að nota 1 millj. kr., sem á að renna til Bolungarvíkurvegar, til hafnargerðarinnar, því að það er ekki fyrirfram ákveðið, hvernig þetta Vestfjarðafé nákvæmlega skuli skiptast, þannig að þetta mundi þá verða heimilt í samráði við aðila þar heima fyrir. En ég hygg ekki, að það geti verið um mismun að ræða á milli þessara talna, sem neinu nemur. Ég hef að vísu ekki mínar tölur, en þær voru ekki lesnar upp í hundruðum þús., þannig að það getur fljótt munað kannske 0.5 millj. eða 1 millj. að öðru leyti á þann veg.

Varðandi endurgreiðslu spariskírteinalána er það að segja, að það er í rauninni algerlega ómögulegt að gera sér grein fyrir þessu. Það er gert ráð fyrir því, að það geti þurft að greiða allt þetta, eins og hv. þm. sagði. Fólkið, sem á þessi skírteini, á kröfu til þess að fá þau greidd, og það er þess vegna reiknað raunverulega með þeim til útgjalda á þessu ári og gert ráð fyrir því, að það verði að afla fjár, ef þau verða innleyst. Það er alveg rétt, þannig að það kann að vera, að það þurfi að selja skírteini. Og það kann að vísu að koma fram sem nýtt álag á bankana, vegna þess að auðvitað getur verið, að menn eyði því fé í annað en leggja það í banka. Það er ekki gott að segja. En almennt á peningamarkaðinn leggur það ekki auknar álögur, vegna þess að þessu er þá skilað aftur í endurgreiðslum lánanna. Og í þessu sambandi vil ég benda á, að þetta hefur í rauninni ekki áhrif á samanburð áranna í ár og í fyrra, vegna þess að í fyrra var þessi upphæð 61 millj., sem var reiknað með, að væri þá í endurgreiddum spariskírteinalánum. Ég hef því miður ekki þá tölu, hvað raunverulega þurfti að selja, en ég hygg, að meginhlutann af þessu hafi ekki þurft að selja, heldur hafi menn framlengt þessi bréf sín, en ekki hirt um að innleysa þau. En ég held, að það sé ekki neinn möguleiki til þess á þessu stigi að svara því, hvað raunverulega muni þurfa að selja af þessum bréfum. En það breytir, held ég, ekki í meginefnum þeirri staðreynd, að þarna er um að ræða 50 millj. kr. minni heildarsölu og raunar kannske heldur meira, sem er ætlazt til að selja spariskírteini, ef við tökum endurgreiðslurnar 50 millj. núna og 61 millj. í fyrra, þannig að það hafi ekki áhrif á meginefni málsins.

Varðandi það, sem hv. þm. sagði um framtalsskyldu þessara bréfa, þá er ég honum efnislega alveg sammála, og ég held, að ég hafi látið það í ljós hér í fyrra líka. Það var hins vegar tekinn sá háttur upp um þessi bréf að láta gilda um þau sama og sparifé, sem ekki er heldur framtalsskylt, og ég skal játa, að hvort tveggja tel ég ákaflega vafasamt og álít, að það þurfi að taka það mál til sérstakrar

athugunar, þegar endurskoðun fer fram á skattal., sem væntanlega verður nú á næstunni í sambandi við staðgreiðslukerfið. Þá verður þetta mál allt tekið til heildarathugunar. Ég mundi hins vegar telja það dálítið vafasamt, enda hefur það nú enga úrslitaþýðingu fyrir þetta mál, ef farið yrði að breyta því í sambandi við þessi spariskírteini, sem nú eru gefin út, og ég hygg, að þessi vandi sé ekki meiri með spariskírteini og ekki meiri hætta á undanskoti þeirra en þá beinlínis sparifjárins, og svo er náttúrlega þess líka að gæta, að ef bréfin eru ekki framtalsskyld og þau eru ekki skattskyld heldur, þá má segja, að þetta skipti ekki kannski öllu máli. Allavega er hér um alveg sambærilega hluti að ræða eins og sparifé í bönkunum, og það var ætlunin, að um þetta giltu sömu reglur. Þó að ég telji ekki fært að breyta þessu núna, þá er síður en svo, að það sé í andstöðu við það sjónarmið, sem hv. þm. lýsti. Ég tel nauðsynlegt, eins og ég sagði, að taka það til rækilegrar athugunar að breyta þessu í heild og hætta þessu framtalsskyldufrelsi, vegna þess að það leiðir af sér stórfelld vandræði, og varðandi skoðun ríkisskattstjóra á því held ég, að það sé ekkert efamál, að hann er bæði andvígur þessu og framtalsfrelsi sparifjár líka, þannig að það fari ekkert á milli mála.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því, sem hæstv. fjmrh. upplýsti hérna. Hann sagði fyrst, að það hefði ekki verið hægt að leggja þessa áætlun fram fyrr en gert var, m. a. vegna þess að taka þurfti út af fjárl. 62 millj. kr. vegna þeirra breytinga, sem urðu á því góða plaggi. Hefur ekki breytingin aðallega verið sú út af þessu, að erlenda lánsheimildin var hækkuð? Það er nú fljótunnið verk að hækka hana. Það liggur fyrir, að þetta lán hefur ekki verið tryggt enn þá. Það er ekki vitað, í hvaða gjaldeyri lánið verður tekið, og mér sýnist, að þetta hefði mátt láta sig gera. Allavega hefði þetta getað komið jafnsnemma til Alþ. eins og til bankanna, og ég tel, að það sé engin ókurteisi við bankastjóra, þó að fjmrh. afli heimildar ríkisstj. fyrst til þess að taka innlend lán eins og hann gerir, þegar hann tekur erlend lán. Ég sé ekki muninn á því. Ég hefði ekkert móðgazt fyrir mitt leyti, þó að Alþ. hefði ákveðið að freista þess að taka lán hjá bönkunum upp á 50 millj. kr. á þessu ári, ef það lán hefði fengizt, alveg á sama hátt og ég sé, að gert er með erlend lán, sem ráðgerð eru. Það er líka aflað heimildar til þess að taka lán hjá almenningi í landinu, án þess að spyrja hann að því áður, hvort hann vilji leggja fé fram í þessu skyni. Þetta eru engin rök, hvorki til né frá.

Svo vikið sé að þessum mismun, sem er á lánsheimildum og ráðstöfun, get ég vel tekið það til greina, að hann geti átt sér stað, og sýnir það þá, að ekki er búið að semja um lánið endanlega, en að vel geti komið til greina, að lántökukostnaður og fyrirfram greiddir vextir geti numið þessari fjárhæð. Ég trúi því, þegar það er upplýst, en það er ágætt að fá þær upplýsingar.

Ég viðurkenni það, sem hæstv. fjmrh. sagði, enda hygg ég, að ég hafi sjálfur bent á það, að skipting lánanna úr fjárfestingarlánasjóðunum er ekki mál Alþ. Mér er ljóst, að það er með sérstökum lögum falið stjórn sjóðsins. En það, sem ég vildi vekja athygli á með þessum fáu orðum, sem ég sagði áðan, er það, að það skiptir vitanlega höfuðmáli og það er vandaverk að ákveða það, hvaða atvinnuvegir eigi að búa við innlent lánsfé og hverjir eigi að hlíta því að taka erlent lánsfé með þeim áhættum, sem því fylgir. Og það er alls ekki sama, hvernig það verk er unnið. En ef það liggur ekki fyrir frá stjórn framkvæmdasjóðs, eins og hæstv. fjmrh. sagði, þá ætla ég ekki að gera það að frekara umtalsefni.

Eins og vænta mátti, samþykkti hæstv. fjmrh. það, að búast mætti við nokkurri spariskírteinasölu vegna endurnýjunar eldri spariskírteina á þessu ári. Hann upplýsti, að það hefði orðið að innleysa 61 millj. á s. l. ári, og ég get vel ímyndað mér eða látið mér detta það í hug. (**Fjmrh.:** Má ég skjóta fáum orðum inn í hjá hv. þm., til þess að ég þurfi ekki að tala aftur? Ég átti ekki við, að það hefði verið innleyst í fyrra 61 millj., heldur að gert hafi verið ráð fyrir því í áætluninni þá, að heimildar væri aflað fyrir 61 millj. Hvað af því raunverulega var innleyst, er mér ekki kunnugt um). — Hér virðist eitthvað fara á milli mála, því að ég tek það svo, að þessar 50 millj., sem við erum að tala um núna, séu tekjur áætlunarinnar, þ.e. til þess að mæta útgjöldum, sem þessi framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir. Það er til þess að mæta framkvæmdasjóðstillaginu, það er til þess að mæta 330 millj. kr. framkvæmdum. Það er ekki til þess að mæta endurgreiðslu á spariskírteinum. Hér virðist enn eitthvað bera á milli, og þetta þyrfti að athuga vel í n., og ég skal ekki tefja tímann á því að vera að ræða það frekar.

Að endingu vil ég svo aðeins segja það, að ég er mjög ánægður yfir því, að hæstv. fjmrh. er sömu skoðunar og ég um það, að afnema þurfi þessa framtalsskylduundanþágu á spariskírteinum og jafnvel ganga lengra, að gera sparifé allt framtalsskylt. Ég hygg, að þessi undanþáguákvæði hafi upphaflega verið sett á sparifé til þess að örva sparnað, en ég harma það að hæstv. fjmrh. skuli ekki sjá sér fært að gera þetta núna. Einhvern tíma þarf að byrja á þessu og hvers vegna þá ekki núna, þegar á að fara að gefa út nýjan flokk af ríkistryggðum skuldabréfum, sem auðvelt væri að hafa með þessu ákvæði og taka það þá upp. Það þarf ekki nema einfalda lagabreytingu til að taka það upp varðandi þau skírteini, sem gefin eru út til endurnýjunar þeim, sem innleyst kunna að verða.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 547, n. 660 og 678, 679).

Of skammt var liðið frá útbytingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar. Í fyrstu unnu fjhn. beggja d. að því sameiginlega og mættu á sameiginlegum fundum n. Jónas Haralz, forstjóri Efnahagsmálastofnunarinnar, og Gísli Blöndal hagsýslustjóri og gáfu ýmsar nánari upplýsingar um þær framkvæmdir, sem lán þau, sem hér er sótt um að heimila, verði tekin til. En eins og nál. á þskj. 660 ber með sér, hefur fjhn. ekki náð samstöðu um þetta mál, þannig að við 4, sem að því áliti stöndum, leggjum til, að það verði samþ. óbreytt, en 3 nm., sem eru í minni hl., munu skila séráliti og flytja tvær brtt. á þskj. 679.

Ég sé nú í rauninni ekki ástæðu til þess að ræða þetta frv., þar sem það var allýtarlega rætt við 1. umr. málsins, auk þess sem framkvæmdaáætlunin, sem segja má, að þetta frv. sé liður í, var rædd í sameinuðu Alþingi í gær. En til þess að spara mér það að þurfa að taka til máls að nýju vildi ég aðeins víkja að brtt. á þskj. 679 og hvers vegna meiri hl. sér sér ekki fært að styðja þær.

1. brtt. er fólgin í því að setja það að skilyrði fyrir heimildinni til þess að gefa út ríkisskuldabréf eða spariskírteini, eins og 1. gr. kveður á um, að Seðlabanki Íslands noti ekki heimild sína til að binda hluta af sparifjáraukningu banka, sparisjóða og innlánsstofnana á árinu 1968. Það er nú raunar ekki neitt nýtt, að þegar hv. stjórnarandstæðingar sýna einhverja viðleitni til að afla fjár til margvíslegra hluta, sem þeir vilja láta framkvæma, þá verður þrautalendingin alltaf Seðlabankinn. Það virðist svo sem þeir hafi þar fundið þann sjóð, sem hæstv. félmrh., ekki að tilefnislausu, lýsti eftir í eldhúsdagsumr. á dögunum og sem væri þeirrar náttúru, að allir gætu tekið úr honum, en enginn þyrfti að láta í hann. Þarna virðist þessi sjóður vera fundinn og ber því út af fyrir sig að fagna, ef hv. stjórnarandstæðingar eru þá ánægðari með sjálfa sig en þeir hafa áður verið. En meiri hl. lítur nú þannig á, að í þessu sé ekki að finna neina lausn, hvorki á þessu vandamáli né öðrum, og getur því ekki stutt þetta.

Því er þó e. t. v. rétt að bæta við, að í sjálfu sér gæti till. um þetta, að sparifjárbindingin verði takmörkuð eða jafnvel afnumin að öllu, verið skynsamleg, ef það væri þannig hugsað, að viðskiptabankarnir skyldu þá taka að meira eða minna leyti við þeirri útlánastarfsemi, sem Seðlabankinn nú hefur með höndum, fyrst og fremst kaupum á afurðavíxlunum. Það væri ekki óeðlilegt, og ég tel rétt, að að því væri í rauninni stefnt í framtíðinni, að slíkt væri yfirtekið af viðskiptabönkunum, en væri ekki á vegum Seðlabankans, eins og það er nú. Hitt gefur auga leið, að að því leyti, sem um slíkt væri að ræða, mundi ekki myndast þarna neitt fjármagn. En því miður, — án þess að ég hafi nokkra ástæðu til þess að leggja stjórnarandstæðingum hlutina út á verri veg, — grunar mig, að það sé nú ekki þetta, sem vaki fyrir þeim, heldur eigi Seðlabankinn að halda áfram að kaupa afurðavíxlana, en sparifjárbindingin verði takmörkuð eða henni sleppt. En það mundi þá m. ö. o. í rauninni þýða það, að þessa peninga ætti að lána út tvisvar, bæði ættu viðskiptabankarnir að hafa þá til ráðstöfunar og Seðlabankinn líka, en við lítum nú þannig á, að sömu peningarnir geti ekki orðið notaðir nema einu sinni.

Ég fjölyrði svo ekki meira um þetta og skal þá aðeins víkja að brtt. við 3. gr. Þeir vilja, að spariskírteinin og ríkisskuldabréfin skuli ekki undanþegin framtalsskyldu. Hins vegar virðist hugsunin vera sú, að skattfrelsi eigi að ná til þeirra. Það er nú af tveimur ástæðum, sem mér finnst, að þetta geti ekki komið til greina. Í fyrsta lagi er það auðsætt, að ef ekki yrði um þessi skattfríðindi að ræða hliðstæð þeim, sem margs konar skuldabréf önnur og sparifé almennt nýtur, þá mundi það vera útilokað, að þessi bréf seldust. Það getur í sjálfu sér verið nógu erfitt samt að selja slík bréf, því að þess ber að gæta, að þó að vaxtakjör séu að vísu hagstæð, verða þeir, sem bréfin kaupa að afsala sér möguleikunum á að ráðstafa þessum peningum um 10 ára skeið til þess að njóta slíkra hagkvæmra vaxtakjara að fullu og það eru ekki allir, sem eru reiðubúnir til þess að kaupa hagstæð vaxtakjör því verði. Maður veit t. d., að á 10 ára sparisjóðsbókunum munu ekki vera miklar innstæður, þó að af þeim séu hærri vextir en nokkru öðru sparifé. Og í öðru lagi hefur mér nú alltaf fundizt, það segi ég aðeins persónulega, að þessi hugmynd um framtalsskyldu, en ekki skattskyldu sé í rauninni vanhugsuð. Ég þekki ekki til þess í skattalöggjöf neins af okkar nágrannalöndum, að þetta sé aðskilið, þar er það ávallt þannig, að framtalsskylda og skattskylda fer saman. Í enskumælandi löndum er það yfirleitt þannig, að engir eignarskattar eru lagðir á. Þar er heldur ekki framtalsskylda eigna. Samt sem áður er talið, að erfiðara sé að koma tekjum sínum undan skatti í þessum löndum en nokkrum öðrum, og gefur það til kynna, að þar er ekki talið, að eftirlit með eignum skipti verulegu máli í því sambandi. En ástæðan til þess, að þetta fylgist að jafnaði að, er auðvitað sú, að ef það á að gera tilteknar eignir framtalsskyldar, án þess að þær séu skattskyldar, hlýtur að koma upp spurningin um það, hvaða viðurlög eiga þá að liggja við því að telja þessar eignir ekki fram. Ef það eru skattskyldar eignir eða ef það eru skattskyldar tekjur, þá er þetta tiltölulega einfalt. Menn eru þá látnir greiða sektir, sem eru ákveðnar í hlutfalli við þann skatt, sem þeim hefði borið að greiða af þessum eignum og tekjum, ef þær væru taldar fram. En ef það hefur ekki nein áhrif á skattgreiðsluna í sjálfu sér, hvort eignirnar eru taldar fram eða ekki, þá kemur auðvitað spurningin um það, hvaða viðurlögum á þá að beita. Það er ekki hægt að hafa þá viðmiðun, sem almennt er notuð í skattalögunum og það þarf a. m.

k. að hugsa það mál, hvernig slíkt skuli ákveða, því að gera eitthvað að skyldu án nokkurra viðurlaga við því, að þeirri skyldu sé ekki fylgt, það finnst mér vera út í bláinn. Þetta hef ég talið, að væri meginástæða til þess. Mér er ekki kunnugt um það í skattalöggjöf nokkurs lands, að um framtalsskyldu sé að ræða, ef skattskylda er ekki fyrir hendi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv., en meiri hl. leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Fjhn. d. hefur rætt þetta mál nokkuð, þótt skammur tími væri til stefnu, en ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Meiri hl. vill samþykkja þetta óbreytt, en minni hl. flytur tvær brtt. á sérstöku þskj., og við höfum skilað séráliti. Hér er um mjög viðamikið mál að ræða, sem kemur nokkuð seint fram, þegar annirnar eru mestar og margt þarf að afgreiða, og gefst þm. því enginn kostur á að skoða þetta til hlítar.

Þetta frv. er um að afla heimildar fyrir ríkisstj. til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968, en það fjallar í rauninni ekki um framkvæmdaáætlunina sem slíka. Um framkvæmdaáætlunina var rætt í gær í Sþ. og hefði hún þá gjarnan mátt koma, áður en þetta frv. var rætt í d., því að hún verður eiginlega að skoðast sem forsenda fyrir því, að menn geti gert sér grein fyrir þessum málum eins og þau eru. Sú skýrsla hefði, eins og ég sagði, átt að koma í dagsljósið fyrr, því að þetta er það viðamikið og þýðingarmikið mál. Við, sem skipum minni hl. fjhn., erum ekki andvígir því í aðalatriðum að veita ríkisstj. heimild til lántöku, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Slík heimild getur verið og er eðlileg í mörgum tilfellum, en ráðstöfun þess fjár, sem frv. gerir ráð fyrir, er ekkert einkamál ríkisstj. og á aldrei að vera það. Það hlýtur að vera Alþ., sem á að hafa fjárveitingavaldið hverju sinni og ráðstafa þessu fé, enda þótt hér sé um lánsfé að ræða. Og hér er raunar ekki um neinar smáupphæðir að ræða, tæpar 600 millj. kr. Hér er verið að taka lán til framkvæmda, sem fyrir nokkrum árum voru fjármagnaðar með venjulegum tekjum ríkissjóðs, svo sem skólabyggingar, sjúkrahús og ýmislegt annað. En helmingur af því lánsfé eða helmingurinn af 330 millj., 156 millj. eða hér um bil, eru áætlaðar til greiðslu á skuldum. (**Fjmrh.:** Ég vek athygli á því, að í 11. gr. er ráðstöfun fjárins einnig.) Jú, ég hef orðið var við það. Þessar 156 millj. eiga að ganga til greiðslu á skuldum vegna opinberra framkvæmda, sem unnar hafa verið á liðnum árum, eins og fram kemur í töflu II, sem prentuð er í þessu frv.

Í upphafi viðreisnar árið 1960 var það talið fráleitt, hve mikið hafði verið tekið af erlendum lánum og var þó þá ekki um að ræða lántökur nema í stórframkvæmdir, svo sem virkjanir, sementsverksmiðju o. fl., en nú er svo komið, að erlent lánsfé þarf til skólabygginga, sjúkrahúsa, flugvalla, hafna, jarðborana og jafnvel lögreglustöðvar. Til þess að þær opinberu framkvæmdir, sem hér eru nefndar, stöðvist ekki, verður að reyna að fá erlent lánsfé. Ég veit ekki, hvað það hefði verið nefnt í viðreisnarpésanum frá 1960, slíkt ástand sem þetta. Ég læt öðrum eftir nafngiftir í því sambandi. En það eru sjálfsagt allir sammála um, að hér verði að halda uppi eða vinna að þeim framkvæmdum, sem nefndar eru í þessu frv., því að ella mundum við eiga á hættu atvinnuleysi, sem raunar hefur gert vart við sig, og slíkt ástand verður að koma í veg fyrir með öllum tiltækum ráðum, jafnvel þó að vandinn í okkar efnahagsmálum sé slíkur orðinn sem þetta frv. ber með sér. Það verður áreiðanlega ekki komizt hjá erlendri lántöku, eins og málum er nú komið, en þá verður líka að ráðast gegn vanda þeim, sem við blasir í efnahags- og atvinnumálum okkar og koma fjárhagsmálum undirstöðuatvinnuveganna í það horf, að hægt sé að láta þá ganga eðlilega. Það er mikið talað um hagræðingu nú á dögum. Það er eins og það sé eitthvert algilt lausnarorð. En það er hvergi lán að fá til þessarar hagræðingar, sem allir tala um, alls staðar lokað. Slíkt ástand er auðvitað gersamlega óþolandi.

Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir heimild til að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð 75 millj. Langmestur hluti þess fjár, sem spariskírteini eru keypt fyrir, kemur á einn eða annan hátt frá viðskiptabönkum eða sparisjóðum. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að allt að 125 millj. kr., 75 millj. í spariskírteinum og 50 millj. í endurgreiðslu spariskírteinalána, verði aflað á þennan hátt. Þessi samkeppni ríkissjóðs við bankana og sparisjóðina um sparifé er bönkunum áreiðanlega mjög erfið og getur ekki komið fram í öðru en minni útlánum til atvinnuveganna og mega þau þó varla minni vera. Ef enn á að þrengja að fyrirtækjum með minnkandi fyrirgreiðslu, getur það ekki endað nema á einn veg; að fyrirtækin starfi ekki með eðlilegum hætti og framleiðslan minnki og allur rekstur dragist saman. Afurðaverð hefur nokkuð lækkað á tveimur til þremur árum frá því, sem það var hæst, og þegar þar við bætist vaxandi dýrtíð og hækkandi rekstrarkostnaður, liggur í augum uppi, að fyrirtækin þola ekki minnkandi fyrirgreiðslu. Þess vegna höfum við flutt brtt. á þskj. 679 um, að bindingarheimild Seðlabankans verði ekki notuð á þessu ári, til þess að létta nokkuð á viðskiptabönkunum. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta eða vitna í ummæli, sem lúta að þessu. Þetta er öllum ljóst, þótt ekkert sé að gert. Innlendi lánamarkaðurinn getur ekki mætt þeirri lánaþörf, sem framkvæmd þeirrar áætlunar, sem hér um ræðir, krefst, og þess vegna verður að afla erlends lánsfjár. En endalaust verður ekki leitað á erlendan lánamarkað. Þess vegna verður að efla svo íslenzkt atvinnulíf, að við séum á þann hátt færir um að standa undir þeim framkvæmdum, sem óhjákvæmilegar eru til að halda í horfinu miðað við atvinnu á síðasta ári.

Hæstv. fjmrh. gat þess í ræðu, að það hefði verið nokkur tilviljun, hvernig fjárhagsafkoma síðasta árs

hefði komið út í sambandi við framkvæmdaáætlunina, því að þá hefðu verið til ráðstöfunar 57 millj. af greiðsluafgangi, sem auðvitað væri ekki núna fyrir hendi, og þá hefði reynzt unnt að selja spariskírteini fyrir 125 millj. kr. Þrátt fyrir þessar tilviljanir, sem voru fyrir hendi á síðasta ári, er boginn spenntur svo hátt nú sem raun ber vitni um í þessu frv. Og ég tel enga möguleika á, að hægt sé að ná þessum upphæðum, sem hér er gert ráð fyrir, nema vandræði hljótist af og það bitni á atvinnufyrirtækjunum, sem þó sízt skyldi.

Í sambandi við spariskírteinin höfum við í minni hl. flutt aðra brtt. við 3. gr. þessa frv. þess efnis, að niður falli orðin „framtalsskyldu og". Við teljum ekki eðlilegt að undanþiggja spariskírteinin framtalsskyldu. Það er að okkar dómi miklu eðlilegra, að skylt sé að telja þau fram og framtalsskyldan sé liður í raunhæfu skattaeftirliti. Það kann vel að vera, eins og síðasti hv. ræðumaður minntist á, að þess finnist ekki dæmi í skattalögum nágrannalandanna, en eigi að síður er þetta skoðun okkar og við teljum þetta vera lið í raunhæfu skattaeftirliti, að eignir séu yfirleitt taldar fram, þó að þær séu undanþegnar skattlagningu, og það gæti verið réttlætanlegt á ýmsan hátt að undanþiggja þær skattlagningu. En framtalsskyldan teljum við, að eigi að vera fyrir hendi.

Ég skal svo ekki fara mikið út í einstaka liði í sambandi við þetta frv. Það hefur verið rætt allmikið, og tíminn er hér naumur, og ef maður ætti að gera það gaumgæfilega, kostar það allmikinn samanburð, a. m. k. fyrir þá, sem ekki eru því betur inni í þessum málum. En ég vil endurtaka það, að ég tel það óeðlilegt, að ríkisstj. breyti fyrri ákvörðunum, hvort sem það er nú til hækkunar á fjárframlögum eða ekki, án samráðs við Alþ. eða að framkvæmdir séu færðar á milli ára. Auðvitað vilja þm. fá að fjalla um slíkar ráðstafanir og ræða þær, án þess að stöðugur eftirrekstur sé á málum.

Ég held, að hæstv. fjmrh. hafi minnzt á það, mér heyrðist það a. m. k. um leið og ég gekk um Nd., að það hefði verið rætt um það, að vegarlagning á Gemlufallsheiði, sem hingað til hefur verið gert ráð fyrir að framkvæma á árinu 1968, verði færð fram á árið 1969. Ég tel miður farið, ef þetta reynist svo. Að vísu er þarna um lánsheimild að ræða, sem gerði ráð fyrir því, að þessi framkvæmd yrði unnin á árinu 1968, en eigi að síður teldi ég það mjög miður farið, ef þessi framkvæmd yrði færð aftur til ársins 1969. Sömuleiðis mun hafa verið minnzt á framkvæmd við hafnargerð í Bolungarvík, en þar skortir fjárframlag til þeirra framkvæmda, sem nauðsynlega þarf að vinna á þessu ári vegna aðsteðjandi vanda. Það hefur að vísu verið rætt um tilfærslu á milli Ísafjarðarhafnar og Bolungarvíkurhafnar, en um hana hefur þó væntanlega ekkert verið ákveðið enn þá, enda á umræðustigi meðal heimamanna.

Í skýrslu, sem hæstv. fjmrh. flutti í Sþ. í gær um framkvæmdaáætlunina 1968, virtist mér koma fram nokkur samdráttur þegar í heild væri litið á þá áætlun. Það var gert ráð fyrir minni fjármunamyndun í helztu greinum atvinnulífsins, en hins vegar kæmi þar á móti fjármunamyndun í sambandi við Búrfellsvirkjun og Straumsvíkurframkvæmdirnar. Þetta gæti þýtt tilfærslu á vinnuafli frá undirstöðuatvinnuvegum okkar, sem við ekki megum við að missa, og teldi ég mjög miður farið, ef svo yrði búið að undirstöðuatvinnuvegunum, að þeir gætu ekki keppt við þær framkvæmdir, sem þarna eiga sér stað. Annars er ekki gott að átta sig á þessu eða bera áætlunina sjálfa saman við heimildarfrv. hérna, til þess vinnst ekki tími, en áætlunin er, eins og ég sagði áðan, nauðsynleg grg. í þessu sambandi, ef maður á að gera sér málið fyllilega ljóst.

Ég skal svo ekki tefja þessar umr. mikið úr þessu, en vænti þess, að þær tvær brtt., sem minni hl. flytur, séu þess efnis, að d. geti samþykkt þær, enda þótt frsm. meiri hl. fyndi þeim nú ýmislegt til foráttu. Það er svo margoft búið að tala um bindiskylduna og annað slíkt, að ég held, að ég sleppi þeirri tölu að þessu sinni. En það liggur í augum uppi, að ef viðskiptabankarnir, eins og hann minntist á, gætu ekki lengur endurselt afurðalánin í Seðlabankanum, yrði nú held ég fyrst vá fyrir dyrum hjá viðskiptabönkunum, og þessi till. okkar byggist náttúrlega fyrst og fremst á því, að þarna er verið að benda á tilraun, ja, í þessum mikla sjóði, sem hann hafði nú mörg orð um, tilraun til þess að létta á viðskiptabönkunum, en fjármagnið hlyti svo að renna til undirstöðuatvinnuveganna, því að þar er það, sem skórinn kreppir mest að. Og raunar hafa bankarnir lánað langt umfram getu til þess að halda atvinnuvegunum gangandi. — Ég skal svo ekki orðlengja þetta meira.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þeim brtt., sem við í minni hl. fjhn. höfum flutt og hv. frsm. meiri hl. gat ekki fallizt á og taldi mjög fráleitar. Langar mig til þess að rökstyðja þær örlítið nánar frá mínu sjónarmiði.

Hv. 12. þm. Reykv. (ÓB) talaði um það í gamansömum tón, að stjórnarandstæðingar vildu allt eiga og ekkert borga, eins og einhvern tíma hefur verið sagt um vissa persónu, að við hefðum talið okkur hafa fundið upp lind, sem aldrei þyrfti að láta neitt í, en alltaf væri hægt að taka allt út úr. Ég held, að þetta sé skrýtla, sem ágætt er að hlæja að, en sé nú ekki annað, og ég tek það a. m. k. ekki alvarlega. En í sambandi við þessa innlánsbindingu hefur það auðvitað oft verið rifjað hér upp, að því meiri sem hún er, þeim mun meira rýrnar geta viðskiptabankanna, og þetta er spursmál, sem menn verða auðvitað að gera upp við sig, hvar þeir vilja láta ráðstöfun fjármagnsins vera. Hæstv. ríkisstj. og hv. 12. þm. Reykv. vilja, að þess ráðstöfun sé í Seðlabankanum. Svo eru aftur aðrir, sem telja það eðlilegt, að viðskiptabankarnir ráðstafi því fjármagni, sem þeim er fengið til varðveizlu, og við í minni hl. erum einmitt þeirrar skoðunar. Nú er ekki verið að gera því skóna, að Seðlabankinn skili aftur neinu af því, sem hann hefur fengið. Hann

hefur fengið frá viðskiptabönkunum eftir þessum leiðum 1910 millj. kr. og notað það, eftir því sem hér er sagt, til þess í fyrsta lagi að endurkaupa afurðavíxla, til þess að lána fjárfestingarlánasjóðum og til þess að standa undir gjaldeyrisvarasjóðnum. Nú eru þessar fjárhæðir, sem sjóðurinn eða innlánsbindingin stendur undir, allmiklu hærri en innlánsbindingin, nokkrum hundruðum millj. kr. hærri. Ja, hæstv. utanrrh. sagði nú, að útlán Seðlabankans til banka og fjárfestingarlánasjóða væru 2500 millj. Samkv. þeirri tölu ætti Seðlabankinn þá að hafa lánað í þessar tvær greinar 500 millj. meira en bankarnir leggja honum til. Auk þess á þessi binding að standa undir gjaldeyrisvarasjóðnum, sem um s. l. áramót var 840 millj. kr. Svo að ef þessi kenning væri alveg rétt, sem hér er verið að halda fram, virðast fleiri en framsóknarmenn geta notað sömu peningana tvisvar. En til hvers er þessi innlánsbinding og það hagstjórnartæki, sem margsinnis hefur verið talað um? Var ekki upphaflegi rökstuðningurinn fyrir því sá, að það bæri að draga inn fjármagn, þegar þensla er í þjóðfélaginu? Er þá ekki rökrétt afleiðing af því sú, að það beri að láta út eða a. m. k. að hætta að draga inn, þegar samdráttur er? Þetta hygg ég, að margir telji, og ég tel það enga goðgá og engin gamanmál í raun og veru að halda því fram, að viðskiptabankarnir eigi að fá að hafa það fjármagn til ráðstöfunar, sem þeim er trúað fyrir.

Annars er kannske ástæðulaust að vera að bítast um þessi 30% af sparifjáraukningunni á þessu ári. Það er ekki víst, að það verði svo drjúgt í búi hjá hverjum, sem það hefur. Miðað við þá þróun, sem hefur átt sér stað undanfarna mánuði í sparifjárinnlögnum, verður þetta sjálfsagt ekki há fjárhæð. En mér finnst það engin goðgá og raunar alveg sjálfsagður hlutur, að um leið og verið er að leggja auknar byrðar á viðskiptabankana, eins og sannanlega er ráðgert í því frv., sem hér er til umr., þá sé, þegar svona er ástatt eins og við allir vitum og ástæðulaust er að rifja upp, komið til móts við þá t. d. á þann hátt að nota ekki heimildina í eitt ár, meðan þrengingarnar eru eins miklar og þær eru núna og útlit er fyrir, að þær verði á þessu ári. Ef þetta er eitthvað röng hagspeki, verður bara að hafa það. Þetta er sanngirnismál, sem ég hygg að a. m. k. flestir, sem nálægt atvinnurekstri koma og bankastarfsemi, telji eiga fullan rétt á sér.

Þá talaði hv. frsm. meiri hl. um framtalsskylduna og taldi hana fráleita, fyrst og fremst af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess, að bréfin mundu, ef þau væru framtalsskyld, verða óseljanleg. Þessa röksemd skil ég ekki. Ég hef heyrt hana margsinnis hér í þingsölum, en mér er hún enn jafnóskiljanleg eftir málflutning hv. 12. þm. Reykv. eins og hún hefur áður verið. Hvaða ástæða er til þess fyrir menn, sem vilja verja sparifé sínu til þess að kaupa spariskírteini, að hafa á móti því að kaupa þau, ef þeir þurfa að telja þau fram? Ja, það er kannske ein ástæða, en er ástæða til þess að viðurkenna þá ástæðu? Ég fyrir mitt leyti tel það ekki vera. Ef það er þannig fjármagn, sem ekki má draga fram í dagsljósið, sem gengur fyrst og fremst til þessara sparifjárskírteinakaupa, á ekki að vera að opna leið til þess að skjóta því undan. Þar að auki held ég, að bréfin verði, vegna þeirra kjara, sem þau eru boðin út á, fyllilega auðseljanleg eins hér eftir sem hingað til. Þetta er eina leiðin, sem menn hafa til þess að fá fulla vísitölutryggingu á sparifé sitt auk allhárra vaxta. Það er að vísu talað um það núna að taka upp verðtryggingu á sparifé, en sú verðtrygging verður einhvern veginn með þeim hætti, að það verða fastir vextir og auk þess fá sparifjáreigendur greiddan þann mismun, sem verður á vísitölu og þessum háu vöxtum. En hér er ekki því til að dreifa, að menn eigi einungis að fá vísitöluna, heldur eiga menn að fá allháa vexti og vísitöluhækkunina að auki. Þar af leiðandi verða þessi kjör miklu betri, þrátt fyrir það, sem verið er að gera til þess að auðvelda bönkunum samkeppnina um sparifé, sem er ágætt, að gert skuli vera. En þessi bréf verða eftir sem áður langsamlega bezta leiðin fyrir sparifjáreigendur til þess að fá sannvirði fyrir sparifé sitt.

Hv. þm. talaði um það, að menn hugsuðu sig um, áður en þeir afsöluðu sér ráðstöfunarrétti sínum yfir þessu fjármagni í 10 ár. Það er nú svo, að talsverður hluti af sparifé landsmanna er þegar bundinn á 10 ára bókum, sem ekki er hægt að segja upp í 10 ár, þannig að ýmsir virðast nú geta hugsað sér að binda sparifé í 10 ár. Þar að auki er það alls ekki tilfellið í þessu dæmi, að menn bindi eða afsali sér afnotaréttí sparifjárins í 10 ár, vegna þess að þessi bréf eru innleysanleg eftir þrjú ár. Það hélt ég, að allir hv. þm. vissu. Það er svo oft búið að veita heimildir til þessarar bréfaútgáfu og hefur alltaf verið með þeim skilmálum og er enn. (ÓB: Á lægri vöxtum.) Á lægri vöxtum, en fullri vísitölu, og ég minnist þess, að í fyrra, — ég hef ekki þær tölur hjá mér núna, — gerði ég grein fyrir því hér eða rifjaði það upp, hvað þessi bréf hefðu borið háa vexti. Það var margfalt á við það, sem spariféð hefur getað skilað í bönkunum. Ég ætla ekki að fara að gizka á þessar tölur, ég man þær ekki, en það er verulegur munur á því, eins og ég veit, að hæstv. fjmrh. a. m. k. hefur gert sér grein fyrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að hefja neinar almennar umr. um þetta mál, enda hafa allir hv. þm., sem um það hafa rætt, haldið sér innan mjög þröngra marka með hliðsjón af því, að tími er naumur, þó að hægt væri að sjálfsögðu, eins og þeir hafa sagt, að ræða ýmis atriði þess mjög ýtarlega, því að vitanlega er málið efnismikið. En það voru aðeins örfá atriði, sem ég vildi minnast á. Í fyrsta lagi það atriði, sem hv. frsm. minni hl. n/, 3. þm. Vestf., vék að í sambandi við fjármunamyndunina, sem hann taldi vera uggvænlega, og byggðist sú skoðun hans á því, að gert væri ráð fyrir minni fjármunamyndun í atvinnuvegunum, hinum eldri atvinnugreinum, en

vaxandi fjármunamyndun í stórframkvæmdunum við Búrfell og í Straumsvík. Þessi ummæli hv. þm. kynnu að geta skilizt sem svo, að hér væri ríkisstj. að hafa áhrif á fjármunamyndunina og færa hana frá atvinnuvegunum og yfir til þessara framkvæmda. En það er vitanlega ekkert slíkt, sem hér á sér stað. Framkvæmdaáætlunin að þessu leyti er byggð á athugunum, sem gerðar hafa verið á horfum varðandi framkvæmdir í þessum atvinnugreinum á þessu ári, og tölurnar, sem koma fram í framkvæmdaáætluninni, eru niðurstöður þessarar athugunar, en þar er ekki um að ræða nein áhrif frá opinberum aðilum til þess að skerða fjármunamyndun í þessum greinum, heldur sýnir það sig, sem er ósköp eðlilegt, þegar að þrengir hjá atvinnuvegunum, að þá vitanlega draga þeir úr framkvæmdum og fjármunamyndun. Þarna er t. d. mestur samdráttur ráðgerður hjá sjávarútveginum, sem byggist á því, að gert er ráð fyrir, að bæði dragi stórlega úr skipakaupum og framkvæmdum í fiskiðjuverum, ekki hvað sízt síldarverksmiðjum, og vitanlega væri það fjarri öllu lagi að fara að gera sérstakar ráðstafanir til fjáröflunar í þessu skyni, vegna þess að aðilar málsins mundu ekki óska eftir, miðað við það ástand sem er, að leggja út í slíkar framkvæmdir. Það, sem hér því gerist og er það jákvæða í efninu eins og allar sakir standa, er, að með hinni stórauknu fjármunamyndun í stórframkvæmdunum við Búrfell og í Straumsvík tekst að koma í veg fyrir samdrátt í heildarfjármunamyndun í landinu og þar af leiðandi vinna gegn atvinnuleysi. En þetta má með engu móti skiljast þannig, að það sé sérstök ósk ríkisvaldsins, að þarna verði dregið úr framkvæmdum, heldur kemur á daginn, að mat atvinnuveganna sjálfra miðað við allar aðstæður er það, að ekki sé fært að leggja út í meiri framkvæmdir á þessu ári, sem er eðlileg niðurstaða og sjálfsögð, þegar að þrengir, og væri vitanlega fjarri öllu lagi, að þá yrði ekki einhver samdráttur í fjárfestingu, þegar ráðstöfunarfé minnkar.

Þetta tel ég aðeins nauðsynlegt, að komi fram til að valda ekki misskilningi. Hér eru það beinlínis stórframkvæmdirnar, sem koma á móti og taka við vinnuafli, sem undir öðrum kringumstæðum er mjög vafasamt, að hefði verið hægt að nýta, og þessi vinnuaflsráðstöfun er ekki til frambúðar. Þetta vinnuafl verður til staðar aftur, eftir að þessum stórframkvæmdum lýkur, og þá verður það vissulega mikið álitamál, eins og á hefur verið bent, hvort núverandi atvinnuvegir geta tekið við þessu vinnuafli eða hvort þarf að gera sérstakar ráðstafanir sem allra skjótast til þess að reyna að finna þessu vinnuafli stað, þannig að ekki skapist beinlínis atvinnuleysi hjá öllum þessum fjölda fólks, sem þarna vinnur.

Hv. 11. þm. Reykv. taldi, að framkvæmdaáætlunin fæli í sér auknar byrðar á viðskiptabanka. Byrðarnar eru að vísu auknar miðað við það, að þær væru engar lagðar á þá. En miðað við byrðar síðastliðins árs hafa þær minnkað. Það held ég, að sé alveg ljóst, og það veit ég, að við munum verða sammála um, því að bæði er gert ráð fyrir minni skuldabréfasölu og jafnframt er það engum efa bundið, og það veit ég, að hann gerir sér mjög vel ljóst sem reyndur bankastjóri, að erlenda fjáröflunin til fjárfestingarlánasjóðanna léttir vitanlega á þeim atvinnufyrirtækjum með ýmsum hætti, sem njóta góðs af þessu fé. Og hefði þetta erlenda fé ekki komið til, hefði annaðhvort orðið að þrengja að atvinnufyrirtækjunum með minni lánum úr fjárfestingarlánasjóðunum eða þá að bankakerfið hefði beinlínis sjálft orðið að taka á sig þessar byrðar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í hugleiðingar um notkun Seðlabanka. Ég veit að vísu, að okkur mundi ekki greina mjög mikið á í því efni, að meginreglum þarf að fylgja í sambandi við útlán Seðlabanka, það efast ég ekki um. Hann þekkir þær grundvallarreglur áreiðanlega allt of vel til þess. Seðlabanki út af fyrir sig er ekki nein uppspretta fjár, sem verður til án þess að nokkuð standi þar á bak við. Það vita auðvitað allir. Og þegar hv. 12. þm. Reykv. minntist á, að það kæmi þá til álita, að Seðlabankinn hætti endurkaupum afurðalána, er það vitanlega alveg rétt, að þar hefur Seðlabankinn tekið að sér milligöngu um ráðstöfun fjár. Hann hefur bundið féð og dreift því aftur út í afurðalánum, og vitanlega kemur það mjög til álita, hvort Seðlabankinn á að hafa þessa milligöngu, hvort viðskiptabankarnir eiga ekki að halda þessu fé og sjá svo um afurðalánin að öðru leyti sjálfir, því að hitt er auðvitað jafnljóst, að það er ekki hægt fyrir Seðlabankann að halda áfram að endurkaupa afurðalánavíxla, ef hann hefur ekkert fjármagn með neinum hætti til þess. Slíkt verður ekki gert bara með því að auka seðlaveltu. Það veit ég, að við erum sammála um. En ástæðan til þess, að mönnum hefur þótt eðlilegt að hafa þennan hátt á er sú, að afurðalánin deilast auðvitað ákaflega misjafnlega niður á viðskiptabankana í þjóðfélaginu, þannig að sumir þeirra losna algerlega við öll afurðalán, en aðrir bera meginþungann af þeim. Og þarna er um milligöngu að ræða hjá Seðlabankanum til þess að ná inn fé með sparifjárbindingu frá bönkum, sem í rauninni lána ekki nein afurðalán, og létta þannig undir með afurðalánabönkum. Það má vafalaust færa rök bæði með þessu og móti, en þetta er sjónarmið, sem viss sanngirni er í, það verður að játast. Þó að þetta valdi því, að bankar, sem annars mundu vera lausir við þessa kvöð, verða auðvitað þarna fyrir nokkrum áföllum, þá veit ég, að það er auðvitað öllum mönnum ljóst, að fyrst og fremst þarf að tryggja það, að hægt sé að lána út á framleiðsluna.

Um breytingu á þessu og hugleiðingar um Seðlabanka að öðru leyti skal ég ekkert orðlengja. Það er auðvitað sjálfsagt, að það komi til endurmats, eins og hv. þm. sagði, miðað við aðstæður á hverjum tíma, hvort binding innlánsaukninga í bönkum á að vera meiri eða minni. Það er alveg ljóst mál, og Seðlabankanum er ætlað það hlutverk

að meta það hverju sinni, miðað við ríkjandi efnahagsástand í þjóðfélaginu. Hitt er svo aftur annað mál, að það er auðvitað ekki eingöngu það, sem þarf að taka til greina, hvort þrengir að viðskiptabönkunum í þessu efni, heldur þarf líka að gera sér grein fyrir því, ef við ætlum að halda frjálsum viðskiptaháttum, að útlánin verði ekki meiri eða kaupgetan í landinu, skulum við segja, meiri en svarar því framboði, sem er á erlendum gjaldeyri. Ef fjármagnið, sem er í umferð innanlands, er miklum mun meira en því svarar og leiðir til kaupgetu, sem er langt umfram það, sem gjaldeyrisöflunin leyfir, veit ég, að við erum sammála um það, að það leiðir að sjálfsögðu af sér, að stórkostlega gengur á gjaldeyrisforðann og mun það þá innan tíðar geta valdið því, að taka verði upp gjaldeyrishöft.

Um þessar grundvallarreglur veit ég, að enginn ágreiningur er okkar í milli, þó að menn að öðru leyti geti haft sínar skoðanir um það, hvernig efnahagsþróunin eigi að vera og hvernig eigi að stjórna þessum málum að ýmsu leyti. Út í það skal ég ekki fara hér, það hefur verið rætt mikið og síðast í útvarpsumræðum nú í gærkvöld. Ég sé ekki þörf á, að við förum að orðlengja um það í sambandi við þetta mál.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt fsp. til hæstv. fjmrh. Ég tók svo eftir, að hann talaði í gær um það, að gera þyrfti ráðstafanir til sérstakrar fjáröflunar vegna Vestfjarðaáætlunar. Ég hef verið að athuga þetta frv. og hlustaði á þá grg., sem hæstv. ráðh. flutti í gær, og hef ekki getað fundið í þessu frv. og gat ekki heldur heyrt á ræðu hans í gær, að hann minntist einu orði á Norðurlandsáætlun. Nú skal það sízt eftir talið, að Vestfjarðaáætlun sé fjármögnuð. En það hefur líka mikið verið talað um Norðurlandsáætlun, og ég hygg, að það sé tími til kominn að sinna henni. Ég ætla ekki að fara langt út í að rekja aðdraganda hennar, en vil þó minna á, að það var á miðju ári eða fyrri hluta árs 1965, sem samið var um þessa Norðurlandsáætlun, að hún skyldi gerð. Og það var þá fljótlega, að því er segir í svarbréfi, sem hæstv. fjmrh. sendi okkur þm. Norðurlands, fljótlega þar á eftir farið að hefjast handa um gerð eða undirbúning slíkrar Norðurlandsáætlunar og ákveðinni stofnun falið það verkefni, og síðan var farið að vinna að henni þannig, að fulltrúar þessarar stofnunar ferðuðust um Norðurland og höfðu fundi með mönnum. Síðan er alllangur tími liðinn, og ekki hefur Norðurlandsáætlun enn þá sézt. Því er borið við, að Efnahagsmálastofnunin hafi svo mikið að gera, að hún komist ekki yfir að sinna þessu verkefni. Á því var sú bót ráðin, að sérstakur maður var ráðinn með aðsetri á Norðurlandi, á Akureyri, til þess að sinna þessari Norðurlandsáætlun. Ég vona, að hann sé tekinn til starfa og að það sé farið að vinna að þessari Norðurlandsáætlun. Það er mikil þörf á því, og það hafa margir bundið vonir við þessa Norðurlandsáætlun.

Ég hef að vísu litið svo á, að fyrst og fremst ætti verkefni Norðurlandsáætlunar að vera atvinnuuppbygging á Norðurlandi. En ég man það, að í umr. hér í vetur kom það fram hjá hæstv. fjmrh., að hann leit ekki alveg sömu augum á það efni, heldur nefndi hann í fyrstu röð hafnir, skóla og aðrar slíkar framkvæmdir. Og það vill svo til, að það vantar náttúrlega fé í slíkar framkvæmdir á Norðurlandi, hafnir, skóla og rafmagnsmál, rafmagnsframkvæmdir. Ég veit t. d., að það hefur sérstaklega verið leitað eftir því af hálfu Siglufjarðarbæjar, sem sér fram á verulega hættu, ef ekki tekst að gera endurbætur á þeirri stöð, sem séð hefur Siglufirði fyrir rafmagni, að rafmagnsveitunni verði veitt sérstök fyrirgreiðsla í því sambandi. Þarfirnar eru þess vegna miklar, líka til þessara framkvæmda, sem mér skildist, að hæstv. fjmrh. vildi setja efst á blað.

Það má vel vera, að þeim manni, sem ráðinn hefur verið til þessa starfs, hafi enn ekki unnizt tími til þess að ganga frá Norðurlandsáætlun, það skil ég. En ég tók svo eftir í gær hjá hæstv. fjmrh., að þannig hefði verið staðið að Vestfjarðaáætlun, að þar hefði nú ekki verið búið að skoða endinn alveg í upphafi, þegar byrjað var á henni. Það hefðu verið byrjaðar þar framkvæmdir, þó að framkvæmdaáætlunin hefði þá ekki legið svo nákvæmlega fyrir í öllum atriðum. Mér sýnist nú, að það væri ráð að hafa sama hátt á á Norðurlandi, því að það er enginn vandi að finna þær þarfir, sem knýja á. Þess vegna er mín fsp. þessi til fjmrh.: Er ekki gert ráð fyrir neinni fjáröflun vegna Norðurlandsáætlunar í þessari framkvæmdaáætlun? Ég hef mikinn áhuga fyrir að fá svar við þessu. Mér sýnist af áætluninni, að það sé ekki gert ráð fyrir því. En til þess að vera alveg viss í minni sök og ganga alveg úr skugga um þetta vil ég heldur fá alveg hrein og ótvíræð svör fjmrh. um það efni. Ég veit, að fólk á Norðurlandi óskar eftir að fá að vita um þetta.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hef síður en svo á móti því að svara fsp. þeirri, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. bar fram og jafnframt tel ég nauðsynlegt að fara aðeins örfáum orðum um það mál í heild. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að vinnan að þessari áætlun hófst á árinu 1966, og var unnið mikið að undirbúningi áætlunarinnar þá, fyrst og fremst að safna upplýsingum varðandi atvinnumálin og ástand og horfur í þeim efnum. Á því ári og fyrri hluta árs 1967 voru samdar skýrslur um atvinnuástand í öllum helztu byggðarlögum á Norðurlandi eða á því svæði, sem áætluninni var ætlað að taka til. Og þessar skýrslur voru þá þegar sendar atvinnujöfnunarsjóði, því að samkv. gildandi l. var gert ráð fyrir því, að byggðaáætlanir séu á vegum þessa sjóðs að því leyti, að framkvæmd þeirra verði í höndum sjóðsins, hvað snertir fjáröflun og fjárhagslegan þátt málanna.

Þetta starf hefur þegar haft mikla þýðingu, vegna þess að þessar upplýsingar og skýrslur hafa

verið hafðar til hliðsjónar við margvíslegar lánveitingar frá atvinnujöfnunarsjóði til þessa svæðis síðan þetta átti sér stað. Hitt er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það varð því miður dráttur á þessari vinnu eða hún féll í rauninni niður að verulegu leyti alllangan tíma ársins 1967, sem var fyrst og fremst því að kenna, að sá maður, sem hafði haft forustu um þessa vinnu í Efnahagsstofnuninni, var ráðinn til annarra starfa, að vísu á Norðurlandi, og koma störf hans þar að góðu gagni, en þó ekki við það verk, sem hann hafði áður að unnið. Efnahagsstofnunin sjálf hafði þá ekki mannafla til þess að taka þetta verk að sér vegna geysilegra anna við önnur verkefni frá miðju ári 1967, sem ég veit, að öllum hv. þdm. er kunnugt.

Hins vegar var hafizt handa um það að íhuga, hvort ekki væri hægt að fá mann, sem þekkingu hefði á þessum málum, til þess að taka þau alveg að sér og þá helzt á þann hátt, að hann ynni að þessum byggðaáætlunum utan Reykjavíkur. Það tókst svo að fá ungan mann til þessa starfs, sem hefur töluvert kynnt sér þessi mál, m. a. farið til Noregs á vegum Efnahagsstofnunarinnar og annarra aðila og kynnt sér gerð byggðaáætlana. Efnahagsstofnunin réði þennan mann til starfa, og hann tók til starfa um síðustu áramót. Það eru vitanlega margvíslegar upplýsingar, sem fyrir liggja, sem munu létta hans starf, þótt ýmislegt þurfi að endurskoða. Það þarf jafnframt að tengja það starf við ýmsa aðra vinnu, sem unnin hefur verið á vegum Efnahagsstofnunarinnar varðandi almenna áætlunargerð á ýmsum sviðum, svo sem í skólamálum, sem þar hefur verið unnið að fyrir allt landið nú um nokkurt skeið.

Sömuleiðis er nú verið að vinna að heildarsamgöngumálaáætlun, sem er brýn nauðsyn að framkvæma vegna fyrirhugaðrar lántöku eða lánbeiðni vegna hraðbrauta. Í sambandi við það verður að gera heildaráætlun um nauðsynlegar samgöngubætur á landinu í heild á öllum sviðum, og þar kemur auðvitað Norðurlandið undir einnig, og er hægt að fella saman þessa starfsemi.

Ég hef skýrt frá því áður, að það verður lögð á það rík áherzla, að þessu starfi verði lokið fyrr en seinna á þessu ári. En auðvitað, eins og hv. þm. sagði, er þetta verk, sem ekki má flaustra af, og þetta er miklu yfirgripsmeira verk en Vestfjarðaáætlunin að því leyti til, að Vestfjarðaáætlunin var að vísu upphaflega samin sem rammaáætlun, einnig um atvinnuvegi, en þar vantar alla útfærslu á því sviði. Samgöngumálakaflinn var hins vegar algerlega tekinn út úr, vegna þess að það blasti við augum, að við uppbyggingu Vestfjarða voru samgöngurnar tvímælalaust fyrsta viðfangsefnið. Þess vegna var hægt að taka það út úr og leita sérstaklega lánsfjár til þess. Það var vitanlega búið að gera sér þá alveg grein fyrir því, hvaða verkum ætti að vinna að, en það var ekki búið að gera svo nákvæmlega kostnaðaráætlun við hverja einstaka framkvæmd, að þess vegna varð fjármagnsþörfin meiri en gert var ráð fyrir, eins og ég sagði í skýrslunni í gær, en það var vitað um allar framkvæmdirnar, sem þurfti að vinna að.

Norðurlandsáætlunin er aftur að því leyti vandameiri, en ég efast stórlega um það, að menn séu reiðubúnir til þess í dag að slá því föstu, hvað þar eigi að vera númer eitt, þannig að það eigi að sitja í fyrirrúmi. A. m. k. eru það naumast samgöngurnar, því að þar hafa orðið stórfelldar umbætur í þeim efnum einmitt núna á síðustu árum, þannig að ég hygg, að menn vildu a. m. k. á Norðurlandinu íhuga það, hvort þeir teldu, að lánsfjáröflun ætti fyrst að koma til þessara þarfa.

Þá vil ég einnig leiðrétta þann misskilning, sem kom ítrekað fram í sambandi við umr. um þetta mál hér í vetur, þar sem því var haldið fram, að ég hefði sagt, að það væri ekki ætlunin, að áætlunin fjallaði um atvinnumálin, heldur yrði fyrst og fremst lögð áherzla á skólamál, hafnarmál og annað þess konar. Ég átti við það, ef ég á að endurtaka það einu sinni enn, að það er ekki ætlunin í þessari áætlun, að þar verði ákveðið, að tiltekin framkvæmd skuli gerð á vissum stað og að ríkið muni hafa forgöngu um að koma þessu upp. Það verður athugað um atvinnuástand á hverjum einstökum stað — athugað, hvaða líkur eru um fólksfjölgun á viðkomandi stað og reynt að gera sér grein fyrir því og koma með ábendingar um það, hvað væru líklegustu framkvæmdirnar, sem gætu skapað trausta atvinnu á þessum stöðum, framkvæmdir, sem væru þess eðlis, að þær hefðu þjóðhagslega þýðingu. En áætlunin mun ekki ganga út frá því, að út í þessar framkvæmdir verði ráðizt af opinberri hálfu, heldur verður þessi áætlunargerð til leiðbeiningar um það, fyrst og fremst fyrir atvinnujöfnunarsjóð og aðra, sem með það hafa að gera og fyrir þá, sem kynnu að vilja ráðast í framkvæmdir á staðnum, að þessar framkvæmdir væru taldar þarfastar og þess vegna mundu þeir, sem vildu beita sér fyrir þeim, fremur öðrum fá aðstöðu til lánsfjáröflunar og annarrar fyrirgreiðslu í sambandi við þessar framkvæmdir. En það er sameiginleg skoðun allra í atvinnujöfnunarsjóði, að til þess að uppbygging sé heppileg á hinum einstöku stöðum, sé það grundvallaratriði, að heimamenn hafi sjálfir forustu um atvinnumálin og um uppbygginguna. Hitt var aftur eðlilegt, að ég talaði um, að ríkið hefði forgöngu um hafnarmálin og skólamálin, vegna þess að það eru framkvæmdir, sem ríkið sjálft á lögum skv. að verulegu leyti að standa undir, og af því leiðir eftir eðli málsins, að það verður þess verk að sjá um fjárveitingu til þeirra.

Eftir þennan inngang er enn ekki komið að fsp. sjálfri um það, hvort gert sé ráð fyrir fjáröflun til Norðurlandsáætlunar í framkvæmdaáætlun þessa árs og það er ekki. Það stafar hins vegar ekki af því, að ekkert hafi verið aðhafzt í þeim efnum. Það hefur þegar verið farið á stúfana með beiðni um það til Viðreisnarsjóðs Evrópuráðsins, sem hefur lánað til Vestfjarðaáætlunar, hvort ekki mundi einnig auðið að fá fyrirgreiðslu þar í sambandi við

byggðaáætlun á Norðurlandi, og hefur verið talað um 100 millj. kr. í þessu sambandi, án þess að við vitum nú, hver þörfin í rauninni er, vegna þess að við höfum ekki áætlunina fyrir okkur. Á þessu stigi er ekki hægt að ganga út frá neinni ákveðinni lántökuheimild af þeirri einföldu ástæðu, að við erum ekki með ákveðna áætlun og við erum ekki með ákveðnar hugmyndir um það, í hvaða skyni þetta fé á að takast. Það er ekki formlega hægt að biðja um þetta lán, þó að við höfum hafið umþreifingar á því, fyrr en við getum lagt fram ákveðið plan um það, í hvað við ætlum að taka lánið, hvort það á að vera í samgöngubætur, hvort það á að vera í einhverjar ákveðnar atvinnuframkvæmdir eða til hverra þarfa það á að vera. En það hefur sem sagt verið hafizt handa um það, til þess að það liggi fyrir, því að þessi sjóður hefur einnig mjög takmörkuð fjárráð miðað við allar þær umsóknir, sem til hans koma, að okkar umsókn hefur þar verið bókuð. Við höfum þegar tjáð sjóðnum, að við munum jafnskjótt og við höfum fyrir okkur endanlega niðurstöðu um þessa áætlun, gera sjóðnum grein fyrir því í einstökum atriðum, hvað það væri helzt, sem við legðum áherzlu á að afla fjárins til, þannig að ég tel, að allt hafi verið gert í þessu máli, sem auðið er að gera á þessu stigi til þess að tryggja það, að féð verði til ráðstöfunar, þegar áætlunargerðin er komin það langt, að við getum áttað okkur á því, hvað það er, sem við teljum brýnast á Norðurlandi, að aflað verði fjár til.

ATKVGR.
Brtt. 679,1 felld með 10:9 atkv.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 679,2 felld með 10:9 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
5.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 691).

51. Sala Setbergs o. fl.

Á 2. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um sölu á prestssetursjörðinni Setbergi í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, og húseignunum nr. 15 við Tómasarhaga í Reykjavík, nr. 18 við Brekkugötu í Hafnarfirði og nr. 2 við Vesturbraut í Grindavík [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Nd., 24. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt að tilhlutan kirkjumálastjórnarinnar og vil ég í fjarveru hæstv. dómsmrh. mæla með því, að því verði vísað til n. og 2. umr. Efni þess er, að nokkrar eignir verði seldar til þess að hafa upp í kostnað við embættisbústaði þeirra manna, sem áður bjuggu á þessum eignum, en nú hafa fengið annað húsnæði eða annað húsnæði er í undirbúningi þeim til handa. Þar er annars vegar um að ræða nokkra presta og hins vegar biskupinn yfir Íslandi. Þetta sýnist vera skynsamleg tilhögun. Varðandi jarðasölur hefur þeim málum yfirleitt verið vísað til landbn., en hér er einnig um að ræða nokkrar lóðasölur, m. a. í Reykjavík, og er þess vegna eðlilegast, að það fari til þeirrar nefndar, er fjallar um prestakallaskipun. Þetta er um aðbúnað að prestum og þau mál hafa heyrt undir menntmn. Legg ég því til, að þessu frv. verði vísað til hv. menntmn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hér er till. um að selja eitt prestssetur, Setberg við Grundarfjörð.
Ég er nú ekki vel að mér í sögu þess staðar. Líklega hefur þetta verið prestssetur lengi. En það má gera ráð fyrir því, sýnist mér, að búskapur presta í sveitum verði þá og þegar úr sögunni, og það finnst mér eðlilegt, að svo verði, svo að þá gæti maður búizt við því, að fleiri frv. af þessu tagi kæmu fyrir Alþ. og e. t. v. áður en langt um líður. En ég tel það ekki heppilega leið að selja þessi gömlu prestssetur í sveitum. Yfirleitt eru þetta öndvegisjarðir. Prestarnir fengu oft beztu jarðirnar í viðkomandi sveitum til ábúðar. Og þarna hafa verið áður fyrr mikil fyrirmyndarheimili og mikill búrekstur og oft voru þetta hlunnindajarðir og eins og ég sagði, kostajarðir. Mér þætti það leiðinlegt, ef ríkið færi að selja þessar jarðir, þó að prestarnir hættu búskap, og þær lentu svo í braski. Ég teldi þetta óheppilegt og leiðinlegt, og ég tel, að það eigi að hafa annan hátt á þessu. Þó að prestar hætti búskap, geta þeir oft setið á þessum sömu stöðum, þar sem þeir hafa verið áður í sveitunum. Ef þar eru viðunandi húsakynni fyrir þá, geta þeir verið þar áfram, þó að jörðin sé leigð á erfðafestu einhverjum bónda, og ríkið þarf ekki að kosta neinu til framkvæmda á þeim jörðum, sem það á og leigir á erfðafestu. Það lætur aðeins leyfi til þess, að bændur fái lán til umbóta, húsabóta og annarra umbóta á jörðunum úr stofnlánadeild landbúnaðarins, eins og nú tíðkast um leigujarðir í opinberri eign. Þetta teldi ég miklu farsællegra og skemmtilegra að ráðstafa þessum gömlu höfuðbólum með þessum hætti heldur en fara að selja

þetta hverjum, sem hafa vill, og eiga á hættu, að þau lendi í braski. Ég skal ekki segja, hvernig ástatt er um Setberg, ég er ekki svo kunnugur því. En þetta vildi ég segja almennt um þetta mál.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í sambandi við frv. til l. á þskj. nr. 8 vil ég taka það fram, að ég mun styðja þetta frv. Mér er kunnugt um það í sambandi við þá prestssetursjörð, sem er í mínu kjördæmi og ég þekki vel til, að þar hagar nú svo til, að presturinn hefur flutt þaðan fyrir nokkrum árum. Þá tókst svo vel til í sambandi við þau skipti, að ungur og efnilegur maður, sem þá átti íbúðarhús úti í Grafarnesi, gerði skipti við prestinn á Setbergi og settist á jörðina, en prestur fór í hans íbúðarhús.

Þessi ungi og efnilegi bóndi hefur gert umbætur á jörðinni, síðan hann kom þangað og hefur fullan hug á því að búa á henni áfram. Ég vil undirstrika það, að ég treysti kirkjumálastjórninni, sem með þetta mál fer síðar, til þess að sjá svo um, að þessum unga manni verði gefinn kostur á því að eignast þessa jörð, og ég er viss um, að þá er vel fyrir henni séð. Þetta er að vísu ekki mikil jörð, Setberg, en hefur alla tíð verið vel setin og er svo enn, og ég treysti því, að þessi eignaskipti megi vel til takast.

Ég vil svo taka það fram, að það er mín skoðun, að eins og nú er komið með búskap presta í þeim sveitum a. m. k. flestum, þar sem ég til þekki, færi betur á því, að bændur sætu jarðirnar heldur en prestar eins og högum þeirra er nú háttað. Þess vegna styð ég og þessa breytingu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 38. og 41. fundi í Nd., 13., 14. og 15. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 17. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 8, n. 111, 113 og 120).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um heimild til handa ríkisstj. til að selja fjórar eignir, prestssetursjörðina Setberg í Eyrarsveit á Snæfellsnesi og húseignir í Reykjavík, Hafnarfirði og Grindavík.

Það kom fljótlega í ljós í menntmn., er hún fjallaði um frv. þetta, að undir prestssetursjörðina Setberg heyri eyja nokkur, sem Melrakkaey heitir og er í mynni Grundarfjarðar. Þessi eyja er talin vera mikil fuglaparadís, og mun leit að annarri slíkri við landið, bæði hvað snertir fjölda fuglategunda, sem þar verpa, og þá miklu fuglamergð, sem þar lifir. Hefur raunar komið í ljós áður, að eyjan er þar að auki sérstaklega vel fallin til ýmiss konar rannsókna á fuglalífi og hefur verið notuð í því skyni. Hingað til hefur ekki þótt ástæða til að friða þessa eyju, vegna þess að presturinn, sem setið hefur að Setbergi, hefur haft mikinn áhuga á að vernda eyjuna og hefur gætt hennar mjög vel. Enda þótt menntmn. hafi klofnað í þrennt út af frv. þessu, held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að nm. séu allir á þeirri skoðun, að þessa eyju beri að friða. Meiri hluti n. leggur til þá breyt. við 2. málsl. 1. gr., að þar bætist við orðin „að undanskilinni Melrakkaey". Nýting á þessari eyju hefur verið mjög lítil undanfarin ár að öðru leyti en því, að þar er dálítil dúntekja.

Um hinar húseignirnar er það fyrst að segja, að Tómasarhagi 15 er hús, er hefur verið notað sem biskupsbústaður undanfarið, en nú hefur verið keypt nýtt hús, sem á að verða biskupsbústaður. Um Brekkugötu 18 í Hafnarfirði er það að segja, að presturinn þar byggði þetta hús sjálfur fyrir eigin reikning fyrir meira en aldarfjórðungi, seldi það síðar ríkinu og óskar nú eindregið eftir því að fá það keypt aftur. Loks er það um húseignina í Grindavík að segja, að þar hefur verið byggt nýtt prestssetur og er því ekki ástæða til annars en selja það gamla.

Meiri hl. menntmn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem fram kemur á þskj. 111.

Frsm. 1. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta frv. hefur naumast verið undirbúið af nægilegri gát. Eins og hv. 5. þm. Vesturl. gat um áðan, heyrir undir jörðina Setberg fuglaparadísin Melrakkaey, sem er að sjálfsögðu algjörlega fráleitt að selja, og um það var, eins og hv. frsm. tók fram, full samstaða í n., að sala á þessari ey kæmi ekki til greina.

Mér virðist einnig, að salan á jörðinni sjálfri hafi ekki verið undirbúin í samræmi við gildandi lög, því í l. um sölu þjóð- og kirkjujarða eru talin upp ýmis skilyrði, sem kaupendur slíkra jarða eiga að fullnægja. Þeir eiga í fyrsta lagi að hafa búið á jörðinni í minnst þrjú ár. Í öðru lagi eiga þeir að gefa út við undirskrift kaupsamningsins skuldbindingu um að gera jörðina að ættaróðali og leggja fram nauðsynleg skilríki þar að lútandi. Og í þriðja lagi á að liggja fyrir yfirlýsing hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að ábúandi hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta. Þó getur hann skotið þeirri umsögn til sýslunefndar. Einnig hafa Búnaðarfélag Íslands, Landnám ríkisins, viðkomandi sýslunefndir og aðliggjandi bæjarfélög íhlutunarrétt samkv. þessum lögum. Þessum skilmálum laganna hefur ekki verið fullnægt að öðru leyti en því, að Landnám ríkisins hefur látið fara frá sér meðmæli með því, að jörðin verði seld, eins og fram kemur hér í nál. hv. meiri hl. En jafnvel þó þessum lögformlegu skilmálum væri fullnægt, mundi ég vera andvígur því að selja þessa jörð. Ég tel, að það sé rangt að hafa það að almennri reglu að selja ríkisjarðir, ef einstaklingar vilja kaupa þær. Ég tel, að slík viðskipti eigi ekki að fara fram, nema einhver næsta gild rök komi fram fyrir því. Eins og allir hv. þm. vita, hafa verið ýmis brögð að því, að jarðir í einkaeign hafi hér lent í braski eða verið notaðar til ýmissa þarfa, sem ekki eru í tengslum við

raunverulegan landbúnað, og það er hvorki hagsmunamál fyrir þjóðina né bændur, að slík þróun eigi sér stað. Mér virðist, að ákvæðin um erfðaábúð veiti ábúendum svo mikla tryggingu, bæði fyrir sig og erfingja sína, að ekki sé ástæða til að kvarta undan þeim skilmálum. Og ábúandi sá, sem nú situr Setberg, mundi eflaust geta fengið slík réttindi. Með þeim ákvæðum er raunar einnig meiri trygging fyrir því, að ábúendur jarðar fái bætur fyrir eignir sínar, ef þeir hætta búskap af einhverjum ástæðum, heldur en ef þeir eiga jarðirnar. En sem sagt, mér finnst engin frambærileg rök fyrir því að selja þessa jörð, og ég er andvígur því.

Síðari liðirnir þrír í þessu frv. fjalla um þrjá embættisbústaði. Það er alkunna að lög um embættisbústaði og framkvæmd þeirra hafa verið vandræðamál um langt skeið. Þar hafa stundum gerzt atburðir, sem hafa verið gagnrýndir með ærnum rökum. Þegar fjárhagsviðskipti ríkissjóðs og Guðmundar Í. Guðmundssonar, núv. ambassadors í Lundúnum, höfðu átt sér stað og valdið miklum umr., minnist ég þess, að hæstv. fjmrh. lýsti yfir því í þingræðu, að hann mundi beita sér fyrir endurskoðun á lögum um embættisbústaði til þess að færa þau lög til samræmis við núverandi aðstæður og til þess að koma í veg fyrir hvimleið deilumál. Mér finnst efndirnar á þessu fyrirheiti hæstv. ráðh. hafa dregizt óhæfilega lengi.

Hvað viðvíkur einstökum atriðum í frv., þá er fyrsta húseignin það hús, sem notað hefur verið sem biskupsbústaður. Svo er að sjá sem hæstv. ríkisstj. hafi verið mikið í mun að losna við þetta hús, því í fjárlagafrv., eins og það var lagt fyrir hér í upphafi þings, var einnig till. um heimild til þess að selja þetta hús, þannig að hæstv. ríkisstj. hefur viljað hafa tvöfalda tryggingu. En í sambandi við þessa húsasölu er rétt að geta þess, að þar er um að ræða víðtækari viðskipti. Hæstv. ríkisstj. hefur einnig keypt hús, eins og fram kemur hér í aths., Bergstaðastræti 75, og þau húsakaup hafa ekki verið borin undir Alþ., enda ekki nauðsynlegt lögum samkvæmt. Hins vegar kom það fram í n., að þau kaup á Bergstaðastræti 75, sem er nokkuð aldurhnigið hús, voru undirbúin á þann hátt, að það var tvívegis framkvæmd matsgerð. Fyrst framkvæmdi mat Finnur Árnason, sem komst að þeirri niðurstöðu, að verðmæti eignarinnar væri 3.8 millj. án lóðar og bílskúrs, síðan Guðlaugur Þorlákssón, sem komst að þeirri niðurstöðu, að verðmætið væri 4½ millj. með lóð og bílskúr. En síðan gerði hæstv. ráðh. tilboð um að kaupa eignina á 4 millj. og um það var samið, að húsið var keypt á 4 millj. og skal greitt á 6—8 árum. Þetta hús er að verðmæti samkv. húsamati um 341 þús., en samkv. brunabótamati rúmlega 3½ millj. Til viðbótar þessum kostnaði verður að fara fram býsna umfangsmikil lagfæring á þessu húsi. Mér skilst t.d., að muni þurfa að skipta um alla glugga þar, þannig að raunverulegt kostnaðarverð við þennan biskupsbústað verður býsna hátt. Ég er ekki dómbær á það, hvort þarna er um að ræða góð kaup eða léleg; hins vegar er þetta fyrirkomulag dálítið annarlegt í sambandi við embættisbústaði, að hæstv. ríkisstj. geti keypt hús án þess að bera það undir Alþ., en geti ekki losað sig við þau án okkar samþykkis. En ég vil minna á það, að í fjárlögum hefur nú um skeið verið nokkurt framlag til biskupsbústaðar, og svo var ráð fyrir gert í því sambandi, að það yrði byggt sérstakt biskupssetur, og það var búið að úthluta sérstakri lóð undir það hér á Skólavörðuholti í skugga turnsins mikla. Mér er ekki kunnugt um það, hvort þau áform eru enn við lýði, hvort það er meiningin að reisa þar sérstakan biskupsbústað eftir tiltekinn tíma, hvort hér er verið að taka ákvarðanir um þrjú biskupshús á tiltölulega skömmu árabili, og væri fróðlegt að fá um það vitneskju.

Annar liðurinn þarna fjallar um viðskipti sóknarprestsins í Hafnarfirði í sambandi við embættisbústað hans; þau eru býsna glöggt dæmi um framkvæmdina á lögum um embættisbústaði. Sóknarpresturinn byggir fyrst hús sjálfur, síðan selur hann ríkinu það sem embættisbústað og nú vill hann loks fá að kaupa húsið af ríkinu handa sér. Svo er að sjá af þeirri vitneskju, sem þarna er í aths., að sóknarpresturinn hafi síður en svo hagnazt á þessum viðskiptum við ríkið, en mér finnst það algjörlega óeðlileg framkvæmd á þessum lögum að það fari eftir óskum embættismanna hverju sinni, hvort hús eru keypt af þeim eða hvort þeir kaupa hús af ríkinu. Um þetta verða að vera ákveðnar reglur. Það verða að vera ákveðnar meginreglur, sem tryggja hagsmuni ríkisins í þessu sambandi og þar með hagsmuni almennings, en það fari ekki eftir óskum eða hagsmunum embættismanna hverju sinni, hvaða háttur er á þessu hafður.

Það kemur fram í nál. hv. meiri hl., að nú muni senn von á þessari nýju löggjöf um embættisbústaði, og mér hefði þótt býsna fróðlegt að fá að heyra það frá hæstv. ríkisstj., hvort þeim undirbúningi er ekki það langt komið, að hægt væri að fresta þessum þremur liðum, þangað til þessi löggjöf er tilbúin. Mér mundi finnast það dálítið annarlegt, ef við værum núna að taka ákvarðanir, sem kunna að brjóta í bága við löggjöf, sem yrði síðan sett hér á þingi eftir tiltölulega stuttan tíma.

Frsm. 2. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Eins og drepið hefur verið hér á, er efni þessa frv. það að heimila ríkisstj. að selja prestssetursjörðina Setberg, jafnframt að selja biskupshús í Reykjavík og tvö prestsseturshús, annað í Hafnarfirði, hitt í Grindavík. Ríkissjóður á nú eins og sakir standa tvö biskupshús í Reykjavík. Lagt er til, að annað verði selt, og ég tel það ekki nema sjálfsagt, því að lítið hefur ríkið að gera með tvö biskupshús í Reykjavík. Fyrst tvö voru keypt er sjálfsagt að selja annað.

Sóknarpresturinn í Hafnarfirði byggði sér íbúðarhús þar fyrir 26 árum, en seldi það ríkinu nýbyggt til embættisbústaðar. Nú óskar sóknar-

presturinn eftir því að fá þetta hús keypt aftur og býður fyrir það mjög sæmilegt verð miðað við aldur hússins. Með réttu má að því finna, hvernig er háttað kaupum og sölum á embættisbústöðum, en ég vil samt segja það um þetta atriði, að ég verð að telja það ekki nema verðuga tillitssemi við þennan embættismann, sem hefur þjónað vel og lengi, að orðið sé við þessari ósk hans, enda er hún ekki gerð í gróðaskyni fyrir hann.

Í Grindavík hefur verið byggt nýtt prestsseturshús og af því leiðir, að það er eðlilegt að selja hið gamla prestshús eins og hér er lagt til. Ágreiningur milli mín og meiri hl. menntmn. er því ekki út af þessum þremur atriðum. Við erum alveg sammála um þau. Hann er út af sölu prestssetursins Setbergs, þar er ég á nokkuð annarri skoðun. Ég tel, að sala jarða og það gamalla höfuðbóla sé annars eðlis en sala íbúðarhúsa í kaupstöðum, og jafnan hefur það verið svo, að þar hefur nokkuð annar háttur verið hafður á. Prestssetursjörð hvers byggðarlags er venjulega bezta jörðin í sveitinni, höfuðbólið, og prestssetrin eiga flest langa og að mörgu leyti merka sögu. Við prestssetrin eru tengdar ýmsar minningar og þau eru sannarlega meira en dvalarstaður prests um einhvern ákveðinn tíma. Þau eru mörg hver gömul menntasetur. Það má jafnvel segja, að prestssetrin sum í landinu hafi verið fyrstu héraðsskólarnir, sem þjóðin eignaðist. Saga prestssetursjarðanna og saga prestanna, sem þar þjónuðu kynslóð eftir kynslóð, verður ekki aðgreind og því vil ég fara nokkuð öðrum höndum um þessar eignir en sumar aðrar, þar sem ekki er slíku til að dreifa.

Mér virðist, að niðurlögð prestssetur séu nokkurs konar minjar, það má segja minjar sveitanna, og svo að segja þær einu, sem þar eru til. Við fleygjum ekki frá okkur kirkjulegum minjum úr tré eða kopar, og við teljum okkur meira að segja skylt að varðveita þær, eins og aðrar þjóðir gera. En er þá prestssetursjörðin minna virði en þessir fornu hlutir úr tré, málmi eða vefnaði? Á þessum prestssetrum mörgum eru enn þá jafnvel sýnileg handaverk fjölmargra þeirra manna, sem við viljum heiðra, en mér virðist, að virðing okkar fyrir þessum gengnu mönnum sé helzt til lítil, ef við erum að auglýsa þessi prestssetur til sölu handa einhverjum, sem vilja nýta þau. Melrakkaey er hluti prestssetursjarðarinnar Setbergs. Þetta er óvenjulega fjölskrúðug eyja af fuglalífi, og við vorum allir einhuga um það í menntmn., að þessi eyja, þessi hluti jarðarinnar, yrði ekki seldur, heldur verði eyjan friðlýst. En ég vil ekki vera með í því að hluta þessa gömlu prestssetursjörð þannig í sundur, að ríkið eigi þennan hluta hennar, en seldur verði svo hinn hlutinn, ef einhver vill hann. Mér finnst þetta óvirðuleg meðferð á höfuðbóli. Ég er því andvígur því, að þessi jörð sé seld. Ég sé enga þörf á því, og þar sem menntmn. er nú einhuga um, að nokkuð af henni verði ekki selt, má varla minna vera en að ríkið sé þá í heilu lagi í eign ríkisins. En hver er svo tilgangurinn með sölunni? Það er mér algerlega óljóst. Varla getur það verið það, að ríkið vanti svona aura, að það þurfi að reyna að selja þessa jörð fyrir eitthvað handa einhverjum og m. a. s. hluta hana í sundur fyrst. Ég flyt því brtt. við þetta frv. á þskj. 120. Ég legg til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu að fella niður þennan lið, sölu Setbergs.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hér í hv. d. lýsti ég fylgi mínu við frv. Það, sem síðar hefur komið fram í málinu, hefur ekki orðið þess valdandi, að ég hafi skipt um skoðun. Ég vil taka það fram, að í sambandi við þetta frv. eða þann þátt frv., sem ég gerði að umtalsefni, sölu jarðarinnar Setbergs í Eyrarsveit, vil ég undirstrika það, að það, sem fyrir mér vakir í þessu máli, er að tryggja það, að jörð þessi verði í ábúð. Ég tel mig hafa nokkra reynslu af því, að það, að ríkið eigi jarðirnar, er ekki alltaf að tryggja þær í ábúð. Ýmis skipti þeirra, sem ríkisjarðir sitja, eru ekki með þeim hætti, að þau hafi laðað mig að þeirri stefnu, að ríkið ætti að eiga mikið af jörðum. Ég óttast líka í þessu tilfelli, sem ég þekki nokkuð til, að einmitt það, ef ríkið ætti að eiga þessa jörð áfram, yrði til þess, að hún færi úr ábúð og yrði limuð sundur til annarra jarða í sveitinni. Setberg hefur ekki verið neitt stórbýli og verður ekki heldur neitt stórbýli, en það er hæg jörð og snotur jörð og má hún verða sæmileg, ef vel er setið.

Ég lýsti því hér við 1. umr., að þegar núv. sóknarprestur í Setbergssókn gerði samkomulag við Elís Gunnarsson, núv. ábúanda á Setbergi, um það, að hann flytti sig á Setberg, en presturinn fengi íbúðarhús hans í Grundarfirði, þá stefndi Elís Gunnarsson að því að verða framtíðarbóndi á þessari jörð og hefur setið jörðina með prýði síðan. Það kemur fram í áliti meiri hl. hv. menntmn., að þeir gera ráð fyrir því, að þessum ábúanda verði seld jörðin, sem eðlilegt er. Ég tel því, að með samþykkt þessa frv., eins og meiri hl. hv. menntmn. leggur til, verði það tryggt, að jörðin haldist í ábúð og verði vel setin. En það verði hins vegar ekki tryggt, ef horfið verður frá sölunni.

Út af því atriði, sem fram kemur hjá hv. menntmn., að undanskilja Melrakkaey, mun ég ekki gera neina andstöðu út úr því, þar sem færð eru gild rök fyrir því, að nauðsyn beri til að vernda þessa eyju vegna fuglalífsins þar. Mér er það líka ljóst, að eyjan er ekki eins mikils virði fyrir Setberg og hún áður var, vegna þeirra breytinga, sem nú eru á orðnar í búnaðarháttum, að heyskapur er seintekinn og dýr úr eyjum, og þess háttar starfsemi mundi tæplega verða nytjuð af núverandi bónda eða bóndanum á Setbergi í framtíðinni, þó að hann ætti eyjuna. Hins vegar verða hlunnindi hennar nytjuð eins og hingað til og eðlilegt, að kirkjan hafi tekjur af þeim, enda mun eyjan hafa verið gefin undir Setberg. Ég vil því undirstrika það, að ég tel, að með afgreiðslu meiri hl. hv. menntmn. í málinu, sé það betur tryggt heldur en með nokkrum öðrum hætti, að þessi jörð verði í ábúð og vel setin, a.m.k. um næstu framtíð.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. í þessu máli og vil aðeins fara um þetta nokkrum orðum og segja frá afstöðu minni til þess. Í menntmn. urðu mestar umr. um prestssetursjörðina Setberg, eins og fram hefur komið, en Setberg er ríkisjörð og hefur lengi, sjálfsagt um aldaraðir, verið prestssetur, en er það ekki lengur, því að presturinn í þessum sóknum að því er mér skilst, er fluttur í Grundarfjarðarkauptún og mun verða þar til frambúðar, þannig að það er augljóst, að Setberg verður ekki prestssetursjörð á næstunni og sennilega aldrei. Hins vegar er þarna um að ræða allgóða bújörð og það er æskilegt, að jörðin haldist áfram sem slík og þar verði rekinn búskapur. Nú situr þar á jörðinni bóndi, sem verið hefur þar nokkur ár, og eftir þeim beztu upplýsingum, sem ég hef um það, situr hann þessa jörð vel, og hann hefur í huga að kaupa jörðina. Við höfum, þm., árlega haft til meðferðar svipuð mál, þannig að ábúendur jarða óska eftir að kaupa ábúðarjarðir sínar og yfirleitt hefur ekki verið mikil fyrirstaða fyrir því, að alþm. samþykktu slíkt.

Hins vegar hefur annað sjónarmið komið fram hér, einkum hjá einum stjórnmálaflokki. Áður fyrr var það einkum Einar Olgeirsson, sem lengi var forystumaður í Alþb. og Sósfl., sem af prinsípástæðum var andvígur því að selja ríkisjarðir, en ég heyri nú, að hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, er einnig af prinsípástæðum andvígur því að selja ríkisjarðir og er þetta út af fyrir sig vel skiljanlegt sjónarmið og þarf engum að koma á óvart. Aftur á móti er ég þess sinnis, að ég hef engan rétttrúnað um eignaryfirráð á jörðum og er miklu fremur fylgjandi sjálfsábúð, og ég tel það eðlilegra og heppilegra fyrir þessa jörð, að hún verði rekin af bónda, sem á hana, og þar sem ég þykist hafa spurnir af því, að þar sé um að ræða hæfan og góðan mann, sem muni sitja jörðina vel og hafi setið hana vel, sé ég enga ástæðu til þess að neita honum um að eignast þessa jörð, og á því er afstaða mín til þessa máls byggð. Hitt er auðvitað saknaðarefni út af fyrir sig, að Setberg skuli ekki lengur vera prestssetur og það höfuðból, sem hún hefur verið í þessari sveit um aldaraðir, en við því er ekkert að segja. Það þýðir ekkert að vera að gráta þá þróun hér, heldur bara taka því eins og það er, og ég sé ekki, að það verði jörðinni til neins gagns, þó að ríkið eigi hana áfram og selji hana á leigu, ef hægt er að koma henni í hendur góðs ábúanda, selja hana góðum ábúanda, sem líklegur er til þess að bæta jörðina og hafa þar góðan búskap. Þess vegna er það mín skoðun, eins og fram kemur í nál., að jörðin skuli seld þessum ábúanda, sem þar er nú.

Um hin atriðin skal ég ekki ræða, þessar húseignir, sem hér er um fjallað. Við vorum yfirleitt sammála um það í menntmn., að það væri eðlilegt að fara þannig að eins og frv. gerir ráð fyrir og ég held, að enginn hafi verið því andvígur að leggja það til, að þessar húseignir yrðu seldar. En sem sagt, ég vil undirstrika það, sem raunar kemur hér fram í áliti frá landnámsstjóra, Pálma Einarssyni, þar sem hann segir, að hann telji, að það mundi betur en nokkuð annað tryggja ábúð jarðarinnar, að hún kæmist í sjálfsábúð. Ég er sama sinnis og Pálmi Einarsson um þetta atriði og því legg ég til, að jörðin verði seld núverandi ábúanda með þeim hætti, sem lagt er til af meiri hl. menntmn.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég blanda mér ekki í þær lítils háttar deilur, sem hér hafa orðið út af þessu ekki svo stóra frv., en það er rétt, sem fram hefur komið, að það hefur oft sýnzt sitt hverjum hér á Alþ., þegar um hefur verið að ræða að selja ríkisjarðir, eins og hér liggur fyrir. Það var hins vegar eitt atriði, sem innt var eftir sérstaklega og sem fram kemur í nál., þ. e. að væntanlegt sé frv. um embættisbústaði. Það stendur þannig á um það mál, að við höfðum nú álitið, að við kæmum því fram nú strax og þingið kom saman, en það hefur staðið nokkuð á viðræðum milli hæstv. fjmrh. og mín, sem við höfum bara ekki komið við, en ég geri ráð fyrir því, að það verði lagt fyrir þingið allra næstu daga. Ég sé ekki neina ástæðu til þess, að þess vegna þurfi að fresta framgangi þessa máls út af fyrir sig. Það er kannske sú ein meginstefna að hverfa frá því, sem verið hefur, að ríkið eigi embættisbústaði í þéttbýlinu. Það hefur verið ýmsum örðugleikum háð. Það var unnið í fyrra, já, og reyndar hitteðfyrra, að athugun þessa máls af embættismönnum á vegum þeirra rn., sem embættisbústaðir heyra undir og undir forystu fjmrn. Það frv. mun koma nú á næstunni fyrir þing, og skal ég ekki víkja frekar að því, en af því að innt var eftir, vildi ég láta þessar upplýsingar fram koma.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Nd., 18. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 111 samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 120 felld með 20:9 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21:4 atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 53. fundi í Nd., 23. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 218).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 46. fundi í Ed., 25. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. fer fram á heimild til þess að selja Setberg í Eyrarsveit og svo nokkrar fasteignir, sem nánar er gerð grein fyrir í grg. og ég tel þarflaust að víkja frekar að. En þegar málið fór í nefnd í Nd., fór það einhverra hluta vegna til menntmn. Þar varð ekki ágreiningur um málið nema varðandi 1. liðinn, sölu Setbergs, sem er kirkjujörð eða þjóðjörð, og um slík mál hefur, held ég, landbn. d. jafnan fjallað og væri eðlilegast, að það væri annaðhvort landbn. eða fjhn. Ég held, að ég leggi til, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og landbn. En ég vildi aðeins biðja n. um að hafa það í huga að afgreiða málið ekki endanlega frá sér nema að viðhöfðu sambandi við dómsmrn., því að til mála gæti komið, að n. yrði beðin að bæta heimild til sölu á öðrum fasteignum, sem verið er að fjalla um nú, inn í þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 218, n. 333).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. Ed. fékk þetta frv. til athugunar og meðferðar og hefur rætt það á nokkrum fundum, og í nál. á þskj. 333 er að finna flest þau rök, sem við höfðum fram að færa fyrir því að mæla með samþykkt frv. og einnig þeim breyt., sem lagt er til að gera á því. Þó vil ég aðeins fara fáeinum orðum um þær brtt., sem við leggjum til að samþykktar verði. Fyrir n. lá bréf frá dóms- og kirkjumálarn., þar sem rn. fer fram á, að n. flytji brtt. við frv. vegna nokkurra eigna ríkisins, sem óskað er að fá söluheimild fyrir. Það er prestsseturshús á Húsavík, húseignin Melgerði 10 í Kópavogi og prestssetursjörðin Vellir í Svarfaðardal.

Það liggur fyrir, að keypt hefur verið nýtt prestsseturshús á Húsavík, þar sem sá embættisbústaður, sem þar var fyrir, var í því ástandi, að ekki var talið hagkvæmt að kosta til viðgerðar á gamla húsinu, og er því talið rétt að selja þetta hús, og viljum við fallast á það sjónarmið.

Þá er fyrirhugað, að framvegis verði ekki embættisbústaður í Kópavogi. Því er óskað eftir heimild til að selja húseignina Melgerði 10 í Kópavogi, enda hefur sú húseign reynzt talsvert gölluð og viðgerðarkostnaður fyrirsjáanlega mjög mikill, ef ætti að nota hana áfram í þessu skyni.

Í þriðja lagi er svo óskað heimildar til að selja prestssetursjörðina Velli í Svarfaðardal. Þannig stendur á, að byggt hefur verið prestsseturshús á Dalvík og ákveðið, að prestssetrið verði flutt þangað frá Völlum í Svarfaðardal, og því er eðlilegt að hafa heimild til að selja prestssetursjörðina á Völlum, þar sem trúlega yrði nokkuð kostnaðarsamt fyrir eiganda jarðarinnar að koma henni í ábúð, þar sem húsakostur á henni er mjög lélegur. Meiri hl. n. hefur fallizt á þessi sjónarmið og mælir með því, að heimild verði fengin til að selja þessar eignir. En varðandi sölu prestssetursjarðarinnar Valla í Svarfaðardal er þess að geta, að oddviti Svarfaðardalshrepps hefur ritað landbn. Ed. og óskað eftir því, að sú söluheimild, sem fengin yrði vegna Valla í Svarfaðardal, yrði bundin við sölu til Svarfaðardalshrepps. Við höfum litið þannig á, að það væri mjög eðlilegt, að Svarfaðardalshreppur ætti forkaupsrétt að jörðinni, þegar hún yrði boðin til sölu, en á þessu stigi liggur ekki fyrir neitt tilboð frá hreppnum í jörðina né ákveðin ósk um það að fá hana keypta, aðeins ósk um það, að ef hugsað er til að selja jörðina, verði sú sala bundin við það að Svarfaðardalshreppur sé kaupandinn. Kynnti n. sér það, hvernig háttað er ákvæðum laga um forkaupsrétt á jörðum. Um það eru ákvæði í l. nr. 40 1948, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, að „sveitarstjórn hvers hrepps skal hafa forkaupsrétt á þeim jörðum innan hreppsins, sem ganga kaupum og sölum og ekki eru opinber eign".

Það er skýrt fram tekið, að Svarfaðardalshreppur á ekki forkaupsrétt að jörðinni Völlum í Svarfaðardal, en n. þótti rétt, að hreppurinn fengi þann forkaupsrétt og hefur því sett það inn í sína brtt., að heimild til þess að selja prestssetursjörðina Velli í Svarfaðardal yrði veitt, enda hafi Svarfaðardalshreppur forkaupsrétt á jörðinni. Þegar n. gekk frá þessu nál., voru það 3 nm., sem höfðu fyrirvara um samþykkt nál. að því er tók til nokkurra ákveðinna eigna, og munu þeir væntanlega gera grein fyrir afstöðu sinni.

Þá er hér í öðru lagi lagt til, að breytt verði fyrirsögn frv. Segja má, að það sé meira smekksatriði, það er ekki veigamikið, en þykir fara betur, því að eins og fyrirsögn frv. er núna, er hún löng, og ef sama hætti ætti að halda eftir þá breyt., sem n. leggur til, að gerð verði á frv., yrði hún enn lengri. Það virðist vera alger óþarfi. Við leggjum því til, að fyrirsögninni verði breytt þannig að hún verði: Frv. til l. um sölu á prestssetursjörðinni Setberg o.fl.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem lýst er á þskj. 333.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég hafði látið setja í nál., að ég áskildi mér rétt til að fylgja frv. ekki að öllu leyti, og vil ég aðeins gera nánari grein fyrir minni afstöðu til þessa máls.

Ég tel, að gæta eigi allrar varúðar, er um sölu prestssetursjarða er að ræða, og fyrirvari minn er meira bundinn við það mál almennt heldur en þetta tilfelli, sem hér um ræðir. Mér virðist, að þeir aðilar, sem hlut eiga að máli, hreppsnefndir, sóknarnefndir og aðrir opinberir aðilar séu sammála um sölu á Setbergi og Völlum í Svarfaðardal, og ég mun því ekki greiða atkv. gegn sölu þessara jarða, en læt nægja í þessu tilfelli að sitja hjá við atkvgr. um sölu þessara prestsseturs-

jarða, en að öðru leyti er ég frv. samþykkur. Ég tel, að því opinbera beri að gæta fyllstu varúðar eins og ég sagði áðan, um sölu prestssetursjarða, því að tímarnir breytast, og við vitum aldrei, hvenær kann að koma að því, að það opinbera þurfi á þessum eignum að halda. En meðan svo er ástatt, að prestar telja sig ekki geta sinnt búskap á þessum prestssetursjörðum, á að leigja þær með þeim hætti, að þeir bændur, sem vilja taka þær á leigu, geti setið þar nokkuð tryggir í ábúð og búið þar sómasamlega þeirra hluta vegna. En ástæðan fyrir því, að ekki hefur verið hægt að leigja þessar jarðir, þannig að ábúð hafi verið með eðlilegum hætti, er sú, að jarðirnar hafa yfirleitt verið leigðar frá ári til árs, og því ekki þess að vænta, að bændur sæju sér mikinn hag í að leggja í framkvæmdir á þessum jörðum. Ég tel, að þessu þurfi að breyta, en ég er því ekki fylgjandi, að prestssetursjarðir séu seldar, með tilliti til framtíðarinnar. Þeir tímar geta komið, að ríkið þurfi á þessum eignum að halda. En varðandi þetta mál og þær jarðir, sem hér um ræðir, þá mun ég ekki greiða atkvæði gegn heimild til sölu þeirra, en læt nægja að sitja hjá við þá atkvgr.

ATKVGR.
Brtt. 333,1 samþ. með 10:3 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 333,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 339, 387).

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við 8. mál um sölu á prestssetursjörðinni Setbergi o. fl. á þskj. 387. Áður en ég vík að efni brtt. vil ég vekja athygli á því, að samkv. 40. gr. stjórnarskrárinnar má ekki selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkv. lagaheimild.

Skátafélagsskapur á Akranesi hefur um nokkurt skeið leitað eftir því að fá til umráða hluta úr kirkjujörðinni Stóru-Drageyri í Skorradal, en þessi skátafélagsskapur er mjög almennur félagsskapur á Akranesi, og það sem fyrir þeim vakir er að koma upp útivistarsvæði með svipuðum hætti og tíðkazt hefur hjá skátum víða annars staðar, sennilega einkum að sumarlagi, þarna í Skorradalnum, og fyrri liður brtt. fjallar um það, að ríkisstj. sé heimilað að fá þessum félagsskap til umráða, með nánar tilteknum skilmálum, spildu úr landi kirkjujarðarinnar Stóru-Drageyrar í Skorradal, allt að 700 m meðfram Skorradalsvatni og upp í fjallshlíð.

Þessi afnotaréttur yrði veittur með nokkuð sérstökum hætti, því að rétt þykir að hafa um hann einhvern fyrirvara ef félagsstarfsemin kynni að breytast eða verður minni en áætlað er, og þá sé hægt að kippa þessu til baka. Og reynslan sker úr um það, hvernig skátunum hagnýtist þetta land til afnota fyrir sinn félagsskap, og þá fyrst og fremst ungmennum úr byggðum ofan frá Akraneskaupstað.

Ég skal geta þess í þessu sambandi, að skógræktarstjóri hefur farið þess á leit við ráðuneytið að mega girða landsvæðið þarna úr Stóru-Drageyri á þessum stað og víðtækara, með það fyrir augum, að þarna kynni að vaxa upp meiri skógur en þar er þegar, ef hann væri friðaður. Það hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um það, en ég held, að aldrei hafi verið talin nauðsyn að leita sérstakrar heimildar til slíkra aðgerða á löndum ríkisins, eins og þeirrar að skógræktarsvæði yrðu girt til þess að friða land og auka gróður, og býst ég við, að af því geti orðið, enda mun það samrýmast þeim afnotum, sem skátafélagsskapurinn fer fram á.

Þá vil ég víkja að seinni lið þessarar brtt., en það er, að ríkisstj. sé heimilt að afhenda Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til umráða allt að 50 hektara úr svonefndum Móadal þar í landi prestssetursjarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, svo og aðgang að ½ hektara á sjávarströnd jarðarinnar. Þetta er staðfesting á orðnum hlut, sem hv. þm. er sjálfsagt öllum kunnugt um, en þegar þessi samtök áttu 25 ára afmæli á s. l. ári, vildi ríkisstj. gjarnan koma til móts við óskir þeirra um að fá einhvers staðar afnotarétt af landsvæði, sem þau gætu notað sem útivistarsvæði fyrir sinn félagsskap og til þess að byggja þar á orlofsheimili. Þetta bar nokkuð bráðan að þá, og gafst ekki tóm til að leita heimildar fyrir þessari ráðstöfun. Ég hafði hins vegar samband við alla þingflokka um málið, og var hver þeirra fyrir sig samþykkur þeirri ráðstöfun, að fjmrh. f. h. ríkisstj. afhenti þessum félagsskap á 25 ára afmælinu þetta land, eins og það er til tekið, til umráða, en kirkjumálarn. hafði áður fyrir sitt leyti á það fallizt.

Ég taldi nú rétt, þegar færi gafst, að staðfesta þetta formlega hér í þinginu. Það kann að fyrnast síðar yfir óformlegar samþykktir þingflokka, sem þá kunna að vera fyrir hendi um tilteknar ráðstafanir, og það er eingöngu þess vegna, sem þessi þáttur till. er nú fluttur og tekur hann þá líka af allan vafa um réttmæti þessarar ráðstöfunar. Ég þarf svo ekki að hafa fleiri orð um þetta, en vænti þess að till. fái góðan byr í deildinni.

ATKVGR.
Brtt. 387 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 80. fundi í Nd., 22. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 410).

Á 101. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 410, 416, 604).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Mál þetta var afgreitt í þessari hv. d. fyrr á þinginu. Þegar það var á síðasta stigi meðferðar í hv. Ed. voru gerðar á því verulegar breytingar. Upphaflega var málið um sölu nokkurra húseigna, en síðan hefur verið bætt við það sölu húseignar á Húsavík, í Kópavogi, prestsseturs í Svarfaðardal, sumarleyfislands fyrir skáta í Skorradal og loks heimild til að veita BSRB 50 ha. land í svonefndum Móadal í Hvalfirði.

Fljótlega eftir að mál þetta hafði borizt til menntmn. þessarar d. á nýjan leik, streymdu inn mótmæli gegn þeim breytingum, sem urðu á málinu í Ed. Barst erindi frá KFUM, sem mótmælti vegna nálægðar Móadals við sumarstarf í Vatnaskógi og ótta við truflun af völdum þess, ef BSRB fengi sumarleyfisland á þessum stað. Mótmæli bárust frá sóknarprestinum í Saurbæ gegn því, að kirkjujörðin væri skert. Mótmæli bárust frá biskupnum yfir Íslandi og loks frá oddvita hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps. Að lokum barst bréf frá BSRB, þar sem bandalagið lýsti sig fúst til þess að falla frá tilkalli til þessa lands, en óskaði eftir öðru í staðinn. Í því bréfi segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem heimildar er nú leitað til afhendingar lands til BSRB að Saurbæ, fer bandalagið þess á leit, að hv. menntmn. taki til vinsamlegrar athugunar í samráði við hæstv. kirkjumálaráðherra, hvort eigi sé unnt að láta bæði BSRB og Skátafélag Akraness fá land að Stóru-Drageyri, þannig að allir aðilar geti vel við unað.“ Menntmn. hefur fjallað nokkuð um þetta mál, eins og það horfir við, og á fundi n. var það einróma niðurstaða, að n. treysti sér ekki til að taka afstöðu til þeirra atriða, sem bætzt hafa í frv. í Ed. eða til síðari brtt., sem hér hafa verið fluttar.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður, en ég þarf að gera stuttlega grein fyrir tveim brtt., sem ég stend að á þskj. 416 og 604. Till. á þskj. 416 flyt ég einn, en till. á þskj. 604 flyt ég ásamt hv. 3. þm. Austf., Jónasi Péturssyni. En það má segja um báðar þessar till., að þær eru dálítið svipaðs eðlis og viðbætur, sem komu inn í frv. í hv. Ed., sem voru um heimildir til þess að láta af hendi spildur úr ríkisjörðum af sérstökum ástæðum.

Till. á þskj. 416 er um það að heimila ríkisstj. að afhenda ábúandanum á nýbýlinu Tungunesi í Fnjóskadal til eignarumráða vegna landskemmda af völdum vegagerðar spildu úr landi prestssetursins Háls í nesinu austan Fnjóskár. Þessi till. er orðuð í samráði við landnámsstjóra. Málavextir eru þeir, að nú er í smíðum brú á Fnjóská á nýjum stað og nokkur vegargerð í sambandi við hana, en af þeim ástæðum, vegna brúargerðarinnar og vegagerðarinnar, verður land nýbýlisins vestan árinnar fyrir það miklum skemmdum, að vafasamt er að hægt sé að halda þar áfram búskap. A. m. k. skerðast stórlega ræktunarmöguleikar nýbýlisins, og mönnum hefur hugkvæmzt að bæta úr þessu á þann hátt, að ríkið léti af höndum við nýbýlið litla sneið af landi prestssetursins Háls austan Fnjóskár. Ég skal taka fram, að ég hef rætt um þetta við hæstv. landbrh., sem jafnframt er samgmrh. og þessu máli kunnugur, og held ég, að mér sé óhætt að segja, að till. sé flutt í samráði við hann.

Hin till. á þskj. 604 er um það að selja eigendum Ærlækjar í Öxarfirði spildu úr landi Skinnastaða, en ástæðan til þess að farið er fram á þetta er sú, að gert er ráð fyrir, að Ærlækur láti af höndum allstórt land vegna skólans, miðskólans eða héraðsskólans, í Lundi í Öxarfirði. Skólanum er mjög nauðsynlegt að fá þetta land, og það hefur þótt eðlilegt, að Ærlækur, sem illa má við því að láta þetta land af hendi, fái þarna þessa sneið í staðinn, og hefur þetta mál verið til meðferðar og ýtarlegrar athugunar í hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps og liggur fyrir bréf frá henni, sem ég hef sýnt hv. landbn. þessarar d., þar sem hreppsnefndin mælir með því, að þessi heimild verði veitt.

Ég vonast eftir, að hv. d. sjái sér fært að samþykkja báðar þessar brtt. við frv., sem mér virðast mjög eðlilegar. Ég skal geta þess, að hæstv. fjmrh., sem eins og kunnugt er er einn af þm. þessa kjördæmis, sem hér á hlut að máli, og kunnugur er þessu máli, hefði gjarnan viljað vera meðflm. till. á þskj. 604, en hann á, eins og kunnugt er, sæti í Ed. Þess vegna er till. flutt af okkur tveimur, hv. 3. þm. Austf. og mér.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í fjarveru hæstv. dómsmrh. vil ég fara um þetta mál örfáum orðum. Í morgun hafði ég samráð við dómsmrn. um það, hvort það teldi skaðlaust, að málið dagaði uppi, eins og mér skildist helzt vera líkur til samkv. afstöðu hv. n., en ráðuneytisstjórinn þar tjáði mér, að það mundi koma sér mjög illa, ef ekki yrði veitt heimild fyrir sölu á þeim fasteignum, sem hér eru taldar, og þó aðallega húseignunum, sem ég skal ekki fara að lesa hér upp. Eins var búið að taka ákvörðun um að selja Setberg í Eyrarsveit og deila um það áður hér í d. Ráðgert hafði verið að ráðstafa andvirði a. m. k. sumra þessara fasteigna til annarra eignakaupa og mundi þá skorta fé til þeirra ráðstafana, ef málið drægist nú á langinn, svo að ég verð að láta það koma fram, að ég mundi telja það miður farið, ef frv. dagaði uppi eða fengi ekki afgreiðslu, hvað þá ef það yrði fellt, þó að hér sé að sjálfsögðu ekki um neitt verulegt stórmál að ræða.

Um mótmælin gegn því að land verði látið af landi Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þá er rétt að rifja það upp, að það er búið að ráðstafa þessu landi. Með samþykki allra þingflokka var þessum samtökum í fyrra fyrir rúmu ári tilkynnt þessi ráðstöfun sem gjöf í tilefni af stórafmæli, sem samtökin áttu. Nú hefur það að vísu komið upp eftir á, að samtökin eru fús til þess eða a. m. k. fáanleg til að taka annað land í staðinn. Það er allt annað mál, en ég hygg, að

sú hugmynd, að þeir geti fengið land í Stóru-Drageyrarlandi, sem mér hefur skilizt að hafi komið upp, sé fráleit, það sé búið að athuga hana og það þyki ekki fært. Hér er því einungis um að ræða staðfestingu á því, sem búið er að ákveða með vitund og samþykki alls þingheims í fyrra. Einungis þótti formlega nauðsynlegt að fá þessa heimild og ég fæ ekki séð, að það fái staðizt að neita um hana nú. Þá sé þingið eða þm. réttara sagt að ganga á bak orða sinna, hverfa frá því umboði, sem stjórninni í fyrra var veitt til þess að gera þessa ráðstöfun. Ef hins vegar verður samkomulag um það við BSRB að skipta á landi og einhvers staðar annars staðar fæst annað land, þá er auðvitað sjálfsagt að taka það til athugunar, en sú heimild, sem hér er verið að fara fram á, er engu að síður nauðsynleg til þess að hægt sé að standa við það loforð, sem gefið var og ég fullyrði, að í fyrra var gefið, eftir að samráð hafði verið haft við alla þingflokka um málið, og að því er mér er sagt, var það rætt í flokkunum og komu hvergi mótmæli fram. Ég held því, að þessi mótmæli og aths. séu of síðla fram komin, enda fær það ekki staðizt, að þótt við viljum allt gera fyrir KFUM, þá megi ekki veita öðrum mönnum einhver réttindi í námunda við þann félagsskap. Það er ekki verið að tala um að taka neitt af KFUM, heldur einungis verið að tala um að standa nú við loforð, sem gefið var, áður en þessar aths. voru fram bornar, aths., sem eins og ég segi, mér sýnist ekki fá staðizt.

Ég mundi þess vegna leggja til, að frv. yrði samþ. hér og beini því hins vegar til þeirra, sem hafa flutt brtt., hvort ekki megi láta þær heimildir bíða til næsta þings. Mér skilst, að sumir séu varbúnir að taka til þess afstöðu nú og telji, að málið sé þegar búið að fá þær viðbætur, að þær séu ærnar á þessu þingi og þess vegna væri eðlilegast, að málið væri nú afgreitt óbreytt í deildinni.

Frsm. 2. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur heldur en ekki tekið breytingum frá því að það var borið fram hér í hv. d. fyrir löngu síðan. Þá var farið fram á heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja fjórar eignir: Setberg í Eyrarsveit, Tómasarhaga 15 í Reykjavík, Brekkugötu 18 í Hafnarfirði og Vesturbraut 2 í Grindavík. Það varð að vísu ekki algert samkomulag í menntmn. í upphafi um sumar af þessum eignum, en það fór nú samt svo, að hv. d. samþykkti frv. með þeirri einu breytingu að taka Melrakkaeyju undan Setbergi, að öðru leyti var frv. samþ. óbreytt. Síðan fer frv. til hv. Ed. og þar tekur það þeim breytingum, að í frv. er bætt preststsetushúsi á Húsavík, sem á að heimila að selja, húseigninni Melgerði 10 í Kópavogi og prestssetursjörðinni Völlum í Svarfaðardal. Þannig var það samþ. við 2. umr. í Ed. Síðan gerist það við síðustu umr. í hv. Ed., að bætt er inn í þetta frv. heimild fyrir ríkisstj. til þess að fá Skátafélagi Akraness til umráða með nánar tilteknum skilmálum spildu úr landi kirkjujarðarinnar Stóru-Drageyrar í Skorradal Og ríkisstj. er heimilað að afhenda Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja 50 ha. lands í svokölluðum Móadal í landi prestssetursjarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd. Þegar þetta gerist, að þessu er bætt við á síðustu stundu í hv. Ed., þá dríf a að mótmælin. Og það er ekkert óeðlilegt við það, þó að þessi mótmæli komi ekki fram fyrr, því að þessi viðbót við frv. kom ekki fyrr en við síðustu umr. í Ed., og ég veit ekki einu sinni, hvort hv. n., sem mun hafa verið landbn. þeirrar d., hefur athugað þessi ákvæði nokkuð sérstaklega. Þannig kemur þá frv. til hv. Nd. aftur til einnar umr. og þá koma fram tvær brtt. hér í hv. d., svo að frv. er í raun og veru orðið allt annað en það var eða að miklu leyti allt annað en það var. Og það er þannig úr garði gert núna, þetta frv., að sum atriði í því hafa aldrei verið athuguð að neinu gagni í n. d., að ég nú ekki tali um þær tvær brtt., sem nú liggja fyrir. Þó að menntmn. þessarar hv. d. hafi nú tekið málið til athugunar á ný, þá hafði hún engan tíma og ekkert tækifæri til að leita umsagnar eða upplýsinga neins staðar að um þær till. Þannig liggur málið fyrir. Ég verð því að segja það, að mér sýnist ekki vera mikil nauðsyn á því að hraða málinu gegnum þingið næstsíðasta dag þess, eins og allt er í pottinn búið.

Hæstv. forsrh. vék að því hér áðan, að hann hefði borið sig saman við ráðuneytisstjóra kirkjumrn. út af þessu máli og hann hafi talið það valda einhverjum óþægindum, ef ekki væri hægt að selja þessar húseignir á þessu sumri. Það kann vel að vera, en ágreiningsatriðin þyrfti þó ekki að samþykkja. Ég hef ekki á móti því, að sá hluti frv. væri afgreiddur, sem snertir þessar eignir, sem enginn ágreiningur er um, það ég veit til. En hinn hlutann, sem aðalágreiningur er um og hann ekki lítill, finnst mér fremur hart að þurfa að samþykkja bara til að koma fram einhverjum öðrum atriðum, sem ekki er ágreiningur um.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa kynnt sér þau mótmæli, sem hafa komið fram við þetta frv. eins og það er nú. Hæstv. forsrh. vék að þeim ágreiningi hér áðan, og hann segir, að hér sé um land að ræða, þ. e. a. s. ágreiningurinn sé um það, hvort afhenda skuli BSRB það land í Saurbæjarlandi, sem um er rætt. Hann segir, að þetta land sé búið að afhenda þeim, og það er alveg rétt. Það er búið að gefa það, þ. e. a. s. gefa BSRB afnotarétt á landinu. Það hefur rn. gert og með fullu samþykki þingflokka, að ég ætla, og það er heldur enginn ágreiningur út af því. Rn. var þarna í fullum rétti að mínum dómi, og það er ekkert við þetta að athuga, og bandalagið hefur tekið við þessari gjöf með fullu þakklæti. En þegar rísa slík mótmæli, eins og fram hafa komið, vill bandalagið forðast árekstra og ágreining, sem kannske getur verið varanlegur út af þessu máli, og óskar þess vegna eftir því, að hæstv. rn. taki það til athugunar, hvort ekki sé þá hægt að skipta á landinu fyrir eitthvað annað og nefnir t. d. Stóru-Drageyri. Vel getur komið til greina eitthvert annað land í staðinn. Það, sem fyrir BSRB vakir, er ekkert annað en það að búa þarna eða hafa sína

starfsemi þar árekstralaust og ágreiningslaust. Það langar náttúrlega ekkert sérstaklega til þess að setjast þarna að með sína sumarstarfsemi í óþökk og jafnvel fullum fjandskap nágrannanna, þ. á m. prestsins í Saurbæ. Bandalagið er því að reyna að fá málið leyst þannig, að allir geti vel við unað og enginn ágreiningur verði varanlegur út af þessu. Það er það eina, sem fyrir því vakir. Og ég er þeirrar skoðunar, að ef hæstv. kirkjumrh. væri hér á landinu og hefði þar af leiðandi getað tekið þetta mál til athugunar og samkomulags, hefði þetta verið gert. En það vildi svo illa til, að hann þurfti að fara af landi brott og kemur ekki fyrir þingslit. Nú heyrist mér á hæstv. forsrh., að það sé útilokað, að skipt verði á þessu landi og öðru í landi Stóru-Drageyrar. Það var menntmn. alveg ókunnugt um, að svo væri ástatt, og hún hafði ekki fengið neinar slíkar upplýsingar, þegar hún var að ræða málið fyrir nokkrum dögum.

Fyrir menntmn. hefur legið afrit af bréfi biskupsins yfir Íslandi til dóms- og kirkjumrn. út af því, að þetta land skyldi afhent án sinnar íhlutunar eða samþykkis. Ég sé ekki ástæðu til að lesa það upp sérstaklega, þar sem það mál er nú um garð gengið og með fullum heimildum, að mínum dómi, að afhenda bandalaginu þetta land. Aftur á móti snertir það mjög BSRB, hvað KFUM segir um þetta mál, því að það er næsti nágranninn. KFUM hefur haft starfsemi í Vatnaskógi, sem þetta land, Móadalur, liggur að, og hefur haft þá starfsemi um langa tíð, og því tel ég rétt, að hv. alþm. fái að heyra, hvað KFUM segir um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta. Það er bréf, sem er dags. 26. marz s. l., og hljóðar svo:

„Í tilefni af frv., sem fram hefur komið á Alþ. um sölu á prestssetursjörðinni Setbergi o. fl. skv. þskj. 410, þ. á m. um afhendingu 50 ha. úr svonefndum Móadal í landi Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, leyfi ég mér í umboði stjórnar KFUM, vegna sumarbúða félagsins í Vatnaskógi, að vekja athygli hv. alþm. á eftirfarandi og bera fram eindregin tilmæli um, að tekið verði tillit til sumarstarfs félagsins og sjónarmið forráðamanna þess virt við afgreiðslu frv.

Eins og kunnugt er, hefur KFUM í Reykjavík um 45 ára skeið starfrækt sumarbúðir fyrir drengi og unglinga í Vatnaskógi, í landi Saurbæjar. Hefur félagið reist þar margar byggingar og gert íþróttasvæði með meiru fyrir starfsemi þessa. Dveljast þar talsvert á annað þúsund unglingar um lengri eða skemmri tíma hvert sumar. Hefur reynzt mikilvægt, að starf þetta hefur til þessa ekki verið torveldað af utanaðkomandi umferð eða að því þrengt með öðrum hætti. Nú blasir sú hætta hins vegar við.

Félagið hefur áður haft spurnir af, að komið hafi til orða að afhenda BSRB svonefndan Móadal til byggingar sumarbústaða fyrir félagsmenn þessara fjölmennu samtaka, og hefur fulltrúi stjórnar KFUM vakið máls á því við hæstv. kirkjumrh., hvern vanda myndi leiða af þessari ráðstöfun fyrir sumarbúðir félagsins. Um skeið virtist, að málið myndi leysast á þann veg, að fyrrgreindum félagasamtökum yrði fenginn annar staður til byggingar sumarbúða sinna, og höfum við því ekki talið nauðsynlegt að hafast frekar að. En með tilkomu þessa frv. eða breyt. þeirrar, sem gerð hefur verið á því, virðist þessi hætta ekki liðin hjá. Með þessari ráðstöfun myndi fljótlega rísa upp þyrping sumarbústaða fyrir tugi og jafnvel hundruð fjölskyldna í næsta nágrenni sumarbúðanna í Vatnaskógi, í 800—1000 m fjarlægð myndi það eiga að vera. Sú umferð, sem óhjákvæmilega fylgdi slíku nábýli, mundi valda óviðeigandi truflunum á sumarstarfi félagsins og verða mikill hnekkir fyrir áratuga uppbyggingu starfseminnar. Getum við því ekki látið hjá líða að vekja athygli hv. alþm. á þessu atriði áður en lengra er haldið. Leyfum við oss því hér með að beina þeim eindregnu tilmælum til hv. alþm., að fellt verði úr frv., að Móadalur verði látinn af hendi í þessu skyni, en félagssamtökum þeim, sem hér eiga hlut að máli, fundinn annar staður fyrir sumarbúðir sínar.

Ýmsir kynnu að telja ótta um aukna umferð og truflun á starfi félagsins ástæðulausa eða óverulega, en vér erum hins vegar sannfærðir um, að svo er ekki, og teljum það mikið óheillaspor, sem ekki yrði tekið til baka, ef úr slíku nábýli yrði. Nægir að benda á, að veiði í Eyrarvatni er alleftirsótt, og með kaupum á veiðirétti gætu félagasamtök eins og þau, er hér um ræðir, tryggt sér umferðarrétt um Vatnaskóg og athafnasvið á Eyrarvatni til mikilla óþæginda fyrir sumarbúðastarfið. Í trausti þess, að unnt reynist að leysa mál bandalagsins á annan hátt, ítrekum við óskir félagasamtaka vorra um að þau fái óhindrað að halda áfram starfsemi sinni fyrir íslenzka æsku, án þess að eiga á hættu átroðning af þéttbýli sem þessu.

Með mikilli virðingu.
Í umboði stjórnar KFUM í Reykjavík
Árni Sigurjónsson,
formaður sumarstarfs KFUM.

Til menntmn. Nd. Alþingis.“

En það eru fleiri, sem hafa sitthvað við þetta að athuga. M. a. hefur borizt bréf frá oddvitanum í Hvalfjarðarstrandarhreppi, og honum farast þannig orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Að gefnu tilefni sér hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps sig knúða til að mótmæla til hins háa rn. hvers konar skerðingu á landi Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd. Mótmæli okkar rökstyðjum við þannig:

Árið 1914 var u. þ. b. helmingur beitilands jarðarinnar tekinn undan til skógræktar, og sem bújörð þolir jörðin alls ekki frekari skerðingu. Af hálfu skógræktarinnar munu þau rök vera færð fram fyrir ásælni hennar, að það land, sem hér er um að ræða, sé að blása upp. Hins vegar teljum við, að birkigróður sé í meiri grósku innan þessa landsvæðis en í Vatnaskógi, þar sem skógræktin hefur háft umráð í fullan aldarhelming. Einnig

teljum við fullkomið ósamræmi í því, að land þetta teljist tekið til friðunar um leið og á það er veitt þeim átroðningi, sem sumarbústöðum BSRB hlýtur að fylgja. Í Vatnaskógi eru, eins og kunnugt er, reknar á vegum KFUM sumarbúðir fyrir unga pilta úr þéttbýlinu. Starfsemi KFUM þar er þjóðarprýði, og óskum við þess, að þeirri starfsemi verði ekki raskað með óæskilegum sumarbústaðabyggingum í stórum stíl, þar í næsta nágrenni.

Um leið og við óskum góðra málalykta í þessu máli, viljum við geta þess, að Magnús Thorlacius, hdl., mun gæta réttar okkar í þessu máli og vera talsmaður okkar í Reykjavík, ef þörf krefur.

Gert að Hrafnabjörgum 23. jan. 1967.
F.h. hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhr.
Guðmundur Brynjólfsson, oddviti."

Þetta er afrit af bréfi til dóms- og kirkjumrn.

Loks er hér bréf frá sóknarprestinum í Saurbæ. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég undirritaður, sóknarprestur í Saurbæjarprestakalli í Borgarfjarðarprófastsdæmi, leyfi mér hér með að mótmæla þeirri landskerðingu og jarðníðslu, sem fyrirhuguð er í landi Saurbæjar, sem lögum skv. er prestssetur og kirkjueign. Einnig vil ég mótmæla þeirri málsmeðferð, sem viðhöfð hefur verið í máli þessu, þar eð eigi hefur verið leitað álits eða umsagnar neinna aðila hér í byggðinni, hvorki sóknarprests, sóknarnefndar eða sveitarstjórnar, sem þó eiga bæði lagalegan og siðferðilegan rétt til að fjalla um þetta mál. Skógræktarstjóri ríkisins mun hafa farið þess á leit að fá því nær allt beitiland Saurbæjar til skógræktar. Kvað hann styðja það þeim rökum, að hér sé um verulegan uppblástur að ræða. Um þessa málaleitan skal það tekið fram, að skv. bréfabókum Saurbæjarprestakalls fékk Skógrækt ríkisins um það bil helminginn af útlandi Saurbæjar til skógræktar árið 1914. Nú er það hins vegar staðreynd, og öllum kunnugt, er til þekkja, að í þessi 53 ár hefur skógræktin næsta lítinn skóg ræktað á umgetnu landi, og girðingin, sem umhverfis landið liggur, er að falli komin og því ólögleg, skv. 16. gr. skógræktarlaganna frá 1955. Það má ljóst vera öllum sannsýnum mönnum, að Skógrækt ríkisins hlýtur að standa það nær að hirða betur og rækta fyrr skóg á því landi, sem hún hefur haft til umráða yfir hálfa öld, áður en gerðar eru kröfur til að fá nær allt, sem eftir er af landi þessarar jarðar og leggja hana þar með í eyði. Hvað uppblásturinn áhrærir er það álit óvilhallra manna, þeirra er gerst þekkja, að hann sé enginn eða a. m. k. mjög lítill á því landi, sem skógræktarstjóri hefur leitað eftir, og gróður þar sé nú miklu meiri og blómlegri en hann var fyrir nokkrum áratugum síðan. Frá sjónarmiði þessarar sveitar og þessara staða hlýtur það að skipta höfuðmáli, að verði allt beitiland jarðarinnar tekið undan, þá verður eigi hægt að reka hér neinn búskap, og hlýtur því jörðin að leggjast í eyði.

Af þessum ástæðum vil ég, allra náðarsamlegast, leyfa mér að leggja til við hv. rn., að það synji beiðni skógræktarstjóra um frekari umráð yfir Saurbæjarlandi. Ég leyfi mér að vekja athygli rn. á því, að Saurbær á Hvalfjarðarströnd er einn af helgustu reitum íslenzkrar kristni og íslenzkrar þjóðar. Oss ber því bæði trúarleg, menningarleg og þjóðernisleg skylda til að halda þessum stað í byggð, og því verður eigi trúað, að rn. vilji beinlínis stuðla að því að leggja hann í auðn.

Það skal tekið fram, að á nútímavísu er Saurbær fremur rýrt brauð. Enginn varð til að sækja um það, er það losnaði á s. l. hausti. Mér býður í grun, að ef af fyrirhugaðri landskerðingu og jarðníðslu verður, muni það stuðla að því, að Saurbær leggist niður sem prestssetur. Ég tel hæpið, að nokkur prestur vilji taka á sig þá ábyrgð að nytja þær landsleifar, sem eftir yrðu, og viðhalda þeirri ræktun og þeim útihúsum, sem hér eru og metin eru á aðra milljón kr.

En það er ekki einvörðungu Skógrækt ríkisins, sem hér á í hlut, heldur mun einnig fyrirhugað að úthluta BSRB hluta af Saurbæjarlandi til orlofsheimila eða sumarbústaða. Hvað þá hugmynd áhrærir, skal það tekið fram, að ef af því verður, verður það gert í algerri óþökk allra hér í byggðinni. Sú ráðstöfun mundi eigi verða þessari sveit til þurftar og kirkjunni til einskis ávinnings. Það gefur auga leið, að slíku sumarþorpi, sem byggt yrði á 60 eða jafnvel 100 ha. lands, mundi fylgja nokkurt ónæði og ófriður, svo hætta er á, að spillast kynni sú náttúrufegurð og það varpland, sem hér er. Þá vil ég leyfa mér að benda á, að bygging sumarbústaða á svo gífurlega stóru landi, sem farið hefur verið fram á, mundi kosta verulegt jarðrask og jarðníðslu og gjöreyða skógi á stórum svæðum. Einnig vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, að í næsta nágrenni við hið fyrirhugaða sumarbústaðaland standa sumarbúðir KFUM og hafa verið reknar þar með miklum ágætum í yfir 40 ár. Hætt er við, að þessi gróðrarvin íslenzkrar kristni mundi bíða nokkurn hnekki, ef af fyrirhugaðri sumarbústaðabyggingu verður. Af þessum ástæðum og fleirum, vil ég af fullri einurð leyfa mér að leggja til við hið háa rn., að það hverfi frá því að úthluta BSRB sumarbústaðalandi hér í Saurbæ.

Að lokum vil ég minna á, að Saurbær er fyrst og fremst kirkjueign og heilagt vé íslenzkrar kristni. Sem embættismaður og þjónn kirkju Jesú Krists á Íslandi tel ég mér skylt að mótmæla hvers konar skerðingu á réttindum og eignum kirkjunnar. Ég tel mér skylt að halda vörð um réttindi kirkjunnar og rækja skyldur við sóknarbörn mín. Ég mun því hvorki nú né síðar láta það afskiptalaust, að gengið sé á rétt heilagrar kirkju.

Með þetta í huga eru þessi mótmæli fram borin og vænti ég þess, að þau verði einhvers virði.

Virðingarfyllst
Jón Einarsson
sóknarprestur.

Til dóms.- og kirkjumrn.
Reykjavík."

Þetta er afrit, sem menntmn. barst.

Eins og hér kemur glögglega fram, eru andmælin mörg og mjög hörð gegn þessari ráðstöfun. Þó er hinu ekki að leyna, að hæstv. ríkisstj. hefur að mínum dómi haft fulla heimild til þessarar ráðstöfunar, sem gerð var í samráði við þingflokkana. Og BSRB tók þessu með þakklæti, eins og ég hef áður sagt. En eftir að þessi mótmæli koma fram, óskar bandalagið eftir því, að landinu verði nú skipt fyrir eitthvert annað land, og nefnir Drageyri. Það er þess vegna, sem ég vil mælast til þess, að reynt verði að leysa þennan vanda, áður en frekari árekstrar verða. Ef þetta frv. verður samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir, er sýnilegt, að hér kunna að skapast vandræði, sem virðist vera hægt að sigla hjá, ef eitthvert tóm gæfist til þess að ná samkomulagi um makaskipti á landi, en mér sýnast öll tormerki á því, að slíkt verði gert, ef þetta verður keyrt í gegnum þingið, eins og nú standa sakir.

Frsm. 1. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það má e. t. v. segja, að tilgangslítið sé að vera að ræða þessi mál hér yfir næstum tómum sal. Engu að síður vil ég benda á, að þetta frv. er til marks um heldur slæleg vinnubrögð á hinu háa Alþ.

Þetta mál kom upphaflega til n. þeirrar, sem ég á sæti í menntmn., og þá fjallaði það um þau fjögur atriði, sem fyrst eru talin í 1. gr., prestssetursjörðina Setberg í Eyrarsveit, Tómasarhaga 15 í Reykjavík, Brekkugötu 18 í Hafnarfirði og Vesturbraut 2 í Grindavík. Með frv. fylgdi þá grg., þar sem færð voru rök fyrir því, hvers vegna lagt var til að selja þessar eignir, og í n. beitti form. n. sér fyrir því að afla þeirra upplýsinga, sem um var beðið þar til viðbótar, þannig að við nm. áttum þess kost að gera okkur fulla grein fyrir málavöxtum og mynda okkur um þá skoðanir, og síðan gerðum við tilteknar till. til d.

Nú er þetta frv. komið hér aftur til okkar, og þá hafa bætzt við það fimm nýir liðir. Og nú bregður svo við, að maður fær ekki nokkra vitneskju um þá liði, sem við hafa bætzt. Þegar málið var rætt á einum fundi í menntmn., var þar ekki neina vitneskju að fá um prestssetureshús á Húsavík, húseignina Melgerði 10 í Kópavogi og prestssetursjörðina Velli í Svarfaðardal. Um þessi mál var engin vitneskja látin uppi í n., og ég get ekki séð, að nm. hafi nokkur tök á að gera till. til hv. d. um, hvernig eigi að bregðast við þessum till. Og hvernig er hægt að ætlast til, að alþm. taki ákvarðanir með atkvæði sínu um mál, sem þeir hafa ekki vitneskju um. Mér virðast svona vinnubrögð vera gersamlega ótæk. Efalaust hafa þessi mál verið rædd og rakin í þeirri n., sem hafði málið til athugunar í hv. Ed., en það stoðar okkur því miður ekki í þessari d.

Í Ed. gerðist svo það við 3. umr. málsins, að bætt var við tveimur liðum í viðbót, þessum síðustu tveimur heimildarákvæðum, annars vegar um, að Skátafélag Akraness fái spildu úr landi kirkjujarðarinnar Stóru-Drageyrar í Skorradal, og hins vegar, að ríkisstj. heimilist að afhenda BSRB allt að 50 ha. úr svonefndum Móadal úr landi Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd. Þessi till. var flutt af hæstv. kirkjumrh. við 3. umr. og um hana var aldrei fjallað í þeirri n., sem hafði málið til meðferðar í Ed. Þess vegna fékk Ed. enga vitneskju um þá annmarka, sem eru á síðasta liðnum, og sem hv. síðasti ræðumaður rakti hér ýtarlega áðan.

Ed. fékk enga vitneskju um það, að flestallir aðilar, sem þarna eiga hlut að máli, hreppsnefndin og KFUM, biðjast mjög undan þessu nábýli við BSRB, sem þarna er gert ráð fyrir, með þeim margvíslegu rökum, sem við fengum að heyra áðan. Þess vegna kemur þetta atriði ekki til fyrr en núna við þessa umr. í Nd. Þetta eru auðvitað fjarskalega slæm vinnubrögð, svo að aðeins sé rætt um þá hlið á málinu. Ég verð einnig að segja það, að mér finnst það einkennileg aðferð hjá hæstv. ríkisstj. að hengja þessa gjöf til BSRB aftan í frv. um algerlega óskyld atriði. Þessi gjöf var hugsuð sem sérstakur heiður og viðurkenning frá ríkisstj. til samtaka opinberra starfsmanna. Ég var viðstaddur, þegar þessi gjöf var afhent, það gerðist á mjög hátíðlegan hátt. Mér hefði fundizt það vera í meira samræmi við þann hátíðleik, sem þar var, að ríkisstj. hefði flutt sérstaka till. um þetta og ekki hengt það á þennan hátt aftan í gersamlega óskyld mál. Ég verð einnig að segja það, að þegar við erum að gefa gjöf, hlýtur okkur að vera annt um það, að sú gjöf nái tilætluðum árangri og að henni fylgi sú ánægja og hlýja, sem hlýtur að hafa verið tilgangur gefendanna. En nú er komið í ljós, að svo er ekki. Þarna eru risin upp vandkvæði, sem eru það mikil, að BSRB hefur látið uppi ósk um að fá að flytja sig á annan stað. Mér finnst, að það sé algerlega óhjákvæmilegt fyrir Alþ. og ríkisstj. að hugleiða það mjög gaumgæfilega, hvort ekki er hægt að verða við þessari ósk BSRB. Aðeins á þann hátt erum við að uppfylla þann tilgang, sem hlýtur að hafa falizt í gjöfinni upphaflega. Mér er því ómögulegt að sjá, að nokkur ástæða sé til að hraða þessu atriði í gegnum þingið. Ég held, að það væri miklu skynsamlegra, að hæstv. ríkisstj. hefði ráðrúm til þess í sumar að athuga, hvort ekki er hægt að leysa þetta mál þannig, að allir verði ánægðir og síðan gæti hún lagt þetta atriði fyrir þing, þegar það kemur saman í haust.

Hæstv. forsrh. taldi áðan, að sala á þeim fasteignum, sem þarna eru taldar, mætti hins vegar ekki dragast. Ég held þó varla, að það mundi valda ýkja alvarlegum vandamálum, þótt ákvörðun um þau viðskipti yrði ekki tekin fyrr en í haust; ég geri ráð fyrir, að ríkisstj. hefði tök á því að leysa þá fjármunatilfærslu, sem nauðsynleg væri í því sambandi. En hvað sem því líður, ætti hitt a. m. k. að vera ákaflega auðvelt að fella aftan af þau tvö heimildarákvæði, sem þarna eru. Það er ekkert, sem rekur á eftir því, að þau séu samþ. núna. Og þegar

BSRB fer fram á að það sé alvarlega athugað, hvort ekki sé hægt að breyta um stað, finnst mér algerlega óhjákvæmilegt að verða við þeirri beiðni.

Hæstv. forsrh. sagði, að hugmyndin um, að BSRB fengi hluta af þeirri spildu, sem talað er um úr landi kirkjujarðarinnar Stóru-Drageyrar í Skorradal, fengi ekki staðizt. Ég er ekki svo kunnugur staðháttum þarna, að ég sé dómbær á það. Hins vegar væri fróðlegt, ef hæstv. ráðh. hefði skýrt okkur frá því, hvernig á því stendur. Hitt þætti mér einnig býsna fróðlegt, ef hann vildi greina mér frá því, hvernig því er háttað lögfræðilega með afhendingu landsvæðis frá slíkum kirkjujörðum. Þarna virðist þurfa heimildir til þess að afhenda Skátafélagi Akraness og BSRB landnæði til afnota. Nú er mér kunnugt um það, að í landi Stóru-Drageyrar í Skorradal hefur verið afhent land undir fimm sumarbústaði, og mér er spurn: Er ekki nauðsynlegt, að einnig sé leitað heimildar Alþ. til þess að afhenda land undir sumarbústaði einstaklinga? Ég spyr um þetta vegna þess, að ég hef heyrt því fleygt, að einmitt þessi sumarbústaðaúthlutun valdi því, að erfitt sé talið að verða við óskum BSRB um land í landi Stóru-Drageyrar í Skorradal. Ef svo er, þá fara sumarbústaðavandamálin að verða býsna fjölþætt og einkennileg hér á Íslandi. Hitt held ég, að sé algerlega öruggt, að þessir sumarbústaðir hafa þegar verið heimilaðir, og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geri grein fyrir lagahliðinni á þeirri ráðstöfun í sambandi við það, sem farið er fram á í þessum lögum.

En ég vildi svo að lokum aðeins ítreka það, að mér finnst, að það sé alveg sjálfsögð afstaða hjá hæstv. ríkisstj. og Alþ. að reyna að halda þannig á þeirri gjöf, sem gefin var til að heiðra BSRB, að allir aðilar verði sem ánægðastir. Það er auðvitað alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði áðan, að það var búið að taka um þetta ákvarðanir, þingflokkarnir búnir að samþykkja það fyrir sitt leyti, en ég sé engin vandkvæði á, að menn endurskoði slíkar ákvarðanir. Þegar í ljós kemur, að þarna er um að ræða annmarka, sem skerða þann tilgang, sem gjöfinni var ætlaður í upphafi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og ég tók fram áðan, hef ég ekki sérstaklega fylgzt með einstökum atriðum þessa máls og er ekki kunnugur því, hvaða upplýsingar hafa legið fyrir hv. Ed., en ég veit, að þar hafði hæstv. dómsmrh. sjálfur afskipti af málinu. En ég hef kynnt mér, að um prestssetushúsið á Húsavík stendur svo, að það er hætt að nota það í þeim tilgangi, og það er talið, að það þurfi nú mikillar viðgerðar við og sé óhagkvæmt af ríkinu að leggja í þá viðgerð og eðlilegra að selja húsið í því ástandi, sem það er nú, vegna þess að annars muni það grotna niður.

Nokkuð svipuðu máli gegnir um Melgerði 10 í Kópavogi, að það er talið þurfa mikillar viðgerðar við og þess vegna eðlilegt að selja það. Það var hugsað sem bústaður bæjarfógeta. Hann hefur ekki búið í því, mun hafa hug á því að fá það til umráða, en með hliðsjón af l. um embættisbústaði og því, að húsið þarfnast viðgerðar, er talið eðlilegra að selja það í stað þess að ríkið taki að sér viðhald og láti það embættismanninum í té, eins og heimilt hefur verið eftir þeim l., sem hingað til hafa gilt.

Um prestssetursjörðina Velli í Svarfaðardal stendur svo, að það var prestssetur þar, en nú er presturinn fluttur í kaupstaðinn, svo að húsið að Völlum er ekki lengur notað í þessu skyni — eða jörðin, og þess vegna ætlazt til, að hún verði seld og hreppurinn fái forkaupsrétt.

Það er alveg rétt, að það verður enginn héraðsbrestur, þó að þetta mál verði ekki afgr. nú, eða fái ekki samþykki þingsins, en það sýnist með öllu ástæðulaust að fresta þessum atriðum. Hitt er annað mál, að ef menn telja einhver tiltekin atriði málsins vera þannig, að það sé í þeirra huga eðlilegra að þau bíði, er ekkert því til fyrirstöðu að flytja brtt. um þau og láta atkv. ganga um það hér í d.

Frsm. 1. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég geri mér það að sjálfsögðu ljóst, að hægt er að flytja brtt. og láta ganga atkv. um þessi atriði, sem ég var að tala um áðan. Hins vegar var ég einmitt að leggja áherzlu á það, að við ættum að reyna að leysa þetta mál með góðu samkomulagi, bæði hér innan þings og í samskiptum okkar við BSRB. Hér er um að ræða gjöf, sem gefin var í tilefni af 25 ára afmæli, og ég skil ekki, að nokkur maður geti haft á því áhuga, að einhver leiðindi fylgi þeirri gjöf. Mér finnst, að hæstv. forsrh. gæti mætavel fallizt á það, að þetta mál fái að vera til athugunar yfir sumarmánuðina, svo að í ljós kæmi, hvort ekki er hægt að finna á þessu lausn, sem allir yndu prýðilega við að lokum. Mér finnst hæstv. ráðh. taka þessu sjónarmiði mínu á full-kuldalegan hátt, einmitt vegna þess, að hér var um að ræða sérstaka heiðursgjöf frá ríkisstj. sjálfri.

Ég bað hæstv. ráðh. áðan að gefa mér smávægilegar lögfræðilegar upplýsingar um muninn á landi, sem afhent er undir sumarbústaði einstaklinga þarna uppfrá, og því landi, sem talað er um að afhenda félagasamtökum, hvers vegna talið er þurfa heimildar Alþ., þegar afhent er félagasamtökum, en ekki undir sumarbústaði fyrir einstaklinga. Mér þætti afar vænt um, ef hæstv. ráðh. vildi skýra þetta mál fyrir mér.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Varðandi fsp. hv. þm. gleymdi ég henni áðan og biðst afsökunar á því. Ég tel víst, að ástæðan til þess, að ekki hefur verið talin þörf á því að leita samþykkis þingsins á ráðstöfun sumarbústaða, sem mér er annars alveg ókunnugt um, hvernig fram hefur farið, sé sú, að þar sé um tímabundinn og takmarkaðan leigurétt að ræða, sem sé samrýmanlegur venjulegum ráðstöfunarrétti yfir jörðinni. Hins vegar er hér, varðandi bæði ráðstöfunina til skáta og til BSRB, um miklu víðtækari ráðstöfun

að ræða, slíka, að eftir fyrirmælum stjórnarskrárinnar verður ætlað, að þar þurfi atbeina Alþ. til. Um hina ráðstöfunina er það svo, ekki einungis varðandi þessa jörð, heldur ótalmargar aðrar, að þetta hefur verið talið rúmast innan venjulegs ráðstöfunarréttar að veita heimild til sumarbústaðabyggingar og nokkur landsafnot, en þá eru það að sjálfsögðu, eins og ég segi, tímabundin og takmörkuð réttindi. Hitt er svo allt annað mál, sem ég tek ekki afstöðu til, hvort þessi tiltekna ráðstöfun hafi verið æskileg eða ekki. Ég tel, að víða hafi verið gengið of langt í að ráðstafa slíkum ríkiseignum til sumarbústaða og ekki ætíð haft nægt eftirlit með því. En það er annað mál. Að mestu leyti gengur það fyrir sig innan Stjórnarráðsins sem hreint afgreiðslumál í rn., án þess að ráðh. hafi þar skipti af eða komi nærri, þó að hann auðvitað geti þar látið til sín taka, ef svo vill verkast, en það mun yfirleitt ekki hafa verið venjan.

En út af þeirri aths., sem hv. þm. gerði áðan, að hér væri blandað saman óskyldum málum, er það misskilningur, vegna þess að það er sama ákvæði stjórnarskrárinnar, sem gerir atbeina Alþ. að málinu í öllum tilfellum nauðsynlegan að mati stjórnarinnar. Nú er hér nokkurt áhorfsmál að vísu, og þess vegna var ekki strax í fyrra leitað formlegs samþykkis hjá Alþ. fyrir ráðstöfun þessara réttinda til starfsmanna ríkis og bæja, en að betur athuguðu máli var það eitt talið rétt að fá þá heimild. Þótt heimildin sé veitt, kemur auðvitað ekki til mála, að henni verði beitt gagnvart starfsmönnum ríkis og bæja, að þeim nauðugum. Ef þeir frábiðja sér þessa gjöf, þá er auðvitað sjálfsagt að taka því með skilningi og athuga, hvort hægt er að leysa þeirra vanda á annan veg. Ég skil ekki, að hér þurfi að koma nokkur tortryggni eða illindi manna milli út af þessu atriði. Og eins og ég segi, þá er það algjörlega þykkjulaust af minni hálfu, gjörsamlega kuldalaust, ef þingið vill, eða dm. vilja fella þetta úr frv. til þess að athuga þetta atriði nánar. Ég tel, að það sé eðlilegt, að heimildin sé veitt, en ef móttakandi gjafarinnar óskar að betur athuguðu máli, að þarna verði höfð skipti á, þá getur engum komið til hugar að fara að halda gjöfinni að honum, þó að hún hafi verið ákveðin á sínum tíma í samráði við hann. Menn eru ekki hér að bekkjast til við neinn, heldur einungis að framfylgja því heitorði, sem gefið var. Síðan verður auðvitað að fara með þetta með venjulegri skynsemd og lipurð, eins og tíðkast í viðskiptum manna á milli og ekki sízt, þegar gefa á gjöf einhverjum aðila til heiðurs. Hitt held ég, að sé óhagganlegt, sem ég sagði, að það er búið að kanna það, og að mati rn., — ég hef ekki átt þátt í því mati og þekki það ekki í einstökum atriðum, — að mati rn. var talið, að það væri hægt að láta starfsmennina fá réttindi yfir hluta af Stóru-Drageyrarlandi.

Hitt vitum við svo, að okkar land er stórt, og ég trúi því vart, að það sé ekki hægt að finna eitthvert annað land heldur en þarna niðri við Hvalfjörð, ef menn óska og vilja raunverulega að athuguðu máli hafa þar breytingu á, og þá er hægt að fá heimild fyrir því á seinna stigi málsins. Eins og ég segi, þá er hægt að fella þessa heimild nú úr, ef mönnum svo sýnist. Þá þarf málið auðvitað að fara til Ed. og þar með eru fallin burtu þau mótmæli, sem ég hafði gegn þeim smátill., sem hv. 1. þm. Norðurl. e. bar hér fram áðan og mér sýnist efnislega með öllu saklausar og skal afturkalla mín andmæli gegn, ef sem andmæli mátti skilja. Ef menn telja rétt að blanda því inn í þetta mál, hef ég út af fyrir sig ekki á móti því.

Hitt legg ég áherzlu á, að það er æskilegt, það er æskilegt, ég bið menn að taka það trúanlegt, að fá nú þegar heimild til þess að ráðstafa þeim eignum, sem óumdeilanlegt er, að ráðstafa þarf. Og ekki ætla ég að fara að deila á n. fyrir afgreiðslu hennar á málinu, en ég vil upplýsa, að hér liggur fyrir í plöggum Ed.-nefndarinnar, sem Nd.-nefndin hefur meira að segja getað aflað sér upplýsinga um, grg. fyrir því, af hverju lagt er til að fá þessa söluheimild á prestssetushúsi á Húsavík, húseigninni Melgerði 10 í Kópavogi og prestssetursjörðinni Völlum í Svarfaðardal.

„Um þessar fyrirhuguðu sölur skal upplýst eftirfarandi," segir í þessu bréfi, sem er dags. 26. jan. s. l.:

„Nýtt prestssetushús hefur verið keypt á Húsavík, þar sem ekki var talið hagkvæmt að kosta til viðgerðar á gamla húsinu.

Fyrirhugað er, að ekki verði framvegis embættisbústaður í Kópavogi, og er því óskað heimildar til sölu á þeirri húseign, en hún hefur reynzt talsvert gölluð og viðgerðarkostnaður fyrirsjáanlega mjög mikill. Prestshús er í byggingu á Dalvík og verður prestssetur flutt þangað frá Völlum í Svarfaðardal, er prestssetrið á Dalvík verður tekið í notkun á þessu ári, og er þá æskilegt, að jörðinni verði ráðstafað, en húsakostur á henni er mjög lélegur."

Ég get ekki séð annað en þessar upplýsingar séu alveg fullnægjandi, og þær hafa legið fyrir og eins og ég segi, mér skilst, að það sé með öllu hættulaust að samþykkja þær heimildir, sem í frv. eru, og ég get lýst því yfir af hálfu stjórnarinnar, að það kemur ekki til mála að halda því að BSRB nauðugu að þiggja þessa gjöf, slíkt hefur engum manni dottið í hug. En það er búið að tilkynna hana hátíðlega og þess vegna er eðlilegt, að menn vilji fá þá formlegu heimild, sem má lasta stjórnina fyrir, að hún aflaði sér ekki þegar í fyrra. Nú, en ef þingið vill skilja það frá, þá er það allt í lagi með það. Ég tel það ástæðulaust, og síður en svo er ég þess letjandi, að um það verði flutt brtt. af þeim, sem finnst eðlilegt að láta það mál bíða og þá e. t. v. mál skátanna líka. Ég veit ekki, hvort menn vilja fresta því, en ég sé ekki ástæðu til þess, að það eigi að verða til þess að fresta hinu, að ráðstafað sé eignum, sem sumpart liggja undir skemmdum og eðlilegt er, að seldar séu sem fyrst, og að nokkru leyti þarf á fénu að halda til annarrar ráðstöfunar og hefur verið tengt við aðrar ráðstafanir. En það er auðvitað, eins og ég sagði

áðan og endurtek, það er enginn héraðsbrestur, þó að málið allt frestaðist.

Frsm. 2. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Það er út af orðum, sem féllu hjá hæstv. forsrh., sem ég vil vekja athygli sérstaklega á því, að BSRB er alls ekki að frábiðja sér þessa gjöf. Það er öðru nær. Enda hefur það komið fram áður, að bandalagið er mjög þakklátt fyrir þessa gjöf. Ástæðan fyrir því, að bandalagið fer nú fram á makaskipti er alls ekki sú, að það hafi neitt út á gjöfina að setja, eins og hún var fram reidd, þvert á móti, heldur eingöngu fyrir það, að eftir að það hefur tekið við gjöfinni, koma fram svo sterk andmæli, sem ég hef nú rækilega bent á, frá aðilunum þarna uppfrá, hinum væntanlegu nágrönnum, ég vil segja sambýlismönnum. BSRB telur það fyrir alla aðila heppilegra að fá nú annað land, til þess að enginn ágreiningur verði. Þetta er eina ástæðan og engin önnur.

Ég get vel skilið þá afstöðu hæstv. forsrh., að honum þyki slæmt að fresta öllu málinu til þess að þessu atriði verði frestað. Það er út af fyrir sig alveg rétt. Ekki hef ég á móti því, að málið gangi fram að öðru leyti, að undantekinni þeirri sérstöðu, sem ég hafði um Setberg, sem ekki er til umr. nú. Þess vegna er það slæmt, að Alþ. verði eiginlega hálfnauðugt að styðja að áframhaldandi ágreiningi og óánægju út af þessu máli. Hæstv. ráðh. segir, að hann hafi ekkert við það að athuga, þó að Alþ. felli þetta, þessar málsgr. Ég segi fyrir mig, að ég vil alls ekki fella þær. Það yrði skilið þannig, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki haft neina heimild til þess að afhenda landið. Ég er alveg þvert á móti þeirrar skoðunar, þó að ég sé enginn lögfræðingur, að ríkisstj. hafi fulla heimild til þess að gefa þessa gjöf og mér er eiginlega hálf-óskiljanlegt enn, að hún skuli vera að óska eftir lagaheimild.

Hæstv. forsrh. hefur að vísu skýrt þetta svo núna, að það sé meira afnotaréttur en venjuleg leiga, þessi gjöf. Ekki er bandalaginu gefið landið. Því er bara veittur afnotaréttur af því. Ég skil það svo. En um lögfræðileg atriði ætla ég ekki að fara að deila, en er samt þeirrar skoðunar, að hæstv. ríkisstj. hafi alls ekki þurft að óska eftir lagaheimild fyrir þessu. Hún hafi gert rétt, þegar hún afhenti landið og hafi ekki þurft að óska eftir sérstakri heimild hjá Alþ. Ef nú á að leysa þennan vanda, losa málið úr þessari klípu, sem það er óneitanlega komið í, þá sé ég enga leið aðra en þá, að hæstv. forsrh. fallist á það að fresta þessum lið, þessum 2 málsgr. úr frv., með því að flytja um það sjálfur brtt. Auðvitað fær hæstv. ríkisstj. undir eins á næsta þingi þá heimild, sem hún vill, til þess að afhenda þetta land, eða annað í þess stað. Það stendur ekkert á því. Og áhugi okkar er enginn annar en sá að afstýra erfiðleikum, sem að okkar dómi er auðvelt að afstýra, ef eitthvert tóm gæfist til þess. T. d. má fresta því til næsta þings, þá yrði ágreiningi afstýrt.

Ég hef hins vegar enga trú á, að það þýði neitt fyrir mig né aðra að fara að flytja um það brtt. að fella niður þessar 2 málsgr. Það yrði skoðað sem andstaða gegn sjálfri gjöfinni og það kæri ég mig ekkert um. Ef aftur á móti hæstv. ríkisstj. teldi sér fært að gera það á þeirri forsendu, að það væri til þess að leysa vandann þangað til í haust, teldi ég það mjög æskilega lausn.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til að flytja um þetta brtt., því að hér er einungis um heimild að ræða. En eins og ég segi, þá finnst mér alveg saklaust, að það sé flutt brtt. af þeim, sem vilja láta athuga málið nánar, og það getur ekki komið illa við BSRB þó að slík till. sé flutt eða yrði samþykkt eftir þær yfirlýsingar, sem hv. síðasti ræðumaður gaf, að þetta er gert í góðu skyni og til þess að greiða fyrir málinu, miðað við hans skilning. En það er eðlilegt, að þeir flytji brtt., sem telja hana til bóta, en ekki hinir, sem telja hana með öllu óþarfa.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 102. fundi í Nd., 19. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 416 samþ. með 17:8 atkv.

Brtt. 604 samþ. með 19:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23:1 atkv. og endursent Ed.

Á 99. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 682).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá einni umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir um sölu á Setbergi, var lagt fram í byrjun Alþingis. Hér var þetta frv. einnig til 3. umr. fyrir nokkru síðan og fór þá til Nd. að nýju, og á því hafa verið gerðar ýmsar breytingar þar, sem í raun og veru engum hefur gefizt kostur á að kynna sér hér í þessari hv. d. til hlítar. Þá vil ég einnig minna á það, að þegar 3. umr. fór fram um þetta mál hér í hv. d. og talað var fyrir þeim brtt., sem þar voru fram bornar, komu heldur ekki fram nægjanlegar upplýsingar í málinu, því að það kom aldrei fram í þeim umr. annað en að samstaða væri um að afhenda BSRB hluta úr prestssetrinu Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. En nú er það vitað mál, að samstaða er ekki um það mál, því að hér á hv. Alþ. hafa komið fram mótmæli frá prestinum, sem situr að Saurbæ, séra Jóni Einarssyni, en hann hefur samkv. samningum um leið og hann tók við því embætti fengið alla jörðina til afnota. Það má furðu sæta, ef það er hægt fyrir kirkjumálaráðuneyti að rifta samningum án þess að leita eftir samkomulagi áður. En það er það, sem upplýst er nú, að það hefur ekki heldur verið gert. Þess vegna er það, að

þegar á þessu frv. hafa verið gerðar margar breytingar í hv. Nd. og það liggur enn fremur fyrir, að sú brtt., sem samþ. var hér í hv. d. við 3. umr. þessa máls, hefur valdið verulegum misskilningi og málið ekki verið túlkað á réttan hátt, vil ég mælast til þess, að þessu máli verði frestað nú, enda sé ég ekki, að það sé neitt það, sem kallar að, að þetta mál verði samþ. á þessu þingi. Ég sé heldur ekki, að það sé neitt aðkallandi fyrir opinbera starfsmenn að fá samþykkta þá till., sem hér var samþ. við 3. umr., eða fyrir rn. að beita sér fyrir því nú, úr því að það sá ekki ástæðu til þess, þegar málið var lagt fyrir hv. Alþ. snemma í vetur. Þess vegna vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að málinu verði frestað.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. hefur óskað eftir því, að þessu máli verði frestað af ástæðum, sem ég satt að segja ekki skil, vegna þess að sú brtt., sem hann fann helzt að eða það ákvæði þessa frv., sem hann fann helzt að, var sett inn í frv. hér í hv. Ed. og þannig var það samþ. héðan, en var ekki sett inn í Nd. Þar var aðeins bætt við tveimur smáatriðum, sem ég skil ekki í, að valdi neinum deilum í þessu máli, annars vegar að bæta við smáspildu — að heimila það, að tekin verði smáspilda úr prestssetrinu Hálsi í Fnjóskadal vegna brúargerðar á Fnjóská, og er þar gert ráð fyrir, að um landskipti verði að ræða. Það er þýðingarmikið að hafa þá heimild og í annan stað að heimila að selja eigendum Ærlækjar í Öxarfirði smáspildu úr prestssetrinu Skinnastað, sem stafar af því, að eigendum Ærlækjar mun verða gert að láta af hendi allverulegt land vegna miðskóla í Lundi, íþróttavallar og annarrar aðstöðu í sambandi við þann skóla.

Hvorug þessi heimild verður að sjálfsögðu notuð án þess að rætt verði við viðkomandi aðila um það. Að vísu er nú enginn prestur á Skinnastað, þannig að það er ráðuneytisins mál, hvað í því verður gert og auðvitað ekkert, sem hindrar það lögformlega, að slíkt sé hægt að gera, ef heimild Alþ. fæst fyrir því. Þetta er mikið sanngirnismál, enda skildist mér, að það væri í rauninni ekki ástæða til þess að hv. þm. hefði á móti málinu, þó að hann tilfærði það sem orsök, að það hefði verið bætt inn í það þessum breytingum í Nd. Varðandi það mál, sem mér skilst kjarni hans andmæla, afhendingu á landi úr landi jarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, þá er það að segja, að þetta land hefur þegar verið afhent, og BSRB bréflega tilkynnt, að það fái þetta land til umráða og þessi ákvörðun var tekin í samráði við alla þingflokka hér á Alþ., þannig að mér finnst það gegna nokkurri furðu, að slík tilmæli skuli koma hér fram. Þetta hefur verið rætt, áður en til kom að afhenda landið, við prestinn í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Hann hafði viss andmæli gegn því, en þau andmæli voru ekki þess eðlis, að rn. teldi ástæðu til að taka þau til greina, dóms- og kirkjumrn., þannig að þau andmæli öll hafa verið skoðuð. Og það mundi þess vegna ekki breyta neinu um þá afstöðu, þó að farið væri að fresta málinu nú.

Mér er kunnugt um það, að BSRB hefur látið í ljós þá skoðun, að bandalagið geti gjarnan hugsað sér að fá land annars staðar, þ.e. í nágrenninu uppi í Skorradal. Það er einnig umdeilt mál. Þar er búið að afhenda land vissum aðilum, m.a. Skátafélagi Akraness, sem er einnig annað heimildarákvæði í þessari grein, þannig að þar er einnig um deilu- og vandamál að ræða. Ég get sagt það hér, að vitanlega er ríkisstj. opin fyrir því í samráði við BSRB að leita eftir því, ef það er finnanlegt, hvort sem það er í Skorradal eða annars staðar eitthvert annað land, sem bandalaginu væri geðþekkara heldur en þetta land, sem hér er um að ræða. Hins vegar valdi bandalagið sjálft þetta land og eins og ég segi, ríkisstj. hefur í samráði við stjórnarandstöðuflokkana á Alþ. skriflega tilkynnt bandalaginu, að það fái þetta land til umráða, og það er vitanlega með engu móti hægt að fallast á, fyrir andmæli einhverra manna nú, að það verði farið að hverfa frá slíku.

Ég veit, að allir hv. þdm. sjá, að það er fjarri öllu lagi, ef ætti að synja um heimild til slíkrar ráðstöfunar, sem þegar hefur átt sér stað í góðri trú með jafnvíðtæku samkomulagi og ég hér hef skýrt frá. Þetta er mér vel kunnugt um, því að ég gekk sjálfur í gegnum það mál við flokkana og það var látinn í ljós mjög eindreginn stuðningur við það. Það var ekki þá fengin lagaheimild fyrir þessu og það var ástæðan fyrir því, að ég fór þá leið að semja við þingflokkana, þannig að það gæti ekki orðið um það neitt deilumál eftir á, að yrði staðið við þessa skuldbindingu. Þetta tel ég rétt og nauðsynlegt, að komi hér fram. Það má segja, að út af þessu atriði þurfi ekki endilega að samþykkja málið nú, ef það yrði samþ. í haust, það er alveg rétt. En það eru aðrar ástæður, sem valda því, að það er brýn nauðsyn að samþykkja þetta nú og það er sala ýmissa annarra eigna, sem hér er um að ræða, sem verður að fara fram áður en Alþ. kemur saman aftur. Ég tek þar t.d. biskupsbústaðinn, húseignina að Tómasarhaga 15. Það er mjög nauðsynlegt að selja þá eign, vegna þess að kaupin á hinu húsinu eru bundin því, að það fáist ákveðið fjármagn út úr sölu þessa húss. Og það þarf þess vegna að seljast núna mjög skjótlega og þannig er um fleiri af þessum eignum, að gert er ráð fyrir, að andvirði þeirra renni til framkvæmda við tiltekna embættisbústaði, sem eru tengdir þeirri breytingu, sem gert er ráð fyrir í sambandi við þessi tilteknu embættissetur. Það er því af þessari ástæðu ógerlegt að fresta málinu til hausts. Ég ræddi að sjálfsögðu um þetta við forystumenn flokkanna og formenn þeirra. En ég veit, að hv. ræðumaður skilur það, að það er ógerlegt annað heldur en að viljayfirlýsing um málið komi fram, úr því að það hefur einu sinni verið hér flutt, sem sagt það sé staðfest af Alþ., að ríkisstj. hafi ekki gert þetta í heimildarleysi.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. upplýsti, að það hefði á sínum tíma verið leitað samþykkis þingflokkanna fyrir því að afhenda

BSRB hluta úr prestssetrinu að Saurbæ, en ég held, að þegar það mál var rætt í þingflokkunum, hafi það ekki legið fyrir, eins og komið hefur í ljós síðar. Ég held, að það hafi ekki legið fyrir, að neinn ágreiningur væri um það að fá hluta úr jörðinni eða afhenda jörðina alla eða hluta úr henni. Ég minnist þess ekki. Og mig furðar á því, ef hægt er að afhenda prestssetur kvaðalaust til ábúðar, og það hefur komið til tals áður eftir því, sem hæstv. fjmrh. upplýsti, að nota hluta af prestssetrinu til annarra þarfa, og tilkynna svo hlutaðeigandi presti það ekki. Mig furðar á því. (Gripið fram í.) Eftir því, sem fram hefur komið hjá prestinum, og ég ætla, að hann fari með rétt mál, þá hafði hann ekki hugmynd um það, þegar hann tók við prestssetrinu, og enginn varnagli varðandi jörðina sleginn í þessum efnum. Ég held, að þetta hafi ekki legið fyrir, þegar samþykki þingflokkanna var fengið, eða ég minnist þess ekki, það eru aðrir hér, sem gætu upplýst það, ef svo hefur verið.

Enda þótt ýmislegt í þessu frv. sé nauðsynlegt að samþykkja, þá hefur hæstv. fjmrh. m.a. upplýst, að það eru ýmis ákvæði í því sem valda misskilningi og er ágreiningur um. Því þá ekki að kippa þeim út úr og samþykkja það, sem einhugur er um? Ég mundi leggja það til, að við samþykkjum þann þátt málsins, sem samstaða er um á hv. Alþ., en fellum hitt úr frv., sem ekki er samstaða um. Og það er víst fleira en eitt og fleira en tvennt, sem ekki er samstaða um, og ég vildi vænta þess, að þessu máli yrði frestað, í það minnsta til morguns, ef fundur væri hér og það yrði þá hægt að ná samstöðu um viss ákvæði frv. og samþykkja þau.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Út af þeim umr., sem hér hafa farið fram um frv., sem kallað er sala Setbergs, en er nú orðið ólíkt meira en það mál, vildi ég aðeins auka við nokkrum orðum. Það, sem helzt hefur verið hér á dagskrá og orðið að vissu leyti deiluefni á milli hæstv. fjmrh. og hv. 1. þm. Vesturl., er afhending á landi til BSRB undir væntanlegt sumarbústaðahverfi. Ég vil taka það alveg sérstaklega fram, af því að ég hef svo oft atyrt ríkisstj. fyrir eitt og annað, að ég vil færa henni þakkir fyrir þá rausnarlegu og myndarlegu gjöf, sem hún afhenti BSRB á afmæli þess s. l. vetur, og ég vil á engan hátt stuðla að því, að þær heimildir, sem hún kann að hafa átt eftir að afla sér, verði henni á nokkurn hátt torfengnar. Hitt er annað mál, að ég verð að vissu leyti að taka undir það með hv. 1. þm. Vesturl., að sum þeirra mála, sem eru komin inn í frv., eru komin þangað með það óvenjulegum hætti, að ég get vel skilið þá, sem eitthvað hafa við slík mál að athuga, að þeir séu ekki ánægðir með afgreiðsluna.

Ég held, að ég muni það rétt, að t.d. þetta atriði varðandi heimild fyrir ríkisstj. til þess að afhenda BSRB land í Móadal úr prestssetursjörðinni Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, hafi verið flutt hér með brtt. við frv. á milli 2. og 3. umr., eða nánar til tekið við 3. umr., og kom því aldrei til athugunar í landbn., þeirri n., sem hv. 1. þm. Vesturl. á sæti í og þar sem hann, að því er mér skildist, hefði viljað athuga það betur, svo að það er þess vegna honum álíka framandi eins og það hefði verið sett inn í annarri d. í rauninni. Ég skal taka það alveg sérstaklega fram, að það er ekki vegna þess, að BSRB sé ekki ánægt með það land, sem því hefur verið afhent með bréfi ríkisstj., að komið hefur til mála að skipta á landi. Það er af öðrum ástæðum. Það er af þeim ástæðum, að við í stjórn BSRB höfum orðið þess varir, að nokkur vafi leikur á því, að þarna yrði eins ákjósanlegt sambýli væntanlegra sumarbústaðagesta og nágrannanna og vænzt hefur verið vegna þess að á tvær hliðar hefur svona heldur verið amazt við því, að bandalagið settist þarna að með sitt hverfi. Annars vegar er það presturinn í Saurbæ, sem látið hefur í ljósi nokkra óánægju með þessa ráðstöfun á landinu og hins vegar er það, að KFUM og KFUK reka sumarbúðir fyrir börn eða ungmenni þarna rétt á næstu grösum í Vatnaskógi, og þeir aðilar hafa einnig látið í ljósi, að þeir óskuðu frekar, að þarna risi ekki upp sumarbústaðahverfi. Stjórn BSRB hefur þess vegna tjáð sig fúsa til þess að skipta á landinu, ef gefendum þætti ástæða til, og einmitt hefur komið til mála í því sambandi land í Skorradal, að því er mér skilst á svipuðum slóðum og skátar frá Akranesi reynast nú hafa fengið loforð eða vilyrði fyrir. Allt er þetta mál með þeim hætti að það þarf vissrar athugunar við. Engu að síður mæli ég með því, að ríkisstj. sé af Alþ. hálfu gefin heimild fyrir þeirri afhendingu, sem hún hefur heitið. Ég tel samt, að landskipti geti komið til greina, þó að heimildin sé gefin, því að hér er ekki um það að ræða, að deila sé um merg málsins í raun og veru.

Þá var það og annað, sem ég vildi segja af þessu tilefni, en það er þetta: Það er mjög óeðlilegt, að flokkaðar séu í eitt frv. margar eignir ríkissjóðs, sem eiga fátt sameiginlegt, og að heimild fyrir sölu þeirra eða afhendingu sé kippuð upp í eitt frv. á allra seinustu dögum þingsins, þegar í rauninni er ekki ráðrúm til mikilla breytinga, því að eins og við sjáum hér, er nú komið í það illt efni, að annað tveggja hlýtur að ske, að þetta frv. verður samþ. gegn vilja ýmissa þeirra, sem ekki er þó ástæða til að ætla, að ekki hefði getað náðst fullt samkomulag við um öll meginatriði frv., eða þá að frv. verður að bíða og leggjast fram að nýju, annaðhvort í einu lagi eða sundurliðað, eftir því sem hinar ólíku eignir gefa í rauninni tilefni til, að gert væri. Ég fyrir mitt leyti vildi gjarnan, að ýmis atriði í þessu fengju nánari athugun í n., því að maður rekur sig svo oft á það, að þó að þeir pappírar, sem hér eru lagðir inn til rökstuðnings fyrir slíkum sölum og afhendingum, virðist við fljótan yfirlestur vera þess eðlis, að þar leynist engin deiluefni, Alþ. sé ekki að blanda sér inn í neinar deilur með því að samþykkja slíkt, þá kemur iðulega í ljós, að málin eru hreint ekki eins einföld og þau líta út fyrir í fyrstu. Og það er eðlilegt, að þau séu athuguð í n., en svo er ekki um allmörg atriði af þeim, sem hér eru komin

inn í frv. núna. Ég tel, að þó að fjmrh. hafi hér gert grein fyrir því, sérstaklega í sambandi við eitt atriði frv., þ. e. a. s. sölu á húseigninni Tómasarhaga 15, sé nauðsyn á að fá heimild fyrr heldur en orðið gæti, ef frv. væri látið liggja til næsta hausts. Þá sýnist mér, að ekki mundi verða alveg útilokað að gera um það þingflokkasamkomulag, að stjórnin eigi ekki neitt á hættu um, að þetta verði fellt, þó að það biði. Og þar af leiðandi tel ég, að stjórnarandstaðan, a. m. k. í þessari d., hafi nú ekki sýnt slíka hörku eða óvægni eða óbilgirni í ýmsum málum, sem stjórnin þurfti að koma hér áfram, að ekki væri hugsanlegt að verða við tilmælum eins og þeim sem hv. 1. þm. Vesturl. hefur hér haft uppi.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég get alveg tekið undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að stjórnarandstaðan hafi ekki hér í þessari hv. d. sýnt neina tilburði til að koma í veg fyrir eðlilega meðferð mála. En ég leyfi mér hins vegar mjög að efast um það, að mikið sé að byggja á loforðum um þetta efni með hliðsjón af því, sem hér er að gerast varðandi mál, sem búið var að semja um við þingflokkana. Þetta mál er afhending á landi til BSRB, og finnst mér alveg gegna furðu, að það skuli hér vera gagnrýnt, að þetta mál var tekið hér upp, jafnvel þó að seint sé, af þeirri einföldu ástæðu, að um þetta var búið að semja. Og ástæðan fyrir því, að málið er tekið hér í þetta frv., byggist eingöngu á því, að það þótti við nánari athugun öruggara að afla þessarar heimildar, enda þótt menn teldu ekki nokkurn vafa á því, að enginn færi að amast við þessu vegna þess samkomulags, sem búið var að gera, og þó að það þess vegna hafi ekki farið í n., var engin sérstök ástæða til þess heldur, að það gerði það.

Mér er vel kunnugt um það frá fyrstu tíð, að þetta vakti vissa óánægju hjá ýmsum aðilum, m. a. prestinum í Saurbæ, og dóms- og kirkjumrn. hafði rannsakað þetta mál og stjórn BSRB var meira að segja kunnugt um það, áður en landið var afhent, að bryddað hefði á vissri óánægju hjá ýmsum aðilum þarna, bæði prestinum og KFUM, en það var mat manna, að rökin fyrir slíkri andstöðu væru algerlega út í hött. Þarna er um land að ræða, sem skiptir engu máli fyrir prestssetrið varðandi nýtingu þess og búskap þar. Og af þeim sökum var það, að þetta var gert engu að síður að lofa afhendingu þessa lands. Og ég vonast til, að hv. þdm. telji það ekkert undarlegt af minni hálfu, þó að ég sé næsta gramur yfir svona afstöðu, af því að það vildi svo til, að ég skrifaði BSRB þetta bréf og undirritaði það með tilkynningu um þessa afhendingu, þannig að það að ætla að neita staðfestingu þess hér er ekki annað en gera algerlega ómerka yfirlýsingu, sem ég hef gefið í trausti þess, að allir þingflokkar stæðu með því, og það hafa ekki komið fram nokkur minnstu andmæli gegn þessu máli.

Hitt er allt annað mál, eins og ég sagði hér áðan, að það hafa farið fram viðræður milli mín og BSRB um það, hvort það væri e. t. v. hægt að finna annað land. Það er allt annað mál og ég tel ekkert útilokað, að það verði haldið áfram að skoða það mál. En ég get ekki unað því að fá ekki staðfestingu á því, sem gert hefur verið í góðri trú, þannig að mín undirskrift á gjafabréfi til BSRB sé ónýtt. Því get ég ekki unað. Og það held ég, að menn hljóti að verða að skilja. Það útilokar ekkert það, eins og hv. síðasti ræðumaður einnig kom inn á, að það sé hægt að skoða það ofan í kjölinn að reyna að leysa þetta mál með samkomulagi eftir því, sem mögulegt er. Og þótt þetta ákvæði verði samþ. hér eins og farið er fram á, breytir það auðvitað engu um það. Óski BSRB eftir því að fá einhverja breytingu á þessu, er það þeirra mál. En það er útilokað, að ríkisstj. fari fram á það við BSRB að fá að breyta því, sem búið er að afhenda BSRB í góðri trú, það er gersamlega útilokað og það vona ég, að allir hv. þdm. skilji.

Varðandi það, að þetta frv. sé að öðru leyti með eitthvað óeðlilegum hætti og það sé óeðlilegt að tengja saman allar þessar jarðir, þá á það einnig að mínu mati ekki við nein rök að styðjast, vegna þess að þetta frv. fjallar allt um prestssetur í einhverri mynd eða afhendingu á landi úr prestssetursjörðum. Og ekki býst ég við, að nokkur hv. þdm. telji það æskilega meðferð hjá þinginu að afgreiða 10—12 lög sérstök um þessi mál, og það er nú ekki einu sinni svo, að málið hafi verið seint lagt fram, því að þetta er 8. mál þingsins og var þá meginhluti þess frv. eða sett inn í það snemma á þingi. Deiluefnið skilst mér nánast eingöngu vera þetta atriði, þó að menn tali um, að ýmsar aðrar breytingar hafi verið gerðar. Og þetta er atriði, eins og ég segi, sem mér finnst ekki þurfa að rannsaka í neinni n. með hliðsjón af því, sem á undan er gengið. Það kann vel að vera, að hv. þdm. finnist þetta einhver óbilgirni af mér að sækja það svo fast að fá þessa heimild staðfesta hér. En ég vonast nú samt til, að þeir geri sér grein fyrir því, þegar þeir skoða það niður í kjölinn, að það er ógerlegt fyrir mig að una því, að það fáist ekki staðfesting á því, úr því að hennar er á annað borð hér leitað, sem ég er búinn að staðfesta út í frá með eigin undirskrift, að afhenda eign, sem hér er um að ræða, og það í fullu trausti þess, að allir þingflokkar standi með því, og ég geri ekki ráð fyrir, að neinn hv. þm. vefengi það, að formenn þeirra þingflokka hafi haft fullt leyfi til þess að lýsa þeirri skoðun sinni.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Mér finnst það sæta furðu, að ein ríkisstj. skuli afhenda hlut eða afhenda jörð án þess að vera búin að ganga frá því örugglega áður, hvort um slíkt geti verið að ræða eða ekki. Og því var ekki þessi beiðni um heimild lögð fram strax í haust í frv., um leið og málið var lagt fram á Alþ.? Hvernig stóð á því, að þessu er potað hérna inn á síðustu stundu? Hver var ástæðan? Hvers vegna var ekki búið að afla heimildar löngu áður, því að mér skilst, að jörðin hafi verið afhent í fyrra, án þess að hafi verið orðið samkomulag um eða vitað um, hvort hún fengist eða ekki. Mér finnst það sæta furðu, að ein ríkisstj. og

hæstv. fjmrh. skuli gera slíka hluti. Og ég vil enn á ný beina þeim tilmælum til hæstv. forseta d., að þessu máli verði frestað, því að það hefur upplýstst í hvert sinn, sem einhver hefur staðið hér upp og rætt málið, að það er margt óupplýst enn í þessu máli, sem þarf upplýsinga við. Og ég held, að ef ríkisstj. hefði viljað hraða sér í þessum efnum og afla heimildar, hefði hún farið fram á heimild til að afhenda BSRB hluta af Saurbæ þegar í haust, þegar hún lagði frv. fram, en draga það ekki fram á síðustu stundu. Eða hver var ástæðan fyrir því? Mér skilst, að það sé komið þó nokkuð á annað ár síðan búið var að afhenda bandalaginu jörðina með bréfi, eftir því sem fjmrh. hefur upplýst, eða tilkynna bandalaginu, að það gæti fengið þarna jarðarafnot. En hver er þá ástæðan fyrir því, að ekki hefur verið hafður meiri hraði á en þetta að afla heimildar fyrir þessari afhendingu? Hver er ástæðan fyrir því? Hún hlýtur einhver að vera. Þetta mál er búið að liggja hér í Alþ. í allan vetur og hvernig stóð á, þegar ríkisstj. leggur þetta frv. fram, að hún aflaði ekki þessarar heimildar strax í frv., en potar því inn hér á síðustu stundu? Hver er ástæðan fyrir því? Það væri gott að vita það. Og mér finnst það sæta furðu að fara að afhenda hluta úr jörð án þess að vera búinn að afla heimilda fyrir því áður, hvort hún fengist eða ekki og án þess að vita, hvort samkomulag var um það eða ekki. Þetta er alveg furða og þetta er eitt af þeim mýmörgu dæmum um hegðun þessarar ríkisstj., að hún veit ekkert, hvað hún er að gera.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er náttúrlega nánast ástæðulaust að vera að karpa við hv. þm., vegna þess að hann sýnist ekki vilja neitt skilja, svoleiðis að það er tilgangslítið. Það verður þá að ráðast, hvort aðrir hv. þdm. hafa sama skilning á æru stjórnmálaflokkanna og því, sem þeir hafa lofað, eins og virðing hans fyrir loforðum síns eigin flokks virðist sýna, þannig að ég hygg, að hér sé það ekki síður æra Framsfl., sem er í veði, því það vill svo til, að maður hefur þó í þetta skipti treyst því, að loforð Framsfl. væri gilt, en það virðist hv. þm. ekki telja ástæðu til að staðfesta. Það er einmitt kjarni málsins. Ástæðan til þess, að þetta var ekki sett inn í frv. í haust, er sannast sagna sú, að þetta var talið vera klappað og klárt mál. En þegar farið var að athuga frekari breytingar við þetta frv., var talið, enda þótt menn teldu það út af fyrir sig ekki skipta höfuðmáli, þar sem því var treyst, að það væri samstaða allra þingflokka fyrir því, að það væri þó rétt að fá það staðfest í þessu frv., úr því að það lá fyrir, og því var þetta atriði tekið inn í frv. Þetta er ástæðan. Það var alls ekki í huga manna í haust, að þetta þyrfti í rauninni að gerast, en það virðist ekki vanþörf á því, úr því að það eru þó a. m. k. til hér menn, sem telja, að ekki þurfi að standa við gefin loforð.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Vegna þess að umr. hafa haldið áfram um þetta mál í dálitlum deilutón og mér finnst eins og aðeins hafi verið vikið að þeim orðum, sem ég sagði hér, og að þau væru svona hálft í hvoru lögð út á þann veg, að ég vildi synja ríkisstj. um lagaheimild fyrir afhendingu á Móadalslandi og Saurbæjarjörðinni til BSRB, þá vil ég taka það sérstaklega fram, að svo er ekki. Ég tel mér sérstaklega skylt að standa að því, að ríkisstj. fái þessa heimild og mun greiða atkvæði með henni. En á hinn bóginn játa ég það, að það er komin svo löng trossa í þetta frv., að ég hefði viljað athuga betur ýmsa hluti í því. Ég tel ekkert á huldu með þessa heimild, henni er sjálfsagt og skylt að fylgja og til þess að við það sé staðið neyðist maður sjálfsagt til þess að samþykkja ýmislegt fleira í leiðinni.

Það, sem ég var að leggja áherzlu á, var það, að ég vildi leita eftir því, hvort ekki gæti orðið samkomulag um það að fresta málinu. En fyrst hæstv. ráðh., sem hér hefur talað, telur það ekki vera þess eðlis, að hann geti það án þess að vera látinn setja að vissu leyti niður við það, vil ég sízt taka þátt í því. Ég hef ýmislegt að athuga við stör hæstv. ráðh., eins og iðulega hefur komið hér fram, en í þessu atriði tel ég, að hann hafi vel o myndarlega gert og beri að þakka honum það og þá auðvitað að veita honum þær heimildir, sem hann kann að eiga ófengnar fyrir því. Og vænti ég þess, að þá sé ekki neinn misskilningur um mína afstöðu til málsins.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 694).

52. Húsnæðismálastofnun ríkisins (stjfrv. um vísitöluákvæði).

Á 81. fundi í Ed., 4. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á. l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins [185. mál] (stjfrv., A. 511).

Á 84. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Svo sem fram kemur í aths. við frv. þetta, þá er það flutt til fullnægingar á loforði ríkisstj., er hún gaf í sambandi við nýafstaðna kjarasamninga, um lækkun vísitölugreiðslna á húsnæðismálastjórnarlán um helming þess álags, sem vísitalan hefur á íbúðarlánin lagt. Önnur breyting er og gerð á lögunum með þessu frv. Frá því að Öryrkjabandalagi Íslands var veitt aðild að húsnæðismálastjórnarlánum til byggingar leiguhúsnæðis, hefur mjög verið eftir því sótt, bæði af hálfu forstöðu-

manna Elliheimilisins Grundar í Reykjavík og Sólvangs í Hafnarfirði, að fá hliðstæða aðild, og er ráð fyrir því gert í 2. gr. frv.

Frv. er að öðru leyti tæknilegs eðlis, sem ég tel óþarft að rekja hér, sér í lagi 3. og 4. gr. þess, sem fjalla um framkvæmd þessa loforðs ríkisstj. um helmings lækkun á vísitölugreiðslum þeim, sem lántakendur hafa greitt samkv. ákvæðum l., sem sett voru 1964. Ég tel að öðru leyti óþarft, nema tilefni gefist til, að fara nánar út í efni frv. Þetta eru tvö meginatriði frv., sem ég hef þegar minnzt á, og voru af verkalýðsfélögunum metin við samningagerðina og frv., eins og ég sagði áðan, flutt til fullnægingar því loforði, sem ríkisstj. þá gaf.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn. Ég vil auk þess geta þess, að samtök byggingariðnaðarmanna og byggingameistara hér í Rvík hafa komið að máli við mig og óskað eftir því, að samtökum þeirra, — ekki einstaklingum, heldur samtökum þeirra, — verði veitt svipuð fyrirgreiðsla og gert er ráð fyrir varðandi framkvæmd þeirra reglugerðarákvæða, sem gilda um framkvæmdaáætlun íbúðabygginga, sem byrjað hefur verið á hér í Rvík. Ég tel eðlilegt, að sú n., sem málið fær til meðferðar, athugi beiðni þessara aðila og mun láta henni í té þær till., sem þessir aðilar hafa um þessi mál gert. Ég ítreka það, herra forseti, að ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til breytinga á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Það eru aðallega tvær breytingar, sem ráðgert er að gera. Í fyrsta lagi, að elliheimili komi til greina í sambandi við útlán úr byggingasjóði, ég tel sjálfsagt að styðja það, og svo í öðru lagi, að í staðinn fyrir að byggingarsjóður hefur greitt fulla vísitölu og tekið fulla vísitölu af húsnæðislánum, þá verði nú í samningum, sem gerðir eru hér eftirleiðis, aðeins miðað við hálfa vísitölu, sem reiknuð er á þann hátt, sem í 1. gr. frv. segir.

Eins og allir hv. þm. muna, gerðist það í sambandi við lausn vinnudeilunnar í júlí 1964, að samningar voru þá gerðir um að greiða skyldi vísitöluálag á húsnæðislán. Eins og við munum, þá var ein mesta breytingin, sem gerð var í samkomulaginu 1964 sú, að vísitala, sem um skeið hafði verið rofin úr sambandi við kaupgjaldið, var á ný sett í samband, og ég hygg, að þeir, sem samkomulagið gerðu fyrir hönd verkalýðsfélaganna, hafi treyst því, að hæstv. ríkisstj. mundi reyna að hafa hemil á verðbólguvextinum, þegar það var hvort tveggja sett í samkomulag, að laun skyldu eftirleiðis greiðast samkv. vísitölu og að lán Húsnæðismálastofnunarinnar ættu einnig að miðast við vísitölu. Það má kannske segja, að þessir samningar hafi lýst talsverðu trúnaðartrausti af hendi verkalýðsfélaganna. Ég hygg, að þeir hafi verið á þessum grunni byggðir, en eins og allir vita, þá tókst ekki nema að mjög litlu leyti að hafa hemil á verðbólguvextinum. Verðbólgan hélt áfram. Hún var að vísu risavöxnust 1963, þá hækkaði vísitalan um 16,2% á einu ári og hefur náttúrlega ekki tekið slíkt heljarstökk síðan, en engu að síður hefur orðið verulegur verðbólguvöxtur, t. d. var vöxturinn 12,6% árið 1964, 1965 9,4%, 1966 8,5% en 1967, á tímabili verðstöðvunar, var vöxturinn 5,9%.

Nú hefur verið breytt um vísitölugrundvöll og ný vísitala tekin upp, þannig að samanburður við það sem af er þessa árs er mjög erfiður, og ég hef a. m. k. ekki gert hann, en enginn vafi er á því, að allt verðlag hlýtur að hafa stórhækkað nú eftir gengisfellinguna. Nú hefur sem sagt verið knúið fram nokkurt samband milli kaupgjalds og verðlags í síðustu kjarasamningum, að vísu mjög takmarkað, aðeins miðað við 10 þús. kr. hámarkslaun og vísitölugreiðslur í áföngum, þannig að nú fá aðeins þeir lægst launuðu vísitölu, en aðrir verða að bera að fullu alla verðlagshækkun, sem m. a. leiðir af þessari miklu gengislækkun, sem ég áðan minntist á. Afleiðingin af þessu er m. a. sú, að allur byggingarkostnaður stórhækkar og vísitala sú, sem húsnæðislánin eru miðuð við, hefði vitanlega stórhækkað. Það er þess vegna til mjög mikilla bóta, að nú skuli þó vera slakað þannig til, að eftirleiðis skuli aðeins vera miðað við hálfa vísitölu í stað fullrar áður. Eftir því sem mér er sagt, er þetta frv. í fullu samræmi við það, sem hæstv. ríkisstj. lofaði í sambandi við lausn verkfallsins, og ekkert að því að finna, þannig að ég tel einsýnt, að allir hv. alþm. hljóti að vera samþykkir þessu frv. og veita því greiðan gang í gegnum deildir þingsins. Nógar eru kvaðir húsbyggjenda fyrir því, þó að þessi lagfæring sé gerð.

Því miður hefur okkur ekki tekizt hér að útvega þeim, sem byggja, lán með viðráðanlegum kjörum. Vextir af þessum lánum eru að vísu lágir á okkar mælikvarða, 4%, en eftir sem áður verða menn að greiða vísitölu, að vísu nú hálfa. Ég ætla ekki að gerast spámaður um það, hver vísitöluhækkunin verði á þessu ári, en miðað við reynslu undanfarinna ára væri ekki ósennilegt, að hún gæti orðið um 8%. Ef hún yrði það, yrðu vextir af þessum lánum 8% og það eru vitanlega allt of háir vextir af slíkum lánum og miklu hærri en af lánum, sem aðrar þjóðir, sem við erum alltaf að bera okkur saman við og hæstv. samgmrh. var að bera sig saman við áðan, hafa getað látið húsbyggjendum í té. Þetta er vandamál, sem vissulega þyrfti að ráða við á einhvern hátt, vegna þess að það er ekki einangrað, heldur hefur þær afleiðingar, eins og margsinnis hefur verið rakið, að allt kaupgjald verði t. d. að miðast við möguleika manna til að standa undir þessum lánum, því að minna er ekki hægt að bjóða en svo, að menn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Þó ég láti þessa getið, að okkur þyrfti að takast að ganga lengra í lagfæringarátt að þessu leyti, þá ætla ég ekki að halda uppi, á þessu stigi, neinni gagnrýni

á hæstv. ríkisstj. af því tilefni, heldur aðeins lýsa því, að ég mun fylgja þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 511, n. 609, 610).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breytingu á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem hér er til umr., er flutt til efnda á fyrirheiti, sem ríkisstj. gaf í sambandi við lausn verkfallanna í s. l. mánuði, en það fyrirheit var á þá leið, að breyta skyldi vísitöluákvæðum þeim, sem gilt hafa á húsnæðismálalánum, til hagsbóta fyrir lántakendur. Og er aðalefni þessa frv. annars vegar að kveða á um nýja vísitölu, og eru ákvæði um það í 5. mgr. 1. gr. frv., en þessi vísitala á að sýna breytingar á dagvinnutímakaupi fyrir almenna verkamannavinnu í Reykjavík og skal reiknuð út af Hagstofu Íslands samkv. nánari ákvörðun hennar. Grunntími þessarar vísitölu skal vera 1. febr. 1968.

Það lá í hlutarins eðli, að það varð ekki hjá því komizt að reikna út nýja vísitölu, þar sem kaupgreiðsluvísitalan, sem lánin höfðu verið miðuð við frá 1964, var úr sögunni og hætt að reikna hana út vegna þeirra vísitölubreytinga, sem urðu hér í vetur, og enn fremur var úr sögunni framfærsluvísitala sú, sem gilti á vissa lánaflokka af eldri húsnæðismálalánum.

Það er í öðru lagi kveðið svo á í 1. gr. þessa frv., að á ársgreiðslur lána, sem byggingarsjóður tekur, og reyndar líka þeirra, sem hann veitir, skuli greiða viðbót, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, er hverju sinni hefur orðið á kaupvísitölu, en það er sú vísitala, sem ég greindi frá áðan og Hagstofan á að reikna út, þannig að aðalefni þessa frv. er því eiginlega tvenns konar, annars vegar ákvæði um nýja vísitölu, sem húsnæðismálalánin miðast við, og hins vegar þau, að eftirleiðis skuli lántakendur greiða hálfa vísitöluuppbót á ársgreiðslur lána í staðinn fyrir að áður var það full vísitöluuppbót. Að öðru leyti get ég um þetta leyft mér að vísa til grg. með frv. og framsöguræðu hæstv. félmrh. við 1. umr. þessa máls hér í þessari hv. d.

Þessu máli var vísað til heilbr.- og félmn. og varð niðurstaðan sú, að n. mælir með því, að þetta frv. verði samþ., en þó áskilja nm., hver um sig, sér rétt til þess að flytja breyt. við frv. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Tveir hv. nm. voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt í n., hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 4. þm. Reykjaneskjördæmis.

Ég vil þó jafnframt, þó að ég sé að halda hér framsöguræðu fyrir nál., nota tækifærið til þess að mæla fyrir brtt., sem ég flyt hér um þetta frv. á þskj. 610, ásamt hv. 2. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Sunnl., en í þessari brtt. segir, að húsnæðismálastjórn sé heimilt að veita lán til byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlánareglum húsnæðismálastjórnar. Það er skilyrði fyrir slíkum lánum, að íbúðirnar verði eigi seldar, nema húsnæðismálastjórn samþykki söluverð þeirra fullgerðra. Við verðlagningu íbúðanna skal hafa hliðsjón af byggingarvísitölu.

Þessi brtt. er flutt samkv. óskum hæstv. ríkisstj., en upphaf þessa máls er það, að hinn 11. ágúst s. l. skipaði félmrn. fimm manna n. til þess að athuga, hvernig hægt sé að skapa fjárhagslegan grundvöll fyrir framleiðslu félagsmanna í félagi byggingarmeistara í Reykjavík á húsum á sem hagkvæmastan hátt og í samkeppni við önnur félagssamtök, þannig að öryggi framleiðanda og íbúðarkaupanda verði sem bezt tryggt. Í öðru lagi var hlutverk n. að athuga, hvernig hægt væri að tryggja, að lán fáist út á sérhverja íbúð, þegar hún er veðhæf, lán, sem ekki sé lægra en núverandi veðdeildarlán. Í þessari n. áttu sæti: Valdimar Kristinsson, Haukur Vigfússon og Björgvin Vilmundarson og enn fremur Magnús Vigfússon og Gissur Sigurðsson, en tveir síðast nefndu nm. eru byggingarmeistarar. Það hefur lengi verið áhugaefni byggingarmeistara og þeirra, sem hafa það að atvinnu að byggja íbúðir og selja, að eiga kost á því að fá lánsfé til byggingarinnar sem fyrst eftir að byggingarframkvæmdir hefjast. Að vísu er það svo, að þeir reyna oft að selja þessar íbúðir áður en þær eru fullgerðar, og algengast er, að salan sé miðuð við það, að íbúðin sé tilbúin undir tréverk, eins og kallað er. Stundum fer salan að vísu fram áður, jafnvel þegar teikningarnar liggja á borðinu og byggingarframkvæmdir eru ekki hafnar, en aðalgreiðslu sína fær byggingarmeistarinn venjulega ekki fyrr en hann afhendir íbúðina á því byggingarstigi, sem kaupsamningurinn segir til um, þannig að viðkomandi byggingarmeistari, byggingarfyrirtæki, á oft í fjárhagslegum örðugleikum meðan verið er að koma byggingunni upp.

Þá hafa byggingarmeistarar líka, einkum hér í Reykjavík og nágrenni áhuga á því að breyta nokkuð til. Þeir sjá, að þetta kerfi, sem gilt hefur hér á undanförnum árum og jafnvel áratugum, og felur í sér, að sérhver byggingarmeistari fær úthlutað einu stigahúsi og byggir það síðan og selur íbúðirnar í því, sé ekki alls kostar heppilegt til frambúðar, heldur verði byggingarmeistararnir og byggingaraðilarnir að slá sér saman í stærri samtök og byggja heilar blokkir eða margar blokkir, þannig að um miklu stærri byggingaráfanga í senn verði að ræða. Þetta fyrirkomulag felur í sér leið til þess að lækka byggingarkostnaðinn vegna stærri áfanga og enn fremur hafa þessir menn komið auga á það, sem er alveg rétt, að það er ekki heppilegt að selja íbúðirnar ófullgerðar, hvort sem þær eru seldar fokheldar, tilbúnar undir tréverk eða á einhverju öðru byggingarstigi. Það er eðlilegast og heilbrigðast að selja íbúðirnar fullgerðar. En við það að selja íbúðirnar fullgerðar og byggja margar íbúðir í

einu er mjög auðvelt að spara á öllum innréttingum með því að samræma þær, staðla þær og nota fjöldaframleiðsluaðferðir við þær í staðinn fyrir það að selja íbúðirnar tilbúnar undir tréverk og láta svo hvern íbúðareiganda koma með sérinnréttingu fyrir sig.

Nefnd sú, sem ég vitnaði til, komst að þeirri niðurstöðu, að þróunin þyrfti einmitt að beinast í þessa átt og nauðsynlegt væri að geta aðstoðað byggingaraðila, byggingarmeistara eða byggingarsamtök við að fá lán eða eiga aðgang að fjármagni meðan húsin væru í byggingu, en ekki að bíða eftir því, að þeir, sem keyptu af þeim, fengju húsnæðismálalánin. Og meistararnir gengu inn á það, að ef þarna yrði komið til móts við þá í þessu efni að útvega þeim meira fjármagn en unnt hefur verið, þá gengju þeir til móts við sjónarmið húsnæðismálastjórnar á þann veg, að þeir féllust á, að hún gæti fylgzt með verðlagningu íbúðanna, og að þeir seldu ekki íbúðirnar nema að húsnæðismálastjórn hefði samþykkt verðlagið. Þeir beygja sig undir það, að húsnæðismálastjórn samþykki það verð, sem þeir selja íbúðirnar fyrir, í staðinn fyrir, að áður, a. m. k. þegar mestu uppgripatímar voru hér, var talið, að íbúðarbyggjendur eða meistarar ættu þess oft kost að selja íbúðir með óhæfilegum hagnaði. Og ég tel þetta einmitt vera mjög mikilvægt atriði, að þarna hafi náðst samkomulag milli húsnæðismálastjórnar, sem átti sinn fulltrúa í þessari n., og meistaranna um þetta atriði.

Þessi brtt. gengur sem sagt út á það að heimila húsnæðismálastjórn að veita lán til byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja, sem eru að byggja íbúðir, sem ætlað er að selja fullgerðar. Það er skilyrði, að þeir selji þessar íbúðir fullgerðar, en ekki hálfgerðar. Og þeir verða að selja einstaklingum, sem fullnægja útlánareglum húsnæðismálastjórnar, þ. e. a. s. þeir einstaklingar, sem kaupa þessar íbúðir, verða að fullnægja þeim reglum, sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, til þess að þeir geti fengið lán. Tekið er fram í till., að það sé skilyrði fyrir slíkum lánum, að íbúðirnar verði eigi seldar, nema húsnæðismálastjórn hafi samþykkt söluverð þeirra fullgerðra, og við verðlagningu íbúðanna skuli höfð hliðsjón af byggingarvísitölu.

Það liggur í hlutarins eðli, að þessi lán til byggingarmeistara eða byggingarfyrirtækja, sem þessi till. fjallar um, eru að sjálfsögðu bráðabirgðalán, eða a. m. k. má segja, að það séu bráðabirgðalán gagnvart byggingaraðilum, gagnvart þeim, sem byrjar á byggingunni, byggingarmeistara eða byggingarfyrirtæki, sem ætlar að selja íbúðirnar, þó að þau síðar kunni að verða færð yfir á þá einstaklinga, sem síðan kaupa íbúðirnar. Ég held, að ég hafi þá ekki fleira um þessa till. að segja. Ég tel, að það sé spor í rétta átt, ef þessi till. næði fram að ganga.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem hér liggur fyrir, er eins og hv. frsm. heilbr.- og félmn. gat hér um áðan, flutt til fullnægingar á þeim skuldbindingum, sem ríkisstj. tók á sig við lausn síðasta verkfalls, og er ég þeim ráðstöfunum samþykkur, svo langt sem þær ná. Við þetta hafa svo nokkrir nm. bætt við till., sem frsm. lýsti hér einnig, um sérstakar lánveitingar til byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja úr Byggingarsjóði ríkisins. Við allt þetta mál hef ég nokkrar aths. að gera. Það var almannarómur í landinu nú fyrir fáum árum, eftir að fjárhagur byggingarsjóðs rýmkaðist svo, að hann gat afgreitt lán nokkurn veginn jafnóðum og húsin voru komin á það stig, sem krafizt var til hverrar einnar greiðslu láns, að þetta kerfi væri býsna gott, og það ríkti ánægja með það hjá þjóðinni, að menn gætu gengið út frá því nokkurn veginn vísu, að ef þeir gátu komið íbúð sinni af eigin rammleik á visst og tiltekið stig, þá máttu þeir eiga það nokkuð víst, að þá fengist, án þess að óskaplega lengi þyrfti eftir því að bíða, lán frá húsnæðismálastjórn úr Byggingarsjóði ríkisins til áframhalds byggingarinnar. Þannig hafði þetta gengið um skeið og bætt mjög úr húsnæðisþörf þjóðarinnar. En svo gerði ríkisstj. samkomulag til lausnar á verkfalli, það mun hafa verið á árinu 1965, þar sem ákveðið var, að af opinberri hálfu, þ. e. a. s. af hálfu ríkisstj., yrði hlutazt til um það, að veitt yrði fjármagn allmiklu meira, þ. e. a. s. að miklu stærri hluta heldur en reglur húsnæðismálastjórnar sögðu fyrir um, og einnig, að greiðslurnar rynnu fyrr til þessara húsa, sem um var að ræða, heldur en reglurnar sögðu til um.

Nú vitum við, að þó að þessar framkvæmdir séu góðar og þarfar, þá er sá galli á gjöf Njarðar, að þær hafa sprengt húsnæðislánakerfi húsnæðismálastjórnarinnar, þannig að flestir þeir, sem byggja án þess að vera inni í þessu kerfi, sem þannig hefur hlotið sérstaka fyrirgreiðslu, þeir standa verr að vígi en áður. Breiðholtshverfið, sem er það hverfi, sem fyrirgreiðsla stjórnarvaldanna átti að ná til, hefur fengið allmikið fjármagn umfram það, sem það hefði getað fengið eftir almennum reglum húsnæðismálastjórnarinnar, og þar hafa íbúðarbyggingar gengið allgreitt. Það má þess vegna segja, að Reykjavík sem slík og máske allra nánasta nágrenni hennar standi ekki verr að vígi um húsnæðismál eftir þetta samkomulag en áður. En öll landsbyggðin stendur verr að vígi. Ég hefði því viljað ætla, að hv. alþm., a. m. k. þeir, sem komnir eru til þings sem fulltrúar þess fólks, sem þannig hefur verið hlunnfarið í hinu almenna kerfi, hefði nú nokkurn áhuga fyrir því, þegar breytt er l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins og einmitt breytt ákvæðunum um það, eftir hvaða reglum lána skuli, að þeir tækju sig til og segðu: hingað og ekki lengra. Nú hefur ríkisstj. ráðið nógu í bili og nú verður hún að taka tillit til þess fólks, sem byggir utan við kerfið í Breiðholti. En það er, eins og ég gat um áðan, öll byggðin úti á landi utan Reykjavíkur og einnig þeir einstaklingar og byggingarfélög í Reykjavík, sem ekki eru inni í Breiðholtshverfinu. Þess vegna vil ég leyfa mér að flytja við þetta frv.

brtt., og auðvitað verður hún að koma skriflega, og hún kemur auðvitað of seint fram, eins og allar till. hljóta að gera og nál. við þau frv. stjórnarinnar, sem hina síðustu daga hafa komið hér inn í þingið, því að hraðinn við afgreiðslu þeirra er slíkur, að þar er ekki farið að þingsköpum um afgreiðslu, heldur allt afgreitt með afbrigðum. Og því ætla ég að biðja forseta um að taka einnig mína brtt. til afgreiðslu með afbrigðum, svo hún geti komið til atkvæða. En brtt. er á þessa leið:

„Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, þannig:

Inn í 7. gr. laganna bætist nýr stafliður, er verði F-liður, svo hljóðandi:

Nú hlutast ríkisstj. til um, að hærri lán séu veitt til einhverra bygginga en almennar reglur Húsnæðismálastofnunarinnar mæla fyrir um eða að greiðslur verði örari en almennt tíðkast hjá stofnuninni, og skal þá óheimilt að láta hin auknu útlán, er þannig skapast, bitna á almennu útlánastarfseminni, heldur skal ríkisstj. þá skylt að útvega byggingarsjóði aukið fjármagn, sem útlánaaukningunni nemur."

Þetta er sem sagt till. En það sjá allir menn, að ef ríkisstj. lofar einhverju og skrifar svo ávísun á Byggingarsjóð ríkisins, sem þegar eru reglur um, hvernig ráðstafa skuli, þá er það ekkert annað en skrifa reikning, skrifa ávísun á annars manns reikning. Og þeir, sem það gera, eru ekki taldir góðir og gildir þjóðfélagsborgarar og allra sízt situr það á ríkisstj. Íslands að fara þannig að eða gefa slíkt fordæmi. En slík fordæmi hafa um skeið átt sér stað. Mér er ekki fullljóst, ég hef ekki kannað það til hlítar, til hvers þetta frv., sem hér liggur fyrir, muni leiða, en ég vona, að það leiði ekki til hins sama og gerðist við hina fyrri lausn ríkisstj. á verkföllum, sem var það, að þar með var hið almenna húsnæðismálastjórnarkerfi í lánveitingum sprengt og eyðilagt að verulegu leyti.

Till., sem þrír þm. flytja hér á þskj. 610, er þess efnis að bæta við nýjum aðila, sem hingað til hefur getað fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins, þ. e. a. s. byggingarmeisturum, sem ætla að byggja til þess að selja. Mig furðaði dálítið á því, að hv. þm., sem þessa till. flytja, skyldi vera þetta ofar í huga en hitt, að rétta hlut þessa fólks, sem troðið hefur verið undir með húsnæðismálalán á hinum síðustu misserum, vegna þess að húsnæðismálalánakerfið er sprungið, að þeir skuli bera meira fyrir brjósti byggingarmeistara og aðra slíka, sem ekki ætla að búa í húsunum sjálfir, heldur selja þau. Það kemur líka í ljós, að þetta er ekki þeirra hugmynd, þ. e. a. s. þeir eru ekki upphafsmenn að þessari till., þeir flytja þetta eftir tilmælum ríkisstj., að því er hv. frsm. upplýsti hér. Ég held því hreint ekki fram, að þessi till. þurfi endilega að vera mjög fjarri lagi, en á hitt vil ég þó benda, að hún brýtur niður sérstakan þátt í l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þar er sem sagt gert ráð fyrir því, að húsnæðismálastjórn úthluti lánum til einstaklinga eftir tilteknum reglum, a. m. k. ef ekki er hægt að fullnægja öllum umsóknum. Og reglurnar eru þær, að það á að láta það fólk sitja fyrir lánum, sem mesta hefur þörfina og ólíklegast er til þess að geta fengið viðhlítandi lán annars staðar. Auðvitað fýkur þetta allt um koll, ef brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 610, er samþykkt. Þá eru lánin bara veitt viðkomandi byggingarmeisturum, og þeir mega auðvitað selja hverjum sem þeir vilja. Hitt er alveg rétt, að það er æskilegt, að íbúðir séu fullsmíðaðar og seldar í því formi, því að sannleikurinn er nú sá, að byggingarmeistarar hafa farið þá leið í byggingu og sölu húsnæðis á ófullgerðu stigi, að íbúðirnar hafa orðið býsna dýrar þeim, sem raunverulega hafa þurft á þeim að halda og búið í þeim. Það atriði brtt. að reikna með því, að hús séu seld fullsmíðuð, tel ég horfa til hins betra, en ég er ekki tilbúinn að taka þátt í frekara niðurbroti á reglunum um Húsnæðismálastofnun ríkisins og útlán hennar heldur en orðið er.

Þess vegna mun ég ekki greiða þessari brtt. atkv. að svo stöddu, en legg hér fram aðra brtt., þá sem ég hef nú lesið, sem sagt þess efnis, að ef ríkisstj. ákveður önnur og meiri útlán úr Byggingarsjóði ríkisins en reglur hans segja til um, þá skuli ríkisstj. jafnframt útvega fé í sjóðinn til að standa undir þeirri útlánaaukningu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 626) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Við hv. 1. þm. Vesturl., sem erum báðir í heilbr.- og félmn. höfum á fundi n. í dag samþykkt að mæla með því frv., sem hér liggur fyrir, en við höfum áskilið okkur rétt til þess að flytja eða fylgja framkomnum brtt. Annað höfuðatriði til breytingar á löggjöfinni, sem felst í þessu frv., er það að breyta skuli í sambandi við vísitölu ársgreiðslum hverju sinni. Í núgildandi löggjöf er gert ráð fyrir því, að lántakendur í húsnæðislánakerfinu greiði fulla vísitölu á ársgreiðslur, en hér er gerð breyting á, þannig að eftirleiðis skuli lántakendur aðeins greiða sem svarar helmingi vísitöluhækkunar. Þó að við framsóknarmenn í n. séum ekki alls kostar ánægðir með þessa breytingu og vildum ganga lengra, eins og frv. eða till. frá framsóknarmönnum hafa áður legið fyrir um, þá höfum við þó viljað fylgja þessari breytingu í frv., og þá aðallega vegna þess, að hún er fram komin á grundvelli samkomulags ríkisstj. eftir síðasta verkfall.

Að sönnu sjáum við ekki ástæðu til þess að ganga lengra en þessu samkomulagi nemur, en mér þótti rétt að taka það fram, að framsóknarmenn hafa hér á þingi og oftar en einu sinni borið fram till. þess efnis, að þessi vísitölubinding yrði að fullu látin niður falla. Hún var á sínum tíma sett inn með samkomulagi fulltrúa verkalýðssamtaka, að því er ég veit bezt, og ríkisstj. (**Gripið fram í:** Það var árið 1964—1965), en það kom fljótt fram og var margra manna álit, að þar hefðu fulltrúar

verkalýðssamtakanna samið allalvarlega af sér og ekki gætt hagsmuna þess fólks, sem þeir nú annars eiga að sjá um og rækja, sem skyldi. Einmitt það fólk, sem hefur notið góðs af þessu sérstaka veðlánakerfi, hefur verið að meiri hluta hinir ungu og hinir fátækari, sem eru að reisa sér hús og byggja yfir sig. En aðrir, sem á þessum liðna tíma fengu lán úr öðrum sjóðum og með öðrum hætti, hafa ekki þurft að hlíta slíkri reglu. Þarna er æðimikið misrétti á ferðinni og sem margir sáu, að þyrfti leiðréttingar við hið allra fyrsta, og við framsóknarmenn höfum einmitt verið þeirrar skoðunar, að ákvæði sem þetta ætti og hefði átt fyrir löngu að falla niður, en eins og ég sagði; við framsóknarmenn í heilbr.- og félmn. viljum ekki og vildum ekki flytja frekari brtt. í þetta sinn og munum fylgja þessum breytingarákvæðum.

Þá eru það aðeins nokkur orð í sambandi við brtt. þremenninganna á þskj. 610. Þessi till. sýnist vera nokkurt flýtisverk og borin fram hér alveg á síðustu stundu, þannig að þm. almennt hafi ekki haft ráðrúm til þess að íhuga hana til fulls. Ég get vel álitið, að hún sé að ýmsu leyti góðra gjalda verð, þessi till., að því er, skulum við segja, horfir til sparnaðar í byggingu stórhýsa, sem framkvæmd er á vegum meiri háttar verktaka. En hitt er svo annað og að minni hyggju höfuðatriði, að þau lán, sem yrðu veitt hér þessum nýja aðila í kerfinu, mundu að sjálfsögðu höggva skarð og það mjög alvarlegt í lán til þeirra, sem þessi löggjöf var fyrst og fremst stíluð á, þ. e. til unga fólksins víðs vegar um land og þeirra, sem síður mega sín um byggingar húsnæðis.

Hér var minnzt á Breiðholtsframkvæmdir. Það er löngu komið í ljós, að þær framkvæmdir ganga mjög inn á hið almenna veðlánakerfi og munu gera það náttúrlega áframhaldandi og sjálfsagt í enn ríkara mæli. Þegar þetta hvort tveggja kemur til, er það alveg auðsætt, að það verður mjög þröngt um lán handa þeim mörgu, sem eru að byggja og ætla sér á næstunni að byggja víðs vegar úti um land, því að það er víðar byggt en í Reykjavík, eða Stór-Reykjavík, og það er af þeirri ástæðu fyrst og fremst, sem við framsóknarmenn í þessari hv. d. munum ekki fylgja þessari till. eins og hún liggur hér fyrir.

Hv. frsm. brtt. á þskj. 610 gat réttilega um það, að það væri stórleg yfirsjón að hafa ekki í þessari till. ákvæði, sem lýtur að því, að lán til þessara stóru verktaka væri bráðabirgðalán, en það kemur ekkert fram um það, hvernig lánin eiga að víxlast, þegar til kemur. Þetta er aðeins eitt atriði, sem hefur verið af nokkurri fljótfærni farið fram hjá og svo mætti vera um fleiri. Sem sagt, till. þarf mikillar athugunar við, og væri rétt að leita umsagnar ýmissa aðila, og auk þess er hún, eins og árar hjá okkur í þessum lánamálefnum öllum saman alls ekki að minni hyggju og okkar margra tímabær, og það er höfuðatriðið. Eins og ég sagði áðan, munum við framsóknarmenn í þessari hv. d. greiða atkv. gegn þessari till. á þskj. 610, eins og allt er í pottinn búið.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal ekki eyða tíma hv. þd. í að ræða frv. sjálft frekar en ég gerði þegar við 1. umr. málsins. En það er út af ræðu tveggja hv. stjórnarandstæðinga, sem minni hl. n. skipa, sem ég taldi ástæðu til að kveðja mér hljóðs. Ég vil í fyrsta lagi taka það fram, að afstaða þessara hv. þm. til þess, sem ég tel vera megininnihald þessarar brtt., sem meiri hl. flytur, hlýtur að mínu viti að vera á misskilningi byggð, a. m. k. hv. 6. þm. Sunnl., því að ég veit, að hann er þann veg þenkjandi, sósíalt þenkjandi í þessum málum, að andstaða hans við þessa brtt. hlýtur að stafa af misskilningi. Það kann að vera, að það megi, eins og hv. síðasti ræðumaður talar um, bæta inn í hana einhverjum leiðréttingum og sjálfsagt eru flm. till. reiðubúnir til þess, ef meginefni helzt, en ég segi hv. þd. það, að frá því að húsnæðismálastjórn hóf sitt starf, hefur einmitt efni þessarar till. verið hennar meginkeppikefli og sér í lagi okkar, Alþfl.-manna, sósíalista og Alþb.-manna, sem þar hafa átt sæti. Vegna hvers? Vegna þess fyrst og fremst, að við höfum orðið að dæma lánin til einstaklinga eftir einstaklingnum, eingöngu eftir hag hans og ástæðum, burtséð frá því, hvernig sá, sem selur honum íbúðina, fer með hann. Setjum svo, að maður fái sams konar íbúð og ég — við skulum bara taka einhverja skikkanlega íbúð, 80 fermetra íbúð. Við kaupum hana hjá sínum aðilanum hvor, og það munar 200—300 þús. kr. á söluverði þessara aðila. Við kaupum íbúðirnar á svipuðum tíma, og við fáum nákvæmlega sama lán hjá húsnæðismálastjórn. En sá, sem er svo óheppinn að þurfa að taka íbúðina með hærra verðinu, stendur illa að vígi, því að verið getur, að lánið frá húsnæðismálastjórninni hrökkvi ekki fyrir mismuninum.

Með þeirri till., sem hér er flutt, er sett sú trygging, að húsnæðismálastjórn sjálf hefur hönd í bagga með verði þessara íbúða. Áður en bráðabirgðalánið til viðkomandi byggingarmeistara er af hendi látið, samþykkir hún verð, sem hann skuldbindur sig fyrirfram til að láta íbúðina á. Það er reginmunur á þessu og því, sem viðgengizt hefur undanfarið í hinu almenna veðlánakerfi, þar sem við höfum orðið að láta Jón Jónsson, ef ég má orða það svo, hafa sitt ákveðna hámarkslán, af því að hann hafði svona og svona slæmar ástæður, alveg án tillits til þess, hvernig sá, sem seldi honum íbúðina, fór með hann eða hvað hann, söluaðilinn, hagnaðist mikið á sinni sölu. Og þessu til rökstuðnings vil ég enn fremur benda á það, sem oft er vitnað hér til, bæði af mér og hv. stjórnarandstæðingum nú í seinni tíð, að það er þetta fyrirkomulag, sem gildir hjá flokksbræðrum mínum á Norðurlöndum. Þeir hafa þann hátt á, að byggingarmeistarinn verður fyrirfram að skuldbinda sig til þess að selja íbúðina eða fermetrann í þessu húsnæði á fyrirfram ákveðnu verði, og hann verður að bíða tjón af verðhækkunum og öðru slíku, sem skeður á byggingartímanum og lánið, sem hann hefur fengið meðan á byggingartímanum stóð, færist síðan yfir á hinn væntanlega

íbúðareiganda, og það er hugmyndin, sem að baki þessari till. hér liggur.

Ástæðan til þess að byggingarmeistarar ganga inn á þessa till. nú, en hafa ekki til þess fengizt til þessa, er tilkoma byggingaráætlunarinnar hér. Þeir segja: Við skulum keppa við ríkisfyrirtæki, sem þeir nefna svo, og við skulum láta af hendi billegri íbúðir heldur en framkvæmdanefnd byggingaráætlunar stendur fyrir nú. Við skulum sanna ykkur það með því að taka á okkur sömu áhættu og hún gerir. Við þurfum bara að fá rekstrarfé meðan á byggingartímanum stendur, og það rekstrarfé færi síðan með íbúðinni sem lán til hins væntanlega eiganda.

Það er þess vegna alger misskilningur hjá hv. 4. þm. Sunnl., þegar hann talar um, að þetta kerfi muni út af fyrir sig rýra hið almenna veðlánakerfi. Hvaða aðilar fá þessar íbúðir? Er það einhver, sem ekki þurfti íbúð áður? Vitanlega fá jafnt ungir sem gamlir þessar íbúðir, sem byggðar kunna að verða með þessum hætti, rétt eins og íbúðir byggingaráætlunar. Ungt fólk situr síður en svo verr að þessum hlut heldur en hinu almenna veðlánakerfi í dag. Þetta ákvæði má sjálfsagt gjarnan orða eitthvað stífara, en ef húsnæðismálastjórn hætti raunverulega að úthluta þessum hámarkslánum til væntanlegra íbúðareigenda, en úthlutaði íbúðum, íbúðum, sem fyrirfram er tryggt með samningum við húsnæðismálastjórn fyrir hvaða verð skuli byggðar, þá tekur það af þessa möguleika, sem menn hafa oft talað hér um á undanförnum árum, bæði ég og aðrir, til að stunda braskviðskipti með íbúðir, þannig að menn geti jafnvel dregið að selja íbúðir sínar til þess að bíða eftir verðhækkunum og annarri óáran í fjárhagsmálum í landinu, til þess að geta síðan fengið íbúðina hækkaða svo og svo mikið í krónutölu.

Þess vegna held ég, að það sé grundvallarmisskilningur hjá þessum ágætu þdm., sem hér hafa um þetta talað, andstæðingunum, að þetta sé spor aftur á bak, sem rýri hlut þeirra, sem annars hefðu fengið eðlileg lán. Ég tel þvert á móti, að í þessu felist mikil trygging fyrir væntanlega íbúðareigendur frá því, sem því miður hefur verið undanfarin ár. Og ég held, að það sé alveg tvímælalaust jafnréttisósk af hálfu byggingarmeistaranna að fá að keppa við byggingaráætlunina, það sé æskilegt fyrir hana sjálfa og byggingarmeistarana líka. Ef braskhugmyndin sem ég nefndi hér áðan, hefur verið svo almenn sem ég og aðrir höfum viljað halda fram, þá hefur þessu hugarfari með þessu verið snúið við. Í stað þess að sæta færi til að selja á sem hæstu verði vilja menn a. m. k. eins og nú horfir, geta sýnt byggingarkostnaðinn sem allra lægstan hjá sér. Ég tel þetta svo mikils virði fyrir alla væntanlega íbúðareigendur og sanngirniskröfu af hálfu byggingarmeistaranna, að þeir fái þessa aðstöðu, að till. sé að meginefni til sjálfsögð og til mikilla hagsbóta fyrir væntanlega íbúðareigendur.

Þetta vildi ég um þessa brtt. segja. Ég efast ekki um, að flm. hennar séu tilbúnir til að gera þetta orðalag eitthvað skarpara, að lánin veitist byggingarmeisturum t. d. á meðan á byggingartíma stendur og skiptist síðan á milli væntanlegra íbúðareigenda. Látið var að því liggja hér áðan, að lánin gætu hugsanlega samkv. till. setið eftir hjá byggingarmeisturunum. Það er alls ekki meiningin. Það, sem er hugmyndin með till. og að baki þessu nál., sem till. er byggð á, er fyrst og fremst það, að þeir menn, sem byggja íbúðina, fái, gegn þeim fyrirheitum, sem ég hef þegar minnzt á, fé til sín meðan á byggingartímanum stendur. Og húsnæðismálastjórn hefur áður samþykkt verð íbúðanna og gengið að söluskilmálum og talið þá viðunanlega, annars fá þessir aðilar ekki lánið. Og þar er eins rækilega frá því gengið og mögulegt verður. Þar er þingkjörin stjórn, fulltrúar allra flokka, sem hlut eiga að máli, þannig að fullkomið eftirlit ætti að vera með því, að rétt sé á haldið. Og ég þekki þessa gömlu samstarfsbræður mína það vel, að þeir mundu ekki láta það liggja í láginni, ef níðzt væri á mönnum í þessu efni. En þetta er, eins og ég sagði breytt viðhorf frá því, sem áður hefur verið, mjög í bataátt.

Hv. 6. þm. Sunnl. mælti hér fyrir skriflegri brtt., sem hann taldi, að ætti að tryggja það, að sú byggingaráætlun, sem nú er í gangi hér í Reykjavík, skerði ekki hlut almennra lántakenda eða lánamöguleika úr almenna veðlánakerfinu. Að því leyti, sem þessar ábendingar mínar um, að þarna sé á misskilningi byggt, duga ekki gegn þessum fullyrðingum, er rétt að geta þess, að byggingaráætlunin hefur að langstærstum hluta verið uppi borin af Byggingarsjóði ríkisins. Það er rétt. En hitt ber á að líta einnig, að þær framkvæmdir, sem þarna eiga sér stað, koma nú sjálfsagt síður meir allri landsbyggðinni til góða, enda gert ráð fyrir því í því samkomulagi, sem þessar framkvæmdir eru byggðar á frá 1965, að þessar byggingaráætlanir muni dreifast út um landið, og ég man bara nú af hendingu þegar eftir fjórum kaupstöðum, sem þegar hafa hafið sínar undirbúningsathuganir í þessu efni með samþykki félmrn., þ. e. Siglufjörður, Sauðárkrókur, Akureyri og Selfoss og mig minnir Húsavík einnig, og fleiri bæir hafa tilkynnt áhuga sinn á þessum efnum. Þeir hafa allir leitað til framkvæmdanefndar byggingaráætlunarinnar hér og reynt að læra af hennar reynslu um að standa að þessum málum og forðast það, sem þeir hér telja, að gæti miður farið. Að þessu leyti tel ég landsbyggðina njóta þess starfs. Og þó að hér hafi verið byrjað á þessum framkvæmdum, þar sem íbúðarskorturinn var allra sárastur og þyngstur á metunum í afkomu manna, var það einróma álit verkalýðshreyfingarinnar þá, að hér bæri að hefja þessar framkvæmdir.

Svo í öðru lagi vil ég geta þess, að á s. l. ári veitti atvinnuleysistryggingasjóður til þessara framkvæmda 30 millj. kr. og hefur auk þess heitið öðrum 30 á þessu ári, og auk þess er gert ráð fyrir 20 millj. kr. á framkvæmdaáætlun ríkisins til þessara hluta

nú. Það er í fyrsta sinn komið inn á framkvæmdaáætlun þar, þannig að þessar fjárhæðir, sem þarna eru komnar til, um 80 millj. kr., munu að sjálfsögðu draga úr útgjöldum byggingarsjóðs. Einmitt nú þessa daga er verið að gera upp fjárhagslegu hlið framkvæmdaáætlunarinnar, þannig að erfitt er fyrir mig að fullyrða á þessari stundu, hvernig þessi fjárhagsmál standa. En það er alveg ljóst, að meginhluti þessa verkefnis hefur fjárhagslega verið borinn af byggingarsjóði, þrátt fyrir tilkomu þessa fjár, sem ég nú hef nefnt.

Ég hefði því talið, að sú brtt., sem hv. 6. þm. Sunnl. flytur, væri betur komin í þeirri allsherjar endurskoðun á húsnæðismálunum öllum, sem yfir stendur nú, heldur en samþykkjast akkúrat á þessum tíma, meðan jafnóvíst er um þá fjármuni, sem til þessara hluta þarf. Það er hins vegar rétt hjá honum, að um hálfs annars árs skeið tókst að fullnægja öllum umbeðnum lánbeiðnum í húsnæðismálastjórn. Það var hvort tveggja, að tekjur sjóðsins jukust að stórum mun og byggingarframkvæmdir drógust saman um þetta skeið, en jukust svo aftur síðan, en þetta gerði það mögulegt að fullnægja við þrjár lánveitingar í röð öllum lánbeiðnum, sem mun vera nánast einsdæmi hjá slíkum lánasjóði. En eitt af þeim verkefnum, sem ríkisstj. gaf yfirlýsingu um við lok þessarar síðustu vinnudeilu í byrjun marz og fól þeirri svokölluðu atvinnumálanefnd, sem sett hefur verið á stofn, að athuga, eru auknar tekjur Byggingarsjóðs ríkisins. Og væntanlega getur sú nefnd skilað sínu áliti, eins og í yfirlýsingunni segir, áður en gildistími samninganna rennur út á þessu ári. Og ég teldi, að þessi till., sem ég vil á þessu stigi alls ekki mæla gegn, ætti betur heima í þeirri allsherjar endurskoðun ásamt athugun á frekari tekjumöguleikum byggingarsjóðs.

Hins vegar er rétt að minna á það, og ég geri það ekki í neinum ádeilutón, að menn mega ekki tala um þann biðtíma, sem nú gildir hjá húsnæðismálastjórn, eins og hann sé eitthvert fyrirbæri, sem sé nú að taka gildi. Húsnæðismálastjórn hefur starfað frá árinu 1955, og hefur verið bent á það hér, að hún er sett að frumkvæði þáv. félmrh., Steingríms heitins Steinþórssonar, og var mjög merkilegt skref í framfaraátt í þessum málum, og ég tel, að þær lánveitingar og framkvæmdir, eftirlit og endurbætur í byggingarháttum landsmanna, sem húsnæðismálastjórn hefur síðan af hendi leyst, sé stærri og þyngri á metunum heldur en menn kannske almennt vilja viðurkenna í dag. Ég minni t. d. á það, að þegar ég tók fyrst sæti í húsnæðismálastjórn 1956, taldist það til undantekninga, ef fram kom formlega gerð og samþykkt teikning frá öðrum stöðum en Reykjavík og allra stærstu bæjunum hér í nágrenni Reykjavíkur. Það er jafnfátítt, að ófullkomnar teikningar berist í dag. Þetta er fyrst og fremst starfsemi teiknistofu húsnæðismálastjórnar að þakka. Hún hefur getað látið mönnum í té á sanngjörnu verði teikningar, sem þeir hafa síðan getað valið úr, allmiklu úrvali, sem hefur komið þeirri menningu á í þessum efnum, ef ég má orða það svo, að það er jafnfátítt nú eins og almennt var áður, að byggt sé upp eftir algerlega ólöglegum teikningum á vasabókarblöðum.

Þetta held ég að geti nægt af minni hálfu, á þessu stigi málsins a. m. k., varðandi þær aths., sem fram hafa komið. En ef í till. mætti með einhverjum orðalagsbreytingum fyrirbyggja þann misskilning, sem mér fannst örla á í ræðum þessara tveggja hv. þm., vildi ég beina þeim tilmælum til flm., að þeir væru við því búnir að athuga það orðalag og, ef hægt væri, að fyrirbyggja þann misskilning, sem mér fannst aðeins örla á.

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil sérstaklega lýsa ánægju minni yfir 2. gr. þessa lagafrv., þ. e. að nú verði auk Öryrkjabandalags Íslands einnig elliheimilum víðs vegar veitt lántökuheimild hjá húsnæðismálastjórn. Framkvæmdir Öryrkjabandalagsins hér í bæ vekja verðskuldaða athygli og er ekki að efa, að þessi heimild kemur til með að lyfta þeim framkvæmdum. Lánsheimild til handa elliheimilum til að byggja leiguhúsnæði, að sjálfsögðu fyrir gamalt fólk, verður án efa einnig á sama hátt til að lyfta slíkum stofnunum, t. d. elliheimilinu hér í Reykjavík, en rekstur þess er allur hinn athyglisverðasti.

Varðandi brtt. á þskj. 610, sem flutt er af þremenningunum, þ. e. meiri hl. nefndarinnar, að tilhlutan hæstv. ríkisstj., vil ég segja þetta: Ég fagna þessari brtt. og lýsi stuðningi við hana. Samtök byggingarmeistara leggja mikið upp úr því að fá sett inn í l. um Húsnæðismálastjórn ríkisins ákvæði, sem hér er gerð till. um. Íbúðarbyggingar og verð á íbúðum eða jafnvel okur, eins og kallað hefur verið, hefur verið mikið á dagskrá undanfarin ár. Meðal raka, sem byggingarmenn hafa réttilega borið fram, er það, að þeir njóti ekki jafnréttis við t. d. byggingarsamvinnufélög eða sérstaklega við byggingarframkvæmdir í Breiðholti. Það er ekki að efa, að þessi till., ef samþ. verður, verður til mikils hagræðis fyrir byggingarmenn og ekki síður fyrir væntanlega kaupendur, sem eftir samþykkt þessarar till. eiga að geta gengið inn í kaup á tilbúnum íbúðum og þannig yfirtekið lán húsnæðismálastjórnar strax við kaupin. Þetta fyrirkomulag á einnig að geta orðið kaupendum íbúða mikil trygging. Margir þekkja sögu um óheyrileg kaup á hálftilbúnum íbúðum. Kaupendur íbúðanna hafa þá sem leikmenn oft gengið út frá, að þeir væru að kaupa íbúðarhúsnæði, sem lengra væri komið í byggingu, án þess að gera sér grein fyrir, hve mikið væri ófullgert. Hér er gert ráð fyrir, að íbúðir, sem þessi lán fengjust til, séu seldar fullgerðar með verðviðurkenningu húsnæðismálastjórnar. Það er ekki vafi á því, að þetta fyrirkomulag getur gert mikla byltingu til þess að færa byggingarkostnaðinn nær réttu verðlagi. Byggingartími hér á landi er óhæfilega langur. Vextir á byggingartíma eru veruleg upphæð og verða þeir að sjálfsögðu til þess að hækka byggingarkostnað, þar sem um langan tíma er að ræða, oft 2 ár, sem venjulegt

íbúðarhúsnæði, er í byggingu. Og mér er nær að halda, að vaxtagjöld af venjulegri íbúð geti numið 10—12% af byggingarkostnaði. Þetta verður sífellt algengara, þar sem byggingarmenn, sem standa í byggingum, hafa að jafnaði ekki fjármagn til að flýta byggingunum sem skyldi, og verður þetta að sjálfsögðu mest hjá byggingarfélögum og byggingarmeisturum, sem byggja í stórum stíl til sölu og ekki hafa sölumöguleika á fyrsta byggingarstigi. Og skiljanlega lendir svo þessi vaxtakostnaður að meira eða minna leyti eða algerlega á kaupendum, sem oft er ungt fólk, sem er að stofna eigið heimili og hefur ekki of góðar ástæður til þess að taka á sig óeðlilegan vaxtakostnað. Þetta er því æskileg till., sem væntanlega fær fylgi hv. þm.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að segja hér örfá orð við 2. umr. þessa máls, breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Eins og fram hefur komið og ég held, að ég hafi getið um í 1. umr., örstuttri ræðu, sem ég hélt þá, er meginefni frv. það að lækka vísitölugreiðslur af húsnæðislánum. Það þarf ekki að eyða löngu máli að því að lýsa stuðningi við það mál, svo mikið óréttlæti sem það hefur verið fram að þessu, að húsbyggjendur eða lántakar úr byggingarsjóði skuli vera því sem næst þeir einu, sem hafa orðið að búa við þessi lánakjör. Og er það sannarlega ómaklegt, eins og hér hefur komið fram, þar sem hér er um að ræða einmitt þá, sem kannske minnsta getu hafa til þess að standa undir slíkum greiðslum. Alveg sérstaklega var þetta ómaklegt eftir að vísitölugreiðslur á laun voru felldar niður, og ég hygg, að það hafi verið einmitt þannig ástatt, þegar ég a. m. k. gerði þá till. hér í þessari hv. d., að vísitölugreiðslur af lánum yrðu algerlega felldar niður. Vitanlega ber að stefna að því að sleppa öllum slíkum vísitölugreiðslum af þessum byggingarlánum, en ég tek undir það með hv. 4. þm. Sunnl., að menn verða að hugsa sér að gera þetta í áföngum, og við munum ekki gera frekari kröfur heldur en það samkomulag, sem gert var við verkalýðssamtökin eftir síðustu vinnudeilu, hljóðar um, en þetta frv. mun vera í samræmi við það.

En það var út af brtt. á þskj. 610 fyrst og fremst, sem mig langaði til þess að segja örfá orð. Það er verið að leggja til í þessari till. að flýta lánum frá húsnæðismálastjórn, að lána þau byggingarmeisturum í upphafi byggingartímabils eða snemma á tímabilinu, til þess að þeir geti byggt húsin fyrr og lendi síður í fjármagnsvandræðum, eins og hér hefur verið réttilega lýst, að margir þeirra eiga við að stríða. Þessi krafa hefur verið nokkuð lengi á döfinni hjá byggingarmeisturum. Þeir hafa, að ég hygg, frá því að framkvæmdirnar við Breiðholt voru ákveðnar, verið með hugmyndir um það, að þeir ættu siðferðilega a. m. k. skulum við segja, rétt á því að njóta þessarar fyrirgreiðslu og sitja við sama borð og þeir, sem byggja af opinberri hálfu, og sýna, hvað þeir gætu í þeirri samkeppni. Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að mér finnst þessi hugsun ekki röng. Ég hef trú á því, að þessi samkeppni milli framkvæmda á vegum hins opinbera og framkvæmda, sem einstaklingar hafa með höndum, geti átt fullan rétt á sér og orðið til þess að lækka byggingarkostnað, sem mjög mikil þörf er á.

Ég hef oft gagnrýnt það hér úr þessum ræðustól á hv. Alþ., að það hafi verið of lítið gert af því af hálfu hins opinbera að framkvæma III. kafla laga um húsnæðismálastjórn, þann kaflann, sem fjallar um lækkun byggingarkostnaðar, og þann kaflann, sem einmitt að mínum dómi ætti að leggja höfuðáherzluna á að framkvæma. Og *mig minnir*, að í sambandi við mál, sem ég flutti hér á þessu þingi um aukna aðstoð við byggingarsamvinnufélög, hafi ég einmitt talað um þessa leið sem hugsanlega til þess að lækka byggingarkostnaðinn og hafi þá viljað hafa byggingarsamvinnufélögin með og gera þau starfhæf á þann hátt að tryggja þeim sölu á ríkistryggðum skuldabréfum, sem er auðvitað meginforsendan fyrir því, að byggingarsamvinnufélögin hafi yfir fjármagni að ráða og geti staðizt samkeppnina vegna þess. Nú er mér ekki alveg ljóst, hvaða hlut byggingarsamvinnufélögum er ætlað að eiga að lánum úr byggingarsjóði eftir þessari brtt. Það er að vísu talað hér um byggingarmeistara og byggingarfyrirtæki. Má vera, að þetta síðara orð tryggi það, að byggingarsamvinnufélögin hafi þarna aðild að eða fái lán jafnskjótt og hér er gert ráð fyrir, að byggingarmeistarar fái þau. Ef svo er, tel ég það vel farið.

Hæstv. félmrh. sagði, að þessi till. væri e. t. v. þannig orðuð, að það mætti koma við á henni einhverjum breytingum og leiðréttingum. Ég held, að það sé full þörf á því að gera það, en satt að segja er mér nú ekki ljóst, hvenær á að gera það, eins og þinghaldi nú er háttað, því að nú eru næturfundir alltíðir og of tíðir. En ég vil gera það að till. minni og taka undir þá till. hæstv. félmrh., að þessari till., svo og annarri till., sem komið hefur hér fram og ég mun víkja örlítið að síðar, verði á ný vísað til hv. heilbr.- og félmn. og hún fái tóm til þess að semja hana eins og flestir geta fallizt á og þannig, að engum misskilningi valdi, hvað hér er um að tefla.

En það er náttúrlega ekki nóg að samþykkja það að fleiri og fleiri aðilar skuli eiga rétt á lánum úr byggingarsjóði, þegar fyrir liggur, að hann er langt á eftir með allar greiðslur, og þess vegna verð ég að taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að ég hygg af hv. 4. þm. Sunnl., að þetta fyrirkomulag muni, ef ekki kemur nýtt fjármagn til, þrengja kost hins almenna húsbyggjanda, þess, sem hefur fengið lán eða á von á láni úr Byggingarsjóði ríkisins og hefur beðið eftir því, sumir nú nokkuð lengi.

Það getur verið, að það sé rétt, sem hæstv. félmrh. sagði áðan, að þegar á líður, þegar þetta fyrirkomulag er búið að vera í gildi í nokkur ár, færist byggingarfyrirkomulagið meira og meira yfir í það horf, að langflestar íbúðir verði byggðar

annaðhvort á vegum hins opinbera eða á vegum samtaka byggingarmeistara eða byggingarfyrirtækja og á þann hátt komi allt það fjármagn, sem húsnæðismálastjórn eða byggingarsjóður hefur yfir að ráða, hinum almenna húsbyggjanda að fullu gagni. En þetta bara tekur tíma og meðan verið er að færa málið yfir í þetta horf, eru aðrir einstaklingar, sem komnir eru af stað og bíða eftir lánum, og það er enginn vafi á því, að þetta háa tillag, sem framkvæmdanefndin í Breiðholti hefur fengið úr byggingarsjóði, hefur orðið til þess, að aðrir, sem eru að byggja og voru byrjaðir, hafa orðið að bíða miklu lengur heldur en annars mundi verið hafa. Þessu er ekki hægt að neita, ekki með nokkru móti. Það þýðir ekkert að benda á það, þó að það kunni að verða í framtíðinni þannig, að flest hús verði byggð á vegum slíkra aðila, það er vissulega rétt, með þeirri hugsun, sem í þessari brtt. á þskj. 610 felst, þá er það fyrir þá, sem annars mundu njóta lána hjá húsnæðismálastofnuninni. En það hlýtur að rýra hlut þeirra, sem eru byrjaðir og bíða núna. Þess vegna vil ég mjög eindregið taka undir þá skriflegu brtt., sem hv. 6. þm. Sunnl. hefur borið hér fram og fjallar um það, að þegar sérstakar lánveitingar — eða lánveitingar með sérstökum hætti eru látnar fara fram, sé ríkissjóður skyldugur samkv. lögum til þess að útvega byggingarsjóði aukið fjármagn. Sú krafa hefur oft komið fram að því er varðar framkvæmdirnar í Breiðholti, m. a. að ég hygg við umr. um fsp., sem ég leyfði mér að flytja ásamt fleirum um framkvæmd lána hjá byggingarsjóðnum, að ríkissjóður stæði við það loforð, sem hann gaf verkalýðsfélögunum, þegar byrjað var á framkvæmdunum í Breiðholti, og samningurinn um þær var einn liður í lausn vinnudeilu, að sérstakt fjármagn kæmi til. Það mun vera rétt, að atvinnuleysistryggingasjóður lánaði á s. l. ári 30 millj. til þess að fjármagna þessar framkvæmdir. Það er vafalaust rétt, sem hæstv. félmrh. upplýsir, að atvinnuleysistryggingasjóður ætli sér eða muni lána aðrar 30 millj. á þessu ári til þess að standa undir þessum framkvæmdum, en mig minnir fastlega, að samkv. þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. gaf sjálfur í febrúarmánuði — ég man ekki alveg hvaða dag það var — sé þetta engan veginn nóg, jafnvel þótt þessar seinni 30 millj. séu komnar til, til þess að byggingarsjóður hefði fengið til baka það fjármagn, sem hann hefur látið umfram það, sem aðrir húsbyggjendur mundu fá, ef þeir hefðu tekið sig saman og byggt þessar blokkir. Þess vegna finnst mér það vera alveg sjálfsögð krafa, að hæstv. ríkisstj. hlutist til um, að þetta fjármagn fáist. Og ég treysti því, að hæstv. ráðh. vilji fallast á það, enda mótmælti hann því ekki hér í ræðu sinni áðan. Hann sagði að vísu, að þessi till. ætti betur heima í sambandi við einhverja allsherjar endurskoðun, sem hæstv. ríkisstj. er alltaf að láta fara fram á þessum málum. Ég minnist þess t. d. og mig langar þá að nota tækifærið til þess að spyrja um það, að áðurnefnt frv. frá mér um byggingarsamvinnufélög var afgreitt til hæstv. ríkisstj. með rökst. dagskrá þann 1. febr. s. l. og rökstuðningur þeirrar dagskrár var, að þessi mál væru öll í athugun hjá hæstv. ríkisstj. og þess vegna væri ótímabært að samþykkja það frv., sem þar var um að ræða. Það er náttúrlega gott að flana ekki að neinu. Ég er alveg samþykkur því, og það mætti athuga málin betur, sum, sem hér eru send til afgreiðslu, eins og t. d. þau mál, sem upplýst er, að ekki stoppi heilan dag í Stjórnarráðinu. Það er ekki mikil athugun, sem slík mál fá þar, ef að líkum lætur. En svo eru aftur önnur mál, sem eru kannske fullt eins aðkallandi, sem eru allt of lengi í Stjórnarráðinu. Væri ekki hægt að hafa eitthvert meðalhóf á þessu?

Um húsnæðismálin má náttúrlega endalaust ræða og hefur raunar oft verið gert hér. Ég skal ekki að þessu sinni lengja þessar umr. Fundartíminn er sjálfsagt að verða liðinn og menn vilja gjarnan fara að afgreiða þetta mál. Ég geri það að till. minni, að þessum brtt. tveim, sem fram hafa verið bornar, bæði á þskj. 610 og eins hinni skrifl. brtt., sem síðar var fram borin, verði á ný vísað til hv. heilbr.- og félmn., svo að þær fái þar athugun og geti orðið þannig orðaðar, að ekki valdi misskilningi.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. frekar en orðið er. Vil aðeins út af ummælum hv. síðasta ræðumanns minna hér á tvö atriði. Í fyrsta lagi skil ég vel áhyggjur hans, sem alls ekki eru óréttmætar, út af þeirri aðstoð, sem upphaflega var hugsuð við byggingarsamvinnufélögin.

Varðandi endurskoðun á þeim ákvæðum vil ég upplýsa, að það mun hafa verið nokkur skoðanamunur í húsnæðismálastjórn um það, hvort taka bæri gildandi lagaákvæði um byggingarsamvinnufélög til endurskoðunar í þeirri endurskoðun, sem yfir stendur í húsnæðismálastjórn, og til að taka af öll tvímæli í þeim efnum, var í dag skrifað frá félmrn. bréf um, að svo bæri að gera og byggingarsamvinnufélögin væru undir þeim ákvæðum, þó að sérstaklega hefði ekki verið um það samið 1965.

Um aðrar aths. hv. þm., eins og þá, að sum frv. stöðvuðust of lengi, önnur fengju of litla athugun í rn., vil ég aðeins segja það, að að sjálfsögðu eru í þessum athugunum tillagnamenn úr Stjórnarráðinu. Og það veit hv. þm., sem kunnugur er vinnubrögðum þar frá fyrri starfstíma, að slík mál fara ekki athugunarlaust í gegn, þó að ég orðaði það svo, að þeim mönnum, sem athugunin var falin, hefði verið fyllilega treystandi til að ljúka henni og gera hana á viðunandi hátt. Eftir að hún barst mér í hendur, stöðvaðist hún ekki í heilan dag, við það stend ég. Það verður ekki sagt um þessi mál hér, að þau hafi hvorki verið rædd eða athuguð, svo oft hefur hv. þm. og reyndar margir aðrir vakið athygli á þeim sem eðlilegt er. Þau eru mjög spennandi fyrir stóran hluta landsmanna og veltur á miklu um afkomu manna, hvernig til tekst um úrlausnir þeirra á hverjum tíma, og er því eðlilegt, að þau séu

rædd bæði oft og vel, enda verða húsnæðismálin aldrei endanlega leyst, það er mér vel ljóst af nánum kynnum af þeim, þau þurfa sífelldrar og stöðugrar endurskoðunar við og sjálfsagt síaukinna tekna við á hverju tímabili. Þessar gömlu fullyrðingar, sem ég vil segja, að geti verið rökstuddar að ýmsu leyti, að Breiðholtsframkvæmdirnar dragi úr almennri útlánagetu byggingarsjóðs í bili skal ég ekki þræta fyrir. Það er að vísu ekki endanlega uppgert dæmi, en má nokkuð ljóst vera, að vegna hins gífurlega peningamagns, sem til þeirra framkvæmda þarf, muni um ákveðið tímabil draga nokkuð úr hinum almennu lánum. En ég hef aldrei verið í vafa um það, að endanleg niðurstaða þess verði íbúðareigendum til góðs, og með hliðsjón af reynslu annarra nágrannalanda okkar í þessum efnum kann það að taka einhvern tíma, þann tíma, sem áreiðanlega endurgreiðir sig, þegar nægileg reynsla er fengin í þessum efnum.

Ég vil, til þess að fyrirbyggja misskilning á því, sem ég sagði hér áðan um brtt. mína við brtt. á þskj. 610, taka það fram, að ég tel alveg óþarft, að það fari til n. aftur til frekari athugunar. Það er ákaflega ljóst, hvað misskilningnum olli. Það vantaði nánari skýringar á því, til hvaða tíma ætti að veita lánin og hve lengi byggingarmeistarinn ætti að hafa þessa peninga með höndum, og ég fellst á það, að á því þurfi nánari skýringu og veit, að það er alls ekki í huga þeirrar n., sem þetta lagði til, að þetta fé yrði í höndum þeirra lengur en sem byggingartímanum næmi. Þess vegna leyfi ég mér, herra forseti, að leggja fram skrifl. brtt. við þá brtt., sem er á þskj. 610, þess efnis, að á eftir orðunum „byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja" komi: meðan á byggingartíma stendur, er síðan skiptist milli væntanlegra íbúðarkaupenda. Og síðan till. áfram óbreytt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 627) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég get fyrir hönd okkar flm. till. á þskj. 610, sem hér hefur verið allmikið rædd, algjörlega fallizt á þá breytingu, sem fram kemur í till. hæstv. félmrh., sem hann hefur nú nýlega lýst, og tel, að með þessari breyt. verði greinin í heild skýrari og nái betur því markmiði, sem hún stefndi að. En fyrir utan þetta eru örfá atriði, sem ég vildi gera hér að umtalsefni í sambandi við þær umræður, sem orðið hafa um þetta mál og sérstaklega áðurgreinda till., brtt. á þskj. 610.

Mig minnir, að það væri hv. 6. þm. Sunnl., sem taldi, að í þessari till. væri sérstaklega verið að bera fyrir brjósti byggingarmeistara. Ég hygg, að þetta sé á misskilningi byggt. Það má segja, að hagsmunir byggingarmeistara af þessari till. felist kannske fyrst og fremst í því, að þeir fái aukna atvinnu, en ég held, að þegar þetta er skoðað niður í kjölinn, sé þessi till. fyrst og fremst til hagsbóta fyrir þá einstaklinga, sem koma til með að kaupa íbúðirnar af þessum byggingarmeisturum. Í fyrsta lagi á þann hátt, að byggingartíminn verður skemmri vegna aukinnar lánafyrirgreiðslu og í öðru lagi vegna þess, að byggingarmeistarinn getur ekki selt þetta á frjálsu verði, heldur verður háður samþykki húsnæðismálastjórnar.

Ég get vel skilið þá hv. andmælendur þessarar till., sem hafa áhyggjur af því, að samþykkt hennar mundi leiða til þess, að aðrir byggingaraðilar eða einstaklingar, sem væru að byggja, mundu e. t. v. verða frekar útundan, ef þarna ætti að fara að veita nýja tegund lána, og það er auðvitað alveg ljóst, að því meiri skyldur, sem lagðar eru á húsnæðismálastjórn, og þeim mun fleiri aðilar, sem eiga rétt á lánum þaðan, því meira fé verður auðvitað að útvega Byggingarsjóði ríkisins, þannig að hægt sé að verulegu leyti að standa við fyrirheit og skuldbindingar, sem sett eru í lög. Undir það get ég alveg tekið. Hitt verðum við að líta á, að í þessari till. felst fyrst og fremst heimildarákvæði, og það er auðvitað matsatriði, þegar ekki er nægilegt fé fyrir hendi til þess að veita öllum lán á réttum tíma, eins og reyndar er ástatt nú og hefur verið nú í nokkra mánuði, þá er auðvitað alltaf matsatriði, hverjum á að veita, hver á sitja fyrir og hver á að bíða. Og það má reyndar segja, að þegar lán eru veitt einhverjum hópi einstaklinga, sem er að byggja, þá verði aðrir að bíða lengur. En lán, sem væri veitt á þann tiltekna hátt til byggingaraðila, byggingarmeistara eða byggingarsamtaka, sem ætluðu að endurselja íbúðirnar, yrði vitanlega til verulegra hagsbóta fyrir þann hóp, sem kaupir þessar íbúðir, þó að það yrði kannske til óhagræðis fyrir aðra, sem yrðu þá að bíða lengur í staðinn. En þó að það sé alveg ljóst, að það verður að gera gangskör að því að útvega byggingarsjóði aukið fé, þá finnst mér samt felast svo mörg mikilvæg nýmæli í þessari brtt., að ég held, að menn eigi ekki að láta sér vaxa í augum eða gera of mikið úr þessum annmarka á henni, að fé sé ekki fyrir hendi eins og stendur. Það ætti ekki að sleppa þessu tækifæri til þess að koma þessari till. í gegn og þeim mikilvægu nýmælum, sem í henni felast.

Það er kannske of mikið að segja, að það sé rangt, en það er a.m.k. mjög vafasom fullyrðing hjá hv. andmælanda að segja, að byggingarmeistarar eða þeir, sem nytu þessara sérstöku lána, gætu selt íbúðirnar hverjum sem hafa vill, því að það er þó tekið fram í till., að ekki megi selja neinum öðrum en þeim, sem fullnægja úthlutunarskilmálum húsnæðismálastjórnar. Það er tekið fram í till Og það er eitt, sem menn mega heldur ekki líta fram hjá, þegar þessi till. er rædd og það er þetta: Nú rísa kannske upp margir byggingaraðilar, nokkrir stórir aðilar, og vilja fá lán samkv. þessari grein, ef þetta verður lögfest. Það getur bæði verið hér í Rvík, Hafnarfirði, Kópavogi og Akureyri og öðrum þéttbýlisstöðum. Væntanlega hefur húsnæðismálastjórn ekki peninga til að lána þessum aðilum

öllum, en hún getur látið þá sitja fyrir, sem vilja byggja ódýrast. Þeir koma og leggja sínar teikningar fyrir og segja: Við skulum byggja íbúðina og selja hana á þessu verði, miðað við byggingarvísitöluna í dag, og áskiljum okkur rétt til að hækka, ef byggingarvísitalan hækkar. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt eða þarf ekki að vera það. En þarna gæti húsnæðismálastjórn látið þá sitja fyrir, sem byggja ódýrast, og þarna gæti hún komið á, ég vil segja, heilbrigðri samkeppni, annars vegar innbyrðis milli þessara aðila, hins vegar samkeppni þessara aðila í heild við byggingaráætlunina í Breiðholti og aðrar slíkar framkvæmdir, sem eru unnar á vegum hins opinbera og þess vegna má ekki horfa fram hjá þessum mikilvægu atriðum.

Þá held ég líka, að það sé of mikið sagt, að með þessu sé verið að brjóta niður lánakerfið, þetta sé einhver grundvallarbreyting að lána til slíkra aðila. En það er þegar í lögum um Húsnæðismálastjórn ríkisins, að hægt sé að lána á þann hátt, eða ef ekki á þennan hátt, þá skulum við segja á hliðstæðan hátt. Svo segir í lögunum, að ef byggingarfélag sé lántakandi, þá skuli skipt láninu á hlutaðeigandi íbúðir að byggingu lokinni, eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar, og það segir líka í núgildandi lögum, að sé um að ræða byggingarfélag, sem nýtur ríkisábyrgðar, en það eru byggingarsamvinnufélögin, þá geti húsnæðismálastjórn veitt því bráðabirgðalán gegn ríkisábyrgð af fé byggingasjóðs, enda verði láninu skipt að byggingu lokinni á eigendur hlutaðeigandi íbúða gegn 1. veðrétti, og fellur þá ríkisábyrgð niður, þannig að hér er í raun og veru verið að fara inn á svipaða braut og þegar hefur verið mörkuð með byggingarsamvinnufélögunum. Ég sé reyndar ekkert því til fyrirstöðu, að þar sem segir í till., „byggingarmeistarar og byggingarfyrirtæki," þá sé hægt að túlka það nokkuð víðtækt.

Ég vil svo að lokum undirstrika það, að við, sem flytjum þessa till. og stöndum að henni, við föllumst á þá brtt., sem hæstv. félmrh. hefur lagt fram, enda er það sannast mála, að þessi tilmæli og álitsgerð þessarar n., sem ég vitnaði til í minni fyrri ræðu, bárust okkur með stuttum fyrirvara, og ég get fúslega viðurkennt, að það hefði verið æskilegt að hafa lengri tíma til þess að semja þessa till., svo að hún yrði vel úr garði gerð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 626 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BGuðbj, BFB, EÁ, GilsG, KGuðj, ÓlJ, PÞ.

nei: AuA, EggÞ, JónÁ, JÁH, JÞ, MJ, ÓB, PB, StG, SvG, JR.

1 þm. (BJ) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 627 samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 610, svo breytt, samþ. með 12:4 atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 628).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Við 2. umr. málsins var á það bent undir lokin, að sú brtt., sem ég bar fram og samþ. var við þessa nýju gr. frv., sem nú er orðin 3. gr., væri ekki rétt vel orðuð. Ég hef við athugun fallizt á, að svo er. Það er víst dálítið klúðurslegt, þó að lesa hefði mátt þar í málið með velvilja, en ég tel rétt, áður en málið fer úr d., að bera hér fram aðra brtt., sem inniheldur nákvæmlega það sama og hin gr. gerir nú, en ég tel, að fari betur í máli og með leyfi hæstv. forseta vil ég hér með lesa hana upp. En gr. yrði þá svo:

„Húsnæðismálastjórn er heimilt, á meðan á byggingartíma stendur, að veita lán til byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlánareglum húsnæðismálastjórnar. Lán þessi skiptist síðan milli væntanlegra íbúðarkaupenda.

Það er skilyrði fyrir slíkum lánum, að íbúðirnar verði eigi seldar, nema húsnæðismálastjórn samþykki söluverð þeirra fullgerðra. Við verðlagningu íbúðanna skal höfð hliðsjón af byggingarvísitölu."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 629) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 629 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 100. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 630).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt samkv. nýgerðri yfirlýsingu ríkisstj. vegna þess samkomulags, sem náðist í síðustu vinnudeilu í byrjun marz, og það er meginefni frv. Aðrar breytingar, sem hér fylgja með, eru minni háttar, en þar eru veittar viðbótarheimildir vegna nýrra aðila, sem húsnæðismálastjórn er að ákveðnum skilyrðum uppfylltum heimilt að lána, og skýra þær sig sjálfar.

Meginefni frv. er, eins og ég sagði áðan, tilkomið

vegna lausnar vinnudeilunnar og er um það að lækka vísitölugreiðslur af íbúðarlánum húsnæðismálastjórnar um helming frá því, sem verið hefur hingað til.

Ég tel, að frv. þurfi ekki frekari skýringa við. Önnur atriði þess eru tæknilegs eðlis, sem er afleiðing af þeirri meginbreytingu, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 630, n. 659).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Aðalbreytingin er í því fólgin, að frv. gerir ráð fyrir að nokkuð verði komið til móts við þær óskir, sem uppi hafa verið um það, að fellt verði niður vísitöluálag á afborganir og vexti nokkurs hluta þeirra lána, sem húsnæðismálastjórn hefur veitt á undanförnum árum. Frv. gerir ráð fyrir, að þessum óskum verði mætt að þessu sinni að hálfu leyti. Þá kom inn í frv. í hv. Ed. ný gr. frá því, sem var, er það var lagt fyrst fyrir, og er nú 3. gr. og er um það, að húsnæðismálastjórn sé heimilt að lána byggingarmeisturum, sem fjölbýlishús byggja, lán út á húsin, en lánið yfirfærist síðar á þá, sem íbúðirnar kaupa. Verður að telja þetta til bóta í sambandi við þessi mál, og hefur heilbr.- og félmn. einróma lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá hv. Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 698).

---

53. Verzlun með ópíum o. fl.

Á 77. fundi í Ed., 29. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14 20. júní 1923 [177. mál] (stjfrv., A. 459).

Á 79. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 459 er samið í dómsmrn. að ráði landlæknis og annarra sérfróðra manna, sem um lyfjamál fjalla, en efni þess er, að dómsmrn. geti úrskurðað, að tiltekin lyf, eins og segir í 1. gr., sem ætla má, að geti verið mjög skaðleg undir vissum kringumstæðum, skuli sæta sömu meðferð eins og nú gildir um ópíum og fleiri lyf slíkra tegunda. Það kemur fram í grg., að það muni ekki vera um að ræða verulega misnotkun þessara lyfja hér á landi, en hins vegar nauðsynlegt að setja undir lekann og láta um þetta gilda hinar ströngustu reglur, eins og önnur þau lyf, sem l. taka nú þegar til.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn. eða heilbr.- og félmn., sem væri kannske réttara.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 459, n. 548).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í 4. gr. l. um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. frá 20. júní 1923 segir, að dómsmrn. geti úrskurðað, að ákvæði l. þessara gildi um öll ný efni, sem afleidd eru af morfíni, kókaíni eða söltum þeirra, eða hvert annað ópíumsalkaloid, enda hafi það sannazt við vísindalega rannsókn, að misbrúka megi þau á líkan hátt eða að þau hafi lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, er nefnd eru í 2. gr.

Með þessu frv., sem hér liggur fyrir til umr., er ráðgert að breyta áðurgreindri 4. gr. l. á þann hátt að rýmka hana, og hljóðar 4. gr. l. samkv. frv. á þá lund, að „dómsmrn. getur úrskurðað, að ákvæði laga þessara gildi um öll efni, hvort sem þau eru afleidd af morfíni, kókaíni eða söltum þeirra eða ekki, enda hafi sannazt við vísindalega rannsókn, að misnota megi þau á líkan hátt o. s. frv.“

Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, að á síðari árum hefur í nágrannalöndum okkar aukizt notkun ýmissa efna, sem ekki verða talin til lyfja, en geta valdið ávana og fíkn líkt og þekkist við notkun eða misnotkun efna eins og morfíns og kókaíns. Misnotkun þessara nýju efna er að vísu ekki þekkt hér á landi, en eins og í grg. frv. segir, skiptir mestu

máli, að gera megi sérhverjar tiltækar ráðstafanir til varnar í tíma og er það tilgangur frv. Þessu frv. var vísað til heilbr.- og félmn., og mælir n. einróma með, að frv. verði samþ., svo sem fram kemur í nál. á þskj. 548.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 96. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 459, n. 664).

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, fjallar um breytingu á l. um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. nr. 14 frá 20. júní 1923. Felur frv. í sér, að ákvæði laga þessara verði gerð víðtækari, svo að þau nái einnig til annarra efna en þeirra, sem afleidd eru af morfíni eða kókaíni og misnotkun geta valdið á svipaðan hátt. Vaxandi notkun eiturlyfja í ýmsum myndum um allan heim er mikið áhyggjuefni. Eru mál þessi mjög erfið viðfangs. Ber því að sjálfsögðu að gera allar tiltækar ráðstafanir til varnar þessum vágesti hér á landi sem annars staðar. Í því skyni er frv. þetta flutt. Það hefur verið samþ. einróma í Ed. Heilbr.- og félmn. Nd. mælir eindregið með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 699).

---

54. Eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

Á 74. fundi í Ed., 25. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum [170. mál] (stjfrv. A. 417).

Á 75. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Meginmarkmið þessa frv., sem hér er nú lagt fyrir Alþ., er sameining tveggja stofnana, Fiskmats ríkisins og Ferskfiskeftirlitsins, í eina stofnun, sem nefnd verði Fiskmat ríkisins. Með þessari sameiningu er ætlunin, að skipulag þessara mála verði betra. Sömu eða svipuð störf eru unnin í báðum þessum stofnunum og er talið, að eðli málsins samkv. sé eðlilegra og æskilegra, að þau störf séu unnin í einni og sömu stofnun. Við sameininguna nýtast betur starfskraftar beggja stofnananna, meira samstarf næst á milli einstakra aðila og eru af þeim sökum bundnar vonir um nokkurn sparnað við þessa sameiningu. Þróun fiskmats og eftirlits á Íslandi er ýtarlega rakin í grg. þeirri, sem frv. fylgir, og er óþarft að rekja þá sögu út af fyrir sig hér.

Ef frv. þetta verður að l., koma þau í stað heildarlaga um fiskmat, meðferð, verkun og útflutning á fiski, sem sett voru árið 1948, og laga um ferskfiskeftirlit, sem sett voru árið 1960. Lög þessi hafa reynzt vel miðað við það skipulag, sem þau gera ráð fyrir, og eru mörg eldri ákvæði tekin efnislega óbreytt í hið nýja frv. Eins og áður segir, er meginmarkmið þessa lagafrv. skipulagsbreyting. Lög um ferskfiskeftirlit voru sett á árinu 1960, eftir að ferskfisknefnd hafði unnið að undirbúningi ferskfiskeftirlitsins. Ekki voru menn þá sammála um, að ferskfiskeftirlitið yrði lagt undir fiskmatsstjóra, þótt sumir teldu það eðlilega lausn málsins. Það varð því að ráði, að Ferskfiskeftirlitið var gert að sérstakri stofnun, undir yfirstjórn fiskmatsráðs. Ekki var þó til þess ætlazt, að þessi lausn yrði til frambúðar, og var gert ráð fyrir því í l. um ferskfiskeftirlit, að fiskmatsráð endurskoðaði lög og reglur um fiskmat. Á næstu árum aflaði ráðið

upplýsinga og gagna um lög og reglur varðandi eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum í nágrannalöndum okkar, eins og fram kemur í grg. frv.

Eftir þá gagnasöfnun samdi ráðið frv. til l. um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, sem afhent var sjútvmrh. í árslok 1965. Till. fiskmatsráðs hafa verið til athugunar í rn., og hafa till. verið ræddar við fulltrúa hinna ýmsu framleiðslugreina, svo og þá starfsmenn hins opinbera, er málið varðar. Í þessum viðræðum kom í ljós, að hinir ýmsu aðilar höfðu mjög ólíkar skoðanir á því, hvernig eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum skyldi skipulagt og framkvæmt. Frv. það, sem hér er lagt fram, er að meginstofni til eins og fiskmatsráð gekk frá því upphaflega. Þó hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar og hefur verið reynt, eftir því sem frekast er unnt, að samræma hin ólíku sjónarmið, sem fram hafa komið. Fram hefur farið athugun á því, að hve miklu leyti framkvæmd frv. þessa, ef að lögum yrði, gæti haft sparnað í för með sér fyrir ríkissjóð ef framkvæmdin tækist vel. Frv., eins og núgildandi lög, mótar aðeins í stórum dráttum hið nýja skipulag, en leggur á herðar framkvæmdavaldsins að móta framkvæmdina í smærri atriðum. Mikið veltur því á, hvernig framkvæmdin tekst í þessum málum sem og flestum öðrum. Í þessu sambandi er sérstaklega vert að minnast á, að á Bandaríkjaþingi hefur verið lagt fram frv. til l. um eftirlit með fiski og fiskafurðum, sem flutt er inn til Bandaríkjanna eða framleitt þar. Líklegt er talið, að frv. þetta verði að l. Gerir frv. ráð fyrir miklu strangari kröfum og eftirliti með þessum afurðum en hingað til hefur verið. Ekki verður séð á þessu stigi málsins, hvaða ráðstafanir við Íslendingar þurfum að gera til að standast þessar kröfur, en þó er vitað, að ákveðnar ráðstafanir eru óhjákvæmilegar og munu þær hafa nokkurn kostnað í för með sér. Hér er alvörumál á ferðinni, mál, sem við verðum að fylgjast gaumgæfilega með og fylgja fast eftir með þeim aðgerðum, sem nauðsynlegar teljast.

Eins og áður segir, er meginmarkmið þessa lagafrv. sameining Fiskmats ríkisins og Ferskfiskeftirlitsins í eina stofnun, er nefnd verði Fiskmat ríkisins. Hin nýja stofnun skiptist í ferskfisk- og freðfiskdeild annars vegar og saltfisk- og skreiðardeild hins vegar. Er gert ráð fyrir, að ferskfiskeftirlitið og sá hluti af starfsemi Fiskmats ríkisins, sem lýtur að eftirliti og mati á freðfiski, renni saman í eina heild, er nefnist ferskfisk- og freðfiskdeild. Verkaskipting milli þessara tveggja aðila hefur frá byrjun verið tilviljunarkennd, enda erfitt að skilja þar á milli á rökréttan hátt, jafnnátengd og störfin eru. Er það því talið heppilegt, að störf þessi séu í einni og sömu deild. Með því móti munu starfskraftar nýtast betur og minni hætta ætti að verða á árekstrum. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að saltfisk- og skreiðarmat verði í einni og sömu deild. Mat á saltfiski og skreið er að mestu framkvæmt af sömu fiskmatsmönnum og hentar það vel, þar sem saltfiskmat fer að mestu fram mánuðina marz—júlí, en skreiðarmatið einkum mánuðina september—febrúar. Með því að skipa saltfisk- og skreiðarmati í eina deild, verður að ætla, að starfskraftar innan deildarinnar nýtist vel og störf verði samstillt. Verkefni þessara tveggja deilda verða svipuð eða sömu og þessar stofnanir hafa nú á hendi. Þó skal sérstaklega tekið fram, að ráðh. hefur óskorað vald til ákvörðunar um framkvæmd gæða- og stærðarflokkunar á ferskum og frystum fiski. Fer það eftir aðstæðum á hverjum tíma, að hve miklu leyti flokkun er framkvæmd, hvaða fyrirkomulag telst heppilegt í þessum efnum eða hvert framlag ríkið leggur í té. Nægir í þessu sambandi að vísa til þess, sem áður er rakið um breytingar þær, sem í aðsigi eru á kröfum Bandaríkjanna til freðfiskeftirlits.

Frv. gerir ákveðnari og skýrari grein fyrir deildaskiptingu, stjórn og starfsliði Fiskmats ríkisins en hin eldri lög gerðu. Auk forstjórans er þar fiskmatsstjóri og áfram er gert ráð fyrir tveimur deildarstjórum, er veita forstöðu hvor sinni deild. Þessir þrír forstöðumenn fiskmatsins koma í stað eftirtalinna manna, sem starfa samkv. gildandi lögum, en stöður þessara manna eru lagðar niður: fiskmatsstjóra, þriggja yfirfiskmatsmanna, sem í samningi um laun ríkisstarfsmanna nefnast yfirfiskmatsmenn með sérþekkingu á skreið, saltfiski og freðfiski, svo og tveggja framkvæmdastjóra ferskfiskeftirlitsins. Auk þess sem þannig er gert ráð fyrir fækkun forstöðumanna, er einnig gert ráð fyrir, að núv. skrifstofa Fiskmats ríkisins yfirtaki störf þeirrar skrifstofu, er rekin hefur verið á vegum Ferskfiskeftirlitsins. Er þannig gert ráð fyrir, að húsakostur sparist og að starfslið á skrifstofu verði minna en áður. Kostnaður við yfirstjórn og skrifstofuhald ætti þannig að minnka. Yfirfiskmatsmenn skulu vera svo margir sem þörf krefur og ákveðið er í fjárl. hverju sinni, en þeir eru fulltrúar fiskmatsstjóra og deildarstjóra í einstökum landshlutum og hafa umsjón með eftirliti og mati í umdæmi sínu. Gildandi lög ákveða, að yfirfiskmatsmenn skuli vera 8 alls og hvar þeir skuli vera staðsettir. Þessu lagaboði hefur ekki verið framfylgt bókstaflega. Aukin útgjöld, fjölbreyttari útflutningur hefur krafizt fjölgunar yfirfiskmatsmanna. Það þykir því ekki æskilegt eða heppilegt að binda fjölda yfirfiskmatsmanna í lögum.

Í frv. er gert ráð fyrir, að yfirfiskmatsmenn geti annazt fiskmat og eftirlit fyrir tvær deildir eða fleiri, og enn fremur getur fiskmatsstjóri kvatt yfirfiskmatsmenn til starfa utan umdæmis þeirra, þegar sérstaklega stendur á og þörf krefur. Með bættu skipulagi fiskmatsins verður að vænta, að starfskraftar yfirfiskmatsmanna nýtist betur en verið hefur. Um réttarstöðu matsmanna skal sagt, að staða þeirra verður svipuð og söm og verið hefur. Með sameiningunni verður þó að vænta, að starfskraftar þeirra notist einnig mun betur en áður og minna þurfi að kosta til starfsbindingar. Það er t. d. ekkert því til fyrirstöðu, að sömu matsmenn annist mat á saltfiski, skreið og ferskfiski, sem ekki hefur tíðkazt hingað til. Staða Rannsóknastofnunar fisk-

iðnaðarins gagnvart Fiskmati ríkisins verður svipuð og verið hefur. Þó má ætla, að áhrif hennar á starfsemi Fiskmatsins verði meiri. Leita skal álits rannsóknastofnunarinnar, áður en settar eru reglugerðir um framkvæmd laganna. Rannsóknastofnunin hefur enn fremur mikilvægu hlutverki að gegna í ráðgjafarnefnd við Fiskmat ríkisins, sem ráðh. getur skipað. Þess skal getið í þessu sambandi, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur eftirlit með niðursuðuvörum og meðalalýsi eins og verið hefur. Þessi störf byggjast að verulegu leyti á rannsóknum og hefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í framkvæmd annast þær. Felld eru úr gildi lög nr. 42 frá 1933 um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis, sem orðin eru úrelt og nánast dauður bókstafur.

Óþarft er að rekja hér einstök ákvæði frv., en mörg þeirra eru nær efnislega samhljóða gildandi lagaákvæðum. Má þar til nefna 2., 10. og 15. gr. frv. 16. gr. er nýmæli, en þar segir, að sýnishorn af öðrum sjávarafurðum en beinlínis heyra undir Fiskmat ríkisins, eins og t. d. niðursuðuvörum, fiskmjöli og lýsi, skuli taka, þegar nauðsyn ber til, og skal sýnishornatakan framkvæmd samkv. fyrirmælum fiskmatsstjóra. Öllum, sem til þekkja, er ljóst, að lengi hefur vantað löggiltan aðila, sem gæti tekið sýnishorn af útfluttum sjávarafurðum og hefur það verið til mikils óhagræðis og verulegs tjóns fyrir sjávarútveginn. Vegna dreifbýlisins er erfitt að koma á sérstakri þjónustu við töku sýnishorna, nema með ærnum tilkostnaði. Fiskmat ríkisins mun hins vegar hafa starfsmenn á flestum höfnum landsins, og er það án efa heppilegasti aðilinn til þess að taka þetta starf að sér.

3. gr. frv. fjallar um útgáfu reglugerða og framkvæmd þeirra. Í gildandi reglugerðum og fyrirmælum er kveðið á um nær öll þau atriði, sem gr. mælir fyrir um, að skipa skuli með reglugerð. Halda þær reglugerðir gildi sínu eftir því, sem við á, þar til nýjar hafa verið settar. Greinin gefur enn fremur fiskmatsstjóra heimild til útgáfu fyrirmæla um framkvæmdaatriði, ef þurfa þykir og ráðh. samþykkir.

Í framhaldi af þessu má minna á, að í 17. gr. er gert ráð fyrir, að hægt sé að skipa ráðgjafanefnd, ef hagkvæmt þykir. Skal sú n. skipuð fulltrúum hinna ýmsu greina sjávarútvegsins, svo og fulltrúa frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Við gildistöku þessara l. hættir fiskmatsráð störfum og þykir þá e. t. v. æskilegt, að starfandi sé n., sem væri tengiliður Fiskmats ríkisins og sjávarútvegsins. N. þessi yrði til ráðuneytis bæði að því er varðar framkvæmdaatriði og til að koma á framfæri æskilegum nýmælum.

Af afnámi l. nr. 42 frá 1960 um ferkfiskeftirlit leiðir, að sjóðurinn, sem stofnaður var með 7. gr. þeirra l. til að standa straum af framkvæmd ferskfiskeftirlitsins, fellur niður. Tekjur sjóðsins hafa verið 1½‰ af fob-andvirði útfluttra sjávarafurða. Svo sem öllum er ljóst, verður á engan hátt talið fært að leggja þennan kostnað á ríkissjóð. Eðlilegt er, að útflutningsframleiðslan beri þennan kostnað, enda er starfsemi ferskfiskeftirlitsins fyrst og fremst í þágu útgerðar og fiskvinnslu, einkum til að tryggja hagsmuni þessara aðila innbyrðis. Er því gert ráð fyrir óbreyttu útflutningsgjaldi til að standa straum af kostnaði við framkvæmd ferskfiskeftirlits. Á s. l. ári varð kostnaður við framkvæmd ferskfiskeftirlits meiri en sem nam tekjum af gjaldinu. Endurtaki sú saga sig, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður hlaupi undir bagga.

Í síðustu gr. frv. segir, að l. öðlist gildi 1. júlí 1968. Nauðsynlegt er, að lög þessi öðlist gildi sem fyrst, til þess að hugsanlegur sparnaður komi svo fljótt til framkvæmda sem kostur er. Lögin eru það umfangsmikil, að hagkvæmt virðist, að þau taki gildi á fyrirfram ráðgerðu tímamarki. Gerir það allan undirbúning að framkvæmd þeirra auðveldari.

Að lokum skal sérstaklega tekið fram, að tilgangur opinbers mats og eftirlits á fiski og fiskafurðum er einkum sá að tryggja eftir föngum, að flutt sé út vara, sem stenzt tilskildar gæðakröfur. Eftirlit eða mat felur ekki í sér neina lagalega tryggingu fyrir gæðum vörunnar. Hin fjárhagslega og viðskiptalega ábyrgð er eftir sem áður hjá framleiðanda eða útflytjanda, svo sem verið hefur.

Ég tel ekki þörf á því, herra forseti, að hafa um frv. á þessu stigi fleiri orð, en legg áherzlu á það, sem ég hélt fram í upphafi máls míns, að nauðsynlegt er að mínu áliti, að frv. nái fram að ganga á yfirstandandi þingi, og þar sem verulega er áliðið þingtímans, mundi ég vilja beina þeirri ósk til hv. n., sem málið fær til meðferðar, að hún hraði svo störfum sem kostur er, enda tel ég, að öllum undirbúningi málsins, sem hefur tekið langan tíma, hafi verið svo vel unnið, að ekki þurfi langrar athugunar við a. m. k. ekki meðal utanþingsmanna. Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það er nú orðið áliðið fundartímans, og það er synd að vera að teíja umræður mikið lengur, en ég sakna eins þáttar við endurskipulagningu á Fiskmati ríkisins og hann er sá, hvað verður um fræðslu þá, sem fiskmatsstjóri hefur gengizt fyrir venjulega einu sinni á ári. Ég sé ekki, að það standi hér neitt í því efni og þó er ætlazt til, að til séu nægir og hæfir menn — verulega hæfir menn til að framkvæma það mikla mat, sem l. ganga út frá. Ég vildi ekki tefja tímann meira, en aðeins gera fsp. um það. Verður einhver breyting þar á eða er hugsað, að sama form verði á fræðslu, þó að ekki séu um það rætt í þessu frv. sérstaklega?

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil aðeins svara þessari fsp. með því, að það er ekki ætlunin að draga á nokkurn hátt úr núverandi starfi fiskmatsstjóra, heldur er hér um verulega viðbót við hans störf að ræða. Þeirri starfsemi, sem hann hefur komið á fót og hv. þm. réttilega nefndi,

mun hann tvímælalaust halda áfram, jafnvel þó að sérstök ákvæði séu ekki um það í gildandi l. eða því frv., sem nú er hér flutt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 417, n. 552).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Jón Árnason: Herra forseti. Í forföllum frsm., hv. 4. þm. Reykv., vil ég leyfa mér að segja nokkur orð um málið og afgreiðslu þess í sjútvn. Aðdragandi þessa frv. er orðinn alllangur. Í árslok 1965 er talið, að fiskimálaráð hafi afhent uppkast að frv. til l. um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum. Áður en til þess kom, er talið, að málið hafi verið í endurskoðun hjá tilkvöddum aðilum um margra ára skeið.

Í grg. með frv. er að finna ýmsar upplýsingar um framkvæmd hliðstæðra mála hjá nágrannaþjóðunum. Þar er einnig að finna margvíslegar upplýsingar um þróun fiskmats og eftirlits með fiskafurðum hér á landi ásamt fleiri upplýsingum varðandi þau mál. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 552, átti n. viðræður við ýmsa aðila, sem hér eiga hlut að máli, og enn fremur leitaði hún umsagnar um málið hjá fleiri aðilum. Niðurstaðan af athugun n. á frv. er, eins og fram kemur í nál., að hún hefur leyft sér að flytja brtt. við frv. í átta liðum og mælir með því, að þannig breytt verði frv. samþykkt. Segja má, að brtt. séu flestar smávægilegar og breyti ekki efni málsins, heldur er aðeins um það að ræða, að n. finnst eðlilegra, að um þessi atriði sé fjallað í reglugerð. Þá telur n. eðlilegt, að yfirfiskmatsmenn séu ráðnir eins og tíðkazt hefur, sbr. 8. gr., og varðandi skipun fiskmatsstjóra og deildarstjóra telur meiri hl. n. eðlilegt, að leitað sé umsagnar n. þeirrar, sem um getur í 17. gr., áður en skipað er í þær stöður. Um 17. gr. voru skiptar skoðanir varðandi það, hvort rétt væri að skipa umrædda n. Einn nm., hv. 5. landsk., er á móti því, að n. verði skipuð, en aðrir nm. leggja það hins vegar til, eins og fram kemur í 8. lið brtt. n.

Það er svo um þetta mál eins og oft vill verða, að ekki er gott að átta sig á því, hvort hér verður um sparnað að ræða eða ekki. Ég tel, að það sé að miklu leyti komið undir framkvæmdinni. Hitt er öllum ljóst, að nauðsynlegt er, að gerðar séu nokkrar skipulagsbreytingar á þessum málum frá því, sem nú er.

Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða frv. öllu meira að svo komnu máli, en leyfi mér, herra forseti, að vísa að öðru leyti til þess, sem fram kemur í nál. Ég vil svo vænta þess, að hv. þd. samþykki brtt. n. og að frv., þannig breyttu, verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. og frsm. gat um, undirritaði ég nál. með fyrirvara. Ég er ósammála meiri hl. um 17. gr. fyrst og fremst og einnig þessu innskoti við 10. gr. um sérsamninga í lögum um launaráðningu ferskfiskmatsmanna. Þetta innskot í 10. gr. er þannig: „Fiskmatsmenn, sem starfa við ferskfiskeftirlit, skulu vera ráðnir starfsmenn, og verða laun þeirra greidd samkv. samningi, sem við þá verður gerður.“ Ég fæ ekki séð, hvaða tilgangi þessi viðbót þjónar. Málsgreinin eins og hún er, var aldrei samþykkt formlega í sjútvn., heldur bað Sigurður Haraldsson, annar framkvæmdastjóri Ferskfiskeftirlitsins, formann n. að lesa upp úr umsögn frá Ferskfiskeftirlitinu, á hvaða hátt það hefur ráðið til sín menn. Ef hv. þd. þóknast að samþykkja þessa viðbót, fæ ég ekki séð, hvernig aðrir fiskmatsmenn megi una því að vera á allt öðrum ráðningarkjörum. Hver er þá sparnaðarárangurinn af frv.?

Í 10. gr. frv. segir, með leyfi forseta: „Nánar skal kveðið á um ráðningu fiskmatsmanna, starfssvið þeirra og annað í reglugerð, sem sjútvmrh. setur.“ Ég tel, að hér sé kveðið á um heimild fyrir ráðh. til að ákveða í reglugerð, með hvaða hætti allir fiskmatsmenn verði ráðnir til starfa, þegar hið nýja form á fiskmati kemur til framkvæmda, en ekki einhver ákveðinn hópur þeirra. Ég geri líka ráð fyrir, að þetta sé óhjákvæmilegt, vegna þess að með þessari endurskipulagningu á að spara, að því er okkur er sagt, um 3 millj. Engin nauðsyn, nema síður sé, er því til þess að klína inn í lög þessu sérákvæði um ákveðinn hóp manna með sérstök ráðningarkjör fyrir ferskfiskmatsmenn. Slík mismunun hjá mönnum, sem vinna hjá sömu ríkisstofnun er fráleit að mínu áliti, og sé hún viðhöfð, tel ég að hið háa Alþ. eigi ekki að lögfesta slíkt, heldur verði viðkomandi ráðh. eða forstöðumaður viðkomandi stofnunar að bera á því fulla ábyrgð.

Ég vil einnig benda hv. þd. á það, að sjútvn. var sammála um það, að heppilegt væri að fella niður úr 9. gr., frá orðunum „tvær deildir eða fleiri“ o. s. frv., vegna þess að, eins og kom fram í umr., heppilegt er að ráðh. kveði nánar á um starfstilhögun í reglugerð, sbr. það, sem ég sagði áður um það, *sem stendur í 10. gr. um ráðningu fiskmatsmanna* allra. Þetta er eðlilegt, og þá getur þessi klausa um sérsamninga fyrir ákveðinn hóp manna hjá Fiskmatinu varla staðizt.

Um 17. gr. mætti hafa langt mál, en ég mun á þessu stigi vera stuttorður. Svo segir í sparnaðarfrv., sem hv. Alþ. hefur þegar afgreitt sem lög, að spara eigi um 3 millj. á endurskipulagningu við Fiskmat ríkisins, liður 14. Ég fæ því ekki séð, hvernig það samræmist megintilgangi endurskipulagningar Fiskmatsins að leggja til, að ráðh. skuli skipa 5 manna ráðgjafanefnd við Fiskmat ríkisins, er taki laun fyrir verk sitt. Það hefði þá verið nær lagi að leggja til, að þessi n. væri ólaunuð í samræmi við það, sem frv. á að hafa í för með sér. Eins og fram kemur í inngangi hins langa nál., eru margir á móti skipun þessarar fyrirhuguðu n. Ég vil benda á, að

meiri hl. fiskmatsráðs lýsir sig andvígan slíkri n. og dr. Þórður Þorbjarnarson, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og form. fiskmatsráðs, lýsti því ótvírætt yfir á nefndarfundinum, að hann teldi þessa n. ekki hafa neitt gildi. Ýmis önnur samtök, svo sem Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, eru á móti því og enn fremur fiskmatsstjóri. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur lýst sig samþykka áliti fiskmatsráðs, en það þýðir í raunveruleikanum, að hún telur þessa n. gagnslausa, og ég held, að sjávarafurðadeild SÍS hafi mjög svipaða skoðun. Einu samtökin, sem lýsa jákvæðri afstöðu til nefndarskipunarinnar, er LÍÚ. Hins vegar hafði ég samband við einn mann, sem fjallaði um þetta þar, og lýsti hann því yfir, að það hefði komið fram, að réttara væri að skipa nefndina, ef hún á annað borð færi á flot, heldur en að hafa það sem heimildarákvæði. Þó kom það líka fram, að sumir töldu þetta gagnslítið eða jafnvel betra, að það væri ekki í lögunum.

Ég hef hér aðeins drepið á veigamestu rökin fyrir því að fella út úr frv. 17. gr. í heild, og vænti þess, að við nánari athugun komist hv. þd. að þeirri niðurstöðu, að það sé æskilegt. Menn verða að hafa í huga, að Fiskmat ríkisins á að vera óháð, traust stofnun og þannig ber því að starfa. Þannig þjónar það bezt hagsmunum allra, sem eiga svo mikið undir farsælu starfi umræddrar stofnunar. Ég hef ekki gert athugasemd við 1½‰ gjaldið til fjáröflunar fyrir Fiskmatið, þar sem mér er kunnugt um erfiðleika ríkissjóðs. Þó má benda á það, að síldarafurðir eru látnar borga með þessu yfir til Fiskmatsins, þótt það annist ekki mat á síldarafurðum. Verði hins vegar sú niðurstaða, að hv. d. felli ekki út 17. gr. frv., kann ég að leyfa mér að endurskoða afstöðu mína varðandi þetta gjald.

Jón Árnason: Herra forseti. Það er rétt, sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, að meiri hl. sjútvn. hefur farið að óskum þess manns, sem hefur með höndum ferskfiskeftirlitið, með það að fallast á, að í stað þess að þeir yrðu skipaðir, þá yrðu þeir ráðnir, þessir eftirlitsmenn. Og það taldi hann sjálfsagt, vegna þess að nauðsynlegt væri að skapa aðhald í starfi þessara manna, og eins getur verið þar um nokkuð tíðar skiptingar að ræða.

Um hitt atriðið er ágreiningur. Í frv. segir, að sjútvmrh. geti skipað 5 manna ráðgjafanefnd við Fiskmat ríkisins, en meiri hl. taldi þetta skipta það miklu máli, að hann leggur til, að það verði ekki aðeins heimildarákvæði, heldur skuli ráðh. skipa þessa ráðgjafanefnd. Það er gert ráð fyrir því, að í þessa ráðgjafanefnd tilnefni eftirtaldir aðilar fulltrúa og varafulltrúa: Landssamb. ísl. útvegsmanna, einn mann, Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands, sameiginlega einn mann, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og Samlag skreiðarframleiðenda sameiginlega einn mann, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samb. ísl. samvinnufélaga sameiginlega einn mann. Forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins á sæti í n. og er hann jafnframt form. hennar.

Það er einnig rétt, sem fram kom hjá hv. 5. landsk. hér áðan, að forstöðumaður rannsóknastofnunarinnar óskaði ekki eftir því, að þessi n. væri skipuð, en hins vegar virðist mér það koma fram í umsögn hans, þegar hann ræddi við n. um þetta atriði, að það væri kannske fyrst og fremst vegna þess, að hann vildi sjálfur vera laus við að taka starf þarna eða taka afstöðu, sem n. getur að sjálfsögðu þurft oft og tíðum að taka. Og ég vil segja það í sambandi við þróun þessara mála, að á undanförnum árum hefur verið full þörf fyrir slíka n., sem hér er lagt til, að verði stofnuð. Í þeim átökum, sem hafa átt sér stað á undanförnum árum, t. d. varðandi fiskmatið á skreiðinni og þann ágreining, sem þar hefur upp risið innan matsins um þá framkvæmd, hefði vissulega verið mikil bót að því, að slík ráðgefandi n. hefði verið ráðh. til stuðnings við þær ákvarðanir, sem þar þurfti að taka. Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þessi ágreiningsatriði, en endurtek, að það er skoðun meiri hl. n., að það sé ekki aðeins rétt, að sjútvmrh. hafi heimild til þess að skipa þessa 5 manna n., heldur sé nauðsynlegt, að hann geri það.

Jón Árm. Héðinsson: Sjálfsagt getum við félagarnir lengi deilt um, hvernig bezt verði komið fyrir mati í þágu sjávarútvegsins. Um hitt mun okkur áreiðanlega ekki greina á, að við viljum, að matið sé sem traustast, bezt og öruggast, og ég held líka, að okkur muni ekki greina á um það, að matsstofnunin, Fiskmat ríkisins, á að vera óháð stofnun, og það á að vera hægt að leggja traust sitt á, að stimpill þeirrar stofnunar sé einhvers virði. Það er ekkert gagn að þeirri stofnun, sem hefur slíkan stimpil, sem ekki er hægt að treysta. Ég veit ekki, hvernig það liti út, ef það ætti að leita álits ákveðinna skúrka í ákveðnu umdæmi um það, hvernig ætti að ráða sýslumann eða tollstjóra. Ætti að leita til ráðvandra manna eða óráðvandra manna? Ég býst við því, að það mundi hljóma undarlega, að óskað væri eftir því að leita um það álits þeirra manna, sem eiga allt sitt undir stofnuninni, með hvaða hætti skuli ráða menn í stofnunina. Það er ekki vafamál, að það eru vaxandi kröfur um heilbrigðiseftirlit í öllum heiminum, um meira aðhald við matvælaframleiðslu í öllum heiminum og ýmsar þjóðir kunna að fylgjast með því, hvernig íslenzka Fiskmatið er byggt upp og hverjir hafi þar hönd í bagga. Hefur framleiðandinn þar hönd í bagga? Þá erum við ekki óháð. Það gæti m. a. s. verið spurnig um það, hvort þetta litla gjald, sem rennur til Fiskmatsins, sem nemur þó sennilega um 9 millj. kr. á ári, gæti ekki verkað þannig á erlenda aðila, að þeir sæju, að þessi stofnun væri háð framleiðendum og þess vegna væri stimpill hennar ekki í því gildi, sem nauðsynlegt væri. Það er þetta, sem ég er að benda á. Ég er alveg viss um, að við erum sammála um það, að Fiskmatið verður að vinna sem allra

bezt og ná sem mestum árangri til að tryggja góða vöru, en ég óttast, að ef slík n. verður skipuð og hún leggur eitthvað til og fiskmatsstjóri eða framkvæmdastjórarnir, ef deildarstjórarnir eru tveir, leggja eitthvað annað til, hver ber þá ábyrgðina og eftir hverju á þá að fara? Hver er hinn sterki aðili? Á þá ráðh. að skera úr, eða á Fiskmatið nokkuð að fara að sitja á þingpöllum? Nei, ef kvartanir koma fram á Ferskfiskmatið, þá lætur auðvitað viðkomandi útvegsmaður sín eigin samtök um að koma kvörtuninni á framfæri. Samtökunum er treystandi til þess að tala við ráðh. eða fiskmatsstjóra eða deildarstjóra þeirra deilda, sem um þessi mál fjalla. Á sama háttt fer með umkvartanir út af saltfiski. Þá eru til sterkar stofnanir fyrir þessar starfsgreinar.

Það er þetta, sem ég vil ekki að komi inn í lögin, að Fiskmatið verði of háð einhverri og einhverri n. Við eigum að fá slíka viðurkenningu fyrir Fiskmat ríkisins, að það mun koma í ljós bráðum, vegna þess að bæði heimta Rússar þetta og Bandaríkjamenn munu sennilega fara inn á þessa línu, því nú liggur fyrir Bandaríkjaþingi frv. í þá átt að herða mjög eftirlit með öllum matvörum, og fiski sérstaklega, og þá ríður á því, að við höfum óháð, sterkt fiskmat, sem hægt er að treysta, ekki neitt kák, ekki neina sýndarmennsku. Það verður öllum fyrir beztu, þegar til lengdar lætur. Það mun alltaf verða erfitt að meta fisk, það þekkjum við vel, sem höfum staðið í þessu. Og það er eðlilegt, að það verði átök og ágreiningur um matið. En það verður ekki til bóta eftir mínu viti og minni reynslu að hafa einhverja n., sem þarf að kalla saman, og bíða svo eftir úrskurði, sem ég veit ekki hvenær gæti komið. Það á að ganga beint til verks með það. Því legg ég til, herra forseti, að við atkvgr. verði atkvæði greidd sérstaklega um 17. gr., og mun ég biðja um nafnakall í því sambandi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 552,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 552,2 (ný 8. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 552,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 552,4 samþ. með 9:7 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 552,5 samþ. með 14 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 552,6 samþ. með 13 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
14.—15. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 552,7 samþ. með 15 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 552,8 samþ. með 10:4 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, JónÁ, MJ, ÓB, ÓlJ, SvG, JR, AuA, BGuðbj.
nei: EÁ, GilsG, JÁH, JÞ, KGuðj, BFB, BJ.
PÞ greiddi ekki atkv.
2 þm. (PB, ÁB) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Svo sem ég tók fram í framsöguræðu um þetta mál, þá var megintilgangur þessa frv. að samræma í einu lagi þá starfsemi, sem frv. fjallar um, Fiskmat ríkisins og fá út úr þeirri samræmingu sparnað í rekstri þessarar stofnunar. Í trausti þess, að þær brtt., sem ég hef nú ekki haft aðstöðu til að kanna til hlítar, miði að því, sem upphaflega var ráð fyrir gert, segi ég já.

18—21. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 571).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 96. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 571, n. 649, 648, 650).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. því til l. um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, sem hér liggur fyrir til umr., var vísað til sjútvn. þessarar hv. d. á síðasta degi fyrir páskahléið, og hefur því eingöngu gefizt tóm til að athuga frv. á þeim dögum, sem liðnir eru síðan páskahléi lauk. Frv. hafði áður verið til meðferðar í Ed., sem hafði gert nokkrar breytingar á upphaflega frv. Það er auðsætt af grg. frv., að það hefur verið lengi í undirbúningi, en þrátt fyrir það kemur fram í umsögnum, sem Ed. bárust, — sem reyndar hafa borizt til sjútvn. þessarar hv. d. líka, — að skoðanir eru skiptar um ýmis atriði frv. Sjútvn. hefði kosið að

ræða efni frv. ýtarlegar við ýmsa aðila, sem gert hafa aths. við það og komið með ábendingar um breytingar, en til þess hefur ekki gefizt tími. N. kvaddi aðeins á sinn fund þá dr. Þórð Þorbjarnarson, formann fiskmatsráðs, og Sigurð B. Haraldsson, efnaverkfræðing, sem er annar af tveim framkvæmdastjórum Ferskfiskeftirlitsins, en ég, sem formaður sjútvn., ræddi þetta mál við Bergstein Á. Bergsteinsson fiskmatsstjóra og þá aðallega þær brtt., sem n. flytur á sérstöku þskj. Það er hins vegar lögð mikil áherzla á, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi, aðallega af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess, að þörf er talin á að endurskoða ýmsar reglugerðir í sambandi við fiskmatið, og þessi lög heimila að sjálfsögðu slíka endurskoðun, og í öðru lagi vegna þess, að gert er ráð fyrir, að reynt verði að koma við nokkrum sparnaði í þessari starfsemi, sparnaði, sem talið hefur verið, að gæti numið 4—6 millj. kr. Þessum sparnaði á að ná fram með því að sameina undir eina stjórn Fiskmat ríkisins og Ferskfiskeftirlitið, og er talið, að með því móti geti starfskraftar þessara stofnana, sem nú eru aðskildar, notazt betur heldur en nú á sér stað. Eftir atvikum hefur sjútvn. talið rétt, að á þetta reyndi, hvort hægt væri að koma þeirri hagræðingu, sem þarna er gert ráð fyrir, í framkvæmd, og þess vegna varð það niðurstaða n., þrátt fyrir þann nauma tíma, sem hún hafði til athugunar á frv., að mæla með samþykkt þess, en þó með nokkrum breytingum, sem ég skal gera lauslega grein fyrir hér á eftir.

Um sjálft frv. er það að segja, að í 1. gr. þess eru skilgreiningar á því, hvað sé fiskur og hvað séu fiskafurðir, í hverju eftirlit með vinnslu fiskafurða sé fólgið og í hverju mat á fiski og fiskafurðum. Í 2. gr. þess er svo kveðið á, að allur fiskur, sem landað er, skuli háður eftirliti, þar til hann hefur verið unninn eða honum ráðstafað á annan hátt. Einnig eru þar ákvæði um, að fiskur eða fiskafurðir, sem fluttar eru út, skuli háðar eftirliti eða vera metnar, nema hvort tveggja sé. Í 3. gr. frv. er kveðið á um, að settar skuli reglugerðir og erindisbréf um framkvæmd laganna og nánari ákvæði, er að því lúta. Í 4. gr. er ákvæði um það, að Fiskmat ríkisins annist eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum samkv. þessum lögum, en að sjútvmrh. hafi yfirstjórn þeirra mála á hendi. Ég vil geta þess, í sambandi við till. sjútvn. um að fella niður 17. gr. frv., þar sem gert var ráð fyrir, að yfirstjórn Fiskmatsins hefði ráðgjafanefnd sér til halds og trausts, sem væri fyrst og fremst skipuð fulltrúum framleiðenda, að hugsunin á bak við þá till. er sú, að viðskiptamenn okkar á erlendum mörkuðum leggja a. m. k. í sumum tilfellum mikið upp úr því, að það eftirlit og mat, sem þarna um ræðir, sé framkvæmt af hlutlausum og óvilhöllum aðila. Það er talið, fyrst og fremst vegna kaupendanna, að ekki sé æskilegt að hafa þá skipan á, sem gert var ráð fyrir í 17. gr. frv. Vík ég e. t. v. nokkru nánar að því hér á eftir.

Í 5. gr. er kveðið á um skiptingu verkefna milli ferskfisk- og freðfiskdeildar, og í 7. gr. eru ákvæði um það, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins skuli framkvæma, í samráði við Fiskmat ríkisins og helztu samtök framleiðenda í hinum ýmsu framleiðslugreinum, þær rannsóknir og tilraunir, sem gera þarf vegna eftirlits og mats á fiski og fiskafurðum.

Ég vil leggja áherzlu á það fyrir mitt leyti, að ég tel þetta mjög mikilvægt atriði, því að allt eftirlit með hreinlæti og góðri meðferð á fiski, sem verið er að vinna úr vörur til manneldis, er orðið það hárnákvæmt og vísindalegt í mörgum greinum, að það er alveg nauðsynlegt, að Fiskmatið geti stuðzt við rannsóknastofnun eins og þá, sem íslenzki fiskiðnaðurinn nýtur nú góðs af, en Fiskifélagið upphaflega kom á fót og nú heitir Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Samkv. 8. gr. skipar sjútvmrh. fiskmatsstjóra, deildarstjóra og yfirfiskmatsmenn, að fenginni umsögn samtaka hinna ýmsu framleiðslugreina. Þessari gr. var breytt í meðferð hv. Ed. og leggur sjútvn. til, að henni verði aftur breytt, og kem ég að því hér á eftir.

Samkv. 9. gr. er fiskmatsstjóra falin á hendur yfirstjórn Fiskmats ríkisins og yfirumsjón með öllu eftirliti og mati á fiski og fiskafurðum í landinu. Ég vil geta þess, að í álitsgerð frá fiskmatsráði, sem vann mikið að undirbúningi þessa máls, kom það fram, að þar höfðu þeir, sem að því áliti stóðu, óskað eftir, að inn í lögin kæmu fyrirmæli um það, hvaða menntunar væri krafizt af fiskmatsstjóra sem æðsta yfirmanni þessara mála. Þau ákvæði hafa ekki verið tekin upp í frv. Ég vil láta það í ljós sem mína skoðun, að ég álít, að í framtíðinni beri að stefna að því að fá sérmenntaðan og sérhæfðan mann í þetta starf, og vil ég þó ekki með þeim orðum kasta neinni rýrð á þann mann, sem þessu starfi gegnir nú. En, eins og ég gat um áðan, eru mörg af þessum störfum orðin flókin og sérhæfð og þarf að vinna að þeim á vísindalega vísu og með meiri nákvæmni en menn með venjulega starfsreynslu hafa yfir að ráða í þeim efnum. Eins og vikið er að í nál. sjútvn., þá gerir n. ráð fyrir, að þessi lög þurfi ef til vill innan tíðar að koma til endurskoðunar, og má þá taka þetta atriði til nánari yfirvegunar.

Í 9. gr. er kveðið á um deildaskiptingu innan Fiskmatsins, og í 10. gr. er svo kveðið á, að fiskmatsmenn er starfa á vegum Fiskmats ríkisins skuli framkvæma undir umsjón yfirmatsmanna eftirlit það og mat, sem þessi lög gera ráð fyrir. Fiskmatsmenn skulu vera löggiltir af lögreglustjóra. Í 11. gr. eru ákvæði um það, hvernig haga skuli ráðningarkjörum fiskmatsstjóra, deildarstjóra og yfirfiskmatsmanna. Hv. Ed. gerði breytingu á þeirri grein, sem við leggjum til, að verði felld niður, þannig að greinin færist aftur í sama horf og hún er í upphaflega frv.

Samkv. 12. gr. er starfsmönnum Fiskmatsins bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi að skýra óviðkomandi mönnum nokkuð frá því, sem leynt á að fara, en þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu. Þetta er sjálfsagt ákvæði í lögum eins og

þessum, því að þarna getur í mörgum tilfellum verið um að ræða mjög mikil trúnaðarstörf, sem ekki er sama, hvernig á er haldið. Í 12. gr. er kveðið á um, að þeir, sem ætla sér að flytja úr landi fisk eða fiskafurðir, skuli tilkynna það hlutaðeigandi deildarstjóra í Fiskmatinu eða yfirfiskmatsmanni, með hæfilegum fyrirvara og að hleðsla vörunnar í skip fari fram undir umsjón starfsmanna Fiskmats ríksins. Í síðari hluta þessarar greinar var upphaflega ákvæði um það, að lögreglustjórar löggiltu hleðslustjóra skv. tilnefningu fiskmatsstjóra og sæju um, að þeir rituðu undir eiðstaf um, að þeir vildu rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra. Þetta ákvæði hefur hv. Ed. fellt niður, en sjútvn. þessarar d. leggur til, að það verði tekið upp aftur, vegna þess að ákvæði um það, að lögreglustjóri skuli löggilda hleðslustjóra er ekki hægt að setja í reglugerð, en sá hafði verið skilningur sjútvn. Ed., og þess vegna hafði hún fellt þetta atriði niður.

Í 14. gr. er hverjum þeim, sem veiði verkar, eða verzlar með fisk eða fiskafurðir, sem lög þessi ná til, gert að skyldu að gefa starfsmönnum Fiskmats ríkisins allar nauðsynlegar upplýsingar og veita þeim aðstoð við framkvæmd eftirlits og mats. Og í framhaldi af því er starfsmönnum Fiskmats ríkisins heimilaður aðgangur að hverjum þeim stað, þar sem fiskur eða fiskafurðir, sem lög þessi taka til, eru unnar eða geymdar. Einnig er í gr. kveðið á um sýnishornatöku. Í 15. gr. eru svo nánari ákvæði um valdsvið fiskmatsstjóra, deildarstjóra og yfirfiskmatsmanna, en fiskmatsstjóri skal úrskurða, ef ágreiningur rís vegna fiskmats eða eftirlits, en skjóta má úrskurði hans um skilning á lögum þessum og reglum settum skv. þeim til sjútvmrn.

17. gr. frv., eins og hún var upphaflega, var heimildargrein fyrir sjútvmrh. til þess að skipa 5 manna ráðgjafanefnd við Fiskmat ríkisins, og átti að tilnefna í hana fulltrúa frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands o. s. frv. Þessari gr. breytti hv. Ed. í það horf, að í staðinn fyrir að í henni fólst heimild fyrir ráðh. til að tilnefna þessa ráðgjafanefnd, þá segir frv., eins og það liggur fyrir nú, að n. skuli skipuð. En eins og ég vék að áðan, þá er það mat okkar í sjútvn. þessarar d., að þessa grein beri að fella niður, og af því leiðir, að gera þarf nokkrar aðrar breytingar á frv.

Ég vil geta þess, að eftir afgreiðslu Ed. á málinu bárust sjútvn. þessarar d. ýmsar aths. um frv. og þá fyrst og fremst svo hljóðandi aths. frá sjútvmrn., með leyfi hæstv. forseta:

„Við afgreiðslu frv. til l. um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum lagði sjútvn. Ed. til ýmsar breytingar á frv., sem allar voru samþ. við afgr. í d. Þar sem nokkrar af þeim breytingum, sem gerðar voru, eru á misskilningi byggðar, skal eftirfarandi tekið fram:

1) Breytingar, sem gerðar hafa verið á 8. og 11. gr. frv., fela það í sér, að yfirfiskmatsmenn eigi að vera ráðnir starfsmenn. Í nál. sjútvn. segir: „Þá telur n. eðlilegt, að yfirfiskmatsmenn séu ráðnir eins og hefur verið til þessa.“ Hér er um misskilning að ræða, þar sem fleiri fiskmatsmenn, sem starfað hafa hjá Fiskmati ríkisins, eru ýmist skipaðir eða settir í sín embætti. Skv. l. nr. 46 1948 um fiskmat, skipar rn. fiskmatsmenn, að fengnum till. fiskmatsstjóra (5. gr.), og í 6. gr. segir, að yfirfiskmatsmenn skuli vera 8 að tölu. Yfirfiskmatsmenn eru nú 15 talsins og eru 8 af þeim skipaðir, en hinir settir. Þeir matsmenn, sem starfað hafa hjá Ferskfiskeftirlitinu, eru aftur á móti ráðnir starfsmenn. Þessi breyting Ed. hefði í för með sér skerðingu á réttindum yfirfiskmatsmanna, því stöður þeirra allra yrðu lagðar niður.

2) Á 10. gr. frv. eru gerðar tvær breytingar. Fjórða málsgr. hljóðaði svo í frv.: „Kaup fiskmatsmanna fyrir störf þeirra og annan kostnað af störfum þeirra við fiskmatið greiði eigendur fisksins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð um störf fiskmatsmanna.“ Sú breyting var gerð, að í stað orðanna: „Kaup fiskmatsmanna“ komi orðin „kaup saltfisks- og skreiðarmatsmanna.“ Breyting þessi gefur tilefni til þess skilnings, að ríkissjóður eigi að greiða kaup fiskmatsmanna við freðfiskeftirlitið. Hins vegar mun tilgangurinn ekki vera sá, og er því æskilegt að frvgr. verði óbreytt, en þar er ráðgert, að þessum málum verði skipað með reglugerð. Eftirfarandi málsgr. er bætt við 10. gr. frv.: „Fiskmatsmenn, sem starfa við ferskfiskeftirlit, skulu vera ráðnir starfsmenn, og verða laun þeirra greidd samkv. samningi, sem við þá verður gerður.“ Að vísu hefur sá háttur verið á, að þessum fiskmatsmönnum hefur verið greidd þóknun skv. sérstökum samningi, en vafasamt virðist að setja sérstök lagaákvæði um greiðslur til þeirra, enda verður að gæta samræmis í kjörum allra fiskmatsmanna.

3) Í 9. og 13. gr. eru felld niður ákvæði á þeim forsendum, eins og segir í nál., að n. finnist eðlilegra, að um þessi atriði sé fjallað í reglugerð. Sum þessara ákvæða verða hins vegar ekki sett með reglugerð, t. d. getur rn. ekki með reglugerð skyldað lögreglustjóra til að löggilda hleðslustjóra. Lögreglustjórar eru stjórnvaldsaðilar, sem heyra undir annað rn. Önnur ákvæði fela í sér heimildir til nánari og sveigjanlegri framkvæmdar laganna.“

Þetta voru aths. sjútvmrn. við frv., eins og það kom frá Ed. Sömuleiðis barst n. svo hljóðandi aths. frá fundi saltfisks- og skreiðarmatsmanna sem ég tel rétt að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Undirritaðir löggiltir saltfisks- og skreiðarmatsmenn hafa kynnt sér frv. til l. um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, sem nú liggur fyrir hæstv. Alþ. Við höfum í þessu sambandi borið saman frv., eins og það var lagt fyrir Alþ. af hæstv. sjútvmrh., við þá breytingu, sem Ed. Alþ. hefur nú gert við 10. gr. frv. sem hljóðar svo: „Fiskmatsmenn, sem starfa við ferskfiskeftirlit, skulu vera ráðnir starfsmenn og laun þeirra greidd með sérstökum samningi, er við þá verður gerður.“ Í 6—7 undanfarin ár hafa saltfisks- og skreiðarmatsmenn búið við það misrétti,

miðað við mat á saltfiski og skreið annars vegar og eftirlit á ferskum fiski hins vegar, að hinum síðarnefndu hafa verið tryggð og greidd föst laun meðan við höfum haft stopula vinnu við mat til útflutnings á tveimur aðalgreinum sjávarútvegsframleiðslunnar. Við höfum vonað, að þetta misrétti mundi verða leiðrétt við endurskoðun fiskmatslaganna, en verði þetta misrétti staðfest með l. frá Alþ. skv. áður nefndri breytingu sjútvn. Ed. Alþ., hljótum við saltfisks- og skreiðarmatsmenn að krefjast sama réttar og þar er lagt til um matsmenn við eftirlit á ferskum fiski, en að öðrum kosti að endurskoða, hvort við gegnum áfram störfum við mat á saltfiski og skreið til útflutnings. Um 17. gr. frv. ásamt þeirri breytingu, sem Ed. Alþ. hefur gert á 8. gr. í því sambandi, fáum við ekki betur séð, en að um óháð opinbert fiskmat til útflutnings sé þá ekki lengur að ræða. Samkv. framansögðu ber að fella 17. gr. niður. Erum við þegar þess vissir, að afstaða stéttarbræðra okkar annars staðar á landinu er sú sama og hér greinir. Virðingarfyllst . . . Til hv. sjútvn. Nd. Alþ."

Undir þetta skrifa 14 fiskmatsmenn.

Í framhaldi af þessum aths. við frv., og eftir viðræður við aðila um það, eftir því sem tími gafst til, flytur svo sjútvn. 5 brtt. á þskj. 650. Fyrsta breytingin er við 8. gr. Hún er sú, að gr. orðist svo:

„Sjútvmrh. skipar fiskmatsstjóra, deildarstjóra og yfirfiskmatsmenn að fengnum umsóknum og meðmælum.

Við skipun deildarstjóra, yfirfiskmatsmanna og ráðningu annarra starfsmanna við Fiskmat ríkisins skal leitað álits væntanlegs yfirmanns starfsmanns þess, sem hlut á að máli."

Breyt. á þessari gr. leiðir af því, að lagt er til í 5. brtt. n., að 17. gr. verði felld niður, en meðan hún var inni í frv., var gert ráð fyrir að sjútvmrh. skyldi leita álits viðkomandi starfsgreina og ráðgjafanefndarinnar samkv. 17. gr., áður en hann skipaði í þær stöður, sem gr. fjallar um.

2. brtt. n. er við 10. gr., og hún er um það, að greinin orðist eins og hún var í upphaflega frv. Verður síðasta mgr. hennar þá þannig:

„Kaup fiskmatsmanna fyrir störf þeirra og annan kostnað af störfum þeirra við fiskmatið greiða eigendur fisksins þeim, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð um störf fiskmatsmanna."

Ég vil taka fram í sambandi við þetta, að samkv. þessari breytingu greiða fiskeigendur ekki kostnað við eftirlit og mat á nýjum fiski.

Brtt., sem lögð er til við 11. gr., er borin fram vegna fram kominnar aths. frá rn. um það, að ef greinin væri látin standa eins og hún nú er í frv., mundu störf yfirfiskmatsmanna, þ. e. þeirra 8 yfirfiskmatsmanna, sem nú eru skipaðir í þau störf, raunverulega vera felld niður og er greininni breytt í upphaflegt horf.

4. brtt. hef ég áður minnzt á. Hún er fyrst og fremst um það að gera það mögulegt að fá löggilta hleðslustjóra.

Ég hef þá lauslega farið yfir efni frv. og þær breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði á því. Þær eru, eins og hv. dm. sjá, flestar um það að færa frv. í upphaflegt horf, að öðru leyti en því, að lagt er til, að 17. gr. verði alveg felld niður.

Tveir hv. nm. skrifuðu undir nál. sjútvn. með fyrirvara, þeir hv. 4. þm. Austf. og hv. 2. þm. Reykn., og hafa þeir flutt sérstaka brtt. við 19. gr. frv., um það, að síðari málsgr. falli niður. Samkv. þeirri mgr. skal greiða 1½‰ gjald til þess að standa undir kostnaði við ferskfiskmatið. Ég vil geta þess, að erindi barst um það frá SÍF, að þetta ákvæði yrði fellt út úr l., en samstaða varð ekki um það í n., og standa þeir hv. 4. þm. Austf. og hv. 2. þm. Reykn. einir að þeirri till., sem flutt er á þskj. 648 um þetta atriði.

Ég vil taka það fram, að sjútvn. er ljóst, að það er engan veginn víst, að tekizt hefði að eyða öllum skoðanamun um einstök atriði þessa frv., þótt n. hefði haft lengri tíma til þess að fjalla um málið. Eftirlit með vöruvöndun fiskafurða og fiskmat eru þannig í eðli sínu, að ekki er að furða, þótt ólíkra sjónarmiða gæti, og ný viðhorf eru sífellt að skapast. Þess vegna eiga ýmis atriði varðandi þessa starfsemi fremur heima í reglugerð en í l., eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., sem setur mjög rúmar heimildir til þess að skipa þessum málum með reglugerðum. Jafnframt má búast við því, að áður en langt líður þurfi að endurskoða þessi lög, eða þær reglugerðir, sem kunna að verða settar samkv. þeim, ef frv. verður samþykkt. Bæði Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sjávarafurðadeild SÍS hafa skýrt svo frá, að í Bandaríkjunum sé verið að setja lög og reglur um strangara eftirlit með fiskmeti en þar hefur gilt til þessa. Bæði þessi samtök óskuðu raunar eftir því, að afgreiðslu þessa máls yrði frestað til hausts, með hliðsjón af fréttum frá Bandaríkjunum um þessi mál. Ekki hefur þótt ástæða til að fallast á þá frestun, m. a. vegna þess, að alltaf er opin leið til endurskoðunar l., þó að hún kunni að taka lengri tíma en endurskoðun reglugerða.

Sjútvn. undirstrikar það í áliti sínu, að þrátt fyrir það að hún mælir með samþykkt frv., m. a. í sparnaðarskyni, sem er út af fyrir sig lofsverður hlutur, leggi hún á það ríka áherzlu, að sá sparnaður megi hvergi leiða til þess, að slakað verði á kröfum um vandaða og þrifalega meðferð fisks og fiskmetis á öllum stigum framleiðslunnar. Eftirlitið og fiskmatið getur ráðið úrslitum um það, hvort Íslendingar halda þeirri fótfestu, sem þeir hafa náð á beztu mörkuðum fyrir fiskafurðir. Það er þess vegna mikilvægt, að þetta kerfi sé þannig upp byggt og framkvæmt, að viðskiptavinir okkar geti viðurkennt það og treyst því.

Ég vil geta þess, að einn nm., hv. 4. þm. Norðurl. e., var fjarverandi, þegar n. fjallaði um þetta mál á þeim fundi, sem hún afgreiddi það.

Ég vil svo að lokum leggja alveg sérstaka áherzlu á það sem mína skoðun, og ég hygg, að það sé einnig skoðun allrar sjútvn., að ef unnt reynist að framkvæma þann sparnað við fiskmatið og fiskeftirlitið,

sem gert hefur verið ráð fyrir, verði það ekki látið ganga út yfir Ferskfiskeftirlitið. Ferskfiskeftirlitið er yngri þáttur í starfsemi Fiskmatsins en sjálft útflutningsmatið. En að mínu áliti hefur Ferskfiskeftirlitið á þeim fáu árum, sem það hefur starfað, unnið ómetanlegt starf fyrir fiskiðnaðinn. Ég held, að það fari ekkert á milli mála, að öllum þrifnaði í sambandi við meðferð á fiski hefur stórfleygt fram, eftir að Ferskfiskeftirlitið fór að hafa eftirlit með þessum hlutum. Það á bæði við um bátana og útbúnað þeirra. Það er ekki lengur um að ræða, að það komi fram í hraðfrysta fiskinum svokallaðar slagvatnsskemmdir, sem áður voru algengar og stöfuðu beinlínis af skorti á þrifum í bátum og frystihúsum, og fleira mætti telja, sem Ferskfiskeftirlitið hefur komið til leiðar. Það hefur haft eftirlit með því, að notað væri ómengað vatn við fiskþvott og annað þess háttar, og sú starfsemi hefur borið mjög góðan árangur. Sömuleiðis hefur Ferskfiskeftirlitið haft á hendi nokkra fræðslu- og leiðbeiningastarfsemi. Sú fræðslu- og leiðbeiningastarfsemi hefur því miður legið niðri nú um nokkurt skeið, en að mínum dómi ber að halda henni áfram.

Ég vil að lokum aðeins nefna það atriði, að vegna þess árangurs, sem Ferskfiskeftirlitið hefur náð í sínum störfum, hefur það á seinni árum iðulega komið fyrir, að bankar hafa leitað álits um ásigkomulag á bátum og fiskmóttökum, og það hefur komið fyrir, að bankar hafa neitað um rekstrarlán, nema hæfnisvottorð lægi fyrir frá Ferskfiskeftirlitinu. Þetta álít ég, að sé engin tilviljun og beri vott um, að þarna hafi náðst góður árangur. Þess vegna vil ég láta það verða mín síðustu orð í sambandi við þetta mál að þessu sinni, að vara eindregið við því, að dregið verði úr þjónustustarfsemi Ferskfiskeftirlitsins. Þvert á móti álít ég, að hana beri að auka.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. sjútvn. þá hefur n. ekki orðið fullkomlega sammála um afgreiðslu þessa máls. 2 nm. hafa skrifað undir nál. með fyrirvara, og er ég annar þeirra og hv. 2. þm. Reykn. hinn. Það er þó ekki hægt að segja, að innan n. hafi verið mikill ágreiningur um efni þessa máls. Þvert á móti mátti segja, að það var allgóð samstaða þar um málið, en það, sem á milli skildi undir lokin, var það, að meiri hl. n., eða þeir sem skrifuðu undir nál. fyrirvaralaust, töldu, að ekki yrði undan því vikizt að afgreiða málið á þessu þ., en við, sem skrifuðum undir nál. með fyrirvara, töldum ekki aðstöðu nú til þess að afgreiða þetta stórmál á þann hátt, sem skylda ber raunverulega til. Það kom hér fram í framsögu af hálfu meiri hl., að raunverulega þá líta þeir svo á, eins og við sem skrifum undir nál. með fyrirvara, að það hafi ekki fengizt eðlilegur tími til þess að skoða þetta mál eins og þó hefði átt að gera. Ég vil benda á það, að hér er um býsna viðamikið mál að ræða. Fiskmat okkar er í allmörgum greinum og býsna viðamikið, og það hefur þótt nauðsynlegt að vinna að endurskoðun á því um langan tíma, og eins og fram kemur í grg. fyrir þessu frv., var það ákveðið strax árið 1960, að fiskmatsráð skyldi taka að sér að endurskoða l. um fiskmat og eftirlit með fiskafurðum. Sú endurskoðun stóð yfir í nokkur ár, og þegar fiskmatsráð loksins skilaði sínum till. til rn., þá ósammála, þá tókst þannig til hjá sjútvmrn., að þar lágu þessar till. í nærri 2½ ár, áður en þær eru lagðar fram hér á Alþ., og þá þó nokkuð breyttar frá því, sem fiskmatsráð eða meiri hl. þess hafði gert till. um. En þegar málið er loksins lagt fyrir Alþ., þá liggur svo mikið á að afgreiða málið rétt í þinglokin, að það vinnst ekki tími til þess í n. að lesa málið, bera það saman við eldri lög eða skoða það á annan hátt, sem skylda alþm. stendur þó til.

Ed. Alþ. fékk þetta mál fyrst til athugunar, og hafði það nokkurn tíma og gerði á því talsverðar breytingar, eins og fram kemur hér í nál. frá þeirri d., en afgreiðslan þar tókst ekki betur en svo, að sjálft rn. sendir bréf í tilefni af afgreiðslu málsins þar og varaði við því að senda frv. í þeim búningi, á því þurfi enn að gera allmiklar breytingar. Og auk þess komu svo fram eftir afgreiðslu málsins í Ed. umsagnir frá ýmsum aðilum, sem starfa að þessum málum, og mótmæli gegn ýmsum ákvæðum frv., eins og þau voru orðin eftir afgreiðsluna í Ed. Eftir að sjútvn. þessarar d. hafði athugað málið, komst hún brátt að þeirri niðurstöðu, að það væri langæskilegast, að þetta mál fengi að liggja til næsta hausts og væri þá tekið til rækilegrar afgreiðslu. Þetta var álit allra nm., vegna þess að þeir gerðu sér strax grein fyrir því, að hér voru uppi mjög deildar meiningar um mörg ákvæði þessarar löggjafar og að málið væri allt þannig vaxið, að það þyrfti meira en part úr degi eða þá einn eða tvo daga, eins og frekast gat verið um að ræða vegna starfstíma þingsins í þetta skipti, til þess að hægt væri að ganga frá þessu máli á viðunandi hátt. En þó að þetta væri álit sjútvn., þá fór það nú svo, að frá hæstv. ríkisstj. komu enn á ný tilmæli um það, að frv. yrði afgreitt og því þá borið við, að það yrði ekki hægt að koma fram ráðgerðum sparnaði í fiskmatinu á þessu ári, nema frv. yrði gert að lögum. Og það var þessi endurtekna beiðni frá ríkisstj., sem réð úrslitum um það, að meiri hl. n. taldi rétt, þrátt fyrir allar þessar aðstæður, að afgreiða frv. N. var svo öll sammála um þær brtt., sem talið var óhjákvæmilegt að gera á frv. og fluttar eru hér á sérstöku þskj., 650. Allir nm. voru sammála um það, að rétt væri þó að gera þær breytingar á frv., en það þýðir að sjálfsögðu það, að þetta frv. gengur aftur til Ed., hvernig sem því reiðir af þar á þeim fáu stundum, sem eftir eru af starfstíma þingsins að þessu sinni. Ég vil geta þess í þessu sambandi, að ýmsir þýðingarmiklir aðilar að þessum málum hafa eindregið lagt það til, að frv. yrði látið liggja. Þannig barst slík umsögn frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og frá Samb. ísl. samvinnufélaga, en báðir þessir aðilar töldu rétt, eins og málið liggur fyrir, að það yrði látið bíða og athugað nokkru

nánar. Það kom einnig fram í viðtali, sem n. átti við dr. Þórð Þorbjarnarson og Sigurð Haraldsson, sem er annar af aðalforstöðumönnum Ferskfiskeftirlisins, að þeir töldu báðir, að það væri mjög æskilegt, ef hægt væri að láta málið bíða og það fengi nokkuð frekari athugun.

En þrátt fyrir það, að svona væri ástatt, þá sem sagt hefur þetta gengið þannig til, að lagt er til hér af meiri hl. að afgreiða málið, þó að það liggi þannig fyrir, að sjútvn. Nd. hefur ekki haft tíma til þess að lesa frv. og bera það saman við eldri l., og þó að hún sjái á því ýmiss konar annmarka og þó að það sé einnig ljóst, að það sé mjög hæpið, að hægt sé að koma fram nokkrum verulegum sparnaði í sambandi við rekstur Fiskmatsins á þessu ári, þó að frv. verði samþykkt nú á þessu þingi, umfram það, sem hægt væri þá að koma fram með því að lögfesta málið t. d. á næsta hausti.

Ég vík þá að nokkrum efnisatriðum þessa máls en verð að viðurkenna að ég hef ekki haft tíma eða aðstöðu til þess að kynna mér málið ýtarlega, en reynt þó að gera mér grein fyrir aðalatriðum þess. Það sem hér er fyrst og fremst um að ræða með þeirri lagabreytingu, sem hér er stefnt að, er það, að gert er ráð fyrir því, að hið svonefnda Ferskfiskeftirlit, sem starfað hefur nokkuð sjálfstætt og hefur haft með höndum sérstakt eftirlit með stærðarflokkun og gæðaflokkun á nýjum fiski, verði lagt niður eða öllu heldur, að verkefni þess verði lagt undir hið almenna Fiskmat ríkisins.

Sé gengið út frá nýlega afgreiddum fjárl., þá er talið, að þetta ferskfiskeftirlit kosti orðið um 9½ millj. kr. á ári, og tekjur hefur Ferskfiskeftirlitið af sérstöku útflutningsgjaldi á sjávarafurðum. En hið almenna fiskmat, Fiskmat ríkisins, kostar aftur á móti skv. fjárl. yfirstandandi árs í kringum 7½ millj. kr. Það er sá hluti reksturskostnaðar hins almenna fiskmats, sem ríkið á að greiða, en auk þessa er svo auðvitað um allmikinn kostnað við fiskmatið að ræða, sem fiskeigendur verða að greiða, þ. e. fyrir störf fiskmatsmanna ýmist í hinu almenna eftirliti, sem á sér stað í frystihúsunum, eða þá í sambandi við útflutningsmatið á saltfiski og skreið og öðrum slíkum útflutningsvörum.

Þá vaknar spurningin: Hvaða möguleikar eru þá fyrir hendi á því að spara útgjöld með því að fela hinu almenna Fiskmati ríkisins þau störf, sem Ferskfiskeftirlitið hefur haft með höndum? Forstöðumenn Ferskfiskeftirlitsins draga það mjög í efa, að hægt verði að spara nokkuð með þessari sameiningu, nema þá að gripið verði til þess að draga úr því eftirliti, sem Ferskfiskeftirlitið hefur með höndum. En hins vegar er það tekið fram af þeim, sem að málunum standa, að til þess sé þó ekki ætlazt. Menn reikni með því, að uppi verði haldið áfram sams konar eftirliti með nýjum fiski, stærðarflokkun hans og gæðaflokkun, sem er undirstaða verðlagningarinnar, bæði gagnvart sjómönnum og bátaútvegsmönnum, eða útvegsmönnum almennt. Það er sem sagt lögð á það áherzla, að haldið verði uppi áfram sams konar starfsemi varðandi ferskfiskeftirlit og verið hefur, en það eigi hins vegar að vinnast af annarri stofnun. Ég held, að það sé enginn vafi á því, að það séu ekki miklir möguleikar án verulegrar breytingar í vinnubrögðum til að spara mikið fé á því að ætla að leggja yfir á hið almenna Fiskmat ríkisins þau verkefni, sem Ferskfiskeftirlitið hefur haft með höndum, því að ég vil ógjarnan trúa því, að á vegum hins almenna fiskmats hafi verið margir starfsmenn fastráðnir, sem ekki hafa haft nema lítið eitt að gera. En hitt er ég alveg sannfærður um, að það er engin leið að ætla að fela hinum almennu fiskmatsmönnum, sem stunda mat á saltfiski og skreið og taka aðallega kaup sitt hjá fiskeigendum, og fyrst og fremst í formi tímavinnukaups — það er engin leið að ætla að leggja á þessa aðila verkefni Ferskfiskeftirlitsins, án þess þeir fái þá fyrir það fulla greiðslu.

Því fer því alveg fjarri, að það hafi komið hér nægilega skýrt fram í sambandi við þetta mál, hvernig er hugsað að ná fram þeim sparnaði, sem mest er talað um í sambandi við þessa skipulagsbreytingu. Ég vil taka það fram sem mína skoðun, að ég er ekki á móti því, að Ferskfiskeftirlitið og hið almenna Fiskmat verði sameinað, að það verði allt rekið undir einum hatti, mér finnst það á margan hátt eðlilegt og það sé sjálfsagt að reyna það, en ég held hins vegar, að það sé mikil þörf á því að athuga þessi mál miklu betur en gert hefur verið, ef það á að verða líklegt, að það sé hægt að ná einhverjum viðhlítandi árangri til sparnaðar í sambandi við þessa skipulagsbreytingu.

Ég fyrir mitt leyti vil þó taka undir það, að það er mjög lofsvert að reyna að spara í þessum rekstri, og ég vil ekki á neinn hátt setja fótinn fyrir það, að hægt sé að koma þarna fram sparnaði, ef það verður þá ekki á kostnað sjálfs eftirlitsins og fiskmatsins, sem er okkur vissulega mjög þýðingarmikið. En þá verður þetta líka að vera raunverulegur sparnaður, sem kemur til skila. Nú er það svo, eins og ég sagði hér áður, að það hefur verið í lögum ákvæði um það, að greitt hefur verið sérstakt gjald af öllum útfluttum fiskafurðum til þess að standa undir kostnaðinum við ferskfiskeftirlitið. Þetta gjald nemur 1½‰ og er talið, að það muni skila á árinu 1968 í kringum 9½ millj. kr. Ef nú er ætlunin að spara á ferskfiskeftirlitinu með því að fela hinu almenna Fiskmati ríkisins að vinna þessi verk, vil ég líka fella niður þetta gjald, sem útflutningurinn þarf að greiða nú. Ég aðhyllist ekki þann sparnað í sambandi við þessi mál, að það verði gerð sú skipulagsbreyting, að í stað þess að ríkið hefur um árarraðir borgað meginhlutann af kostnaði hins almenna fiskmats, þ. e. a. s. eftirlits með útflutningsafurðum okkar, verði þeim kostnaði velt af ríkinu með ákveðinni skipulagsbreytingu og yfir á fiskeigendur, bæði yfir á sjómenn og útvegsmenn, og þeir látnir með sérstöku gjaldi standa undir þessum kostnaðarliðum, því að í mínum augum hefur það ekki annað að segja en það, að það rýmkast þá um hag ríkissjóðs við þau útgjöld, sem hann hefur haft

af hinu almenna fiskmati árum saman og fengið sína tekjustofna áður til að standa undir, en ríkið ætlar svo að losa sig við það að sinna þessu verkefni og koma því raunverulega yfir á bak sjómanna og útvegsmanna í gegnum það gamla gjald, sem áður hafði verið lagt á í sérstöku augnamiði.

Vegna þessa höfum við, tveir af nm. í sjútvn., ég og hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, flutt brtt. við frv. á þskj. 648, um það, að síðari mgr. 19. gr. frv. skuli falla niður, en þessi síðari mgr. felur í sér ákvæði um það, að innheimta skuli af öllum útfluttum sjávarafurðum sérstakt gjald sem nemur 1½‰ og er áætlað að nemi í kringum 9—10 millj. kr. Ég vil spara þessi útgjöld, létta þessum álögum af útflutningsframleiðslunni. Verði þessu gjaldi létt af, er það hins vegar verðugt verkefni fyrir ríkið að reyna að sjá um, að kostnaðurinn af hinu almenna fiskmati og ferskfiskeftirlitinu fari ekki stórt yfir það, sem áætlað er í fjárlögum. Þá væri hér um einhvern raunverulegan sparnað að ræða. Annars er hér fyrst og fremst um það að ræða, að það sé verið að létta tilteknum útgjöldum af ríkissjóði og koma kostnaðinum raunverulega yfir á aðra. Þessi aðferð af hálfu þeirra, sem fara með fjármál ríkisins, er að verða býsna algeng.

Fyrir rúmu ári eða svo stóðum við hér frammi fyrir till. um það, að það skyldi létta af ríkissjóði greiðslum í sambandi við rekstur Rafmagnsveitna ríkisins, en á þeim hafði verið nokkur hallarekstur um áraraðir, og ríkið hafði borgað þennan halla og fengið auðvitað tekjustofna til þess, en svo var framkvæmdur sparnaður á þann hátt, að ríkið þurfti ekki að borga hallann, en lagður var á sérstakur rafmagnsskattur og gjaldið fyrir þetta sama innheimt af rafmagnsnotendum öllum í landinu, almenningi í landinu og fyrirtækjum í landinu. Þetta kalla ég fyrir mitt leyti engan sparnað. Þetta skapar aðeins fé í aðra hluti, en þannig hefur þetta verið hér í fjölmörgum tilfellum.

Skv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. júlí í sumar, en 1. júlí í sumar verða nú sennilega komin á land, miðað við fyrri reynslu, svona 70—80% af þeim nýjum fiskafla, sem fellur undir verksvið Ferskfiskeftirlitsins, og sem sagt til fallinn allur meginkostnaðurinn í sambandi við rekstur Ferskfiskeftirlitsins. Það er því alveg augljóst mál, að þó þetta frv. yrði ekki samþ. nú, heldur í lok okt. eða á haustþinginu, getur hér ekki verið um mikla fjármuni að ræða í sambandi við hugsanlegan sparnað á framkvæmdinni við ferskfiskeftirlitið. Mér sýnist því allt mæla með því, að frv. yrði látið liggja að þessu sinni og efni þess athugað nokkuð nánar, en ekki flaustrað að þessari afgreiðslu nú á þessum síðustu starfsklukkutímum þingsins.

Ég vil einnig benda á það, að sjútvn. hefur lagt hér fram allmargar brtt. við frv., vegna þess að hún telur, að það sé með öllu útilokað að ætla að afgreiða málið í þeim búningi, sem það kom frá Ed. Í þessum brtt. er fjallað um allmikilvæg atriði, m. a. lagt til að fella alveg niður 17. gr. frv., en efni hennar var tekið upp í Ed. En þessi 17. gr. frv. fjallar um það, að sjútvmrh. skuli skipa sérstaka 5 manna ráðgjafanefnd, sem starfi við Fiskmat ríkisins og gert er ráð fyrir því, að ýmsir aðilar, sem eiga hér hlut að máli, skuli tilnefna af sinni hálfu menn í þessa ráðgjafanefnd og að hún eigi síðan að fylgjast með rekstri Fiskmats ríkisins og vera tengiliður milli þess annars vegar og sjávarútvegsins hins vegar, eins og segir í þessari 17. gr. Margir aðilar hafa snúizt gegn þessu ákvæði frv. og bent á, að það gæti verið hættulegt. Það mundi verða litið svo á af ýmsum aðilum, og þá ekki síður af aðilum erlendis, að þetta fyrirkomulag benti til þess, að Fiskmatið væri ekki óháð ríkisstofnun, heldur væri það að verulegu leyti í höndum framleiðendanna sjálfra, sem þarna hefðu jafnvel úrskurðarvald um ýmis deilumál, sem upp geta komið um framkvæmd fiskmatsins. Þannig kemur t. d. fram í umsögn frá SÍF, að þeir eru á móti þessari gr., eins fiskmatsmenn ýmsir, sem sent hafa frá sér umsögn, eru þessu ákvæði andvígir, og það kom líka greinilega fram í sjútvn. Nd., að þar voru allir nm. á móti því að hafa þetta ákvæði í l. Brtt. sjútvn. eru einnig um ýmis önnur atriði mikilvæg, eins og t. d. niðurlag 10. gr. eftir afgreiðslu í Ed., en orðalag í þeirri gr. er þannig, að það virðist hafa fremur ill áhrif á ýmsa þá, sem starfa í fiskmatinu og telja, að með því orðalagi sé gert upp á milli fiskmatsmanna, eftir því við hvers konar fiskmat þeir starfa, og ýmsir þeirra telja, að þeir muni verða að athuga það, hvort þeir starfi áfram í þjónustu Fiskmatsins, ef þeir eigi að lúta þar lakari kjörum en aðrir starfsbræður þeirra, sem þó vinna hjá sömu stofnun að hliðstæðum verkefnum.

Þessar breyt. og aðrar, sem hér hefur verið gerð grein fyrir áður, eru það mikilvægar, að þær sýna greinilega, að það hefur ekki farið fram eðlileg eða fullnægjandi athugun á þessu máli í Ed., og um það er ekkert að villast, að sú athugun hefur heldur ekki farið fram hér í Nd. Ég tel fyrir mitt leyti enga ástæðu til þess að verða við þeim kröfum ráðh., fjmrh. og sjútvmrh., að hespa þetta mál af nú. Það er nú t. d. býsna athyglisvert, að hæstv. sjútvmrh. lætur ekki einu sinni sjá sig hér í d., á meðan er verið að ræða þetta mál og hefði nú kannske ekki verið óeðlilegt, að hann hefði fylgzt nokkuð með því, hvaða álit menn hafa á því, sem hér er verið að gera. En þessi vinnubrögð eru að vísu í fullu samræmi við önnur, sem nú gerast æði algeng hér á Alþ., að ráðh. kasta fram málum á síðustu dögum þingsins, jafnvel breyt. á stórum lagabálkum, jafnvel breyt., sem hefur verið unnið að árum saman og mikill ágreiningur er um, og þess er síðan krafizt, að alþm. geri lagabreyt., sem þannig eru undirbyggðar, á örfáum dögum eða eftir nauðalitla athugun.

Sé það eitthvað óþægilegt, sem ekki hefur nú komið fram nein frambærileg skýring á, að þetta mál sé nú látið liggja fram á næsta haust, geta ráðh. kennt sjálfum sér um og engum öðrum. Hvers vegna var t. d. ekki hægt að leggja fram þetta frv., sem þó hafði verið undirbúið og komið í hendur

sjútvmrn. fyrir 2½ ári síðan, fyrr en núna rétt í þinglokin? Hvaða ástæður voru til þess að liggja þarna á málinu allan þennan tíma, en krefjast þess svo af alþm., að þeir afgreiði málið hér á einum eða tveimur starfsdögum þingsins? Það er vitanlega ekki hægt að ganga inn á svona vinnubrögð. Vinnubrögð sem þessi leiða auðvitað til þess, eins og því miður er orðið býsna algengt, að samþ. eru hér ákvæði á Alþ. inn í löggjöf, sem ekki fá staðizt með neinu móti, ákvæði, sem jafnvel eru hrein endileysa. En stundum eru hafðar uppi afsakanir eins og þær, að það verði nú að samþykkja vitleysuna, jafnvel þó menn sjái hana, vegna þess að það vinnst ekki tími til þess að senda málið til hinnar d. og ljúka málinu þannig. Þetta nær auðvitað engri átt.

Þar sem hæstv. sjútvmrh. er nú kominn hér í þingið, og það hefði nú kannske átt að gefa mér tilefni til að endurtaka alla ræðu mína (Gripið fram í.) Út af fyrir sig væri það nú hægt, en þá vildi ég þó a. m. k. fara þess á leit við hann, að hann gerði hér grein fyrir því, hvað það er í raun og veru, sem gerir það endilega nauðsynlegt að ljúka þessu máli á þessu þingi. Ég hef bent á það hér áður, að það er gert ráð fyrir því í frv., að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. júlí í sumar. Þá verða komin á land a. m. k. 70—80% af þeim fiskafla, sem Ferskfiskeftirlitið þarf aðallega að vinna við. Allur meginkostnaðurinn af verkefnum þess verður því þegar áfallinn. Þó að þetta frv. yrði ekki afgr. á þessu þingi, en tekið hins vegar til afgreiðslu í byrjun næsta þings eða í októberbyrjun, væri þó stórum meiri tími þá til að ljúka afgreiðslu málsins t. d. fyrir októbermánaðarlok. Þá getur ekki verið um mikinn kostnað að ræða, sem fellur til á þessu stutta tímabili, sem hægt er þá að sleppa við, nema þá að menn hugsi sér algera breytingu á sjálfu eftirlitinu í sambandi við Ferskfiskeftirlitið. En nú er það beinlínis tekið fram af öllum aðilum hér, m. a. þeim meiri hl. í sjútvn., sem stendur að afgreiðslu þessa máls skv. þrábeiðni ríkisstj., að til þess sé ætlazt, að það verði alls ekki dregið úr Ferskfiskeftirlitinu á neinn hátt frá því, sem verið hefur, að sams konar vinna verði þar innt af höndum og nú hefur verið innt af höndum.

Ég get ekki séð, að ástæða sé til þess að reka þetta mál í gegn, svo lítið unnið eins og það er hér í þinginu, nema þá að fram komi frá hæstv. ráðh. einhverjar frambærilegar skýringar um það, að með því að afgreiða málið nú skapist möguleikar til þess að spara einhver umtalsverð útgjöld. En auðvitað hlýtur hæstv. ráðh. að taka nokkurt tillit til þess, að hans rn. er búið að liggja með þetta frv. í sínum höndum í meir en tvö ár, og hefur ekki unnizt tími til að leggja það hér fyrir þingið fyrr en starfstíma þess er að verða lokið.

Ég hef hér bent á það einnig, að sjútvn. Nd. hefur ekki haft tíma til að lesa frv., hún hefur ekki haft tíma til að bera það saman við gildandi lög. Hún hefur orðið að láta sér nægja að krafsa í nokkrar greinar, þar sem alveg augljóslega liggur fyrir, að málið fær ekki staðizt í þeim búningi, sem það hefur nú, þegar það kemur frá Ed. Því er það, að n. hefur flutt hér allmargar brtt. við frv., svo að það verður að fara til Ed. Það er því í rauninni alveg óútséð um það, hvort tekst að afgreiða málið, þrátt fyrir þessa pressu.

En ég vil taka það enn fram í áheyrn hæstv. ráðh., að ég fyrir mitt leyti vil þó reyna að greiða fyrir því, að hægt sé að koma fram sparnaði í fiskmatinu, séu þess einhverjir möguleikar, ég vil vinna að því. En ég held hins vegar, að það verði erfitt að koma fram þeim sparnaði nema breytt sé að verulegu leyti til um vinnubrögð, sérstaklega í sambandi við framkvæmdina alla á ferskfiskeftirlitinu. Ef það á að vinnast eins og það hefur verið unnið í aðalatriðum, þó að önnur stofnun eigi að gera það getur hér ekki orðið um neinn verulegan sparnað að ræða. Það er a. m. k. álit þeirra, sem hafa gegnt forstöðu fyrir Ferskfiskeftirlitinu fram á þennan dag. Og ég álít líka, að það verði að koma hér fram í viðræðum, með hvaða hætti eigi að koma þessum sparnaði við, ef á að vinna að ferskfiskeftirlitinu með sama hætti og gert hefur verið.

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. hafi líka veitt því athygli, að mjög þýðingarmiklar stofnanir, sem láta sig auðvitað fiskmat og eftirlit með fiskafurðum skipta, eins og t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. samvinnufélaga og fleiri aðilar, og formaður Ferskfiskeftirlitsins, Sigurður Haraldsson, þessir aðilar hafa allir látið það uppi, að þeir teldu mjög æskilegt, að málið yrði látið bíða og það gæti fengið nokkru frekari athugun. Og það vinnst aldrei vel fram úr vandamálum með því að ætla að setja löggjöf, þar sem flestir þeir aðilar, sem hlut eiga að máli, eru meira og minna óánægðir með skipulagið og una því kannske mjög takmarkað í framkvæmd. Ég hef sagt hér, að ég hef ekki á móti því, að sú skipulagsbreyting fari fram, sem er eitt meginatriði þessa frv., þ. e. a. s. að ferskfiskeftirlitið verði lagt í rauninni undir hið almenna Fiskmat ríkisins og það verði allt rekið þannig undir einum hatti. Ég tel, að með þessu sé stefnt í rétta átt og það beri að vinna að þessu. Ég er því ekki andvígur þessu meginatriði, sem stefnt er að með þessu frv. En ég tel hins vegar, að þegar á að breyta okkar löggjöf um þetta efni, svo vandasamt sem það er, verði að standa að afgreiðslunni hér á Alþ. með öðrum hætti en gert hefur verið. Það er alveg útilokað að bjóða alþm. upp á það að afgreiða þetta svo að segja athugunarlaust, jafnlangan tíma sem bæði fiskmatsráð hefur haft til athugunar á þessum málum og ekki orðið sammála, og eins rn. sjálft til sinnar athugunar á málinu. Ég held hins vegar, að það gætu verið allmiklir möguleikar á því, að takast mætti víðtæk samstaða hér á Alþ. um afgreiðslu þessa máls á næsta hausti og vildi ég þá greiða fyrir henni, en hins vegar væri rétt að láta málið liggja núna. Það held ég að væri miklu eðlilegra.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil nú aðeins í byrjun mótmæla því ávarpi hv. þm., sem hann viðhafði hér áðan, að þar sem ráðh. væri nú mættur á þingi, yrði hann að endurtaka ákveðnar spurningar hér. Hv. þm. veit ósköp vel, að ég á sæti í annarri deild þingsins og var að sinna mínum skyldustörfum þar ásamt fundarhöldum utanbæjarmanna, sem ég veit að þm. er ekki mótfallinn, að einnig sé sinnt, þannig að ég hef verið hér á þingi að mínum skyldustörfum ekkert síður en hann. Þetta var atriði, sem ég vil að ekki væri a. m. k. ómótmælt í þingtíðindum.

Ég verð að telja þær fsp., sem fólust í orðum þm., eftir að ég komi hér inn, mjög eðlilegar. Það er rétt, eins og hann segir: málið á mjög langan aðdraganda og um það hefur verið deilt af þeim aðilum, sem að undirbúningi þess stóðu. Það var meginástæðan til þess, hve lengi málið lá í rn., að tvö álit voru uppi um úrbætur í þessum efnum. Og varðandi það, sem þm. spurði sérstaklega um, get ég upplýst, að það, sem ýtir svo aftur á eftir afgreiðslu þess, eru þær sparnaðarhugmyndir, sem að baki frv. liggja, og tekið var fram af hæstv. fjmrh., þegar hann flutti sína framsöguræðu fyrir sparnaðarfrv., að þetta væri einn liðurinn í því, sem spara átti, svo að það er meginforsendan fyrir því, að nú var lögð í það vinna aftur að ganga á milli þeirra aðila, sem hlut áttu að máli, með fulltrúum sjútvmrn. og fjmrn., og niðurstaða þeirra viðræðna við þessa aðila er þetta frv. Það var að vísu vitað, að einstakir af þessum aðilum höfðu eftir sem áður aths. við það að gera, hvað fram hefur komið í umsögnum þeirra til nefnda, svo að það kemur okkur ekkert á óvart.

Meginástæðan fyrir flutningi frv. og því, að ríkisstj. leggur áherzlu á afgreiðslu þess nú, er sá sparnaður, sem talið er að í frv. felist. Ég vil ekki nefna neinar tölur þar um og hef ekki aðstöðu til þess, hvað í raun og veru mætti spara með þeirri sameiningu, sem frv. gerir ráð fyrir. En það er álit allra þeirra, sem að þessu hafa komið á vegum rn., að það megi gerast á grundvelli samþykktar þessa frv. og þeim reglugerðum, sem semja verður eftir samþykkt frv.

Önnur ástæðan til þess, að lögð er áherzla á afgreiðslu málsins nú, er einmitt þau atriði, sem þm. spurði sérstaklega um varðandi ferskfiskeftirlitið. Svo sem alkunnugt er, er ferskfiskeftirlitið liður í starfi verðlagsráðs sjávarútvegsins. Það er um það samið í sambandi við fiskverð, sem nú gildir, a. m. k. til 1. júlí, að það skuli starfa með sama hætti og verið hefur, þannig að það samkomulag, sem þar hefur verið gert, er ekki unnt að rjúfa. Sparnaðurinn á m. a. að felast í því, að sömu menn gegni fleiri störfum en þeir gera í dag. Það er talið vafasamt, að einstakir starfsmenn Fiskmatsins geti ekki einnig gegnt þessum ferskfiskeftirlitsstörfum og hugsað m. a. að fá fram sparnað í því, auk þess sem hægt er að sameina yfirstjórn þessara mála meira undir einum hatti en nú er í dag.

Þá kvaðst þm. vilja fylgja frv., ef hægt væri að sannfæra menn hér um það, að það spöruðust umtalsverðar upphæðir. Ég sagði það hér áðan og endurtek það aftur, að ég vil ekki á þessu stigi nefna þar fastmarkaðar tölur, en að því er stefnt, eins og hv. þm. er kunnugt, að á þessu megi spara allt að 3 millj. kr. Hvort það tekst, getur m. a. oltið á ýmsum ákvæðum þeirrar reglugerðar, sem samþykkja verður í kjölfar samþykktar frv. og að sjálfsögðu verður það gert í samráði við þá aðila, sem á þessum vettvangi starfa nú.

Þetta held ég að séu þau meginatriði, sem þm. spurði um, eftir að ég kom hér inn og önnur ástæðan fyrir því, að frv. nái fram að ganga. Sú þriðja er sú, að það fer áreiðanlega töluvert mikil vinna í að semja þær reglugerðir, sem frv. gerir ráð fyrir, og það verður að ætla sér einhvern tíma til þess. Það er talið, að af þeim tíma, sem er frá þinglokum nú til 1. júlí, muni ekki veita til þess að ganga frá þessum reglugerðum og hafa um það nauðsynlegt samráð við þá aðila, sem þarna eiga hlut að máli. Þetta held ég að séu þau meginatriði, sem þm. minntist á eftir að ég kom hér inn í sal Nd.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst hlýða, áður en ég ræði um það mál, sem hér liggur fyrir, efnislega, að minnast nokkrum orðum á það, hvernig meðferð stórmála eigi að vera hér á þingi. Það voru fyrir nokkru til umræðu hér í hv. d. frv. til l. um breyt. á þingsköpum Alþingis, og þá var minnzt nokkuð á þetta atriði. Ég hélt því fram þá, að það væri óeðlileg og óheppileg afgreiðsla á stórum málum, ef þau kæmu fram seint á þingi og væru ekki neitt sérlega aðkallandi, að þau væru afgreidd þá þegar, heldur yrði málið látið bíða til næsta þings og afgreitt þá, þannig að stórmál, sem þannig stæði á um, að þau kæmu fram seint á þingi, kæmu til meðferðar á tveimur þingum. Ég held, að ég muni það rétt, að hæstv. forsrh. hafi talið, að þetta væri rétt málsmeðferð. Að sjálfsögðu verður að undanskilja í þessum efnum mál, þó að stór séu, ef þau eru eitthvað sérstaklega aðkallandi, eins og tekjuöflunarfrv. eða annað hliðstætt. Það er eðlilegt, að stjórn knýi á um það að fá slík mál afgreidd, því að rekstur ríkisins og þjóðarbúsins byggist á því, að slík mál nái fram að ganga, a. m. k. að dómi þeirra, sem völdin hafa. En það gildir að sjálfsögðu allt annað um meiri háttar lagabálka og yfirgripsmikla, sem geta verið að ýmsu leyti flóknir og þurfa þess vegna að vera sem skýrastir og greinilegastir, til þess að þeir nái tilætluðum árangri. Ég tel, að það mál, sem hér liggur fyrir, komi hiklaust undir þann flokk mála. Ég álít, að þetta frv., sem hér er til meðferðar, sé eitt af allra mestu stórmálum, sem fyrir þetta þing hafa komið. Það þarf ekki að lýsa því fyrir þm., hve mikilvægur útflutningurinn er í okkar þjóðarbúskap og hversu þýðingarmikið það er, að við vöndum sem allra bezt útflutningsframleiðsluna, því að eftir því fara mjög bæði sölumöguleikar og verðlag á útflutningsvörum. Við þekkjum mörg dæmi þess úr okkar sögu, að útflutningsvörur okkar hafa selzt

vel, vegna þess að við höfum staðið framarlega í vöruvöndun. Önnur dæmi þekkjum við einnig, sem eru gagnstæð, þar sem vöruvöndunin hefur verið léleg eða henni hnignað og af því hlotizt það, að salan hefur minnkað og jafnvel góðir markaðir alveg tapazt af þeim ástæðum. Þess vegna er það ákaflega mikilvægt, að það sé vandað sem allra bezt til meðferðar eða verkunar á okkar útflutningsafurðum og það eftirlit, sem hefur það verkefni með höndum, sé sem traustlegast og bezt byggt upp. Ég held, að þess vegna — ég sé, að ráðh. brosa, en það er langt frá því, að þetta sé nokkurt hlátursmál. Það er fullkomið alvörumál, að við vöndum sem bezt okkar útflutningsvöru og gætum þess að missa ekki markaði erlendis af handvömm í þeim efnum. (Gripið fram í.) Ja, það er nú það mál, sem hér liggur til meðferðar, og ég hygg, að ráðh. fylgist svo vel með málum, að þeim sé það efst í huga hér í þinginu hverju sinni, sem verið er að ræða um. En hins vegar er ekkert á móti því, að menn létti sér upp öðru hverju og láti liggja vel á sér. Og það gleður mig, að það skuli liggja vel á ráðherrunum, því að eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur oft sagt okkur, skiptir það miklu máli, að menn séu frekar léttlyndir heldur en hitt. Það léttir þeim störfin, og ég held, að þannig sé nú ástatt um hæstv. ráðh., að þeim veitti ekki af því að geta haft aðgang að slíkum heilsubrunnum, a. m. k. öðru hverju.

Ég sagði áðan, að þetta mál væri ákaflega stórt og yfirgripsmikið. Eins og hv. þm. sjá á 20. gr. frv., er hér hvorki meira né minna en slengt saman þremur stórum núgildandi lagabálkum. Það eru lög nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski. Það eru lög nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit, og það eru lög nr. 42 19. júní 1933, um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis. Ef menn fletta upp í stjórnartíðindum eða þingtíðindum frá þessum tíma, geta menn séð, að hér er um mjög stóra lagabálka að ræða, og þess vegna mætti það nú ekki minna vera en sú þingnefnd hér í hv. d., sem um þetta mál hefur átt að fjalla, hefði haft aðstöðu til þess að bera öll þessi lög saman eða ákvæði þeirra við þetta frv., en það var upplýst af hv. 4. þm. Austf. hér áðan, sem á sæti í sjútvn., að n. hafi alls ekki unnizt tími til þess að framkvæma slíka athugun. Það er líka rakið mjög greinilega í nál. hv. sjútvn., hvernig málsmeðferðin hefur verið hér í hv. d. á þessu stóra máli. N. segir, að frv. hafi fyrst verið vísað til n. miðvikudaginn 10. þ. m., eða þann dag, sem páskafríið hófst. Að sjálfsögðu starfaði þingið ekki yfir páskadagana frekar en aðrir aðilar, og ekkert gat þess vegna orðið úr athugun málsins þá. Þegar þingið kemur svo saman aftur eftir páskana, eru ekki eftir nema fjórir starfsdagar hjá Alþ. Í raun og veru eru það þessir fjórir dagar, sem Nd. á að hafa til athugunar á þessu stóra máli. Ég tel, að það sé fjarri öllu lagi að ætla þd. að hafa ekki rýmri tíma til athugunar á jafnstóru máli en fjóra daga. Ég álít það alveg óforsvaranleg vinnubrögð, og það er ástæðan til þess m. a., að ég á erfitt með að sætta mig við það, að þetta mál verði afgr. á þessu þingi, enda sýnist mér, að það, sem hefur komið fram hér í umr. og reyndar líka í nál. sjútvn., sýni það fullkomlega, að það sé ærin ástæða til þess, að þetta mál fái betri og vandaðri athugun á Alþ. en hægt er að veita með þessum hætti.

Því er haldið fram af hæstv. ríkisstj., að það sé nauðsynlegt fyrir hana að fá þetta mál samþykkt nú á þessu þingi, vegna þess að hún muni þá geta komið fram ýmsum sparnaði í sambandi við fiskeftirlitið. Það kom hins vegar fram hjá hæstv. sjútvmrh. hér áðan, að það er allt mjög óljóst í þeim efnum, og hann taldi sig ekki geta nefnt neinar tölur um það, hvaða sparnaður kynni að hljótast af þessu, þessari endurskoðun eða þeirri sameiningu, sem hér er talað um, eða hvort hægt væri að fækka starfsmönnum eitthvað eða ekki. Þess vegna liggur raunverulega ekkert endanlegt fyrir um það, hvort hér verði um nokkurn sparnað að ræða eða ekki. Ég tek undir það með hv. 4. þm. Austf., að ég vildi síður en svo verða meinsmaður þess, að hægt væri að koma fram einhverjum sparnaði í þessum efnum. En ég vil hins vegar jafnframt hafa hugmynd um það, hvernig sá sparnaður verður framkvæmdur. Yrði framkvæmdin kannske með þeim hætti, að eftirlitið yrði að einhverju leyti lakara en áður? Þá held ég, að sparnaðurinn mundi ekki borga sig. Þess vegna finnst mér, að það sé mjög mikilvægt atriði, áður en Alþ. gengur frá þessu máli, að fá alveg fullkomna vitneskju um það, hvernig framkvæmdin verður og hvort hún er líkleg til þess, að eftirlitið haldist ekki lakara en hefur verið, eða hvort það sé hætta á því, að það verði lakara en nú.

Ég sé, að sjútvn. er nokkuð uggandi í þessum efnum, þó að meiri hl. hennar mæli með framgangi frv. Hún segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin vill í framhaldi af þessu taka fram, að þótt hún mæli með samþykkt frv., m. a. í sparnaðarskyni, þá leggur hún á það ríka áherzlu, að sá sparnaður má hvergi leiða til þess, að slakað verði á kröfum um vandaða og þrifalega meðferð fisks og fiskmetis á öllum stigum framleiðslunnar. Eftirlitið og fiskmatið getur ráðið úrslitum um það, hvort Íslendingar halda þeirri fótfestu, sem þeir hafa náð á beztu mörkuðum fyrir fiskafurðir. Það er þess vegna mikilvægt, að þetta kerfi sé þannig uppbyggt og framkvæmt, að viðskiptavinir okkar geti viðurkennt það og treyst því.“

Undir þessi orð n. hljóta þm. að sjálfsögðu að taka, en það leiðir af þessu, að til þess að við getum afgreitt þetta mál, svo hægt sé að telja þá afgreiðslu fullkomlega ábyrga, þá þurfum við að hafa nákvæma vitneskju um það, hvernig framkvæmdinni á þessum sparnaði verður háttað, og hvort hún er líkleg til þess að okkar dómi að tryggja ekki lakara eftirlit en það, sem nú er. Því að ef það er einhver hætta á því, að eftirlitið geti orðið lakara eftir þessa breytingu, þá mundi ég ekki treysta mér til að greiða atkvæði með sparnaði, þó að einhver

yrði í sambandi við breytinguna. Ég vil heldur bera ábyrgð á því, að útgjöldin verði eitthvað meiri, ef það verður til þess að tryggja betra eftirlit og vandaðri framleiðslu.

Sannleikurinn er líka sá, að frv. sjálft er þannig í pott búið, að það sjálft tryggir út af fyrir sig engan sérstakan sparnað. Það er allt opið um mannahald og jafnvel opnara en áður var, eins og kemur fram í ýmsum greinum þess, sem ég sé ekki ástæðu til þess að vitna í, en minnzt er á í aths. þeim, sem fylgja einstökum greinum, og þess vegna veit maður ekkert um það, þó að það væri kannske hægt að framkvæma einhvern sparnað til að byrja með, hvort það yrði þannig í reynd, þegar fram í sækti. Annars verð ég að segja það, að þó að það sé mikilvægt að reyna að spara sem mest á þessum sviðum sem öðrum, þá álít ég þó hitt enn mikilvægara, að lögð sé áherzla á það, að eftirlitið sé sem traustast og bezt. Það liggur þannig ekkert fyrir um það, að þetta frv. muni tryggja raunverulegan sparnað, en það hefur komið fram, bæði í nál. sjútvn. og einnig áður í umr. hér á þ., að ýmsir aðilar, sem bezt þekkja til, telja, að þetta mál þurfi að fá vandaðri og betri undirbúning en þetta frv. er. Það kemur til dæmis fram í nál. sjútvn., að bæði Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sjávarafurðadeild SÍS hafa skýrt svo frá, að í Bandaríkjunum sé verið að setja lög og reglur um strangara eftirlit með fiskmeti en þar hefur gilt til þessa. Óskuðu raunar báðir þessir aðilar eftir því, að afgreiðslu málsins yrði frestað til hausts með hliðsjón af fréttum vestan hafs um þessi mál. Þarna fara tveir aðilar, sem eiga einna mestra hagsmuna að gæta í sambandi við þetta mál, fram á það, að afgreiðslu málsins verði frestað til hausts, vegna þess að það séu breytingar í undirbúningi erlendis, sem geti haft áhrif á það, hvernig við verðum að hátta þessari löggjöf. Það hefur einnig komið fram í umr., að tveir þeir menn, sem eru einna fróðastir um þessi mál, dr. Þórður Þorbjarnarson, formaður fiskmatsráðs, og Sigurður B. Haraldsson efnaverkfræðingur, hafa báðir talið það heppilegra, að afgreiðslu málsins væri frestað til hausts og tími þangað til notaður til betri undirbúnings á málinu. Mér sýnist þannig, að rökin fyrir því, að málinu verði frestað, séu mjög sterk.

Ég nefni það í fyrsta lagi, sem ég hef gert áður, að meðferð, sem málið fær í þessari d. vegna tímaskorts, er algjörlega óforsvaranleg, þar sem málið er hér í raun og veru ekki til meðferðar nema í fjóra daga og sú n., sem hefur fengið málið til meðferðar, játar í nál., að vegna hins nauma tíma, sem n. hefur haft til athugunar á frv., hefur hún ekki getað kynnt sér þessi atriði til hlítar, miðað við þá aðila, sem hlut eiga að máli, þ. e. a. s. þær nýjungar, sem felast í frv. Það er algerlega óforsvaranlegt að ein þd. afgreiði stórmál eins og þetta án þess að hafa fengið betri tíma til að íhuga það heldur en Nd. fær í þessu tilfelli.

Ég nefni það svo í öðru lagi, að það liggur ekkert fyrir um það, að raunverulegur sparnaður megi hljótast af samþykkt þessa máls. Þar höfum við engu á að byggja öðru en ágizkunum, sem mér finnst, að við getum ekki lagt mikið upp úr. Þó að við allir séum samþykkir sparnaði, finnst mér, að við verðum að hafa vitneskju um það, áður en við samþykkjum nokkuð í þá átt, hvernig hann verði framkvæmdur og hvort eftirlitið verði jafngott og traust eftir sem áður. Um það höfum við enga vitneskju nú, ef við samþykkjum þetta mál á þessu stigi.

Ég nefni það svo í þriðja lagi, að þeir aðilar, sem bezt þekkja til þessara mála, eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild SÍS og sérfræðingarnir dr. Þórður Þorbjarnarson og Sigurður B. Haraldsson, mæla með því, að málið fái betri athugun, áður en það sé afgreitt hér á Alþ. Ég verð að segja, að ég skil ekki það ofurkapp, sem ríkisstj. leggur á það að fá þetta mál afgreitt, eftir að öll þau rök liggja fyrir, sem ég hef nú greint. Það var einnig upplýst hér í umr., að jafnvel þótt einhver sparnaður kynni að hljótast af þessu máli, ef frv. verður samþykkt, mundi hann alls ekki koma til greina á þessu ári. Það er ekki hægt að framkvæma hann á þessu ári, þannig að af þeirri ástæðu virðist vera alveg óhætt að láta málið bíða afgreiðslu til haustþingsins, svo að af þessari ástæðu einni fellur sparnaðartalið um sjálft sig í sambandi við það, að málið verði afgreitt á þessu þingi.

Það eru fjölmörg atriði í þessu frv., sem þyrftu nánari athugunar við og væri ástæða til að flytja brtt. við, ef tími ynnist til, og það vinnst kannske tími til þess við 3. umr., ef málið verður látið ganga fram á þessu þ. Ég nefni t. d. 3. gr. frv. Þar er ætlazt til þess, að það verði aðeins ákveðið í reglugerð, hver eigi að vera menntun og reynsla forstöðumanna Fiskmats ríkisins og einstakra deilda þess, yfirfiskmatsmanna og verkstjóra við fiskverkun. Við vitum það ákaflega vel, að það er mjög mikilvægt, að þessir menn hafi næga menntun og kunnáttu til að framkvæma það starf, sem þeim er ætlað. Ég álít, að það sé svo mikilvægt, að það ættu að verða miklu nánari ákvæði um þetta atriði í l. heldur en að þetta skuli aðeins ákveðið með reglugerð, sem við vitum ekkert um, hvernig verður ákveðin.

Mörg atriði fleiri mætti nefna, sem ég ætla að sleppa að þessu sinni, vegna þess að það geta verið möguleikar þá til að taka það mál aftur upp við 3. umr. málsins, ef ekki verða tekin til greina þau mikilvægu rök, sem eru fyrir því, að málinu verði frestað. Það er líka ákaflega erfitt að ræða þetta mál á þeim tíma, sem hæstv. sjútvmrh. þarf að gegna þingmannsstörfum í Ed., því að ýmis atriði málsins eru þannig vaxin, að maður vildi gjarnan leggja fram fsp., en það gefst kannske möguleiki til þess við 3. umr.

Ég verð að segja það líka, þó að það eigi aðallega að ræða um einstakar gr. frv. við 2. umr., að þegar það er upplýst, að hv. sjútvn. hefur ekki haft tíma til að lesa saman gr. frv. og núgildandi laga um sama efni, þá finnst mér, að það geti mjög vel komið til greina og verði eiginlega að gera það við 3.

umr. málsins, að greinar frv. verði lesnar hér upp og bornar saman við gr. núgildandi l. Þá gætu þm. allir fylgzt með því, hvað er raunverulega nýtt í frv. og hvað er fellt niður af því, sem við vildum kannske gjarnan hafa. Þetta tæki kannske einhvern tíma, en við þm. eigum ekki að horfa í tímann, þegar stórmál eru annars vegar, heldur gefa okkur tíma til þess að íhuga þau sem rækilegast. Og ég segi það satt, að ég mundi ekki sjá eftir næturtíma í það, að við kynntum okkur þetta stórmál á þennan hátt við 3. umr. En það kemur kannske ekki til þess, ef hæstv. ríkisstj. íhugar málin betur og sér, að það eru fullgild rök fyrir því, að málinu verði frestað til haustþingsins. Þess vegna ætla ég ekki að hafa þessi orð mín fleiri nú að sinni, en ég tel, ef málið heldur áfram, ekki útilokað, að ég ætli að segja einhver orð um málið þá í 3. umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru nú í rauninni aðeins örfá orð, sem ég ætlaði að segja hér um þetta mál til viðbótar því, sem ég hef þegar sagt, og það var í tilefni af því, sem hæstv. sjútvmrh. sagði hér í umr. um málið í dag. Hæstv. ráðh. sagði í upphafi síns máls, að hann vildi ekki, að þau orð stæðu hér án mótmæla í þingtíðindum, sem ég hafði látið falla um veru hans hér á þingi. Hafi mín orð fallið á þann hátt í sambandi við það, að þau hafi meitt hann, þá get ég leiðrétt það sjálfur, en ég held nú, að það hafi ekki verið. Það, sem ég hafði sagt í þeim efnum, var það, að auk þess sem svo stæði á, að í rauninni vildi öll sjútvn., að málið fengi að bíða eftir eðlilegri athugun, þá væri það svo, að auk þess að allur undirbúningur væri svona á sig kominn, stæði þannig á, að sjútvmrh. sjálfur væri ekki viðstaddur þessar umr. Ég veitti því athygli, að hann var ekki hér viðstaddur allan þann tíma, sem ég talaði fyrir minni till. og mínu áliti og ekki heldur þann tíma, sem frsm. meiri hl. talaði hér í þessu máli. Og ég sagði, að mér þætti þetta miður. En svo þegar ég sá, að hæstv. ráðh. kom hér inn í salinn áður en ég hafði lokið máli mínu, þá mun ég hafa sagt það, að ég sæi, að hæstv. ráðh. væri nú mættur á þingi. Hæstv. ráðh. segir, að ég hafi sagt það og það má vel vera. En sem sagt, ég átti ekki við neitt annað en það, að hæstv. ráðh. væri þá mættur hér í þingsalnum, og þótti mér það miklu betra og beindi þá til hans nokkrum þeim aths., sem ég hafði áður látið falla hér um málið. En í tilefni af þessu vil ég aðeins segja það, að ég vil enn einu sinni undirstrika það, að það er alveg lágmarkskurteisi, sem ráðh. eiga að sýna þd., að þeir séu viðstaddir umr. um þau mál, sem þeir leggja fyrir þingið og vilja fylgja eftir. Ég efast að vísu ekkert um það, að hæstv. ráðh. getur hafa þurft að sinna störfum í Ed., en þá er líka venjan sú og hið eðlilega, að reynt sé að haga afgreiðslu mála þannig í hinni d. á meðan, að það sé ekki þar verið að ræða þau mál, sem ráðh. á með eðlilegum hætti að taka þátt í umr. um. En þessi hæstv. ráðh. er ekki einn um það að standa svona að málum, en í þessu tilfelli var þetta nú mjög óviðkunnanlegt. Ekki meira um það atriði, en það var sem sagt ekki meining mín að meiða hæstv. ráðh. með þessum orðum mínum á neinn hátt.

En ég hafði lagt hér fyrir ráðh. nokkrar fsp. og þó aðallega um það, í hverju sá hugsanlegi sparnaður gæti legið að knýja þetta mál fram nú á þessum tíma fram yfir það, sem yrði, þó að málið yrði afgreitt í byrjun haustþings. Ég hafði bent á það, að samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að l. taki ekki gildi fyrr en 1. júlí. Og á þeim tíma munu verða komin á land 70—80% af þeim fiskafla á þessu ári, sem fellur undir eftirlit Ferskfiskeftirlitsins eða sem aðalkostnaðurinn við Ferskfiskeftirlitið miðast við. En það er einmitt á ferskfiskeftirlitinu, sem ætlunin er að reyna að spara fé. Ég get því ekki ímyndað mér það, að hér geti verið um mikinn sparnað að ræða á þessu tímabili, sem er frá 1. júlí, ef hægt væri að koma við skipulagsbreytingunni þá strax, og t. d. fram til 1. nóv., miðað við allar aðstæður og þegar þess er svo gætt, að það er ætlunin að halda uppi alveg hliðstæðum vinnubrögðum í ferskfiskeftirliti eftir samþykkt á þessari lagabreytingu, sem hér er um að ræða og áður hefur verið. Það er ætlað aðeins að fela annarri stofnun að sjá um það, að sömu vinnubrögð fari fram. Mér fannst hæstv. ráðh. ekki svara þessari spurningu minni á þann hátt, sem ég tel fullnægjandi. Hann leiddi engin rök að því, fannst mér, að það gæti verið um neinn verulega meiri sparnað að ræða, þó að þetta frv. yrði samþ. nú fremur en það væri samþ. síðar á árinu. Svar hæstv. ráðh. var aðeins þannig, að ætlunin væri með þessari skipulagsbreytingu að spara á framkvæmd ferskfiskeftirlitsins með þessari sameiningu og það væri ráðgert, að það mætti spara með þessu á heilu ári í kringum 3 millj. kr. En frekari skýringar komu hér engar fram.

Ég hafði einnig bent á það, að þeir, sem hingað til hafa mest haft með ferskfiskeftirlitið að gera, eins og sá forstöðumaður, sem mætti á fundi sjútvn., höfðu lýst því yfir, að þeir væru mjög vantrúaðir á það, að hægt væri að spara nokkurn skapaðan hlut á þessari skipulagsbreytingu eða nokkuð teljandi, nema þá að breytt yrði alveg um eftirlit í þessum efnum frá því, sem verið hefur. En ég vil nú samt ganga út frá því fyrir mitt leyti, að það væri kannske hægt að koma fram nokkrum sparnaði með skipulagsbreytingu á matinu, en ég held, að á yfirstandandi ári verði ekki hægt að ná fram miklum sparnaði og því hefði það verið fyllilega þess virði að gefa þinginu kost á því að vinna að afgreiðslu þessa máls með eðlilegum hætti. Ég efast ekkert um það, að hæstv. ráðh. hefur orðið þess var, að það er vilji sjútvn. þessarar d., að málið fái að bíða. Hún hefði helzt kosið, að svo gæti orðið og það hefði gefizt tækifæri til þess að athuga málið miklu betur en tími hefur unnizt til. Og það er aðeins vegna þess, að fram hefur komið mjög eindregin ósk frá hálfu ráðh. um það að afgreiða málið nú, sem meiri hl. sjútvn. hefur fallizt á það að standa að ákveðinni afgreiðslu, þó á þann hátt að

breyta frv. allverulega frá því, sem það er komið frá Ed.

Ég skal svo ekki ræða hér öllu meira um þetta mál. Ég hef lýst hér minni afstöðu til þess. Ég tel, að þær brtt., sem fyrir liggja frá sjútvn. þessarar d., séu allar til bóta og það sé rétt að samþykkja þær, og samþykkt á þeim sé í rauninni alveg lágmark þess, að hægt sé að standa að því að afgreiða þetta mál. En ég legg líka mikla áherzlu á það, að sú brtt. verði samþ., sem ég og hv. 2. þm. Reykn. flytjum um það að fella þá jafnhliða niður það sérstaka gjald, sem lagt var á vegna ferskfiskeftirlitsins, og sparnaðurinn komi þá fram á þann hátt, að ekki verði þá lögð jafnmikil gjöld á framleiðsluna eins og áður hefur verið. En þrátt fyrir það þó að þessar till. til breytinga liggi fyrir, hefði ég talið langæskilegast, að málið fengi að bíða. Það hefði verið mín helzta ósk að taka málið til afgreiðslu á næsta hausti. En eins og ég hef sagt áður, tel ég þó, að viss atriði í þessu frv. stefni í rétta átt, það sé rétt að vinna að þeirri skipulagsbreytingu í aðalatriðum, sem frv. fjallar um, en það hefur bara ekki getað fengið þann undirbúning hér í þinginu, sem eðlilegt hefði verið. Þetta er mín meginafstaða til afgreiðslu þessa máls.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það verður svo jafnan, þegar líður að þingslitum, að þá er mikil málefnaþröng, þ. e. a. s. naumur tími til afgreiðslu mála, og þá verður hæstv. ríkisstj. oft að gera það upp við sig, hvaða máli hún leggi höfuðáherzlu á að þoka fram, og hallast þá heldur á, að ágreiningsmálum sé þokað til hliðar, til þess að þau mál, sem ríkisstj. leggur mesta áherzlu á og telur nauðsynlegt að fá afgreidd fyrir þinglok, geti fengið afgreiðslu. Nú hrúgast málin frá hæstv. ríkisstj. upp mörg og stór, á síðustu dögum þingsins og jafnframt virðist vera mjög spenntur boginn með það að þrýsta fram ágreiningsmálum, sem ætla mætti, að stjórnin vildi ekki, að yrðu til þess að bregða fæti fyrir hennar hjartfólgnustu áhugamál, og þannig standa sakirnar nú. Ég tel þetta mál svo stórt, að það sé alveg ógerlegt að meina þm. að tala um málið og það jafnvel rækilega, því að það væri með öllu eðlilegt, svo mikilsvert sem það er fyrir þjóðarbúið. Hér er um að ræða frv. til l. um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum. Nú mætti ætla, að þetta mál, sem ríkisstj. leggur mikið kapp á að fá afgreitt, væri mjög vel undirbúið, því að í skjölum málsins má sjá, að það var undirbúið af mþn. skipaðri mörgum sérfróðum mönnum í þessum málum, og sú nefnd hefur haft langan tíma fyrir sér til starfa. Mér sýnist, að hennar störf hafi byrjað á miðju ári 1960 eða fyrir um það bil 8 árum. Að vísu hafa einhver hlé orðið á hennar störfum, þegar hún var að afla sér gagna frá öðrum löndum m. a., en þó er ljóst, að hún tekur til starfa aftur 1962, og er svo ekki saga starfsins í n. rakin lengur, en síðan virðist hennar starf hafa staðið yfir. Hvað sýnir þetta? Það sýnir annaðhvort, að vinnubrögð hafa verið slæleg hjá n. eða þá hitt, að málið hefur reynzt viðamikið, margþætt og vandasamt, og það hygg ég, að sé ástæðan. Það hefur reynzt erfitt að fá samkomulag um samningu frv., sem leysti þessi mál á þann veg, að ágreiningur yrði ekki um grundvallaratriði.

Það sýnist því svo, sem hægt hefði verið að leggja þetta mál miklu fyrr fyrir þingið, en það er ekki gert fyrr heldur en núna daginn, sem þingið fór í páskafríið og n. hefur aðeins getað athugað það, sjútvn. hefur aðeins getað athugað málið á þessum fáu virku dögum síðan páskafríi lauk. Öll n. skýrir frá því í nál., að tíminn hafi verið allsendis ófullnægjandi til þess að kanna þetta mál eins og hún teldi þörf á og nauðsynlegt og skýrir m. a. s. frá því, að hún hafi ekki getað borið frv., sem er mikill bálkur, saman við þau lög, sem eiga að falla úr gildi, ef þetta frv. yrði að lögum. En það er hvorki meira né minna heldur en þrenn eða fern lög, allmiklir lagabálkar. Lög um fiskmat og meðferð og verkun og útflutning á fiski í fyrsta lagi og um ferskfiskeftirlitið og í þriðja lagi lög um mat meðalalýsis. Þessi lög eiga öll að falla úr gildi, ef þetta frv. verður að lögum, en hv. sjútvn. hefur ekki gefizt tóm til þess að bera þetta frv. saman við gildandi löggjöf, og rennum við þm., sem ekki höfum tekið þátt í störfum sjútvn., þess vegna algerlega blint í sjóinn um þetta, eins og eiginlega nm. játa sjálfir, að þeir geri. En það fer ekki á milli mála, að mat á fiskafurðum Íslendinga er eitt stórfelldasta hagsmunamál þjóðfélagsins, og löggjöf um slíkt örlagamál í efnahagsmálum okkar verður auðvitað að vera vönduð. Annars getur verra af hlotizt. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, eins og komið hefur hér fram hjá fleiri en einum þm., að á þessu stigi sé mjög óráðlegt og óskynsamlegt og næsta mikill ábyrgðarhluti að afgreiða frv. núna, svo lítt athugað, og að hæstv. ríkisstj. jafnvel þó að hún telji sig sannfærða um það, að hún með hinni nýju lagasetningu geti sparað eins og hún nefnir, allt að þremur millj. kr., þá eigi hún að líta það stórum augum á gildi þessa máls, fiskmatsins, að það sé meira virði að vanda vel til slíkrar löggjafar sem þessarar heldur en jafnvel þótt hún gæti sparað 3 millj. kr.

Að vísu er engin áætlun sýnd í skjölum málsins um það, hvernig þessar 3 millj. megi sparast og mér finnst ýmislegt benda til hins gagnstæða. Í fyrsta lagi, ef af samþykkt þessa frv. leiddi vandaðra og öruggara og betra fiskmat, þykir mér það furðu sæta, ef það hefur orðið mikill sparnaður við matið, ef á allan hátt verður betur til matsins vandað, þó að þarna standi til að sameina tvær stofnanir, Ferskfiskeftirlitið og Fiskmat ríkisins. Ég sé, að það er hér tekið í mál af þeim mönnum sem undirbúið hafa frv., að nauðsyn beri til þess að bæta kjör matsmanna til þess að fá sem allra hæfasta menn til starfa, og af því veitir sannarlega ekki. Það er áreiðanlega hlutur, sem borgar sig, að hafa valinn mann í hverju rúmi í stétt matsmannanna. Undir þeirra starfi á þjóðin svo mikið. En ekki getur leitt sparnað af því, ef á að hækka laun þeirra, sem væri góðra gjalda vert og áreiðanlega skynsamlegt.

Þá sé ég einnig, að það hefur verið mikill ágreiningur um það, hvort heppilegt væri, að matið væri framkvæmt með svipuðum hætti eins og verið hefur um langt árabil, þ. e. a. s. að einhver af starfsmönnum hraðfrystihúsanna væri jafnframt matsmaður hjá þessu húsi undir húsbóndahendi þess, sem er eigandi frystihússins. Ég hef alla tíð verið þeirrar skoðunar, að þetta væri óheppilegt fyrirkomulag og ég er það enn. Forráðamenn frystihúsanna virðast hafa verið þeirrar skoðunar, að svona vildu þeir hafa það áfram, en embættismenn Fiskmats ríkisins létu í ljós þá skoðun, að útflutningsmatið yrði að vera framkvæmt af óháðum opinberum matsmönnum í hverju frystihúsi og þannig, að matsmennirnir væru alveg teknir undan húsbóndahendi frystihúseigendanna, og þetta held ég, að sé bráðnauðsynlegt. En ef matið væri bætt og öryggi þess aukið með því, að matið væri framkvæmt af mönnum óháðum eigendum frystihúsanna, þá get ég ekki séð, að af því leiði sparnað. Ég held, að af því hljóti að leiða aukinn kostnað, en það held ég líka, að sé kostnaður, sem ekki megi horfa í, því að fiskmatsmennirnir mega ekki vera háðir eigendum hraðfrystihúsanna. Það getur gengið út yfir áreiðanleik matsins og hefur oft gert það. Ég er sannfærður um það. Ég er ekki það ókunnugur í frystihúsunum, að ég ekki viti það, að matsmennirnir þar hafa stundum talið sig vera eins og á milli steins og sleggju vegna tillitsins, sem verið er að taka til síns húsbónda annars vegar og svo skyldustarfanna hins vegar. Og ég er þess vegna sammála embættismönnum Fiskmatsins, að það sé nauðsynlegt að matið sé framkvæmt af mönnum, sem algerlega séu óháðir hraðfrystihúsaeigendunum, þó að það kosti vafalaust heldur aukin útgjöld heldur en hitt. Að þessu athuguðu get ég ekki séð, að það séu miklar líkur til þess, ef á að bæta matið, að þá verði mjög mikið um milljónasparnað af lögfestingu þessa frv. Ég hefði viljað vona, þó að ég sjái það hvergi í nál. sjútvn., að aðalefni þessa frv. væri umbætur á matinu, að það væru í því ákvæði, sem gerðu matið öruggara, jafnvel strangara og a. m. k. með öllu óháð eigendum hraðfrystihúsanna. En þetta er ekki veigamesta atriði frv., því miður. Það stendur hér á bls. 10 í kaflanum um niðurstöður og till. Fiskmatsins, að hér verði aðeins rætt um veigamesta atriði frv., sameiningu á starfsemi Fiskmats ríkisins og Ferskfiskeftirlitsins. Þetta segja þeir sjálfir, að sé veigamesta atriði frv., bara sameiningin. Það tel ég ekki meira en formsatriði. Væri gott, ef eitthvað gæti sparazt við það að skella þessum tveimur stofnunum saman, en það finnst mér engan veginn aðalatriði þessa þýðingarmikla máls.

Nál. ber það með sér, að öll n., — þar virðist enginn ágreiningur vera — telur sig hafa haft allt of nauman tíma til þess að skoða málið ofan í kjölinn og getur þannig í raun og veru ekkert sagt um það, hvort það sé til bóta frá gildandi löggjöf, að þetta frv. verði samþ. Hún hefur ekki getað kynnt sér þau atriði til hlítar, sem aðalágreiningur hefur verið um á undanförnum árum hjá mönnum, sem unnu að samningu frv. Og sérfræðingarnir, sem kallaðir voru til, þeir dr. Þórður Þorbjarnarson, sem er formaður fiskmatsráðs og Sigurður B. Haraldsson efnaverkfræðingur, sem var starfsmaður n., sem undirbjó frv., munu báðir hafa lagzt á móti því, að málið væri knúið í gegn nú. Þeir munu hafa látið í ljós á fundum n., að þeir teldu málið ekki nægilega athugað og það væri ráðlegast að fresta afgreiðslu þess. En þegar n. hefur játað það, að hún hefur ekki getað kannað málið, þá fellst hún á, að á það reyni, hvort samþykkt þess leiði til sparnaðar. Við mundum allir vilja það, að hægt væri að spara, en sízt á þeim sviðum, þar sem mikið tjón gæti orðið að í efnahagsmálum okkar, í höfuðatvinnuveginum, sjávarútveginum. N. telur rétt, að á þetta reyni, hvort af því leiði sparnað. Hún er ekki sannfærðari um það en svo. Hún segist vilja, að reynslan skeri úr um það, hvort af því verði sparnaður. Á öðrum stað í skjölunum segir jú, að þeir telji, að með sameiningu Ferskfiskeftirlitsins og Fiskmatsins mætti spara verulegar fjárhæðir, ef framkvæmdin tækist vel. Engan veginn eru þeir, sem gefa þessar upplýsingar í fskj. málsins, engan veginn eru þeir sannfærðir um það, að þetta leiði til sparnaðar. Þeir segja, að þetta geti leitt til sparnaðar, ef framkvæmdin takist vel. Þeir efast um það. Og það er eingöngu út frá þessari sparnaðarvon, sem sjútvn. getur á það fallizt, að málið sé afgreitt nú.

Sjútvn. hafði tal af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sjávarafurðadeild SÍS og greinir frá því að báðar þessar stofnanir óskuðu raunar, að strangara eftirlit yrði með fiskmeti og málinu yrði frestað um sinn. Það er bent á, að það sé verið að gera strangari kröfur til fiskmetis á okkar verðmæta markaði í Bandaríkjunum, og þeir telja ráðlegt að bíða með að setja ákvæðin um okkar mat, þangað til vitað sé, hvernig þær verði, þessar nýju reglur hjá okkar fiskkaupendum í Ameríku, hve strangar þær verði. Hér segir: „Óskuðu báðir þessir aðilar eftir því, að afgreiðslu málsins yrði frestað til hausts með hliðsjón af fréttum vestanhafs um þessi mál."

Sparnaðaratriðið er aðalatriði þessa máls og væri það góðra gjalda vert, ef öruggt væri, að matið yrði eins gott eða betra við þá breytingu, sem hér er um að ræða. En þrátt fyrir þessa lauslegu athugun sjútvn. á frv., koma þeir strax auga á það, að þeir telji nauðsynlegt að breyta frv. í a. m. k. 5 allveigamiklum atriðum og eru brtt. n. á þskj. 650. Þeir detta strax ofan á það, að breytinga sé þörf. En ekki nóg með það, heldur er einnig lagt til, að 19. gr. frv. verði breytt, og er sú till. á þskj. 648. Við þessa lauslegu athugun, sem fram hefur farið á málinu, eru sem sé komin fram tvö þskj. með brtt. við frv. og jafnframt lýst yfir, bæði af n. og öðrum aðilum, sem þetta mál varðar mikið, að æskilegt sé að fresta því til hausts.

Síðasta gr. frv. er ekki um það, að frv. þetta taki þegar gildi. Hún er einmitt um það, að frv. eigi ekki að öðlast gildi fyrr en á miðju ári 1968, 1. júlí. Það er skiljanlegt, ef á að slá saman tveimur stofnunum.

Þá má búast við, að það þurfi að segja upp öllu starfsliði beggja stofnananna og endurráða fólk með tilliti til hinnar nýju skipunar og með tilliti til sparnaðarins, og þá auðvitað að segja upp endanlega einhverju af starfsfólki annarrar hvorrar eða beggja stofnananna. Og það getur ekki gerzt með skemmri fyrirvara en þrem mánuðum. Það sér hver maður. Það er það allra minnsta, þó líklegra, að sumir þessara manna þyrftu sex mánaða uppsagnarfrest. Ef það væri sex mánaða uppsagnarfrestur, sem þeir þyrftu og ættu rétt á, þessir menn, þá er komið fram undir haust. Núna erum við í aprílmánuði, og það er komið fram undir þingbyrjun, þegar uppsagnarfrestur þeirra væri liðinn. Ég sé því ekki, að sparnaðurinn geti neinn orðið, né heldur, að það veiti af allverulegum tíma til margvíslegs undirbúnings til þess að gjörbreyta allri framkvæmd á okkar fiskmati. En sem sé, ástæðan til þess, að það er sótt fast í Alþ. að samþykkja þetta frv. nú, það er sparnaðarsjónarmiðið. Og þó ég telji það ekki veigamikið, þá vil ég þó líta á það.

En það liggur hér annað frv. fyrir, frv. um síldarútvegsnefnd. Eins og það frv. er nú orðið, mundi það leiða af sér beinlínis, að síldarútvegsn. kæmi ekki fram skynsamlegum sparnaðaraðgerðum í sínum rekstri. En samt á að knýja það fram. Og ég hugsa, að það liggi nokkurn veginn augljóslega fyrir, að ef það frv. verður samþ., þá kemur það í veg fyrir sparnaðarmöguleika þar, ámóta eins og vonir gætu vaknað um að næðust fram hér með þessu frv. Síldarútvegsn. taldi, að verksvið sitt hefði færzt til og breytzt. Verkefnið hafði færzt frá skrifstofunni á Siglufirði til Austfjarðanna, og síðan var bætt úr brýnni þörf með því að setja þarna skrifstofu og einn starfsmann. Verkefnin höfðu aukizt hér á skrifstofunni suðvestanlands, og þar þurfti jafnvel að auka við mannskap, en norður á Siglufirði sátu starfsmenn n. allmargir, miðað við hin gömlu verkefni, sem þeir höfðu haft, fullmargir, verkefnalitlir meira en hálft árið, en síldarútvegsn. taldi sig hafa og hefur, að gildandi l. óbreyttum, aðstöðu til þess að færa menn til eftir verkefnum. Síldarútvegsn. er þjónustustofnun og á að sjá fyrir hagsmunamálum þjóðfélagsins í heild, og svo einkanlega útgerðarmanna, síldarsaltenda og annarra slíkra, sem við útgerð og síldarvinnslu fást, og óskir þeirra voru ekki þær að færa verkefnin frá skrifstofunni í Reykjavík, sem hefði auðveldað málið, ef þeir hefðu óskað eftir því að færa verkefnið aftur til Siglufjarðarskrifstofunnar. Þá hefði þetta mannahald getað notazt. Nei, þeir óskuðu eftir því, að aukið væri mannahald hérna á skrifstofunni í Reykjavík, og þar með fært enn þá meira af verkefnum frá skrifstofunni á Siglufirði. Þetta þýddi það, að mati allra flokka manna í síldarútvegsn., að það þyrfti að færa til starfsfólk frá skrifstofunni á Siglufirði og til skrifstofunnar hérna í Reykjavík, því síldarútvegsn. taldi ekki fært að færa verkefnin frá skrifstofunni hér, gegn mótmælum síldarsaltenda og LÍÚ, enda er nú svo komið, að allir þeir aðilar, sem áður höfðu óskað eftir því, að frv. um það mál væri flutt hér, höfðu nú lýst yfir, að þeir væru á móti því frv. í því formi, sem það nú er, því það bindur hendur síldarútvegsn. um framkvæmdaratriði, sem er eðlilegt að n. hafi fullt frjálsræði um, að haga skrifstofuhaldi og mannahaldi eftir verkefnum og hlutverki sínu. En Alþ. virðist ætla að taka fram fyrir hendur stjórnenda síldarútvegsmálanna með því að fyrirskipa þeim, hvar aðalverkefnin skuli unnin. Því það að skipa fyrir um það í l., hvar skuli vera aðalskrifstofa, hlýtur að leiða af sér það, að aðalverkefnin eigi að vinna þar, annars er það bara hégómi. (Gripið fram í.) Að sumu leyti hvort sem er af sjómönnum og verkafólki. Ég tel, að það sé eðlilegt að segja síldarútvegsn. fyrir verkum með það í reglugerð, sem væri þá sett í samráði við síldarútvegsn. og rn. í samstarfi þeirra aðila, en að lögbinda það, hvar aðalskrifstofuhald skuli vera hjá einni stofnun ríkisins, og að það sé ekki hægt að haga því eftir verkefnum og þjónustuþörfinni, það tel ég misráðið.

Ég viðurkenni það, að þetta mál, sem ég nú er að ræða, er aðeins að því leyti í tengslum við hitt frv., að þar er knúið á fast um að ná fram máli í sparnaðarskyni, en hins vegar virðist hér vera haldið fast á því, sem fyrirmunar stjórnendum þeirrar stofnunar að gæta skynsemdar í sínu verki og haga mannahaldi og skrifstofuhaldi eins og verkefnin kalla á. En þeir menn um það, sem vilja binda svo hendur stjórnenda þeirrar stofnunar. Ég er a. m. k. andvígur því og sé ekki neitt skynsamlegt í því. En ég hefði viljað halda því fram, að það væri eðlilegt, að það mál væri lagt til hliðar. Það leiðir ekki til sparnaðar, svo mikið er víst, og ég veit ekki annað en það sé ósk LÍÚ, það sé ósk forustumanna í félagi síldarsaltenda sunnanlands og vestan, og það sé ósk allra flokka manna í síldarútvegsn. Þannig liggur málið fyrir.

Í trausti þess, að skynsemin verði látin ráða í því máli skal ég ekki hafa lengra mál um þetta, en tel, að ef stjórnarandstaðan greiðir fyrir framgangi hinna nauðsynlegustu mála ríkisstj. með því að hafa um þau mál hóflegar umr., þá sé ekki nema eðlilegt og sanngjarnt, að hæstv. ríkisstj. taki þá eitthvert tillit til þess að vera ekki að þrýsta fram einnig viðkvæmum deilumálum, sem lítinn eða engan tilgang hafa og kannske neikvæðan tilgang, að samþykkja nú á síðustu stundum þingsins. Ég er þeirrar skoðunar um þetta mál, að því bæri að fresta, það væri skynsamlegast, en auðvitað ræður hæstv. ríkisstj. og hennar meiri hl. því, hvort svo verður eða ekki, en málið er svo mikils vert, að það á að hafa alla gát á, áður en gengið er frá endurskoðaðri löggjöf um matið á okkar fiskafurðum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 650,1 (ný 8. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 650,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 650,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 650,4 samþ. með 27 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
14.—16. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 650,5 (17. gr. falli niður) samþ. með 27 shlj. atkv.
18. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 648 felld með 18:12 atkv.
19. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 18:4 atkv.
20.–21. gr. (verða 19.–20. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 696).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:3 atkv. og endursent Ed.

Á 100. fundi í Ed., 20. apríl, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 696 útbýtt á fundinum.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og menn sjá á þskj. 696, voru á þessu frv. gerðar nokkrar breyt. í hv. Nd., sem efnislega skipta ekki stórmáli varðandi heildarstefnu frv., og vildi ég eindregið mælast til þess við hv. þd., að hún samþykkti þessar breyt., svo að reyna mætti á það, hvort upphaflega tilgangi frv., þ. e. þeim sparnaði, sem fyrirhugaður er, mætti ná í rekstri þessara fyrirtækja hins opinbera.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 701).

---

55. Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á 85. fundi í Ed., 9. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum [188. mál] (stjfrv., A. 560).

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hafði orðað það við hv. stjórnarandstöðu að reyna að koma þessu máli til n. fyrir væntanlegt þinghlé, sem haldið verður nú vegna þeirrar páskahátíðar, sem í hönd fer, og að 1. umr. málsins fari fram á morgun, en óskir hafa síðan borizt um það frá ýmsum þm., að fundir yrðu sem allra stytzt á morgun, þannig að utanbæjarmönnum gæfist tækifæri á að komast heim til sín, þeim, sem eiga þess á annað borð kost fyrir hátíðar, og þess vegna er þetta mál nú komið með samkomulagi hér inn á dagskrá, svo sem þdm. er kunnugt af afbrigðum, sem þegar hafa verið veitt. Ég hafði jafnframt hugsað mér að halda svo allýtarlega framsöguræðu fyrir málinu og skýra allan aðdraganda þess, en skal með hliðsjón af þessu samkomulagi stytta mál mitt mjög, enda mun gefast tækifæri til þess við umr. um það á síðari stigum að halda að meginefni til þá ræðu, sem ég hafði haft í huga að flytja nú við 1. umr. málsins.

Meginefni þessa frv. er sá vandi, sem í upphafi var um setningu þeirra laga, sem hér um ræðir, frá 1964. Þá voru l. látin verka aftur fyrir sig um 9 mánaða skeið og hefur sá greiðsluhalli, sem af þessum gjöldum á að taka, ekki unnizt upp sem neinu gæti numið, nema um örskamman tíma, en síðan stórlega sigið á ógæfuhlið með þeim afleiðingum, að sú grein, sem hér átti að hirða megintekjurnar eða 73% af öllum útflutningsgjöldum sjóðsins, þ. e. a. s. vátryggingasjóðurinn, hefur orðið fyrir geigvænlegum skakkaföllum vegna hins öra verðfalls og minna aflamagns á undanförnum árum, svo sem gerð er grein fyrir í aths. fyrir frv.

Mér er það fullkomlega ljóst, að vandi vátryggingasjóðsins verður ekki leystur með þeim hætti einum að auka tekjur hans, svo gífurlegum áföllum sem hann hefur orðið fyrir. Þar þyrfti að fara, ef kostur væri, a. m. k. þrjár leiðir að því marki að jafna hér um svo sem þörf væri á. Í fyrsta lagi, svo sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að auka tekjur sjóðsins, í öðru lagi að spara svo sem kostur er útgjaldahlið sjóðsins og í þriðja lagi þyrfti, ef þess væri nokkur kostur, og að því mun verða unnið, að útvega lán til þess að komast yfir þennan örðugleikahjalla, sem nú þegar er sýnilegur og verður enn þá geigvænlegri, ef óbreytt verður áfram haldið og ef óbreytt ástand ríkir um afurðasölu okkar mikilvægu fisktegunda, sem eru uppistöður að tekjum þessa sjóðs. En eins og ég sagði, þetta frv. hér fjallar aðeins um einn þáttinn af þessum vanda, þ. e. a. s. að auka tekjur hans, en hann vantar nú á 3. hundrað millj. kr. til að geta staðið í skilum við þá aðila, sem þarna eiga hlut að máli, og mun sá vandi gífurlega vaxa á næstu mánuðum og þessu ári, sennilega ekki minna heldur en halli hans jókst á s. l. ári eða um nálega 100 millj. kr., svo að öllum má

vera ljóst, í hvílíkan voða stefnir með tryggingamál vélbátanna, sem úr þessum sjóði eiga að þiggja sína aðstoð. Hér er því ekki um það að ræða að afla tekna í ríkissjóð til almennra þarfa. Hér er einungis um það að ræða að flytja tekjur á milli greina innan sjávarútvegsins og því fé, sem með því fæst, verður varið til sjávarútvegsins sjálfs og þá til lausnar á þeim vanda, sem við blasir með óbreyttum lögum. Sú tekjuaukning, sem hér er gert ráð fyrir, á að fást með hækkuðu útflutningsgjaldi á þremur fisktegundum, þ.e.a.s. saltfiski, frystum humar og saltsíld. Með þessu móti er áformað að ná liðlega 40 millj. kr. upp í þann halla, sem ég áðan nefndi, sem kominn er yfir 200 millj., og til að stemma stigu við frekari ógæfugöngu þessa sjóðs, sem fyrirsjáanleg er, nema til komi þeir hlutir, sem enginn á von á í dag eða getur fært fyrir nein óyggjandi rök a. m. k., að stórlega hækki okkar útflutningsafurðir. Því miður er útlitið ekki á þann veg í dag, að hægt sé að binda við það stórlega miklar vonir og ekki útlit fyrir, að aflagengd aukist að því marki, að verðmætaaukning af þeirri ástæðu verði til að jafna þann halla, sem hér um ræðir.

Þetta er meginefni þessa frv., sem þó, eins og ég sagði áðan, fjallar aðeins um einn þátt þess vanda, sem hér er um að ræða.

Ég skal að öðru leyti ekki gera frv. að umræðuefni, nema sérstakt tilefni gefist til, en legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er augljóst mál, að hér er um stórkostlegt vandamál að tefla, en ég mun samt ekki fara mörgum orðum um þetta frv. í þetta skipti, og er hvort tveggja, að frv. er nýlega útbýtt, svo að tæpast hefur gefizt tími til að lesa það, og í annan stað hefur orðið að samkomulagi, eins og hæstv. sjútvmrh. gerði grein fyrir, að greiða götu frv. nú til n., svo að ekki þurfi að hafa þingfund í þessari hv. d. á morgun. Ég vil þó segja það strax á þessu stigi um þetta frv., að ég get alls ekki fallizt á það eins og það er úr garði gert. Það er efni þess, eins og hæstv. sjútvmrh. gerði grein fyrir, að leggja nýjar álögur á vissar greinar sjávarútvegsins. Þær álögur eru áætlaðar að upphæð 42 millj. kr. Því fer þó fjarri, að með þeim álögum sé sá vandi leystur, sem hér er við að glíma, því að eins og ráðh. gerði grein fyrir, er halli á þessum tryggingasjóði orðinn eða verður að óbreyttu yfir 200 millj., og hrekkur sú fjárhæð, sem hér er um að tefla, 42 millj., skammt til þess að leysa þann mikla vanda. Það er ekki gerð grein fyrir því í þessu frv., hvernig snúizt verði við þeim vanda, sem eftir er að leysa í því sambandi. Það segir aðeins með næsta óákveðnum orðum hér í aths. við frv., með leyfi forseta:

„Því, sem á vantar, 61 millj. kr., verður hins vegar að reyna að ná með því að draga úr útgjöldum sjóðsins."

Þetta á aðeins við hallann á þessu ári. Og síðan segir: „Enda þótt það takist að fullu, en það liggur enn ekki ljóst fyrir, er sá vandi enn óleystur að jafna þann hluta hallans frá fyrra ári, er ekki fæst jafnaður með hlut tryggingasjóðs í gengishagnaði af útflutningsafurðum, sem áætlaður er 50—60 millj. kr. Sá halli, er eftir stæði, mundi þá nema um 35—40 millj. kr."

Það kemur á daginn með þessu frv., að þarna er um stórkostlegt vandamál sjávarútvegsins að ræða. Nú höfum við verið að fjalla um ýmis vandamál sjávarútvegsins að undanförnu. Ég álít, að það væri heppilegra að taka öll þau mál til athugunar í heild, en ekki tína þannig fram eitt vandamálið á fætur öðru, eins og gert hefur verið. Ég held, að það væri eðlilegra að horfast í augu við þann vanda, sem hér er um að ræða, í einu og skoða málið allt í heild heldur en láta svo í hvert eitt skipti, að verið sé að leysa mál þessarar atvinnugreinar, en svo jafnskjótt og það er búið, kemur annar vandi í ljós.

Hér er um það bil að ná afgreiðslu úr þessari hv. d. frv. til l. um Stofnfjársjóð sjávarútvegsins. Þar er gert ráð fyrir, að 124 millj. gangi í Stofnfjársjóð sjávarútvegsins, sem varið verði til þess, að mér skilst, að verulegu leyti að greiða afborganir og vexti af stofnlánum fyrirtækja. En í sambandi við það mál minnist ég þess ekki, að það hafi verið vikið að því, að óleystur væri vandinn í sambandi við vátryggingar fiskiskipa. Það kemur fyrst fram, þegar langt er komið afgreiðslu hins málsins. En þá kemur það á daginn, að það vantar ekki minni upphæð heldur meiri upphæð í þennan vátryggingasjóð heldur en í afborganir og vexti og vanskil af stofnlánum.

Ég skal, eins og ég sagði, ekki fara að öllu leyti ýtarlega út í að ræða þetta frv. að þessu sinni. Vil aðeins undirstrika þetta, að hagur útgerðarinnar virðist vera þannig og hefur verið þannig, að hún sýnist ekki þola auknar álögur. Þarna er gert ráð fyrir auknum álögum enn á útgerðina upp á 42 millj. samtímis því, sem verið er að samþykkja hér og afgreiða lög um framlög til útgerðarinnar úr ríkissjóði. Það sýnist lítið samræmi í þessu. Í öðru lagi er það ljóst, að þó að þetta frv. verði afgreitt, fer því svo fjarri, að vandi þessa vátryggingasjóðs verði leystur, sá vandi, sem eftir stendur, er miklu meiri en nemur þessum 42 millj.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að þessi upphæð, sem hér er um að ræða, 42 millj., verði aðallega fengin af saltsíld, og það er vikið að því í aths. við frv. og gerð nokkur grein fyrir því, að verð á saltsíld hafi ekki lækkað eins og verð á ýmsum öðrum útflutningsafurðum og því er það gefið í skyn, að saltsíldin muni geta borið þær auknu álögur, sem hér er um að ræða, að útflutningsgjaldið verði fært upp, eins og segir í þessu frv. og að aukning tekna af því verði um 28 millj. En ég verð að segja það, að eins og málin horfa varðandi saltsíldina og síldveiðarnar á sumri komanda, dreg ég mjög í efa, að sú atvinnugrein sé fær um að taka á sig þann bagga, sem hér er um að tefla. Öllum er það kunnugt, að síldveiðarnar urðu erfiðar á marga lund á s. l. sumri og mér virðist, að menn geri ráð fyrir því, að þar

muni ekkert verða léttara undir fæti á sumri komanda. Menn gera ráð fyrir því, að það þurfi að sækja síldina langt og flytja hana langt til, og það er þess vegna augljóst, að sá atvinnurekstur verður mjög erfiður viðfangs á næsta sumri. Ég held því að það sé óráð að gera nú ráð fyrir því, að þessi atvinnugrein geti tekið á sig þau auknu gjöld, sem þarna er um að tefla. Ég held, að það sé ekki leyfileg bjartsýni, að svo muni ganga hjá síldveiðunum á sumri komanda, að þær geti borið þetta.

Þarna er um nýjar álögur upp á 42 millj. kr. að ræða, en hæstv. sjútvmrh. segir að hér sé ekki um að ræða álögur, sem falli til ríkissjóðs, heldur fari þær til útgerðarinnar aftur. Þetta er útaf fyrir sig rétt, en það sjá þó allir, hver skrípaleikur það er í raun og veru að vera að leggja álögur á atvinnugrein, sem ekki fær staðizt án þess að fá svo fyrirgreiðslu og stuðning í ýmsu formi. Það sýnast vera lítil búhyggindi í þeim tilfærslum. En það er ákveðið í 2. gr. frv., hvernig þessu skuli varið, og það er augljóst, að hækkunin á að fara í vátryggingar fiskiskipanna, og þá má að vísu til sanns vegar færa, að útflutningsgjaldið renni þá aftur til útgerðarinnar að nokkru leyti. En þá er komið alveg að merg málsins í þessu sambandi að mínum dómi, og hann er sá, að með þessu er auðvitað verið að færa til tekjur frá sjómönnum og til útgerðarinnar. Það er það, sem er í raun og veru verið að gera með þessu frv. og er grundvöllur fyrir þessu útflutningsgjaldi. Það er verið að taka útflutningsgjaldið af óskiptu og verja því til annars aðilans. Þetta liggur náttúrlega ljóst fyrir, að það er þetta, sem raunverulega er verið að gera með þessu. Ég skal ekki segja, að það geti ekki verið réttlætanlegt undir einhverjum kringumstæðum að laga þannig eitthvað til. En hér er um allmikla og verulega röskun að tefla, og nú hef ég það í huga, að nýlega hefur verið ákveðið verð á sjávarafurðunum og samningar verið gerðir og mér skilst, að þeir samningar hljóti að hafa verið byggðir á þeirri forsendu, að grundvellinum væri ekki raskað eins og mér sýnist, að hljóti að vera gert með þessu ákvæði. Og þá verður mér spurn í þessu sambandi, ég veit ekkert um það nú, en mér kemur sú spurning í hug, telja ekki sjómenn brotinn rétt á sér með svona lagasetningu? Mér kæmi það ekkert á óvart. Það upplýsist náttúrlega við meðferð málsins í n. Ég skal svo standa við það, sem ég sagði, að ég skal ekki fara nánar út í það að ræða þetta annars stóra og mikla mál á þessu stigi, enda á ég sæti í þeirri n., sem málið fær til meðferðar, en vil aðeins endurtaka það, að ég get með engu móti fallizt á þetta frv. eins og það er úr garði gert og eins og það lítur út frá mínu sjónarmiði.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Við höfum að undanförnu búið við erfitt tíðarfar. Það hafa verið frost og snjóar. En þegar þessu virðist nú vera að linna, þá byrjar snjógangur af sérstökum hætti hér inni í þinginu. Einmitt á meðan við vorum að ræða hér frv. ríkisstj., sem ráðgerir að leggja á skattborgara landsins um það bil 109 millj. og mikið kapp er lagt á af stjórnarinnar hálfu að fá það afgreitt sem allra fyrst, og ég skal út af fyrir sig fallast á það, að slík mál eru þess eðlis, að það er ekki æskilegt, að þau séu mjög lengi í meðförum Alþ., þá snjóar hér inn á borð okkar þm. nýju frv., sem felur í sér nýjar álögur að því er ríkisstj. ætlar upp á 42 millj. kr. Þetta er frv. um breytingar á útflutningsgjöldum á sjávarafurðum.

Hæstv. sjútvmrh., sem hér mælti fyrir frv., fór nú að vísu ekki mjög ýtarlega ofan í tildrög þess, að frv. liggur hér fyrir. Þó er það í aðalatriðum glöggt, að ríkisvaldið hefur í rauninni tekið að sér að greiða vátryggingargjöld af fiskiskipaflotanum, en til þess að standa straum af þeirri iðgjaldagreiðslu, hafa verið lögð á sérstaklega há útflutningsgjöld á sjávarafurðir, svo há, að það þykir ekki hlýða af ríkisstj. hálfu, eins og stundum er þó gert, að reyna að sanna það, að þau séu ekki hærri en í öðrum löndum, enda hygg ég, að það þyrfti að leita langt til þess að finna slík útflutningsgjöld af helztu afurðum nokkurs lands sem útflutningsgjöldin af sjávarafurðum eru hér á Íslandi. Ég hef t. d. hugmynd um það, að nú þegar ríkisstj. hefur ákveðið að rannsaka, hvort við ættum innangengt í EFTA, sé það eitt af því, sem menn reka þar fyrst augun í, að þar á kunni að vera sá hængur, að eftir reglum þess bandalags og reyndar ekki síður eftir reglum annarra bandalaga, sem manni virðist nú ríkisstj. líta nokkru hornauga til að komast inn í, þyrftu einmitt hin sérstöku útflutningsgjöld, sem við hér höfum, þá að jafnast út og færast til samræmis við það, sem gerist í öðrum löndum. Ég vildi þegar við þessa umr. málsins spyrjast fyrir um það hjá ráðh., hvort það mál hefur verið athugað, hvort við verðum ekki, ef af þeim yfirlýsta vilja ríkisstj. verður, að við getum komizt inn í EFTA, að lækka öll útflutningsgjöld, og er þá hér tjaldað nema til einnar nætur með því að færa útflutningsgjöldin til hækkunar?

Hæstv. ráðh. lét hér svo um mælt, að í rauninni væru þessi gjöld ríkissjóði óviðkomandi, þar sem þetta væri tilflutningur á milli aðila innan sjávarútvegsins. Það er nú svo. Ég held, að hér sé reyndar um meira að ræða heldur en það, að hér sé tilflutningur einn á milli aðila innan sjávarútvegsins. Það er að vísu rétt, að að parti til má heimfæra það, að svo kunni að líta út, en hvaða aðilar eru það þá, sem fært er á milli? Ég held, að það sé vert, að við komum að þeim atriðum, en hv. síðasti ræðumaður, sem hér talaði á undan mér, drap reyndar lítillega á það, hvað væri kjarni málsins. En kjarni málsins er einmitt sá, að íslenzkir fiskimenn eru yfirleitt ráðnir upp á hlut af afla. Og sá hlutur er venjulega tiltekinn í einhverjum pörtum, hundraðshlutum úr heildarafla hvers skips. Afli sjómanna er síðan greiddur á sama verði eins og útvegsmanna, en til þess að verðákvarðanir á aflanum verði tiltölulega lágar, er reiknað með því, þegar aflaverðmætið er ákveðið hverju sinni, — en það er gert árlega og stundum oftar en einu sinni á ári, — þá er reiknað með því, að af óskiptu

séu tekin gjöld eins og útflutningsgjaldið. Það er þess vegna alveg greinilegt, að tilflutningurinn liggur í því, að það er verið að færa tekjur burt frá sjómannastéttinni og yfir til útgerðarinnar. Þó vildi ég segja það, að útgerðinni kemur þessi tilflutningur reyndar að takmörkuðu gagni, þó að ég dragi ekki í efa, að svo sé til ætlazt, að hann komi útgerðinni að gagni. Í kjölfar þessa er það svo raunin, að af opinberri hálfu eru goldin öll tryggingargjöld af fiskiskipaflotanum. Vátryggingarfélögin geta farið í harða samkeppni um að ná til sín viðskiptavinum til að tryggja skip og boðið góð kjör í nokkurn veginn fullri vissu um það, að hið opinbera sér um iðgjaldagreiðslurnar með ríflegum ágóðahlut fyrir sig, miðað við þær tjónabætur, sem orðið hafa undanfarandi ár. Allt þetta kerfi leiðir til mikilla vandræða, þegar það hefur staðið árum saman, þannig að tjónabætur á íslenzkum fiskiskipum eru miklum mun hærri heldur en tíðkast í nágrannalöndum í kringum okkur. T. d. munu þær vera nálega tvöfaldar á Íslandi við það, sem gerist í Noregi. Það er þess vegna ástæða til að ætla, að hér sé ekki um tjónabætur eingöngu að ræða í ströngustu merkingu þess orðs, heldur mun því vera svo fyrir komið, að meira og minna af viðhaldsframkvæmdum er líka kallað tjónabætur og þannig verða tjónabætur íslenzka fiskiskipaflotans alveg óeðlilega háar. En íslenzk stjórnarvöld, sem telja sér svo mikils virði að draga þannig burst úr nefi sjómanna, að taka allar iðgjaldagreiðslur í rauninni á opinbert framfæri, þeir telja þetta ekki skipta svo miklu máli, eins og það frv., sem hér hefur verið lagt inn á borð þm. í dag, ber með sér. Það er bara að hækka útflutningsgjöldin enn, þó að þau séu miklum mun hærri heldur en tíðkanleg eru nokkurs staðar á byggðu bóli í nálægð við okkur.

Þá er það leikurinn um það, að þetta sé ríkissjóði ekki viðkomandi, sem vert er að skoða örlítið nánar. Í nóvember í haust var gengi íslenzkrar krónu lækkað og við fengum þá skýringu á því, að þetta væri nauðsynlegt til þess að útflutningsframleiðslan, þ. e. a. s. sjávarútvegurinn, gæti borið sig og staðið undir sínum skuldbindingum. Ekki vil ég nú segja það, að það sé ríkissjóði eða skattþegnum íslenzka ríkisins óviðkomandi, þó að gengi íslenzkrar krónu sé stórlega fellt. En svo hlýtur auðvitað að fara, þegar meiri byrðar eru lagðar á höfuðatvinnuveg þjóðarinnar heldur en hann getur staðið undir. Þrátt fyrir þetta höfum við svo horft framan í þá staðreynd nú eftir nýárið, að ríkisstj. hefur samið við aðila sjávarútvegsins, þ. e. a. s. útgerðarmenn og fiskverkunaraðila, um að greiða þeim ofan á gengisfellinguna 320 millj. úr ríkissjóði. Ætli það sé ríkissjóði eða skattþegnum íslenzka ríkisins óviðkomandi? Ég hefði nú haldið, að svo væri ekki. Og svo kemur frv. að tarna með löngum rökstuðningi um það, að vegna þess að verð á íslenzkum sjávarafurðum hafi fallið svo að undanförnu, sé nauðsynlegt, að því er manni skilst til viðreisnar sjávarútveginum, að hækka útflutningsgjöldin af íslenzkum sjávarafurðum um tugi millj. ofan á það, sem er. Um allt þetta sýnist mér, að hér séu dregin fram rök, sem séu, ef þau eru skoðuð í því ljósi, sem eðlilegast er og rökréttast, hreinlega sannanir fyrir því, að svona gjald megi hreint ekki hækka, það sé með öllu fráleitt að hugsa sér það.

Í grg. frv. er að því vikið, að halli á tryggingariðgjöldunum, þ. e. a. s. mismunurinn á tryggingariðgjöldunum, eins og þau eru krafin, og því fé, sem til þeirra á að renna samkv. gildandi lögum um útflutningsgjöldin, mismunurinn þarna á séu 95 millj. kr. Lauslega er á það drepið, að ekki muni nú þessar 42 millj. kr., sem á að hækka útflutningsgjöldin um samkv. þessu frv., geta mætt öllum þeim halla, heldur muni þurfa að reyna að spara eitthvað á tryggingariðgjöldunum eða kannske sem mismuninum nemur. Ég held, að það hefði verið nær, áður heldur en svona frv. er sýnt hér á Alþ., að sýna fram á það með hverjum hætti á að spara, sýna fram á það, að fyrst verði að koma tryggingariðgjöldunum niður á það stig, sem talizt getur sambærilegt við okkar nágrannalönd, áður heldur en mönnum dytti það í hug að ætla að fara að leggja á ný gjöld, einkum á sjómannastétt landsins, til þess að borga þau. En þetta frv. gerir beinlínis ráð fyrir því, að 42 millj. séu lagðar á sjómannastétt landsins fyrst og fremst. Sjómannastétt landsins kann að vera talin einhverrar refsingar verð af stjórnvaldanna hálfu. En ekki breytir það því, að án þeirrar stéttar verður lítið um tekjur í ríkissjóðinn íslenzka, og ef til þess kemur, að framleiðslan dregst saman, þá hossa þessar 42 millj. ekki hátt, hvorki í eitt né neitt af þörfum íslenzka ríkisins.

Það var einnig drepið á það hér af þeim ræðumanni, sem talaði næstur á undan mér, að hætta er á, að slíkt gjald, sem lagt er á eftir að ákveðið hefur verið verð á fiskafurðum, raski bæði einu og öðru í sambandi við framleiðsluna, og það er svo vissulega hárrétt og reyndar ekkert smáatriði. Nú er svo komið, að í verðlagningu sjávarafurða telja fiskvinnsluaðilar ýmsir sér vera ofgert. Þeir borgi þegar hærra hráefnisverð heldur en þeir hafi efni á og hafa uppi ýmsar hótanir um að stöðva fiskverkunarrekstur sinn. Hefur raunar komið til slíkrar stöðvunar að undanförnu, hversu réttmæt sem hún kann nú að vera. Ég bendi á það, að nú hafa ýmsir þeir aðilar, sem verka karfa, tilkynnt það, að þeir geti ekki staðið undir þeirri verkun með því verðlagi, sem ákveðið hefur verið. Ætli það sé til þess fallið að greiða úr slíkum vandamálum að hækka bara útflutningsgjöldin? Ég hefði nú haldið, að svo væri ekki. Svipuðu máli gegnir um ýmsa síldarframleiðendur, ekki sízt fiskiskipaeigendurna sjálfa. Þeir telja, að fyrirsjáanlegur kostnaður við síldveiðar á næsta sumri sé slíkur, að allsendis sé óvíst, hve mörg eða hvort nokkur skip verða gerð út til þeirra, ef þær yrðu harðsóttar að svipuðu marki og var á s. l. sumri og langsóttar. Hér ber því allt að sama brunni, að það frv., sem hér er lagt fyrir, get ég ekki annað séð heldur en sé algert vanhyggjuráð og í rauninni furðar mig á því, að það skuli vera

sýnt á Alþ. og reynt að telja þm. trú um það, að þetta sé atriði, sem ekki snerti íslenzka þjóðarbúið, þ. e. a. s. íslenzkan ríkissjóð. Nei, því fer svo víðs fjarri, að svo sé.

Ég vil svo endurtaka spurningu mína um það, hvað hæstv. ráðh. álítur um íslenzku útflutningsgjöldin yfirleitt og hugmyndina um það, að við gerumst aðilar að EFTA, því að ég hygg, að ef sú hugmynd ríkisstj., að við ættum að verða þátttakendur í EFTA eða einhverjum slíkum samtökum, væri meint alvarlega, sé það einna fjarlægast af öllu fjarlægu að gera ráðstafanir til þess að hækka hin þegar allt of háu útflutningsgjöld, útflutningsgjöld, sem eru ósamræmanleg því, sem tíðkast í öðrum löndum þess bandalags.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 560, n. 608 og 618).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. N. hefur ekki fengið langan tíma til að athuga þetta frv. og ber jafnvel frágangurinn á nál. það með sér, því að það óvenjulega hefur komið fyrir, að prentvilla er í nál. meiri hl., sem ég vil biðja hæstv. forseta að sjá um, að verði leiðrétt við prentun á þingtíðindum. Þar er skorað á hæstv. ríkisstj. að „undirrita" löggjöf um þetta efni, en á að sjálfsögðu að standa að „undirbúa" löggjöf.

Það er án allrar hrifningar, sem meiri hl. n. mælir með samþykkt þessa frv. óbreytts. Það kemur undir það, sem maður kallar illa nauðsyn, að það verður að sjá fyrir því að halda bátaflotanum í tryggingu og mér skilst, að til þess sé engin önnur leið heldur en að greiða a. m. k. töluverðan hluta af iðgjöldunum og fyrir því er verið að reyna að sjá í þessu frv. Af ástæðum, sem fyrirrennurum mínum á Alþ., þeim vísu mönnum, sem þær reglur settu á sínum tíma, eru sjálfsagt kunnari en mér, hefur verið farið inn á þá leið að greiða vátryggingu fiskiskipanna með útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, og nú, þegar verðið lækkar á þessum afurðum, verður að sjálfsögðu ónógt fé í sjóði til þess að standast þennan kostnað öðruvísi heldur en að hækka gjaldið af hinum einstöku vörutegundum. Það má segja, að hallinn, sem þarf að jafna fyrir árin 1967 og 1968, sé sem næst 100 millj. kr. fyrir hvort ár. Fyrir 1967 hefur verið séð fyrir þessu að nokkru leyti með því að leggja til hliðar hluta af hinum svokallaða gengisbreytingarhagnaði í þessu skyni, hinum reikningslega hagnaði, sem myndast í sambandi við gengisbreytinguna við það, að útfluttar vörur framleiddar fyrir breytinguna verða aðeins gerðar upp á gamla genginu, þótt þær séu seldar á hinu nýja gengi. Þannig mun bætast töluverður hluti af halla síðasta árs, og halla þann, sem búizt er við á þessu ári, á að reyna að bæta að nokkru með þessu frv., sem hér liggur fyrir, þ. e. a. s., það er gert ráð fyrir, að þarna náist kringum 42 millj. kr. Afganginn er hugsað að reyna að bæta með því að draga úr útgjöldum við tryggingarnar.

Ég hygg mig tala fyrir alla n., a. m. k. í fullu umboði meiri hl., þegar ég segi, að þessi mál eru í ólestri og á engan hátt með því móti, sem við vildum óska, og að það er samróma álit okkar, að þau þurfi að taka föstum tökum og að það fyrirkomulag, sem á þeim málum er núna, sé ekki til neinnar frambúðar og þurfi að kippa því í lag fyrir næstu áramót. Það ætti að vera eitt af fyrstu frv., sem yrðu lögð fyrir Alþ., þegar það kemur aftur saman til funda í haust. En þar sem auðséð er, að þegar svo áliðið er þingtímans sem nú er orðið, getur ekki unnizt tími til slíkrar endurskoðunar að sinni, þá mælum við af illri nauðsyn með samþykkt frv. óbreytts.

Frsm. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. og hv. frsm. meiri hl. sjútvn. gerði grein fyrir, þá varð n. ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. Það kom berlega fram í n., eins og hv. frsm. meiri hl. undirstrikaði raunar, að það var enginn nm. sérstaklega hrifinn af þessu frv., svo að vægilega sé til orða tekið. Það kom mjög greinilega fram, að jafnvel þeim hv. þm. stjórnarflokkanna, sem töldu sér ekki annað fært heldur en fallast á þetta frv., þeim lízt ekki sérlega vel á þá lausn, sem þar er um að ræða og telja hana tvímælalaust algera bráðabirgðalausn og raunar nokkra vandræðalausn, að ég hygg. Og það er líka mála sannast, að hér er ekki um að ræða neina frambúðarlausn á þeim vanda, sem hér er vissulega á ferðinni að því er varðar öll tryggingarmál bátaflotans, og það er hætt við, að þessi takmarkaða bráðabirgðalausn leiði aftur af sér ný og e. t. v. býsna erfið vandamál, og gæti því svo farið, að hún yrði sjávarútveginum helzt til dýr.

Það, sem hér er um að ræða, er í stuttu máli það að hækka útflutningsgjöld á ákveðnum tegundum sjávarafurða, þrem tegundum sjávarafurða, um samtals 42 millj. kr. Útflutningsgjöld eru, að ég hygg, alltaf hálfgert vandræðafyrirkomulag. Það er hálfgerður vandræðatekjustofn, og því hærri sem útflutningsgjöld af afurðum eru, því varhugaverðari hljóta þau að vera og valda því, að erfiðara verður um alla samkeppni við aðra, þar sem slík útflutningsgjöld eru annaðhvort mjög lág eða alls ekki til og í sumum tilfellum jafnvel fá þeir, sem framleiða til útflutnings, stuðning til slíkrar framleiðslu.

Hækkun útflutningsgjalda á sjávarafurðum á þeim tíma, þegar útvegurinn á í sérstökum erfiðleikum, er alveg sérstaklega varhugaverð. Það er vitað, að nú þegar nálgast venjulega síldarvertíð, hrannast upp vandamál í sambandi við það, hvernig útgerðarmenn og sjómenn koma til með að standa að næstu vertíð. Það er vitað, að þannig hefur gengið hjá þeim hluta bátaflotans, sem nú stundar aðallega síldveiðar, hinum stærstu vél-

bátum, þannig hefur gengið nú síðustu mánuðina, að ég hygg, að varla nokkur síldarbátur hefur á þeim tíma fiskað neitt nándar nærri fyrir kostnaði. Það mun hafa verið tap á þeim öllum og það mun varla finnast sá síldarbátur, sem undanfarna mánuði hefur fiskað fyrir tryggingu, sem kallað er, þ. e. að hlutur sjómanna hafi náð kauptryggingunni, sem þó er aðeins 12 þús. kr. á mánuði. Það mun því reynast svo, að eftir að sjómennirnir hafa á svona heldur misheppnaðri loðnuvertíð og við alls konar skrap annað orðið að vinna oft býsna langan vinnutíma fyrir 12 þús. kr. bruttó á mánuði, borga þar af 4—5 þús. kr. í fæði, þá má búast við því, að það verði erfitt að fá þá til þess að starfa á síldarflotanum, nema því aðeins, að einhverjar teljandi vonir séu um það, að þeir geti haft sómasamlegar tekjur. En á því eru vissulega veruleg tormerki. Það er vitað. Reynslan frá því í fyrra var sú, að síldin hefur fjarlægzt landið og það er yfirleitt búizt við því, að sú saga endurtaki sig nú og þess vegna er gert ráð fyrir því, að margvíslegir erfiðleikar mæti síldveiðiútgerðinni á komandi sumri.

Það hefur þó verið talið, að vonir stæðu til þess, að einn þáttur síldveiðanna, þ. e. a. s. sá hlutinn, sem yrði veiddur til söltunar, yrði sæmilega arðbær, það stæðu nokkrar vonir til þess, að fyrir saltsíldina fengist bærilegt verð og það gæti e.t.v. greitt fyrir því, að menn yfirleitt treystu sér til þess að hefja þessar veiðar við þau erfiðu skilyrði, sem búast má við, að verði. En nú á að skattleggja alveg sérstaklega þennan þátt síldveiðanna, saltsíldina, til þess að standa undir hinu mikla tapi í sambandi við tryggingasjóðinn, og það hefur komið greinilega í ljós, að þeir aðilar, sem þetta mál skiptir alveg sérstaklega, sjómenn og útgerðarmenn og þeir sem fást við síldarsöltun, telja þetta hið mesta óráð og hafa mótmælt harðlega. Og við, sem skipum minni hl. n., sjáum ekki annað heldur en þeir hafi fært mjög veruleg og veigamikil rök fyrir sínu máli. Alveg sérstaklega vil ég benda á það, sem fram kemur í mótmælabréfi frá samtökum síldveiðisjómanna, að þeir telja, að með því hækka svo sem hér er gert ráð fyrir útflutningsgjaldið á saltsíldinni, hækka það úr 6% í 10%, þá sé í raun og veru verið að raska þeim grundvelli, sem samningarnir um hlutaskiptakjörin milli sjómanna og útvegsmanna voru á sínum tíma reistir á. Þetta tel ég, að sé býsna veigamikið atriði í sambandi við þetta mál, auk þess sem það er algerlega ljóst, að þessar 42 millj. kr. sem þarna á að taka af sjómönnum og útgerðarmönnum til þess að borga upp einhvern hluta, takmarkaðan hluta af hinu mikla og sívaxandi tapi tryggingasjóðsins, þær leysa það mál engan veginn til neinnar hlítar.

Þessi tryggingamál bátaflotans hafa nú um sinn verið hið mesta vandræðamál og það er fyrir löngu tími til þess kominn, að þau séu öll endurskoðuð og fundin einhver varanleg lausn á þeim. Það er alveg hárrétt, sem frsm. meiri hl. n. sagði hér í sinni framsögu, að þessi mál eru í hinum mesta ólestri og þau þarf að taka miklu fastari tökum heldur en gert hefur verið. En þessi vandræðalausn að leggja þetta viðbótarskattgjald á ákveðnar greinar útflutningsframleiðslunnar, sú lausn er bæði mjög takmörkuð að því er sjálft vandamál tryggingasjóðsins snertir og hún mun koma mjög erfiðlega við alveg sérstaklega síldveiðarnar, en ég býst jafnvel einnig við, að það geti farið svo, að því er saltfiskinn varðar, að þar verði einnig nokkrum erfiðleikum bundið að taka á sig nýjar byrðar.

Það hefur gengið allvel með sölu á saltfiski. Verðið hefur verið nokkuð hátt og farið heldur hækkandi. En nú á þessu ári og raunar að einhverju leyti á síðasta ári hygg ég, að saltað hafi verið nokkru meira en allmörg ár áður og e. t. v. sérstaklega, að í salt hefur farið fiskur, sem tæplega er í þeim sama gæðaflokki, sem saltfiskur hefur að undanförnu verið, þ.e.a.s. fiskur, sem undir venjulegum kringumstæðum hefði tvímælalaust verið verkaður í skreið, en eins og menn vita, er ekki um skreiðarverkun að ræða eða varla um hana að ræða að sinni vegna þeirra markaðserfiðleika, sem eru í sambandi við skreiðina. Það má því jafnvel búast við, að öll skattlagning, aukin skattlagning að því er saltfiskinn varðar, geti komið erfiðlega niður, en þó hygg ég, að það sé alveg sérstaklega varðandi saltsíldina, að þar geti verið um að ræða mjög varhugaverða ráðstöfun að hækka svo stórlega sem hér er lagt til útflutningsgjald af þeirri vöru.

Eins og ég sagði áðan, hafa þegar birzt mjög harðorð mótmæli ýmissa aðila gegn þessu frv. Það eru í fyrsta lagi mótmæli frá síldarútvegsnefnd. Það eru í öðru lagi mótmæli frá stjórn Samtaka síldveiðisjómanna og enn fremur hafa komið mótmæli frá félögum síldarsaltenda, bæði norðanlands og austan og sunnanlands og vestan. Ég vil leyfa mér að vitna hér í nokkur atriði úr hinu harðorða bréfi síldarútvegsnefndar, þar sem m. a. kemur fram, að við undirbúning þessa máls hefur ekkert samráð verið haft við n. og m. a. s. virðist ekki hafa verið, að því er hún segir, tekið neitt tillit til mjög eindreginna varnaðarorða, sem hún sendi bæði hæstv. sjútvmrh. og fleiri aðilum nú fyrir nokkrum mánuðum varðandi þetta mál. En í bréfi síldarútvegsnefndar til sjútvn. Ed. Alþ., dags. 10. apríl, segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Síldarútvegsnefnd vill mjög eindregið og ákveðið mæla gegn hækkun útflutningsgjalda á saltsíld, sem felst í frv. þessu.

N. telur, að þessi hækkun geti leitt til þess, að þessi atvinnuvegur, sem hingað til hefur bjargazt án opinberra styrkja, lamist svo, að hann falli niður að mestu.

Með bréfi voru, dags. 29. nóv. s. l., sem hér með fylgir í myndriti og sem stílað var til sjútvmrh., en jafnframt sent Efnahagsstofnuninni og Seðlabanka Íslands, eru ýtarlega raktir þeir erfiðleikar, sem fram undan eru með sölu og framleiðslu saltsíldar á sumri komanda. Er þar m. a. bent á erfiðleika um öflun hráefnis og verkun síldar af fjarlægum miðum, svo og kostnaðarauka af þeim sökum. Í bréfi þessu varar n. alvarlega við því, að nokkrar ráðstafanir verði gerðar til þess, að þessi

útflutningsgrein verði lögð í einelti með auknum álögum. Allar þessar ábendingar og aðvaranir síldarútvegsnefndar virðast virtar að vettugi. Það er furðulegt, að ekki skuli haft í neinu samráð við n. eða hlustað á till. hennar og aðvaranir, þegar þess er m. a. gætt, að í n. eru fulltrúar útvegsmanna, sjómanna og verkamanna, síldarsaltenda og auk þess þrír fulltrúar þingkjörnir."

Síðan er í bréfinu nánari rökstuðningur fyrir því, að mjög óráðlegt sé að leggja aukið útflutningsgjald á saltsíldina.

Í bréfi frá stjórn Samtaka síldveiðisjómanna er lögð áherzla á hið sama og þar vil ég alveg sérstaklega undirstrika það, sem þeir segja, að því er varðar röskun á þeim skiptakjörum, sem verið hafa á milli útgerðar og sjómanna. Þeir segjast vilja benda á það, að hækkun á útflutningsgjaldinu valdi röskun á þessum skiptakjörum og vilja vara við þeim afleiðingum, sem það geti haft.

Það er, eins og ég hef þegar tekið fram, alveg augljóst, að tryggingamál bátaflotans þarf jafnt eftir sem áður, hvað sem verður um þetta frv., að taka föstum og ákveðnum tökum og leysa þau til einhverrar frambúðar. Þetta, sem nú á að gera, er hin mesta og vandræðalegasta bráðabirgðalausn, og ég hygg, að það væri skynsamlegt að hlusta á þau viðvörunarorð, sem fram hafa komið varðandi það, hvaða afleiðingar þessi nýja skattlagning getur haft. Ég held, að það hefði verið og væri enn skynsamlegra að leita annarra úrræða til bráðabirgða, en brýn nauðsyn er, að hafizt verði hið allra fyrsta handa um að leysa til nokkurrar hlítar og einhverrar frambúðar þann mikla vanda, sem upp hefur risið, varðandi öll þessi tryggingamál bátaflotans, sem, eins og hér hefur verið margsagt, eru í hinum mesta ólestri.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Ég átti þess ekki kost að vera á fundi í sjútvn., þegar þetta mál var þar til umr., enda þótt þess sé nú ekki getið, hvorki í meiri hl. nál. né minni hl. En mér fannst ég ekki geta látið þetta mál alveg fram hjá mér fara. Í frv. þessu, sem hér liggur fyrir, um hækkun á útflutningsgjöldum, er gert ráð fyrir að hækka þau, útflutningsgjöldin, á þremur tegundum afurða, óverkuðum saltfiski, frystum humar og saltsíld. Hér er verið að auka þær álögur, sem á þessum afurðum voru fyrir hendi. Það er gert ráð fyrir að tekjuauki af þessu nemi um 42 millj. kr., sem gangi upp í halla tryggingasjóðs, en sá halli nam á árinu 1967 um 95 millj. kr. og er áætlaður um 103 millj. á árinu 1968 eða samtals um tæpar 200 millj. á þessum tveimur árum. Upp í þennan halla er gert ráð fyrir því að fá um 60 millj. af gengishagnaði af útfluttum afurðum og 42 millj. samkv. þessu frv. Eftir verður því að jafna halla á tryggingasjóðnum, sem nemur um 100 millj. kr. En það er gert ráð fyrir því samkv. grg. frv., að um 60 millj. kr. verði hins vegar að reyna að ná með því að draga úr útgjöldum sjóðsins.

Mér virðist það harla lítil lausn, sem bent er á í þessari grg. með því að orða þetta svo „að draga úr útgjöldum sjóðsins" án þess að benda á nokkra aðra leið. Hér fyrir þessari hv. d. lá frammi frv. um sparnaðartill. ríkisstj. Þar var svo drepið á einstaka liði, sem talið væri unnt að spara á eitthvað, þó að menn greindi mjög á um, hvort um raunverulegan sparnað yrði að ræða. Hér er ekki gerð minnsta tilraun til þess að benda á, hvar hægt verði að draga úr kostnaði í þessu efni.

Það er viðurkennt af öllum, að mjög mikill vandi er í sambandi við þessi mál, vandi, sem er óleystur. En hvað þýðir það, ef þarna er verið að tala um að það eigi að reyna að draga úr halla sjóðsins með því að draga úr útgjöldum? Það þýðir einfaldlega það, að útgerðarmenn þeir, sem hafa báta sína tryggða, verða að greiða stöðugt hærri hlut iðgjaldanna. Tryggingafélögin greiða ekki tjónin, sem verða á bátunum, vegna skulda bæði tryggingasjóðs og einstakra útgerðarmanna. Þeir verða að skuldajafna. Fari tjónabæturnar yfir ákveðna iðgjaldaupphæð, hækka tryggingagjöldin og þurfa því margir útgerðarmenn að greiða stórar fjárhæðir umfram það, sem fæst greitt úr sameiginlegum tryggingasjóði. Sá sameiginlegi tryggingasjóður hefur ekki nægt á undanförnum árum og hefur halli sjóðsins stöðugt aukizt og svo er enn. Fyrir þessu þingi liggur nú, að ég held við lokaumr. í Nd., frv. til l. um stofnfjársjóð fiskiskipa. Þegar það frv. var boðað í dagblöðum hér í borg, var það túlkað sem nægileg lausn á vandamálum bátaútvegsins. Þá var ekki minnzt á, að nokkur vandi væri óleystur í sambandi við bátaútveginn. En nú kemur í ljós, að óleystur er vandi, sem nemur um eða yfir 100 millj. kr. Þegar stofnfjársjóðurinn var ákveðinn, var örugglega reiknað með því, að ekki yrði dregið úr aðstoð við bátaútveginn á öðrum sviðum, enda engin von til þess vegna síhækkandi útgerðarkostnaðar, að slíkt væri unnt. Hagur útgerðarinnar þolir þetta ekki, þegar þess er enn fremur gætt, að hagur stærri síldarskipanna er svo bágur, að fæst þeirra munu komast á síld, nema þau fái stórkostlega fyrirgreiðslu í einhverri mynd. Ég gæti trúað því, að það hefði þurft að hækka upphæðina, sem gert er ráð fyrir að leggja í stofnfjársjóðinn, um eða yfir 80 millj., til þess að síldarbátarnir fengju einhverja aðstoð, svo að von væri, að þeir kæmust á síld. Samt sem áður er nú lagt hér til í frv. að stórauka vanda bátanna. Það eykur útgjöld þeirra að miklum mun.

Tryggingasjóðurinn mun skulda hinum ýmsu vátryggingafélögum vegna ársins 1967 um 63 millj. í dag. Áfallin skuld vegna liðinna 3—4 mánaða 1968 mun vera um eða yfir 90 millj., því að það munu vera um það bil 23 millj. á mánuði, sem vátryggingariðgjöldin eru. Tekjur af útflutningsgjöldum samkv. þessu frv. munu ekki koma inn fyrr en seint á þessu ári, sbr. tekjur af saltsíldinni, útfluttri saltsíld. Þess vegna verður erfitt fyrir bátaútvegsmenn að fá greitt tjón hjá tryggingafélögunum, vegna þess að þau verða ekki búin að fá greitt úr þessum sjóði og jafnvel skulda einstakir

útgerðarmenn þar allverulegar upphæðir. Ég fæ ekki séð, hvernig eigendur bátanna eiga að rísa undir þessu eins og hag útvegsins er komið, og erfiðleikarnir magnast sífellt. Hér er því ekki um neina lausn, enga viðunandi lausn á vandamálum tryggingasjóðsins að ræða nema síður sé. Á þessu þingi hafa verið lögð fram ýmis frv. um stuðning við sjávarútveginn. En jafnframt hafa verið lögð fram mörg frv., sem valda þessum atvinnuvegi stórauknum útgjöldum. Það er verið að taka með vinstri hendinni aftur það, sem rétt var fram með hægri hendinni. Það verður varla talið annað en skrípaleikur, þegar þannig er staðið að undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar.

Saltsíldin á samkv. þessu frv. að skila bróðurpartinum af þeim tekjuauka, eða um 28 millj., sem gert er ráð fyrir að fá. Nú er það vitað mál og öllum ljóst, að stóraukinn kostnaður verður við síldveiðar á komandi sumri á fjarlægum miðum, og verður þetta ekki til þess að auðvelda þann atvinnurekstur eða gera hann arðbærari. Það er því í fyllsta máta ólíklegt, að þessi atvinnurekstur verði aflögufær og þoli hækkaðar álögur, þvert á móti. Þess vegna er engin hrifning að mæla með þessu frv. óbreyttu, eins og fram kom hér áðan í framsögu meirihluta-álitsins. Ég er ekki hissa á því.

Það hafa borizt harðorð mótmæli gegn samþykkt þessa frv., bæði frá síldarsaltendum og sjómönnum. Hlýtur það að vera háskalegt að fara nú að auka álögur á afurðir þessar, álögur, sem vafalaust torvelda og draga úr líkum fyrir því, að síldveiðar verði stundaðar að einhverju verulegu ráði á komandi sumri. Ég skil það vel, að það sé engin ánægja að samþykkja þetta frv. hjá þeim, sem þó leggja það til. Það er varla von. Sannleikurinnn er sá, að allar greinar sjávarútvegsins eru í miklum erfiðleikum, og það verður alls ekki komizt hjá því að taka þennan atvinnuveg til gagngerðrar endurskoðunar og gera þær ráðstafanir, sem koma honum á rekstursgrundvöll. Allt annað er kák og með því er verið að ýta á undan sér vanda, sem verður að leysa, vanda, sem vex með hverjum mánuðinum, sem honum er ýtt á undan sér. Ég hefði nú haldið, að það væri eitthvert mark takandi á þeim mótmælum, sem borizt hafa og frsm. minni hl. sjútvn. vitnaði hér í áðan, bæði frá síldarútvegsnefnd og fleirum. Ég hef ekki átt þess kost að lesa þetta nema frá síldarútvegsnefndinni. Mér finnst þau mótmæli svo harðorð, að ég undrast það, að þrátt fyrir þessi mótmæli skuli samt sem áður vera lagt til að reyna að fá samþykki fyrir þessu frv., vegna þess að í frv. felst alls engin lausn.

Þó að ég hafi ekki verið á þessum fundi í sjútvn., þá vil ég taka það fram, að ég styð nál. minni hl. og legg eindregið til með þeim, að frv. verði fellt.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. stjórnarandstæðingar hafa lagt hér sérstaklega mikið upp úr mótmælum síldarútvegsnefndar, sem ég skal ekki í neinum atriðum fara sérstaklega út í, en tel þó nauðsynlegt að minna á, hvert hlutverk síldarútvegsnefndar er, sem í fyrsta lagi og samkv. meginanda þeirra laga sem um hana fjalla er, að hún skuli hafa það að sínu aðalverkefni að sjá um sölu síldar. Þetta frv. getur varla heyrt undir það verkefni, þó síldarútvegsnefnd hafi séð ástæðu til þess að taka sérstaka afstöðu til þess, og ég hygg, að ýmsir aðrir, sem það frv., sem hér er um rætt, snertir, gætu nú kvartað meira undan álögum heldur en síldarsaltendur í þessu tilfelli. Ég skal ekki að öðru leyti fara nánar út í þau atriði, en tel nauðsynlegt að segja hér ýmislegt af því, sem ég vildi sagt hafa við 1. umr. málsins, en lét þá ógert vegna sérstaks samkomulags, sem gert var um það að koma málinu til n. eftir 1. umr. Vil ég nú, að þær upplýsingar, sem ég gjarnan vildi hafa komið á framfæri þá, komi hér fram.

Svo sem hv. þdm. er kunnugt um, hefur sjútvmrn. frá árinu 1961 greitt vátryggingagjöld fiskiskipaflotans að verulegu leyti, en eftir vissum reglum, sem um það voru settar. Áður hafði útflutningssjóður greitt vátryggingagjöldin að meira eða minna leyti um alllangt árabil. Fjár til greiðslu vátryggingagjaldanna hefur samkv. l. frá 1961 verið aflað með útflutningsgjaldi af sjávarafurðum.

Það hófst tekjuöflun í ágústbyrjun 1961 samtímis gengisbreytingunni, sem þá var gerð. Hins vegar voru vátryggingagjöldin greidd frá ársbyrjun 1961. Þannig var í upphafi 7 mánaða tímamunur milli tekna og gjalda, þannig að tryggingafélögin fengu iðgjöldin greidd um 7 mánuðum eftir að þau féllu til. Þessi munur hélzt mikið til óbreyttur fram til ársloka 1966. Á þessu tímabili hækkuðu vátryggingagjöldin mikið, einkum með tilkomu hins mikla flota stórra skipa, sem keypt voru á þessum árum, en einnig vegna mikillar hækkunar bráðafúagjalda og hækkunar á kaskóiðgjöldum eldri skipa, en tekjurnar af útflutningsgjaldinu hækkuðu í svipuðum mæli vegna aukins afla og hækkandi verðs útflutningsafurða. Á árinu 1967 varð mikil og alvarleg breyting á þessu. Tekjur tryggingakerfisins af útflutningsgjaldinu urðu það ár aðeins um 125 millj. kr., en voru 195,5 millj. kr. árið 1966. Jafnframt hækkuðu tryggingagjöldin, sem rn. ber að greiða, úr nálega 208 millj. kr. árið 1966 í nálega 221 millj. kr. árið 1967. Á þessu eina ári hefur því orðið halli, sem nemur um 96 millj. kr. Á móti þessum halla er áætlað, að 50—60 millj. kr. fáist með gengishagnaðinum. Hallinn hefur að nokkru leyti komið fram í skuldasöfnun við ríkissjóð, en að nokkru leyti í því, að greiðslur til tryggingafélaganna hafa dregizt úr hömlu, og er nú svo komið, að tryggingafélögin eiga í miklum erfiðleikum með að greiða áfallin tjón og eru dæmi þess, að bátar hafa tafizt um óeðlilega langan tíma og jafnvel vikum saman í slippum, af því að fé hefur skort til að leysa þá úr þeim viðgerðarstöðum.

Útlitið á þessu ári, 1968, er nánast mjög iskyggilegt. Talið er, að vátryggingagjöldin, sem rn. ber að greiða í ár miðað við óbreyttar reglur, séu um 274 millj. kr. Þrátt fyrir niðurfellingu söluskatts af

skipatryggingu, hefur þetta skeð. En hækkunin stafar af fleiri orsökum. Í fyrsta lagi hækkar tryggingaverðmæti flotans mikið samfara gengisbreytingunni. Mörg stærri skipin eru tryggð í sterlingspundum og hækkar tryggingarupphæðin í krónum þá að sjálfsögðu í sama mæli og sterlingspundið. En skip, sem tryggð eru í íslenzkum krónum, hækka einnig og t.d. er gert ráð fyrir, að skip tryggð hjá bátaábyrgðarfélögum hækki um nálægt 20% að meðaltali.

Í öðru lagi hefur orðið mjög mikil hækkun á iðgjaldaprósentum stóru skipanna vegna slæmrar tjónareynslu og vegna strangari reglna á endurtryggingarmarkaðinum í London.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 10% hækkun á iðgjaldaprósentum báta undir 100 rúml. að stærð, sem tryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögum og Samábyrgð Íslands, vegna óhagstæðrar útkomu á undanförnum árum. Að óbreyttum reglum um útflutningsgjald er áætlað, að tekjur tryggingakerfisins af útflutningsgjaldinu mundu nema um 171 millj. kr. á þessu ári og vantar þá hvorki meira né minna en um 103 millj. kr. til þess að endar nái saman á árinu.

Með því frv. um hækkun útflutningsgjalda, sem nú hefur verið lagt fram, er stefnt að 42 millj. kr. hækkun til þess að mæta þessum halla og vantar þá enn um 61 millj. kr., til þess að jöfnuður náist á þessu ári. Um þessar mundir stendur yfir nákvæm athugun á því, hvað unnt er að gera til þess að draga úr hinum mikla tryggingarkostnaði fiskiskipaflotans. Sú athugun er ekki komin á það stig, að unnt sé að skýra frá því í einstökum atriðum, til hvaða ráða verður gripið. En nefna má þó nokkra þætti, sem athyglin hefur beinzt að, og skal ég nú gera það.

Í fyrsta lagi tryggingarfjárhæðir skipanna. Talið er, að í sumum tilfellum séu tryggingarfjárhæðir óþarflega háar og á þetta ekki sízt við um togarana. Iðgjöld skipa lækka ekki hlutfallslega með vátryggingarfjárhæð, en þó að nokkru marki.

Í öðru lagi tryggingarskilmálar. Skilmálar stærri skipanna eru nú mjög víðtækir og kemur til greina, að hagkvæmt verði talið að þrengja þá í einhverjum atriðum.

Í þriðja lagi björgunarreglur. Um skip hjá bátaábyrgðarfélögum og Samábyrgðinni, svo og önnur skip í eigu ríkisstofnana, gildir gagnkvæm aðstoð skipa og greiðist aðeins þóknun miðað við framlagða þjónustu, en ekki björgunarlaun. Til greina kemur, að hliðstæð regla eða í þessa átt verði látin gilda um allan fiskiflotann eða jafnvel ná til allra íslenzkra skipa.

Í fjórða lagi mat á tjónum. Hugsanlega má koma á samræmdara og strangara eftirliti með uppgjöri tjóna en nú er, en á því telja ýmsir, að mörg vandkvæði séu.

Í fimmta lagi gæzla skipa. Gengið verði strangt eftir því, að skip liggi ekki gæzlulaus. Oft hafa orðið tjón á skipum, sem liggja mannlaus í höfnum, og nýlega varð stórbruni í skipi í höfn og kom í ljós, að skipið hafði verið mannlaust með ljósavél í gangi.

Í sjötta lagi endurtrygging. Skip yfir 100 rúml. eru endurtryggð erlendis að langmestu leyti og minni skipin að nokkru leyti. Iðgjöld stærri skipanna eru raunverulega ákveðin af erlendum endurtryggingarkjörum, því að erfiðlega getur reynzt að fá fram hliðstæðar breytingar á iðgjöldum. Hugsanlega mætti koma á víðtæku samstarfi innanlands um endurtrygginguna.

Takist ekki að ná saman endum með sparnaðarráðstöfunum eins og hér er drepið á að framan, en enn eru ekki að fullu kannaðar, eða öðrum hliðstæðum, getur orðið að grípa til þess ráðs, að útgerðarmenn greiði sjálfir hluta tryggingargjaldanna umfram það, sem nú er. Er rétt að víkja að því, hvernig talið verður kleift að auka tekjur tryggingasjóðs með hækkun útflutningsgjalds, svo sem þetta frv., sem hér er til umr., leggur til, og með öðrum ráðstöfunum, sem tiltækar þættu. Hækkun útflutningsgjaldsins á yfirstandandi ári er annmörkum háð vegna hinnar örðugu afkomu flestra framleiðslugreina af völdum áframhaldandi verðfalls nú eftir gengisfellinguna. Enn fremur hefur ákvörðun fiskverðs og annarra rekstrarskilyrða, veiða og vinnslu bolfisks yfir allt árið þegar farið fram, án þess að fært hafi þótt að hækka útflutningsgjaldið. Með hliðsjón af því, sem nú er vitað um afkomu útflutningsgreinanna, telst aðeins fært að hækka útflutningsgjald af þremur afurðategundum, svo sem þegar hefur verið frá greint, þ. e. á óverkuðum saltfiski, frystum humar og saltsíld. Segja má, að rekstrarskilyrði einnar þessarar framleiðslugreinar, þ. e. saltfisksframleiðslunnar, hafi þegar verið ákveðin. Í þessu sambandi er enn fremur rétt að benda á, að útflutningsgjald er ekki greitt af innanlandssölu afla eða afurða né heldur af útflutningi niðursoðinna eða niðurlagðra sjávarafurða. Sá stofn, sem þannig er sleppt, nam um 250 millj. kr. árið 1966, þar af er nýr fiskur til neyzlu lauslega áætlaður 50 millj. kr. Af ýmsum ástæðum er örðugt og óæskilegt að taka gjöld af þessari framleiðslu, en að sama skapi hafa gjöld á aðrar afurðir þurft að vera hærri. Skal nú vikið sérstaklega að rekstrargrundvelli þeirra framleiðslugreina, sem verða fyrir hækkun útflutningsgjaldsins samkv. frv.

Saltfiskur hefur ekki fallið í verði að undanförnu á erlendum mörkuðum, en eins og kunnugt er, varð verðfall á erlendum mörkuðum aðaltilefni gengisbreytingarinnar. Efnahagsstofnunin hefur gert áætlun um hagnað saltfiskverkunar í heild vegna verðhækkana af völdum gengisbreytingarinnar og kemur í ljós, að um nokkurn hagnað muni þar geta orðið að ræða. Rekstur saltfisks- og skreiðarverkunar er að ýmsu leyti áhættusamur, einkum verkun skreiðarinnar. Einnig er ¼ hluti saltfiskframleiðslunnar á vegum frystihúsanna og hefur verið höfð hliðsjón af þessum staðreyndum við ákvarðanir um hækkun útflutningsgjaldsins. Má ætla, að sú hækkun útflutningsgjaldsins, sem hér er

lögð til, muni nema þó nokkrum hluta þess hagnaðar, sem áætlaður hefur verið á saltfiskframleiðsluna í heild.

Um frysta humarinn er það að segja, að hann hefur enn ekki fallið í verði og enn fremur er hann fyrst og fremst seldur til landa, sem hafa fellt gengið. Var áætlað við fiskverðsákvörðun, að verðhækkun vegna gengisbreytingarinnar mundi nema 30,4% á árunum 1966—1968. Nemur áætluð fjárhæð hækkunarinnar um 44 millj. kr. Enda þótt humarinn hafi enn ekki verið til sérstakrar meðferðar í verðlagsráði, má fullyrða, að það sé mjög ríflег hækkun, miðað við kostnað. Þar sem humarinn hefur ekki verið verðlagður, hefur ríkisstj. ekki tekizt á hendur neinar skuldbindingar um að hækka ekki gjöldin af þessum afurðum. Hins vegar takmarka almennir rekstrarmöguleikar frystihúsanna mjög svigrúmið í þessum efnum, þar sem vitað er, að mörg þeirra hafa á undanförnum árum brúað sína erfiðleika einmitt með frystingu humars. Með tilliti til þess, hve ójafnt humarveiðarnar koma niður, og til þeirra byrða, sem ríkissjóður hefur nú af byggingarsjóði fiskiskipa, hefur þótt óhjákvæmilegt að leita heimildar til hækkunar á útflutningsgjaldi, svo sem frv. ber vitni. Á árinu 1966 var humarinn færður úr 4,2% verðmætisgjaldi í núgildandi magngjald, 530 kr. á tonn, en það hefur verið mjög lágt gjald, miðað við verðmæti, eða 0,3%. Eðlilegt virðist að færa humarinn nú aftur undir 4,2% verðmætisgjald. Mundi það gefa um 7,5 millj. kr. hækkun tekna af útflutningsgjaldi eða um 17% af áætlaðri verðhækkun milli áranna 1966 og 1968.

Við mat á afkomu framleiðslugreina í sambandi við gengisbreytinguna fékkst hagstæðust niðurstaða af síldarsöltun, og var reiknað með, að sá hagnaður, sem þannig leiddi af gengisbreytingunni, kæmi hinum almennu síldveiðum og síldarvinnslu til góða. Á grundvelli úrtaks um þriðjungs heildarsöltunar á árinu 1966 hefur verið gerð heildaráætlun um síldarsöltun þess árs, og sú áætlun framreiknuð til ársins 1968. Til samsvörunar við rekstrarskilyrði bolfiskveiða var reiknað með 10% hækkun hráefnisverðs. Niðurstaðan var sú, að hreinn hagnaður yrði verulegur, þótt dreginn væri frá kostnaður við flutninga saltsíldar af fjarlægum miðum og gert væri ráð fyrir minna framleiðslumagni en áður. Er því lagt til, að allverulegur hluti af þessum hagnaði verði látinn ganga til hækkunar útflutningsgjalds. Áætluð aukning tekna af þessari hækkun nemur um 24 millj. króna. Með því að tilgangur hækkunar útflutningsgjaldsins var sá að jafna halla tryggingasjóðs fiskiskipa, er óhjákvæmilegt að breyta hlutfallslegri skiptingu útflutningsgjaldsins í samræmi við hækkunina, svo sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir.

Skal nú vikið að þeim ráðstöfunum, sem frv. gerir ráð fyrir vegna framleiðslu loðnumjöls og loðnulýsis, þ. e. lækkun og afnám útflutningsgjalda af þessum afurðum. Veiðar og vinnsla á loðnu er nýlegur þáttur í sjávarútvegi landsmanna. Eftir lítils háttar byrjun á árunum 1962—64 var loðnuaflinn 50 þús. lestir árið 1965, 125 þús. lestir árið 1966 og 97 þús. lestir 1967. Hefur aflinn að heita má allur farið í bræðslu. Meginástæðan til þess, að ekki hefur verið lögð meiri áherzla á loðnuveiðar, mun vera sú, hve rýrt hráefni loðnan er. Fást að jafnaði 16 kg mjöls úr hverjum 100 kg hráefnis, en aftur á móti 20 kg úr hverjum 100 kg síldar, karfa eða fiskúrgangs. Af lýsi fást aðeins um 2½ kg úr 100 kg af loðnu, samanborið við 3—17 kg eftir árstíðum og veiðisvæðum úr sama magni síldar, og um 5 kg úr karfa eða karfaúrgangi. Hins vegar er loðnan mjög örðug í vinnslu, ekki sízt vegna hins mikla vatnsinnihalds, sem eima þarf burt. Jafnframt er hún viðkvæm fyrir skemmdum, þannig að mikil afföll verða vegna sýru í lýsinu. Af þessum sökum hefur þurft sérstaklega hagstætt verð afurðanna til þess að bera uppi veiðar og vinnslu loðnu. Hefur hagnýting loðnunnar einmitt hafizt við hin hagstæðustu skilyrði, sem voru á árinu 1965—66, jafnframt því, sem skortur á verkefnum fyrir hin stóru síldveiðiskip um vetrartímann fór vaxandi, þegar síldarstofninn við Suðvesturland fór minnkandi. Fyrir ári var svo komið af völdum verðfalls afurðanna, að verðmæti þeirra nægði ekki fyrir algeru lágmarki breytilegs kostnaðar við veiðar og vinnslu loðnu, er metin var 1 kr. hvert kg hráefnis. Til þess að gera kleift að nýta loðnuna var gripið til þess ráðs að fella niður útflutningsgjald af loðnuafurðum, 6% af fob-verðmæti, svo sem hv. þdm. er kunnugt um. En með þessari eftirgjöf er stuðlað að myndun útflutningstekna, er námu rúml. 100 millj. króna að fob-verðmæti. Í dag er afurðaverð enn lægra en það var fyrir ári síðan. Gera áhrif gengisbreytingarinnar á afurðaverðið ekki betur en vega upp þessa hækkun, ásamt hækkun á flutnings- og útskipunarkostnaði afurðanna. Takist betur til en á horfist um afurðasölu og afurðanýtingu, geta verksmiðjurnar átt þess kost að fá nokkuð upp í hækkun vinnslukostnaðar frá því fyrir ári, þó ekki sem nemur fullri hækkun þess kostnaðar. En á hinn bóginn hlýtur útgerðin styrk til stofnfjársjóðs, er ætla má að muni nema um 3,5 aurum á hvert kg loðnuaflans. Veiðar og vinnsla loðnunnar hafa hafizt við þessi skilyrði, þótt knöpp séu.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, telur ríkisstj. að nauðsyn beri til að fella niður útflutningsgjald af loðnuafurðum einnig á yfirstandandi ári, og er gert ráð fyrir því í lokaákvæði frv. Eins og hér hefur verið skýrt, eru loðnumjöl og loðnulýsi afurðir, sem reynslan hefur sýnt, að hefur mjög lítið gjaldþol, og hefur þó verið sótt fast eftir eftirgjöf gjalds af þeim ár og ár í senn. Þess vegna er lagt til, að þessar afurðir séu færðar í þann gjaldflokk, sem lægstur er með tilliti til meðalverðs þessara afurða, þ. e. 4,2% verðmætisgjald. Eru þá meiri líkur en annars á, að talið verði fært að framfylgja gjaldaákvæðum laganna.

Að lokum skal rétt vikið að því ákvæði frv., sem gerir ráð fyrir niðurfellingu útflutningsgjalds af

hertum sjávardýraolíum. Verðmætisaukning við herzlu síldarlýsis með umbúðum mun nema um 50% miðað við fob-verð og núverandi verðlag á lýsi. Verðmætisaukning við herzlu annarrar sjávardýraolíu mun vera svipuð. Augljóst er, að útflutningsgjald sem þetta hlýtur að draga úr áhuga fyrir því að auka verðmæti vörunnar hér innanlands. Auk þess dregur það úr samkeppnishæfni íslenzka framleiðandans á hinum alþjóðlega markaði, þannig að framleiðendur telja framleiðslu sína algjörlega ósamkeppnishæfa, þyrfti hún að bera útflutningsgjöld. Hefur Félag ísl. iðnrekenda eindregið mælzt til þess, að það verði fellt niður í þeim tilgangi að efla samkeppnisaðstöðu þessara framleiðslugreina. Í vissum skilningi hefur verið litið á niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir sem iðnað. Þessi framleiðslugrein heyrir undir iðnmrn. og framleiðendur greiða iðnlánasjóðsgjald af þessum afurðum. Sama má segja um herzlu lýsis. Má því segja, að óeðlilegt sé að leggja jafnframt á þessa framleiðslugrein útflutningsgjald.

Ég tel, að með þessum upplýsingum, sem hér hafa verið gefnar, séu nokkuð ljósari þær ástæður og sá grundvöllur, sem liggur að flutningi þess frv., sem hér er til umræðu, og vænti þess, að það verði samþ. í því formi, sem meiri hl. hv. sjútvn. mælir með.

Frsm. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Það var út af fyrir sig fróðlegt að fá þá grg. frá hæstv. sjútvmrh., sem hann nú flutti, og kom þar nú fyrst og fremst í ljós, það, sem raunar var áður vitað, að þessi tryggingamál öll eru í miklum ólestri, og hæstv. ráðh. og aðstoðarmenn hans virðast hafa verið að leita eins konar dauðaleit að einhverjum þeim tekjustofnum varðandi sjávarútveg, sem einhver hugsanlegur möguleiki væri á að ná frá einhverjum aurum upp í þetta bullandi tap á tryggingakerfinu. En ég ætla nú ekki að fara nánar út í þessar almennu hugleiðingar ráðh., ég stóð hér aðallega upp aftur vegna þeirra orða í upphafi ræðu hans, sem ég skildi á þá leið, að hann væri í rauninni að snupra síldarútvegsnefnd fyrir það að vera að hlaupa til og gera aths. við hluti, sem henni kæmu í rauninni ekkert við. Hann vitnaði til þess, að síldarútvegsnefnd eigi að sjá um sölu síldar og ég gat ekki skilið orð hans á annan hátt en þann, að allt það tap, þó að útflutningsgjald af saltsíld sé hækkað von úr viti, komi nefndinni ekkert við, og það sé í rauninni ókurteisi af henni að vera að skipta sér nokkuð af því. Þessu vil ég algerlega mótmæla. Ég get ekki séð betur en síldarútvegsnefnd hljóti að telja það miklu máli skipta, varðandi það að framkvæma sitt aðalverkefni að sjá um sölu síldar, að hægt sé að selja vöruna og halda mörkuðum, að möguleikar séu á því, að síldarinnar sé aflað, og þó að n. mótmæli álögum, sem alveg tvímælalaust hljóta að draga úr möguleikunum á síldveiðum — möguleikunum á því að afla hráefnisins, sýnist mér, að hún fari engan veginn út fyrir verksvið sitt. Hún hefur þarna m.a. í huga þá mjög svo ólíku samkeppnisaðstöðu, sem er þegar raunar og verður enn þá meiri milli okkar annars vegar og aðalkeppinautanna eins og t. d. Norðmanna hins vegar, og í því sambandi vil ég leyfa mér að vitna enn í bréf síldarútvegsnefndar, þann kaflann, sem ég las ekki úr hér áðan, en þar segir einmitt um þessa mismunandi samkeppnisaðstöðu:

„Það er vitað, að norskir útgerðarmenn hugsa mjög til þess að nota sína aðstöðu nú, ef síld veiðist nálægt Norður-Noregi, til þess að auka sína saltsíldarframleiðslu og hugsa þá gjarnan til þeirra markaða, sem við Íslendingar höfum aflað okkur fyrir þessa vöru," en síldarútvegsnefnd segir um þetta atriði, hina mismunandi samkeppnisaðstöðu, á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og alkunnugt er, veittu Norðmenn styrk til útflytjenda saltsíldar á s. l. ári, 30 kr. norskar fyrir hverja útflutta tunnu síldar, eða 240 kr. ísl. eftir núverandi gengi. Auk þess veittu þeir síldarútgerðinni margs konar fyrirgreiðslu. Það hefur skýrt komið fram, að á þessu ári munu Norðmenn hafa í hyggju að auka þessa aðstoð verulega. Ef reiknað er með útflutningsgjaldi því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og óbreyttum norskum framleiðslustyrk, verður ekki um minni mun á aðstöðu íslenzkra og norskra saltsíldarframleiðenda að ræða fyrir tilstilli opinberra stjórnarathafna en 400—450 ísl. kr. á hverja tunnu. Sýnir þetta bezt, hversu fráleitt er að hækka álögur á þennan atvinnuveg frá því, sem nú er."

Ég tel ástæðu til þess, að þetta atriði, sem síldarútvegsnefnd bendir hér svo greinilega á, komi fram og vil ég undirstrika það, að það er síður en svo, að mínu viti, að síldarútvegsnefnd komi þessi hækkun á útflutningsgjaldi af saltsíldinni ekki við. Það var full ástæða fyrir hana að taka afstöðu til þess máls, eins og hún hefur svo röggsamlega gert.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað að lengja þessar umr., þar sem kvöldfundur er, en ég gat nú ekki stillt mig um að taka til máls, einmitt vegna mótmæla síldarútvegsnefndar. Það hefur ekki komið hér fram nógu skýrt, finnst mér, að allt þetta kerfi er komið til vegna beiðni bátaflotans. Það voru útvegsmenn, sem báðu um kerfið og settu það af stað, og ríkissjóður hefur ekki neina tekjuvon í þessu kerfi. Ríkissjóður hefur gjaldakvöð í gegnum kerfið, og eðlilegast finnst mér persónulega, að breyting á þessu kerfi til hækkunar eða millifærslu gjalda, en ég kem síðar að því, hvað eru álögur og hvað eru ekki álögur, en það er alltaf verið að tala um hér í kvöld, að hér séu einhverjar stórkostlegar álögur á ferðinni, sem er misskilningur. Menn hafa ekki skilið enn þá, í hverju kerfið er fólgið, og það er einmitt höfuðmisskilningur hjá síldarútvegsnefnd, hún skilur ekki enn í hverju kerfið er fólgið. Hér er ekki um annað að ræða en það, að bátaflotinn hafði á sínum tíma fengið undir kerfi vinstri stjórnarinnar greiðslur

ásamt ýmsu fleiru úr vátryggingasjóði og vildi halda því áfram, vegna þess m. a., að skiptakerfi á íslenzka flotanum var byggt upp með hliðsjón af því, að þetta kerfi væri við lýði. Þetta er mér mjög vel kunnugt, því ég tók þátt í öllum þeim umræðum 1960—1961, þegar skiptakerfinu var breytt og sat hér dögum saman niðri í Alþ., þá sem einn af nm. og um það þarf ekki að deila. Þetta er ljóst. Hitt má svo um deila, hversu háa hlutaprósentu eða verðmætaprósentu af fob-verðmæti á að taka af hverri vörueiningu til þess að mæta þessum gjöldum. En á það vil ég leggja ríka áherzlu, að verðið til útvegsins og verðið til sjómannsins er lækkað sem þessari tölu nemur. Þau einu mótmæli, sem ég tek alvarlega og óttast og sagði á sínum tíma að kynnu að vera hættuleg, eru mótmælin frá sjómönnum, því hér er gengið á hlut sjómanna. Innbyrðis kurr frá útgerðarmanni, sem líka er síldarsaltandi, geri ég ekki neitt með persónulega, alls ekki neitt, það má fara hvert sem vera skal.

Síldarútvegsnefnd er með geysilegar fullyrðingar hér í sínu bréfi, svo ótrúlegar, að maður er alveg undrandi að sjá þetta frá þessari ágætu n., og hefði hún fyrr betur brugðið við í ýmsum málum með röskleik til þess að bæta okkar aðstöðu í síldarsöltun, og má þar minna á tunnuverksmiðjuna o.fl. í því sambandi. Ekki er okkur útvegsmönnum greint frá, lið fyrir lið, rekstri á tunnuverksmiðju ríkisins, sem hún rekur og hefur allan veg og vanda af. Fer það þó ekki leynt, að kostnaður á síldartunnu er tugum kr. meiri á tunnu framleiddri á hennar vegum heldur en á innfluttri tunnu og hún bliknar ekkert við að halda því áfram. Hvort hún gerir það í þágu einhverra manna veit ég ekki, vissulega er þetta atvinnubótavinna, en hún er þá ekkert klökk við það að verðleggja tunnurnar eins og nauðsynlegt er. Þá er hún ekkert klökk yfir því verði, sem sjómenn og útgerðarmenn eru látnir borga. Þeim er svo mikið niðri fyrir, að ég má til að lesa það fyrir hv. þm., sem hún segir hér:

„Nefndin telur, að þessi hækkun geti leitt til þess, að þessi atvinnuvegur, sem hingað til hefur bjargazt án opinberra styrkja, lamist svo, að hann falli niður að mestu."

Hver trúir nú svona fullyrðingum? Þeir ekki einu sinni sjálfir, því viðbótarálagið, sem kemur fram eru nokkrar krónur og að það ríði þessari atvinnugrein að fullu, sem vitað er, að hefur þénað tugi millj. s. l. ár, því trúir enginn maður. Ekki einn einasti síldarsaltandi hefur mér vitanlega séð sóma sinn í því að rétta útvegsmönnum eða sjómönnum aukna krónu af þessum ágóða. Samt eru þeir svo hræddir núna, fulltrúar þessara manna, að þeir óttast, að nokkurra króna álögur, til þess að bátaflotinn geti gengið, til þess að bátaflotinn geti veitt síld, það muni setja atvinnugreinina í rúst. Ég held, að mönnunum sé ekki sjálfrátt. Nei, mótmæli, sem við getum tekið alvarlega og sem vissulega er ástæða til að bera kvíðboga fyrir, það eru mótmæli frá sjómönnum, vegna þess að þeirra tekjuvon er rýrð nokkuð. Það er ekki hægt að komast hjá því. Hér á sér stað millifærsla á tekjum, sem skerðir hlut þeirra. Langflestir útvegsmenn eiga meiri og minni þátt í síldarsöltun og það verða innbyrðis víxl á gjöldum og tekjum hjá þeim og nettóstaðan verður ekki svo stórkostlega breytileg, þetta hef ég rætt við útvegsmenn, sem eru sanngjarnir, og eru líka verkendur. Þeir viðurkenna þetta, því það er nú einu sinni svo að við, sem erum hreinir útvegsmenn hér á Íslandi, við erum aðeins örfáir. Það eru langflestir, sem eiga beinan þátt í fiskverkun eða eru nátengdir henni, að þeir eiga hagsmuna að gæta í vinnslunni líka, og ég vildi aðeins láta það koma fram, að þetta kerfi er byggt upp í þágu útgerðarmanna, sem í langflestum tilfellum eru verkendur um leið.

Hitt er svo annað mál, að vátryggingakerfið er komið á það stig, að það býður upp á misnotkun, leiðinlega misnotkun, sem óprúttnir aðilar notfæra sér og draga til sín fjármagn, óeðlilega stórar upphæðir í gegnum vátryggingakerfið og koma því undir svokallað sjótjón og fá viðgerðarreikninga greidda undir því yfirskini, að hér sé um tjón að ræða, þó að í mörgum tilfellum sé um viðhald að ræða. Hins vegar er það svo, að þegar menn hafa getað notað þessa aðstöðu og svo á að skerða hana, þá auðvitað kveinka menn sér undan því, það er ekkert óeðlilegt. Þegar misrétti hefur átt sér stað í þjóðfélaginu og það er verið að leiðrétta misréttið, þá vilja menn ekki sleppa misréttinu, samkv. eðli málsins. Það væri þess vegna alveg eins eðlilegt, að ýmsir útvegsmenn mundu jafnvel mótmæla því, að það yrðu settar strangari reglur um bótagreiðslur til útvegsmanna, vegna þess að menn eru að missa köku, sem þeir hafa fengið vegna misnotkunar á vátryggingakerfinu, en það væri hróplegt ranglæti og a. m. k. óeðlilegt, að Alþ. vildi stuðla að því að viðhalda slíku.

Ég held, að ég eyði ekki fleiri orðum um þetta, en ég gat ekki stillt mig um að mótmæla þeim tón, sem síldarútvegsnefndin sendi frá sér í þessu efni, vegna þess að hann er á þessu stigi, eins og málið er vaxið, óeðlilegur.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það var út af orðum hv. síðasta ræðumanns um síldarútvegsnefnd, sem ég vildi aðeins segja örfá orð. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að þetta málefni, sem hér er verið að ræða, hljóti að varða síldarútvegsnefnd. En hv. síðasti ræðumaður hélt því fram, að það væru óeðlileg gífuryrði í bréfi frá síldarútvegsnefnd og að hún mundi jafnvel ekki sjálf meina það, sem hún þar segði. Af þessu tilefni vil ég taka það fram, að á fundi sjútvn. í dag fór ég einmitt fram á það og benti á nauðsyn þess, að kvaddir væru á fund sjútvn., áður en mál þetta væri afgreitt, þeir aðilar, sem þetta sérstaklega varðaði, og mér sýnist, úr því að menn höfðu þetta álit á umsögn — óumbeðinni að vísu — síldarútvegsnefndar, að þá hefði nú ekki minna mátt vera en að hún eða hennar fyrirsvarsmenn hefðu verið kvaddir á fund sjútvn. og þeim gefinn kostur á að tjá sig

nánar um þetta mál og veita svör við því, sem vefengt er í þeirra umsögn. Það er náttúrlega ómögulegt, úr því farið er að tala um þetta á þennan veg hér, annað en benda á þau óhæfilegu vinnubrögð, sem hér eru við höfð, að það skuli ekki vera gefið ráðrúm til þess að kalla á þá aðila, sem þetta mál varðar. Það er ekki verið að fara fram á það, að þeim sé skrifað og málið sé tafið með því að það sé leitað eftir skriflegri umsögn þeirra, en hins vegar er bent á það, að eðlilegt sé að kalla þá á fund n. og fá þá til að tjá sig munnlega um það. Ég verð satt að segja að álíta það af því, sem hér hefur að öðru leyti komið fram í þessum umræðum, að það hefði ekki verið vanþörf á því að kanna nánar hug manna til þess, vita hvort þeir sæju einhver önnur ráð, því um eitt virðast þó allir hér vera hjartanlega sammála, og það er, að þetta frv. og þær leiðir, sem það markar, séu mjög ómyndarlegar og varhugaverðar, og hafa ýmis orð um, að þeir neyðist að vísu til þess af illri nauðsyn að fylgja þessu máli, en hafi svo sem enga trú á því. Ég held þess vegna, að þetta mál hefði haft gott af því að vera athugað nánar.

En það er ekki síldarútvegsnefnd ein, sem hefur mótmælt þessu. Ég veit ekki betur en það liggi fyrir snörp mótmæli bæði frá samtökum síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og m. a. s. líka hér á Suður- og Vesturlandi. Ég hygg að síldarsjómenn, samtök þeirra, hafi mótmælt þessu líka, þannig að það skortir ekkert á mótmæli gegn þessu frv. Mér finnst, að það hefði verið ástæða til þess að kynna sér allt þetta mál betur, því að eins og ég sagði þá eru allir sammála um það, að hér séu ekki góð úrræði. Jafnvel þeir, sem vilja þó ljá þessu atkv., eru sammála um það, að þeir geri það ekki með hrifningu, geri það tilneyddir o. s. frv. Það er annað líka, sem menn eru alveg hjartanlega sammála um — allir með tölu — og það er það, að þessi vátryggingamál öll séu í hinum mesta ólestri, það er víst áreiðanlega rétt. En ólag þeirra mála er ekki nýtilkomið. Það hefur verið séð alllengi, að hverju fór í þeim efnum og þess vegna hlýtur manni að vera spurn: Hvers vegna var ekki snúizt fyrr við þessum vanda, hvers vegna var ekki fyrr gripið í taumana og farið að leita að einhverjum úrræðum til þess að laga þennan hala, sem á þessu er? Það hefur ekki getað dulizt neinum, að hverju fór. Þess vegna er alveg óhæfilega seint gripið í taumana. Og það mætti vissulega segja það um mál þeirra manna, sem eru að tala um það nú, að þessi mál séu í ólestri, að þeir geti naumast meint það, sem þeir eru að segja, því þeir hefðu vissulega átt að beita sér fyrir því, að þessi mál væru löguð, ef þeir voru þeirrar skoðunar. Það hefur verið nægilegt tækifæri til þess áður að skyggnast eftir þessum málum. Þess er skemmst að minnast, að fyrir jólin var hér fjallað um mikið frv., sem hét frv. um ráðstöfun á gengishagnaði á útfluttum sjávarafurðum. Þá var viðhorf manna það, eftir að gengisfellingin hafði verið gerð, að sjávarútvegurinn mætti við því, að það væri af honum tekinn og lagður til hliðar þessi reikningslegi hagnaður, sem hv. frsm. meiri hl. var að tala um, sem hlauzt af því, að þær vörur, sem fluttar voru út til áramóta, voru gerðar upp á hinu gamla gengi, samkv. því, sem nánar sagði í lögum um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi, en auðvitað seldar á hinu nýja, þannig að það kom fram þarna allmikill hagnaður, eins og menn vita. Þá var sem sagt talið, að sjávarútvegurinn mætti við því, að sá hagnaður væri tekinn og lagður til hliðar og honum varið með vissum hætti, að vísu í þágu sjávarútvegsins aftur. Og sú grein, sem um þetta fjallaði í því frv., byrjar á þessa leið: „Gengishagnaðarsjóði er ríkisstj. heimilt að ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir: a. Allt að einum fjórða til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa.“ Þetta vandamál hlaut að vera kannað þá, þegar sú ákvörðun var tekin, að aðeins einum fjórða af gengishagnaðinum skyldi varið til þess að greiða vátryggingariðgjöld af fiskiskipum. En auðvitað hlutu menn að vita þá, að þessi mál voru í ólestri. Þá hefði verið rétt að athuga þau mál öll betur og ákveða þá annað um skiptingu á þessum gengishagnaðargróða, því honum er ekki öllum ráðstafað strax með þessari gr., heldur er gert ráð fyrir því í d—lið, að afganginum, sem mér skilst að hljóti að vera a. m. k. einn fjórði, honum skuli varið sem stofnframlagi til verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Og í 3. gr. frv. segir síðan, að stofnfé verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skuli varðveitt í Seðlabanka Íslands, þar til sett verði lög um sjóðinn.

Fyrir áramót hefur sjávarútvegurinn sem sagt verið talinn geta séð af þessu, einum fjórða af gengishagnaðinum til framtíðarinnar, sem að vísu getur verið góðra gjalda vert, en ég held, að það sé komið á daginn að það hafi verið fullmikil bjartsýni miðað við það ástand, sem kemur fram í aths. með því frv., sem hér er verið að ræða. Mér er spurn: hefði ekki verið jafngott að athuga þennan vanskilahala vátrygginganna í sambandi við málið um ráðstöfun á gengishagnaði og taka þá nokkru meira til vátrygginga fiskiskipa í stað þess að koma nú og ætla að leggja til hækkun á útflutningsgjöldunum?

Ég vil að lokum aðeins undirstrika það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði og sem var náttúrlega algerlega rétt, og það dylst engum, og það er ákaflega einfalt, hver er kjarni þessa máls og hefur alltaf verið frá upphafi. Það er auðvitað það, að af því það hefur ekki tekizt að breyta hlutaskiptafyrirkomulagi, þá er þarna og með þessu fyrirkomulagi tekið af sjómönnunum og fært yfir til útgerðarinnar. Það er mjög einfalt mál. Og sjómenn — síldarsjómenn — hafa þegar mótmælt þessu. Og það mætti segja mér, að þeir teldu algerlega rofinn þann grundvöll, sem hlutaskiptingin er byggð á, með samþ. slíks frv. sem þessa. Til hverra ráðstafana þeir kunna að grípa út af því skal ég ekki segja um, en ég býst við því, að þeir taki þessu ekki með neinni gleði og verði ekki fúsari til að fara á skipin eftir samþykkt þessa frv.

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta miklu við það, sem sagt hefur verið. Það var minnzt á það í hv. þd. í dag, að rétt hefði verið að kalla á ýmsa aðila til að láta í ljós álit sitt fyrir nefndinni, og þá sérstaklega síldarútvegsnefnd. Ég held, að það hafi verið alveg óþarfi að bera nokkra smurningsolíu á málbeinið hjá þeirri góðu nefnd í þessu máli. Mér virðast þar, sannast sagt, öll hjól vera í fullu lagi og hygg, að d. sé mér sammála um það eftir að hafa heyrt úrvalskafla úr áliti hennar og eru þó enn ýmsir ólesnir, eins og þeir, þar sem sagt er, að þetta ætti að vera alveg gagnstætt, það ætti að láta þá hafa stórstyrk fyrir að vilja salta í staðinn fyrir að leggja á þessar svokölluðu álögur.

En hitt er rétt, sem ég hef sagt hér og það höfum við allir tekið undir, að vátryggingamálin eru í ólestri. Af hverju er þetta leiðindamál á leiðinni? Jú, þetta er gamall arfur, eins og fram hefur komið í umr., frá hinni frægu vinstri stjórn, það er gamall arfur, sem við erum enn þá að burðast með frá hennar tíð. Kannske er meira sannmæli, að það sé gamall draugur, sem við þurfum nú nauðsynlega að kveða niður, og mér er alveg sérstök ánægja að hafa heyrt það í hinni greinargóðu frásögn hæstv. sjútvmrh. um athuganir þær, sem fram hafa farið og eru í fullum gangi viðvíkjandi vátryggingamálunum, að þær réttu formúlur virðast þar vera á réttri leið, og því ætti að vera góð von um að kveða drauginn niður, áður en mörg tungl eru af lofti. En hitt vil ég taka fram greinilega, að það er ein afgreiðsla á þessu máli og aðeins ein, sem er með öllu óleyfileg, og það er sú sem hæstv. stjórnarandstaða leggur til, sú að fella frv., að ætla sér að skilja fiskibátaflotann eftir í algeru öngþveiti og óvátryggðan. Hvernig ætla þeir og sú góða síldarútvegsnefnd að afla síldarinnar, ef engin bátatrygging er á skipunum? Það væri gaman að fá svar við því.

Jón Árnason: Herra forseti. Það fer ekki hjá því, að öllum er það ljóst, að hér er útgerðinni mikill vandi á höndum og tilefni þess, að þetta frv. er flutt er hið alvarlega ástand, sem við blasir varðandi vátryggingar fiskiskipaflotans. Það hefur verið rakið í stórum dráttum, hvernig þessi mál hafa gengið á undanförnum árum. Fyrst var það svo, eftir að sá háttur komst á að vátryggingariðgjöldin voru goldin af öðrum heldur en bátaeigendunum sjálfum, beint og jafnóðum og vátryggingariðgjöldin féllu, að þá var iðgjaldaupphæðin greidd að fullu, hver sem hún var. Það sýndi sig fljótlega, að slík framkvæmd stefndi þessum málum í algert öngþveiti, vegna þess að þá hafði enginn hagsmuna að gæta með það að halda iðgjöldunum niðri, enda skapaðist mjög fljótlega mikið misræmi milli bátanna. Það reyndist ákaflega misjafnt, hvað miklar upphæðir þurfti, hvort heldur það var úr útflutningssjóðnum á sínum tíma eða úr vátryggingasjóðnum, sem síðar kom, 1961. Hér var um geysilega mikið misræmi að ræða og svo er enn, og misræmið, sem er í dag, er kannske fyrst og fremst fólgið í því að bátarnir sitja ekki allir við sama borð í tryggingarskilmálum. Hjá smærri bátunum nær tryggingin yfirleitt ekki nema til skrokksins, ekki til vélarinnar, en aftur á móti hafa stærri bátarnir víðtækari tryggingu og fá meira tryggt með iðgjaldi sínu úr þessum sjóði. Þetta er eitt af því sem þarf að endurskoða og gera breytingar á. En kjarni málsins er, eins og ég sagði í upphafi, það, sem við okkur blasir í dag, að ef við ekki aðhöfumst eitthvað til þess að mæta þeim halla, sem orðinn er hjá vátryggingasjóðnum, þá stefnum við í beinan voða með allan fiskiskipaflotann. Og án þess að fram komi till. þá verður, eins og síðasti ræðumaður sagði, ekki annað séð en að í mjög mikið óefni verði komið hjá öllum bátaflotanum, ef hann verður tryggingalaus einhvern næstu daga.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það vantar meiri fjármuni heldur en þessar 42 millj. kr., sem út úr þessu koma, og því vil ég undirstrika það, sem fram kemur í nál. meiri hl. og beint er til hæstv. ríkisstj., að þess sé fastlega vænzt, að löggjöfin um þetta efni verði endurskoðuð og að fyrir liggi niðurstöður í þeim efnum, þegar þing kemur saman í haust, svo að ný ákvæði verði búið að setja eða einhverjar nýjar ráðstafanir verði búið að gera fyrir næstu áramót, þegar nýtt tryggingatímabil hefst. Það tel ég, að sé alveg höfuðnauðsyn.

Um hitt má að sjálfsögðu deila á meðan útvegsmenn greiða öll útgjöldin, eins og þeir gera í dag og hafa gert, að þetta er tekið af útflutningsframleiðslunni. Það er deilt um það. Menn segja, að sjómennirnir fórni þarna vissum hluta, og þó vil ég nú ekki fullyrða og ekki viðurkenna, að svo sé, vegna þess að enda þótt þetta gjald hafi stundum verið lagt á, þá hafa farið fram endurskoðanir á samningum milli útgerðarmanna og sjómanna, og ég veit ekki betur en að frekar hafi það verið í þá áttina með hlutaskiptin, að frekar hafi farið hækkandi hluturinn hjá sjómönnunum heldur en hlutur útvegsins, þó nokkuð hafi komið þarna á móti í þessum efnum. Og það er vissulega rétt, að það getur verið álitamál, hvar helzt á að leggja gjaldið á til þess að ná þessu af hinum einstöku þáttum sjávarútvegsframleiðslunnar.

Eins og hér hefur verið skýrt frá, var í ársbyrjun gengið út frá vissu hráefnisverði, bæði varðandi bolfiskveiðarnar og þær verkunaraðferðir, sem þeim eru samfara. Þarna er um að ræða saltfiskinn, skreiðina, — en skreiðarverkun hefur verið svo til engin á þessum vetri, það sem af er, — og frysta fiskinn. Þetta er allt, sem þegar var búið að ganga út frá, og þess vegna var mjög erfitt um vik að fara að bæta þarna verulegum upphæðum á, vegna þess að talið er, að þeir, sem eru með fiskiðnaðinn og kaupa fiskinn, hafi mjög takmarkaða möguleika á því að taka á sig verulega aukin útgjöld, og þess vegna er það augljóst mál, að núna, þegar gengið verður frá að verðleggja síldina fyrir komandi ár og humarinn fyrir veiðarnar í sumar, þá verður þessi

skattur lagður til grundvallar við þá verðlagningu, sem þar á sér stað. Um þetta má deila, en hins vegar er það staðreynd, að útvegsmenn hafa sjálfir á undanförnum árum greitt iðgjöldin, og eins og fram kom líka hér hjá einum hv. ræðumanni áðan, þá var það að þeirra ósk, að farið var inn á þetta kerfi að taka útflutningsgjald af sjávarafurðum til þess að tryggja iðgjaldagreiðsluna, og enda þótt það liggi fyrir verulegir ágallar á framkvæmdinni, þá hygg ég, að samt sem áður vilji útvegsmenn halda þessu kerfi áfram, en þó þannig, að endurskoðun eigi sér stað og fært sé til betri vegar það, sem sýnilegt er, að aflaga fer í þessum efnum. Og það er með tilliti til þess, sem ég hef sagt, að ég hef mælt með því, ásamt öðrum í meiri hl. sjútvn., að þetta frv. verði samþ.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hv. meiri hl. lét svo um mælt, að ef þetta frv. yrði ekki samþ., þá yrðu bátarnir innan skamms án vátryggingar, og mér virtist hann gera ráð fyrir því, að sú hækkun á útflutningsgjaldi, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þær 42 millj. sem þar er um að ræða, mundu koma ákaflega fljótt í vasa og ríkishirzluna. En ég held nú, að það verði nokkur dráttur á því, að þessi hækkun, sem gert er ráð fyrir í útflutningsgjaldinu, verði orðin að beinhörðum peningum til greiðslu á vátryggingariðgjaldinu. Mér skilst nú, að þar sem 28 millj. eiga að koma vegna saltsíldarinnar, þá geti það ekki komið til fyrr en síðari hluta ársins eða mjög seint á árinu. Og ætli það gildi nú ekki eitthvað svipað um humarinn, og kannske að einhverju leyti um saltfiskinn líka, þó að jafnari sé nú útflutningur á því. Nei, ég skil ekki þá röksemd, að þarna sé verið að fá eitthvert reiðufé í sjóðinn til þess að greiða vátryggingar. Ef þetta á að leysa þann vanda í bili, hlýtur það að byggjast á því, að einhverjar velviljaðar lánastofnanir láni þá út á þennan væntanlega tekjuauka. En sjálfsagt mundu þær velviljuðu lánastofnanir vera reiðubúnar til þess að lána fé út á það endurbætta kerfi í þessum efnum, sem vonast má til að komi innan skamms.

Aðalatriðið í þessu máli er auðvitað það — og þess vegna erum við líka á móti því — að það leysir alls ekki þann vanda, sem við er að etja. Eins og margtekið hefur verið fram eru þessar 42 millj. ekki nema brot af þessum hala, sem hér er um að ræða, þessum vanskilum, sem eru og yrðu að öllu óbreyttu að þessu ári liðnu. Og þessi tekjuauki, sem þarna er um að tefla, verður ekki raunhæfur strax, og þess vegna væri af þeirri ástæðu alveg ráðrúm til þess að athuga málið. En það, sem fyrst og fremst er aðfinnsluvert í þessu, er það, að málin skuli ekki hafa verið athuguð miklu fyrr og það skuli ekki hafa verið komið inn á þingið með þetta mál miklu fyrr. Eins og ég benti á í ræðu minni hér áðan og ég vildi gjarnan heyra einhverja grg. frá hæstv. sjútvmrh. um, er það aðfinnsluvert, að þessi mál skyldu ekki þá vera tekin til skoðunar í sambandi við ráðstöfun á gengishagnaðinum, þar sem um þetta mál var fjallað. Það var virkilega fjallað um vátryggingar á fiskiskipum með því frv. Þar var ráðstafað ¼ af gengishagnaðargróðanum til vátryggingar á fiskiskipum. Vissu menn ekki betur þá um útkomuna? Jú, auðvitað hljóta menn að hafa séð þá, hvert stefndi. Þess vegna er það aðfinnsluvert, eins og ég sagði, að hafa ekki tekið þetta mál fyrr til athugunar og hafa ekki komið með það til þingsins, fyrr en á allra síðustu dögum, þegar ekkert ráðrúm gefst til að kanna málið og það er afgreitt á þann hátt, að enginn, sem tjáð hefur sig um málið, er ánægður með það.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil nú svona aðeins varpa því fram, einkanlega kannske til hv. síðasta ræðumanns, hvort nokkurn tíma hefur komið nokkurt álögufrv., sem menn væru sérstaklega ginnkeyptir fyrir, í fyrsta lagi að fylgja, í öðru lagi að mæla með. Ég held, að þetta séu nú heldur langsótt rök, því sannleikurinn er sá, að hér er um álögur að ræða á ákveðna aðila til að færa til annarra. Það fer ekki á milli mála. Ég minnist þess nú ekki í 15 ára þingsögu minni, að nokkurn tíma hafi verið mælt með slíkum álögum. Ef einhver hefur átt að bera byrðar, þá hefur sá hinn sami að sjálfsögðu mótmælt, þannig að það er ekkert nýtt í þessu dæmi, sem hér er um að ræða. Ég held, að allt það, sem þegar hefur verið sagt af hálfu meiri hl. n. um þessi mál, og sú grg., sem ég reyndi að koma hér á framfæri áðan, skýri nú málið að því leyti, að óþarft sé að rekja það í smáatriðum lengur.

Það er aðeins vegna síðustu fsp. hv. 3. þm. Norðurl. v., um það, hvers vegna ekki hafi verið betur hugað að þessum málum, þegar ákveðin var skipting gengishagnaðarins, sem ég kvaddi mér hljóðs. Sannleikurinn er sá, að þetta mál hafði ekki verið skoðað niður í kjölinn fyrr en allt of seint, og ég get tekið undir hans óánægju með það, að málið kom seint fyrir þing. Ég er jafnóánægður með það sjálfur, en eftir því var rekið eins og hægt var að fá þessar niðurstöður, þó þær kæmu ekki fyrr en svona síðla þings. Og hefði verið ástæða til þess að það hefði fengið lengri tíma. En meðan gengishagnaðarmálið var til umr., voru menn á þeirri skoðun, að þörf þeirra greina sjávarútvegsins, sem eiga að njóta góðs af þeim gengishagnaði, væri svo brýn, að fram hjá þeim yrði ekki gengið.

Spurningin er sú, milli hvaða greina þessi óvænti hagnaður, sem til kom vegna gengislækkunar, eigi að skiptast. Menn voru þá á þeirri skoðun, að honum væri bezt varið með þeim hætti, sem það frv. greindi frá. Það var öllum ljóst þá, það er rétt hjá hv. þm., að halli væri á vátryggingasjóði, það sýndu útflutningsgjöldin í heild og hann hefur meginhluta þeirra. Það þyrfti ekki frekar vitnanna við um þau efni. En hve mikill og hversu sýnilegur þessi halli yrði í framtíðinni, það var ekki ljóst fyrr en nú á allra síðustu dögum. Og ég get fullvissað hv. þm. um það, að þær till., sem í þessu frv. felast, þær stönzuðu ekki einn dag, ekki heilan dag, í sjútvmrn., áður en þær fóru í prentun og komu fyrir

augu þm. En ég get alveg tekið undir hans álit um það, að það væri æskilegt að hafa málið til lengri meðferðar í þinginu heldur en nú er ætlað, með hliðsjón af því, hvenær hugsað er að ljúka þingi. En það breytir ekki þeim staðreyndum, sem ég lýsti áðan í minni grg., ástæðunum fyrir því, að tryggja þarf hag sjóðsins og heldur ekki því, að hér er um það að ræða, að aðrar greinar sjávarútvegsins, þ. e. a. s. vinnslan í landi, geti átt sér stað. Hún á sér ekki stað með bátana bundna við bryggjur eða uppi í skipasmíðastöðvum til viðgerðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:8 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:8 atkv.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 99. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 100. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er flutt vegna hins alvarlega fjárhagsástands, sem ríkir hjá tryggingasjóði fiskiskipa vegna minnkandi tekna sjóðsins á s. l. 2 árum og þá alveg sérstaklega á árinu, sem leið, svo að við borð hefur legið, að fiskibátaflotinn stöðvaðist af þessum sökum. Frv. gerir ráð fyrir tekjuauka til handa sjóðnum, sem nemur 42 millj. kr. og er ætlunin að auka útflutningsgjald á þremur sjávarafurðum, þ. e. a. s. saltfiski, humar og saltsíld, sem þessu nemur, og fá aðrir liðir, sem hingað til hafa notið tekna af úflutningsgjöldum, ekki þessa viðbótarhækkun til sín, heldur skal hún renna óskert til vátryggingasjóðsins. Ég hirði ekki um, nema sérstakt tilefni gefist til, að rekja þá sorgarsögu, sem orðin er um þennan sjóð, og ég hygg, að út af fyrir sig sé það ekki ágreiningsefni, að hann þurfi aukinna tekna við, heldur hitt, að mönnum kann að sýnast sitt hverjum um það, með hvaða hætti það er gert.

Þetta er sem sagt megintilgangur frv. Ég vil þó taka það skýrt fram, að þrátt fyrir þann tekjuauka, sem hér er um að ræða, er ekki leystur nema einn hluti þess vanda, sem hér er við að etja, og sýnt, að fleiri leiðir þarf að fara til úrbóta í þessum efnum, sem nú eru í athugun af þar til kvöddum mönnum, og væntanlega verður hægt að skýra frá því við síðari umr. málsins, hvaða hugmyndir koma helzt til greina.

Eðlilega hafa borizt mótmæli gegn þessu frv., svo sem öðrum tekjuaukafrv., en ég skal ekki heldur fara út í að ræða það við þessa umr. málsins, nema sérstakt tilefni gefist til, en ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 560, n. 651 og 663, 652).

Frsm. meiri hl. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til 2. umr., hefur verið til athugunar í sjútvn. þessarar virðulegu d., og leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. með einni lítils háttar breytingu. Minni hl. hefur skilað sérstöku nál. og mun gera grein fyrir sínu máli.

Brtt. sú, sem fram er komin, er á þskj. 652 og er nánast orðalagsbreyting, því þar segir:

„Við 2. gr. 5. tl. orðist svo: Til rannsóknarstofnana sjávarútvegsins 0.99%“, en í frv. er sagt: Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins.

Hér áður var sérstakt útflutningsgjald, sem greitt var í byggingarsjóð rannsóknarstofnana sjávarútvegsins, en í gildandi l. er þetta orðalag, sem sjútvn. tekur upp og telur það nauðsynlegt, vegna þess að hér er um heimild að ræða til þess að greiða rekstrarkostnað, tækjakostnað o. þ. h., en á ekki að fara í sérstakan byggingarsjóð. Frá gildandi l. er sú breyt. í þessu frv. á 2. málsl. 1. gr. um viðmiðun á magngjaldi af freðfiskflökum, skreið o. fl. að það er lækkað úr 4.2% af hámarksútflutningsverðmæti í 3,5%. Önnur breyt. frá gildandi l. er sú, að lagt er til eftir frv., að 3,5% verði tekið af fob-andvirði af frystum humar og óverkuðum saltfiski, loðnumjöli og loðnulýsi. Samkvæmt gildandi l. er frystur humar og óverkaður saltfiskur með magngjald, en loðnumjöl og loðnulýsi er í 6% flokki. Á árinu 1967 var veitt undanþága frá því, að þetta yrði greitt, og svo er einnig gert ráð fyrir í þessu frv. samkv. bráðabirgðaákvæði, að ekki verði innheimt gjald af loðnumjöli og loðnulýsi á árinu 1968. Hér er um nokkra hækkun að ræða frá því, sem er í gildandi l., því það var, eins og ég sagði áðan, magngjald bæði af frystum humar og óverkuðum saltfiski. Af frystum humar mun það vera 0,3% af aflaverðmæti, en af óverkuðum saltfiski hef ég talið, að það mundi vera nálægt 2%, þó það komi fram hjá kunnugum aðila, að það sé um 2½%, en að því kem ég síðar. Svo er samkv. 6. lið 1. gr. gert ráð fyrir, að útflutningsgjald af saltsíld hækki í 10% af fob-verði, en samkv. gildandi l. er það 6%.

Þá gerir frv. einnig ráð fyrir því, að þær tekjur,

sem koma af þessum hækkunum, renni til vátryggingasjóðsins, til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, samkv. reglum, sem sjútvmrh. setur, og er þetta umreiknað hér í frv. Það eru að sjálfsögðu lægri tölur til hinna ýmsu aðila heldur en í gildandi lögum, en þá er gengið út frá hærra útflutningsverði, sem er eðlilegt.

Það er nú þannig, að þótt meiri hl. n. mæli með því, að frv. verði samþ. eins og það kemur frá Ed. með þeirri breytingu, sem ég minntist á áðan, þá verður að segja það eins og satt er, að yfirleitt er náttúrlega ekki allt of mikil ánægja með hækkanir, en nauðsyn brýtur lög, ef svo mætti segja. Það er einmitt vegna þess, hversu miklum áföllum íslenzka þjóðarbúið hefur orðið fyrir í sambandi við sinn útflutning, að til þess þarf að koma, að útflutningsgjöld hækki í þeim tilgangi, sem ég minntist á áðan, þ. e. a. s. til þess að sjá vátryggingasjóði fyrir auknum tekjum. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, miðað við svipaðan afla og aflaverðmæti og var á s. l. ári, að þessi breyting gefi um 42 millj. kr. í auknar tekjur.

Vátryggingasjóður íslenzku fiskiskipanna var settur á stofn í þeirri mynd, sem hann er nú, á árinu 1961, og er það þannig, að iðgjöld hafa verið greidd af honum frá þeim tíma, en oftast nær hefur vantað nokkuð upp á, að hægt væri að greiða öll iðgjöldin, og hefur sérstaklega sigið á ógæfuhliðina nú á s. l. ári, þegar vantaði 95 millj. kr., til þess að tekjur og gjöld gætu staðizt á. Hv. Alþ. afgreiddi á s. l. hausti l. um ráðstöfun á gengishagnaði og þar var gert ráð fyrir, að 50—60 millj. kr. færu til vátryggingasjóðsins, en eins og sést af því sem ég sagði áður og einnig kemur fram í grg., þá vantar talsvert á, að séð sé fyrir nægum tekjum í sambandi við þetta fyrir s. l. ár. Ég vil hér til glöggvunar hv. þm. gefa stutt yfirlit yfir útkomu vátryggingasjóðsins frá því hann byrjaði 1961 og til þess tíma, og enn fremur áætlun fyrir 1968 og reyndar að nokkru leyti áætlun fyrir 1967. Á árinu 1961 námu gjöld 104,8 millj. kr., en tekjur það ár námu aðeins 44 millj., sem stafaði af því, að það var ekki fyrr en síðari hluta ársins, sem byrjað var að innheimta útflutningsgjöldin í þessu sambandi. Og árið 1962 námu gjöldin tæpum 123 millj. kr., en tekjur sjóðsins voru það ár 116,4 millj. Árið 1963 námu gjöldin 172,8 millj. kr., en tekjur það ár 132,2 millj. 1964 námu gjöldin 159,1 millj., en tekjur það ár 164,9 millj. Á árinu 1965 nam þetta 194,2 millj. kr. Það ár voru tekjurnar 194,5 millj., þannig að tekjur og gjöld stóðust á, og er það eina undantekningin á þessu yfirliti. 1966 námu gjöldin 208,4 millj., en tekjurnar 195,5 millj. Á árinu 1967 er áætlað, að gjöldin muni nema 220,7 millj., og eins og ég sagði áðan, eru tekjurnar aðeins 125 millj., svo að þarna vantar 95 millj. Og þrátt fyrir þá úrbót, sem fékkst í sambandi við ráðstöfun gengishagnaðarins, vantar þarna talsvert mikið á, að tekjur og gjöld standist á. Það er gert ráð fyrir því, að á árinu 1968, að öllu óbreyttu, muni gjöld hjá sjóðnum nema 273,9 millj. Það sjá því allir, að hér er við mikinn vanda að stríða og að ráðstafanir þarf að gera. Um það að farið var að innheimta útflutningsgjöld í sambandi við greiðslu á vátryggingagjöldum getur vissulega orðið ágreiningur, og hefur þegar orðið, en þetta hefur þó orðið til þess, að útvegur hefur gengið svona með minni umbótum heldur en hann ella hefði þurft að fá, ef þessi leið hefði ekki verið farin. Ég tel, að þótt það sé vissulega engin hrifning yfir þessu, sem ég vil koma að á eftir, þá sé þetta raunverulega svo stórt og veigamikið mál, og svo nauðsynlegt, mál sem ekki eingöngu snýr að eigendum fiskiskipanna, heldur einnig að sjómönnum og öðrum þeim, sem vinna að sjávarútvegsframleiðslu, bæði verkamönnum og öðrum, að þess vegna sé hér um hagsmunamál þessara allra að ræða, því að vissulega er það í þágu verkunarstöðvanna, að flotinn geti gengið og að hann sé tryggður. En ef unnið yrði áfram að þessum málum þannig, að alltaf breikkaði greiðslubilið hjá útflutningssjóði, mundi það ekki leiða til annars en að tryggingunum mundi verða sagt upp, enda hefur ósjaldan verið á það minnzt af tryggingarfélögum nú upp á síðkastið. Þegar á fyrstu árunum, sem þetta kerfi var við lýði, komu greiðslurnar venjulega svona sex mánuðum eftir á, nú eru þær orðnar upp í 10—11 mánuðum á eftir, og hefur þetta orðið til mikilla óþæginda fyrir útvegsmenn í sambandi við uppgjör á tjónum og öðru slíku, því að það hefur oft verið um það talað, og jafnvel komið til framkvæmda, að það yrði skuldajafnað í sambandi við iðgjöldin, þó að gert sé ráð fyrir, að vátryggingasjóðurinn greiði þau.

Ég vil benda á, að meiri hl. sjútvn. leggur áherzlu á það, að endurskoðun fari fram á þessu tryggingakerfi og reynt verði að lækka þennan útgerðarkostnað og er það áreiðanlega mikil nauðsyn, og hefur oft verið um það rætt, t. d. í sambandi við samningana um starfsgrundvöll fyrir vélbátaflotann eða fiskiskipaflotann á s. l. ári. Þá var sú breyting gerð, að hætt var að innheimta söluskatt, sem hefur verið innheimtur af þessu og nam á því ári 16—18 millj. kr., svo þar kemur strax til greina lækkun.

En það er fleira, sem þarf að gera, og væri einmitt æskilegt að mál, sem gæti orðið mjög til lækkunar á iðgjöldum bátanna, þ. e. í sambandi við björgunarlaunin, kæmi til kasta Alþ. Það er þannig, að á tveim þingum a. m. k., ef ekki þremur hefur verið borið fram frv. um það, að íslenzku varðskipin væru skylduð til að veita aðstoð fyrir hæfilega þóknun, án þess að þau tækju björgunarlaun, en hv. Alþ. hefur ekki afgreitt þessi frv., þó að þau hafi komið fyrir a. m. k. tvisvar sinnum. Það er mitt álit, að það sé nauðsynlegt að hafa þetta enn þá víðtækara og skylda öll íslenzk skip til þess að veita aðstoð fyrir hæfilega þóknun við björgun íslenzka skipaflotans, en að því verður að sjálfsögðu komið síðar.

Það er enn fremur fleira, sem þarf að gera en setja l. um björgunarlaun, og það er að endurskoða tjónagreiðslur og iðgjöld fiskiskipanna. Það er nú

þannig, eins og ég geri ráð fyrir, að hv. alþm. viti, að Samábyrgð Íslands ber skylda til þess að tryggja skip að 100 lestum, en það er ekki skyldutrygging á skipum yfir 100 lestir og eru þau yfirleitt tryggð hjá svokölluðum frjálsum félögum. Það verður að segjast eins og það er, að það er meira samræmi í þessum málum hjá Samábyrgðinni en öðrum. Skv. l. um Samábyrgðina verða skipin að vera virt a. m. k. annað hvert ár, en á skipunum, sem eru hjá frjálsu félögunum, fer ekki fram mat í hvert skipti. Svo hafa þau enn fremur greitt svokallaða kaskótryggingu, yfirhleðslutryggingu, og vélatryggingu, einnig á stærri skipunum, svo raunverulega er það þannig, að stærri skip hafi setið við betra borð en þau minni. Það hlýtur að koma til kasta Alþ. áður en langt um líður að endurskoða þessi mál í heild, og ég veit það, að það eru skiptar skoðanir um tryggingamálin yfirleitt, en mín skoðun er sú, að það mundi fara bezt á því, að það væri skyldutrygging á öllum skipum, öllum fiskiskipum að undanskildum togurunum, á sama stað. Svo gætu frjálsu félögin endurtryggt skipin að einhverjum hluta, og það mundi áreiðanlega vera mikið til bóta, að stefnt yrði að því, að tryggingin yrði sem mest hér innanlands, því að það er nú þannig, a. m. k. í sambandi við viðgerðir o. þ. h., að nokkuð mikið af því er náttúrlega vinna. En eins og er a. m. k. hjá frjálsu félögunum, mun mjög stór hluti af tryggingaráhættunni vera endurtryggður.

Ég skal ekki vera að hafa þetta mjög mikið lengra, en ég get þó ekki komizt hjá að skýra frá því, að mótmæli hafa borizt í sambandi við frv. þetta, þó að umsagna hafi ekki verið leitað. Það er nú svo, að það er yfirleitt auðvelt að mótmæla og þarf ekki alltaf að leita umsagna í sambandi við það. Ég ætla ekki að fara að lesa það upp, heldur aðeins minnast á það, að í fyrsta lagi mótmælir síldarútvegsnefnd harðlega þessu gjaldi, þessari hækkun á saltsíldinni, en eins og ég sagði áðan, nemur hækkunin um 4% af fob-andvirði saltsíldarinnar. Ég verð nú að segja það með fullri virðingu fyrir síldarútvegsnefnd, sem var nú verið að ræða um hérna áðan og verður væntanlega rætt um á eftir, að það er náttúrlega góðra gjalda vert, en það er ekki hlutverk síldarútvegsnefndar, finnst mér, í sambandi við þetta mál að taka þetta svona upp, því það er hlutverk síldarútvegsnefndar að sjá um sölu og fylgjast með framleiðslu á saltsíld o. s. frv. og einnig að sjá um það, hvar aðalskrifstofan og skrifstofur n. eru o. þ. h., en þeir virðast hafa skrifað sjútvmrh. 29. nóv. í sambandi við málefni síldarútvegsins almennt og er þetta eiginlega í framhaldi af því, að þeir nota þetta tækifæri til þess að koma þessu á framfæri. Aftur á móti eru hér mótmæli frá báðum síldarsaltendafélögunum, sem má til sanns vegar færa, að séu náttúrlega meira á rökum reist, því að það eru hrein hagsmunafélög, þ. e. félag síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi og félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi. Þeir mótmæla þessu harðlega og telja, að framleiðslu saltsíldar sé stefnt í voða með því að setja svona hátt útflutningsgjald á saltsíldina.

Ég vil vona það, að þessi mótmæli félags síldarsaltenda, bæði Norður- og Austurlands og Suður- og Vesturlands, þýði það, að þeir geri ráð fyrir því, að saltendur þurfi að taka á sig hluta af hækkun á útflutningsgjaldi, því annars, ef þeir reiknuðu ekki með því, að það yrði þannig, hefðu þeir náttúrlega minni ástæðu til að mótmæla, ef það væri eingöngu um innheimtustarf að ræða hjá þeim frá sjómönnum og útvegsmönnum.

Það eru vissulega mótmæli, sem eru meira á rökum reist, finnst mér, mótmælin frá stjórn Samtaka síldveiðisjómanna, en þeir mótmæla þessu harðlega og telja, að framleiðslu saltsíldar sé stefnt mjög í voða og benda einnig á, hvernig afstaða Norðmanna er í þessu sambandi og hvað þeir gera, sem styrkja þetta í staðinn fyrir að við skattleggjum. Það sést á þessu, að sjómenn gera sér fulla grein fyrir því, eða þeirra forsvarsmenn í þessu félagi, að útflutningsgjaldið kemur við þá, svo og útvegsmennina sjálfa. Og er það að mínu viti alveg rétt. En þrátt fyrir það hefur n. ekki getað séð sér fært að breyta frv.

Að síðustu vil ég skýra frá mótmælum, sem hafa borizt frá stjórn Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, en það var eins og ég skýrði frá áðan, að það er að mínu viti svona um 1½% hækkun miðað við fob-verð, en þeir telja, að það sé um 1%, því að áður var þetta magngjald, eins og ég sagði áðan.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín mikið fleiri. Sjútvn. þessarar virðulegu d. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem ég hef lýst, og þó að hér sé um mjög verulega hækkun á útflutningsgjöldum að ræða, sem eins og ég sagði, er engin ánægja með, er nú talið, að kunnugustu manna yfirsýn, að þessar þrjár greinar, sem hér eru sérstaklega skattlagðar, geti frekar öðrum staðið undir þessu. Það má benda á það í sambandi við saltsíldina og einnig humarinn, að það á eftir að verðleggja það fyrir sumarið, en aftur á móti var saltfiskurinn verðlagður um s. l. áramót og þar kemur það náttúrlega dálítið verr við, og má segja, að það komi nokkuð í bakið á þeim mönnum, sem þar er um að ræða. En þrátt fyrir þetta er það nú þannig, að í okkar fjármagnslitla landi höfum við oft orðið að breyta útflutningsgjöldum og hækka þau. Það væri vissulega gott, ef fleiri stoðir rynnu undir efnahagslífið, sem gætu styrkt þær atvinnugreinar, sem þurfa á aðstoð að halda hverju sinni, en það er áreiðanlega öllum ljóst, sem hér eru inni, að vátryggingariðgjöldin verða að greiðast, svo að fiskiskipaflotinn geti gegnt sínu hlutverki. Ég vil einnig að síðustu leggja mikla áherzlu á það, að allt verði gert, sem mögulegt er, til þess að endurskoða tryggingarmálin og lækka þennan útgjaldalið, eftir því sem föng eru á.

Að síðustu vil ég svo segja það, sem ég byrjaði á, að meiri hl. sjútvn. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem ég nefndi.

Frsm. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Við hv. 4. þm. Austf. stöndum að nál. á þskj. 663 og lýsum þar yfir þeirri afstöðu okkar, að við séum andvígir þessu frv. og leggjum til, að það verði fellt. Áður en ég vík að efni sjálfs frv. langar mig til þess að vekja athygli á því, að mér sýnist, að með þeirri skattlagningu, sem ráðgerð er með hækkun útflutningsgjaldsins, sé verið að brjóta gegn einu af megin-prinsípum viðreisnarstjórnarinnar, þeim, sem boðuð voru í upphafi árið 1960, en þar var það talið mikið glapræði og orsök mikils ófarnaðar, sem væri orðinn í þjóðfélaginu, að ýmist væru greiddar misháar bætur á ýmsar framleiðslugreinar, þannig að bæturnar væru hærri á þær framleiðslugreinar, sem verr gengju og væru afkastaminni en aðrar. Með því væri verið raunverulega að draga úr hagvexti í þjóðfélaginu, og mér finnst, að út frá þessu megi álykta, að þegar er farið að skattleggja hinar ýmsu framleiðslugreinar í landinu mjög misjafnlega með háum sköttum, þá hljóti það að verka á nákvæmlega sama hátt og skýrt var frá í viðreisnartill. frá 1960. Ég bendi aðeins á þetta, en að vísu þarf það ekki að vekja neina undrun hjá neinum hv. þm., því við, sem höfum setið hér nokkur ár á hv. Alþ., erum orðnir því vanir, að af hálfu hæstv. ríkisstj. sé brugðið nokkuð frá þeirri stefnu, sem hún boðaði í upphafi og sagðist ætla að fylgja.

Frá efni þessa frv. skal ég skýra í örfáum orðum. Það hefur verið að því vikið af hv. frsm. meiri hl. sjútvn., Sverri Júlíussyni, og skal ég ekki endurtaka mikið af því, sem hann sagði, en aðalatriði frv. er það, að með því er ráðgert að hækka útflutningsgjöldin allverulega á þrem tegundum sjávarafurða, þ. e. a. s. á saltsíld, humar og óverkuðum saltfiski. Þessi hækkun útflutningsgjaldsins á að gefa í tekjur á einu ári 42 millj. kr., og þessi tekjuauki á allur að ganga til vátryggingasjóðs fiskiskipa, sem er undir æðstu yfirstjórn hæstv. sjútvmrh., og er nú þannig komið, að á s. l. ári var hallinn á sjóðnum um 95 millj. kr. og skv. áætlun fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir, að hallinn á vátryggingasjóðnum verði um 103 millj. kr. Hluti vátryggingasjóðsins af útflutningsgjaldinu á með samþykkt þessa frv. að hækka úr 73% í 76,90% og lækkar hlutfallshluti annarra aðila, sem fengið hafa hluta af útflutningsgjaldinu, tilsvarandi í nokkuð svipuðum hlutföllum, að mér sýnist.

Ég kemst ekki hjá því að gagnrýna það eilítið, að þegar frv. þetta var lagt fram í hv. Nd., fylgdi hæstv. sjútvmrh. því ekki úr hlaði á nokkurn hátt. Og eins og hv. þm. vita, er slíkur hraði á afgreiðslu mála í n. þessa dagana, að mál fá þar yfirleitt ekki eins góða athugun og skyldi, og þess vegna er það, að ýmisleg atriði, sem ekki sjást af frv. sjálfu eða þeim aths., sem því fylgja, geta verið óljós fyrir hv. þm., sem þekkja ekki kannske til smæstu atriða í starfsemi vátryggingasjóðsins. Mér finnst ástæða til þess að benda á þetta, því að ég tel, að það sé skylda hvers ráðh., sem leggur fram meiri háttar málefni, eins og ég hiklaust flokka þetta undir, að hann fylgi þeim úr hlaði og gefi nauðsynlegar skýringar. En til þess að bæta mér þetta upp lagði ég það á mig að lesa þær umr., sem urðu um málið í hv. Ed., þegar það var lagt þar fram, og mun ég víkja að því lítillega hér á eftir.

Í aths. með frv. þessu segir m. a., að hækkun útflutningsgjaldsins á saltsíld eigi að gefa í tekjur hækkað útflutningsgjald um 28 millj. kr. Hins vegar þóttist ég sjá það í þeirri ræðu, sem hæstv. sjútvmrh. hélt í Ed., að upphæð þessi, eftir því, sem hann sagði þar, væri ekki nema 24 millj. kr., þannig að þarna er um 4 millj. kr. skakki á, sem ég vildi gjarna óska eftir, að hæstv. ráðh. gæfi skýringu á.

Skv. aths. frv. er gert ráð fyrir því, að hækkunin á óverkuðum saltfiski gefi í tekjur um 8 millj. kr. yfir heilt ár og hækkun útflutningsgjalds á humar gefi 6 millj. kr.

Hv. þm. Sverrir Júlíusson las hér upp áðan yfirlit um afkomu tryggingasjóðsins allt frá árinu 1961. Af því yfirliti má sjá, að flest árin síðan hefur tryggingasjóðurinn verið rekinn með nokkrum halla. Flest árin að vísu litlum halla, en þó nokkrum, og fyrsta árið, 1961, sem er dálítið sérstakt að vísu, er hallinn allverulegur, en um rekstur sjóðsins tekur þó alveg steininn úr árið 1967, í fyrra, og árið í ár. Ég gat um það áðan, að hallinn væri talinn vera á s. l. ári um 95 millj. kr., útgjöld tryggingasjóðsins umfram þær tekjur, sem hann hefur.

Þegar frv. um upptöku á gengishagnaði útflutningsvörubirgða, sem lágu í landinu, þegar gengið var fellt 24. nóv. s. l., var hér til meðferðar, kom það fram, að ráðgert væri að nota um 50—60 millj. kr. af þessum upptæka gengishagnaði, sem var rétt eign eigenda þeirra útflutningsvörubirgða, sem voru til gengisfellingardaginn, til þess að borga upp í þennan mikla halla á vátryggingasjóðnum 1967 50—60 millj., þannig að gera má ráð fyrir, að af hallarekstri vátryggingasjóðsins fyrir s. l. ár standi eftir a. m. k. 35—40 millj. kr. Eins og ég sagði áðan, er áætlað, að hallinn á yfirstandandi ári nemi 103 millj. kr., og ráðgert er að ná upp í þann mikla skakka um 42 millj. kr. með hækkun útflutningsgjaldsins, sem frv. þetta ráðgerir. Nú var ég að velta því fyrir mér, hvernig á þessu stæði, að svona geysilegar breytingar hefðu orðið á afkomu tryggingasjóðsins á árinu 1967 og 1968 og mér, í mínum barnaskap, fannst ekki ósennilegt, að þetta hlyti að vera a. m. k. í aðalatriðum því að kenna, að tekjur sjóðsins hefðu brugðizt mjög með minnkandi afla og lækkandi verði á útfluttum sjávarafurðum, og e. t. v. aukinni tjónagreiðslu þessara ára, stóraukinni tjónagreiðslu. En þegar ég var að lesa umr. í Ed., sá ég skýringu, sem mér hafði ekki dottið í hug, að gæti verið ein af ástæðunum eða meginástæðan fyrir þessum mikla halla, en ég tel rétt að vekja athygli á henni engu að síður, til þess að hæstv. sjútvmrh. geti þar leiðrétt eitthvað, ef rangt er með farið, eða gefið skýringar. En þessi skýring á halla tryggingasjóðsins kom fram í ræðu, sem hv. 5. landsk. þm. hélt þar. Ég hef tekið eftir því nokkuð af lestri þingræðna úr Ed., að þessi hv. þm. þykist

hafa sæmilegt vit á sjávarútvegsmálum og liggur ógjarnan á því, og þess vegna þykir mér, af því, sem ég sagði áðan, og líka vegna þess, að ég tel, að þessi maður, þessi hv. þm. geti ekki verið að gefa yfirlýsingar eða verið með getsakir, sem ekki fá stuðzt við veruleikann, þess vegna þykir mér ástæða til þess að lesa upp örlítinn kafla úr þeirri ræðu, sem þessi hv. þm. hélt um þetta atriði, en hann segir þar m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Við sem erum hreinir útvegsmenn hér á Íslandi, við erum aðeins örfáir. Það eru langflestir, sem eiga beinan þátt í fiskverkun eða eru svo nátengdir henni, að þeir eiga hagsmuna að gæta í vinnslunni líka, og ég vildi aðeins láta það koma fram, að þetta kerfi er byggt upp í þágu útgerðarmanna, sem í langflestum tilfellum eru verkendur um leið. Hitt er svo annað mál, að vátryggingakerfið er komið á það stig, að það býður upp á misnotkun, leiðinlega misnotkun, sem óprúttnir aðilar notfæra sér og draga til sín fjármagn, óeðlilega stórar upphæðir í gegnum vátryggingakerfið og koma því undir svokallað sjótjón og fá viðgerðarreikninga greidda undir því yfirskini, að hér sé um tjón að ræða, þó að í mörgum tilfellum sé um viðhald að ræða.

Hins vegar er það svo, að þegar menn hafa getað notað þessa aðstöðu og svo á að skerða hana, þá auðvitað kveinka menn sér undan því, það er ekkert óeðlilegt. Þegar misrétti hefur átt sér stað í þjóðfélaginu og það er verið að leiðrétta misréttið, þá vilja menn ekki sleppa misréttinu, skv. eðli málsins. Það væri þess vegna alveg eins eðlilegt, að ýmsir útvegsmenn mundu jafnvel mótmæla því, að það yrðu settar strangar reglur um bótagreiðslur til útvegsmanna, vegna þess að menn eru að missa köku, sem þeir hafa fengið vegna misnotkunar á vátryggingakerfinu, en það væri hróplegt ranglæti og a. m. k. óeðlilegt, að Alþ. vildi stuðla að því að viðhalda slíku."

Svo mörg voru þau orð hv. þm., og af því að ég, eins og ég sagði hér áðan, tel, að hér sé um nokkuð alvarlegar ásakanir að ræða til nokkuð fjölmenns hóps manna í þjóðfélaginu og af því að þær eru bornar fram af manni, sem telur sig allvel þekkja til sjávarútvegsmála, þá vil ég skora á hæstv. ráðh. að gefa yfirlýsingu um það hér á eftir, hvort hann sé sammála hv. þm. um það, að þetta sé ein af þeim ástæðum og að því er manni sýndist af ræðu hv. þm. ein af þeim meginástæðum, sem orsakað hafa hallann á vátryggingarsjóðnum í ár og s. l. ár.

Hitt er svo líka nokkuð skrýtið, ef hv. þm. hefur þessa skoðun á eðli útgjalda vátryggingasjóðsins, að hann skuli leggja til og styðja með sínu atkvæði, að tekjur sjóðsins séu stórlega auknar, eins og hann gerir með því að greiða þessu frv. atkv., þá væntanlega til þess að meiru sé hægt að eyða í þessa hluti, sem hann hélt hér fram að hefði verið gert að undanförnu. En svona gerast nú hlutirnir stundum skrýtnir.

Ég sagði það í upphafi máls míns, að skattur sá, sem frv. gerir ráð fyrir, næmi um 42 millj. kr. Ég vil þegar í upphafi undirstrika það, að allur þessi skattur á allar þessar þrjár framleiðslutegundir sjávarafurða, hann kemur niður á hráefnisverðinu, hann lendir þar endanlega allur. Og hverjir eru það, sem í raun réttri greiða hann? Það eru sjómennirnir á síldveiðiskipunum, það eru sjómennirnir, sem fiska humarinn, og það eru sjómennirnir, sem leggja þorskinn upp til saltfiskverkunarstöðvanna. Ég vil víkja nokkru nánar að þessu. (Gripið fram í.) Ég sagði, að skattur þessi lenti á sjómönnunum. Sumir mundu kannske vilja segja, að réttara væri að orða það þannig, að hann lenti á útgerðinni sem heild, og er þá átt við skipseiganda og útgerðarmann. Ég held þó, að það verði í reyndinni ekki nema að mjög óverulegu leyti, því að allur meginþunginn lendir á sjómönnunum. Þetta gerist vegna þess, að eins og marg-undirstrikað hefur verið, bæði hjá hv. síðasta ræðumanni, sem mælti hér fyrir meirihlutaálitinu, og mörgum öðrum síðar, þá renna þessar tekjur allar, útflutningsgjaldið, til nokkurra aðila og til vissra þarfa í þjóðfélaginu, að langmestu leyti eins og ég gat um hér áðan, eða nær því 77% til vátryggingasjóðsins, en hlutverk vátryggingasjóðsins er að greiða iðgjöld af skipunum, sem hafa annars lent á útgerðinni. Að þessu leyti er því um hreina millifærslu að ræða. Útgerðarmaðurinn borgar útflutningsgjaldið, en fær það aftur til sín á þennan hátt, að vátryggingariðgjöldin af skipinu eru greidd úr sjóðnum. Það held ég að sé óhrekjanleg staðreynd. Og að langmestu leyti — ég endurtek það — þá mun þessi aukni skattur lenda á sjómönnum. Það er því eðlilegt, að sjómenn og þá sérstaklega síldveiðisjómenn, séu ekki mjög ánægðir með þessa skattlagningu. Hv. alþm. hafa, sumir hverjir a. m. k., séð bréf, sem stjórn Samtaka síldveiðisjómanna hefur ritað Alþ. út af frv. þessu, en fyrir þá, sem ekki hafa lesið nál. okkar minnihlutamanna, vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp úr því, en þar segir svo m. a.:

„Stjórn Samtaka síldveiðisjómanna telur ekki hægt að leggja aukin útflutningsgjöld á sjávarafurðir okkar, þegar við eigum í síaukinni samkeppni með sölu þeirra við aðrar þjóðir. Saltsíldarmarkaðurinn er mjög þröngur, og þar gætir stóraukinnar samkeppni frá öðrum þjóðum. Á sama tíma og Norðmenn styrkja sinn saltsíldariðnað með 30 norskum kr. pr. tunnu (á þriðja hundrað ísl. kr.) á að stórauka útflutningsgjöld á íslenzkri saltsíld, sem við seljum á sama markað og þeir. Við það bætist, að útlit er fyrir, að við þurfum að veiða síldina austur undir Noregi, sem hefur í för með sér stóraukinn kostnað og minni afla.

Á síðasta ári varð stórfelld verðlækkun á síld til bræðslu, samfara minni afla. Við það versnaði afkoma sjómanna svo, að nú eru orðin mikil vandkvæði á að manna stærstu bátana og fyrirsjáanlegt er, að auknir örðugleikar verða á að fá sjómenn til síldveiða í sumar, þrátt fyrir minni atvinnu í landi en verið hefur. Viljum við benda á, að með hækkun á útflutningsgjaldi er verið að raska þeim skiptakjörum, sem verið hafa milli útgerðar og sjómanna.

Viljum við vara við þeim afleiðingum, sem af því geta hlotizt. Von okkar var sú, að með hækkuðu verði á síld til söltunar sköpuðust möguleikar á söltun um borð í fiskiskipunum, sem gæfu auknar tekjur til sjómanna og útgerðar, og við héldum okkar dýrmætu saltsíldarmörkuðum. En ef það frv., sem hér um ræðir, verður að l., sjáum við ekki, hvernig hægt verður að fá það verð, sem nauðsynlegt er til að manna fiskiskipin til síldveiða á komandi sumri."

Þetta segir í bréfi, sem stjórn Samtaka síldveiðisjómanna hefur sent hv. Alþ.

En er nú réttlátt að skattleggja síldveiðisjómenn, þó að skatturinn eigi að ganga m. a. til greiðslu á tryggingariðgjöldum? Er afkoma þeirra slík, að sérstaklega sé eðlilegt eða réttlátt að skattleggja þá með frv. þessu? Hvað segir reynslan okkur um það, sem við höfum þegar fyrir okkur, og hvað getum við ráðið í horfurnar á þessu ári um það, hvort síldveiðisjómenn og fleiri sjómenn séu líklegir til þess að geta borið háa nýja skatta ofan á það, sem þeir bera úr býtum á veiðum? Mig langar til þess að víkja örfáum orðum að þessu atriði, því að ég tel það mjög mikilvægt. Það er staðreynd, að meðaltekjur sjómanna á síldveiðum s.l. ár voru um 92—93 þús. kr. Þetta sýna skýrslur, sem eru öllum aðgengilegar, sem vilja þær kynna sér. Þessar 92—93 þús. kr. tekjur síldveiðisjómanna eru fengnar fyrir erfitt og hættulegt starf, oft á tíðum við mjög vondan aðbúnað, 7 mánuði ársins, eða allt frá júníbyrjun til desemberloka á s. l. ári lengst norð-austur í hafi, um 6—800 sjómílur frá næstu hlutum Íslands og miklu nær bæði Noregi og Spitsbergen heldur en okkar eigin landi. Og það er nú ekki einu sinni svo vel, að tekjur þessar séu hreinar nettótekjur, sem þeir hafa út úr þessu langa 7 mánaða úthaldi. Nei, frá þessum tekjum má draga fæðiskostnað þessara manna um borð í skipunum, sem áætlaður er að ég tel mjög hóflega um 3500 kr. á mán. Það vill segja, að fyrir 7 mánaða úthald er fæðiskostnaðurinn, sem kemur til frádráttar þessu, 24500 kr. Það þýðir, að nettótekjur síldveiðisjómanna á s. l. ári á stærri síldveiðiskipunum hafa verið fyrir 7 mánaða úthald 67500 kr. eða 68500 kr. Finnst mönnum nú sanngirni að skattleggja þennan hlut umfram það, sem þegar er gert, með öðrum þeim sköttum, sem til staðar eru í þjóðfélaginu? Og ef menn vilja ekki líta á réttlætishlið málsins, þá vil ég spyrja, ja, fyrst og fremst hæstv. ráðh. og þá fyrst og fremst hæstv. sjútvmrh. og þá aðra stuðningsmenn ríkisstj., sem væntanlega koma til með að samþ. þetta frv. hér á eftir: Er það viturlegt að búa þannig um hnútana fyrirfram, að nærri því sé útilokað, að síldveiðar verði stundaðar í úthafinu á næsta sumri og næsta hausti? Því að svo sannarlega eru ýmsar blikur á lofti nú og margt, sem bendir til þess, að um það megi fyllilega örvænta, að svo verði. Hvar yrði afkomu þessarar þjóðar komið, ef hún missti allar þær tekjur, sem hún hefur beint og óbeint af síldveiðum og vinnslu síldarinnar í landi, hvort sem er til söltunar eða til bræðslu í verksmiðjunum? Ætli það yrði ekki fljótlega vart við enn meira tómahljóð en þó heyrist þegar úr ríkiskassanum, og ætli ýmsir þeir, sem starfa í viðskiptum og þjónustustarfsemi í landinu, mundu ekki fljótlega finna fyrir því? Og ætli þjóðfélagið sem slíkt þyldi það mjög lengi, að ekki yrði gert út á síldveiðar? Þetta eru spurningar, sem hljóta að vakna í hugum allra þeirra, sem um þessi mál hugsa af einhverri alvöru og vilja setja sig inn í, hvernig þau standa. Og ég tel það furðulega fífldirfsku af hæstv. ríkisstj. að ætla sér með þessu frv., þótt út af fyrir sig sé upphæðin ekki ýkjastór, að fara að skattleggja þennan hóp þjóðfélagsborgaranna með þessum álögum. Það er staðreynd, að heildarútflutningsverðmæti síldarafurða á s. l. ári lækkaði niður í 510 millj. kr. úr 1216 millj. árið 1966. Að sjálfsögðu þýddi þetta tilsvarandi tekjutap fyrir síldarútgerðina, bæði fyrir sjómennina og eins fyrir útgerðarmanninn. Því miður eru horfur þannig um afurðasöluna, að það er af öllum, sem til þekkja, talið algjörlega útilokað, að við getum á yfirstandandi ári búizt við hækkunum á bræðslusíldarafurðum, þ. e. a. s. mjöli eða lýsi, og því miður verð ég að segja af þeim kunnugleika, sem ég hef af sölumálum saltsíldar, að það eru talsvert meiri líkur á því, að við verðum að sæta því hlutskipti að fá lækkað verð fyrir okkar saltsíld á erlendum mörkuðum í ár frá því, sem var í fyrra, en þá lækkaði útflutningsverð saltsíldar í allflestum viðskiptalöndum okkar um 3 kr. sænskar pr. tunnu. Það gerðist um öll Norðurlönd, í Svíþjóð, sem er langstærsti kaupandinn okkar, í Finnlandi, sem er næst-stærsti kaupandinn okkar, í Danmörku, Noregi, Bandaríkjunum, Ísrael. Ég man ekki eftir neinu landi, þar sem við í fyrra gátum náð hækkun á útfluttri síld, nema Rússlandi.

Ég hef heyrt því haldið fram bæði nú og áður af hæstv. ríkisstj., að ekki sé óeðlilegt að hækka þetta gjald, vegna þess að með gengisfellingunni á s. l. ári þá muni verða svo mikil hækkun — fást svo miklu fleiri krónur fyrir hverja útflutta síldartunnu, t. d. frá því, sem var í fyrra, að það réttlæti hækkun þessa gjalds. Ég hef reynt að gera mér grein fyrir því, á hvaða öruggum grunni þessi staðhæfing er byggð og hvort það væri hugsanlegt, að eitthvað yrði eftir af þessari hækkun, sem gæti leitt til þess að hægt væri að bæta kjör síldveiðisjómanna frá í fyrra, en ég tel alveg bráðnauðsynlegt, að það verði gert. Og þá hef ég sett upp þetta dæmi, þegar ég hef verið að reyna að velta þessu fyrir mér. Ég reikna með því, að verðmæti saltsíldarinnar verði óbreytt frá í fyrra, en það er mikil bjartsýni að búast við því, en við skulum leyfa okkur að vera bjartsýn. Það þýðir þá, að við fáum fyrir hverja útflutta síldartunnu um 30% fleiri ísl. kr. en við fengum fyrir sama verðmæti á s. l. ári, og nú reikna ég með meðalverði á saltsíldartunnuna, einhvers staðar í kringum 1200 kr. Þá reikna ég með — ja, það var aðeins innan við 30%, sem ég reiknaði — ég reikna með, að hækkun pr. saltsíldartunnu vegna gengisfellingarinnar sé um 350 kr. Hærra getur það ekki

verið. Og þá skulum við nú gá að því, hvort hugsanlegt sé, að eitthvað verði eftir af þessari fjárhæð í sumar til þess að bæta kjör síldarútgerðarinnar og þá fyrst og fremst sjómanna. Ég held, að það verði ekki, eða a. m. k. mjög óverulegt. Og það vil ég rökstyðja á eftirfarandi hátt. Almennt er talið, að síldin muni halda sig á svipuðum slóðum á þessu sumri og hausti eins og var á s. l. ári, aða a. m. k. hygg ég, að allir útreikningar og allar bollaleggingar hljóti að byggjast á því.

Nú hefur verið að undanförnu unnið að því af sérstakri n., sem skipuð var af hæstv. sjútvmrh., að undirbúa flutninga af fjarlægum miðum til söltunar í landi, bæði til þess að reyna að bæta hag síldarútgerðarinnar með því að koma hráefninu í verðmætari vinnslu en bræðsluna og auka þannig tekjur þessara aðila, og eins að hjálpa til þess, ef það mætti verða framkvæmanlegt, að Íslendingar gætu haldið þeim síldarmörkuðum, sem við höfum náð á löngu árabili með miklu starfi og höfum getað haldið í skjóli þess fyrst og fremst, að við höfum haft, ef svo mætti segja, nálægt því einokunaraðstöðu með að skaffa þá síld á markaðinn. Hún hefur unnið sér mjög gott orð erlendis og hefur verið borguð hærra verði frá okkur en frá nokkrum öðrum. Einokunaraðstaðan byggðist á því þangað til í fyrra, að síldin var það nálægt ströndum okkar lands, að við áttum auðvelt með að ná í hana og koma henni tiltölulega nýrri til vinnslu í landi til söltunar, en útlendingar, sem vildu gera út á Íslandsmið, töldu að það borgaði sig tæplega, vildu heldur kaupa síldina af okkur og líka vegna þess, að á þeim árum allt fram á s. l. ár var t. d. bræðslusíldarverðið í Noregi mjög hátt. Það er ráðgert, að það kosti 150 kr. að koma hverri tunnu á land af fjarlægum miðum. Þó vitum við, að tunnur, salt og annað fleira, sem þarf til söltunar, mun hækka af völdum gengisfellingarinnar og af ýmsum öðrum ástæðum og áætla ég þá hækkun um 100 kr. ísl. á hverja tunnu. Þá má reikna með því, að verklaun á hverja síldartunnu í landi muni hækka af ýmsum ástæðum, bæði vegna hækkunar kaupgjalds og af ýmsum öðrum ástæðum um ekki minna en 20 kr. á hverja tunnu.

Og þegar frv. þetta, sem ég veit að mun ganga í gegn, er orðið að l., þá þýðir það aukna hækkun á útflutningsgjaldi á saltsíld, sem nemur tæpum 50 kr. á tunnu. Þessar hækkanir allar, sem ég hef hér talið upp, nema um 320 kr. Og þá er farið af þeirri 350 kr. hækkun, sem gengisfellingin gerir á hverja tunnu, þá er farin í þessa kostnaðarliði öll fjárhæðin að undanteknum 30 kr. ísl. Það er sú upphæð, sem hugsanlegt er, að eftir væri til þess að bæta hag síldarútgerðarinnar. En ég sagði það áðan og endurtek það enn, að það að reikna með því, að útflutningsverð okkar verði óbreytt á þessu ári frá því í fyrra, það er mjög bjartsýnt og getur brugðizt og það mundi leiða til þess, að dæmið raskaðist enn þá þessum aðilum í óhag. Segjum svo, að það væru kannske eftir af þessari gengislækkun um 30 kr. á hverja tunnu. Þá er það víst, að það hlyti að koma til skipta milli útgerðarinnar annars vegar og skipshafnar hins vegar. Og við vitum, að hækkun útgerðarkostnaðar í ár er gífurlega mikil frá því í fyrra. Við vitum t. d., að olían ein hefur hækkað að ég held um 45%, þannig að báturinn og útgerðarmaðurinn þarf að fá ábyggilega einhvern hluta af þessu. Ég held því, að ég hafi flutt alveg óhrekjandi rök, og ég skora á hæstv. sjútvmrh. að rekja það, því að ég geri nú ráð fyrir því, að hann tali hér á eftir, hvað af þeim tölum, sem ég hef hér flutt, fái ekki staðizt. Og þá, ef það er rétt, sem ég hef sagt, þá stöndum við frammi fyrir því, að gengislækkunin út af fyrir sig skapar ekki grundvöll til þess að hækka verðið, eftir því sem mér sýnist, svo að nokkru nemi til síldarútgerðarinnar, hvorki til skipseigenda eða til áhafna, og þegar af þeirri ástæðu tel ég það viti firrta áætlun að ætla að knýja þessa hækkun útflutningsgjaldsins fram. Ég endurtek, að ég tel, að það séu svo yfirgnæfandi miklir þjóðfélagslegir hagsmunir bundnir við það, að það sé hægt að bæta aðstöðu síldarútgerðarinnar á þessu yfirstandandi ári, frá því sem var í fyrra, að ýmislegt megi á sig leggja til þess að gera það.

Ég skal þá ekki fara fleiri orðum um þennan þátt málsins, en víkja að nokkru öðru að gefnu tilefni. Hæstv. sjútvmrh. er ekki hér í d. því miður, en ég vildi gjarnan óska eftir því, að hann væri hér. – Já, ég sé, að hæstv. ráðh. gengur inn í salinn og ég vil fagna því, af því að hann hefur gefið tilefni til þess, að hér hefur þurft að bera fram nokkrar skýringar vegna þess, sem hann sagði í hv. Ed., og þar sem hv. þm. Sverrir Júlíusson endurtók þetta í sinni ræðu áðan, þá vil ég af þessum tveim gefnu tilefnum víkja nokkrum orðum að því. En það atriði er, að ráðh. sagði með nokkrum þjósti, að því er mér er sagt af þeim, sem á hlýddu í Ed., að honum fyndist það einkennilegt, að síldarútvegsnefnd væri að mótmæla þessu frv., því að í raun réttri kæmi henni það alls ekkert við. Hennar starf væri það að selja saltsíld og annað átti hún ekki að hugsa um. Og þetta endurtók minn ágæti samþingsmaður Sverrir Júlíusson og vill halda því fram, að það hafi verið upprunnið úr eigin brjósti, og það skal ég ekki efa. En þetta finnst mér dálítið skrýtin kenning og mjög vafasöm, að ekki sé meira sagt. Það er rétt hjá þessum hv. þm., að aðalstarf síldarútvegsnefndar er að sjálfsögðu að selja saltsíld á erlendum mörkuðum. Þetta er hennar aðalstarf skv. lögum, og væri betur, að sumir myndu eftir því alltaf, þegar þeir í ræðu og riti eru að kenna síldarútvegsnefnd um ýmsa hluti í þjóðfélaginu, sem aflaga hafa farið, m. a. í þessari atvinnugrein, um ýmsa hluti, sem hún hefur ekki skipt sér af og á ekki lögum samkv. að koma nokkurs staðar nálægt. En ég hef bæði hér í hv. Alþ. hlustað á það og víða lesið um það, að t. d. hefur síldarútvegsnefnd verið skömmuð blóðugum skömmum fyrir það, hvað lítið væri gert að því að vinna saltsíld í neytendaumbúðir, og einn hv. sérfræðingur hér fór einu sinni í útvarp frekar en sjónvarp og hellti þar úr

skálum reiði sinnar yfir nefndina út af því, að hún hefði verið þröskuldur í vegi þess, að hér hefði verið lögð niður síld og soðin niður. Eins og allir vita, sem þekkja til l. um síldarútvegsnefnd — og ef einhver dregur það í efa, getur hann flett þeim upp, — þá er það vitað, að síldarútvegsnefnd hefur ekkert með þau málefni að gera lögum samkv. Það er hverjum einum aðila í þjóðfélaginu frjálst, sem vill út í þetta leggja, að gera þetta og síldarútvegsnefnd hefur ekkert með það að gera. En kemur þá síldarútvegsnefnd yfirleitt ekkert við þetta frv., eins og þessir þm. hafa haldið fram? Ég held því fram, að henni komi það mjög mikið við. Ég held því fram að aðalvandi okkar í þeirri sölustarfsemi, sem hefst núna eftir nokkra daga til að reyna að selja þessar afurðir, muni vera sá að geta verið samkeppnisfærir við ýmsa aðra keppendur okkar um markaðina, og þá fyrst og fremst Norðmenn, Rússa, Færeyinga og e. t. v. fleiri um verðið, sem við verðum að fá fyrir okkar framleiðslu, og munum líka eiga í talsverðum erfiðleikum með að sýna okkar kaupendum, og þá fyrst og fremst þeim, sem nota síldina í sínar niðurlagningarverksmiðjur eins og er að yfirgnæfandi hluta bæði í Svíþjóð og Finnlandi, fram á það með rökum, að við getum framleitt í þá samninga, sem við kunnum að geta gert við þá. Þeir leggja nefnilega talsvert mikið upp úr því, að fyrirfram séu nokkrar líkur til þess, að við getum afgreitt það magn, sem um er samið.

Nú hef ég fært að því rök, að ég tel nokkuð góð, að með þessu frv. sé verið að skattleggja síldveiðisjómennina og raunar kannske útgerðina að einhverju leyti og hagur þessara aðila sé slíkur, að hann megi ekki við því, þannig að við stöndum frammi fyrir því, að jafnvel þó að þetta kannske sé ekki stórt, 42 millj. kr., þá geti sá steinn verið nægilega stór til þess, að hann dugi til þess að koma skriðunni af stað, þannig að síldarútgerðin fari bókstaflega ekki í gang, veiðarnar sjálfar. Og hvar stöndum við þá? Hvernig stöndum við þá að vígi með að selja okkar síld og afgreiða upp í samninga, ef fyrirfram eru verulega miklar líkur á því, að síldarúthald verði ekki neitt? (**Sjútvmrh.**: En ef bátaflotinn er uppi í slipp?) Ef bátaflotinn er uppi í slipp? Er svo illa komið? Þá reikna ég með, að hæstv. sjútvmrh. sjái til þess að laga vátryggingakerfið, stinga í þau göt, sem flokksbróðir hans sagði í hv. Ed., að væru á kerfinu og spara þannig útgjöldin.

En ég held, að þetta sé svo augljóst mál, að við, sem eigum að annast söluna á þessari saltsíld okkar, sem er ekkert verulega lítið búsílag í okkar þjóðfélagi og okkar þjóðarbúskap, að við hljótum að hafa verulegar áhyggjur af öllum þeim aðgerðum, sem við teljum til þess fallnar að koma í veg fyrir, að bátar komist á síldveiðar í sumar. Við hljótum að hafa áhyggjur af því, ef hagur síldveiðisjómanna verður það aumur, fyrirsjáanlega það aumur, að þeir vilja ekki hverfa að þessum störfum, heldur leita sér atvinnu við einhverja aðra hluti, annaðhvort í landi eða við einhverjar aðrar tegundir veiða. En á þessu er fullkomlega mikil hætta. Ég tel, að þetta réttlæti þær umsagnir og þau afskipti, sem síldarútvegsnefnd hefur haft af þessu máli, og ég hygg, að báðir þessir ágætir þm. muni fallast á það með mér, þegar þeir athuga þetta nánar, að þetta sé ærin ástæða til þess, að við höfum í n. sent frá okkur mótmæli gegn þessu frv. Til frekari rökstuðnings þessu langar mig til þess að lesa hér upp bréf frá 29. nóv. 1967, sem sent var hæstv. sjútvmrh., svo að hv. þm. geti heyrt þær röksemdir, sem þar eru fram færðar. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni ráðstafana þeirra varðandi útflutning sjávarafurða, sem fyrir dyrum standa í kjölfar breytingar gengis ísl. krónunnar, vill síldarútvegsn. vekja athygli hæstv. ríkisstj. og annarra þeirra aðila, sem um mál þessi fjalla, á eftirfarandi:

1. Síldarútvegsn. hafa borizt fregnir af því, að samráð hafi verið haft við forsvarsmenn ýmissa greina útflutningsframleiðslunnar varðandi umræddar ráðstafanir og að Efnahagsstofnunin hafi í þessum umr. lagt fram skýrslur, þar sem talið sé, að síldarsöltun sé sú framleiðslugrein landsmanna, sem minnstri fyrirgreiðslu þurfi á að halda í sambandi við markaðs- og framleiðsluörðugleika. Síldarútvegsn. kemst ekki hjá því að lýsa yfir furðu sinni á því, að fulltrúum frá saltsíldarframleiðslunni skuli ekki hafa verið gefinn kostur á að fylgjast með undirbúningi málanna á sama hátt og fulltrúum frá ýmsum öðrum greinum útflutningsframleiðslunnar, og óskar n. hér með eftir að fá umræddra skýrslu Efnahagsstofnunarinnar senda.

2. Vegna síaukinnar hækkunar á kostnaði við framleiðslu á saltaðri síld á undanförnum árum hefur síldarútvegsn. orðið að gera sífelldar verðhækkunarkröfur á hendur kaupendum síldarinnar erlendis, án tillits til söluverðs frá öðrum framleiðslulöndum. Hefur n. tekizt að ná töluverðum hækkunum í ýmsum markaðslöndum og þá einkum í þeim löndum, sem sækjast fyrst og fremst eftir kaupum á stórri sumarsíld, sem á undanförnum árum hefur verið erfitt að fá keypta í mjög stórum stíl nema frá Íslandi. Ástæðan fyrir þessu er sú, að söltun Norðmanna um borð í veiðiskipum á Íslandsmiðum hefur á undanförnum árum farið ört minnkandi þar til í ár. Orsök þessarar þróunar hjá Norðmönnum var m. a. sú, að markaðsverð á bræðslusíldarafurðum var óvenjuhátt á tímabili og samtímis mikið síldarmagn á miðunum. Taldi norska útgerðin því hagkvæmara að láta veiðiskipin sigla með síldina til bræðslu í Noregi heldur en að framkvæma söltunina um borð. Þessar sífelldu verðhækkunarkröfur hafa þegar leitt til þess, að þýðingarmiklir markaðir hafa glatazt, en öðrum verið stefnt í hættu. Síldarútvegsnefnd hefur þó heldur kosið að spenna bogann til hins ýtrasta í þessu efni en að gera kröfur um uppbætur af almannafé eins og sumar framleiðslugreinar útflutningsins hafa neyðzt til að gera. Á yfirstandandi ári hafa Norðmenn fjórfaldað söltun sína á Íslandssíld og buðu á þessu ári verulega lækkun frá fyrra árs verði. Færeyingar fylgdu í kjölfar Norðmanna og

lækkuðu verð sín verulega. Þessi verðlækkun Færeyinga og Norðmanna varð þess valdandi, að mjög erfitt reyndist að ná samkomulagi um fyrirframsölu á íslenzkri saltsíld s. l. vor, og varð að lokum að semja um nokkra verðlækkun, sem Norðmenn buðu og sömdu um. Af sömu ástæðum minnkaði verulega frá árinu áður magn það, sem tókst að semja um sölu á. 1966 tókst t. d. að semja um sölu á 245 þús. tunnum af saltaðri síld til Svíþjóðar, sem hefur síðustu árin verið langstærsta markaðslandið, en í ár fengust Svíar ekki til þess að kaupa nema 192 þús. tunnur. Samkeppnisaðstaðan hefur þó verið enn verri að því er sölu hinnar stærðarblönduðu vetrarsíldar snertir, þar sem óhemjumikið hefur veiðzt síðustu árin í Norðursjó af síld af svipaðri stærð og svipuðu fitumagni. Er samningar stóðu yfir í s. l. mánuði um sölu á þessari tegund síldar til Póllands, buðu Norðmenn Pólverjum saltaða Norðursjávarsíld á 40% lægra verði en síldarútvegsn. hafði samið um við Pólverja árið áður. Fyrir nokkrum árum hafði síldarútvegsnefnd tekizt að byggja upp verulegan markað fyrir ýmsar teg. síldarflaka í V-Þýzkalandi og Bandaríkjunum. Vegna verðhækkunar þeirrar, sem ekki hefur verið komizt hjá að krefjast, og af öðrum ástæðum, lágum verðtilboðum frá öðrum framleiðslulöndum og háum innflutningstollum í V-Þýzkalandi, hefur framleiðsla þessi nú stöðvazt hér á landi.

Svo sem kunnugt er, hefur síldarsöltunin jafnan verið talin áhættusamasta atvinnugrein landsmanna, m. a. vegna sífelldrar óvissu um það, hvort söltunarhæf síld berist til stöðvanna og vegna þess hvað hér er um viðkvæma og geymsluþolslitla vöru að ræða. Má í því sambandi benda á það mikla tjón, sem fjöldi söltunarstöðva varð fyrir á s. l. ári. Sem dæmi um það, hvað áhættan er mikil samfara þessum atvinnurekstri, má benda á það, að engin síld hafði borizt til söltunar um miðjan sept. s.l. haust, en í venjulegum síldarárum lýkur söltun um það leyti. Söltunarstöðvarnar höfðu þó búið sig undir, að söltun hæfist á venjulegum tíma, ráðið starfsfólk og gengið frá kaupum á venjulegum rekstursvörum o. s. frv. Eins og kunnugt er, hélt norsk-íslenzki síldarstofninn í áttina til Jan Mayen og Svalbarða s. l. sumar í stað þess að halda á venjulegar veiðislóðir við Ísland og ríkti mikil óvissa um, hvort nokkur síld mundi veiðast í nánd við Ísland á vertíðinni. Hlýtur öllum að vera ljóst, hve gífurlegt tjónið hefði orðið, ef svo hefði farið, að engin síld hefði borizt til söltunar. Síldarútvegsnefnd leggur því áherzlu á, að þetta allt sé haft í huga, er taka þarf ákvarðanir er varða framleiðslugrundvöll hinna einstöku greina útflutningsframleiðslunnar. Þá vill síldarútvegsnefnd vekja athygli á því, að gengisfelling ísl. krónunnar veldur mikilli hækkun á tunnum, salti og ýmsum öðrum rekstrarvörum í sambandi við síldarsöltun. Hinn breytti söltunartími veldur því, að ekki verður komizt hjá, að söltunarstöðvarnar geri ráðstafanir til að geta geymt síldina í upphituðu geymsluhúsnæði, og mun það hafa mikinn viðbótarkostnað í för með sér. Fregnir berast nú um það, að ýmsar framleiðsluþjóðir saltsíldar hyggist auka saltsíldarframleiðsluna, og vill síldarútvegsnefnd vekja sérstaka athygli á því, að meiri óvissa ríkir nú varðandi sölumagn og söluverð en á undanförnum árum. Flest bendir til þess, að þróunin í þessu efni verði Íslendingum ekki í vil.

3) Síldarútvegsnefnd varar alvarlega við því, að gerðar verði nokkrar ráðstafanir, sem hafa það í för með sér, að saltsíldarframleiðslan búi við verri kjör en aðrar greinar útflutningsframleiðslunnar og væntir þess, að framvegis verði haft fullt samráð við nefndina og samtök síldarsaltenda um allar þær ráðstafanir, sem gerðar kunna að verða og snerta saltsíldarframleiðsluna."

Afrit af bréfi þessu er sent Efnahagsstofnuninni og Seðlabanka Íslands, en eins og ég sagði áðan, er bréf þetta skrifað hæstv. sjútvmrh., Eggert G. Þorsteinssyni.

Þegar frv. það, sem hér er verið að ræða, var lagt fyrir hv. Ed., sendi n. mótmæli gegn því, eins og ýmsir aðrir aðilar gerðu, og hv. þm. Sverrir Júlíusson vék að þessum mótmælum hér áðan og taldi þau upp. Ég tel ástæðu til þess að lesa þessi mótmæli — þau eru ekki mjög löng — af því að, eins og ég sagði áðan, á þeim hefur verið sérstaklega hneykslazt, bæði af hæstv. ráðh. og ýmsum fleirum. En út af frv. þessu segir nefndin m. a. þetta:

„Mótmæli síldarútvegsnefndar gegn fram kominni brtt. í frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Síldarútvegsnefnd vill mjög eindregið og ákveðið mæla gegn hækkun útflutningsgjalda af saltsíld, sem felst í frv. þessu.

Nefndin telur, að þessi hækkun geti leitt til þess, að þessi atvinnuvegur, sem hingað til hefur bjargazt án opinberra styrkja, lamist svo, að hann falli niður að mestu.

Með bréfi voru dags. 29. nóv. s. l., sem hér með fylgir í myndriti og sem stílað var til sjútvmrh., en jafnframt sent Efnahagsstofnuninni og Seðlabanka Íslands, eru ýtarlega raktir þeir erfiðleikar, sem fram undan eru með sölu og framleiðslu saltsíldar á sumri komanda. Er þar m. a. bent á erfiðleika um öflun hráefnis og verkun síldar af fjarlægum miðum, svo og kostnaðarauka af þeim sökum. Í bréfi þessu varar nefndin alvarlega við því, að nokkrar ráðstafanir verði gerðar til þess, að þessi útflutningsgrein verði lögð í einelti með auknum álögum. Allar þessar ábendingar og aðvaranir síldarútvegsnefndar virðast virtar að vettugi. Það er furðulegt, að ekki skuli haft í neinu samráð við nefndina eða hlustað á till. hennar og aðvaranir, þegar þess er m. a. gætt, að í nefndinni eru fulltrúar útvegsmanna, sjómanna og verkamanna, síldarsaltenda og auk þess þrír fulltrúar þingkjörnir. Vér viljum nú benda á nokkur atriði sem skýlaus rök fyrir því, að hin mesta firra er að hækka útflutningsgjöld af saltsíld. Þvert á móti ætti að fella niður með öllu þau gjöld, sem fyrir eru. Og ekki nóg með það. Hið opinbera ætti að styrkja

þessa atvinnugrein, ef ætlazt er til, að haldið verði í horfinu á þeim mörkuðum, sem unnizt hafa.

1) Eins og alkunnugt er, veittu Norðmenn styrk til útflytjenda saltsíldar á s. l. ári, norskar kr. 30 fyrir hverja útflutta tunnu síldar eða ísl. kr. 240 eftir núverandi gengi. Auk þess veittu þeir síldarútgerðinni margs konar fyrirgreiðslu. Það hefur skýrt komið fram, að á þessu ári munu Norðmenn hafa í hyggju að auka þessa aðstoð verulega. Ef reiknað er með útflutningsgjaldi því, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og óbreyttum norskum framleiðslustyrk, verður ekki um minni mun á aðstæðum íslenzkra og norskra saltsíldarframleiðenda að ræða, fyrir tilstilli opinberra stjórnarathafna, en 400—450 ísl. kr. á hverja tunnu. Sýnir þetta bezt, hversu fráleitt er að hækka álögur á þennan atvinnuveg frá því, sem nú er.

2) Síldarsöltun er veigamikill liður í útflutningsframleiðslu þjóðarinnar og hlutfallslega miklu stærri en hjá þeim þjóðum, sem við oss keppa á hinum ýmsu mörkuðum. Allar álögur hljóta því enn að torvelda oss samkeppni á mörkuðunum, sem um er barizt, og verða þess valdandi fyrr en síðar, að við förum þar halloka.

3) Þessi atvinnuvegur hefur um fjölda ára veitt vel borgaða og happadrjúga atvinnu, og þá einkum að sumri til, ýmsum námsmönnum og öðrum þeim, sem gjarnan hafa viljað drýgja tekjur sínar með sumarvinnu. Að hausti og vetri hefur drjúgur atvinnuauki fallið í hlut vinnandi fólks við að ganga frá síldinni til útflutnings. Með vaxandi álögum og þar af leiðandi minnkandi sölum, mundi stórlega úr þessu draga. Margt fleira mætti tína til, en eitt er víst, að allt ber það að sama brunni. Auknar álögur af hálfu þess opinbera, ofan á þau vandræði og þá erfiðleika, sem fram undan eru, geta orðið til þess að særa þennan atvinnuveg því helsári, sem eigi verði grætt á næstunni. Síldarútvegsnefnd endurtekur það, að hún varar alvarlega við að hækka útflutningsgjöld af saltsíld, svo sem í frv. þessu er ætlað. Hún mótmælir því og væntir þess fastlega, að þau mótmæli verði tekin til greina."

Þessi samþykkt var gerð af öllum 7 fulltrúum í nefndinni, þ. á m. tveimur þingkjörnum fulltrúum úr liði eða tilheyrandi stjórnarflokkunum og ýmsum öðrum yfirlýstum stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. og ríkisstjórnarflokka. Ég held því, að það verði erfitt að halda því fram, að þessi mótmæli séu byggð á einhverjum annarlegum ástæðum og einhverjum sérstökum óvilja hjá okkur stjórnarandstæðingum í garð hæstv. ríkisstj.

Í umr. í Ed. komu fram, eins og ég hef nokkuð vikið að áður, ýmsar furðulegar staðhæfingar hjá þeim sumum hverjum, sem þar tóku til máls. Ég hef áður vikið að mjög fáránlegum yfirlýsingum og meira en hæpnum staðhæfingum, sem hv. stjórnarstuðningsmaður, 5. landsk. þm., lét sér þar um munn fara, og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. gefi einhverjar skýringar á þeim hér á eftir, en þetta var nú ekki það eina, sem þessi sérfræðingur Alþfl. í sjávarútvegsmálum viðhafði þar, sem er furðulegt og fjarri því að vera rétt. Hann sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta, í þessari ræðu:

„Síldarútvegsnefnd er með geysilegar fullyrðingar hér í sínu bréfi, svo ótrúlegar, að maður er alveg undrandi að sjá þetta frá þessari ágætu n., og hefði hún fyrr betur brugðið við í ýmsum málum með röskleik til þess að bæta okkar aðstöðu í síldarsöltun, og má þar minna á tunnuverksmiðjuna o. fl. í því sambandi. Ekki er okkur útvegsmönnum greint frá, lið fyrir lið, rekstri á tunnuverksmiðju ríkisins, sem hún rekur og hefur allan veg og vanda af. Fer það þó ekki leynt, að kostnaður á síldartunnu er tugum kr. meiri á tunnu framleiddri á hennar vegum heldur en á innfluttri tunnu, og hún bliknar ekkert við að halda því áfram. Hvort hún gerir það í þágu einhverra manna veit ég ekki, vissulega er þetta atvinnubótavinna, en hún er þá ekkert klökk við það að verðleggja tunnurnar eins og nauðsynlegt er. Þá er hún ekkert klökk yfir því verði, sem sjómenn og útgerðarmenn eru látnir borga. Þeim er svo mikið niðri fyrir, að ég má til með að lesa það fyrir hv. þm., sem hún segir hér:

„Nefndin telur, að þessi hækkun geti leitt til þess, að þessi atvinnuvegur, sem hingað til hefur bjargazt án opinberra styrkja, lamist svo, að hann falli niður að mestu." Svo bætir hv. þm. við: „ Hver trúir nú svona fullyrðingum? Þeir ekki einu sinni sjálfir."

Af því, sem ég hef hér verið að lesa, er það sennilegt, að hv. þm. ætli að gera rekstur tunnuverksmiðjunnar að sérstöku árásarefni á síldarútvegsnefnd. Ég hef áður sagt, að þessi hv. þm. telur sig hafa allmikið vit á sjávarútvegsmálum og því sem þar gerist, svo að það er dálítið fróðlegt til upplýsinga fyrir þá, sem vildu á það hlýða, af því að við höfum nógan tíma til þess að tala hér í kvöld og nótt, að vita hverjar eru staðreyndirnar í þessum staðhæfingum þessa hv. þm., og skal ég víkja að þeim örfáum orðum.

Samvæmt l. hefur síldarútvegsnefnd með að gera yfirstjórn tunnuverksmiðja ríkisins. Hins vegar hefur verið um það fullt samkomulag í n. í mörg ár, að þetta væri óeðlilegt, og n. hefur ítrekað farið þess á leit við hæstv. núv. sjútvmrh. og fyrri sjútvmrh., að tunnuverksmiðjunum yrði skipuð sérstök stjórn og síldarútvegsnefnd leyst undan því erfiða hlutskipti að bera ábyrgð á því fyrirtæki. Til þessa hefur hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh., sem með þessi mál fer, ekki viljað verða við þessari ósk, þannig að nefndin hefur nauðug viljug orðið að veita þessu fyrirtæki forsjón og skal gera áfram, heyri ég, að hæstv. ráðh. segir inni í hliðarherberginu.

Það er líka rétt að upplýsa það, að það er skv. beinum fyrirmælum frá núv. hæstv. sjútvmrh., að tunnuverksmiðjurnar báðar, á Akureyri og á Siglufirði, eru reknar. Tunnuverksmiðjan á Siglufirði er nýuppbyggð. Hún brann fyrir nokkrum árum til kaldra kola og var byggð upp með ærnum kostnaði, og þar eru fullkomnar vélar og mikil verðmæti fest. Vinnslutími þessarar verksmiðju er hins vegar það stuttur á

ári hverju, fjórir mánuðir venjulega, að fjarri fer því, að við fáum þá arðsemi út úr fjárfestingunni, sem hægt væri að fá, ef hægt væri að lengja vinnslutímann. Hins vegar er tunnuverksmiðjan á Akureyri gömul og á margan hátt úrelt, og hún hefur á ýmsan hátt mjög erfiða aðstöðu til þess að vera rekin, enda er reynslan sú, að tunnur frá Akureyrarverksmiðjunni hafa á undanfarandi árum verið allmiklu dýrari í framleiðslu en frá Siglufjarðarverksmiðjunni.

Það er ekkert leyndarmál, að þær ákvarðanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið um það að reka báðar þessar verksmiðjur, þó að óhagkvæmt sé, eru teknar fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að fyrirtæki þessi hafa á báðum þessum stöðum, Siglufirði og Akureyri, getað veitt talsvert mikla atvinnu, og mjög kærkomna atvinnu, því að vinnan hefur verið unnin á þeim tímum ársins, veturna, þegar vinna er venjulegast í algeru lágmarki. Það eru fyrst og fremst þessi atvinnubótasjónarmið, sem ráðið hafa því, að báðar þessar verksmiðjur hafa verið reknar. Reynslan hefur svo verið sú, að undanfarandi ár hefur framleiðslukostnaður okkar eigin tunna verið um 30—40 kr. hærri en á þeim tunnum, sem við kaupum erlendis frá, og þá mest frá Noregi. Þetta er allveruleg fjárhæð, 30—40 kr. á tunnu. Þessi kostnaður innlendu framleiðslunnar umfram þá innfluttu hefur verið undanfarin ár greiddur að hálfu leyti af síldarsaltendum, en að hálfu leyti hefur hann verið tekinn af varasjóðum við tunnuverksmiðjurnar, sem hafa verið nokkrir, en hefur gengið mjög á, og síldarútvegsnefnd hefur orðið ítrekað að lána tunnuverksmiðjunum stórfé til þess að hægt væri að borga þennan verðmismun niður. Ég tel rétt í þessu sambandi að bæta því við, að ég tel mjög eðlilegt, að við höfum hér í landinu eina vel búna verksmiðju til framleiðslu á síldartunnum. Það er vegna þess, að við þurfum að hafa aðstöðu til þess að geta bent hinum erlendu framleiðendum, sem vilja selja okkur tunnur, á það, að ef þeir verða of ósvífnir í verðkröfum, munum við geta smíðað okkur tunnur sjálfir. Að því leytinu er tilvist einnar, vel búinnar tunnuverksmiðju mjög mikilvæg. En til þess þarf að mínu viti heldur ekki nema eina verksmiðju, það dugir.

Af þessum fáu orðum, sem ég hef sagt til skýringar, vegna þessarar fáránlegu ásökunar hv. 5. landsk. þm. í Ed., hygg ég, að ekki geti á því leikið nokkur vafi, að sjái hann ástæðu til þess að beina spjótum sínum að einhverjum aðila vegna reksturs tunnuverksmiðjanna, er hann á miklum villigötum, ef hann beinir þeim árásum að síldarútvegsnefnd, því að eins og ég hef hér lýst, hefur hún verið að framkvæma beinar fyrirskipanir flokksbróður hv. þm., hæstv. sjútvmrh., sem bréflega hefur lagt fyrir nefndina að reka báðar tunnuverksmiðjurnar, og vænti ég, að hv. þm. gangi þá í það af sínum mikla röskleik að beina þessum spjótalögum að flokksbróður sínum og sjá til þess, að hann, í krafti síns ráðherravalds, sé ekki að fyrirskipa, að það sé verið að troða upp á — eins og hann orðar það — troða upp á ísl. síldarsaltendur tunnum, sem eru langtum dýrari en þær, sem eru framleiddar erlendis og keyptar þar. En við sjáum nú, hvað garpskapurinn dugir mikið til þessa.

Ég hef nú þegar talað nokkuð langt mál um þetta frv. og skal nú fara að stytta það. Ég hygg, að hæstv. ráðh. sé því heldur meðmæltur, að ég fari að stytta mál mitt úr þessu, en ég vil bara í lokin endurtaka það og mæli það af heilum hug, þegar ég segi, að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. ætti að athuga það vel, hvort hún er ekki að stíga vafasamt skref, þegar hún leggur til að stórhækka útflutningsgjald á saltsíld. Saltsíldin bar áður 6% útflutningsgjald. Með frv. á að hækka það upp í 10%. En það eru fleiri gjöld lík útflutningsgjaldinu, sem lögð eru á þessa framleiðslugrein, og ef það er allt reiknað með, hygg ég, að það muni láta nærri, að útflutningsgjöld og önnur gjöld, sem lögð eru á, muni komast upp í 14% af saltsíld. Er vit í því að leggja svona há gjöld á við þær aðstæður, sem fyrir hendi eru núna og taldar eru að verði á yfirstandandi ári? Er vit í því að skattleggja með útflutningsgjaldi saltsíldina jafnhátt raunverulega á sama tíma og Norðmenn, sem verða okkar aðalkeppinautar, hafa svo til engin útflutningsgjöld á þessari framleiðslu, á sama tíma og sennilegt má telja, að síldin verði miklu nær Noregsströndum heldur en Íslandi, á sama tíma og vitað er, að Norðmenn eru að undirbúa stórsókn til þess að keppa við okkur um þá markaði, sem við höfum náð? Gætir ekki nokkuð mikillar skammsýni í svona skattaálögum? Ég vil því skora á hæstv. ráðh. nú á síðustu stundu að íhuga það, hvort ekki eru aðrar leiðir færar og færari en sú, sem fyrirhuguð er að fara, til þess að ná inn þeim tekjum, sem talið er, að tryggingasjóðinn vanti. Leiðir, sem ekki eru jafnhættulegar fyrir þjóðarbúskap okkar eins og ég tel þessa vera og ég hef flutt rök að.

Að endingu vil ég svo bara segja það, að ég vænti þess, að hæstv. ráðh. gefi svör við þeim fsp., sem ég hef hér sett fram í sambandi við mál þetta, og gefi þær skýringar, sem ég hef óskað eftir, og þá ekki sízt í sambandi við þau ummæli, sem ég hef vikið að og hv. 5. landsk. þm. viðhafði í Ed., þegar þetta frv. var til meðferðar þar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var hér til 1. umr. urðu svo að segja engar umr. um málið af annarra hálfu en hæstv. ráðh., sem talaði fyrir málinu örfá orð. Þessi háttur var á hafður með sérstöku tilliti til þess, að það var mjög þröngt um og þótti rétt að greiða fyrir því, að málið færi fyrir n. til athugunar. Það er því alls ekki óeðlilegt að nú, þegar málið kemur úr n., séu hér talsverðar umr. um þetta mál, því að hér er vissulega um allmikilsvert mál að ræða. En sé það svo, eins og oft vill verða, þegar þannig er staðið að málum, eins og gert er í þessu tilfelli, að aðalumræðan um málið getur ekki farið fram fyrr en komið er fram undir miðnætti og komið er að þinglokum, þá er erfitt að koma við eðlilegum umr. um málið. Þá vill það

vera svo, að það er m. a. s. erfitt að halda hv. alþm. hér inni í þingsalnum til þess að hlýða á mál manna og þá ekki síður hæstv. ráðh., þó undan því sé ekki að kvarta nú, því að hæstv. sjútvmrh. er hér viðstaddur og hlýðir á mál manna.

Samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til að hækka útflutningsgjöld á sjávarafurðum allverulega frá því, sem verið hefur. Það er gert ráð fyrir því, að þessi hækkun mundi nema í kringum 42 millj. kr. á þessu ári. Út af fyrir sig gætu ýmsir álitið það, að þetta gæti ekki skipt öllu máli, þó að þessar álögur kæmu til viðbótar því, sem fyrir er, og auðvitað dettur mér ekki til hugar að halda því fram, að þessar álögur skipti hér öllu máli, þær ráði úrslitum um það, hvernig fer með rekstur sjávarútvegsins. En þessar till., sem felast í þessu frv., verða að athugast með hliðsjón af því, sem gert hefur verið í þessum málum áður og hvers eðlis þessar álögur eru, sem hér er um að ræða. Eins og allir hv. alþm. vita, þá er nú í nokkur ár búið að halda hér uppi því fyrirkomulagi að leggja á tiltölulega há útflutningsgjöld á sjávarafurðir í meginatriðum til þess að afla svonefndum vátryggingasjóði fiskiskipa tekna, og svo hefur verið tekið upp það skipulag að greiða meginhlutann af vátryggingariðgjöldum fiskiskipaflotans úr þessum sjóði. Það er sem sagt búið að koma þessu þannig fyrir, að hinar eiginlegu iðgjaldagreiðslur af vátryggingum eru teknar með sameiginlegu útflutningsgjaldi á öllum útfluttum sjávarafurðum, látnar renna í einn sjóð, og síðan eru vátryggingariðgjöld hinna ýmsu fiskiskipa greidd úr þessum sjóði. Það þurfti auðvitað ekki mikla spekinga til þess að sjá það, að þetta var stórhættulegt fyrirkomulag, og þetta fyrirkomulag braut í rauninni allar grundvallarreglur vátryggingakerfis, þær reglur, sem almennt hefur verið stuðzt við í vátryggingamálum. Ég hef margsinnis bent á þetta í umr. Alþ. á undanförnum árum og varað sterklega við þessu, því ég hef veitt því athygli, að þetta kerfi hefur þróazt með þeim hætti, að hér voru þessi mál að færast út í óefni. Nú játa allir að vísu, að þetta sé komið í óefni, en menn, sem þessum málum hafa ráðið á undanförnum árum, fyrst og fremst hæstv. sjútvmrh., hafa ekki sinnt aðvörunum í þessum efnum. Þeir hafa haldið kerfinu áfram. Þetta kerfi hefur leitt til þess alveg tvímælalaust, að vátryggingarkostnaður á fiskiskip á Íslandi er mun meira en helmingi meiri en í hliðstæðum tilfellum t. d. í Noregi, mun meira en helmingi hærri.

Ég ætla ekki að fara út í það í einstökum atriðum að skýra fyrir mönnum, hvernig á þessu stendur, en þó aðeins að drepa á það, m. a. vegna þess, að það hefur verið komið inn á það hér í þessum umr. fyrr, að vísu með nokkuð einkennilegum hætti. Hér var skýrt frá því í þeirri ræðu, sem hér var flutt næst á undan mér, að einn af þm. Alþfl. í Ed. hefði flutt þar allmerka ræðu um þessi mál. Sá þm. er útgerðarmaður og þekkir því talsvert til þessara mála af eigin reynd. Þó að mér væri ekki alveg ljóst eftir þennan lestur úr ræðu þessa hv. þm., hvað hann átti við með því, sem hann sagði, í öllum greinum, fór það þó ekki fram hjá mér, að þessi þm. var að skýra frá því, að mikil spilling hefði þróazt í sambandi við þetta vátryggingarkerfi á undanförnum árum. Hann var að skýra frá því, að þeir útgerðarmenn, sem fengið hafa vátryggingariðgjöld sín greidd úr þessum sjóði, hafi m. a. haft þann hátt á, að þeir hafi ekki aðeins framvísað við þann tryggingasjóð tjónbótareikningum, sem þeir áttu að fá greidda eðlilega samkv. tryggingaskilmálum, þ. e. a. s. að fá greiddar úr sjóðnum bætur fyrir raunveruleg sjótjón, heldur hafi þeir einnig látið þarna fylgja með ýmsa reikninga, sem raunverulega áttu að tilheyra viðhaldi og öðrum rekstrarkostnaði bátanna. Þetta kom fram í ræðu þessa þm. Alþfl., og ég skal bæta því við, að ég efast ekkert um það fyrir mitt leyti, að þetta er rétt. Þetta hefur verið að gerast. Ég skal svo bæta því einnig við, þannig að menn fái þá enn þá frekari skýringu á því, hvað þarna hefur verið að gerast, að það eru til mörg vátryggingafélög í þessu landi, sem öll hafa gjarnan viljað ná bátunum í landinu eða fiskiskipunum í landinu til sín, viljað fá einhvern viðskiptalegan hagnað af því að hafa skipin í tryggingu hjá sér. Og í þessari eðlilegu og frjálsu samkeppni við að reyna að ná í skipin til sín hefur það kannske komið fyrir í vissum vátryggingarfélögum, að aðilar þeirra hafa sagt við bátaeigendur: Ef þú kemur með skipið til mín, skal ég a. m. k. sjá um það, að það verði farið vel með þig í uppgjöri á tjónareikningum, því við sækjum greiðsluna fyrir tjónið í þennan sameiginlega sjóð hvort sem er. Og þegar eitt tryggingafélagið þykist hafa orðið vart við það, að annað gerði þetta, hefur hitt sagt sem svo: Til þess að ég haldi einhverjum viðskiptamönnum verð ég að hafa mig eitthvað í frammi líka.

Afleiðingarnar af þessu öllu saman hafa svo auðvitað orðið þær, að hinir erlendu aðilar, sem hafa endurtryggt tryggingar skipanna og hafa orðið að mæta hinum raunverulegu greiðslum, sem um var að ræða fyrir tjónabætur, þeir hafa smám saman hækkað vátryggingariðgjöld skipanna, eftir því sem tjónin höfðu hækkað á þeim. Og nú er svo komið, að fjöldamörg íslenzk fiskiskip þurfa orðið að greiða tryggingariðgjald, sem er yfir 10%. (Gripið fram í.) Já, og miklu hærra í sumum tilfellum, ég þekki einnig dæmi um það. Þetta er vitanlega með öllu óeðlilegt, að svona geti átt sér stað. Í einu tilfelli nú fyrir stuttu síðan vissi ég til þess, að eitt af vátryggingarfélögunum sagði upp vátryggingum á 11 skipum, vegna þess að þau voru öll komin, þessi skip, með vátryggingariðgjald, sem var komið nokkuð yfir 10%. En þegar málin voru komin út á þessar villigötur, var þetta sameiginlega tryggingarfélag farið að setja nokkra bremsu á það að borga ekki alla upphæðina. Og þá var vitanlega komið að því, að viðkomandi skipseigandi varð að borga til vátryggingarfélagsins nokkurn hluta af þessu háa tryggingargjaldi. Og þá stóð auðvitað á

því, að útvegsmennirnir gætu borgað þennan hluta, og þá var bara sagt upp tryggingunni hjá þeim, þá vildu vátryggingafélögin ekki hafa þau lengur í viðskiptum.

Ég skal ekki fara lengra út í að útskýra þetta hér við þessa umr., en aðeins benda á þetta: Það var alveg augljóst mál, að þetta tryggingarfyrirkomulag, sem þarna var byggt upp með reglunum frá 1961, átti ekki rétt á sér. Það gat í mesta lagi komið til mála að hafa það í eitt eða tvö ár til bráðabirgða, en það varð að reyna að koma þessum málum fyrir á annan hátt til frambúðar. Á þetta benti ég margsinnis.

Það, sem er nauðsynlegt í tryggingarmálum, er m. a. það, að hver einstakur tryggingaraðili sé svo ábyrgður aðili, að hann finni það, að ef hann lætur tjón verða á eignum sínum æ ofan í æ, og það jafnvel að ástæðulausu eða ástæðulitlu, eða framvísar alveg óeðlilegum reikningum, þá bitnar það á honum sjálfum í hækkuðum iðgjöldum. Þetta lögmál hefur verið viðurkennt fyrir löngu síðan, og það verður að taka tillit til þess arna. En það, sem gerðist í þessum efnum, var það, að útgerðarmennirnir komust upp með það með aðstoð ríkisstj., þegar þetta kerfi var tekið upp, að koma raunverulega helmingnum af tryggingariðgjöldunum, sem þeir áttu að borga samkv. réttum hlutaskiptasamningum, koma helmingnum af kostnaðinum yfir á sjómennina sína, því að útflutningsgjaldið var tekið af óskiptu og þar með voru sjómennirnir, sem áttu helminginn af aflaandvirðinu, raunverulega látnir borga helminginn af vátryggingariðgjaldinu. Þetta þótti ýmsum útgerðarmönnum mjög girnilegt og þeir féllu fyrir þessu í upphafi og vildu gjarnan, að þetta yrði tekið upp, þetta kerfi, og ríkisstj. aðstoðaði þá til þess, þó að þetta væri í eðli sínu bæði ranglátt og heimskulegt. Og svo var einnig hitt, að forstöðumönnum vátryggingarfélaga þótti í byrjun ekki afleitt að hafa þetta kerfi, vegna þess að þá þurftu þeir ekki lengur að eltast við hvern einstakan útgerðarmann og rukka hann um iðgjöldin, en gátu gengið í þennan sameiginlega sjóð og töldu sig nokkurn veginn örugga með að fá öll iðgjöldin inn með þessum hætti. En auðvitað verða tryggingarnar að ganga þannig fyrir sig, að ef það eru mörg vátryggingarfélög, þá verða þau að hafa fyrir því að innheimta iðgjöldin hjá hinum ýmsu aðilum, sem þeir tryggja fyrir, þó að þeir hafi nokkurt erfiði af því. Þeir verða vitanlega að taka það á sig eins og aðrir, sem viðskipti eiga við fyrirtæki, enda ætla ég það, að þeir hafi ætlað sér kostnað sem þessu nemur í sambandi við sinn rekstur. En auðvitað vissu forystumenn vátryggingarfélaganna, að þetta kerfi var meingallað, og þeir hafa ekki dregið neina dul á það, og sérstaklega nú í seinni tíð láta þeir það alveg hiklaust uppi, að þetta kerfi fái ekki staðizt, það eigi ekki rétt á sér.

En þegar svo er komið, að þetta kerfi hefur reynzt svona illa og það gerir sig ekki upp sjálft, tekjurnar eru ekki nægar fyrir sífellt vaxandi gjöldum, þá hefur ríkisstj. sig ekki í það að breyta kerfinu, leggja það niður og taka upp nýtt. Hún sér ekki aðra leið en þá að hækka útflutningsgjöldin, halda lengra áfram út í fenið, en játar að vísu, a. m. k. ýmsir stuðningsmenn ríkisstj. játa, að nú verði „absolut" að fara að taka málin til athugunar og endurskipulagningar. Þetta kerfi er auðvitað mjög óréttlátt í mörgum öðrum greinum en þeim, sem ég hef minnzt hér á. Þetta kerfi mismunar stórkostlega einstökum rekstrargreinum sjávarútvegsins. Það fer t. d. ekkert á milli mála, að togaraflotinn, sem er tryggður gegnum þetta kerfi, borgar miklu minna í þetta vátryggingarkerfi á hverju ári en hann tekur aftur út úr því. Þetta hafa allir vitað, sem hafa komið nærri þessu frá byrjun. Með því að sýnilegt var, að þau gjöld, sem togaraútgerðin greiddi í sjóðinn, hlutu að vera miklu minni en útgjöldunum fyrir togarana nam, þá voru menn alveg vísvitandi að reyna að færa fjármuni frá bátaútvegi landsmanna yfir til togaraútgerðarinnar. Ég fyrir mitt leyti viðurkenni það, að það þurfti á sérstökum stuðningi að halda við togaraútgerðina. En sá stuðningur átti alls ekki að fara fram með þessum hætti. Þessi leið var alröng. Og það er ekki aðeins, að þarna hafi verið um mismunun á milli bátaútgerðar annars vegar og togara hins vegar að ræða, heldur er hér einnig um stórkostlega mismunun að ræða á milli einstakra rekstrargreina sjávarútvegsins í öðrum tilfellum. Það er t.d. ekkert um það að villast, að síldarútvegurinn er nú látinn borga í þetta tryggingarkerfi margfalt hærri gjöld en aðrar greinar sjávarútvegsins. Útflutningsgjaldið af bræðslusíldarafurðum, af síldarlýsi og síldarmjöli er 8%. En það er eflaust innan við 2% t. d. af ýmsum þorskafurðum. Þar er um fastagjald að ræða. Nú er gert ráð fyrir því, að útflutningsgjaldið, sem að mestum hluta til rennur í þennan vátryggingarsjóð, það eigi að vera 10% á saltsíld.

Þannig hefur sem sagt verið byggt upp kerfi á undanförnum árum og er verið áfram að byggja upp mismununarkerfi þannig, að það er verið að leggja hér miklu hærri gjöld á vissar greinar sjávarútvegsins en aðrar. Þannig er verið að færa fjármuni hér á milli. Alveg tillitslaust. Einnig alveg tillitslaust til greiðslugetunnar á hverjum tíma. Aðeins sem dæmi núna t. d. vil ég nefna það, að það er gert ráð fyrir því í þessum l., að ekki skuli greiða núna í svipinn neitt útflutningsgjald af loðnuafurðum, þ. e. a. s. af loðnumjöli og því lýsi, sem kemur úr loðnunni. En hins vegar á að greiða 8% útflutningsgjald af síldarmjöli. Miðað við þá verðlagningu, sem nú er á loðnunni, gefur það svo margfalt meiri pening fyrir þær verksmiðjur, sem vinna úr loðnu, heldur en fyrir hinar, sem vinna úr síldinni, að það er ekkert sambærilegt. Það eru bara hreinir aular, sem halda, að það sé þörf á því að fella niður þetta gjald á loðnunni, borið saman við aðstöðu síldarinnar. Gjaldið er sem sagt ekki í neinu hlutfalli við greiðslugetu eða aðstöðu til rekstrar.

Þetta er líka mjög háskalegt, ef það á að halda þessu við í langan tíma.

Fyrir u. þ. b. tveimur árum síðan eða tæplega það var starfandi hér sérstök þn. skipuð mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum til þess að athuga nokkuð um rekstrarerfiðleika vélbátaútvegsins. Eitt af því, sem þessi nefnd athugaði, var m. a. þetta vátryggingarkerfi, og skal ég tilfæra hér nokkur atriði úr niðurstöðum þessarar n., en þarna var um að ræða 5 alþm. úr öllum stjórnmálaflokkum. Þeir urðu allir sammála um að senda frá sér þetta nál. Það kemur fram í þessu nál., að n. hafi látið athuga tekjur þessa vátryggingasjóðs á því tímabili, sem reikningar lágu þá fyrir um og hægt var að átta sig á, þ. e. a. s. á tímabilinu 1961—1965. Og síðan var þetta sundurliðað eftir því sem tök voru á af n. á nokkra helztu þætti útgerðarmála. Og n. komst að þeirri niðurstöðu, að á þessu tímabili hefði vátryggingarsjóðurinn fengið í tekjur frá togaraútgerðinni rétt rúmlega 55 millj. kr., en borgað vegna togaraútgerðarinnar á sama tíma ekki 55 millj., heldur 152,5 millj. Þá var athugað um hvalveiðiskipin. Tekjur, sem komu í þennan sjóð frá hvalveiðiskipunum, námu um 8,9 millj., en gjöld vegna þeirra voru aðeins 2,9 millj. Það er greinilegt, að þau lögðu nokkuð með sér í kerfið, og bátaflotinn sem heild hafði greitt af sínu flutningsgjaldi á þessu tímabili í kerfið 570 millj. kr. rúmlega, en allar greiðslur vegna bátaflotans úr kerfinu voru á sama tíma 562 millj. eða nokkru lægri en tekjurnar af bátaflotanum sem heild.

Þegar hitt er svo haft í huga, sem ég hef verið að greina frá, að sumar greinar bátaflotans borga greinilega miklu meira í kerfið en þeim ber að réttum hluta, eru þær vitanlega að greiða þar með öðrum greinum. En aðalefni þessa frv. er sem sagt það, að nú er gert ráð fyrir því að hækka útflutningsgjaldið af saltsíld úr 6% upp í 10%, en í rauninni er það nú svo, að af saltsíldinni þarf að borga meira í útflutningsgjöld en sem nemur þessum 10%, sem þarna er rætt um. Hér er aðeins rætt um þetta hreina útflutningsgjald, sem svo er kallað, en svo eru bara önnur útflutningsgjöld af sömu vöru, sem renna í aðra sjóði, jafnvel alveg óviðkomandi viðkomandi grein. Þegar saman eru lögð þau raunverulegu útflutningsgjöld, sem greiða þarf af útfluttri saltsíld, t. d. að taka miðað við það gjald, sem reiknað er með í þessu frv., nema öll útflutningsgjöldin — þar með talið að vísu gjaldið til síldarútvegsnefndar, sem um leið er að nokkru leyti söluþóknun, en er fast gjald, sem tekið er af útflutningnum, — nema gjöldin af saltsíld rétt um það bil 14%. Hvar halda menn nú, að þeir finni fyrir á byggðu bóli slík útflutningsgjöld af framleiðslu eins og þetta? Hvergi nokkurs staðar. Hér er um svo fjarstæðukennda tölu að ræða, að það fer út yfir öll endamörk.

Miðað við þær upplýsingar, sem fram hafa komið hér í þessum umr., má orðið reikna með því, að greiða þurfi af hverri saltsíldartunnu — miðað við það verð, sem kom fram hjá þeim nm. úr síldarútvegsnefnd, sem hér talaði næstur á undan mér og þekkir þessi mál efalaust mjög vel, miðað við það verð, sem hann gat hér um á útfluttri saltsíld og reiknaði með sem meðaltalsverði — um það bil 217 kr. Síldarverðið til útgerðarmanna og sjómanna var á s. l. sumri 390 kr. miðað við uppsaltaða tunnu, sem er nú líklega heldur meira en útflutningstunnan er í reynd. Það er hæpið að tala um það að hráefnið í hverja tunnu sé þá mikið meira en 370—380 kr., en við skulum bara segja, að það séu 390 kr. Það er það verð, sem báturinn fær fyrir að sækja síldina, jafnvel svo hundruðum mílna skiptir út í haf, allur rekstur bátsins og öll launagreiðslan til allrar skipshafnarinnar. Ef maður einfaldar dæmið svolítið fyrir sér, kemur fljótlega í ljós, að miðað við það, að þetta frv. verði samþ., verða útflutningsgjöldin öll saman á hverja saltsíldartunnu a. m. k. jafnhá og aflahlutur allrar skipshafnarinnar er úr hráefnisverðinu. Það er orðið dálaglegt. Það hefur hingað til verið talið, að síldveiðisjómenn hefðu sæmilegt kaup. Þeir höfðu það á meðan bezt aflaðist. 12—14 menn eru á hverju síldveiðiskipi. Þeir eiga allir að fá álíka kaup fyrir það að veiða aflann og skila honum frá sér eins og tekið er af hverri saltsíldartunnu í samanlögð útflutningsgjöld. Svona geta engir menn haldið áfram að haga sér með skattlagningu aðrir en þeir, sem ekkert vita, hvað þeir eru að gera. Það er alveg óhugsandi. Þeir geta á örskömmum tíma drepið niður framleiðsluna með svona áframhaldi.

Nei, það var auðvitað orðið um það að ræða, að útflutningsgjöldin í þessum efnum voru orðin allt of há hjá okkur. Þau voru orðin allt of há, og það var ekkert vit í því að bæta þar við. Það var vitað, að sjómannastéttin í landinu var mjög óánægð með það fyrirkomulag að þurfa á þennan hátt að standa raunverulega undir vátryggingarkostnaði skipanna, vitandi það einnig, að það var verið að leggja á hana gjöld til að standa einnig að nokkrum hluta undir viðhaldskostnaði. Og að ofan á það allt saman skuli síðan bætt viðbótargjaldi til þess að gera aflahlut sjómannanna enn þá lakari en hann hefur verið, ganga enn á skiptakjörin sjómönnunum í óhag, þetta var auðvitað fádæma illa til fundið. Það þarf því engan að undra, þótt Samtök síldveiðisjómanna sendi hér til Alþ. hörð mótmæli gegn skattlagningu eins og þessari og vari sterklega við afleiðingunum af þessu. Og ég vil minna hæstv. sjútvmrh. á það í þessu sambandi og þá ríkisstjórnarmenn alla, sem að þessu ætla að standa, að þeir skulu kenna sjálfum sér um og engum öðrum, ef slys hlýzt af í sambandi við þessa skattlagningu. Það er enginn vafi á því, að sjómenn munu fylgjast vel með því í sumar, hvað verður ákveðið um síldarverðið, og það eru víst ekki miklar líkur til þess, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir, og allra sízt eftir þá hækkun á gjöldum, sem hér er verið að ákveða, að hægt verði að hækka verðið á hráefninu til söltunar, svo sem þó hefði verið nauðsynlegt að gera.

Nú vita allir það, að horfur með síldveiðar á komandi sumri eru mjög óvissar. Það sem menn vita er það, að horfur á því, að hægt sé að borga það bræðslusíldarverð, sem síldveiðiflotinn gerir kröfur um, eru mjög slæmar. Það er gefið upp af forystumönnum Síldarverksmiðja ríkisins, að miðað við það verðlag, sem við eigum nú við að búa á bræðslusíldarafurðum sé hægt að greiða í allra hæsta lagi 1.04 kr. fyrir kg af síld til bræðslu, þó miðað við það að síldarverksmiðjurnar fái ekkert í sinn hlut upp í afskriftir. En síldarverðið til bræðslu var á s.l. sumri 1.21 kr. pr. kg fyrir gengisbreytinguna. Getur nokkur maður búizt við því, að eigendur síldveiðibáta sætti sig við lægra verð fyrir síld til bræðslu eftir gengislækkunina heldur en það var fyrir gengislækkun? Og það því fremur þegar menn hafa nú það í huga, að á þessu tímabili hefur olíuverðið hækkað um 48%. Nei, það er alveg vitað mál, að eigendur síldveiðiskipa gera kröfur um að fá mun hærra verð en var gildandi í fyrra fyrir bræðslusíldina og hæstv. sjútvmrh. hlýtur að vita að það er enginn grundvöllur til í dag fyrir að borga þetta verð. Sá grundvöllur er ekki til. Það liggur einnig fyrir, að það hefur ekki verið samið við síldveiðiútgerðina, eins og um hafði verið talað, á hliðstæðum grundvelli eins og samið hafði verið við þorskveiðiútgerðina í byrjun vetrarvertíðar. Það framlag til stofnfjársjóðs, sem myndað hefur verið við fiskveiðasjóð með 124 millj. kr. framlagi, var miðað aðeins við þann afla, sem til fellur á þorskveiðum, en ekki þann afla, sem verður á síldveiðum. Það hafði nefnilega verið gert ráð fyrir því, að það yrði samið sérstaklega um rekstrargrundvöll fyrir síldveiðar, og það er ekki búið að semja um þann grundvöll, og útlitið er svona. En aftur á móti höfðu menn nokkrar vonir um það, að verðlagið á saltsíldinni væri þannig, að þar gæti verið um nokkra hækkun að ræða frá því, sem var á s. l. ári, í kr. talið, eftir gengisbreytinguna. Nú eru auðvitað talsverð afföll af því, þegar dæmið er reiknað til fulls, eins og kom m. a. fram í ræðu þess ræðumanns, sem talaði hér næstur á undan mér, en hann taldi nú, að sá hagnaður, sem yrði á saltsíldinni við gengisbreytinguna, færi að verulegu leyti aftur í aukin útgjöld. Ég skal ekki leggja dóm á það, hef ekki haft aðstöðu til að kynna mér það nægilega. En það er enginn vafi á því, að það var mikil þörf á því að reyna að koma þessum málum þannig fyrir, að hægt yrði á næsta sumri og næsta hausti að hækka talsvert síldarverðið til söltunar, af því að þá var helzt möguleiki til þess frá því, sem áður hafði verið. Möguleikarnir til þess að hækka síldarverðið til bræðslu virtust ekki vera fyrir hendi, og það er ekki hægt að sjá, að þeir séu fyrir hendi. Við þetta bætist svo einnig það, að allar líkur benda til þess, að það þurfi að leggja í miklu meiri kostnað á næsta sumri til þess að ná í síld til söltunar á þeim tíma, sem æskilegast er að síldarsöltun fari fram, þ. e. a. s. í júlí- og ágústmánuði og í fyrri hluta septembermánaðar. Það eru allar líkur til þess, að ekki sé hægt að ná í hæfa síld til söltunar á þessum tíma, nema með ærnum tilkostnaði með því að sækja síldina langt norður í höf, og það verður ekki gert, nema fyrir það sé greitt. Það er með öllu vonlaust að ætlast til þess, að eigendur síldveiðiskipa eða skipshafnirnar á síldveiðiskipunum sæki síldina alla leið þangað norður, sem varð að sækja hana á s. l. sumri og komi henni söltunarhæfri til lands í einu eða öðru formi, án þess að fá eitthvað fyrir það umfram það verð, sem þeir hafa fengið fyrir þá síld, sem þeir hafa veitt tiltölulega nærri landinu. Það er alveg vonlaust að koma slíku fram. Og menn voru að gera sér vonir um það, að einmitt þá hækkun í krónutali á saltsíldinni sem gæti fengizt með gengisbreytingunni mætti nota að einhverju leyti í þennan aukna kostnað og örva þannig útgerð til þess að afla síldarinnar með þessum hætti, en þá kemur þetta gjald í veg fyrir það. Þá á að fara að skattleggja þetta sérstaklega — þessa síld sérstaklega — og spilla þannig þessum möguleika, sem gæti hæglega orðið til þess, að þessi síld yrði alls ekki veidd, þessi söltun færi alls ekki fram og að þjóðarbúið sem heild tapaði þarna miklu meiri fjárhæðum en þessi skattur nemur, sem hér er um að tala.

En ég veit það, að þeir eru til, sem segja — ég heyrði það á frammíkalli hjá hæstv. ráðh. hér fyrr í kvöld og heyrði það nú reyndar af vörum eins útgerðarmanns, sem hér á sæti á þinginu líka — segja sem svo: Ja, hvað átti að gera? Var betra að hafa síldarbátana alla saman bundna eða liggjandi í slipp, af því að þeir fengust ekki vátryggðir? Vátryggingakerfið var sprungið. Hvað átti að gera? Hæstv. ráðh. virðist ekki hafa séð neina leið aðra en þá að gefast upp, láta bátana liggja óvátryggða, af því að vátryggingakerfið var komið í þrot, eða þá að velja hinn kostinn að leggja skattinn á þessar útflutningsvörur. Jú, ég býst við því, að einhverjir útgerðarmenn hugsi einnig sem svo: Er nú ekki þetta þó skömminni skárra að fá vátryggingariðgjöldin greidd og þetta kerfi þá til þess að druslast eitthvað áfram, þó að maður þurfi þá að bæta þessum skatti ofan á? En svona eru auðvitað málin ekki, svona getur enginn talað um þessi mál, sem eitthvað þekkir til þeirra og til lausnar á þýðingarmeiri málefnum. Einfaldasta leiðin var auðvitað sú að mínum dómi að leggja þetta kerfi hreinlega niður, láta síðan aflaverðið hækka, því að það veitti ekki af því, og láta menn sjá um vátryggingariðgjöldin sín sjálfa. Það var langeinfaldasta leiðin. Hin leiðin er auðvitað sú að umskipuleggja kerfið, byggja hér upp nýtt vátryggingakerfi á heilbrigðum grundvelli, sem kemur í veg fyrir alla misnotkun og verður rekið á tiltölulega hagkvæmum grundvelli. Og þar á m. a. að fara eftir ráðleggingum tryggingarsérfræðinga, sem hafa gefið upp álit sitt á því, hvernig eigi að fara að í þessum málum. Eitt af því, sem er alveg tvímælalaust nauðsynlegt í þessum efnum, er að koma því þannig fyrir, að minni háttar tjón, sem mjög oft verða fyrir vanrækslu eða ónóga aðgát, eigi að greiðast af viðkomandi útgerðarmönnum sjálfum. Þannig er hægt að létta stórkostlegum gjöldum af

því tryggingakerfi, sem upp er byggt. Og það er ekki að mínum dómi verið að færa þennan vanda beint yfir á útgerðarmennina sjálfa, nema í því formi, að þeir eru að hugsa betur en þeir gera um hina vátryggðu hluti í þessum efnum. Þetta er það, sem t.d. útgerðin í Noregi á við að búa. Það er nákvæmlega svona kerfi. En þeir fá heldur ekki út úr sinni athugun í þessum málum það, að tjónamesti staðurinn á öllu landinu og hættulegasti staðurinn fyrir flotann sé bezta höfnin í landinu, eins og hefur verið hjá okkur. Það er lygilegt, en svona er það. Hér hafa vátryggingafélögin reynt að spara sér fé með því að setja upp sérstakt aðgæzlufyrirkomulag til þess að reyna að passa þá báta, sem ekki var gætt að í beztu höfnum landsins. Og auk þess verður vitanlega að skapa það eðlilega aðhald, sem ég hef minnzt hér á áður, til þess að halda þessum málum í sæmilegum skefjum, þannig að þau verði ekki alveg óeðlilega dýr. Við eigum ekki að þurfa að búa við miklum mun hærri útgjöld af vátryggingu heldur en keppinautar okkar hér í nálægum löndum, ef sæmilega er að málunum staðið. Og sé ekki hægt eða treysti ríkisstj. sér ekki til að breyta þessu í þessa átt, er vitanlega um það að ræða, að það er ekkert kraftaverk fyrir ríkisstj. að útvega þessar 42 millj. kr. með öðrum hætti. Annað eins hefur hún gert. Vitanlega hefði ríkisstj. ekki síður getað lagt fram þessa upphæð með því að innheimta hana af einhverjum öðrum aðilum í þjóðfélaginu heldur en af útgerðinni sjálfri engu síður en hún hefur getað aflað fjár til fjölda margra annarra hluta, sem hún m. a. hefur verið að afla fjár til með sérstökum aðgerðum nú á þessu þingi. Ein leiðin var m. a. s. sú, að ríkisstj. tæki nokkurt lán til þess að dekka mestu vandræði sjóðsins, og ég sé ekki fyrir mitt leyti, að það hefði verið verra, þó að hún hefði gert það og lagt hér fram nokkurt lán í þessu skyni í bili, á meðan var verið að umskipuleggja þetta kerfi, heldur en hún tæki lán t.d. til byggingar á lögreglustöð hér í Reykjavík og til ýmiss konar annarra framkvæmda, sem hún hefur ekki talið eftir sér að afla lána til að ráðast í. Það þarf vitanlega ekki að segja mér það, að ríkisstj. hefði ekki fundið einhverjar aðrar og frambærilegri leiðir til þess að afla þessa fjár heldur en að fara þessa leið, ef hún hefði virkilega viljað. Nei, bátarnir þurftu ekkert að vera ótryggðir, þó að þessi hækkun ætti sér ekki stað. Það var vitanlega hægt að halda okkar fiskiskipaflota í fullri tryggingu, ef ríkisstj. hefði aðeins viljað afla teknanna með öðrum hætti. En nú hefur hún sem sagt valið þennan háttinn að leggja til, að sjómenn í landinu skuli leggja enn þá meira af sínu í vátryggingakerfið en þeir hafa gert og leggja svo til viðbótar nokkurn aukaskatt á útgerðina sjálfa.

Það er enginn vafi á því, að það er þegar komin upp mikil hætta á því, að það gangi illa á komandi sumri að fá sjómenn á síldveiðiflotann. Þetta vita allir þeir, sem eru kunnugir þessum málum. Tekjur síldveiðisjómanna féllu svo stórkostlega á s. l. ári, að fjöldinn allur, sem stundaði síldveiðar þá, fæst ekki til þess að fara á hliðstæðar veiðar aftur upp á óbreytt kjör. Sjómenn hafa því verið að gera ráðstafanir til þess að koma sér fyrir annars staðar og við aðra útgerð. Það er því veruleg hætta á ferðum í þessum efnum, og af þeim ástæðum tel ég líka mjög óhyggilegt að koma fram með till. eins og þessa, sem gerir þarna ráð fyrir því að raska þeim launagrundvelli, sem um hefur verið samið á milli útgerðarmanna og sjómanna áður. Og ég verð að segja, að ég lýsi undrun minni yfir því, að það skuli vera ráðh. Alþfl., sem stendur að því að flytja frv. um þetta efni, eins og þessum málum er fyrir komið.

En það er auðvitað alveg augljóst mál, að ríkisstj. hefur litið talsvert mikið öðruvísi á málefni útgerðarinnar í landinu heldur en málefni ýmissa annarra aðila, sbr. þær till., sem fram hafa komið frá henni á þessu þingi. Rétt eftir að gengislækkunin var samþ., kom hér fram frv. um það að ráðstafa áætluðum gengishagnaði, sem til félli vegna þeirra birgða, sem í landinu voru af sjávarafurðum, upphæð, sem talið var að mundi nema í kringum 400 millj. kr. Ætli hefði nú ekki mátt taka eitthvað af þessum 400 millj. og láta fremur þá í þetta vátryggingakerfi, sem hér er um að ræða, í staðinn fyrir það að láta þetta sem hreina gjöf til fiskveiðasjóðs, ríkasta sjóðsins, sem til er í landinu? Nei, þá leit bara ríkisstj. þannig á, að það þyrfti að taka þessa upphæð af útgerðinni í landinu, þessar 400 millj. kr. Hún gæti séð af þessari upphæð og ríkisstj. gæti ráðstafað henni til ýmissa hluta. Eða var kannske hæstv. sjútvmrh. þá ekki búinn að gera sér grein fyrir því, hvernig þessi sjóður stóð? Setti hann ekki þessar kröfur fram um þetta leyti? En það er ekki aðeins í þessu tilfelli. Þegar ríkisstj. nú fyrir stuttu síðan flutti hér frv. um það að spara nokkuð í útgjöldum ríkissjóðs á yfirstandandi ári, þegar ríkisstj. fór að sjá nokkuð að sér, gleymdi hún auðvitað ekki sjávarútveginum í þeim efnum. Hún var bundin samkv. lögum til að leggja fram úr ríkissjóði til fiskveiðasjóðs a. m. k. 40—50 millj. kr. Hafði nú verið áætlað á fjárl. að leggja fram 30 millj. kr. Þá fann ríkisstj. það út, að það væri nú hægt að spara á þessu. Hún felldi niður þessar 30 millj. kr., sem voru á fjárl. upp í þessa lögbundnu greiðslu til fiskveiðasjóðs, en tók svo hins vegar gegnum gengishagnaðinn ákveðna fjárhæð af útgerðinni og gaf fiskveiðasjóði hana. Hvað þýðir þetta í reyndinni? Þetta þýðir í reyndinni það, það má alveg eins segja það þannig, að ákveðinn hluti af gengishagnaðinum hafi á þennan hátt runnið í ríkissjóð. Ríkissjóður átti einnig að greiða samkv. lögum 11 millj. kr. til aflatryggingasjóðs, sem útgerðin greiðir fast árlegt framlag í, og það var auðvitað eitt af fyrstu ráðum ríkisstj. að spara á því að greiða þessa upphæð, spara á því að greiða hana. Þar átti sjávarútvegurinn í hlut. Þar var hægt að spara. Og nú fyrr á þessu kvöldi vorum við hér að fjalla um annað frv. frá ríkisstj., sem var breytingar á fiskmati ríkisins. Þar var um það að ræða, að ríkisstj. hafði fundið út,

að það mundi vera hægt að spara á ferskfiskeftirlitinu. Þar væri hægt að spara nokkuð. Nú var málum þannig fyrir komið, að það hafði verið lagt sérstakt gjald á allar útfluttar sjávarafurðir til þess að standa undir kostnaði ferskfiskmatsins. Útgerðin borgaði kostnaðinn. En þá er flutt hér frv., sem segir: Við ætlum að spara á ferskfiskeftirlitinu, en ríkissjóður ætlar að taka gjaldið til sín og nota síðan gjaldið til þess að standa að verulegu leyti undir þeim kostnaði, sem ríkissjóður hefur staðið undir á undanförnum árum af sínum almennu tekjum. Þetta er það, sem hefur verið að gerast. Þetta er það, sem hefur verið að gerast hér í málefnum sjávarútvegsins. Og svo setja menn hér upp þann svip, að þeir séu í hreinustu vandræðum með það, hvernig hefði átt að útvega fjármuni upp á 42 millj. kr. handa þessu vátryggingakerfi. Auðvitað hefði ríkissjóður hæglega getað lagt þetta fram, en það er bara sama sagan í öllum tilfellum, það er raunverulega á beinan og óbeinan hátt verið að þyngja í sífellu álögurnar á þessari framleiðslu. Það er það, sem verið er að gera. Og það er verið að gera grundvöllinn veikari undir útgerðinni. Það er verið að gera það hæpnara, að hægt verði að fá sjómenn til starfa, það er verið að gera það hæpnara, að hægt verði að koma í verkun þeirri framleiðslu, sem veltur þó á öllu fyrir okkur að fá.

En það er, eins og hér hefur verið sagt, auðvitað með öllu gagnslaust fyrir mig og aðra að standa hér og ræða þessi mál. Það er búið að ákveða þetta, að þetta skuli fara í gegn. Maður er auðvitað að eyða hér kröftum sínum alveg hreint að óþörfu. Það skiptir hér engu máli, þó að maður gæti í rauninni sannfært með eðlilegum hætti alla þá stjórnarþm., sem hér sitja inni nú. Jafnvel þó að hægt væri að fá þá, svona a. m. k. í hliðarherbergjunum, til þess að viðurkenna það, að þetta væri allt saman heilagur sannleikur og svona sé þetta, þá verður engu breytt. Það er búið að ákveða allt. Þetta skal í gegn, hversu vitlaust sem það er. Það, sem menn gera þá aðeins á eftir, er það, að þegar þeir eru búnir að leggja gjaldið á, koma öllu í strand, setjast þeir að samningum við síldarútvegsnefnd. Þá kemur m.a. frsm. meiri hl., sem hér lagði það til nauðugur, að þetta gjald yrði nú samþ., form. Landssambands ísl. útvegsmanna, þá kemur hann í broddi fylkingar til ríkisstj., heimtar samninga af sjútvmrh. og segir: Það verður að vera einhver grundvöllur undir rekstri fiskiskipa á síldveiðunum í sumar. Jú, það er rétt, og ég veit, að hann verður að gera það. Og þá segir ríkisstj.: Það er alveg sýnilegt, að ástandið er þannig, að það verður að styrkja síldarútveginn. Þetta hét nú einu sinni að moka sandi í botnlausa tunnu. En það er, eins og ég segi, það er nokkurn veginn þýðingarlaust að vera að benda á þetta. Þessu verður auðvitað ekki breytt. Menn vilja halda áfram þessari hringavitleysu og þeir gera það eflaust. En ekki eru þetta hyggileg vinnubrögð.

Við erum tveir úr sjútvn., sem leggjum hér til, að þetta frv. verði fellt. Það þýðir að sjálfsögðu ekki það, að við viljum ekki leita með öðrum þm. að ráðum til þess að leysa þann vanda, sem við er að glíma í sambandi við þetta vátryggingakerfi eða vátryggingarmálefni fiskiskipaflotans. Ég fyrir mitt leyti er tilbúinn til þess að benda á ýmsar leiðir til þess að leysa þann vanda og þykist hafa gert það hér í þessum umr. Það er enginn vafi á því, að það er hægt. Og það er hægt að finna hér betri leið en þá, sem hér er stungið upp á. Það, sem hér skiptir þó mestu máli að mínum dómi, er það, að menn átti sig á því, að það er orðin knýjandi nauðsyn að breyta þessu vátryggingakerfi, taka þar upp nýtt skipulag. Dráttur á því má ekki verða mikill úr því, sem nú er komið. Mér er sagt, að orðið hafi á þessu ári hækkun, meðaltalshækkun á vátryggingariðgjöldum fiskiskipaflotans, sem nemur 39.5%. Þar í er að vísu innifalin hækkun, sem leiðir af gengislækkuninni, en svo til viðbótar hin árlega sífellda hækkun, sem hefur orðið á þessu kerfi. Hækkunin, sem ég nefni hér, 39.5%, er allt svo hækkun á iðgjöldum eða iðgjaldi hvers og eins. Hér er sem sagt ekki innifalin sú hækkun, sem kann að leiða af því, að um stærri flota er að ræða heldur en áður. Hér er aðeins um hækkun á iðgjöldum að ræða. Ég tel, að það skipti mestu máli, að menn átti sig á því, en haldi ekki lengur áfram út á þessar villigötur, sem þeir hafa verið á varðandi þessi mál á undanförnum árum. Og svo það, að það verði komið í veg fyrir stórfelldar hættur, sem geta vissulega leitt af því, að þetta gjald er lagt á með þeim hætti, sem hér er lagt til, því að vissulega er veruleg hætta á því, að til þess geti komið, að sjómenn rísi upp gegn þessum álögum og þoli ekki lengur þetta fyrirkomulag. Mín afstaða til málsins er sem sagt sú, að ég legg til ásamt hv. 2. þm. Reykn., að þetta frv. verði fellt.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það hefur nú verið gott samkomulag hjá okkur í stjórnarandstöðunni um sjávarútvegsmál í vetur í sjútvn. En það var nú þannig, að ég fór heim um páskana og var ekki þess vegna á fyrsta fundinum núna. Og ég er ekki alveg ánægður með sumt í málflutningi þeirra og langaði til að gera við það smávegis aths. En ég er nú ekki eins duglegur og hv. 4. þm. Austf., ekki eins þrekmikill að halda langar ræður án þess að það hafi neinn tilgang, þannig að ég skal nú ekki vera langorður.

En í fyrsta lagi vildi ég benda á þetta: Það er vitnað í einn útgerðarmann, sem hafi haldið ræðu í Ed. um þetta takmarkalausa svindl af hendi útgerðarmanna, skilst mér, að þeir séu að láta greiða allt mögulegt, sem ekki tilheyri tryggingunum. Þetta er bara ekki rétt. Þessi hv. þm. á nýjan bát og hann er ekki farinn að fá reynsluna. En kerfið er bara þannig, að við vinnum hreint ekkert við það að gera óeðlilegar tjónakröfur. (Gripið fram í: Hann átti nú annan bát þá.) Já, en hann seldi hann, þegar hann fór svolítið að eldast. En við vinnum bara ekkert við það, vegna þess að úr þessum sameiginlega sjóði er borguð ákveðin prósenta, við skulum segja 4% eða 4½%, það skiptir ekki máli. Ef það fer yfir þá prósentu, verður hann að borga það sjálfur.

Og ef það hækkar fram yfir það, hækka alltaf iðgjöldin, þannig að þú færð ekki eyri borgaðan í viðgerðum á bátnum. Það fer allt upp í skuldina, sem þú ert í við tryggingarfélagið, þannig að það er ekkert sem útgerðarmaðurinn þarf að forðast annað en það að verða fyrir tjónum. Það er þannig núna. Ég er búinn að ræða þetta mál við Jónas Haralz. Ég er búinn að ræða þetta mál við tryggingafélögin, og þetta er gerbreytt frá því fyrsta. Meðan enginn bátur var fyrir þetta, t. d. 4 % í tjón, þá var það allt annað. Þá unnu menn við að koma því kannske upp að því, en þegar það fór upp fyrir það, urðu þeir að borga allt sjálfir, þannig að við skulum ekki vera að blekkja sjálfa okkur á þessu.

Í öðru lagi, það þýðir ekkert annað en líta raunhæft á hlutina. Við verðum að tryggja skipin, það þýðir ekkert að vera að tala um það, og það er bara á hvern hátt við eigum að gera það og það er alveg sjálfsagt að reyna að leita að sem allra hagkvæmustum leiðum, og ég get tekið undir það með þessum ræðumönnum, sem hér hafa talað, að þetta er stórmál. En það er bara dálítið flókið mál. Og þá er bara að deila um þetta, hvernig við eigum að taka það. Hv. 4. þm. — ég verð nú að athuga vel, hvort það er ekki áreiðanlegt, að hann sé 4. þm. Austf. — hann var að tala um, að hver ætti að borga fyrir sig. Jú, þetta er alveg ágætt fyrir þá, sem eiga ný skip og hafa lág gjöld, en það er erfiðara fyrir hina, sem eiga eldri skip og dýrari tryggingu á ýmsan hátt. Og svo er ekki greiðslugeta allra jöfn. Og af því er nú samábyrgðin upphaflega tekin, að sumir gátu ekki greitt iðgjöldin af bátunum og hvað eiga þeir þá að gera? Að leggja bátunum bara eða selja þá? Það er ekki um annað að tala. Það má náttúrlega endalaust deila um þetta atriði. En einhvern veginn verðum við að fá féð. Ég hef allra manna mest talað á móti sköttum á útflutningsvörum, því að það er stórhættulegur hlutur og sannleikurinn er sá, að þegar kemur farmur af fiski á land, er náttúrlega þjóðin alveg í kringum þetta eins og hrafnar í kringum æti. Og frv. þetta er sniðið eftir því, að það er tekið mest af því, sem er hagstæðast verðið á eins og nú standa sakir. En það getur breytzt og þá verður þessu líka breytt. Við vitum það ósköp vel, að s. l. ár var hagstæðast verð á síld og saltfiski. Hitt er annað mál, að hér er náttúrlega tekið of mikið af síldarmjöli, því að verðið er lágt, á síldarlýsinu sérstaklega, en það virðist álitið, að síldarútvegurinn hafi borið sig betur og ég gæti vel gengið inn á, að hér sé gengið of langt gagnvart síldarútveginum. Ég taldi 25 skatta hér í fyrravetur, sem lagðir eru á útveginn. Ég skal hjálpa vini mínum, hv. 4. þm. Austf., til að losna við alla þessa skatta, nema burt sumt af þessum sköttum, því að þetta er það eina, sem er virkilega nauðsynlegt fyrir okkur og kemur okkur raunhæft til góða. En svo skal ég hjálpa honum til þess að þurrka út — eða ég skal styðja hann í því — hvern einasta skatt annan. Vill hann afnema launaskattinn? Vill hann afnema gjaldið til atvinnuleysistryggingasjóðsins? Vill hann afnema aðstöðugjöld til bæjarfélaganna, sem lögð eru á útgerðina, þótt hún tapi o.s.frv.? Þetta eru óteljandi skattar. Sýslumennirnir heimta marga skatta. Náttúrlega er útgerðin hætt að borga þessa skatta, af því að hún getur það ekki. Og þá er bara spurningin, hver á að borga tryggingargjöldin og hvernig eigum við að taka það? Við erum ekkert að blekkja okkur á því, skipin verðum við að tryggja.

Þá er annað réttilega tekið fram sennilega, að af nágrannalöndum okkar eru hæst tryggingargjöld hér. Athugum, hvers vegna það er. Það er ekkert sambærileg aðstaða, sem Norðmenn hafa með hafnir og veðráttu eða við. Þetta er eitthvert allra ókyrrasta svæði, sem til er. Þegar þeir eru að veiða síldina í sumar norður undir ís, þá er bara stillt, hvessir einu sinni. En þegar þeir nálgast Ísland, þá er alltaf sífellt rok, enda vitum við það, að þegar ísinn er lagztur hér að norðurströndinni, þá koma stillur. En ég ætla nú ekki að fara út í veðurfræðina, því að það er of flókið mál. En þetta er bara svona. Hitt er það, að hafnirnar eru ákaflega misjafnar. Og svo komum við bara að aðalatriðinu, og það er það, að það er svona þriðjungi eða jafnvel helmingi ódýrara að fara með skipin til Færeyja eða Noregs og láta gera við þau þar. Vill Lúðvík Jósefsson vinna að því? Það er einfaldlega hér, að meðan eftirspurnin var mikil eftir vinnunni, þá var hreinlega um hrein vinnusvik að ræða og svindl hjá slippunum. Þegar boðin var út viðgerð á bát hjá mér í vetur, hann varð fyrir slysi, þá munaði það 5 millj., það var þrefalt gjald hjá einum slipp í samanburði við annan. Mér var sagt, að þegar mest var eftirspurnin eftir vinnunni hérna, þá hefðu þeir verið að spila. Þeir voru að spila á kvöldin og nóttunni, og svo var allur tíminn skrifaður. Sá, sem sagði mér þetta, var maður, sem var sjálfur í vinnu. Það var hann einn, sem kom og fór að vinna í skipinu, og það komu engir aðrir og hann skildi ekkert í þessu. Svo varð honum reikað þarna niður í borðsalinn, og þá voru félagar hans þar bara að spila og hundskömmuðu hann fyrir að vera að vinna. Það er nefnilega svoleiðis svínað á manni í vissum tilfellum, að það tekur engu tali. Og svo ef við sögðum eitthvað, þá væri okkur bara sagt að þegja: Við vinnum þá bara ekkert fyrir þig.

Annað er hreint skipulagsleysi, sem er í þessum slippum. Það er búið að hrúga upp ótal slippum núna, það er komið eitt slippfélagið enn, og ekkert er skipulagt í landi voru. Þegar þurfti að gera við bátinn hjá mér, bárust 21 tilboð. 21 voru þeir, símandi og galandi, vildu fá vinnuna, höfðu ekkert að gera. Eins og það sé nú vit í þessu.

Sama má segja um síldarsöltunarstöðvarnar. Það er nú dálítið spaugilegt náttúrlega, þegar síldarsaltendur mótmæla þessum skatti. Þingmenn eru nú gáfumenn yfirleitt og langt fyrir ofan meðallag, og það er ábyggilega enginn maður svo heimskur í þessu þingi, að hann haldi yfirleitt, að síldarsaltendur hugsi sér að borga fimmeyring af þessu. Ætli þeir hafi nú ekki einurð á, þegar þeir fara að verðleggja síldina, að koma með það að borga útflutningsgjöldin? Þeir hafa yfirleitt ekki gleymt því. Og

þarna prútta þeir og prútta, þannig að ef síldarsöltun gengur sæmilega, er þetta stórgróði. Hitt er svo annað mál, að þeir éta hver annan upp, því að þegar þeir halda, að einhver græði, er þetta komið bara eins og aragrúi út um allt og allt skipulagslaust hjá stjórninni okkar, nema bara v kefnið hjá bankamálaráðherranum, það er vel skipulagt.

Ég tel, að hún sé í raun og veru ein fíflska, þessi framkvæmdaáætlun öll saman, og svo var það hörmulegasta, að þegar farið var að vinna fyrir ríkið, hætti fólkið að vinna, að hugsa um að vinna, bara að fá mikið kaup fyrir sem minnsta vinnu. Þetta er mikið farið að lagast, en þó er það engan veginn orðið gott. Og af hverju er það miklu ódýrara að fara með skipin? Þeir, sem geta það, fara bara með þau út og láta gera við þau þar. Það er bara, að annaðhvort kunnum við ekki vinnutæknina eða við höfum ekki áhuga á að gera þetta fljótt og vel. Og þetta er bara alveg að drepa okkur. Og enn annað. Þegar þeir eru að tala um, að alltaf séu að aukast þessi iðgjöld, er það bara það, að það er alltaf að fjölga tækjunum í skipunum. Jón Héðinsson eða hvaða númer hann er nú, 5. landsk., hann er að tala um þetta svindl og að menn ljúgi til um að tækin bili. Í fyrsta lagi er ég búinn að sýna fram á, að við bara græðum ekki fimmeyring á því, ef iðgjöldin hækka. Og það er bara, að Jón er ekki búinn að fá reynsluna og Lúðvík gerir ekki út neinn fiskibát. Það er hreint enginn, sem gerir út bát hér, nema ég og Jón, og ég hef bara haft eldri bát og veit þetta þess vegna. Þið vitið, að ég græði ekki fimmeyring á því, og af tjónabótunum hjá mér t. d. í fyrra verð ég að borga helminginn sjálfur, helminginn sjálfur, og þó borgaði ég tryggingunum meira en þeim bar, en ég verð að borga hluta af tryggingariðgjaldinu. Og hvað vinn ég í raun og veru þá við að reyna að gera þetta hærra? Borga það allt sjálfur. Það náttúrlega þýðir ekki að telja gáfuðum þm. trú um svona vitleysu. Þeir vita hvernig kerfið er. Þetta var svolítið hættulegt fyrst, en það er alveg búið að myndast móteitur gegn svindlinu.

Þá var hann að tala um slit á tækjum, sem væri svindlað inn. En það er bara þannig, að þegar tækin fara að slitna, og svo brotnar eitthvað, þá er ekki svo auðvelt að skera úr því, hvort það hefur brotnað vegna þess að það hafi verið slitið eða ekki. En það er bara staðreynd að þegar þetta hækkar, bótagreiðslurnar, þá verð ég að borga það allt sjálfur, þannig að ég vinn ekkert við það, þegar tækin fara að slitna, að koma því á tryggingarnar nema bara að vissu marki. Hitt verð ég að borga sjálfur, því að það er ekki borgað úr sameiginlegum sjóði. Nei, það þýðir ekkert annað en taka þetta raunhæft. Og ef ég fengi einhverju að ráða í þessu þingi, sem ég hef nú yfirleitt ekki fengið — ég hef bara gefið góð ráð einstaka sinnum og þau hafa verið lítils metin — teldi ég að eini liðurinn, sem við gætum tekið hér út úr, væri framlagið til fiskimálasjóðsins. Út af fyrir sig er þetta endalaus plága á atvinnuvegunum að leggja í þessa blessaða sjóði, því að það er lítið til að lána, eins og ég er nú nýlega búinn að skýra frá, í þessum bönkum og annað það, að þegar vel veiddist fóru þeir nú að bjóðast til þess að leggja svolítið í byggingu fiskirannsóknaskips. Það má deila um, hvort mætti taka það. Þó er það nú dálítið erfitt. En það væri hægt að fella niður svona 4.98% af heildarupphæðinni, það svarar til u. þ. b. ¼ af útflutningsverðmæti, og lækka þá á síldinni aftur.

Ég skal nú játa það, að mér hálfofbýður þetta með saltsíldina og ekki vitglóra í því að miða við þetta háa síldarverð, sem var í fyrra, heldur hagstætt verð. Annars væri nú ekki vitglóra í því og er kannske engin vitglóra í því, maður veit ekki, hvernig salan gengur. En við þurfum ekki að ímynda okkur, að síldarsaltendur fari að taka þetta á sitt bak, nei, ónei. Það kemur ábyggilega á bátana og þar með á sjómenn og útgerðarmenn. Nú, það má náttúrlega deila um þetta út af fyrir sig, að sjómenn borgi þetta. En þeir eru nú ekki allt of feitir, útgerðarmennirnir, og ef þetta er fellt niður og sjómenn eiga að fá sömu prósentu af brúttóaflanum, ja, hvar á útgerðarmaðurinn að taka þann hluta? Og ef þetta ættu að vera eitthvað óbreytt hlutföll, mundi bara prósenta sjómanna lækka, ef heildarverðið hækkaði á þann hátt, að þetta væri fellt niður, frv. væri fellt og þetta yrði fellt niður. Þá yrði bara að lækka prósentuna, sem sjómennirnir fá.

Það má endalaust deila um skiptinguna milli báta og sjómanna, og það náttúrlega verður eins og alltaf, þegar verið er að deila um fjármuni, að það vill hver ota sínum tota. Annars vil ég nú taka það fram um sjómenn, að ég hef ekki þekkt menn, sem eru skilningsbetri á kjör útgerðarmanna en einmitt sjómennirnir. Þeir fylgjast með, hvenær lítið veiðist og hvenær illa er borgað og eru ekki aðgangsharðari en þeir þurfa að vera, þegar erfiðleikarnir steðja að. Útgerðarmaðurinn fær ekki meiri samúð hjá neinum en sjómönnunum, því að þeir vita, hvað er að gerast. Og ég hef aldrei haft neina löngun til að halla á þá, en við skulum ekkert vera að blekkja okkur á þessu, að fé verður að taka einhvers staðar, og það er vel, ef við getum fundið einhverja hagkvæmari leið í þessum tryggingamálum og þó sérstaklega að bæta vinnutæknina, þegar gert er við eitthvað, taka fyrir svindlið. En einhvern veginn verður að borga tryggingagjöldin, annað er útilokað, þannig að ég get ekki greitt atkv. á móti þessu frv., ég get ekki lagt til, að það sé fellt. Við getum ekki samið nýtt frv. héðan af eða gert neitt í þessu. Og það er algert greiðsluþrot hjá tryggingafélögunum, þau geta alls ekki borgað tjónabætur. Það er svoleiðis, að þau hafa ekki ráð á 10—15 þús. kr. stundum. Þau eru alveg þrotin. Og það er þetta, að þau draga halann á eftir sér. Þau eru sem sagt óstarfhæf yfirleitt. Og það er ekki hægt að ganga að þeim, það er ekkert til að selja. Þess vegna verður með einhverju móti að bæta þetta, og þyrfti að taka stórlán líka. Það er í raun og veru engin mynd á öðru en borga tryggingagjöldin, að bátarnir borgi

tryggingagjöldin þannig að sé ekki langur hali, þannig að bankarnir vinna bókstaflega ekkert við þetta, vegna þess að þetta skapar vanskil hjá þeim. Það er miklu betra að greiða fyrir því að fá lán, að þessi sameiginlegi sjóður, fái lán. Svo erum við látnir borga alveg toppvexti af þessu — ég veit ekki, hve hátt það er — af skuldinni, sem er bætt á útgerðarmennina og þeir verða að borga sjálfir. Svo þegar þeir koma með sínar tjónakröfur, jú, þetta gengur allt upp í skuldina.

Það er alveg óviðunandi ástand núna. Það vita þeir, sem vinna að tryggingunum, gersamlega. Stórskuldir eru færðar hjá útgerðarmönnunum og þeir eru látnir borga fulla vexti af þeim og tryggingafélögin algerlega óstarfhæf vegna fjárskorts, þannig að þó að við samþ. þetta frv. — og ég væri fús til að breyta því og fella niður framlagið til fiskimálasjóðs, vegna þess að það er engan veginn allt þarft, sem þar er lánað, það væri hægt að komast af án þess, svona smáfokk stundum, og lækka á saltsíldinni — þá væri kannske hægt að lækka það ofan í 8%. Það vildi ég gjarna, en ég kem ekki með neina brtt., því að ég veit, að hún verður felld, svo að það þýðir ekkert. Þessir flokkar geta ekki dreifzt, þeir eru búnir að taka afstöðu til mála, það þarf að halda nýjan flokksfund og þinga um það í fleiri klukkutíma eftir breytinguna. Ég nenni ekki að vera að því, en fyrir mitt leyti væri ég fús til þess, ef það væri vegur að lækka eitthvað saltsíld.

En þetta er óviðunandi ástand í tryggingafélögunum og það er brýn nauðsyn að taka mál til viðbótar við það, sem fæst úr gengismismuninum, og með þessari breytingu, ef það fæst eitthvað með henni, og greiða skuldirnar við tryggingafélögin og gera þau starfhæf og losa útgerðarmennina við þær vaxtabyrðar, sem þeir verða núna að greiða af skuldahalanum, eftir því sem mögulegt væri.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykn. (JSk) var hér mjög langorður í kvöld um þessi mál og fór nú nokkuð út fyrir þann ramma, sem hér er í raun og veru til umræðu, því að hann fór mest út í það að lesa hér upp bréf síldarútvegsnefndar og mótmæli hennar og lagði svona mátulega út af því og sömuleiðis að lesa upp kafla úr ræðu 5. landsk. þm. úr Ed. Það hefði nú kannske verið öllu hyggilegra og viðfelldnara, að þeir héldu kjósendafundi í sínu kjördæmi, hann og 5. landsk. þm. út af ummælum hans í Ed. en að ræða þau hér í hv. þd., þar sem hann á ekki sæti.

Það, sem hér liggur fyrir til umræðu, er ekki störf síldarútvegsnefndar, eins og löngum tíma var eytt í, heldur frv. um breyt. á l. um útflutningsgjald á sjávarafurðum. Það frv. er lagt fram af illri nauðsyn vegna þess, hvernig ástandið er hjá tryggingasjóðnum. Ég skal taka undir þá gagnrýni, sem fram hefur komið, að ég tel, að þetta frv. hefði auðvitað átt að vera komið fram löngu fyrr en nú undir lok þingsins, enda viðhafði hæstv. sjútvmrh. þau ummæli í Ed., og ég hlustaði á hans ræðu, að hann harmaði það, hvað undirbúningur þessa frv. hefði tekið langan tíma og hann hefði kosið að leggja þetta frv. miklu fyrr fram, en við það varð ekki ráðið. Ég furðaði mig á því, þegar hv. 2. þm. Reykn. talaði og sjútvmrh. greip fram í fyrir honum og spurði, hvort hann ætlaðist til þess, að bátar væru hafðir í slippnum og kæmust ekki niður, þá spurði hv. þm.: „Er svo illa komið?“ Ég hélt, að sérstaklega þm., sem kynnti sér sjávarútveg og gang sjávarútvegsmála, hefði vitað það nú í langan tíma, hvernig ástandi vátryggingasjóðsins er háttað. Tekjur af útflutningsgjaldi hafa lækkað þau verulega á s.l. ári samfara stórfelldum hækkunum á greiðslum úr sjóðnum, að ástandið er með þeim hætti, að það er barátta um það að geta leyst skip úr slippnum til þess að þau geti komizt á veiðar.

Hv. 4. þm. Austf. kom víða við í sinni ræðu, og það var margt rétt, sem hann sagði, en hins vegar fór hann líka með miklar firrur, því að hann talaði um það, að þetta kerfi, vátryggingakerfið væri alrangt og ætti algjörlega að hverfa frá því. Þetta kerfi væri sett á kostnað sjómanna. Ég tel skylt að minna þennan hv. þm. og aðra á það, að um langt árabil var skiptaverð til sjómanna annað en hið raunverulega verð. Þetta breyttist með kjarasamningnum 1961 á þann veg, að sjómenn fengu til skipta hið raunverulega fiskverð, en þá var einnig tekið upp á sama tíma útflutningsgjaldið og samkomulag um það að greiða vátryggingar skipa með þeim hætti, sem síðan hefur verið hafður á. Þetta finnst mér, að hv. þm. hefði átt að koma inn á um leið, þegar hann var að gagnrýna þetta kerfi. Ég ætla að segja í sambandi við þetta kerfi, að það má ýmislegt finna að því og framkvæmd þess á liðnum árum, fyrst og fremst það að á skipum, sem eru tryggð í hinni svokölluðu frjálsu tryggingu, var ekkert mat lengi vel, og það var greitt fullt iðgjald miðað við þær reglur, sem rn. hefur sett um úthaldstíma, og iðgjaldið ekki takmarkað. Fyrrv. sjútvmrh. sá, að þetta var komið út í óefni og setti þá ákvæði um það að skipta þessum skipum í flokka eftir stærð og aldri og ákveða iðgjaldsupphæðina fyrir hvert ár fyrir sig sem hámarksiðgjald, er skipin fengu. Við skulum líka hafa í huga, að þegar þetta form var tekið upp og lög um útflutningssjóð voru sett, verkuðu þau aftur fyrir sig á þann veg, að útflutningssjóður varð þegar í upphafi nokkuð á eftir með sínar greiðslur. Fiskiskipaflotinn hefur aukizt, einkum hinn stærri floti, og við verðfallið og minnkandi afla hrynja tekjur útflutningssjóðsins og hafa skapað því þennan hala, sem nú er, og það verður ekki komizt hjá því að auka hans tekjur og það er engan veginn gert nóg með þessu frv. Hins vegar skal ég fúslega ganga inn á það, sem hv. 4. þm. Austf. sagði, enda kemur það raunverulega fram í áliti meiri hl. sjútvn. og kom mjög greinilega fram í framsöguræðu meiri hl. n., þar sem þeir mælast mjög eindregið til, að þetta kerfi verði endurskoðað og mér er kunnugt um það, að sjútvmrh. hefur ákveðið að verða við þeirri beiðni, og hér verður auðvitað að gera miklar breytingar á og ég er alveg sammála hv. 4. þm. Austf. í því

tilfelli, að það verður auðvitað að setja upp einhvern frískaða. Og það hefur verið þegar gert af hinni almennu tryggingu, Samábyrgðinni, með því að setja á frískaða með um 300 kr. á brúttórúmlest á hvert sjótjón. Hins vegar má segja það, að þegar skipin stækkuðu og frjálsu tryggingarfélögin tóku skipin í tryggingu, þá hófst skefjalaust kapphlaup um að ná skipum í tryggingu. Útgerðarmönnum var lánað fé til þess að komast yfir skipin og við þá var sagt: „Við borgum öll tjón.“ Og það var vissulega rétt og satt, öll tjón voru greidd, en margir áttuðu sig ekki á því, að vátryggingafélög eru engin vetrarhjálp eða góðgerðastarfsemi, því að þegar tjónareynslan fór versnandi, voru iðgjöldin hækkuð upp úr öllu og nú er svo komið, að fjöldi skipa, sem hafa verið í tryggingu hjá hinum svokölluðu frjálsu tryggingafélögum, eru nú að leita eftir tryggingu hjá Samábyrgðinni. Og það er þannig hjá okkur í Samábyrgðinni, að þegar við höfum leitað eftir endurtryggingu fyrir þessi skip, sem eru nú að hverfa frá frjálsu tryggingarfélögunum, þá hafa erlendu endurtryggingarfirmun stórhækkað sín iðgjöld, vegna hinnar slæmu tjónareynslu, sem hefur verið á íslenzka flotanum, á skipum yfir 100 rúmlestir.

Það lá hér fyrir þremur árum frv. fyrir um að breyta l. um samábyrgð og bátaábyrgðarfélögin og með því frv. var reiknað með, að skyldutryggingin færi úr 100 rúmlestum í 400 rúmlestir. Ég mælti þá eindregið með samþykkt þessa frv. Það átti lítinn hljómgrunn á Alþ., og ég get svona sagt það til gamans, að þá áttumst við við nokkuð í sambandi við umr. um þetta mál, hv. 4. þm. Austf. og ég. Þá taldi hann eðlilegt og sjálfsagt að láta frjálsræðið ríkja í vátryggingum og ég tók að mér hlutverk sósíalistans, en hann hlutverk kapítalistans. Ég hef ekkert skipt um skoðun, en hins vegar telur hann nú, að það eigi að hverfa frá þessu úrelta kerfi. Ég tel, að það eigi ekki að hverfa frá þessu kerfi. Þó að það komi nokkuð misjafnt niður á ákveðnar greinar, vil ég segja það, að á undanförnum 2—3 árum, ef undan er skilið árið 1966, gat síldveiðiflotinn lagt þessu kerfi miklu meira til en þorskveiðiflotinn, og vátrygging er samhjálp og hún á að vera samhjálp, en þó aðeins að vissu marki. Hún á ekki að vera takmarkalaus. Við verðum að halda skynsamlegri samhjálp áfram og við getum gert það með því að hafa frumtryggingar alls íslenzka fiskiskipaflotans á einni hendi, því það er langbezta skipulagningin. Hitt er svo aftur hægt að koma til móts við hin frjálsu tryggingarfélög með því að veita þeim endurtryggingarnar á móti. Það verður miklu heilbrigðari starfsemi í því. Þetta er ekki það stór og mikill markaður, að hann sé til skiptanna fyrir 8 eða 10 vátryggingarfélög, sem rífast um vátryggingarnar, eins og bezt hefur sézt á liðnum árum, en eru nú að hverfa frá því, og margir hverjir eru fegnir að losna nú við sum þau skip, sem þeir keyptu í raun og veru í viðskipti fyrir nokkrum árum síðan. Það á að hverfa frá þessu kerfi, segja menn — og láta útgerðirnar greiða vátryggingariðgjöldin sjálfar og hækka aflaverðmætið sem því nemur, þannig að útgerðin á að fá hærra fiskverð. En svo náðu ráðleggingarnar ekki lengra, því það kom hvergi fram, hvernig þeir, sem kaupa og vinna úr afla, geta tekið á sig þessa hækkun. Þetta vitum við svo mætavel og stjórnarflokkarnir eru auðvitað ákveðnir í því að koma þessu frv. í gegn af illri nauðsyn, vegna þess að annað er ekki hægt og það hefur ekki verið bent á neinar aðrar leiðir og við verðum því að koma því áleiðis, jafnframt því að endurskoða þessi mál frá grunni með það fyrir augum að draga úr tjónunum. Það er alveg rétt, sem hv. 4. þm. Austf. sagði, að tjón hér á Íslandi eru næstum því þrisvar sinnum hærri en í Noregi og iðgjöldin auðvitað að sama skapi. Að þessu þurfum við auðvitað að vinna, bæði útgerðin og löggjafinn verður að koma þar til hjálpar. Ríkisstj. og Alþ. eru ekki að leggja fyrir sig neinar álögur á hvorki einn eða annan. Hér er aðeins verið að standa við það fyrirheit, sem gefið var, og það eina, sem ríkisstj. hefur af þessum málum að segja, er það, að hún innheimtir útflutningsgjaldið af sjávarafurðum og stendur fyrir þessum sjóði endurgjaldslaust, en allt þetta útflutningsgjald rennur svo einmitt aftur til sjávarútvegsins sjálfs.

Mér finnst mjög langt gengið, þegar nefnd eins og síldarútvegsnefnd — án þess að ég vilji á nokkurn hátt fara að tala illa um þá nefnd eða starfsemi hennar, enda er hún ekki hér til umr. — segir, að hún vilji benda á nokkur atriði sem skýlaus rök fyrir því, að hin mesta firra sé að hækka útflutningsgjöld af saltsíld, þvert á móti ætti að fella niður með öllu þau gjöld, sem fyrir eru. Hér finnst mér n. taka allmikið upp í sig, því að ekki munu aðrar greinar aflögufærari, sem greiða útflutningsgjaldið, og þá er um að ræða að leggja þessi gjöld á aðra og ég held, að þm. almennt séu þeirrar skoðunar, að útgerðin geti ekki tekið þau á sig bótalaust og þá er ekki um annað að ræða en leggja þessi gjöld á almenning í landinu.

Tekjur af útflutningsgjaldi námu 263,1 millj. kr. árið 1965, en þau lækkuðu niður í 172 millj. kr. árið 1965 samkv. bráðabirgðauppgjöri, og ég segi nú fyrir mitt leyti, að ef við ættum að leggja þessi gjöld niður, auk þess sem á vantar, og leggja þau á þjóðina, er ég nú ekki búinn að sjá þá menn, sem nú mæla gegn þessum gjöldum, benda á, hvaða skatta eigi að leggja á þjóðina. Ég held, að þegar allt kemur til alls, séu þm. sammála um það, að hér er um neyðarúrræði að ræða og þessar þrjár greinar útflutningsatvinnuveganna eru þó helzt þær greinar, sem geta tekið á sig einhverja hækkun útflutningsgjalda. Þó skal ég fúslega viðurkenna það, að ég hefði kosið og ég þori auðvitað að fullyrða, að allir þm. hefðu kosið að þurfa ekki að grípa til þess að skattleggja þessa útflutningsframleiðslu, en það er neyðin, sem rekur Alþ. til þess, því það verður auðvitað að standa undir þessum gjöldum, sem útflutningsgjaldinu hefur verið ætlað að standa undir, því að fyrst og fremst verður fiskiskipaflotinn að geta gengið.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég stytti mjög mál mitt með hliðsjón af þeim tveim síðustu ræðum, sem hér hafa verið fluttar, sem ásamt þeim, sem áður hafa verið haldnar, spegla þann ágreining, sem um þessi mál er almennt og út af fyrir sig sannfærði mig ekki um annað en það, sem ég vissi áður, að um þessi mál hefur verið alla tíð allmikill ágreiningur, eins og hv. 4. þm. Austf. rakti hér mjög sannsögulega áðan. Það er öllum ljóst, að sú aðstoð, sem hinum ýmsu greinum veiðiflotans er veitt í gegnum þau gjöld, sem hér er lagt til að auka, hefur verið útgerðinni mikill styrkur og það hefur enginn lagt til, að þessi gjöld yrðu afnumin, nema eitthvað annað kæmi í staðinn, sem yrði útgerðinni álíka mikill styrkur. Þess vegna er ekki ágreiningur um það meginatriði málsins, að þessa aðstoð þarf að veita. Ágreiningurinn kemur hins vegar, þegar að því kemur, af hverjum þetta gjald skuli taka. Það eru engar fréttir hér á Alþ., þó að hv. 2. þm. Reykn. lesi hér allt prentað mál um það, að þeir, sem eiga að þola gjöldin, séu á móti þeim. Ég veit aldrei til, að gjaldþolandi hafi mælt með neinum slíkum gjöldum, en það einkennilega við hans mótmæli í ræðunni var það, að bera þarf sérstaklega blak af síldarsaltendum. Það var aðaluppistaðan í hans ræðu. Ég hefði skilið það, ef hann hefði sagt að það ætti að taka þessi gjöld af síldarsaltendunum einum, en fría sjómenn við að borga þessi gjöld. Þeir aðilar sem hér hafa mesta ástæðu til að kveinka sér, eru þó fyrst og fremst sjómennirnir, þar sem gjaldið er tekið af óskiptu. En þm. lagði mesta áherzlu á það, að þetta gjald væri tekið af síldarsaltendum, sem fremur ætti að styrkja en að auka gjöld á. Ég skrifaði það hér niður eftir þm., þannig að hann getur leiðrétt það, ef ég fer rangt með.

Ég varpaði þeirri spurningu fram undir umr. hér í kvöld, í mínu frammíkalli þar, hvað hefði gerzt, ef ekki hefðu verið auknar tekjur fyrir þennan hluta veiðiflotans. Jú, það hefði einfaldlega gerzt, að í stað þeirra hótana, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa uppi um það, að síldarsjómenn muni neita að fara til þessara veiða, þá hefðu það verið skipin, sem hefðu verið bundin og sjómennirnir ekki komizt til sjós eða til þessara veiða, þó að þeir vildu.

Það er því öllum ljóst, að auka þurfti tekjur sjóðsins og hv. 4. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, hrakti það svo eftirminnilega hér í sinni ræðu áðan, að við þau orð hans þarf ég engu að bæta og get gert þau að mínum. Hins vegar er mér það fyllilega ljóst, að jafnvel þessi ráðstöfun, sem hér er talað um dugir hvergi nærri. Hún leysir, eins og ég sagði í þeim framsöguorðum, sem ég hafði fyrir frv. í l. umr., aðeins hluta þessa vanda. Og er upphæðin þess vegna ekki stærri, að hún er talin í hámarki þess, sem fært þótti að fara fram á við hv. Alþ. að samþykkja. Það þarf að fara fleiri leiðir, eins og hefur komið fram í umr. og hv. 4. þm. Austf. undirstrikaði ekki hvað sízt. Það þarf jafnframt að gera nákvæma rannsókn á því, með hvaða hætti hægt er að herða tökin á þeim geysilegu hækkunum, sem átt hafa sér stað í iðgjöldum sjóðsins, og lækka þau. Og í þeim tilfellum er talið af tryggingafræðingum, að tryggingafjárhæðir skipanna séu óþarflega háar, og á það ekki sízt við um togarana, eins og hér hefur komið fram. Iðgjöld skipanna lækka ekki hlutfallslega miðað við vátryggingarverð, en þó að nokkru marki. Skilmálar stærri skipanna eru mjög víðtækir og kemur til greina, að hagkvæmt verði talið að þrengja þá í einhverjum atriðum. Um skip tryggð hjá bátaábyrgðarfélögunum og Samábyrgðinni, eins og bent hefur verið þegar á, svo og varðskipin og önnur skip í eigu ríkisstofnana, gildir gagnkvæm aðstoðarskylda og greiðist aðeins þóknun miðað við framlagða þjónustu, en ekki björgunarlaun. Til greina gæti vissulega komið, að hliðstæð regla verði látin ná til alls fiskiflotans, eða jafnvel allra íslenzkra skipa. Hugsanlega má koma á samræmdu og strangara eftirliti með uppgjöri tjóna en nú er, og gengið verði strangara eftir því, að skip liggi ekki gæzlulaus í höfnum, því að oft hafa orðið tjón við slíkar aðstæður, þar sem skip liggja mannlaus og umhirðulaus og er ljósast dæmi þess reynsla útgerðarmannsins, sem hér talaði áðan, þegar bátur hans varð fyrir stórbrunatjóni, mannlaus hér í höfninni. Þá getur enn fremur komið til greina, að skip yfir 100 rúmlestir yrðu endurtryggð erlendis að langmestu leyti og minni skipin að einhverju minna leyti. Iðgjöld stærri skipanna eru raunverulega ákveðin af erlendum endurtryggjendum og veldur það erfiðleikum, ef breyta á tryggingarkjörum, því erfiðlega getur reynzt að fá fram hliðstæðar breytingar á iðgjöldum og hugsanlega mætti koma á, ef um víðtækt samstarf væri að ræða hér innanlands um endurtryggingu.

Þessum leiðum til viðbótar, þ. e. a. s. þeirri gjaldahækkun, sem frv. gerir ráð fyrir, og tekjuaukningu sjóðsins, ásamt slíkum atriðum, sem ég hef bent á og e. t. v. enn fremur langtum fleiri, sbr. þann hluta ræðu hv. 4. þm. Austf., sem um það fjallaði, aukinni sjálfsábyrgð útgerðarmannanna sjálfra, þyrfti enn fremur til þess að leysa vanda sjóðsins til fullnustu, ef vel ætti að vera, að útvega honum stóraukið lán til að komast yfir þennan erfiðleikahjalla.

Ég hef enn þá engan heyrt leggja til að taka upp það kerfi, sem gilti fyrir gengistíma þessa kerfis, þ. e. a. s. að borga vátryggingagjöldin með sérstöku útflutningsgjaldi og hafa tvenns konar fiskverð eins og var hér í gildi fyrir tímabil þessa útflutningssjóðs, annað verð til útgerðarmanna og annað til sjómanna. Menn vildu hverfa frá þessum lagaákvæðum á sínum tíma og taka þetta kerfi upp, sem enn þá er í gildi, og um það er að ræða að viðhalda því, með strangari reglum en hingað til hafa gilt. Þessi athugun hefur þegar átt sér stað að allverulegu leyti af hálfu tryggingafræðinganna, og ég hef óskað eftir því nú að inn í þessa athugun komi einnig fulltrúar hagsmunaaðilanna, sem þarna eiga hlut að máli, svo og fulltrúar sjómanna og annarra, sem nú gjalda í þennan sjóð, þannig að allir megi vita, hvernig þessum málum er háttað í

dag og leggja til, hvernig þeim verði bezt fyrir komið í framtíðinni.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín fleiri, en vil, áður en ég vík úr ræðustólnum, aðeins leiðrétta það, sem hv. 2. þm. Reykn. spurði mig sérstaklega um. Það var tvennt. Í fyrsta lagi hvernig stæði á þeim 4 millj. kr. mismun, sem ég hefði talað um í sambandi við tekjur af saltsíldinni annars vegar og svo því, sem í frv. stæði hins vegar. Þetta er annaðhvort mismæli mitt í umræddri ræðu eða misritun, ég hugsa fremur mismæli mitt, og það er rétt, sem í frv. stendur. Auk þess varð ég var við það í handriti, sem ég fékk skömmu eftir að ég flutti þessa ræðu, að á tveimur stöðum eru prósentutölur rangar.

Í öðru lagi spurði þm. að því, og skoraði þá sérstaklega á mig með miklum þunga, hvort ég væri sammála flokksbróður mínum í Ed., hv. 5. landsk., þar sem hann talaði um, að ekki væri allt með felldu með greiðslu tjónabótanna og að útgerðarmenn kynnu að leita eftir því að fá þar að einhverju leyti kannske rangan hlut. Ég set mig ekki í neitt dómarasæti um þessa hluti, fyrr en niðurstöður þeirrar rannsóknar, er nú hefur af stað farið, liggja fyrir. Ég vil ekki dæma menn nema hafa til þess full rök, en undir þessar fullyrðingar hv. 5. landsk. þm. tók maður með allgóða greynslu í sjávarútvegsmálum, hv. 4. þm. Austf., hér mjög skorinort og sagðist ekki efast um, að þessar fullyrðingar hv. 5. landsk. ættu sér virkilega stoð í veruleikanum, og hann benti á það til þess að sanna m. a. veikleika þessa kerfis. Og ég hef reyndar heyrt það frá fleiri mönnum en þessum tveimur, að þetta er hald margra manna, en sjálfur sezt ég þar ekki í dómarasæti.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru nú aðeins örfáar aths., sem ég vildi gera í tilefni af því, sem vikið hefur verið að mér í umr., síðan ég talaði.

Hv. 4. þm. Vestf. (MB) sagði frá því, að fyrir nokkru síðan hefði legið hér till. fyrir á Alþ. um það að breyta lögunum um samábyrgð Íslands á fiskiskipum þannig, að hún tæki að sér vátryggingu svo að segja alls fiskibátaflotans eða færa skyldutrygginguna úr 100 rúmlestum hjá þeirri vátryggingu upp í 400 rúmlestir, og hann sagði að í sambandi við flutning á þessu máli hefði fram komið, að ég hefði verið á móti því að taka upp þetta fyrirkomulag og mælt með því frjálsræðisfyrirkomulagi, sem á þessum málum hefði verið. Þetta er nú talsverður misskilningur hjá hv. þm. Það er að vísu rétt, að ég var því ekki samþykkur að ætla að breyta l. um samábyrgð Íslands á fiskiskipum, eins og þá var lagt til. Ég tel ekki, að uppbyggingin á því vátryggingarkerfi sé þannig eða hafi verið þannig, að það sé einfaldlega hægt að samþykkja það, án frekari athugunar, að skylda tryggingu hjá þeirri stofnun á öllum skipum upp í 400 rúmlestir. Ég álít, að til þess að sú trygging geti fengið slíkan lagastuðning, þurfi að gera þar umtalsverðar breytingar á öllu fyrirkomulagi. En það breytir hins vegar ekki því, að það hefur verið mín afstaða allan tímann, og ég hef flutt um það till. hér á Alþ., að ég tel, að það eigi að koma upp einni öflugri ríkistryggingu fyrir fiskveiðiflotann og leysa þannig af hólmi hin fjölmörgu vátryggingafélög, sem hafa svona mikið með þessi mál að gera nú. Í sambandi við umr. um þessi mál, þegar þetta frv. lá fyrir um breyt. á l. um samábyrgð, benti ég líka á það, að það væri vitanlega alveg vonlaust að ætla að loka augunum fyrir því, að svo var orðið ástatt, að fjöldamargir aðilar, sem áttu hin stærri skip, eða upp að 400 rúmlestum að stærð, höfðu bundið sig með samningum vegna lántöku hjá hinum svonefndu frjálsu vátryggingarfélögum, og það þýddi því ekki neitt að skylda þessa aðila til að færa sig yfir í annað vátryggingarfélag án þess að gera tilheyrandi ráðstafanir þá um leið, losa þá út úr þessum vanda. Á þetta benti ég einnig.

Nei, það hefur ekki verið mín skoðun, að það væri æskilegt að halda uppi því fyrirkomulagi á vátryggingu fiskiskipa, að þau dreifðust á mörg einkavátryggingarfélög, það er mesti misskilningur. En þó hef ég sem sagt fundið fyrst og fremst að því að byggja upp þetta vátryggingakerfi, sem við höfum verið að ræða um núna og sem hefur gefið þessum fjölmörgu einkavátryggingarfélögum aðstöðu til þess að leika á þann hátt, sem þau hafa leikið, og sem þessi hv. þm., 4. þm. Vestf., er mér sammála um, að þau hafi leikið ekki sízt í krafti þessa sameiginlega vátryggingasjóðs.

En það kemur fram í þessum umr. hjá þeim, sem verja hér sérstaklega þetta frv., eins og m.a. hv. 4. þm. Vestf., að hann telur sig verða að samþykkja þetta frv. af illri nauðsyn. Hann er mjög óánægður með þetta kerfi, telur að þar þurfi að gera breytingu á og það er ekkert um það að villast, að hann lítur á svipað og ég, að í skjóli þessa fyrirkomulags hafi margt það þróazt, sem verði að teljast mjög óæskilegt. En hann sér sem sagt ekki neina leið til þess að afla þessara 42 millj. til þess að styðja við þetta vátryggingarkerfi, sem er í fjárþröng, hann sér enga leið til að afla þessa fjár með öðrum hætti en að láta sjómennina borga a. m. k. helminginn af þessari upphæð af sínu kaupi, því að það er það, sem er verið að gera alveg óumdeilanlega, og að leggja hinn hlutann sem skatt á útgerðina í landinu almennt. (Gripið fram í.) Já, vantar á annað hundrað millj. þrátt fyrir það. Þetta sem sagt leysir engan vanda. (Gripið fram í.) Já, það er miklu nær að spyrja um það. Því er þá verið að óhreinka sig á þessu? Af hverju er þá verið að bauka við þetta á þennan hátt? Þetta leysir engan vanda, vandinn er eftir sem áður óleystur. Ég hef bent á það, að það hefði verið hægt — m. a. s. fyrir þá, sem virðast nú alltaf vera tilbúnir að taka það af sjávarútveginum, sem þeir sjá svona handbært eða laust og hægt er að ná í, — það hefði verið hægt að taka af sjávarútveginum með öðrum hætti og betri þessa upphæð eftir öðrum leiðum. Það hefði t. d. verið hægt að taka af þessum 400 millj., sem voru teknar á einu bretti af sjávarútveginum í sambandi við gengishagnaðinn, það hefði verið hægt að taka þessar 42

millj. kr. af þeirri upphæð. Af hverju var það ekki gert? (Gripið fram í.) Já, 60 millj., en þessar 42 millj. áttu að koma líka. Það var miklu réttlátara en að ætla að leggja þetta á sjómenn á þennan hátt. (Gripið fram í.) Fiskveiðasjóður, eins og ég hef m. a. bent á, eða endurskipulagningarsjóður í sambandi við fiskiðnaðinn. Var ástæða til þess, að hin almenna útgerð í landinu ætti að leggja fram sérstakt fé í þann sjóð? Ég er ekki að benda á þetta, vegna þess að þetta sé sú leið, sem ég hefði óskað eftir að fara, en ég segi, að það hefði verið ólíkt betra að fara þessa leið en þá leið, sem hér er verið að benda á. Ég hef líka bent á það, að á þessu þingi hafa stuðningsmenn ríkisstj. lagt það til, að taka framlög, sem áttu að fara til sjávarútvegsins, 30 millj. kr. í fiskveiðasjóð skv. l., og 11 millj. kr. í aflatryggingarsjóð, líka skv. l. Þarna var um að ræða 41 millj., sem átti skv. l. að renna í þessa tvo sjóði sjávarútvegsins. Þetta var strikað út. Því voru þessar fjárhæðir þá ekki notaðar í þessu skyni? Nei, þar var um það að ræða, að ríkissjóður vildi hirða þær fjárhæðir og gerði það. Auk þess er það auðvitað óumdeilanlegt, að það hefði verið hægt að afla þessa fjár með enn öðrum hætti, án þess að þurfa að leggja þetta sem sérstakar álögur á sjómenn og útvegsmenn, og það hefði líka verið hægt að afla láns í þessu skyni, nú til bráðabirgða. Það var sem sagt engin nauðsyn að fara þessa vandræðaleið, sem menn viðurkenna að sú leið sé, sem lagt er til að fara skv. þessu frv.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að eyða hér mörgum orðum í sambandi við þá ræðu, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. flutti hér. Meginhlutinn af því, sem hann sagði, og það eina í rauninni, sem hann virtist a. m. k. halda sjálfur, að hann væri að segja hér til leiðréttingar á því, sem ég sagði, var það, sem ég hafði sagt alveg greinilega í minni ræðu, en það var það, að nú væri búið, þegar allt var komið í vandræði hjá þessum vátryggingasjóði, þá var búið að setja þá bremsu á, að menn gátu ekki fengið lengur alla upphæðina af hinum háu iðgjöldum greidda, en það var á hinn veginn, allt fram að þessu ári, að menn komu í gegn reikningum sínum svo að segja að fullu. Það er tiltölulega nýbúið að setja þetta hámark á, og er þó þannig, að ýmsir hafa enn þá möguleika til að smeygja þar viðbótarupphæðum í gegn. (Gripið fram í.) Nei, það er mesti misskilningur og nú er um að ræða nýjar reglur í þessu, og þær eru enn svo rúmar, að það er hægt að smeygja hér viðbótarupphæðum, og það er enn gert. En það, sem er svo greinilegt af málflutningi þessa hv. þm., er það, að hann stendur í þeim vandræðum núna, að það bitnar á honum, að þessi sjóður er orðinn gjaldþrota. Hann á bát, sem liggur undir tjónaviðgerð og fær ekkert borgað úr sjóðnum, og af því vill hann út af lífinu, að sjóðurinn fái peninga með einhverjum hætti, svo að hann geti þó a. m. k. fengið borgaða sína reikninga. (Gripið fram í.) En málið er bara ekki svona. Hér er um það að ræða, að jafnvel þótt þessi hv. þm. sé í vandræðum með það að fá sína reikninga greidda, er ekki réttmætt að sjómennirnir á Íslandi eigi að borga hans reikninga. Það er ekki réttmætt. Og það er ekki réttmætt að ætla að leggja þann skatt á útgerðina almennt í landinu, jafnvel þótt hann fái sína reikninga ekki greidda, að útgerðin almennt í landinu, sem á í vök að verjast, að hún verði að borga þá reikninga. Þeir verða að leysast með öðrum hætti.

Ég efast ekkert um að það er rétt, að þetta vátryggingarkerfi er komið í þrot. Það hefur siglt um koll af eðlilegum ástæðum, af því að það hefur verið byggt upp á röngum grundvelli og verið rekið á rangan hátt allan tímann. Frásagnir þessa hv. þm. af því, að viðgerðarkostnaður á tjónum sé miklu meiri hér en í nálægum löndum, af því að verkamenn hér setjist upp og fari að spila í miðjum vinnutímanum, ætla ég nú ekki að ræða mikið um, annað en það, að ég vil segja honum það, af því að ég hef haft með stjórn á útgerðarfélögum að gera í mörg ár og þurft að sæta því að láta gera við skip, bæði erlendis og hérlendis, og ég segi það alveg hiklaust, að það kom þar skýrt og greinilega fram, að það var kostnaðarminna að láta vinna verkin á Íslandi, ef fullt og eðlilegt eftirlit var með verkinu, heldur en að láta vinna það erlendis, nema aðeins í þeim tilfellum, þegar verðlagsmunur var svo óeðlilegur, að það var ekki hægt að bera saman verðlag á Íslandi og verðlag erlendis. Það hefur vitanlega átt sér stað í vissum tilfellum, en almennt er ekki hægt að tala um það, að vinnusvik séu meiri hér en annars staðar, og það er mikill misskilningur, þegar menn halda það, að það þurfi aðeins að senda bátana til Færeyja eða til Noregs, til þess að viðgerðarkostnaður verði miklu minni en hann er hér. Það er mikill misskilningur.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar. Ég hef lýst minni afstöðu til þessa máls. Ég tel hér ranglega að farið og það eigi því að fella þetta frv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég held, að við fáum að sjá ofan í botnlaust fúafen, þegar við lítum á þetta frv. og fáum þær upplýsingar um það, að áætlað sé, að hall af tryggingasjóðnum muni nema um 103 millj. kr. á yfirstandandi ári, 1968, og þar með sé nú ekki öll sagan sögð, því að auk þess sé sjóðurinn orðinn skuldugur um allverulegar upphæðir frá fyrri árum. Þarna er því um að ræða skuldasúpu sennilega mjög hátt á annað hundrað millj. kr. Þetta frv. á að afla 42 millj. upp í þessa súpu. Þetta er myndin, sem við okkur blasir. Og hvar á að taka þetta, þessar 42 millj.? Það á að taka það af tveimur aðilum, útgerðarmönnum og sjómönnum. Og þá er spurningin, hvort það er eitthvert úrræði, hvort það er eitthvert borð fyrir báru hjá útgerðarmönnunum til þess að borga 21 millj. upp í þessa súpu, og hvort sjómenn eru þannig staddir, þeir, sem síldveiðar stunda fyrir þjóðina, að það sé hægt að rýra kjör þeirra um 21 millj. kr. Mér virðist hvort tveggja blasa augljóslega við, að hvorki eru útgerðarmennirnir, sem síldveiðar sækja langt austur í haf, þannig staddir, að þeir hafi borð fyrir báru til þess að taka á sig þessa auknu byrði, né

heldur að hásetarnir geti það. Það er kunnugt, að þeir höfðu ekki meira en um 40—50% í tekjur á móts við það, sem þeir höfðu árið áður, og voru þannig staddir á s. l. sumri á síldveiðunum, að þegar upp var gert, höfðu þeir lítið meira en fyrir opinberum sköttum næstliðins árs á undan og fæðiskostnaði, og gengu sumir slyppir frá á hinum aflaminni skipum, en talið er, að meðaltalið hafi verið 10 þús. kr. tekjur hjá þeim á mánuði, og fór meginhlutinn af því upp í skatta ársins á undan. En samt sem áður heldur hæstv. ríkisstj. að hún geti þyngt skattabyrði á sjómönnum á þann hátt að láta sjómenn nú borga af óskiptu upp í þessa tryggingarhít. Ég held, að þetta sé óráð hið mesta. Í fyrsta lagi er ég hræddur um það, að af þessu geti leitt það, að skipin fari ekki á síldveiðar, og þá verður skarð fyrir skildi í tekjuöflun þjóðarinnar, svo mikið er víst.

Hæstv. ríkisstj. má minnast þess, að einu sinni var gripið til slíkra úrræða gagnvart síldarsjómönnum, að síldveiðiflotinn sigldi til hafnar og lét fulltrúa sína mæta fyrir framan Stjórnarráðsdyrnar. Og það má mikið vera, ef hæstv. ríkisstj. fer ekki að stofna til svipaðra atburða nú með þessu. Það kæmi í sama stað niður, þó það gerðist nú með þeim hætti, að síldveiðiskipin færu ekki á síldveiðar. En á því tel ég verulega hættu. Til einskis væri nú þetta, ef útgerðarmennirnir hefðu svo ekki gjaldþol til þess að taka á sig þessar sínar 21 millj. kr. og yrðu svo að biðja ríkisstj. að styrkja sig aftur á móti með öðrum hætti. Þá hefði þetta engan tilgang. Það væru bara greiðslur fram og aftur.

Varðandi sjómennina vil ég svo enn fremur segja það, að í viðbót við það, að það sér enginn maður fram á það, að hægt sé að skerða kjör þeirra um 21 millj. kr., miðað við útkomu þeirra s.l. úthald, er það bókstaflega ódrengilegt. Það er stungið rýting í bakið á þeim með því að rifta þeim umsömdu skiptakjörum, sem þeir nú búa við. Hefði verið hægt kannske að þola það, ef þeirra hlutur hefði verið góður s. l. síldarvertíð, og útlit væri fyrir, að þeirra hlutur yrði eins góður eða betri á þeirri komandi, en svo er ekki. Og það vil ég þó vona, að hæstv. ríkisstj. sjái, að það er ódrengilegt með öllu að skerða skiptakjör sjómanna svona með þessari skattlagningu, auk þess sem engar líkur eru til þess, að það sé gerlegt. Það getur bókstaflega leitt til þess, að skipin fari ekki á síldveiðar.

Það hefur verið minnzt á þau mótmæli, sem hér hafa borizt út af þessu máli. Það eru mótmæli frá síldarútvegsnefnd og frsm. meiri hl. sagði, að hún væri ekki aðili að þessum málum og það væri ekki takandi mark á því, þótt hún mótmælti. En það er nú einu sinni svona, að síldarútvegsnefnd er samsett af fulltrúum útgerðarmanna, þar með síldarútgerðarmanna, síldveiðisjómanna og félögum síldarsaltenda, og það eru þessir aðilar, sem hafa leyft sér að mótmæla. Þeim kemur þetta öllum saman við. Hitt er annað mál, hvort síldarútvegsnefnd hefur í mótmælum sínum tekið of djúpt í árinni, eins og hv. 4. þm. Vestf. taldi áðan, þegar hún taldi, að nær hefði verið heldur en að þyngja útflutningsgjöldin og hækka þau á saltsíldinni að fella þau með öllu niður, eins og hún segir. En hvað meinar hún með þessu? Það má vel vera, að þarna sé of djúpt tekið í árinni, því að til þess séu engir möguleikar, en hún meinar það, að þess væri full þörf að létta á þessari atvinnugrein, vegna þess að samkeppnisaðstaða okkar við aðalkeppinautinn, Norðmenn, sé mjög versnandi. Síldin er nú nær Noregsströndum en Íslandsströndum og kostnaðurinn hjá okkur við að gera út á saltsíldarveiðar er stóraukinn, að ég ekki segi margfaldaður, á við það, sem verið hefur, með þeirri aðstöðu, sem við höfum áður haft, en aðstaða Norðmanna til saltsíldarframleiðslu hefur stórbatnað og mun verða vafalaust mjög góð á næsta sumri. Svo greiða Norðmenn fyrir þessu með batnandi aðstöðu þeirra á allan hátt með styrkjum, en við þyngjum skattana, þegar svona stendur. Það er ekki skynsamlegt, þegar við stöndum svo höllum fæti í samkeppninni við Norðmenn um saltsíldarmarkaðinn, sem við nú gerum. Það jafnar metin Norðmönnum í hag, ofan á allt annað, og það vil ég segja, að sé ekki skynsamlegt.

Það verður ekki vel komið hag útgerðarmanna, sem gera út á síld á næsta úthaldi, ef þeir þurfa eingöngu að byggja á tekjunum, sem þeir fá fyrir síldarmjöl og síldarlýsi, ef ekki verður hægt að bjarga neinu verulegu magni af síld til söltunar, sem hefur þó verið þeirra helzti tekjugrundvöllur á undanförnum árum og mun lengst af verða það. Það mundi heldur ekki verða til bóta fyrir okkar þjóðarbúskap, ef öll vinna við saltsíldarverkun hér legðist niður, en allar líkur eru til, ef á að vera hægt að tryggja einhverja saltsíldarverkun á söltunarstöðvunum hér á Íslandi næsta sumar, að þá verði það að gerast með enn stórauknum tilkostnaði, sem hlýtur að leggjast á útgerðarmenn og sjómenn, þ. e. a. s. með síldarflutningaskipum, sem sérstaklega eru gerð út til þess hlutverks, en sem líkur eru til að kosti tugi milljóna, og vitað er að leiga slíks skips og rekstrarkostnaður mundi kosta marga tugi milljóna, sem kæmi þá á útgerðarmenn og sjómenn í viðbót við allan kostnað, sem á þá hefur lagzt áður í sambandi við þennan atvinnurekstur.

Ég get ekki varizt þeirri hugsun, að hér sé stefnt í öfuga átt og í algjöra ófæru með þeim auknu skattálögum á útgerðarmenn og sjómenn, sem hér er um að ræða. Það, sem hefði þurft að gera, er vitanlega það, að snúa sér að því að leiðrétta það tryggingakerfi, sem menn viðurkenna almennt að sé óskynsamlega upp byggt, þannig að það eru aðrir, sem stofna til tjónanna, heldur en eiga að greiða, og þegar ábyrgðin leggst á annarra herðar, þá er ekki á góðu von, enda verðum við nú að súpa seyðið af því. Það er upplýst hér, að tjónin séu tvöföld, hv. 4. þm. Vestf. sagði þreföld, á við það, sem þekkist annars staðar og það getur ekki verið normalt. Það hlýtur að vera vegna veilu í kerfinu sjálfu og þá má það ekki dragast stundinni lengur, að slíkt kerfi sé skorið upp og því komið á heil-

brigðan grundvöll. Ef það er rétt, að þarna séu ýmsir óprúttnir útgerðarmenn að nota sér veilurnar í þessu kerfi og dragi til sín stórar fjárfúlgur í gegnum tjónakröfur vegna tjóna, sem séu í sumum tilfellum þeim sjálfum að kenna, hirðuleysi þeirra, vangæzlu eða bókstaflega hlutir, sem alls ekki eiga að bætast af tryggingum almennt, heldur séu hluti af þeirra viðhaldskostnaði, þá er í raun og veru verið að afla fjár á kostnað útgerðarmanna og sjómanna til þess að láta renna í vasa þessara manna, sem misnota sér kerfið, og þá fer féð ekki í góðan stað niður. Það hefði sýnzt svo, að allra manna sjónir beindust að því að koma í veg fyrir vaxandi misnotkun í stað þess að fara þá leið að útvega meira fé frá útgerðarmönnum og sjómönnum til þess að láta renna í þessa svikahít.

Ég var staddur í Færeyjum fyrir nokkrum árum síðan og hitti þar forstjóra tryggingarinnar í Færeyjum og hann sagði mér, að það linnti aldrei látum hjá sér, því íslenzkir útgerðarmenn væru alltaf að spyrjast fyrir um það, hvort ekki væri mögulegt að tryggja íslenzk fiskiskip í Færeyjum, iðgjöldin hjá þeim í Færeyjum væru margfalt lægri en hjá okkur, og spurðist fyrir um það, hvort þetta væri rétt, að iðgjöldin hjá útgerðinni hér væru margfalt hærri en þar og hvernig það gæti verið, þeir hefðu ekki betri hafnir eða aðstöðu til að vernda skipin í Færeyjum en er á Íslandi og skildi bókstaflega ekki í þessu. Hann hafði vitanlega sagt öllum þessum íslenzku útgerðarmönnum, að það væri útilokað, tryggingafélagið í Færeyjum, sem mun vera ríkisrekið, tryggði eingöngu færeysk skip, sem hefðu heimilisfang sitt í Færeyjum, en hann skýrði frá því, að ásóknin héðan, vegna þess hvað iðgjöldin væru hér há, væri sífelld og látlaus og er það skiljanlegt, þegar iðgjöldin hækka hér og tjónabætur eru svo óstjórnlegar sem upplýst hefur verið, margfalt á við það sem þekkist nokkurs staðar annars staðar.

Ég tel það verst við þetta frv., að hér á að skattleggja sjómenn, sem ekki eru aflögufærir, og útgerðarmennina líka, sem heldur eru ekki aflögufærir, og stofna þessum atvinnuvegi í hættu, vegna þess að samkeppnisaðstaða okkar hefur aldrei verið veikari en hún er nú og lítur út fyrir að verða á komandi sumri gagnvart okkar hættulegustu keppinautum á saltsíldarmarkaðnum, og það ódrengilega við þetta er, að það er verið að raska skiptakjörum sjómanna þeim í óhag og það er í raun og veru komið alveg í bakið á þeim með slíkt. Og ég hefði haldið, að hæstv. félmrh., í þessu tilfelli sjútvmrh., vildi ekki standa að slíkri atlögu að sjómönnum og þá telur hann sig vera í miklum nauðum staddan sýnilega, þegar hann þó gerir slíkt. Það gleður mig að vísu að heyra það, að hæstv. ráðh. lofar því, að nú skuli gluggað í þetta tryggingakerfi og gefur í skyn, að nú verði undinn að því bráður bugur að leiðrétta það og laga, en ég álít, að það hefði átt að einbeita kröftum sínum að því og finna lausnina á þann veg, en ekki í gegnum það að útvega meira fé í þetta spillta kerfi.

Að svo mæltu skal ég láta útrætt um þetta mál. Mig langar ekki til þess að teygja lopann um það á nokkurn hátt, en ég tel málið slæmt að tvennu leyti: Í fyrsta lagi er sótzt eftir tugum milljóna til þeirra, sem ekki eru færir um að taka á sig auknar byrðar, síldarsjómenn og síldarútgerðarmenn, og í annan stað er það ódrengilegt, vegna þess að hér er ráðizt að skiptakjörum, sem eru um samin milli útgerðarinnar og sjómanna, og það er ætlazt til þess, að þessum samningsbundnu kjörum sé riftað sjómönnum í óhag, meðan hagur þeirra stendur mjög illa fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21:11 atkv.
Brtt. 652 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.
3. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:5 atkv.

Á 103. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 697).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:1 atkv. og endursent Ed.

Á 100. fundi í Ed., 20. apríl, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 697 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 702).

---

56. Sala Hóls í Ölfusi.

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hól í Ölfusi í Árnessýslu [29. mál] (þmfrv., A. 29).

Á 11. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, var flutt á síðasta þingi, en var þá seint fram komið og varð ekki útrætt og er nú endurflutt að efni til óbreytt. Efni þess er samkv. 1. gr., að farið er fram á heimild til handa ríkisstj. til að selja frú Markúsínu Jónsdóttur, ábúanda

jarðarinnar Egilsstaða í Ölfusi, eyðijörðina Hól í sama hreppi. Meðmæli hreppsnefndar Ölfushrepps liggja fyrir og eru prentuð með frv. sem fskj. og hljóða þannig, með leyfi forseta:

„Hreppsnefnd Ölfushrepps mælir með því, að eiganda og ábúanda á Egilsstöðum í Ölfusi, Markúsínu Jónsdóttur, verði seld eyðijörðin Hóll, sem er eign ríkisins og ein af jörðum Arnarbælistorfunnar.

Jörðin hefur ekki verið í ábúð um langan tíma, en nokkur hluti hennar (túnið) hefur verið nytjað frá Egilsstöðum. Tún jarðanna eru samliggjandi. Er því eðlilegt, að jörðin sameinist Egilsstöðum, enda Egilsstaðir seldir úr Arnarbælistorfunni á sínum tíma."

Þetta er undirritað af Hermanni Eyjólfssyni, oddvita Ölfushrepps.

Ég gerði grein fyrir frv., þegar það var lagt fram á síðasta þingi og sé ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu lengri, en leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til landbn. með 30 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 128).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Landnámið, jarðeignadeildin og öll landbn. Nd., þ. e. a. s. þeir, sem á fundi voru, mæla með, að þetta frv. verði samþ., og geri ég ráð fyrir, að það sé óhætt fyrir hv. d. að fylgja dæmi þessara aðila og samþykkja frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 3. umr. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., 14. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 42. fundi í Ed., 18. jan., var frv. tekið til 1. umr. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 229).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. það til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja eyðijörðina Hól í Ölfusi í Árnessýslu, sem hér liggur fyrir til umr., er komið frá Nd. og fékk þar þá afgreiðslu, sem frv. ber með sér, var samþ. þar. Landbn. hv. Ed. hefur athugað þetta mál, og eins og nál. á þskj. 229 ber með sér, mælir n. með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þetta frv. Það hefur fengið athugun í báðum deildum, en þó er vert að geta þess, að Arnarbæli í Ölfusi hefur, sem kunnugt er, verið mikil og góð bújörð í langan aldur, þó að nú sé skipt um þar á þeim stað, þar sem búrekstur á jörðinni hefur fallið að mestu niður, en búseta og búskapur hefur haldizt á nokkrum þeirra jarða, sem undir staðinn lágu. Meðal þeirra er jörðin Egilsstaðir í Ölfusi. Þar er búið núna snotru búi á ekki stórri jörð, og eins og yfirlýsing hreppsnefndarinnar í Ölfushreppi ber með sér, sem prentuð er sem fskj. með frv., hefur á allmörgum undangengnum árum tún eyðijarðarinnar Hóls verið nytjað frá Egilsstöðum til stuðnings við búskapinn á þeirri jörð. Hóll hefur um langan aldur verið í eyði og er lítil jörð. Það þykir því einsætt þeim, sem þetta mál skoða, að það beri að styrkja búskaparaðstöðuna á Egilsstöðum með því að verða við beiðni ábúandans um það að fá eyðijörðina Hól keypta.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta nál. eða lagafrv. í heild, en eins og nál. ber með sér, leggur landbn. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 3. umr. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 253).

---

57. Umferðarlög.

Á 11. fundi í Ed., 2. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958 [36. mál] (þmfrv., A. 36).

Á 12. fundi í Ed., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 36 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á umferðarlögum nr. 26 frá 2. maí 1958. Breyt. er við 5. gr. l., þar sem talin eru upp þau öryggistæki, sem vera eigi í bifreiðum, og gengur frv. út á það, að í lok þeirrar upptalningar verði bætt við nýjum staflið svo hljóðandi: „Öryggisbelti fyrir ökumann og farþega í framsæti.“ Ég vil leyfa mér með örfáum orðum að gera grein fyrir þessu frv., hvers vegna það er flutt og hvað ætlazt er til, að náist með flutningi þess og samþykkt.

Það er vitað, að í mörgum nágrannalöndum okkar Íslendinga hefur það mjög farið í vöxt, að ákveðið sé með lögum, að í bifreiðum skuli vera öryggisbelti fyrir ökumann og farþega. Þetta er byggt á þeirri reynslu, að með vaxandi umferð og fjölda ökutækja hafi slysahætta stóraukizt, með vaxandi umferðarhraða hafi slysin enn fremur með ári hverju orðið alvarlegri og alvarlegri, þannig að menn sjá nauðsyn þess að gera ráðstafanir til þess að draga úr þeim hættum, sem þeim eru samfara. Ég hef hér undir höndum talsverð gögn, sem sanna þetta. Ég mun ekki þreyta hv. þdm. á því að gera grein fyrir nema mjög litlu af því, en er fús til þess að afla þeirri n., sem væntanlega fær frv. til meðferðar, allra þeirra hjápargagna, sem hún telur þörf á, en mig langar til þess að minnast á, til þess að sýna þetta, aðeins eina rannsókn, sem mér er kunnugt um niðurstöður af. Það er rannsókn, sem Volvo-verksmiðjurnar létu fara fram í Svíþjóð á s.l. ári. Volvo-verksmiðjan hefur sérstakt tryggingafélag og það er á vegum þess tryggingafélags, sem þessi rannsókn hefur farið fram. Það voru rannsökuð 28 þús. bílslys í Svíþjóð. Þau voru rannsökuð við sérstaklega hagstæðar aðstæður, vegna þess að tryggingafélagið tók að öllu leyti þátt í rannsókninni og aðstoðaði á allan hátt við hana. Þess vegna verður að taka á henni mjög mikið mark.

Það kemur í ljós við þessa rannsókn, að flest slysin eða meðalslys gerist við aðeins 30 km hraða á klst. og kostnaðurinn við viðgerðir og slíkt er um 11 þús. ísl. kr. Í þessum 28.780 bílslysum lentu 42.813 manns, þ. e. a. s. 28.780 ökumenn, 8.731 farþegi í framsæti og 5.302 farþegar í aftursæti. Það kom fram við þessa rannsókn, sem menn höfðu raunar lengi vitað, að hættulegasta sæti í bifreiðinni er framsætið við hliðina á bifreiðarstjóranum. Það sýndi sig vera 50% hættulegra heldur en bílstjórasætið miðað við 50 km hraða á klst. og 22% hættulegra miðað við 100 km hraða á klst. Aftursætin eru ekki nærri eins hættuleg í þessu sambandi, þó að ég hirði ekki um að geta um þær tölur, sem þessi rannsókn sýndi. En skipting slysanna samkv. þessari rannsókn varð svona: Bifreiðarstjórarnir voru, eins og ég áður sagði, 28.780. Af þeim voru 76% án öryggisbeltis, en 24% með belti. Af þessum 76%, sem voru án öryggisbeltis, dóu 37, 263 meiddust mikið, 835 meiddust lítið, en í þeim tilfellum þar sem öryggisbelti var notað, sem voru 24% af heildartölunni, dóu 2, 51 meiddist mikið og 175 meiddust lítið. Má sjá af þessu, að notkun öryggisbeltanna hefur geysilega mikið dregið úr slysahættunni. Farþegar í framsæti voru 8.731. Af þeim voru 71% án öryggisbeltis og niðurstöður rannsóknarinnar eru þannig, að farþegar í framsæti létust 12, 160 meiddust mikið, 439 meiddust lítið, en í þeim tilfellum, þar sem öryggisbelti var notað, lézt 1, 22 meiddust mikið, en 109 meiddust lítið. Þessi rannsókn var einnig látin ná til skiptingar meiðslanna eða slysanna, og niðurstaðan af þeim rannsóknum sýnir það, að þegar um höfuðkúpubrot er að ræða, lækkar slysaprósentan um 69% fyrir ökumanninn en 88% fyrir farþegana í framsætinu. Alvarlegir andlitsáverkar minnkuðu um 43% hjá ökumanni, en 83% hjá farþega og alvarlegir brjóstáverkar minnkuðu um 29% fyrir ökumanninn og 59% fyrir farþega í framsætinu. Eins og ég sagði áðan, eru þetta þau tvö sæti, sem hættulegust hafa reynzt fyrir þá, sem lenda í umferðarslysum, bifreiðastjórasætið og framsætið, og það frv., sem hér er lagt fram, er í samræmi við það og með hliðsjón af þeirri niðurstöðu miðað við það, að þessi skylda nái í fyrstu lotu a. m. k. aðeins til þeirra, sem sitja í þessum sætum í bifreiðinni, þ. e. a. s. ökumanns og farþega í framsætinu.

Það mætti náttúrlega tilgreina margt fleira til rökstuðnings þessu. T.d. var það lögleitt þann 1. apríl s. l. í Bretlandi að slík öryggistæki skyldu vera í bifreiðum. Þeir fóru nokkuð öðruvísi að heldur en hér er lagt til. Þeir lögðu til að lögfesta öryggisbeltin í áföngum, þannig að skyldan næði aðeins til þess, að beltin væru í nýjum bifreiðum, sem teknar væru í notkun eftir gildistöku laganna. Þessi lagasetning í Bretlandi átti sér kannske ekki hvað sízt þær forsendur, að samtök bifreiðaeigenda í því landi, AA, lögðu mjög mikla áherzlu á að fá þennan öryggislið samþykktan, og í dreifibréfi, sem ég hef undir höndum frá þeim samtökum, segir svo um notkun þessara belta, með leyfi hæstv. forseta. Ég skal ekki lesa nema brot af því, sem þar segir:

„Hættan á því að lenda í umferðarslysi verður meiri með degi hverjum, eftir því sem fjöldi bifreiðanna á vegunum vex. Ymsir ábyrgir aðilar hafa verið að rannsaka leiðir til að draga úr umferðarslysum, og því hefur nú verið slegið föstu, að öryggisbeltin eru það, sem bezt dugar í því efni. Niðurstöður nýlegrar rannsóknar á vegum British Road Research Laboratory sýna, að beltin geta minnkað um 80% dauðaslys og önnur meiri háttar slys þeirra, sem í bifreiðinni eru. Önnur öryggistæki, eins og t. d. höfuðpúðar, geta verið þýðingarmikil, en geta þó aðeins verið hjálpargögn með sjálfum öryggisbeltunum.

Nú á dögum er auðvelt að koma fyrir öllum tegundum öryggisbelta á ódýran hátt, þar sem nærri því allir nýbyggðir bílar hafa innbyggðar festingar. Séu þær ekki fyrir hendi, tekur það auðvitað lengri tíma að bora nauðsynlegar holur og festa beltin, en það er þó á engan hátt erfitt. Nákvæmar leiðbeiningar fylgja með frá fram-

leiðendum og allir geta farið eftir þeim. Það er sem sé hvorki dýrt né erfitt að koma þessum beltum fyrir", segir þetta viðurkennda blað brezku bifreiðaeigendanna.

Það er vitað, að þeir læknar, sem helzt hafa orðið að taka við fórnardýrum umferðarslysanna, hafa lengi lagt ríka áherzlu á það, að þessi öryggistæki yrðu tekin í notkun. Ég hef ekki hér við hendina skriflegar yfirlýsingar frá íslenzkum læknum, sem ganga í þessa átt, en ég hef átt tal við nokkra þeirra og þeir hafa allir lýst sig mjög samþykka því, að þessi belti yrðu tekin í notkun. En ég hef hér undir höndum viðtal við danskan lækni, sem birtist í tímariti dönsku bifreiðaeigendanna, Motor, þann 28. f. m., það er sem sagt viku gamalt. Þetta viðtal er við prófessor dr. med. Jörgen Dalgård og hann er forstöðumaður Retsmedicinsk Institut í Århus. Með leyfi forseta ætla ég að geta um aðeins örlítið af því, sem hann segir í þessu sambandi:

Ég ek aldrei meira en 200 m án þess að spenna öryggisbeltið. Ég hef öðlazt sérstaka reynslu af þeim kringumstæðum, sem verða, þegar slys ber að höndum, vegna þess að starf mitt hér við stofnunina er einmitt að hluta fólgið í því að rannsaka dauðaslys vegna umferðaróhappa. Gegnum þetta starf mitt hef ég algerlega sannfærzt um það, að notkun öryggisbelta er það, sem allra bezt reynist til að draga úr slysahættunni. Ég hef séð ótal manneskjur láta lífið á meiningarlausan hátt, þar sem notkun öryggisbeltis hefði í sumum tilfellum án efa og í öðrum tilfellum a. m. k. mjög líklega getað komið í veg fyrir banaslys. Öryggisbeltin geta auðvitað ekki hindrað öll meiðsli, en þau geta komið í veg fyrir þau verstu og dregið úr öðrum. Öryggisbeltin tryggja fyrst og fremst að farþeginn hendist ekki til og hindra það yfirleitt, að ökumaður skelli fram á stýrið, en það hefur í mjög mörgum tilfellum haft hinar alvarlegustu afleiðingar. Þá getur notkun beltanna mjög oft orðið til þess, að fók missi ekki meðvitund og verði þannig sjálft fært um að bjarga sér út úr samanklemmdum eða brennandi bíl, þannig að björgun er ekki alveg eins háð því, hversu fljótt utanaðkomandi hjálp kann að berast. Ég mæli eindregið með notkun beltanna í innanbæjarakstri einnig, vegna þess að árekstrar geta valdið óþægindum og meiðslum, jafnvel þótt hraði ökutækjanna sé ekki mikill."

Og þetta staðfestir það, sem ég áðan vitnaði til í rannsókn Volvo-verksmiðjanna sænsku um það, að meðalhraðinn í umferðarslysunum er yfirleitt ekki mjög hár.

Í sama blaði er einnig vitnað í viðtal við forstöðumann augnsjúkdómadeildarinnar á ríkisspítalanum danska í Kaupmannahöfn. Hann segir, að þangað komi vaxandi fjöldi sjúklinga með hræðilegar augnskemmdir, oft og tíðum bæði augun skorin af framrúðu bifreiðarinnar. Þessi slys segir hann að gerist oftast í borgunum og flest þeirra við minni háttar umferðaróhöpp. „Öllum þessum slysum hefði mátt afstýra, ef öryggisbelti hefðu verið notuð", er haft eftir yfirlækninum á ríkisspítalanum danska, augnsjúkdómadeildinni, dr. med. Jens Edmund. Og hann bætir því við, að það séu sérstaklega farþegar í framsætum bifreiðanna, eins og að líkum lætur, sem fyrir þessum slysum hafi orðið.

Ég hygg því, að það sé fyllilega sannað, að í fyrsta lagi sé vaxandi hætta á umferðarslysum og í öðru lagi séu menn sammála um, að þau öryggisbelti, sem hér um ræðir, séu það heppilegasta, sem fram hafi komið til þess að draga úr alvarlegum afleiðingum þeirra. Þetta er ekkert nýtt mál fyrir okkur Íslendinga, notkun öryggisbelta. Félag ísl. bifreiðaeigenda hefur nokkrum sinnum a. m. k. ályktað um öryggismál og oft minnzt á þessi belti. Ég hirði ekki um að rekja þetta mjög langt aftur. Ég hef ekki upplýsingar um það. Það má vera, að ályktað hafi verið um þetta eitthvað fyrr, en ég ætla að leyfa mér að vitna til stefnuyfirlýsingar þessa félagsskapar frá 21. jan. 1966, en þar segir svo um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Unnið verði að því að taka öryggisbelti bifreiða í almenna notkun hér á landi. Í því skyni er eðlilegt, að tollur verði felldur niður á öryggisbeltum."

Aftur er vikið að þessu atriði á landsfundi, sem stjórn FÍB hélt með umboðsmönnum félagsins 19.—20. nóv. 1966. Þar segir svo, að öryggisbelti verði almennt notuð í bíla. Fundurinn telur, að nauðsyn beri til þess að lækka toll á ýmsum hlutum tilheyrandi öryggisútbúnaði bifreiða og vill í því sambandi sérstaklega benda á nauðsyn þess, að naglar í snjódekk og öryggisbelti verði sett í lægsta tollflokk og að settar verði reglur um það, að fólksbifreiðar verði ekki fluttar til landsins öðruvísi en það séu festingar fyrir öryggisbelti og einnig e. t. v. öryggisbelti í þeim, þegar þær koma til landsins. Enn er þetta áhugamál félagsins áréttað í ályktun, sem gerð var á fyrsta landsþingi félagsskaparins í Borgarnesi 23. — 24. sept. s. l. Þar segir:

„Þingið bendir á, að mikilvægt atriði til varnar slysum er það, að settar verði reglur um, að fólksbifreiðar, sem fluttar verða til landsins, verði með öryggisbeltum, öryggisstýri og tvöföldu hemlakerfi og að öryggisbelti verði sett í lægsta tollflokk."

Þannig er það ljóst, að bifreiðaeigendum hefur verið það allríkt í huga undanfarið 1 — 1½ ár að koma þessari öryggisráðstöfun á framfæri. Þeir hafa að vísu viljað binda hana nokkrum skilyrðum. Þeir hafa viljað gera þessi öryggistæki ódýrari til þess væntanlega að vekja almennari áhuga fyrir þeim og gera uppsetningu þeirra auðveldari. Ég skal ekki um það segja, hversu mikið félaginu hafi orðið ágengt í því að fá menn til að taka upp notkun öryggisbeltanna af frjálsum vilja. Ég hygg þó, að það sé ekki mjög mikið enn, sem komið er. Að vísu mun vera talsvert um þessi tæki í nýjum bifreiðum hér, en ég hygg, að notkun þeirra sé næsta óalgeng enn sem komið er, og þó að sá áróður og kynning, sem haldið hefur verið uppi fyrir þessi öryggistæki, hafi ekki fengið hljómgrunn enn sem komið er a. m. k. og ég hygg, að það mundi taka alllangan tíma að vinna þessu öryggistæki fylgi, ef

það ætti einungis að styðjast við frjálsa kynningu og áróður, ef það mætti kalla svo göfugt málefni því ljóta nafni. En það er þess vegna, sem ég hef ráðizt í það að flytja frv. um, að lögfest verði þetta öryggisform.

Það er auðvitað ekki nóg að hafa beltin í bílunum. Það þarf líka að kenna fólki að nota þau og tryggja það, að þau verði notuð, svoleiðis að eftir lagasetninguna sem áður, þó að hún kæmist á, er auðvitað mikið verk óunnið í þessu sambandi, verk, sem ég tel víst, að Félag ísl. bifreiðaeigenda mundi ganga vel fram í að vinna, þ. e. að kynna fólki þessi öryggistæki og útskýra fyrir því, hversu mikið öryggi er fólgið í notkun þeirra. En ég held, að án lagasetningar eða einhverra aðgerða af opinberri hálfu eigi það mjög langt í land, að notkun beltanna verði almenn og mér finnst, að það sé svo mikið í húfi fyrir okkur öll að koma í veg fyrir slysin og draga úr hinum hörmulegu afleiðingum þeirra, að einskis eigi að láta ófreistað í því skyni.

Það hefur verið nokkuð fjallað um kostnaðarhlið þessa máls, og þær ályktanir, sem ég vitnaði hér í áðan, virðast benda til þess, að hér væri um nokkurn kostnaðarauka að ræða, kostnaðarauka, sem kannske væri það mikill, að hann gæti haft áhrif á það, hvort menn hyrfu að þessu ráði eða ekki. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef nú getað aflað mér um kostnaðinn við þessi öryggisbelti, vil ég nú segja, að mér finnst hann næsta léttvægur í þessu sambandi. Vitanlega fylgir þessu þó nokkur kostnaður, því er ekki að neita. Ég hef ekki getað aflað upplýsinga um verð á slíkum öryggisbeltum víða. Ég hef þó hér við hendina upplýsingar um kostnað á enskum öryggisbeltum, sem ég hygg, að séu nokkuð góð. Þau eru a. m. k. af þeirri gerð, sem tímarit bifreiðaeigenda víða hafa talið heppilegust, þ. e. a. s. á þessum beltum, sem almennast er hallazt að núna, eru þrjár festingar í bifreiðunum, þriggja festinga belti mætti kalla þau eða eitthvað slíkt. Algengasta tegund þessara belta, sem nota má í flestar gerðir bifreiða, kostar 383.30 kr. stykkið með tolli og álagningu og sem sagt öllum kostnaði, og þá er gert ráð fyrir, að aðstaða fyrir festingu sé í bílnum. Vanti hana, verður náttúrlega verðið eitthvað hærra. Ef beltin eru hins vegar flutt inn með bílunum, kostar slíkt öryggisbelti í amerískum bíl skv. upplýsingum véladeildar SÍS 335.25 kr. stk. Hvort heldur sem er, 335.25 eða 383.30, hygg ég, að menn geti orðið sammála um, að hér sé ekki um að ræða verulegan kostnaðarauka við kaup bifreiða, sem kosta þetta frá 200—400 þús. kr. algengar tegundir. Ég hygg, að enginn, sem lætur sig þessi mál einhverju varða, geti talið það frágangssök að bæta kannske allt að 1000 kr. við verð bifreiðarinnar, ef með því fæst, eins og ég held fram, stórkostlega aukið öryggi fyrir alla þá, sem hana nota. Svo kostar það auðvitað eitthvað að setja þessi belti í. Ég hef nú ekki upplýsingar um það héðan að heiman, hvað það muni kosta, en ég hef séð áætlun frá dönsku fyrirtæki, sem framleiðir slík belti og lætur setja þau í, og ekki bara áætlun, heldur auglýsingu, þar sem þeir bjóðast til að setja beltin í fyrir 15 kr. danskar, ef aðstaðan er fyrir hendi, en 30 kr. ella. Ef við gætum unnið það á sambærilegan hátt, mundi þetta kosta frá 100—200 kr. á hvert belti, og þá kemur út úr þessu dæmi kostnaðarauki á hverja bifreið, miðað við það, sem frv. gerir ráð fyrir, vegna tveggja öryggisbelta á kr. 383 hvort, sem er eitthvað um 770 kr. og svo 200—400 kr. viðbótarkostnaður við að setja beltin í, og þá held ég, að dæmið sé nú auðreiknað. En hver sem kostnaðurinn væri, hvort sem hann væri nú þessi eða e. t. v. eitthvað minni, ef ríkisvaldið vildi kom til móts við þetta mál með því t. d. að lækka eitthvað tolla á þessari vöru, er það ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er auðvitað öryggið, sem hér er stefnt að.

Þegar ég var að reyna að koma þessu frv. saman, vaknaði auðvitað sú spurning, hversu langt ætti að ganga í þessa átt í fyrstu lotu. Víðast hvar í nágrannalöndum okkar munu þessi belti eiga að vera fyrir alla farþega, sem í bifreið eru. En ég hef lagt hérna til, með hliðsjón af því, hversu slysahættan eða meiðslahættan er stórkostlega meiri í framsætunum og með hliðsjón þá af því, að mönnum kynni kannske að vaxa kostnaðurinn nokkuð í augum, að aðeins yrði stefnt að því að koma beltunum fyrir í tveim sætum bifreiðarinnar til að byrja með — tveim framsætum bifreiðarinnar. Það mátti líka hugsa sér að fara að eins og gert var í Bretlandi, að taka þessi öryggistæki í notkun í áföngum. Ég vil segja það, að fyrir mér er það ekkert aðalatriði, hver af þessum leiðum farin verður, og sjái t. d. hv. n., sem fær málið til athugunar, ástæðu til að setja lög í einu formi frekar en öðru og breyta eitthvað frá því, sem ég hef lagt til, er ég að sjálfsögðu fyllilega til viðtals um það, því að um þetta má deila.

Ég skal svo láta þetta nægja, að sinni a. m. k., um þetta mál. Það má segja, að hér sé ekki um stórt mál að ræða. Hér er vafalaust um það að ræða, sem hv. Alþ. mundi kalla smámál, en þegar betur er skoðað, leynir málið dálítið á sér. Það snertir sjálfsagt flesta. Það veit enginn um það, hver næst lendir í bifreiðarslysi. Bifreiðin er hér orðin almenningseign, flestir heimilisfeður eiga bifreið og allir Íslendingar nota hana að meira eða minna leyti.

Ég hef lagt til, að gildistaka laganna yrði miðuð við breytinguna á umferðinni frá vinstri til hægri, þ. e. að lögin taki gildi þ. 26. maí n. k., en þá á, eins og kunnugt er, að fara hér fram sú mikla og nokkuð umdeilda umferðarlagabreyting. Það er auðvitað sjálfsagt að gera allar þær ráðstafanir, sem hægt er, til þess að sú breyting geti farið sem allra bezt fram og að óhöppin verði sem allra fæst. Ég hef orðið þess var og við allir, að ýmsir óttast nokkuð, að talsverð slysaalda muni rísa hér, þegar þessi breyting á sér stað. Ég er nú ekki þeirrar skoðunar. Ég hef þá trú, að ef breytingin verður vel og heppilega undirbúin, rækilega kynnt, muni hún ekki verða til þess að auka umferðarslysin, a. m. k. ekki í fyrstu lotu, og þessa trú styður náttúrlega óneitanlega reynslan frá Svíþjóð, þar sem umferðarslysunum fækkaði

verulega við það, að breytingin varð. Þeim hefur vafalaust ekki fækkað vegna breytingarinnar, heldur vegna þeirrar miklu kynningar á umferð, sem átti sér stað í sambandi við breytinguna. Ég er á því, að það sé þörf á því fyrir okkur að fá slíka aukna kynningu um umferðarmál, alveg án tillits til þess, hvort henni fylgir breyting úr vinstri umferð í hægri. En hvaða álit, sem menn hafa á þessari breytingu, hvort sem menn eru hræddir við aukinn slysafaraldur af hennar völdum eða ekki, hygg ég, að menn geti sameinazt um það, að allar öryggisráðstafanir beri að viðhafa, og ég vil vona, að þetta atriði, notkun öryggisbelta, verði að dómi hv. alþm. eitt af þeim atriðum, sem til eigi að koma.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að málinu verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 36, n. 259, 260).

Frsm. meiri hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr. varðandi till. þá, að öryggisbelti sé haft í bifreiðum hér á landi og það verði höfuðregla, hefur allshn. þessarar hv.d. haft til meðferðar, og var þetta mál rætt á nokkrum fundum. Það var sent eftirtöldum aðilum til umsagnar: Félagi ísl. bifreiðaeigenda, Framkvæmdanefnd hægri umferðar, Slysavarðstofu Reykjavíkur, Bifreiðaeftirliti ríkisins, Slysavarnafélagi Íslands, Sjóvátryggingafélagi Íslands, Samvinnutryggingum, Hagtryggingu og umferðarlaganefnd.

Svör bárust ekki í tæka tíð frá Hagtryggingu og ekki heldur frá umferðarlaganefnd, en hinir aðilarnir höfðu svarað innan þess frests, sem nefndin hafði veitt. Svör þessara umsagnaraðila eru í meginatriðum á þá lund, að þeir eru hlynntir þeirri breytingu, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, að skylt sé að hafa öryggisbelti fyrir ökumenn og farþega í framsæti bifreiðar.

Þegar mál þetta var afgr. frá allshn., voru tveir nm. fjarverandi. Fjórir nm., sem voru á þessum fundi 1. febr., voru samþykkir því, að þetta frv. yrði samþ. með nokkrum breyt., sem eru á sérstöku þskj., en sjöundi nm. tók ekki afstöðu til málsins að svo stöddu, hv. þm. Sveinn Guðmundsson og mun hann skýra frá sinni afstöðu hér á eftir.

Þær breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði á frv., eru þessar:

Fyrst og fremst að ákvæðið um öryggisbelti í bifreiðum taki einungis til fólksbifreiða, tveggja til sex manna, svo og jeppa-bifreiða. Enn fremur, að bifreiðar í landinu, sem eldri eru en frá 1. jan. 1961, falli ekki undir ákvæðið. Og í þriðja lagi telur meiri hl. allshn. rétt að hafa nokkuð rúman aðdraganda að framkvæmd fyrirmælanna og leggur því til, að gildistökudagur verði ákveðinn 1. maí 1969.

Þá hef ég gert grein fyrir þeim breyt., sem meiri hl. allshn. leggur til, að gerðar verði á þessu frv.

Það þarf ekki að taka það fram, enda hefur það komið fram í ræðu flm. þessa frv. við 1. umr., að það sé mjög til aukins öryggis að hafa belti í bifreiðum með þessum hætti í framsætum, og víða um lönd hafa ákvæði þar að lútandi verið samþ. og sett í lög og þykir það hafa reynzt mjög vel, þar sem rannsóknir hafa farið fram, eftir að öryggisbelti hafa verið tekin upp til notkunar í bifreiðum. Og þessir umsagnaraðilar, eins og ég drap á áðan, sem málið var sent til, hafa einróma lýst þeirri skoðun sinni yfir, að þessi háttur upptekinn mundi verða mjög til öryggis líka hérna hjá okkur. Nú vil ég geta þess, að annar sá umsagnaraðili, sem sendi ekki svar innan hins tiltekna frests, sem n. hafði ákveðið, hefur nú sent hingað inn til þingsins umsögn sína. Og að sjálfsögðu verður að ætla þá umsögn, þegar hún er fram komin, mjög þess virði, að hún sé tekin sérstaklega til athugunar, en það er umsögn frá umferðarlaganefnd. Svar þeirrar nefndar liggur hérna fyrir, en hefur ekki verið tekið til athugunar enn í allshn. Þetta er töluvert mál, sem hér er um að ræða, og ég ætla því aðeins að fara lítillega í gegnum svörin um þau atriði, sem ég tel, að skipti mestu máli.

Umferðarlaganefnd segir m. a., að á síðari árum hafi það verið leitt í ljós með vísindalegum rannsóknum og tölfræðilegum upplýsingum, að notkun öryggisbelta hafi aukið öryggi í för með sér, þegar slys verða og hafi í mörgum tilvikum komið í veg fyrir líkamstjón og dregið úr því.

Um rannsóknir, sem n. bendir á í bréfi sínu, að gerðar hafi verið, segir hún m.a.: „Athugun í Kaliforníu á 9717 slysum sýndi, að hætta á alvarlegum og banvænum slysum minnkaði um 35%, ef ökumaður og farþegi í framsæti notuðu öryggisbelti.“

Þá er getið um slíkar rannsóknir í Suður-Svíþjóð og þar segir: „Gerður var samanburður á 424 ökumönnum með öryggisbelti og 288 án beltis. Af þeim, sem notað höfðu belti, lézt enginn, en 8 af þeim, sem ekki notuðu belti.

Og þá er í þriðja lagi getið um rannsókn, sem fór fram í Árósum á 100 dauðaslysum, sem vörðuðu 53 ökumenn og voru rannsökuð sérstaklega með tilliti til þess, hvort notkun öryggisbelta hefði getað forðað dauða. Tvær sjálfstæðar athuganir leiddu í ljós, að annars vegar 38 og hins vegar 39 eða um 70% þeirra, sem létust, hefðu getað haldið lífi, ef þeir hefðu notað öryggisbelti. Þá er líka getið um umfangsmiklar rannsóknir, sem Volvo-verksmiðjurnar í Svíþjóð létu framkvæma, og þær lúta að líkri eða sömu niðurstöðu og áður er getið. Þá segir umferðarlaganefnd í þessu bréfi sínu, að hún telji æskilegt, að sett verði lagaákvæði um öryggisbelti í bifreiðum. En það sé spurning, hvort slík ákvæði skuli ná til allra bifreiða. Reynsla sú, sem fengizt hefur af notkun öryggisbelta í fólksbifreiðum, er á þann veg, að rétt þykir að lögbjóða hið fyrsta öryggisbelti í þeirri gerð bifreiða, þ. e. a. s. í fólksbifreiðum. Svo segir áfram í bréfinu, að slysa-

hætta við árekstur sé verulega minni fyrir farþega í aftursæti en í framsæti og n. sé þeirrar skoðunar, að ekki sé þörf á því að svo stöddu að gera kröfur um öryggisbelti nema í framsæti. Þá segir n. enn fremur, að hún telji eigi næg rök fyrir því að krefjast öryggisbelta í stórum fólksbifreiðum og vörubifreiðum, þótt síðar geti komið til álita að krefjast þess. Og loks leggur n. til, að ákvæðið taki til allra bifreiða, sem skráðar verða í fyrsta sinn eftir 1. jan. 1969, þ. e. a. s. fólksbifreiða og bifreiða af svipaðri gerð, en er ekki látið varða þær bifreiðar, sem skráðar eru í landinu og eru í notkun fyrir 1. jan. 1969.

Þessar till., sem umferðarlaganefnd gerir, eru að vísu sumar afar svipaðar þeim, sem um ræðir hér á þskj. 260, brtt. frá meiri hl. allshn., en þær ganga um margt lengra, um sumt eru þær þrengri. Við í meiri hl. gerum till. um það, að þetta nái aðeins til fólksbifreiða, 2—6 manna. Umferðarlaganefnd aftur á móti leggur til, að það nái til bifreiða, sem eru fyrir 8 manns. Við í meiri hl. leggjum til, að öryggisbelti nái til allra bifreiða, fólksbifreiða og jeppa-bifreiða, sem yngri eru en frá 1. jan. 1961, en eldri bifreiðar, sem eru á skrá og í notkun, falli undan ákvæðinu.

Það var mjög leitt, að svar umferðarlaganefndar skyldi ekki ná til allshn. í tæka tíð, en við því var ekkert að segja. Við í allshn. litum þannig á, að við gætum ekki beðið eftir svörum mjög fram yfir þann tíma, sem skammtaður er umsagnaraðila, og við teljum, að það ætti almennt að gilda í sambandi við nefndarstörf, þegar leitað er umsagnar aðila, að svörum sé skilað fyrir ákveðinn tíma, sem er sá frestur, sem er veittur, og ef ekki komi fram svör innan hans, sé ekki tekið tillit til þess, sem annars væri, og þeirri reglu höfum við haldið hér. Hins vegar vil ég, og ég hygg að ég megi segja fyrir hönd okkar fjórmenninganna í n., leggja til, að þessu máli verði frestað hér, 2. umr. þess, til þess að n. í heild hafi tækifæri til þess að skoða umsögn umferðarlaganefndar og íhuga málið betur og sjá til, hvort ekki getur orðið samkomulag innan allshn. um brtt., sem flestir eða allir gætu fallizt á.

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Ég er samþykkur frsm. um það að fresta þessu máli og vísa því aftur til n. Annars hafði ég hugsað mér að lýsa hér brtt., sem ég ætlaði að koma með við 3. umr. málsins, en sem ég tel nú, að ekki sé ástæða til. Betra er, að við ræðum það frekar í n., fyrst lagt er til að fresta umræðunni. Ég vil þó aðeins lýsa yfir, vegna ummæla frsm., er hann taldi, að svör umferðarlaganefndar hefðu ekki borizt í tæka tíð, að það var fullkomin ástæða til þess. Það hafði láðst að senda umferðarnefnd þetta lagafrv. til umsagnar. Umferðarlaganefnd fékk ekki bréf frá allshn. fyrr en 16. des. og skilaði sínu áliti 6. febr., eftir að hafa verið búin að leita mjög umfangsmikilla upplýsinga frá mörgum löndum. Ég skal svo ekki orðlengja þetta, og frv. verður þá vonandi vísað til n. aftur.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er ástæðulaust af minni hálfu að vera að lengja umræður um þetta mál, með því að ég er algerlega sammála því, sem hv. frsm. meiri hl. allshn. sagði hér áðan, að eðlilegasta málsmeðferðin er vafalaust að taka málið til endurnýjaðrar athugunar í allshn., með hliðsjón af þeim svörum og ábendingum, sem umferðarlaganefnd nú hefur sent. Ég vil aðeins, áður en lengra en haldið, þakka samnefndarmönnum mínum í hv. allshn. fyrir góðar undirtektir um þetta mál, bæði þeim, sem skrifa undir nál. á þskj. 259, og raunar einnig þeim, sem ekki gera það, ekki voru tilbúnir til þess, þegar nál. var afgr., en hafa frá upphafi, flestir held ég að mér sé óhætt að segja a. m. k., sýnt málinu velvild og skilning. Ég tel alveg ástæðulaust, þegar málið nú hefur fengið þessar undirtektir, að flytja hér á ný rökstuðning fyrir nauðsyn þess, sem frv. fjallar um. Hún hefur ekki verið dregin í efa, þvert á móti undirstrikuð rækilega af öllum þeim, sem málið hafa fengið til umsagnar, og ekki sízt af sjálfri umferðarlaganefnd, sem, eins og hv. frsm. gat um, rekur talsvert fyllra en ég gerði í minni framsöguræðu það, sem gerzt hefur erlendis í þessu máli og allt hnígur að því að sanna ágæti þessara öryggistækja. Ég vil aðeins, áður en þessari umr. er frestað, taka það fram, að ég hef frá upphafi verið mjög hlynntur því að leita að beztu lausn á þessu máli og alls ekki haldið því fram, að ég hafi hitt á hana í frv. Ég tók það þvert á móti fram við 1. umr., að ég væri fús til samninga um hvaða breytingar á þessu máli, sem til heilla mættu horfa að beztu manna yfirsýn, og það er þess vegna, sem ég flyt sjálfur ásamt þrem meðnefndarmönnum mínum í allshn. brtt. á þskj. 260. Þar eru nokkrar takmarkanir á því, sem í frv. er ráðgert, sem við nánari athugun virðast eiga fullan rétt á sér. Nefnilega sú í fyrri töluliðnum, að skyldan nái aðeins til fólksbifreiða 2—6 manna og jeppa-bifreiða, og í öðru lagi, að ákvæðið nái aðeins til þeirra bifreiða, sem eru yngri en frá 1. jan. 1961. Ég sé það við nánari athugun, að það er ástæðulaust að vera að leggja fjárhagslegar skuldbindingar á eigendur eldri bifreiða, sem að öllum líkindum verða teknar úr umferð mjög bráðlega.

Þá er augljóst mál, að brtt. í tölulið 2 hlýtur að eiga fullan rétt á sér, vegna þess að málið var borið fram í okt., en nú er kominn miður febr., þegar verið er að fjalla um það í fyrri d. og auðvitað algerlega óhugsandi, að gildistökudagurinn geti orðið 26. maí 1968, eins og frv. gerði ráð fyrir. Og við höfum þess vegna orðið sammála um það að fresta gildistökunni til 1. maí 1969. Umferðarlaganefnd vill gera nokkrar frekari takmarkanir á þessu, og meginbreytingin í hennar máli er sú, að ákvæðið verði ekki látið ná aftur fyrir sig, þ. e. a. s. það verði aðeins látið ná til þeirra bifreiða, sem eru skráðar eftir 1. jan. n. k. Eins og ég gat um, þegar ég ræddi málið við 1. umr., var þetta ein af þeim leiðum, sem mér fannst koma til greina. En mér fannst við nánari athugun, að öryggismálin væru þannig á

vegi stödd, að úrbótin, sem í þessu fælist, væri það brýn, að ástæða væri til að hraða þessu heldur, en það verður auðvitað athugað í n. Ástæðan til þess, að hv. umferðarlaganefnd leggur áherzlu á, að ákvæðið verði ekki látið ná aftur fyrir sig, er fyrst og fremst, að ég hygg, kostnaðurinn, og í sambandi við það vil ég aðeins gera það að umtalsefni, að bifreiðaeftirlitið hefur áætlað þennan kostnað á hvert belti 600—1600 kr. Ég gerði endurnýjaða athugun á þessum kostnaði, þegar þessi umsögn bifreiðaeftirlitsins barst og mér hefur ekki tekizt að fá upplýsingar um það, hvernig sú tala, 1600 kr. á hvert belti, er fundin. Ég hef látið reikna á nýjan leik verð á öryggisbeltum, sem ég gerði að umtalsefni við 1. umr., öryggisbeltum, sem mundu fullnægja skilyrðum bifreiðaeftirlitsins, og vil endurtaka það, að þeir útreikningar, sem ég þá gaf upp, voru réttir, en skv. þeim var verðið fyrir gengisbreytingu 303.90—328 kr., en verðið eftir gengisbreytinguna 423—457 kr., og enda þótt mér sé ljóst, að hér sé um talsverða fjárhæð að ræða, miðað við allan þann fjölda bifreiða, sem í landinu er, er alveg ástæðulaust að vera að gera sér hærri hugmyndir um það heldur en raun er á.

Þetta vildi ég láta koma fram m.a. til athugunar hjá hv. n. En að öðru leyti skal ég svo ekki orðlengja þetta frekar, en aðeins styðja þá till., sem kom fram hjá hv. 4. þm. Sunnl., að umr. yrði frestað og málið athugað á ný í hv. allshn. með hliðsjón af svari umferðarlaganefndar, sem ég auðvitað fyrir mitt leyti er mjög fús að hafa til hliðsjónar í málinu.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Ed., 13. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. tók þetta mál til meðferðar á fundi í gær og hafði hún þá einnig fyrir framan sig till. umferðarlaganefndar, sem getið var um í fyrri umr. um þetta sama mál. Á þessum fundi voru allir nm. mættir nema hv. 12. þm. Reykv. N. var sammála um það eftir allýtarlega yfirvegun á þessari umsögn umferðarlaganefndar að taka þær till., sem hún hafði fram að færa, til greina og flytja till. um þær breyt., sem umferðarlagan. leggur kapp á, að samþykktar verði. Þær brtt. koma fram hér á þskj. 278. Breytingarnar frá því, sem meiri hl. allshn. hafði fyrst lagt til, eru aðallega í því fólgnar, að öryggisbelti, sem eru eitt höfuðatriði málsins, verði í fólksbifreiðum, sem flytja megi 8 farþega eða færri, og í vörubifreiðum, sem skráðar eru fyrir allt að 1000 kg farmi, þ. e. a. s. sendibifreiðar, og í öðru lagi, að þessar bifreiðar komi inn undir löggjöfina eftir 1. jan. 1969. Auk þess á svo ákvæðið einnig að gilda um kennslubifreiðar og bifreiðar, sem eru leigðar án ökumanns, og í síðasta lagi, að Bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkenni öryggisbelti í þessum bifreiðum. Eins og getið hefur verið um áður í umr. um málið, er það alvitað, að öryggisbelti í bifreiðum eru tíðkuð víða um lönd og m. a. í nokkrum okkar nágrannalanda, og þykir bæði eðlilegt og sjálfsagt, og skýrslur liggja fyrir um það, að þessi belti veita geysimikið öryggi á ýmsa lund. Hins vegar hefur ekki þótt rétt að fara lengra í till. en að miða við öryggisbelti fyrir bifreiðarstjóra og farþega í framsæti, með því m. a. að öryggi þeirra, er sitja í aftursætum bifreiða, er mun meira, eins og skýrslur sýna. Að öðru leyti hefur þetta mál verið það vel kynnt hv. dm., að það er ekki ástæða til þess að ræða það nánar, en allshn. leggur til að brtt. á þskj. 278 verði samþykktar eins og þær liggja þar fyrir.

Herra forseti. Ég vildi bæta því við, að jafnframt þessu eru að sjálfsögðu brtt. frá meiri hl. allshn. á þskj. 260 teknar aftur.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 278, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 260 tekin aftur.

Brtt. 278,1 (ný 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 278,2 (2. gr. falli niður) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 287).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 66. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 287, n. 379).

Frsm. (Magnús H. Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 287, fjallar um breyt. á umferðarl. nr. 26 frá 2. maí 1958. Þetta frv. er upphaflega flutt í Ed. af hv. 11. þm. Reykv., Einari Ágústssyni, og það er, eins og það var í byrjun borið fram, ákaflega stutt og laggott eða þannig, að á eftir stafl. j í 5. gr. l. komi nýr stafl., k, svo hljóðandi: Öryggisbelti fyrir ökumann og farþega í framsæti. Og 2. gr.: Lög þessi öðlast gildi hinn 26. maí 1968.

Allshn. Ed., sem fékk þetta mál til meðferðar, breytti því nú lítils háttar, færði það kannske eins og eitthvað frekar út og víkkaði það svolítið, en efnislega held ég, að ekki sé hægt að segja, að breyt.

hafi í sjálfu sér verið nein, og allshn. Nd., sem fjallaði um þetta mál hér í þessari hv. d., hefur lagt frv. hér fram eins og það kom frá hv. Ed., óbreytt.

Frv. er, eins og ég sagði áðan, um það, að sett verði í bifreiðar öryggisbelti fyrir ökumann og farþega í framsæti, og það er ætlazt til þess, að undir þetta falli allar fólksbifreiðar, jeppar, sendiferðabifreiðar, kennslubifreiðar og bifreiðar, sem leigðar eru út, án þess að ökumaður fylgi. Það er ætlazt til þess, að þau öryggisbelti ein verði tekin gild í þessum tilteknu tilfellum, sem Bifreiðaeftirlit ríkisins veitir sína viðurkenningu.

Upphaflega var svo til ætlazt, eins og ég gat um áðan, að þessi lög öðluðust gildi 26. maí n.k. eða hinn margumtalaða H-dag, en þeim n., sem um þetta hafa fjallað, þótti þessi frestur til gildistökutímans vera of skammur, þannig að niðurstaðan varð sú, að l. skyldu ekki öðlast gildi fyrr en 1. jan. 1969, eða sem sagt um n. k. áramót. Og enn fremur það, að þær bifreiðar einar, sem skráðar væru eftir þann tíma, eftir n. k. áramót, féllu undir þessi ákvæði, þannig að bifreiðar, sem skráðar eru áður koma ekki til með að þurfa að vera með öryggisbelti fremur heldur en þá, að mér skilst, þeim bílstjórum, sem þær eiga og þeim aka, sjálfum gott þykir.

Það er talað um, að þetta sé aðeins bundið við ökumenn og farþega í framsæti. Það þótti ekki rétt að hafa það víðtækara. Hins vegar mun það svo erlendis, þar sem þetta hefur verið tekið upp — og það er töluvert víða og sífellt í vaxandi mæli — að þá mun þetta yfirleitt gilda um alla þá, sem í bifreiðinni eru, bæði ökumann og alla farþega, og að sjálfsögðu er það öruggara. En það þótti hins vegar ekki rétt að fara lengra út í þetta hér heldur en láta það taka til ökumanns og farþega í framsæti, enda má víst segja með töluverðum rétti, að þessir aðilar séu í enn þá meiri hættu en aðrir farþegar í bifreiðinni, þegar árekstrar verða á annað borð.

Það var leitað umsagnar ýmissa þeirra félaga, sem ætla mátti, að hefðu eitthvað til þessara mála að leggja og fengið álit þeirra á þessu frv. Það var leitað umsagnar Félags ísl. bifreiðaeigenda, Framkvæmdanefndar hægri umferðar, Slysavarðstofu Reykjavíkur, Bifreiðaeftirlits ríkisins, Slysavarnafélags Íslands, Sjóvátryggingafélags Íslands, Samvinnutrygginga, Hagtryggingar og umferðarlaganefndar. Engin svör bárust frá tveimur þessum aðilum, Hagtryggingu og umferðarlaganefnd, en á hinn bóginn bárust svör frá öllum hinum og þau hnigu öll í þá átt að mæla með þessari breytingu.

Það mun nú þegar vera búið að taka þetta upp í ýmsum bifreiðum hér á landi, þó að þær séu að sjálfsögðu miklu færri en hinar, enn sem komið er. En það er fullkomin ástæða til að hvetja bifreiðarstjóra til þess samt sem áður, þó að þeir séu ekki bundnir af neinni lagaskyldu í þessum efnum, að taka upp notkun öryggisbelta, því að það hefur sýnt sig, þar sem reynsla er fengin á þessu erlendis, að það hefur mjög dregið úr slysahættu að taka upp þessi öryggisbelti. Þau eru líka tiltölulega ódýr, þannig að kostnaðurinn ætti ekki að fæla neinn frá því að taka þau upp, enda er það nú svo sem betur fer, að við Íslendingar erum ekki enn komnir á það menningarstig, að okkur þyki hæfa að fjargviðrast út af fjármunum eða kostnaði, þegar um er að ræða að bjarga mannslífum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vil aðeins að lokum taka það fram, að allshn. er einhuga um samþykki sitt við þetta frv.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 411).

---

58. Ættaróðul.

Á 40. fundi í Sþ., 21. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 102/1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða [146. mál] (þmfrv., A. 310).

Á 66. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Oddur Andrésson): Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., er flutt að fenginni reynslu á þeim l., sem frv. tekur til, og vil ég gera grein fyrir því, í hverju breytingarnar felast.

Það er í fyrsta lagi, að kaflafyrirsögn V. kafla, sem í l. er svo hljóðandi: „Um ráðstöfun ættaróðals og erfðir" breytist þannig, að hún verði: „Um lausn úr óðalsviðjum, ráðstöfun ættaróðals og erfðir."

Önnur breytingin er sú, að upphaf 17. gr. téðra l. hljóði þannig:

„Þegar óðalsbóndi verður að bregða búi vegna elli, vanheilsu eða af öðrum þeim ástæðum, sem valda því, að honum er ókleift að halda áfram búskap, er landbrh. heimilt að leysa óðalið úr óðalsviðjum, ef engir þeirra ættingja, sem rétt hafa til óðalsins, vilja taka við því til ábúðar, enda mæli sýslunefnd og Búnaðarfélag Íslands með þeirri ráðstöfun. Samþykki landbrh. lausn óðals úr óðalsviðjum, er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda, er hann kýs, enda hafi þeir, sem forkaupsrétt eiga að lögum, hafnað honum."

Þá kemur sú breyting á næstu málsgr., sem verður þá 2. mgr. l., ef frv. verður að l., að hún hljóðar nú svo: „Þegar óðalsbóndi annars bregður búi eða deyr," en í l. hljóðar hún svona: „Þegar óðalsbóndi bregður búi eða deyr." Það kemur þarna inn eitt orð.

Á þeim fulla aldarfjórðungi, sem liðinn er síðan lög um ættaróðul og óðalsrétt voru sett, hafa orðið mjög róttækar breytingar á öllum þjóðlífsháttum hér á landi. Það er liðin tíð, að það sé eina örugga leiðin til farsællar lífsafkomu á veraldarvísu að komast yfir til eignar og ábúðar sæmilega bújörð og yrkja hana síðan til elli eða æviloka. Óðalsréttur jarðar tryggir að vísu auðvelda endurnýjun ábúenda hennar, ef erfingi eða nánir venzlamenn, sem áhuga hafa fyrir búskap, eru fyrir hendi. En vegna aukinnar fjölbreytni í atvinnumöguleikum er ekki fátítt, að erfingjar óðalsjarða hafi ríkari hneigðir til annarra starfa en búskapar og telji sínum hag betur borgið við þau. Þá er líka brostin undirstaðan að þeirri elli- og örorkutryggingu, sem nákominn viðtakandi óðals á að vera öldruðum og þreyttum eigendum þess samkv. l. Það samrýmist líka heldur illa mannúðarhugsjón nútímans, að aldrað bændafólk, sem ekki á afkomendur, er vilja nýta þess óðal, fái ekki ráðið sér samastað og notið arðs af sínu lífsstarfi sér til framfæris, þó að það sé bundið í umbótum á jörðinni, teljist hún æskileg til ábúðar.

Í 1. gr. umræddra l. er kveðið á um, að til þess að jörð geti orðið óðal þurfi hún að vera svo kostarík, að afrakstur bús, er hún getur borið, ásamt hlunnindum, sem henni fylgja, framfæri a. m. k. meðalfjölskyldu að dómi Búnaðarfélags Íslands. Enn fremur, að jörðin sé ekki að dómi Búnaðarfélagsins stærri en svo, að hún verði að jafnaði fullnytjuð af einum ábúanda. Sumar kostaríkar hlunnindajarðir voru fullnytjaðar á meðan nægur vinnukraftur var fáanlegur í sveitum landsins. Þær er alls ekki hægt að nýta nú við hinar breyttu aðstæður. Aðrar jarðir, t.d. afskekktar dalajarðir með stóru og góðu beitarlandi til fjalls eða heiða, en litlum og erfiðum ræktunarskilyrðum, voru allgóðar undir bú meðan fólk var margt í sveitunum, þótt þær verði vart nytjaðar nú. Þá má einnig hafa það í huga, að lagning vega og raflína til mjög afskekktra staða hlýtur að víkja að sinni fyrir öðrum brýnni verkefnum, en samgöngur og raforka er orðið meginskilyrði fyrir búsetu á jörðum nú til dags. Í áðurnefndum lögum er sýslumönnum falið það erfiða hlutskipti að ráðstafa óðalsjörðum til ábúðar, sem ekki ganga með eðlilegum hætti til erfðaábúðar, og er það oft og tíðum ærinn vandi. Virðist því eðlilegt og er enda nauðsynlegt, að í l. sé ákvæði um ótvíræða heimild til handa landbrh. til að leysa jarðir úr óðalsböndum og veita eigendum þeirra eða arftökum rétt til frjálsrar ráðstöfunar þeirra innan marka, sem ekki skerði hagsmuni viðkomandi sveitarfélags. Hagsmunir þess eru að sjálfsögðu bezt tryggðir með því, að vel sé búið á sem flestum jörðum. Ég hef leitazt við að færa nokkur rök fram fyrir þeirri breytingu, sem frv. kveður á um, en meginrökin má segja í aðeins tveimur orðum, þau eru: breyttir þjóðlífshættir.

Ég vil svo að endingu leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 310, n. 374, 380).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Lagaákvæði þau um óðalsrétt, sem nú gilda, eru að mestu frá 1943, lög nr. 116 30. des. það ár, og endurnýjuð síðan með l. um ættaróðul og ættarjarðir og erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða nr. 102/1962. Tilgangur þessara l. er m. a. sá að koma í veg fyrir, að góðar bújarðir gangi kaupum og sölum og lendi máske í höndum manna, sem meiri áhuga hafa fyrir öðru heldur en búskap. Þó er höfuðtilgangur þeirra sá að tryggja erfingjarétt til jarðar eftir tilteknum reglum og um leið að jarðarverð verði ekki hærra en það, þegar hann tekur við jörðinni, að honum sé tiltölulega auðvelt að standa undir því. Þá eiga l. að koma í veg fyrir það, að erfingjar geti gert kröfu um, að bújörð skiptist í fleiri staði, þegar eigendaskipti verða og erfðir eru gerðar upp. Þegar á þetta er litið, sést, að sá óðalsréttur, sem hér um ræðir, getur stuðlað að því, að sama ætt sitji bújörð langtímum saman. Er það á vissan hátt góðra gjalda vert og mundi valda nokkurri festu í búsetu manna á jörðum af sömu ætt. Hins vegar fylgir sá galli þessum l., að höfundar þeirra hafa ekki gert ráð fyrir eins miklum breytingum á öllum hlutum og orðið hafa nú um 20—30 ára skeið. Þess vegna horfa nú flestir hlutir nokkuð öðruvísi við heldur en var fyrir 20—30 árum. Bújörð, sem þá var talin fullgild til búsetu og eftirsóknarverð, er nú máske orðin allt önnur að því leyti. Hana getur vantað ræktunarmöguleika og hana getur vantað aðstöðu til þess að komast í samband við rafmagn og eins er að segja um samgöngukerfið. Þetta þekkja allir og þarf að sjálfsögðu ekki um það að ræða hér. Þó er annað, sem enn meiri örðugleikum veldur nú, ef óðalseigandinn verður að yfirgefa jörð sína. Fasteignamat það, sem er í gildi nú, mun vera a. m. k. 5—10 sinnum lægra að krónutölu heldur en það var að gildi, þegar l. voru samþykkt. En l. gera frávikalaust ráð fyrir því, að gildandi fasteignamat sé notað eða við það miðað, þegar eigendaskipti og ábúendaskipti verða á þessum jörðum. Eftir l. á fráfarandi að ráðstafa jörð sinni í samráði við sýslumann og undir mörgum kringumstæðum hefur fráfarandi m. a. s. ekkert um þetta að segja, heldur aðeins sýslumaður, ef hann hefur ekki fullnægt öllum skilyrðum, sem l. setja um búsetu á jörðinni.

Samkv. þessum l. eru jarðir gerðar að ættaróðulum með tvennu móti. Í fyrsta lagi þannig, að jarðareigandi ákveður það að gera jörð sína að ættaróðali með þeim skyldum og réttindum, sem því fylgja, og fer þá þá leið, að hann tilkynnir það sýslumanni og sýslumaður gengur síðan frá gjörningi um þetta og þinglýsingu. Í öðru lagi kveða þessi sömu lög svo á, sá kafli þeirra, sem fjallar um sölu þjóð- og kirkjujarða, að ekki megi selja ábúendum slíkar jarðir, nema því aðeins, að þeir skuldbindi sig um leið til að gera þær að ættaróðali. Ég hef ekki í höndum tölur um það, hversu mikið er af óðalsjörðum í landinu, en þær munu ekki vera margar, því að eftir fyrri aðferðinni munu fáir hafa kosið að afhenda jörð sína og gera hana að ættaróðali samkv. þeim böndum, sem þá mundu hvíla á henni. Hins vegar hefur margt af jörðum orðið að ættaróðulum um leið og Jarðeignadeild ríkisins hefur selt þær einstökum mönnum, því að það er bein skylda eftir l., að þeir undirgangist það að fá jarðirnar með því skilyrði að gera þær þegar að ættaróðulum. Eins og þegar er raunar að vikið, mun því óhætt að segja, að þessi lög hafa ekki enn náð þeim tilgangi, sem þeim var ætlað í upphafi, vegna breyttra búskaparhátta og einnig nokkurrar tregðu hjá jarðareigendum að undirgangast þau ákvæði laganna, sem eru óumdeilanlega nokkuð þröng. Þó tel ég ekki rétt á þessu stigi að leggja til, að þessi lög verði afnumin, þó að um það heyrist víða raddir, heldur tel ég nauðsynlegt að rýmka nokkuð þau ákvæði, sem gera það nú mjög örðugt og raunar tæplega mögulegt eftir laganna bókstaf að skipta um eigendur á þeim undir vissum kringumstæðum. En ef sú breyting, sem hér um ræðir, verður samþykkt, tel ég, að fram hjá þessu vandasama atriði verði hægt að komast.

Í l. þeim, sem hér um ræðir, stendur orðrétt þetta ákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

„Söluverð jarðar má ekki fara yfir fasteignamatsverð hennar, en skal þó ekki vera lægra en áhvílandi skuldir og greiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum."

Þetta þýðir það, að bóndi, sem verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu, fær ekki eyri fyrir sína jörð, ef einhverjar teljandi skuldir hvíla á henni. Hvíli hins vegar ekkert á jörðinni, getur hann fengið jafngildi fasteignamats þess, sem nú er, eða sem svarar 1/5 eða 1/10 af því, sem jörðin mundi væntanlega metin, ef fasteignamat væri nú í gildi eitthvað í eðlilegu horfi við breytta tíma. Þessir annmarkar hafa valdið því, að hin síðustu ár hefur orðið mjög örðugt að ráðstafa sumum jörðum á lagalegan hátt. Mér er sagt, að margar slíkar jarðir hafi þó verið seldar, án þess að til kæmu afskipti sýslumanna, og skal ég ekkert um það segja, en það sýnir þá bara aðeins það, að það hefur ekki verið talið framkvæmanlegt að fara eftir ákvæðunum, eins og þau eru nú og eins og tímarnir eru nú.

Landbn. sendi búnaðarþingi þetta frv. til umsagnar og búnaðarþing samþykkti einróma að mæla með, að þessi breyting yrði gerð á óðalsréttarlögunum. Landbn. var einnig sammála um það að mæla með, að frv. yrði samþ. og var alveg sammála um efni þess. Hins vegar kom lítils háttar til umr. í n., að einstaka nm. fannst eitt orð í frv. ekki vera heppilega valið, þ. e. orðið „óðalsviðjar" eða „lausn úr óðalsviðjum". Sumum fannst í því kenna einhvers konar andúðar á l. í heild. Þetta álít ég, að sé á misskilningi byggt. Samsettu nafnorðin „óðalsviðjar" og „óðalsbönd" þýða að mínu áliti nákvæmlega það sama. Tel ég því, að eigi skipti máli, hvort orðið er notað. Það mun liggja hér fyrir brtt., sem kom frá einstökum nm., sem skrifuðu undir álitið með fyrirvara, og sú brtt. hljóðar á þessa leið:

„Fyrirsögn V. kafla hljóði svo: Um lausn frá óðalsákvæðum, ráðstöfun ættaróðals og erfðir."

Ég fyrir mitt leyti geri ekki mikið úr því, hvort þessara orða er notað. Ég tel, að það skipti í sjálfu sér engu, og það skiptir auðvitað engu að því er snertir efni frv. En ég fæ bara ekki skilið, hvað þessir hv. meðnm. mínir hafa út á orðið óðalsviðjar að setja. En ég ætla að láta það hlutlaust, hvort hv. þd. þóknast að breyta þessu eina orði, sem mundi þá hafa það í för með sér, að það þyrfti að breyta í samræmi við það aftur í 2. gr., eins og hér kemur fram í brtt. þeirri, sem ég nefndi. Mér finnst orðið viðjar eða viðjur vera mjög gott — en að sjálfsögðu heyrum við grg. þeirra, sem flytja þessar brtt., fyrir þeim og e. t. v. sé ég ástæðu til að óska eftir að taka til máls að þeirri grg. fenginni.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Eins og frsm. vék að, liggur fyrir á þskj. 380 brtt. frá mér ásamt Vilhjálmi Hjálmarssyni um orðalag á greinum þessa frv., sem er, eins og hann sagði, ekki efnisbreyting, en það er í raun og veru, — ég mundi segja blæbrigðabreyting. Í augum ykkar flestra er hér kannske um verulega smámuni að ræða, en þó er það nú svo, að það skiptir ofurlitlu máli, hvernig orðalag er á löggjöf. Það er vafalaust rétt, að viðjar þýða alveg það sama eins og bönd. Þó mundi okkur nú þykja einkennilegt, ef það væri allt í einu farið að orða það, að við værum að ganga í hjónaviðjar, ef við værum að gifta okkur, í staðinn fyrir hjónabönd. En aðalatriðið er, að í mínum huga minnir þetta orð svolítið á hlekki. Og það er kannske meðfram vegna þess að ég veit, að sá andi, sem lá að baki þessari löggjöf á sínum tíma, var áreiðanlega mjög fjarri því, að hér væri verið að skapa nokkra hlekki, og þar sem við leggjum til að komi óðalsákvæði í stað óðalsviðja, er það byggt á því, að það er einmitt orðalagið, sem notað er yfirleitt í l. annars staðar eins og þau eru nú. Þetta er sem sagt, eins og þið sjáið, ekki stórmál. Það er kannske dálítið tilfinningaatriði, ofurlítil tilfinningarök að baki þessu og það er blæbrigðamunur á

þessum orðum, og ég vildi nú í allri vinsemd vænta þess, að hv. d. vildi fallast á orðalag það, sem í brtt. felst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 380,1 (ný 1. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 380,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 395).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 74. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 395, n. 455).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Undir afgreiðslu þessa frv. í hv. Nd. leitaði landbn. þeirrar hv. d. umsagnar um málið hjá búnaðarþingi. Það var álit búnaðarþings, að frv. þetta væri spor í rétta átt og mælti það með samþykkt þess. Lög um ættaróðul munu vera frá 1943 eða 25 ára gömul, þó með breytingum, sem gerðar voru á l. 1962. Þessi löggjöf um ættaróðul, ættarjarðir og erfðaábúð mun m. a. hafa átt að koma í veg fyrir, að góðar bújarðir gengju kaupum og sölum og lentu þá einnig í höndum aðila, sem ágirntust jarðirnar í öðrum tilgangi en nytja þær til búreksturs. Flm. þessa frv. telja, að þrátt fyrir þá nauðsynlegu vernd, sem l. veita í þessum efnum, sé nauðsynlegt að gera á þeim þá breytingu, sem fram kemur í 2. gr. þessa frv., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar óðalsbóndi verður að bregða búi vegna elli, vanheilsu eða af öðrum þeim ástæðum, sem valda því, að honum er ókleift að halda áfram búskap, er landbrh. heimilt að leysa óðalið frá óðalsákvæðum, ef engir þeirra ættingja, sem rétt hafa til óðalsins, vilja taka við því til ábúðar, enda mæli sýslunefnd og Búnaðarfélag Íslands með þeirri ráðstöfun. Samþykki landbrh. lausn óðals frá óðalsákvæðum, er óðalsréttarhafa heimilt að selja það við því verði og þeim kaupanda, er hann kýs, enda hafi þeir, sem forkaupsrétt eiga að lögum, hafnað honum.“

Því hefur verið haldið fram, að gildandi lagaákvæði hafi í vissum tilfellum komið í veg fyrir, að jarðir héldust í byggð. Með þeirri breytingu, sem hér er lagt til, að gerð verði á l., opnast möguleikar fyrir því, að ráðh. geti að fullnægðum vissum skilyrðum leyst jarðir úr óðalsviðjum og þannig greitt fyrir ábúendaskiptum. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 455, mælir landbn. einróma með því, að frv. verði samþ.

Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að leggja til, að frv. verði samþ. og því verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 476).

---

59. Fiskimálaráð.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Fiskimálaráð [61. mál] (þmfrv., A. 75).

Á 32. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., um fiskimálaráð, var flutt á síðasta Alþ., en varð ekki útrætt. Þá fluttu frv. nokkrir þm. Sjálfstfl., en nú að þessu sinni flytja frv. auk mín þm. bæði úr Sjálfstfl. og Alþfl., þeir Pétur Sigurðsson, Birgir Finnsson, Benedikt Gröndal og Sverrir Júlíusson.

Frv. er að verulegu leyti eins og það var flutt á síðasta þingi, að því undanskildu þó, að í 2. gr. frv. eru nánari ákvæði um tilgang fiskimálaráðs og

skýrari heldur en voru í frv., sem flutt var á fyrra þingi, og sömuleiðis er bætt við tveimur aðilum, sem gert er ráð fyrir, að eigi sæti í fiskimálaráði, frá tveimur félagasamtökum, þ. e. frá Samlagi skreiðarframleiðenda og Félagi fiskiðnfræðinga. En að öðru leyti er frv. það sama, og þá fylgdi því ýtarleg grg., sem er endurprentuð með þessu frv.

Maður heyrir það oft, að menn telja, að það sé nóg af ráðum í þjóðfélaginu og sé ekki ástæða til þess að fjölga þeim, en ég hygg, að það sé töluvert annað hvað snertir þetta mál. Það er að vísu rétt, að það eru mörg ráð og margar stofnanir, sem hafa með sjávarútvegsmál að gera, en það vantar algerlega að sameina þau fjölmörgu samtök, sem hér eiga hlut að máli, bæði þeirra, sem afla frumhráefnisins, þeirra, sem gera út skipin, bæði sjómanna og útgerðarmanna, fiskiðnfyrirtækjanna og sölusamtaka þeirra, helztu stofnana sjávarútvegsins. Þessir aðilar koma hvergi saman til þess að taka sameiginlegar ákvarðanir. Þess vegna tel ég og við flm. þessa frv. brýna nauðsyn bera til þess, að slíkum samtökum sé komið á eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., þar sem sá maður, sem er æðsti maður í sjávarútvegsmálum, skipar formennsku, sem er sjútvmrh., sem frv. gerir ráð fyrir að sé jafnframt formaður fiskimálaráðs.

Tilgangur þessa frv. er sá, að fiskimálaráð á að vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og í markaðsmálum, og skal það beita sér fyrir góðri samvinnu allra aðila, sem hlut eiga að máli, með gagnasöfnun, umræðufundum, skýrslugerð, útgáfu og fræðslustarfsemi og öðrum ráðum, sem líklegust eru talin til þess hverju sinni, að tilganginum með stofnun ráðsins verði náð.

Það má skipta verkefni þessa væntanlega ráðs í þrjá höfuðflokka. Það er í fyrsta lagi að sjá um uppbyggingu fiskiskipastólsins, í öðru lagi um uppbyggingu fiskvinnslu- og fiskiðnaðarfyrirtækja og í þriðja lagi, sem ekki er síður mikilvægt, að hafa forgöngu um markaðsrannsóknir og skipulegar aðgerðir til öflunar nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og að sjá um framleiðslu nýrra vörutegunda. Enn fremur geta verið fjölmörg önnur verkefni, sem nauðsynlegt er að sinna betur en gert hefur verið, og þá vil ég sérstaklega minna á, áður en ég fer að ræða um þessi þrjú höfuðverkefni um nauðsyn þess að hafa forgöngu um alla skýrslusöfnun fyrir sjávarútveginn, ég vil þá minna á það, að fyrir nokkrum árum var stofnað verðlagsráð sjávarútvegsins og þá brotið í blað í sambandi við verðlagningu sjávarafurða. Það form hefur reynzt vel að mínum dómi. En þó er eitt, sem skyggir á það, og það er, að allur undirbúningur, allir útreikningar og öll gögn, sem fyrir verðlagsráði liggja hverju sinni, eru unnin af sérhagsmunasamtökum innan útvegsins hverju fyrir sig, en engin heildarstofnun, sem vinnur úr þessum gögnum.

Það heyrist allt of oft og er gert mikið úr, að sjómenn og útvegsmenn eigi í deilum sín á milli um skiptingu þeirra verðmæta, sem skipin afla. Það er sannfæring mín, að þessar deilur þurfi ekki að vera og til þess að koma að mestu í veg fyrir þær þurfa þessir aðilar að hafa nánara samstarf en nú er og hefur verið í fjöldamörg ár, þ.e. að eiga starfandi samstarfsnefndir sjómanna og útvegsmanna árið um kring. Fulltrúar sjómanna þurfa að eiga þess kost að fylgjast með þróun útgerðar og öllum verðbreytingum, sem eiga sér stað í rekstri hennar, mynda sér skoðanir um orsakir þeirra og leitast við í samráði við útvegsmenn að koma í veg fyrir óeðlilegar hækkanir í rekstrarkostnaði útgerðarinnar. Sjávarútvegurinn þarf nauðsynlega að koma sér upp hagstofnun, og ekkert er eðlilegra en fulltrúar sjómanna eigi þar greiðan aðgang. Slík hagstofnun á að fylgjast á hlutlausan hátt með öllu því, sem lýtur að útgerð, fiskverkun, fisksölu og markaðsöflun og vera sú stofnun, sem allir geta treyst að fari eingöngu með rétt mat á hlutunum, en leitist ekki við að hagræða tölum og áliti fyrir einn aðilann á kostnað hinna innan þessarar sömu atvinnugreinar.

Þegar við grandskoðum, hvað sjómenn og útvegsmenn eiga mörg sameiginleg áhugamál og hversu hagsmunir þeirra fara óteljandi oft saman, kemur það í ljós, að deilur og metingur um kaup og kjör eru aðeins lítill hluti á móti því öllu, sem fer saman. Það er sameiginlegt velferðarmál sjómanna og útvegsmanna að fara sem bezt með þann afla, sem á skip kemur, til þess að fá sem mest verð fyrir hann.

Ég hygg, að með stofnun slíks fyrirtækis verði ekki um mikla kostnaðaraukningu að ræða, því að það er hægt að leggja niður margar aðrar stofnanir, sem nú starfa fyrir aðeins eina ákveðna grein. En það væri eðlilegt, að ráð eins og fiskimálaráð tæki þetta mál upp, og það er eðlilegt og sjálfsagt, að það opinbera eigi einnig aðild þar að, eins og t. d. Efnahagsstofnunin, en samkv. l. um verðlagsráð sjávarútvegsins er forstjóri Efnahagsstofnunarinnar sá maðurinn, sem er oddamaður, þegar samkomulag verður ekki um verðlagningu sjávarafurða og þeim málum er vísað til yfirnefndar. Þá hvílir auðvitað fyrst og fremst á þeim manni að leysa úr þeim deilum, og því er mjög eðlilegt, að í framtíðinni verði þessi skipan á þessum málum í heild tekin upp.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um skipastólinn. Það skýrir grg. frv. sjálf. En þó vil ég láta í ljós áhyggjur mínar út af þeirri þróun, sem hefur orðið í skipabyggingum á undanförnum árum, en hún hefur verið með þeim hætti, að fjármagni hefur fyrst og fremst og nær því eingöngu verið varið til að byggja upp stærri skipin, enda sýnir það, að tala skipa yfir 120 rúmlestir hefur aukizt úr 32 skipum frá árinu 1944 til 1. jan. 1967 í 184 skip. Og rúmlestatala skipa af þessari stærð hefur hækkað úr 5562 rúml. í 35559 rúml. En á sama tíma hefur sú þróun orðið í byggingu hinna minni skipa undir 120 smál., að þau voru árið 1944 560 eða 11725 rúml., en 1. jan. 1967 voru þau 577 eða 19014 rúml. Sömu sögu er að segja og þó enn átakanlegri í

sambandi við botnvörpungana og botnvörpuútgerð, að þar hefur samdráttur orðið mjög mikill á síðari árum. Á þessu ári hafa bætzt við skipastólinn til 21. nóv. 27 skip. Þar af eru smíðuð utanlands 22 skip, samtals 6370 brúttórúmlestir, en innanlands hafa verið smíðuð 5 skip 1150 brúttórúml. Af þessum 5 skipum, sem hafa verið smíðuð innanlands, og verið skráð á þessu ári, eru 3 yfir 300 rúml., en aðeins 2 þeirra eru innan við 150 rúml., annað 140 og hitt 40 brúttórúml. Það má því segja, að það hafi ekki orðið nein breyting á í sambandi við uppbyggingu fiskiskipastólsins undir 120 rúml., en það eru þau skip, sem að mínu áliti skapa langmesta atvinnu í hinum ýmsu byggðarlögum á landinu og þá ekki síður hér við Faxaflóa heldur en annars staðar, því að þau eru að meira eða minna leyti bundin við veiðar fyrir sín byggðarlög og eru víðast hvar undirstaðan undir atvinnu í fjölmörgum byggðarlögum á landinu. En það er einhvern veginn þannig með okkur Íslendinga, að þegar uppgrip verða í einhverri grein, þurfa allir að fara sama veginn, þá þurfa allir að byggja það upp, sem þá er hægt að hafa mest upp úr, en hirða svo ekki aftur um að halda hinu við, sem hefur oft og tíðum reynzt happadrýgst, þegar til lengdar lætur, þó að sveiflur hafi þar verið minni.

Ég tel, að það sé nauðsynlegt að koma meira skipulagi á þessi mál en verið hefur, en það skipulag hefur ekkert verið betra eða verra nú á seinni árum heldur en það hefur verið s. l. tvo áratugi. Það er hægt að gera án þess að allir menn séu háðir leyfum og ráðum. Það er hægt að gera fyrst og fremst á þann hátt að haga fjármagninu og lánastarfseminni á þann veg að jafna hér á milli, til þess að sveiflurnar verði sem minnstar.

Sama er að segja um fiskiðnaðinn. Þar hefur uppbyggingin orðið langmest í síldariðnaðinum á undanförnum árum. Hitt má líka segja, að hraðfrystihúsin hafa byggt sig mjög upp og tekið upp aukna hagkvæmni í sínum rekstri. En því má einnig bæta við, að mörg þessara frystihúsa hefur skort fé til þessarar uppbyggingar vegna þess, hve þarfirnar fyrir fjármagn eru miklar í okkar þjóðfélagi og hraðinn er mikill á mönnum og hvað yfirleitt allir vilja byggja upp á sem skemmstum tíma. Ég hygg, að það þurfi að taka meira tillit til þess, hver hráefnaöflunin er á hverjum stað, og möguleikans til hráefnisöflunar og haga nokkuð uppbyggingu fiskvinnslufyrirtækjanna í samræmi við það. Opinberir sjóðir og stofnanir verða að taka í ríkara mæli tillit til þess, hvort er þörf á nýju fyrirtæki, þörf á fleiri fyrirtækjum á þessum stað eða hinum, hvernig er hráefnisöflunin, hvernig eru möguleikar til þess að afla hráefnis, en ekki fara út í skefjalausa samkeppni, sem á einstökum stöðum hefur sýnt okkur það, að hefur leitt til þess, að það hefur enginn haft nægilegt upp úr sínum fyrirtækjum á þeim stöðum, vegna þess að það hefur verið tilfinnanlegur skortur á hráefni víða á landinu. Þess vegna er nauðsynlegt að taka upp betra eftirlit með þessum málum, þannig að það sé fyrst og fremst hugsað um það, að atvinnufyrirtækin geti borið sig og hafi verkefni að vinna, en ekki að þeim sé fjölgað í sífellu, þannig að þau dragi hvert annað niður.

Þá ætla ég að koma nokkrum orðum að um markaðsmálin. Ég gat þess í upphafi máls míns, að það væru ekki sízt markaðsmálin, þar sem mikið væri að vinna, og í raun og veru er þar langmest ógert í þessum málum. Við erum með tiltölulega of einhæfa útflutningsframleiðslu, Íslendingar, og við höfðum ekki aukið viðskipti okkar neitt að ráði við mörg lönd á undanförnum árum. Það má í raun og veru skipta viðskiptum okkar Íslendinga í fjóra aðalhluta: fyrsta lagi viðskipti við löndin, sem nú teljast til Fríverzlunarbandalagsins, löndin, sem teljast til Efnahagsbandalagsins, Austur-Evrópulöndin, Bandaríkin og svo aftur í fimmta lagi önnur lönd. Viðskiptin við lönd utan þjóða þessara tveggja markaðsbandalaga og Austur-Evrópuríkjanna og Bandaríkjanna eru ekki nema um 13.8% af heildarútflutningi okkar, og þetta hlutfall hefur sáralítið breytzt frá árinu 1963 við önnur ríki en þau, sem ég taldi hér áðan.

Stærstu viðskiptalönd okkar eru löndin innan Fríverzlunarbandalagsins, og þá er það auðvitað sérstaklega Bretland, sem er með veruleg viðskipti. 1948 var útflutningur okkar til landa, sem nú eru innan Fríverzlunarbandalagsins, 38.2% af útflutningnum, en á árinu 1953 hafði þessi útflutningur minnkað verulega eða niður í 25.6%, og á árinu 1958 minnkaði hann enn niður í 20.8%, en þá hafði eðlilega landhelgisdeilan mjög mikil áhrif á viðskiptin við þessi lönd, eða sérstaklega og eingöngu við Bretland. Síðan 1963 hefur verið minni hreyfing á þessum viðskiptum, því að útflutningurinn til þessara landa hefur verið frá 34.4% og upp í 39.8% á þessum árum, sem síðan eru liðin. Útflutningurinn til landa innan Efnahagsbandalagsins hefur aftur tekið mjög miklum breytingum. Það eru 34% af heildarútflutningi okkar, sem var til þessara landa árið 1948, en á síðustu árum eða allt frá árinu 1963 og til og með s.l. árs hefur þessi prósenta leikið frá 16.2% upp í 20.4%. Viðskiptin við Austur-Evrópu fóru að aukast fljótlega eftir stríðið, og þau voru 11.8% 1948, og þar voru auðvitað Sovétríkin langhæst. 1953 voru þau komin í 19.8%. En 1958 er það langhæsta, sem þau hafa komizt, en þá fóru þau upp í 35%. Síðan hafa þessi viðskipti dregizt verulega saman og einkum á síðustu árum, en frá 1963—1966 hafa þau verið frá 11.9% upp í 17.4% af heildarútflutningsmagni okkar.

Það má segja um viðskiptin við Austur-Evrópu og þá sérstaklega við Sovétríkin, að þar hefur orðið meiri uppbygging í sjávarútvegi en víðast hvar annars staðar eða sennilega alls staðar annars staðar í okkar viðskiptalöndum, og það hlýtur að hafa haft veruleg áhrif á viðskipti þeirra við okkur á seinni árum, enda hafa Rússar lagt fram áætlun um stórfellda aukningu í sjávarútvegi í sinni áætlun, sem er nú verið að framkvæma, frá 1965—1970. En þeir áætla, að 1970 muni þeir hafa

aukið fiskiskipaflota sinn um 150%, og þeir áætla, að magn sjávarafurða muni hækka frá árinu 1965 úr 5.8 millj. tonna í 8.5—9 millj. tonn. Viðskiptin við Bandaríkin hafa verið mjög misjöfn, voru aðeins 6.7% 1948, en 1953 jukust þau nokkuð, upp í 15.3%, en á síðustu árum eða sérstaklega síðustu 4 árin má segja, að þessi viðskipti hafi verið hlutfallslega jöfnust af viðskiptum okkar við allar þjóðir, eða frá 15.8% til 16.5% af heildarútflutningi okkar. Um önnur lönd hef ég farið nokkrum orðum.

Ég tel, að slíkt ráð eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, sem á að samanstanda af fulltrúum í öllum greinum sjávarútvegs, þurfi fyrst og fremst og öllu öðru frekar að taka markaðsmálin til meðferðar. Það hefur verið gert töluvert í markaðsmálum, og ég ætla á engan hátt að rýra hlut þeirra manna og fyrirtækja, sem hafa unnið að þeim og fengið nokkurn styrk til auglýsingastarfsemi úr fiskimálasjóði. En ég vil fullyrða það og hika ekki við það að segja, að hér hefur engan veginn verið gert nóg, og við þurfum sannarlega að taka okkur á í þessum efnum og vinna betur að því að kynna okkar vörur í fleiri löndum og auka viðskipti okkar við þau lönd, þar sem viðskipti hafa verið hagstæðust. Við getum ekki, þegar til lengdar lætur, haft þá sömu stefnu, sem við höfum haft í sjávarútvegsmálum, að moka sífellt meiri og meiri afla upp úr fiskimiðum umhverfis landið og flytja hann á land eða óunninn úr landi, vinna meginhlutann af þessum afla mjög lítið, en auka alls ekki að sama skapi verðmæti útflutningsafurðanna sem við aukum fjármagn til þessarar atvinnugreinar. Þess vegna verðum við að gera þá stefnubreytingu og það sem allra fyrst að byggja meira á góðfiski, byggja meira á góðum afla, sem er vel með farinn, vinna meira úr honum í landinu og skapa fyrir hann markað meðal annarra þjóða, og þá auðvitað alveg sérstaklega, þegar við förum inn á þær brautir, verða auðvitað viðskiptin hagkvæmust við þau lönd, þar sem almenningur býr við bezt lífskjör og þar sem kaupgetan er mest, og þangað verðum við fyrst og fremst að reyna að selja þessar afurðir, en þó ekki slá slöku við viðskiptin við aðrar þjóðir.

Eins og ég benti hér á áðan, voru viðskipti við fríverzlunarbandalagslöndin og efnahagsbandalagslöndin á s. l. ári hvorki meira né minna en 57.8% af heildarútflutningi þjóðarinnar. Hvað sem líður viðhorfum manna til markaðsbandalaga, og sennilega væri það bezt fyrir okkur Íslendinga, að engin slík bandalög hefðu verið stofnuð, verðum við í þeim efnum sem öðrum að játa staðreyndir, því að það er staðreynd, að svo að segja allar þjóðir Evrópu eru í markaðsbandalögum, og þau stefna að því, sérstaklega Efnahagsbandalagið, að hækka í sífellu innflutningstolla á afurðum frá þjóðum, sem standa utan við þessi bandalög. Þess vegna mun svo fara, ef sú stefna heldur áfram, sem þetta bandalag hefur marglýst yfir og hefur verið að byrja að framkvæma, að við verðum innan ekki langs tíma fyrir utan með öll þau viðskipti, sem við þurfum á að halda við þessar fjölmennu þjóðir. Við stöndumst engan veginn, Íslendingar, við að auka eða halda þeim viðskiptum, við sem erum með jafnháan framleiðslukostnað og við erum, við sem gerum jafnháar kröfur til lífsins, við getum ekki staðizt það ofan á allt annað að verða að greiða af okkar afurðum til þessara landa mjög háa innflutningstolla. Þess vegna er orðin knýjandi nauðsyn þess, að Ísland fari að leitast eftir því í fullri alvöru að gerast aðili að þessum bandalögum, og fyrst og fremst er það Fríverzlunarbandalagið, sem hér verður að byrja á. Og í öðru lagi tel ég, að við verðum að hraða því að því loknu að leita aukaaðildar að Efnahagsbandalaginu. Um það er ekki að ræða, og er örugglega enginn Íslendingur á þeirri skoðun, að Ísland geti nokkru sinni gerzt fullgildur aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu. Það dettur engum í hug. En við skulum líka taka það með í reikninginn, hvað sem líður viðhorfum einstakra manna og flokka til þessara mála, að það eru margar þjóðir aukaaðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu og m.a. margar Afríkuþjóðir. Þessar þjóðir hafa náð samningum um aðlögunartíma fyrir aðrar atvinnugreinar allt upp í 20 ár, og það ætti ekki að verða neitt erfiðara fyrir okkur Íslendinga að gangast undir þær kvaðir en þessar þjóðir með því að hafa nógu langan aðlögunartíma.

Ég tel alveg rétt í sambandi við þetta mál, þó að það sé ekki beint því skylt, að koma inn á þessar skoðanir mínar í sambandi við markaðsbandalögin. En ég tek það jafnframt fram, sem ég gerði áðan, að við eigum á engan hátt að láta undir höfuð leggjast að viðhalda þeim góðu viðskiptum, sem við höfum átt við aðrar þjóðir, og við eigum jafnframt að vinna ötullega að því að taka upp viðskipti við fleiri þjóðir, því að hlutfallið í viðskiptum við þjóðir utan þessara fjögurra flokka, sem ég nefndi áðan, eru allt of lítil og þau þarf að leggja mikla áherzlu á.

Við verðum að fylgjast vel með öllum tækninýjungum, og það hefur verið gert að vissu marki og sérstaklega við uppbyggingu skipastólsins. En það fylgir aukinni tækni og dýrum tækjum, að það verður að gera jafnframt breytingu á vinnuaðferðum í öllum þessum greinum, og sú breyting verður aldrei framkvæmd í þessu landi nema í náinni samvinnu og samstarfi við verkalýðshreyfinguna, því að það verður auðvitað alltaf fyrst og fremst undirstaða þess að viðhalda góðum lífskjörum að skapa hagsýni í öllum rekstri, halda ekki dauðahaldi í gamlar vinnuaðferðir, eftir að við erum farnir að kaupa ný tæki og taka í þjónustu okkar tækninýjungar, því að möguleikarnir á Íslandi eru það miklir, að við þurfum ekki, þó að við hverfum frá þessu, að eiga neitt á hættu atvinnuleysi.

Það er sagt um Breta, að þeirra iðnþróun gangi hægt og er það fyrst og fremst, að því er talið er, fyrir það, hvað þeir eru fastheldnir á gamlar vinnuaðferðir og hafa ekki tekið tæknina nóg í þjónustu sína, eins og ýmsar aðrar þjóðir hafa gert. Þess vegna hefur iðnþróun þeirra orðið hægari en hjá mörgum öðrum þjóðum. Þetta verðum við sem

lítil þjóð og framsækin að hafa mjög í huga. Og til þess að ná sem beztum árangri í allri slíkri uppbyggingu verðum við að mynda einhver heildarsamtök, bæði vinnandi fólks, sem vinnur í þessari atvinnugrein, þeirra sem gera út skipin, þeirra sem vinna úr fiskinum og þeirra sem selja, lánastofnana og ríkisvaldsins, þar sem hægt er að skiptast á skoðunum, þar sem hægt er að vekja skilning á milli hinna ýmsu greina og dylja ekki aðra greinina þess, sem hin er að gera. Þetta er öruggasta vissan fyrir því, að við náum lengra á næstu árum en við höfum gert, og þess vegna tel ég, að hvað sem líður viðhorfum manna til ráða og nefnda, sé mikið verk að vinna fyrir slíkt ráð eins og þetta frv. gerir ráð fyrir að verði stofnað.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Á 66. og 67. fundi í Nd., 27. og 29. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 4. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 75, n. 320).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 75 og nefnist frv. til l. um fiskimálaráð, var flutt á síðasta þingi. Það komst þá til sjútvn. þessarar hv. d. N. sendi frv. til umsagnar allra aðila, sem þá voru upp taldir í 7. gr. frv., og bárust jákvæðar umsagnir frá þeim, sem svöruðu, en þeir voru: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag íslenzkra niðursuðuverksmiðja, Fiskifélag Íslands, fiskimálasjóður og Landssamband ísl. útvegsmanna. Ég vil geta þess, að málið er að þessu sinni endurflutt að höfðu samráði við hæstv. sjútvmrh., og tel ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að hann sé hlynntur hugmyndinni, sem í frv. felst. Á s. l. þingi var frv. rætt allýtarlega í hv. d., og þess vegna er ef til vill ekki ástæða til fyrir mig að fjölyrða mjög um það að þessu sinni. Þó mun ég fara um það nokkrum orðum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að sjávarútvegurinn er áhættusamur atvinnuvegur. Kemur það m. a. fram í því, að algengast er hér á landi, að fyrirtæki í sjávarútvegi eigi sér skamman aldur. Þótt fyrir hafi komið, að einstaka fyrirtæki yrðu um skeið tiltölulega fjársterk og umsvifamikil á okkar vísu, hafa fæst þeirra staðizt til lengdar þær miklu og tíðu sveiflur í aflabrögðum og verðlagi útflutningsvara, sem við eigum við að etja og ráðum ekki sjálfir við. Hefur það skeð oftar en einu sinni, að mikilsverðir markaðir fyrir útflutningsafurðir hafa gjörsamlega hrunið eða lokazt, án þess að við fengjum nokkuð að gert, sbr. Spánarmarkaðinn fyrir saltfisk á sínum tíma, Rússlandsmarkaðinn fyrir freðfisk fyrir fáum árum og skreiðarmarkaðinn í Nígeríu á s. l. ári. Flestar greinar útgerðarinnar hafa átt sín blómaskeið og þá verið mikið á þær treyst, t. d. á togaraútgerð og síldveiðar. Síðan hefur minnkaður afli eða lækkað verð, eða stundum hvort tveggja, kippt grundvellinum undan öllu saman, og margir aðilar að útgerðinni hafa þá tapað öllu sínu, hafi þeir ekki verið svo hyggnir að draga sig til baka í tæka tíð og leggja fé sitt í annað. Þegar einstakar greinar útgerðarinnar hafa þannig, oft og einatt fyrirvaralítið, misst gildi sitt sem burðarásar í sjávarútvegi, þá hefur þurft að bregða við skjótt og stofna til annars konar útgerðar og fiskvinnslu í stað þess, sem brást. Við slíkar aðstæður sem þær, er ég nú hef nefnt, eru það ekki aðeins einstök fyrirtæki, sem eiga erfitt með að halda velli til lengdar. Landshlutar og bæjarfélög hafa átt sína uppgangstíma, þegar vel aflaðist, en síðan orðið þar kyrrstaða eða samdráttur, þegar afli hvarf eða stórminnkaði.

Saga síldveiðanna við landið er gleggsta dæmið, sem við höfum um þetta, sbr. Austfirði, einkum Seyðisfjörð, og blómaskeiðið þar, fyrst eftir að síldveiðar hófust hér við land. Síðan gengu mögur ár yfir Austfirði, þegar veiðisvæði síldarinnar var aðallega á svæðinu frá Djúpi að Langanesi, og loks hefur aftur lifnað yfir Austfjarðamiðum á ný. Meðan síldin veiddist á svæðinu frá Djúpi að Langanesi, risu þar víða upp síldarverksmiðjur og síldarsöltunarstöðvar og þorp og bæir í kringum þær, sem blómguðust, meðan síldarinnar naut við, en með hvarfi hennar af þessum slóðum hefur aftur daprazt yfir þessum stöðum. Nægir í þessu sambandi að minna á staði eins og t. d. Hesteyri, Ingólfsfjörð, Djúpuvík, Skagaströnd, Siglufjörð, Hjalteyri og Dagverðareyri. Hvarf síldarinnar af miðunum við Faxaflóa og við Suðvesturland er einnig örlagaríkt fyrir atvinnulífið hér syðra, þótt þessi gæti ekki á jafnáberandi hátt og við Djúp, Húnaflóa og Norðurland á áðurnefndum stöðum.

Breytilegur afli og verðsveiflur gera það að verkum, að oft verðum við að skipta um veiðiaðferðir og ekki aðeins endurnýja fiskiskipin heldur beinlínis skipta um skip. Hefur þetta í för með sér, að veiðarfæri, sem ekki hefur verið slitið út til fulls, eru lögð til hliðar, af því að þau eru orðin úrelt, og hætt er við útgerð skipa, löngu áður en eðlilegur afskriftatími er liðinn. Er augljóst, að við þau umskipti og sveiflur, sem ég hef nú reynt að lýsa mjög stuttlega, hljóta mikil verðmæti að fara forgörðum, og hætta er á víxlsporum, þegar skipt er yfir úr einu í annað, oft án þess að áður séu framkvæmdar nauðsynlegustu rannsóknir. Í þessu er fólgin hin mikla áhætta samfara sjávarútvegi Íslendinga, sem við vitum mætavel um, en viðurkennum sjaldnast, af því að hjá henni verður ekki komizt, meðan sjávarútvegur er höfuðatvinnugrein þjóðarinnar og leggur til um 95% af þeim verðmætum, sem framleidd eru til útflutnings út úr landinu, verðmætum,

sem eru nauðsynleg til þess, að lífvænlegt sé í landinu á nútímavísu. Sjálfsagt er að stefna markvisst að því að renna fleiri stoðum undir efnahag okkar með eflingu iðnaðar og annarra atvinnugreina, en samt sem áður mun sjávarútvegurinn enn um langt skeið verða okkar aðaltekjulind. Við hljótum því að efla sjávarútveginn af fremsta megni, hvað sem áhættunni líður, en ekki verður hjá því komizt, að þjóðin öll beri þá áhættu að einhverju leyti. Henni verður ekki skellt á einstök fyrirtæki í sjávarútvegi eða einstaka landshluta eingöngu, heldur hlýtur öll þjóðin að taka þátt í henni. Þjóðarbúið allt nýtur góðs af á uppgangstímum sjávarútvegsins og getur ekki án hans verið, þótt móti blási, jafnvel ekki þegar tekjur af útflutningi hrapa á 1—1½ ári um 30%, eins og nú hefur átt sér stað. Þegar þannig er komið, getum við ekki látið eins og ekkert hafi gerzt, eða talið okkur trú um, að slíkt áfall þurfi ekki að snerta aðrar atvinnugreinar en sjávarútveginn einan eða eingöngu þær stéttir, sem að sjávarútvegi starfa. Tap og gróði í sjávarútvegi eru mestu örlagavaldar í efnahagslífi Íslendinga enn sem komið er. Hitt er svo annað mál, að rétt er og skylt, að allt sé gert, sem í okkar valdi stendur, til þess að draga úr hinni miklu áhættu samfara sjávarútvegi, m.a. með því, að við notfærum okkur fengna reynslu, vinnum úr henni, ef svo mætti segja, og reynum á þann hátt að gera okkur grein fyrir þróuninni á hverjum tíma.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er að þessu stefnt. Þeir aðilar, sem taldir eru upp í 7. gr. frv., hafa allir, hver á sínu sviði, mikla reynslu og þekkingu á málefnum sjávarútvegsins. Margir þeirra hafa í þjónustu sinni þá menn, sem kunnugastir eru einstökum greinum íslenzks sjávarútvegs. Þeir eru þess vegna öllum öðrum líklegri til þess að geta verið ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og í markaðsmálum, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir, sbr. 2. gr. þess, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskimálaráð skal vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og markaðsmálum, og skal það beita sér fyrir góðri samvinnu allra aðila, sem hlut eiga að máli, með gagnasöfnun, umræðufundum, skýrslugerð, útgáfu- og fræðslustarfsemi og öðrum ráðum, sem líklegust eru talin til þess hverju sinni, að tilganginum með stofnun ráðsins verði náð."

En til þess að fullt gagn verði af reynslu og þekkingu þeirra aðila, sem um getur í 7. gr. frv., þurfa þeir sameiginlegan vettvang, þar sem safnað er saman á einn stað öllum upplýsingum, sem fáanlegar kunna að vera á hverjum tíma og að gagni mega koma. Einnig þarf að vinna skipulega úr þeim upplýsingum. Sá vettvangur á skv. frv. að vera fiskimálaráð. En það á enn fremur að hafa forgöngu um markaðsrannsóknir og skipulegar aðgerðir til öflunar nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og framleiðslu nýrra vörutegunda, skv. 5. gr. frv. Þykir eðlilegast, miðað við hlutverk og tilgang fiskimálaráðs, að sjútvmrh. sé formaður þess, eins og lagt er til í frv. Hjá fiskimálaráði eiga þeir aðilar, sem hyggja á skipakaup, fjárfestingu í fiskiðnaði, markaðsleit eða útflutning sjávarafurða, að geta fengið beztu fáanlegar leiðbeiningar og upplýsingar á hverjum tíma. Hið sama gildir að sjálfsögðu um lánastofnanir og alla aðra aðila, sem hafa með þessi mál að gera. Fiskimálaráð er hugsað að svo komnu máli sem gagnasöfnunar-, upplýsinga- og leiðbeiningamiðstöð, og er augljóst, að í sjávarútvegi Íslendinga, sem nú stendur á tímamótum, er mikil þörf fyrir slíka stofnun.

Í 3. og 4. gr. frv. er nánar skilgreint, að hverju skuli stefnt með starfsemi fiskimálaráðs. Er það fjölbreytni í útgerðinni og eðlilegt jafnvægi milli einstakra greina hennar, og skal að því stefnt að tryggja eftir föngum hráefnisöflun til fiskiðnaðarins með tilliti til arðsemi fiskistofna á hverjum tíma. Þegar ráðið fjallar um uppbyggingu fiskvinnslu- og fiskiðnaðarfyrirtækja, skal það taka tillit til æskilegrar dreifingar fyrirtækjanna, svo og þess, að afkastageta miðist við möguleika til hráefnisöflunar. Enn fremur skal miða að því, að sem mest fjölbreytni verði í vinnslu sjávarafla.

Herra forseti. Ég hef nú drepið á aðalefni þessa frv. Minnir mig, að þegar sama frv. var rætt í hv. þd. á síðasta þingi, hafi verið að því fundið, að hlutverk fiskimálaráðs væri ekki nægilega fast mótað skv. frv. Ráðið þyrfti að hafa meiri fjárráð og meiri völd, að því er tekur til skipulagningar, fjárfestingar og markaðsleitar. Um þetta má að sjálfsögðu deila, og get ég tekið undir það, að víst væri æskilegt, að unnt væri að ætla ráðinu verulegar fjárhæðir, einkum til þess að vinna að markaðsmálunum. Á það má þó benda, að sölusamtökin, sem fulltrúa eiga í ráðinu skv. frv., hafa veruleg fjárráð, og ef mönnum sýnist svo, geta þau samhæft krafta sína á vegum ráðsins, t. d. til markaðsleitar og markaðsrannsókna.

Varðandi skipulagningar- og fjárfestingarmálin er ég fyrir mitt leyti ekki sannfærður um, að neitt betur mundi takast til en raun hefur á orðið, þótt eitthvert ráð eða nefnd hefði svo að segja alræðisvald. Ég hygg, að verulegt frjálsræði sé nauðsynlegt til þess að örva athafnamenn og almannasamtök til þátttöku í útgerð og fiskiðnaði. Á hinn bóginn álít ég, að ekki henti sama frjálsræði í útflutningsverzluninni. Það var t.d. af því dýrkeypt reynsla á sínum tíma, að of mikið frjálsræði stofnaði saltfisk- og saltsíldarmörkuðum okkar í hættu. Var þá stofnað Samband ísl. fiskframleiðenda og sett lög um síldarútvegsnefnd, en þær stofnanir báðar hafa síðan unnið ómetanlegt starf hvor á sínu sviði í útflutnings- og markaðsmálum og náð árangri, sem alls ekki hefði náðst í frjálsri samkeppni. Skammlífi fyrirtækja í sjávarútvegi, sem stafar aðallega af breytilegum afla og markaðssveiflum, eins og ég drap á í upphafi, er slíkt, að stöðugt verða nýir aðilar að taka við, þegar þeir, sem fyrir eru, gefast upp, eins og því miður er allt of algengt. Valdamikil ráð og nefndir geta alveg eins gert skyssur í þessum efnum eins og þau, sem valdalítil eru. Um

það höfum við dæmi úr sögu sjávarútvegsins, þótt ég hirði ekki um að nefna þau hér. Aðalatriðið er það, að við lærum af reynslunni og forðumst að endurtaka skyssurnar, þegar þær eru þess eðlis, að við getum rakið orsakir þeirra til hluta, sem við höfum sjálfir vald yfir. Einnig þarf að hafa vakandi auga á nýjum leiðum í fiskveiðum og fiskiðnaði, en á þeim sviðum er um stöðugt vaxandi fjölbreytni að ræða. Hafa möguleikarnir til þess að hverfa að einhverju nýju, þegar hið gamla hefur brugðizt, hvað eftir annað bjargað við sjávarútvegi Íslendinga, og um þessar mundir stöndum við enn á ný á tímamótum í þessu tilliti.

Er þá rétt, að við gerum okkur grein fyrir, að nú getur verið úr vandara að ráða en oft áður vegna gífurlegrar aukningar á fiskveiðum annarra þjóða og aukins framboðs sjávarafurða á þeim mörkuðum, sem við höfum mest selt til. Sú sérstaða, sem við höfum lengi notið, að geta unnið mestallan aflann ferskan, af því að land okkar er eyland og stutt á miðin, er að mestu úr sögunni. Kemur þar til stórútgerð voldugra þjóða á fljótandi verksmiðjum, sem dreifast um öll heimsins höf og vinna úr aflanum glænýjum. Fyrsta svar okkar við vaxandi samkeppni, sem við óhjákvæmilega mætum, hlýtur að vera aukin vöruvöndun og aftur vöruvöndun. Sú fótfesta, sem við þegar höfum á góðum mörkuðum, er í bráðri hættu, ef við gætum þess ekki að bjóða þar fram eingöngu fyrsta flokks gæðavöru. Við stærum okkur oft af því, að sjómenn okkar séu margfalt meiri aflaklær en fiskimenn nokkurrar annarrar þjóðar í veröldinni. Sú staðreynd er vissulega merkileg og hefur oft fært Íslendingum mikla björg í bú. Til langframa hygg ég þó, að það mundi vera okkur meira virði, ef okkur hefði tekizt að koma því orði á fiskafurðir okkar hjá viðskiptaþjóðum okkar, að engin önnur þjóð í heiminum framleiddi aðrar eins gæðavörur. Nú blasa einnig við ýmis vandamál vegna minnkandi afla, og þeim vandamálum gerum við einnig bezt í að mæta með því að vanda vöruna af fremsta megni og gera hana sem verðmætasta, áður en hún er flutt úr landi. Til þess að þetta verði mögulegt, verður að taka markaðsmálin föstum tökum og skapa aðstöðu til sölu á fullunnum vörum, þar sem þess er kostur, með aðgengilegum kjörum.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv., nema tilefni gefist til. Mín skoðun er sú, að stofnun fiskimálaráðs, eins og frv. gerir ráð fyrir, geti komið að miklu gagni fyrir íslenzkan sjávarútveg. Reynslan, sem alltaf er ólygnust, mun skera bezt úr því, og þess vegna mælum við, sem skipum meiri hl. sjútvn. að þessu sinni, með samþykkt frv. Einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Verði frv. að lögum á þessu þingi, eins og við vonum, má svo alltaf síðar endurskoða þau lög og betrumbæta.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn., lýsti ég mig andvígan frv. við lokaafgreiðslu þess í þeirri n. Ég hef þó ekki séð ástæðu til að gefa út um það sérstakt nál., en tel rétt, að ég geri hér nokkra grein fyrir afstöðu minni til málsins við þessa 2. umr. um það.

Í framsöguræðu sinni við 1. umr. um frv. í þessari hv. d. sagði 1. flm. þess, hv. 4. þm. Vestf., orðrétt, með leyfi forseta:

„Maður heyrir það oft, að menn telja, að það sé nóg af ráðum í þjóðfélaginu og sé ekki ástæða til að fjölga þeim. En ég hygg, að það sé töluvert annað hvað þetta mál snertir.“

Ég er 1. flm. frv. alveg sammála hvað það snertir, að það sé nóg af alls konar ráðum í þjóðfélagi okkar, og ég tel, að frekar mætti fækka þeim en fjölga. Og mér er alveg ómögulegt að sjá, að það yrði útgerðinni eða fiskvinnslunni nokkuð til framdráttar, þó að 19 manna ráð, sem frv. gerir ráð fyrir, yrði stofnað, nema þá kannske síður væri. Og ég verð að segja, að undirtektir þeirra aðila, sem tilgreindir eru í 7. gr. frv., þeir eru 18 að tölu, — hv. frsm. sagði, að þeim hefði öllum verið sent málið til umsagnar, en umsagnir frá aðeins 5 aðilum hafa borizt, — ég verð að segja, að þetta er nokkur staðfesting á því, að einnig þessir aðilar hljóta að líta þannig á, að það sé komið nóg af ráðum og nefndum í sambandi við sjávarútveginn og hann vanti kannske annað miklu frekar en slíkar stórnefndir og stórráð, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Samkv. 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að hið fyrirhugaða fiskimálaráð eigi að vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins, en samkv. 3. og 4. gr. þess á hlutverk fiskimálaráðs einnig að vera að gera ályktanir og till. um uppbyggingu fiskiskipastólsins og fiskvinnslu- og fiskiðnaðarfyrirtæki. Allt eru þetta fögur orð og sýna góðan vilja. En frv. gerir hvergi ráð fyrir, að nokkur þurfi að taka mark á ákvæðum þess, ábendingum eða till. Mætti þess vegna e. t. v. segja, að það skipti ekki máli, þó að það yrði samþ., en slíkt getur varla þjónað nokkrum tilgangi.

Hv. frsm. sagði áðan, að aðaltilgangur frv. samkv. 2. gr. þess væri upplýsinga- og gagnasöfnun. Ég stend í þeirri meiningu, að í sambandi við sjávarútveginn sé alveg nóg til af upplýsinga- og gagnasöfnun og þar vanti frekar nauðsynlegar aðgerðir heldur en að setja nýja, stóra skrifstofu, 19 manna ráð með þriggja manna framkvæmdastjórn, á stofn til þess að annast þá hluti. Opinberir aðilar, ég þarf ekki að tilgreina það, það er Fiskifélagið og margar aðrar opinberar stofnanir, hafa og fá yfirleitt þær upplýsingar um sjávarútveginn, sem talið er eðlilegt og nauðsynlegt.

Annað aðalatriði frv. telja flm., að því er kom fram í ræðu hv. frsm., að móta heildarstefnu, eins og fiskimálaráði er ætlað, við uppbyggingu fiskiskipastólsins og fiskvinnslu- og fiskiðjufyrirtækja. Það getur látið ákaflega vel í eyrum. En ég efast um, að það sé eins auðvelt og hv. flm. þessa frv. gera ráð fyrir, og ég efast enn meira um, að 19 manna ráð sé þar rétti aðilinn. Um annan iðnað er nokkuð öðruvísi farið. Þar eiga menn hægara með að gera fastmótaðar áætlanir og skipuleggja hlutina fyrir

fram. Þar er oftast nær vitað fyrir fram um það hráefni, sem vinna á úr, og stærð véla og annað rekstrarfyrirkomulag við það miðað. Og sveiflur í verðlagi framleiðslu annarra fyrirtækja en sjávarútvegs eru ekki þannig, að þær geti beinlínis raskað rekstrargrundvelli iðnaðarins. Í útgerð og fiskiðnaði er þessu allt öðruvísi farið. Það veit enginn í ársbyrjun, þegar vertíð hefst, hversu afli verður mikill á árinu, og á það við, hvort heldur um er að ræða hráefni til fiskiðjuveranna eða síld til bræðslu eða söltunar. Auk þess hefur reynsla undanfarinna ára kennt okkur, að sveiflur eru það miklar á verðlagi á erlendum markaði á sjávarafurðum, hvort heldur er á fullunnum eða hálfunnum vörum, að um beina röskun á rekstrargrundvelli getur verið að ræða. Það eru þessar staðreyndir, sem gera það að verkum, að miklu erfiðara er að gera fastmótaðar, fyrir fram ákveðnar áætlanir um útgerð okkar og fiskvinnslu heldur en um annan iðnað í landinu. Ég hygg, að þrátt fyrir mistök, sem orðið hafa í útgerðar- og fiskvinnslumálum okkar, verði affarasælast, að þau fái að þróast áfram og aðlaga sig breyttum aðstæðum á hverjum tíma, bæði hvað öflun hráefnis og sölu vörunnar á erlendum markaði viðkemur. Og ég tel óhikað, að bezt fari á því, að öll framkvæmd þessara mála sé í höndum þeirra aðila, sem á hverjum tíma eru beinir og virkir þátttakendur í útgerð og fiskvinnslu og að þeir hafi sem mest óbundnar hendur af stjórnskipuðum nefndum og ráðum og að sú skipulagning þessara mála, sem talin kann að vera nauðsynleg, verði í höndum frjálsra samtaka þeirra.

Í sambandi við sjávarútveg og fiskvinnslu er oft talað um mistök, eins og ég sagði áðan, sem talið er að átt hafi sér stað. Vel má vera, að eitthvað sé til í þessu. En ég mundi telja það hættulega sjálfsblekkingu, ef menn halda, að stofnun nefndar eins og fiskimálaráðs mundi í framtíðinni koma í veg fyrir mistök eða misfellur í þessu sambandi. Ég hef áður bent á, að svo miklar sveiflur eru í sambandi við útgerð og fiskvinnslu, að enginn er þess umkominn að segja til um fyrir fram, hvað sé hið eina örugga og rétta í þessu sambandi. Og þegar við tölum um misfellur og mistök og miklum það kannske fyrir okkur, megum við ekki undir neinum kringumstæðum gleyma þeirri framþróun, sem orðið hefur í þessum málum, og því, sem vel hefur verið gert, og ekki vanmeta framlag einstakra stétta eða einstaklinga, sem sumir hverjir hafa að mínum dómi unnið þrekvirki, sjálfum sér og þjóðarheildinni til gagns og hagsældar. Ég vil í þessu sambandi benda á, að íslenzkir sjómenn og útgerðarmenn hafa orðið fyrri til en aðrir að notfæra sér þær tæknilegu framfarir, sem orðið hafa í sambandi við fiskveiðarnar og þó aðallega síldveiðarnar. Mun stærri fiskveiðiþjóðir og margfalt mannfleiri, eins og bæði Norðmenn og Rússar, telja sig beinlínis geta mikið af Íslendingum lært í þessum efnum, og er það vel farið. Þessi framþróun mála hefur átt sér stað, þrátt fyrir að þar var a. m. k. ekkert 19 manna fiskimálaráð komið til sögunnar til þess að marka stefnuna eða leiðbeina útgerðarmönnum og sjómönnum, hvernig þeir ættu að haga sér í þessu sambandi.

Ég hef dregið þetta fram hér til þess að benda á, að reynsla og hyggjuvit einstaklinga er ekki síður til þess fallið en stjórnskipaðar nefndir að skapa hagstæða framþróun mála þjóðarheildinni til velfarnaðar. Og þegar talað er um fyrir fram fastmótað skipulag þessara mála, hlýtur að rifjast upp, að misjafnar skoðanir voru á því á sínum tíma, — ég hygg á árunum 1963 og 1964 og er kannske að einhverju leyti enn í dag, — hvort bygging hinna stóru síldveiðiskipa væri þjóðhagslega séð hagstæð eða ekki. Ég hygg þó, að flestir séu orðnir sammála um, að þrátt fyrir að ýmsir erfiðleikar steðji að útgerð og fiskvinnslu, væri efnahagsmálum þjóðarinnar nú í dag mun verr komið, ef ekki hefðu komið til hin stóru og afkastamiklu síldveiðiskip. A. m. k. held ég, að eitt liggi alveg ljóst fyrir, en það er, að síldveiðarnar hefðu að verulegu leyti farið forgörðum á s. l. ári, hefðu ekki þessi skip verið fyrir hendi, sem gerðu Íslendingum það mögulegt að sækja á fjarlægari mið en áður og óþekkt, sem fæstum mun sennilega nokkurn tíma hafa komið til hugar, að Íslendingar þyrftu að nytja.

Eins og ég sagði áðan, er eitt af grundvallaratriðunum í þessu frv., að fyrirhugað fiskimálaráð á að vera ráðgefandi um uppbyggingu fiskiskipastóls og fiskvinnslufyrirtækja. Ég tel, að alveg sé óþarfi að stofna til jafnfjölmenns ráðs og þarna er gert ráð fyrir af þessum sökum. Ég hygg, að bæði stjórn fiskveiðasjóðs, stofnlánadeild sjávarútvegsins, Efnahagsstofnuninni og Alþingi sjálfu sé nægilega ljóst, hvar við stöndum í þessum efnum nú í dag og hvað fram undan er. Fáir munu ætla, að eins og á stendur sé fram undan mikil aukning á síldveiðiflotanum umfram það, sem eðlilegt viðhald hans hlýtur að krefjast á hverjum tíma. Af því leiðir, að ekki mun verða mikil ásókn í byggingu nýrra vinnslufyrirtækja í landi, hvort heldur eru síldarbræðslur eða söltunarstöðvar. Aðaláhyggjuefni manna í þessu sambandi mun vera, hvort nægjanlega tryggur rekstrargrundvöllur sé fyrir hendi fyrir síldveiðiflotann, ef aðstaða versnar frá því, sem var á s.l. ári og er kannske að einhverju leyti enn. Ef breyta þarf að einhverju leyti um rekstrargrundvöll síldveiðiskipanna, er ég sannfærður um, að þeir menn, sem þar eiga hlut að máli, þ. e. sjómenn og útgerðarmenn þessa glæsilega flota, verði færastir um að ráða fram úr þeim vanda, þ. e. að segja til um, hvaða aðrar veiðar væri hugsanlegt að stunda á þessum skipum, ef síldveiðarnar einar verða ekki nægjanlegur rekstrargrundvöllur. Ég hef miklu meiri trú á því, að þessir aðilar, sem árum saman hafa byggt upp sín samtök, hafa áratugareynslu í þessum málum, verði færari og sterkari að ráða fram úr þeim vanda, sem að höndum kann að bera, heldur en stjórnskipuð 18 eða 19 manna n. Hvað hráefnisöflun til fiskvinnslustöðvanna viðvíkur, tel ég, að einnig liggi ljóst fyrir, hverra úrbóta þar er

þörf. Versnandi afkoma hraðfrystiiðnaðarins í heild byggist ekki einungis á verðfalli afurðanna erlendis og hækkuðum tilkostnaði innanlands, heldur einnig og ekki sízt á síminnkandi hráefni, sem hraðfrystihúsin hafa fengið til úrvinnslu.

Hér á Alþ. hefur það greinilega komið fram, bæði nú í vetur og einnig á síðasta ári, að nauðsyn bæri til, að til kæmi sérstök fyrirgreiðsla stjórnvalda í sambandi við endurnýjun hinna smærri fiskibáta, sem standa undir hráefnisöflun til fiskiðnaðarins. Og þó að fjárhagslegur rekstrargrundvöllur þessara báta hafi óneitanlega verið bættur verulega nú á þessu ári, tel ég, að jafnhliða verði að auka starfsskilyrði hans. Þegar útfærsla landhelginnar átti sér stað í 12 mílur, hygg ég, að þeir, sem að því stóðu, hafi haft tvennt í huga: í fyrsta lagi að bægja erlendum skipum frá veiðisvæðum innan 12 mílna markanna og í öðru lagi, að Íslendingar sjálfir nytjuðu þau veiðisvæði, sem innan þessara marka eru, á þann hátt og með þeim veiðarfærum, sem hagkvæmast og arðvænlegast getur talizt á hverjum stað og á hverjum tíma, þó að sjálfsögðu þannig, að ekki yrði um ofveiði eða rányrkju á miðunum að ræða eða eyðileggingu þeirra.

Á undanförnum árum hefur þessi mál nokkrum sinnum borið á góma hér á Alþ. En því miður hefur þar sýnzt sitt hverjum. Ég tel, að hv. Alþ. verði nú þegar, áður en þessu þingi lýkur, að komast að niðurstöðu um, hvernig fiskimiðin verði bezt nýtt og hvaða veiðarfæri sé arðvænlegast að nota til öflunar nauðsynlegs hráefnis fyrir fiskiðnaðinn. Náist ekki samstaða um þetta, tel ég mikla hættu á, að enn frekari samdráttur sé fram undan í fiskiðnaðinum, sem óneitanlega mun hafa í för með sér minnkandi gjaldeyrisöflun og verulegan samdrátt í atvinnu bæði sjómanna og verkafólks víða um land. En ég ætla ekki að ræða þetta frekar hér við þetta tækifæri, þar sem ég á von á, að málið komi til umr. hér í þessari hv. d., áður en langt um líður.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir, að fiskimálaráð hafi forgöngu um markaðsrannsóknir og skipulegar aðgerðir til öflunar nýrra markaða fyrir sjávarafurðir. Ég er alveg sammála hv. flm. um, að þarna er sérstakra aðgerða þörf. En ég er þeim ekki sammála um, að beztum árangri muni verða náð í þessum efnum með stofnun nýrrar, fjölmennrar og stórrar nefndar. Mér sýnist, að hinir réttu aðilar til að vinna að þessum málum séu forustumenn hinna ýmsu hagsmunasamtaka og útflutningsfyrirtækja sjávarafurða, hver á sínu sviði. Margir þeir menn, sem veita þessum fyrirtækjum forstöðu, hafa áratugareynslu að baki sér í þessum efnum, en eru að sjálfsögðu einhæfðir hver við sitt starfssvið. Auk þess tel ég, og á það legg ég áherzlu, að þótt nú sé talað um fækkun sendiráða, beri að stefna að því að staðsetja viðskiptafulltrúa í öllum helztu viðskiptalöndum okkar, þar sem íslenzkar sjávarafurðir eru seldar, og verði verksvið þessara erindreka fyrst og fremst að fylgjast með markaðsmálum hver á sínu svæði og vinna að öflun nýrra markaða fyrir íslenzkar sjávarafurðir og annan útflutning okkar. Hlýtur það að liggja í hlutarins eðli, að þessir fulltrúar mundu á hverjum tíma hafa náið samband bæði við utanr.- og viðskmrn. og einnig og ekki síður við þau sérhagsmunasamtök, sem annast útflutning íslenzkra afurða. Ég er alveg sannfærður um, að mun árangursríkara væri að fara einhverja slíka leið heldur en stofnun nefndar. En eins og ég sagði áður, er ég einnig sammála hv. flm. frv. um það, að þarna þurfi nokkurt átak til, þó að ég telji ekki þetta væntanlega ráð vera þann aðila, sem við því máli á að taka.

Herra forseti. Ég tel mig í stórum dráttum hafa gert grein fyrir, hvers vegna ég er andvígur því frv., sem hér liggur fyrir. Ég hef enga sannfæringu fyrir, að það mundi verða sjávarútveginum eða fiskiðnaðinum til framdráttar, nema kannske síður væri, og árangri í þessum efnum megi ná að öðrum leiðum og það sé margt frekar, sem gera þurfi útgerðinni í landinu og fiskvinnslustöðvum til hagsbóta, heldur en stofna til nýrrar, stórrar nefndar eða ráðs, sem á að verða aðallega, eftir því sem hv. frsm. sagði hér áðan, til gagnasöfnunar í sambandi við afkomu útvegs og afkomu útflutningsins. Ég mun af þessari ástæðu greiða atkv. gegn málinu hér við 2. umr.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður lýsti sig andvígan þessu frv. og flutti hér alllanga ræðu til rökstuðnings því, að hann væri andvígur því, og hann kom hvað eftir annað inn á það, að hann teldi, að þessum málum væri bezt skipað, ef þau væru í höndum þeirra aðila sjálfra, sem ynnu að sjávarútvegi. En ég hygg, að hv. ræðumaður hafi mjög misskilið frv., ef hann telur, að það eigi að taka þessi mál úr höndum þeirra manna, sem eru í forustu fyrir sjávarútveginn, því að tilgangur frv. er sá að samræma og sameina alla þá aðila, sem vinna að sjávarútvegi, bæði að því að afla fisksins og vinna úr fiskinum og sömuleiðis að selja fiskinn, jafnframt því að hafa samvinnu við þær helztu lánastofnanir, sem lána til sjávarútvegsins hver á sínu sviði. Ég tel, að Landssamband ísl. útvegsmanna, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands, Félag fiskiðnfræðinga, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, síldarútvegsnefnd, Félag ísl. fiskimjölsframleiðenda, Félag ísl. niðursuðuverksmiðja, Samlag skreiðarframleiðenda, að hér sé um að ræða alla þá aðila, sem vinna að öflun hráefnis eða vinnslu úr sjávarafurðum, og það eru heildarsamtök hvert á sínu sviði, sem tilnefna mann í viðkomandi fiskimálaráð. Mér finnst líka eðlilegt, að það sé til ein heildarstofnun fyrir atvinnuveg, sem er um 90—95% af þjóðarútflutningnum, en hún er ekki til í dag. Það verður að samræma störfin og samræma stefnuna hverju sinni. Og ég er hv. síðasta ræðumanni gersamlega ósammála í þeim

efnum, að ég telji það ástand, sem er ríkjandi í þessum efnum, viðunandi. Ég tel, að það þurfi að skipuleggja miklu frekar tilfærslu fjármagnsins heldur en gert hefur verið. Hann kom mjög inn á uppbyggingu síldveiðiflotans, en hann kom ekki inn á það, að á sama tíma og lagt var svo mikið kapp á uppbyggingu síldveiðiflotans, gekk sá floti, sem aflar á hinum ýmsu stöðum úti á landi utan síldveiðisvæðisins, verulega saman, því að það hafði enginn áhuga á því að byggja þann flota upp. Það þarf að gera ráðstafanir um mótun heildarstefnu á þann veg að hækka lánveitingar til slíkrar uppbyggingar, þannig að hún dragist ekki svo verulega saman, að það þurfi svo aftur á örfáum árum að gera stórátak, þegar viðkomandi floti er verulega búinn að ganga úr sér. Ég nefni þetta sem dæmi um það, hvað hér hefur verið handahófskennt, ekki endilega nú á síðustu árum, heldur á síðustu áratugum, vegna þess að það hefur ekki verið skipulag á þessum málum.

Hvað er eðlilegra en að allir þeir, sem vinna að þessum atvinnuvegi, bæði launþegar og atvinnurekendur, komi saman í einu ráði, skiptist á skoðunum og reyni að mynda þar sína heildarstefnu? Ég vil segja fyrir mitt leyti, að þó að ég eigi að heita fremur í hópi atvinnurekenda, þá tel ég fullkomna ástæðu til þess, að sjómenn og sjómannasamtökin hafi aðild að slíkri stofnun, en þau hafa það hvergi í dag, og það er hvergi reynt að koma þessum stofnunun saman til þess að mynda heildarstefnu, heldur er hver fyrir sig að taka sína afstöðu, og það rekur sig hvað á annars horn, vegna þess að það vantar að skýra sjónarmið allra aðila. Það eru nú starfandi í sjávarútvegi fjölmargar stofnanir, sem vinna að því að reikna út hag og afkomuhorfur, hver á sínu sviði. Efnahagsstofnunin tekur svo að sér að reikna út um hver áramót, áður en fiskverð er ákveðið. Væri ekki meira vit í því, að stofnun eins og fiskimálaráð myndaði eina hagstofnun fyrir sjávarútveginn, og leggja allar þessar reikningaskrifstofur niður? Það yrði hlutlaus hagstofnun, sem sjómannasamtökin ættu aðild að, útvegsmannasamtökin, sölusamtökin og Efnahagsstofnunin. Ætli það væri ekki léttara í vöfum í sambandi við fiskverðsákvörðun að láta slíka stofnun eina starfa árið um kring og leggja þær fjölmörgu niður sem eru að reyna að mála fjandann á vegginn, hver á sínu sviði, til þess að láta líta sem verst út frá sínum bæjardyrum séð, fiskkaupendur annars vegar, fiskseljendur hins vegar, — það eru tugir manna, sem starfa jafnvel nokkurn hluta af árinu að þessu, — mynda hér eina stofnun, sem vinnur hlutlaust úr upplýsingum, þannig að samtökin, sem hér eiga hlut að máli, geti reitt sig á slíka eina stofnun, þar sem þeir eru aðilar, en þær séu ekki hver fyrir sig að útbúa sín plögg og sínar skýrslur og rífast um það vikum og mánuðum saman?

Mér skildist á hv. ræðumanni, að honum fyndist ekki ástæða til að mynda slíka stofnun sem þessa, en hins vegar sé um allt annað að ræða í sambandi við iðnaðinn, og þá hefur hann sennilega haft í huga tiltölulega nýstofnað iðnþróunarráð, því að þar væri hráefnið alltaf fyrir hendi og miklu léttara að skipuleggja það en sjávarútveginn. Rétt er það hjá hv. ræðumanni, að við skipuleggjum aldrei til hlítar aflabrögðin eða hversu mikill afli kemur á land. En ég tel miklu meira virði að skipuleggja betur og meir sjávarútveginn heldur en iðnaðinn, án þess að ég ætli að gera á nokkurn hátt lítið úr stofnun iðnþróunarráðsins, því að hvar er meiri ástæða til að skipuleggja meira og betur en í sjávarútvegi. Ég hef séð og ég veit um mörg dæmi þess, að það hafi verið byggðar fiskverkunarstöðvar á litlum stöðum sem stórum, þar sem nóg var af fiskverkunarstöðvum fyrir, vegna þess að það var ekkert skipulag. Þegar einn sjóðurinn eða ein lánastofnunin neitaði, þá var farið í hina. Það þarf að koma hér á betra skipulagi, og það getur vel verið, að það væri kannske betur ástatt hjá mörgum af þessum atvinnufyrirtækjum, ef þau hefðu ekki risið hvert upp við hliðina á öðru og væri að drepa hvert annað á undanförnum árum. Ég hygg, að það þurfi að gera hér breytingu á, og það er ekki vanþörf á því að stofna til slíks ráðs, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Nú má enginn halda það, þó að eigi að taka upp skipulag í atvinnurekstri, að við séum að ganga til sósíalisma. Bandaríkin, það mikla land kapítalismans, hika ekki við að skipuleggja mikið í sínu atvinnulífi. Við verðum að skipuleggja. Að vera á móti skipulagningu, það heyrir til liðinni tíð, og ég skil eiginlega ekki í greindum og gegnum mönnum, sem hafa mikla reynslu í atvinnulífinu, að berjast gegn skipulagningu, að berjast gegn því að taka upp skynsamlega stefnu, að marka skynsamlega stefnu og fá sem víðtækast samstarf á hverjum tíma. Ég hygg, að það, sem við þurfum fyrst og fremst að gera, Íslendingar, það sé að auka samstarfið á milli stétta. Það væri kannske minna um verkföll og minna um vinnudeilur, ef það væru samstarfsnefndir starfandi árið um kring, sem reyndu að skilja betur sjónarmið hver annarrar og fræðast á því, og það er ekki einkamál atvinnurekenda hver þeirra hagur er, það er ekki einkamál, það er mál þjóðarinnar hverju sinni. Allar þjóðir eru í æ ríkari mæli að veita þeim, sem hjá þeim vinna, frekari aðild að því að fylgjast með rekstri fyrirtækja, og ég tel það rétta og farsæla stefnu að gera það, og ég tel það rétt og skynsamlegt að mynda slíkt ráð sem þetta og veita samtökum sjómanna aðild að slíku ráði, því að þeir eiga sannarlega að vera með í þessari uppbyggingu. En það á ekki hver að vinna fyrir sig. Og það á ekki hver lánastofnun að hafna sambandi við aðrar. Þegar ein hefur sagt nei, þá þykir hinni sérstök ástæða til þess að segja já, jafnvel þó að málið sé óskynsamlegt og hafi ekki nokkra þýðingu fyrir þann, sem um það er að biðja, en hafi aftur þá þýðingu að drepa aðra, sem fyrir eru í sömu atvinnugrein. Það er þetta, sem við þurfum að laga, og það er enginn minni maður fyrir það, þó að hann

viðurkenni, að það hefur ýmislegt farið forgörðum á liðnum árum, og það eru miklu stærri og meiri menn, sem viðurkenna það og vilja bæta úr því, og ég tel tvímælalaust þetta frv. og stofnun þessa fiskimálaráðs vera spor í þá átt að koma á gagnkvæmum skilningi og samvinnu milli allra þessara aðila.

Að lokum ætla ég lítillega að koma inn á það mál, sem hv. síðasti ræðumaður var þó einna jákvæðastur í, en það er í sambandi við markaðsmálin. Þar höfum við verið á eftir, þótt einstakir aðilar og samtök hafi unnið þar mjög merkt starf á liðnum árum og sérstaklega samtökin í frystiiðnaðinum. En við verðum sannarlega að taka okkur saman í andlitinu, Íslendingar, í sambandi við markaðsmálin. Það er alltaf að verða harðari og harðari samkeppni. Með tækninni vex aflinn svo gífurlega hjá mörgum öðrum þjóðum, að við erum að verða undir í baráttunni um að selja, og við þurfum sannarlega að gera stórátak í sambandi við markaðsöflun og markaðsrannsóknir, reyna að vinna að því að afla okkur viðskipta hjá fleiri þjóðum en við höfum skipt við á liðnum árum, og þar er mikið starf að vinna. Sá aðili, sem hefur lagt mest fjármagnið fram til markaðsleitar og markaðsöflunar, er tekinn með inn í þetta frv., gerður að aðila að fiskimálaráði, en það er fiskimálasjóður. Að vísu eru það ekki risaháar upphæðir, sem hann hefur lagt fram, en það er þó það langmesta, sem hefur komið til markaðsleitar og auglýsingastarfsemi fyrir íslenzkan sjávarútveg frá fiskimálasjóði, og það hlýtur að vera gagnlegt að mynda slík samtök, þar sem allir þessir aðilar eiga fulltrúa og hver fulltrúi fyrir sig getur rætt í sínum hópi og tekið afstöðu til mála. Það er trú mín og von, að þetta frv. verði samþ. og þar með verði lagður grundvöllurinn að því að taka upp betra skipulag, bæði við öflun, vinnslu og sölu sjávarafla, en verið hefur á liðnum árum. Hitt skal ég taka undir, sem hv. frsm. n. gat um, að það má finna að þessu frv., það má bæta það á margan hátt, og ég tel, að þegar það hefur sýnt sig, að þetta er komið á stofn, þá er alltaf tími til þess að bæta við frv. og gera það fyllra í sniðum.

En áður en ég lýk máli mínu, vil ég koma inn á það, að með þessu frv. er ekki verið að taka fram fyrir hendurnar á einum né öðrum. Það á ekki að vera að banna neinum að reisa fiskverkunarstöðvar, það gerir fyrst og fremst ráð fyrir því að skipuleggja það fjármagn, sem er varið til þessara hluta, þannig að það sé ekki lánað framvegis til fiskverkunarstöðva á stöðum, þar sem nóg er fyrir af þeim, því að þar er sannarlega kominn tími til að spyrna við fótum. En ef einhverjir eiga það mikla peninga, að þeir geta reist fiskverkunarstöðvar á slíkum stöðum án þess að sækja fjármagn í hina sameiginlegu sjóði þjóðarinnar, þá þeir um það.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 7. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þegar þetta frv. var hér til umr. s. l. þriðjudag, tel ég mig hafa gert grein fyrir því, hvers vegna ég í hv. sjútvn. taldi mig og lýsti mig andvígan frv., eins og það lá fyrir. Hér gyrfti þess vegna ekki að lengja umr. um það. En nokkur atriði í ræðu hv. 4. þm. Vestf. gefa mér þó tilefni til nokkurra hugleiðinga í sambandi við málið.

Ég benti réttilega á það, þegar málið var hér til umr. s. l. þriðjudag, að lítill áhugi virtist vera fyrir þessu máli hjá þeim aðilum, sem það snertir, þar sem frsm. meiri hl. sjútvn. gat þess, að frv. hefði verið sent öllum 18 aðilum, sem tilgreindir eru í 7. gr. þess, til umsagnar, en aðeins 5 af þessum aðilum hefðu sent svar. Og þegar það er athugað, að enginn aðili, sem hefur með að gera fiskvinnslu eða útflutning, sá ástæðu til að svara sjútvn., verður maður að draga þá ályktun, að a. m.k. hjá þessum aðilum, sem frv. snertir kannske fyrst og fremst, sé enginn áhugi fyrir, að málið nái fram að ganga. Eðlilegt er, að Landssamband ísl. útvegsmanna hafi svarað n. og sent jákvætt álit, þar sem tveir af flm. frv. munu vera í stjórn þeirra samtaka.

Ég hygg þó, að svo lítill áhugi sem virtist vera áður hjá þeim aðilum, sem frv. snertir, mundi hann þó vissulega ekki hafa vaxið, ef þeir hefðu hlustað á ræðu hv. 4. þm. Vestf. s.l. þriðjudag. Hann sagði þar orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ætli það væri ekki léttara í vöfum í sambandi við fiskverðsákvörðun að láta slíka stofnun eina starfa árið um kring og leggja þær fjölmörgu niður, sem eru að reyna að mála fjandann á vegginn, hver á sínu sviði, til þess að láta líta sem verst út frá sínum bæjardyrum séð, fiskkaupendur annars vegar, fiskseljendur hins vegar?"

Ég verð að segja það, að þessi afstaða hv. þm., 1. flm. frv., kom mér nokkuð á óvart, vegna þess að það er hvergi hægt að sjá það í frv. sjálfu eða í grg. þess, að einn höfuðtilgangur þess sé að leggja niður samtök þeirra aðila, sem við fiskvinnslu og fiskútflutning hafa fengizt og fást enn í dag. En þessi ummæli verða ekki á annan veg skilin en þetta sé einnig tilgangur með frv. Og hefði þetta legið fyrir, annaðhvort í grg. eða í frv., hygg ég, að þessi samtök hefðu ekki látið sér nægja það að svara ekki tilmælum sjútvn. um umsögn, heldur hefðu þá komið fram frá þessum aðilum bein mótmæli.

Í öðru lagi kom fram hjá hv. ræðumanni, 1. flm. málsins, annað atriði, sem ég tel að þurfi nánari skýringar við. A. m. k. gat ég hvergi fundið það út úr grg. frv. eða frv. sjálfu, að þetta væri einnig tilgangur með flutningi málsins hér á hinu háa Alþingi. En hv. 1. flm. sagði orðrétt:

„Ég hef séð og ég veit um mörg dæmi þess, að það hafi verið byggðar fiskverkunarstöðvar á litlum stöðum sem stórum, þar sem nóg var af fiskverkunarstöðvum fyrir. Ég hygg, að það þurfi að gera hér breytingu á, og það er ekki vanþörf á því að stofna til slíks ráðs, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir."

Ég verð að segja, að ef maður les 2., 3. og 4. gr. frv., þar sem fiskimálaráði er ætlað að vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins, fiskimálaráði er ætlað að gera ályktanir í þessu sambandi, ef það er kannske annar aðaltilgangur frv. að stofna ráðið til þess að stöðva uppbyggingu í sjávarútvegi í landinu, þá er það nokkuð annað en hv. þm. hljóta að geta lesið út úr frv. eða grg. þess. Og ég verð að segja, að ég er nokkuð undrandi yfir því, að þetta skuli hafa komið fram hjá hv. 1. flm. þessa máls, að eftir því, sem hann hefur sagt hér í þessum ræðustól, þá virðist tilgangurinn í veigamiklum atriðum vera allt annar en málið sjálft gerir ráð fyrir eða fram kemur í grg. þess, og þm. hlýtur að vera ætlað að meta málið eftir því, sem þar kemur fram.

Nú skal ég viðurkenna það, að margt hefur farið öðruvísi í uppbyggingu sjávarútvegsins en við nú í dag mundum hafa óskað. En það er með það eins og annað, það er alltaf hægt að vera vitur eftir á. Og ég er alveg sannfærður um það, þó að fiskimálaráð hefði verið stofnað hér fyrir 10 árum og haft það markmið, sem efni frv. gerir ráð fyrir, að sú þróun, sem orðið hefur, hefði orðið nákvæmlega eins, þótt fiskimálaráð hefði þá verið til. Það voru allt aðrar og það voru eðlilegar orsakir, sem lágu til þess, að fiskiðnaðurinn þróaðist í þá átt eins og hann gerði, þó að, eins og ég segi, við nú í dag getum séð eftir á, að það hefði kannske mátt eitthvað öðruvísi fara. Ég hygg, að þeim mönnum, sem fylgzt hafa með þessu, sé þetta öllum ljóst. Það virðist vera, að menn, sem litla grein hafa gert sér fyrir þróun málanna, telji sér það nú eitthvað hagkvæmt að koma hér fram og benda á misfellur, sem orðið hafa, og ætla sér að fá Alþ. til þess að stofna fjölmenna nefnd eða fjölmennt ráð til þess að taka þar við málunum. Ég er íbúi einnar af stærstu verstöðvum landsins, hef haft góða aðstöðu til þess að fylgjast með þessu og hef gert það og tel mig vera þar nokkuð dómbæran.

Á þeim tíma, sem hraðfrystiiðnaðurinn byggðist mest upp, var um miklu meira aflamagn á vetrarvertíð að ræða heldur en nú er. Ég þekki það úr þeirri verstöð, sem ég tilgreindi hér áðan, að á vetrarvertíð var þá mjög almennt, að kæmu í land frá 1. jan. til 11. maí um 45 þús. tonn og komu 30 þús. tonn af þessum 45 þús. tonnum í land frá miðjum marz og fram í byrjun maí, þ.e. á rúmum 1½ mánuði. Það lá þá alveg ljóst fyrir, að hraðfrysting á fiski var miklu arðvænlegri vinnsla en söltun. Það lá ljóst fyrir á þessum tíma, auk þess sem það vita allir, sem þessum málum eru kunnugir, að vinnsla fisks í hraðfrystingu gefur mun meira í vinnulaun, mun meira í gjaldeyristekjur heldur en ef fiskurinn er saltaður. Ég spyr nú: Er það nokkuð óeðlilegt, þó að hraðfrystihúsaeigendur á þessum tíma hafi farið í það að stækka vinnslustöðvar sínar, stækka frystikerfin til þess að taka á móti þeim afla, sem þeim barst í hendur og þeir voru búnir að skuldbinda sig fyrir fram til þess að kaupa af útgerðarmönnum og sjómönnum? Ég segi, að við þetta hafi ekkert verið óeðlilegt. Og ég fullyrði alveg, að þjóðfélagslega séð var þetta mjög hagstæð þróun á þeim tíma og hraðfrysting gaf þá iðulega, a. m. k. í þessari verstöð, það vel af sér, að það var mjög eðlilegt, að menn, sem höfðu þennan atvinnurekstur á milli handa og höfðu lagt fjármagn í hann, vildu byggja hann upp sem hagkvæmastan, bæði fyrir sjálfan sig og þá aðila, sem þeir keyptu hráefnið af. Við þetta bættist einnig á þessum tíma, að þá kom til frysting á síld, sem lítið hafði verið um að ræða áður. Það vita allir, sem nokkuð þekkja inn á hraðfrystiiðnað, að hann útheimtir mjög stór frystitæki. Það er fljótlegt að pakka síldinni, fljótlegt að vinna hana undir frystinguna, og ef afköst áttu að vera nokkuð sem heitir, urðu hraðfrystistöðvarnar á þessum tíma verulega að bæta við sig frystitækjum. Það getur vel verið, að við nú í dag segjum, að það hefði verið bezt að láta þetta allt saman eiga sig, hafa bara „status quo" í þessum málum og láta síldarfrystinguna fara forgörðum og láta bolfiskinn fara í salt að mestu leyti, en ekki í hraðfrystingu. Þá gætu þeir menn, sem núna eru að tala um nýtingu hraðfrystihúsanna, kannske haft hærri tölur að vinna úr en þeir nú hafa. En ég tel, að það þurfi að skoða það mjög vel, þegar menn eru að tala um nýtingu hraðfrystihúsanna, ef athuguð er sú aðstaða, sem þau hafa verið í og ég segi: vonandi komast í aftur, ef hráefnið til þeirra eykst. Ég tel það hér um bil jafnvitlaust, en þó ekki eins og ef farið væri hér á Alþ. að tala um nýtingu sláturhúsanna, sem allir vita að fá sitt hráefni á ákveðnum tíma og eru svo ekki í vinnslu annan tíma ársins. Þetta er sambærilegt að því leyti, að í öllum verstöðvum hér sunnanlands og suðvestanlands koma, ég segi hiklaust ⅔ hlutar af hráefninu kannske á 1½ til í hæsta lagi 2 mánuðum. Og ef frysting á að eiga sér stað í nokkrum mæli og frystur fiskur að verða útflutningsvara, sem þjóðfélagið getur eitthvað byggt á, verða auðvitað frystitækin og frystistöðvarnar að vera stærri en nauðsynlegt er yfir þann tíma annan, sumarið og haustið, þegar mun minna og sáralítið hráefni berst að.

Ég segi hiklaust, að það, sem menn nú telja ofvöxt í hraðfrystiiðnaðinum, stafar af því, að þetta var bara eðlileg ráðstöfun á þeim tíma, meðan hráefnið var miklu meira á vetrarvertíðinni og þegar við bættist síldarfrystingin yfir haustið og framan af vertíð. Og ég spyr: Hvernig hefði farið hérna í Reykjavík og hvernig hefði farið víða í öðrum verstöðvum, þegar Faxaflói var fullur af síld yfir haustmánuðina og vetrarmánuðina, og hvernig hefði farið t. d. í Vestmannaeyjum þar sem þá var engin síldarbræðsla, hefðu ekki hraðfrystihúsin verið þess megnug og búið sig beint undir það að taka við þessari vöru til frystingar?

Þegar allt þetta er skoðað, tel ég það mjög hæpið, ef það virkilega er meining 1. flm. þessa máls að ætla nú að fara að leggja allar þessar stofnanir niður, sem að þessum málum hafa unnið, byggt upp fiskiðnaðinn hér í landinu, og setja allt undir eitt allsherjarráð, samansett af 18 aðilum, sem fyrir fram er vitað, að þar mundi í mörgum tilfellum hver höndin verða upp á móti annarri í afgreiðslu ýmissa mála.

Þá kem ég að því, sem hv. 1. flm. frv. kom inn á í sambandi við það, að það ætti að vera eitt af verkefnum fiskimálaráðs að stöðva uppbyggingu í þessum iðnaði, hann á við í bæði bátaflotanum og fiskiðnaðinum, en ég tel það alveg óþarfa að vera að stofna 18 manna ráð til þess að gera slíkar ráðstafanir. Það er fyrst og fremst, að ég hygg, að það sé almennt lítill áhugi um landið núna, að menn vilji leggja fjármagn í fiskvinnslustöðvar, og svo hitt, ef einhver er þannig sinnaður, að hann vilji gera þessa hluti, eru vissulega til aðilar, sem geta passað upp á að fara þar ekki út í neinar öfgar eða vitleysur. Ég hygg, að enginn eða fáir séu það fjáðir, sem vildu leggja fjármagn í slíkt fyrirtæki, að þeir þurfi ekki að leita til stofnlánadeildar sjávarútvegsins, sem lánar eftir vissum reglum og metur, hvort hún telur það eðlilegt eða ekki. Og flm. gat þess einnig í ræðu sinni, að þarna ríkti nokkur glundroði, ein stofnun afgreiddi lán, þegar önnur synjaði, og annað slíkt, þetta ræki sig sem sagt hvað á annars horn í þessu máli. Það er um þrjá aðila að ræða, sem menn leita til, ef þeir eru með slíkt fyrirtæki í huga. Það er fyrst og fremst stofnlánadeild sjávarútvegsins, það er atvinnuleysistryggingasjóður, sem í mörgum tilfellum hefur greitt mjög vel fyrir uppbyggingu atvinnufyrirtækja, og fiskimálasjóður. Ég segi, að það þarf ekki að stofna 18 manna fiskimálaráð til þess, að þessir þrír aðilar, sem eru undirstöðuaðilarnir í lánsfjármöguleikum fyrir þá, sem í slíkan iðnað vilja leggja, — það þarf ekki að stofna neitt 18 manna ráð til þess að dæma þarna um. Þessir aðilar geta ákaflega vel með lítilli fyrirhöfn borið sig saman, hvort eðlilegt sé að lána þessum eða hinum, sem leggur inn lánsumsókn til þessara stofnana. Og ég segi um atvinnuleysistryggingasjóð og fiskimálasjóð, að það er ákaflega handhægt fyrir þá að leita upplýsinga hjá stofnlánadeild sjávarútvegsins, hvort hún telji eðlilegt, að fjármagn sé sett í fiskvinnslustöð á þessum stað eða bátakaup á þessum stað og annað slíkt. En ég hygg, að fram hjá fiskveiðasjóði og stofnlánadeild sjávarútvegsins komist fáir, sem vilja leggja í skipakaup eða fiskvinnslustöðvar.

Hann kom einnig inn á það, eins og ég las hér áðan, hv. 1. flm. kom inn á það í sinni ræðu, að það hefðu á ýmsum stöðum á landinu, bæði smærri og stærri stöðum, nú hin síðustu ár, verið byggð fiskverkunarhús, sem hann taldi óþarfa, að gert hefði verið. Ég segi: allt þetta verður að skoðast betur, og þeir menn, sem slá slíku fram, verða að hafa kynnt sér málin betur eða verða a. m. k. að hafa kynnt sér málin til þess að verða dómbærir að tala um þetta. Ég þekki þetta úr mínu heimahéraði. Þar hafa verið nú á síðustu árum — ég man ekki, hvort það er á 6, 8 eða 10 árum — byggðar fjórar litlar fiskverkunarstöðvar. Tvær þessar verkunarstöðvar eru aðeins söltunarstöðvar, en tvær þeirra eru með mjög lítil hraðfrystikerfi. Ef aðeins er litið á þessa hlið málsins, er réttilega hægt að benda á það, að í Vestmannaeyjum hafi verið fjögur hraðfrystihús og þau hafi auðvitað getað annað þeim afla, sem þar bærist á land. En það er allt annað, sem þarna liggur á bak við og hv. 1. flm. frv. hefur ekki gert sér grein fyrir. Þessar 4 litlu stöðvar, sem þarna hafa risið á undanförnum, eins og ég segi, 6, 8 eða 10 árum, fluttu inn samtals 6 nýja báta í héraðið. Og þær hafa ekki tekið eitt einasta kg af hráefni frá hraðfrystihúsunum, sem fyrir voru. Mér eru þessi mál það vel kunnug, að ég fullyrði alveg, að 5 þessara báta hefðu ekki komið í bæinn, ef þessar verkunarstöðvar hefðu ekki verið byggðar, því að stöðvarnar eru byggðar til þess eins að vinna úr hráefni þessara báta, sem fluttir voru inn í byggðarlagið samtímis. Og ég vil nú spyrja: Er það ekki eðlileg þróun í einu byggðarlagi, einu sjávarplássi, að menn hafi dug í sér og aðstöðu til þess að ráða því að flytja inn fiskiskip í byggðarlagið og ráða því að vinna úr eigin afla? Og ég get sagt það, sem meira er, að a. m. k. 3 af þessum bátum hafa ekki aðstöðu til annars en salta þann fisk, sem söltunarhæfur er. Þeir hafa síðan komið í bæinn, lagt hráefni, svo að þúsundum tonna skiptir, til hraðfrystistöðvanna, þannig að þeir hafa ekki orðið þeim fiskiðjufyrirtækjum, sem fyrir voru, neitt til trafala, eða það hafi skeð þar, að hver væri farinn að drepa annan, eins og hv. 1. flm. sagði, heldur hafa þeir orðið til þess að útvega stöðvunum, sem fyrir voru, verulegt hráefni yfir þann tíma, sumarið og haustið, þegar stöðvarnar vantaði mest hráefni.

Það eru þessar aðstæður, sem einnig verður að skoða, þegar menn eru að gagnrýna það hér, að einhvers staðar í einhverri verstöð hafi verið byggð ný fiskverkunarstöð. Ég segi bara: guð hjálpi okkur, ef við ættum að fara að mynda 18 manna fiskimálaráð hér á Íslandi til þess eins, að einstaklingum, sem vildu ráðast í útgerð eða ráðast í byggingu fiskverkunarstöðva, væri meinað það. Það er stefna a. m. k., sem ég fæst ekki til að fylgja. Og ég er sannfærður um það, að nákvæmlega sama er fyrir hendi annars staðar. Ég þekki þar ekki til, en ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en sama sé fyrir hendi annars staðar, það séu menn, sem eiga bátana sjálfir, flytja þá kannske inn í sín byggðarlög, sem vilja hafa aðstöðu til þess að verka sinn afla að því marki, sem þeir geta gert. Ég tel síður en svo nokkuð óheilbrigt við það, og ég tel það hagstætt þjóðfélagslega séð, að þetta sé gert, kannske í smærri einingum en nú er, og fyrir byggðarlögin, þar sem þetta er, hefur það án efa orðið til mjög góðs.

Ég skal nú ekki tefja þessar umr. mikið. Eins og ég sagði í upphafi, var ég búinn að gera grein fyrir afstöðu minni til málsins og hvers vegna ég væri því

andvígur, svo að ég þarf ekki að koma neitt frekar inn á það. En það voru aðallega þessi tvö atriði, sem komu fram hjá hv. 1. flm. frv., sem ekki er að finna, hvorki í frv. né grg. þess, og eru í beinni andstöðu við efni frv., eins og það liggur fyrir, því að eins og ég hef sagt áður: það er ekki hægt að finna það út úr frv., að til standi eða meiningin með því sé að leggja niður þau fyrirtæki sjávarútvegsins eða þær stofnanir sjávarútvegsins, sem nú eru til. Og það er hvergi heldur hægt að finna út úr frv., nema síður sé, að tilgangur þess sé einnig að spyrna við því, að ráðizt sé í ný fyrirtæki eða ráðizt kannske í kaup á bátum.

Ég kom í ræðu minni hér s. l. þriðjudag nokkuð inn á þá stefnu, sem ég taldi að lægi alveg ljós fyrir, bæði hjá Alþ. og þeim aðilum, sem með þessi mál fara, en það er aukin öflun hráefnis til fiskiðnaðarins. Ég sagði það þá og segi það aftur, að eitt af höfuðvandamálum fiskiðnaðarins hafi verið sá samdráttur, sem orðið hefur í öflun hráefnis á undanförnum árum. Ég lít þetta mál ákaflega alvarlegum augum, ekki einasta vegna fiskiðnaðarins sjálfs, heldur ekkert síður vegna þeirra sjómanna, sem fyrir eru, og kannske aðallega vegna þess verkafólks, sem byggt hefur afkomu sína á þeim möguleika, að fiskiðnaðarstöðvar á hverjum stað úti um hinar dreifðu byggðir landsins hefðu sem mest og sem jafnast hráefni.

Ég benti á það í ræðu minni s.l. þriðjudag, að ég teldi næsta óhjákvæmilegt þegar á þessu þingi að marka einhverja nýja stefnu í þessum málum. Eg tel það liggja alveg ljóst fyrir, að það sé kominn tími til og þó að fyrr hefði verið, að teknar væru til athugunar þær ráðstafanir, sem gerðar voru með útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 12 sjómílur, að við hefðum ekki einasta verið að ýta af okkur og bægja frá veiðisvæðum okkar erlendum skipum, heldur hlýtur það að hafa verið meining okkar á þeim tíma, að við stefndum að því með útfærslunni að nýta þau veiðisvæði, sem innan þessara marka væru, á sem arðvænlegastan og hagkvæmastan hátt. Um þetta hafa verið deilur hér á Alþ. áður. Einstakir þm., bæði ég og aðrir, hafa gert tilraun til þess að fá þarna breytta stefnu, en það hefur ekki enn þá haft hljómgrunn. En ég segi bara: það verður að koma að því, ef ekki á að skapast verulegur samdráttur í fiskiðnaðinum, þjóðfélaginu öllu til óhagræðis og aðallega því fólki, sem býr úti um hinar dreifðu byggðir landsins, þá verður að skapa þarna nýja stefnu, og ég vænti þess, að þetta mál komi til umr., áður en langt um líður, hér í þessari hv. deild.

Ég skal svo ekki, herra forseti, fjölyrða meira um þetta mál, ekki í bili, er nú víst búinn að tala mig dauðan í málinu eins og sagt er. En ég vil að lokum benda á það, að ég tel, að það, sem að sé stefnt með frv., stefni ekki í rétta átt, sé ekki til hagræðis fyrir sjávarútveginn, nema síður sé. Og ég segi alveg hiklaust, að ef framkvæmdin á því ætti að vera eins og 1. flm. þess hefur lýst þessu hér, er þar um hættulegt mál fyrir sjávarútveginn í heild að ræða. Og ég segi alveg hiklaust, að Alþ. á ekki að samþykkja frv., eins og það liggur fyrir, og 7. gr. þess sérstaklega. Ég tel hana hreinlega, — ég veit ekki, hvað á að kalla það: kokkteil, sem Alþ. á alls ekki að búa til.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hv. 3. þm. Sunnl., sem var að ljúka hér máli sínu, tók meira upp í sig í þessari síðari ræðu sinni heldur en í ræðunni fyrir tveimur dögum, enda hefur hann nú haft tvo sólarhringa til þess að sækja í sig veðrið. Og hann komst að lokum að þeirri skynsamlegu niðurstöðu, að þetta frv. um stofnun fiskimálaráðs væri hættulegt fyrir sjávarútveginn. Mér finnst, að þessi endir á ræðu hv. þm. sanni það glöggt, að hann, þrátt fyrir allan sinn ræðuflutning í þessu máli, skilur hvorki upp né niður í tilganginum með flutningi þessa frv., enda var málflutningur hans hér áðan með þeim hætti.

Hann greip í eitt hálmstrá í byrjun ræðu sinnar, og hélt í það alllengi og var afskaplega glaður og sagði, að það hefði verið lítill áhugi sýndur þessu frv. frá þeim stofnunum, sem hefur verið leitað umsagnar hjá. Rétt er það að vísu, að það voru ekki allir, sem sendu umsagnir. En hvaða frv. er það, sem flutt er og leitað er umsagna um, sem menn trassa ekki að senda umsagnir um nema þegar þeir þurfa að mótmæla einhverju? Þá eru þeir fljótir til. Og það er eitt atriði í þessu máli, að enginn aðili mótmælir frv. eða hafði neitt út á það að setja, svo að ég hygg, að þetta hálmstrá slitni fljótlega.

Ég furða mig á því, að hv. þm. skuli leyfa sér að snúa þannig út úr ræðu minni hér fyrir tveimur dögum, þegar ég talaði um, að eitt af þeim mörgu málum, sem slíkt ráð ætti að fjalla um, væri stofnun hagstofnunar fyrir sjávarútveginn, en láta ekki hverja sérgrein sjávarútvegsins fyrir sig vera að halda uppi dýrum stofnunum til þess að reikna sér í hag hver fyrir sig. Og ég sagði, að ég teldi, að það væri skynsamlegt og eitt af verkefnum þessa væntanlega ráðs að stofna eina heildarstofnun, þar sem aðilar bæði þeirra, sem fiska, sjómanna, og þeirra, sem gera út, þeirra, sem vinna úr fiskinum, og þeirra, sem fara með lánamálin, og Efnahagsstofnunin ættu aðild að. Ég hélt, að þetta væri skynsamlegra og léttara í vöfum við fiskverðsákvarðanir. En hv. þm. kemst að þeirri niðurstöðu, að með því að leggja þetta til í ræðu minni hafi ég í raun og veru verið að gefa það til kynna, að ég vildi leggja niður öll sölusamtök sjávarútvegsins. Ég get ómögulega skilið, hvernig hv. þm. hefur fengið þetta í höfuð sitt.

Ég sagði í þessari ræðu minni, — að vísu flutti ég ekki skrifaða ræðu, en hún er komin hér á borðið til mín, — og ég segi það, að ég vil segja fyrir mitt leyti, að þó að ég eigi að heita fremur í hópi atvinnurekenda, tel ég fullkomna ástæðu til þess, að sjómenn og sjómannasamtökin hafi aðild að slíkri stofnun, en það hafa þau hvergi í dag, og það er hvergi reynt að koma þessum stofnunum saman til þess að mynda heildarstefnu, heldur er hver fyrir sig að taka sín afstöðu, og það rekur sig hvað á annars

horn, vegna þess að það vantar að skýra sjónarmið allra aðila. Það eru nú starfandi í sjávarútvegi fjölmargar stofnanir, sem vinna að því að reikna út hag og afkomuhorfur, hver á sínu sviði. Efnahagsstofnunin tekur svo að sér að reikna út um hver áramót, áður en fiskverð er ákveðið. Og síðan segi ég: Væri ekki meira vit í því, að stofnun eins og fiskimálaráð myndaði ein hagstofnun fyrir sjávarútveginn, og leggja allar þessar reikningaskrifstofur niður. Það yrði hlutlaus hagstofnun, sem sjómannasamtökin ættu aðild að, útvegsmannasamtökin, sölusamtökin og Efnahagsstofnunin. Ætli það væri ekki léttara í vöfum í sambandi við fiskverðsákvörðun að láta slíka stofnun eina starfa árið um kring og leggja þær fjölmörgu niður, sem eru að reyna að mála fjandann á vegginn, hver á sínu sviði. Það eru reikningaskrifstofur að sjálfsögðu.

Ég hélt, að þetta skildi hvert 12 ára barn, að það væri ekki verið að ætlast til þess að leggja sölusamtökin niður. Hvenær hefur hv. þm. eða aðrir þm. eða aðrir heyrt mig tala gegn sölusamtökum fiskframleiðenda í þessu landi? Aldrei. Ég stend einhuga með þeim og met mikils þeirra störf. En það, sem hér veltur á mestu, er það, að það vantar að mynda einhverja heildarstofnun fyrir sjávarútveginn, þar sem allir aðilar eiga rétt á að mynda heildarstefnuna, bæði þeir, sem afla frumhráefnisins, þeir, sem selja það, þeir, sem lána til þess, og ríkisvaldið, og með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að sá maður, sem fer með æðstu stjórn sjávarútvegsmála, sjútvmrh., skipi formennsku í slíku ráði. Það er hvergi nú nein stofnun, þar sem launþegar eiga aðild að. Það er þróunin í flestum öðrum löndum, að launþegarnir fylgjast meira með gangi fyrirtækjanna, til þess að það vaxi skilningur meðal þeirra á því, hvernig fyrirtækin ganga, en ekki fara með neitt pukur og deila svo alltaf, þegar á að taka ákvörðun um fiskverð eða kaup og kjör, hvort það verði borgað of mikið eða of lítið. Ég endurtek það, sem ég sagði hér fyrir tveimur dögum, að ég tel það þýðingarmikið í okkar þjóðfélagi að hefjast handa um að skapa aukinn skilning hér á milli, en ekki skipta sér í tvær andstæðar fylkingar, sem líta á sig sem andstæðinga, sem aldrei geti náð saman, nema komi til verkfalla eða deilna í þjóðfélaginu.

Mér skildist á hv. ræðumanni, að ég vildi leggja niður frystihús í landinu, og láta fiskimálaráð stjórna öllum frystihúsum á Íslandi. Þetta er alger misskilningur. Ég tel, að mörgum frystihúsum á landinu hafi verið mjög vel stjórnað, og ég vil mjög gjarnan og eindregið hafa þau frystihús undir þeirri stjórn, sem þau hafa verið á undanförnum árum. Þessir aðilar margir hverjir hafa öðlazt það mikla reynslu og hafa sýnt hæfni sína til að stjórna þessum fyrirtækjum. Ég skal ekkert hafa á móti því, sem hv. ræðumaður sagði varðandi sína heimabyggð. En hitt ætla ég að endurtaka, að ég veit um, að það hafa verið byggðar fiskverkunarstöðvar á ýmsum stöðum á landinu, þar sem hraðfrystihús eru fyrir og þar sem ekki hefur orðið nein aukning á hráefni, og það hefur orðið til þess, að hraðfrystihúsin hafa fengið minna hráefni en áður var.

Ég segi það fyrir mitt leyti: ég tel fullkomna ástæðu til, að það ráð, sem hér er ráð fyrir gert, móti heildarstefnu. Það á ekki að fara að taka ákvörðun í hverju einstöku máli, hvar eigi að lána, en það þarf að móta heildarstefnu í þessum málum, en hún hefur ekki verið fyrir hendi. Hvað er eðlilegra en allir þeir aðilar, sem að sjávarútvegi vinna, komi saman í slíku ráði sem þessu og skiptist þar á skoðunum, reyni að ná samvinnu á sem víðtækastan hátt? Og hvaða ástæðu hefur hv. ræðumaður til þess að leggja mér í munn það, sem hann gerði hér í sinni ræðu? Ég hygg, að hver einasti hv. þm. skilji auðveldlega þetta stuttorða frv., en þar segir, að fiskimálaráð skuli vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og í markaðsmálum og skuli beita sér fyrir góðri samvinnu allra aðila, sem hlut eiga að máli, með gagnasöfnun, umræðufundum, skýrslugerð, útgáfu- og fræðslustarfsemi og öðrum ráðum, sem líklegust eru talin til þess hverju sinni, að tilganginum með stofnun ráðsins verði náð. Býst nokkur við því, að frv., sem hefur þennan tilgang, muni leiða til þess, að þeir aðilar, sem ættu þar sæti, kæmu fram með till. um að leggja niður ákveðin sölusamtök? Ég hygg, að það detti engum manni í hug og ekki einu sinni hv. síðasta ræðumanni, ef hann vill hugsa um þetta mál í alvöru og lesa frv., eins og það liggur hér fyrir.

Þá gerir frv. ráð fyrir því, að ályktanir sínar um uppbyggingu fiskiskipastólsins skuli fiskimálaráð við það miða, að jafnan sé sem mest fjölbreytni í útgerðinni og eðlilegt jafnvægi milli einstakra greina hennar. Miða skal till. ráðsins við það, að hráefnisöflun til fiskiðnaðarins sé tryggð eftir föngum með tilliti til arðsemi fiskistofna á hverjum tíma. Síðan segir, að ályktanir sínar um uppbyggingu fiskvinnslu- og fiskiðnaðarfyrirtækja skuli ráðið semja þannig, að tillit sé tekið til æskilegrar dreifingar fyrirtækjanna og við það miðað, að afkastageta þeirra sé hæfileg með hliðsjón af mögulegri öflun hráefnis. Og það skiptir miklu máli, ef verið er að auka útgerð á einum stað og auka hráefnisöflunina þar með, að þá sé um leið aukin fiskvinnsla á þeim stað. Hitt skiptir aftur líka miklu máli, að það sé ekki verið að fjölga fiskvinnslustöðvum á stöðum, þar sem hráefnisöflunin stendur í stað eða fer minnkandi. Þar er ekki þörf fyrir fleiri fiskverkunarstöðvar, alveg eins og á hinum staðnum er þörf fyrir fleiri fiskverkunarstöðvar, ef það verður stórkostleg aukning á útgerð og hráefnisöflun. Þetta hélt ég, að lægi svo ljóst fyrir, að um það þyrfti ekki að vera að deila.

Hv. þm. sagði hér fyrir tveimur dögum, að það væri allt annað mál, stofnun iðnþróunarráðs, því að iðnaðurinn hefði sitt fasta og ákveðna hráefni, en hitt væri svo óöruggt, það sem lyti að sjávarútvegi, því að fisköflun væri auðvitað háð, eins og við allir vitum, bæði aflabrögðum og veðráttu. Ég segi aftur fyrir mitt leyti, að þá tel ég, með allri

virðingu fyrir stofnun iðnþróunarráðs, sem er alveg sjálfsögð ráðstöfun, og allir, sem að iðnaði standa, hafa fagnað stofnun þess ráðs, en ég tel ekki síður, heldur miklu frekar þörf fyrir að stofna ráð eins og fiskimálaráð, því að þar sem óvissan er mest, þar ríður mest á, að skipulagningin sé í beztu lagi. Annars skil ég ekki þá hræðslu, sem hefur leynt sér á bak við ræðuflutning hv. þm., bæði hér fyrir tveimur dögum og eins nú í dag. Hann hefur í raun og veru aldrei komið inn á það. Höfuðmarkmið þessa máls er að færa þá aðila saman undir einni stofnun, þannig að þeir geti rætt um þennan atvinnuveg hver frá sínu sjónarmiði og reynt að ná sem beztri samvinnu og beztum árangri fyrir sjávarútveginn. En þetta frv. er ekki flutt í þeim tilgangi að gera sjávarútveginum illt, og það fannst mér allhart og harður dómur, sem hv. þm. lauk ræðu sinni með hér áðan.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Ég hlýt að taka undir það með hv. 4. þm. Vestf., að það sé harður dómur af hálfu hv. 3. þm. Sunnl. um þetta mál, að það sé beinlínis hættulegt sjávarútveginum. Ég átti satt að segja ekki von á því, að hann felldi það harðan dóm um málið hér í hv. þingdeild. Í sjútvn. kom það að vísu fram, að hann væri andvígur málinu, en andstaða hans gegn því var þó ekki harðari en svo, að hann hefur ekki séð ástæðu til þess að gefa út sérstakt nál. um það.

Hv. 3. þm. Sunnl. hefur bæði í ræðu sinni hér áðan og við 1. umr. á dögunum lagt mikið upp úr því, að aðeins 5 aðilar af þeim, sem taldir eru upp í 7. gr. frv., hafi sent jákvæðar umsagnir um frv. Þessar umsagnir eru að vísu frá s.l. ári. Eins og hv. þm. muna, var þetta frv. hér til meðferðar seint á síðasta þingi og varð þá ekki útrætt. Þegar við tókum málið fyrir að nýju í sjútvn. að þessu sinni, var búið að bæta við í 7. gr., ef ég man rétt, a. m. k. tveim aðilum til viðbótar þeim, sem þar voru upp taldir á s. l. ári. Það var beinlínis gert eftir tilmælum frá þeim sjálfum, þannig að við þessa 5, sem áður svöruðu jákvætt, tel ég að megi nú a. m. k. bæta þessum tveimur, sem nú er bætt þarna inn í. Í sjútvn. minnist ég þess nú ekki, að þess væri óskað, að málið yrði á ný sent til umsagnar, sem auðvitað hefði verið hægt að gera. Menn töldu yfirleitt, að frá þeim aðilum, sem þarna eiga hlut að máli, væri ekki að vænta andstöðu gegn frv., og það hygg ég að hafi verið ástæðan fyrir því, að þeim var ekki sent málið til umsagnar.

Þetta var eiginlega það, sem kom mér til að kveðja mér hljóðs. En eftir ræðuflutning hv. 3. þm. Sunnl. vil ég undirstrika það, að ég hygg, að hann misskilji þetta mál allhrapallega, ef hann telur, að með þessu litla frv. sé sjávarútveginum stofnað í einhverja hættu. Eins og ég gat um í framsögu fyrir nál. meiri hl. n., er ætlazt til þess, að fiskimálaráð verði fyrst og fremst ráðgefandi stofnun, þar sem þeir aðilar, er mesta þekkingu og reynslu hafa á málefnum sjávarútvegsins, beri saman ráð sín. Hv. 3. þm. Sunnl. gat þess, — ég hygg, að það hafi verið fyrir tveim dögum, — að nægilegar upplýsingar lægju fyrir hjá þeim einstöku stofnunum, sem þarna ættu aðild að, um afkomuhorfur og annað, er máli skiptir í sambandi við sjávarútveginn. Það mun að vísu rétt, að ég hygg, að hjá einstökum aðilum, eins og hjá sölusamböndunum, liggi fyrir margvíslegar upplýsingar. En það snertir bara hverja grein fyrir sig. Það er engin stofnun til í landinu, sem hefur heildaryfirsýn yfir þessi mál, ekki aðeins með tilliti til fjárfestingar, — því að það er ekki nema einn þátturinn í því, sem fiskimálaráði er ætlað að annast, — heldur líka með tilliti til markaðskönnunar og markaðsrannsókna. Ég mundi t. d. segja, að slík stofnun hefði verið mikils virði fyrir þá aðila, sem fyrir nokkrum árum ruku upp til handa og fóta og keyptu grásleppuhrogn dýrum dómum. Ef það hefði verið til einhver stofnun viðlíka og nú er hugsað að koma á fót með fiskimálaráði, þá hefði hún getað sagt þessum aðilum, hvað markaðurinn þoldi mikið af grásleppuhrognum. Það er einmitt á þessu sviði, sem ég hygg, að fiskimálaráð geti gert mjög mikið gagn. Það er ekki heldur alltaf, sem það er til góðs að láta útgerðarmenn og sjómenn fara algerlega eftir eðlishvöt um það, hvaða stærð fiskibáta þeir kaupa og gera út. Það mundi í mörgum tilfellum vera affarasælla, ef þeir gætu fengið ráð og leiðbeiningar bæði um aflahorfurnar, þótt óvissar séu og Hafrannsóknastofnunin sé oft vefengd í þeim efnum, svo og um söluhorfur á einstökum tegundum, eins og á frystum fiski, saltfiski og skreið. Ég hygg, að eins og málin hafa þróazt á s. l. ári, hefði verið miklu æskilegra, að við hefðum í sjávarútveginum lagt meiri áherzlu á framleiðslu saltfisks heldur en t. d. skreiðar. Það hefur kannske verið erfitt að gera sér grein fyrir þessu í byrjun vertíðar í fyrra. Það má segja, að það hafi ekki verið hægt að sjá fyrir, hversu hrapallega mundi fara um skreiðarmarkaðinn, en á hinn bóginn lá það fyrir í fyrrahaust og allt s. l. ár, að verð á saltfiski var mun betra en á nokkurri annarri framleiðslutegund, og því hefði verið gott, að einhver ráðleggingarstofnun hefði verið til, sem hefði getað bent þeim aðilum, er með þessa framleiðslu fara, á það og brýnt fyrir þeim að leggja meiri áherzlu á saltfiskverkun en gert hefur verið. Og satt að segja býst ég við, að undanfarin ár höfum við ekki lagt nægilega áherzlu á saltfiskmarkaðinn, a. m. k. ekki á þurrfiskmarkaðinn.

Það er óteljandi margt þessu líkt, sem hugsað er sem verkefni einmitt fyrir fiskimálaráð. Ég gat þess í framsöguræðu minni, að á s. l. ári, þegar málið var hér til umr., hafi verið að því fundið af þeim, sem gagnrýndu málið þá, að fiskimálaráði væri ekki ætlað nógu mikið vald og ekki nógu mikil fjárráð. Ég get fyrir mitt leyti vel hugsað mér, að við þyrftum að koma hér upp stofnun, sem hefði meira valdsvið en fiskimálaráði er ætlað. En ég tel þó, að með fiskimálaráði samkv. þessu frv. verði komið upp vísi að slíkri stofnun. En hún þarf vitanlega, eins og allt annað, að þróast og þarf tíma til að þróast.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að lengja þessar umr. meira. Ég endurtek það fyrir hönd meiri

hl. sjútvn. þessarar hv. d., að við mælum með því, að frv. verði samþ.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég skal að sjálfsögðu verða við því að vera eins stuttorður og ég mögulega get. En ég vonast til, að menn sjái í gegnum fingur sér, þó að ég noti nokkurn tíma til að svara því, sem ég þarf beinlínis að svara.

Við umr. hér á þriðjudaginn lýsti ég afstöðu minni til málsins og hvers vegna ég væri andvígur frv. Ég gerði það vegna þess, að ég taldi það engum tilgangi þjóna, eins og það væri lagt hér fyrir d. og sett upp. Ég taldi, að þeir aðilar, sem með þessi mál færu, væru í gegnum áratuga reynslu miklu færari um það að sjá fyrir þessum málum heldur en þó að væri stofnað nýtt 18 manna eða 19 manna ráð, samsett úr mjög ólíkum hagsmunahópum og ólíkum aðilum, og ég hygg, að við a. m. k. þessir þrír þm., sem hér höfum talað í þessu máli, þekkjum nokkuð samkomulag og fundarhöld í slíkum fjölmennum ráðum, þar sem ólíkir hagsmunir mætast. Það, sem gerði, að ég var harðorður um þetta mál nú og dómharður, — það er alveg rétt, ég gerði það alveg viljandi, — það er vegna þess, að í ræðum flm. frv., sérstaklega 1. flm. þess, hafa komið upplýsingar um allt annan tilgang en frv. er ætlað, eins og það var lagt fyrir þessa hv. d. Það var það, sem gerði mig harðorðan og dómharðan um það, að tilgangurinn með því virðist vera allt annar en þar er gert ráð fyrir.

Hv. 4. þm. Vestf. sagði, að ég mundi hafa misskilið ummæli hans um það, að hann ætlaðist til, að þarna yrðu lagðar niður einhverjar stofnanir. Ég held, að það sé ákaflega erfitt að lesa annað út úr hans orðum, þegar hann telur, að eigi að leggja þessar fjölmörgu stofnanir niður, sem hafa á undanförnum árum verið að mála fjandann á vegginn. Er það reikniskrifstofa sjávarútvegsins, sem hefur verið að mála fjandann á vegginn? Er það ekki stjórn Landssambandsins, sem er ávallt ábyrg gagnvart ríkisvaldinu og flytur þessi skilaboð, sem þangað hafa verið flutt, um afkomu sjávarútvegsins? Þetta er rætt á aðalfundum L. Í. Ú., stefnan mótuð þar, og það er stofnunin í heild, og stjórnin, sem ber ábyrgð á þessu, en ekki reikniskrifstofan. Það hlýtur þess vegna að vera átt við hana, átt við stofnunina í heild, sem á að leggja niður en ekki þess einföldu reikniskrifstofu, sem ég held að sé nú hvorki fugl né fiskur, því að menn hafa almennt ekki sent henni sína reikninga. Hún hefur verið óvirk. Hún er kannske lögð niður af sjálfu sér.

Hver er sá sameiginlegi aðili fiskkaupenda? Hvaða reikniskrifstofu hafa fiskkaupendur til þess að tjá ríkisvaldinu sína afkomu? Það er hver stofnun fyrir sig, sem gerir það. Hraðfrystiiðnaðurinn gerir það, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda gerir það, Sölusamlag skreiðarframleiðenda gerir það, hver fyrir sig. Það er mér vitanlega ekki nein sameiginleg stofnun, sem markar línuna og er ábyrg gagnvart ríkisvaldinu, þannig að það er ekki hægt að skilja ummæli hv. þm. öðruvísi en það eigi að leggja niður þessar umræddu stofnanir, þannig að ég tel mig ekki hafa á nokkurn hátt hvorki rangtúlkað mál hans né misskilið það. Ég tel það liggja alveg ljóst fyrir.

Svo að ég fari út í það, sem hv. 1. flm. sagði hér við 1. umr. um það, þegar frv. gerir ráð fyrir, að fiskimálaráð, eins og ég hef sagt áður, sé ráðgefandi, eigi að gera ályktanir og till., þá sagði hann orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, um tilganginn: „Það er í fyrsta lagi að sjá um uppbyggingu fiskiskipastólsins, í öðru lagi um uppbyggingu fiskvinnslu- og fiskiðnaðarfyrirtækja“ — og í þriðja lagi kemur hann inn á markaðsmál. Það er ekki verið að tala um, að það eigi að vera ráðgefandi eða gera ályktanir og till. Það á bara að sjá um þetta fyrir menn. Þetta er prentað hér í þskj., og getur hver þm. kynnt sér það, sem vill. Þetta stakk mig ákaflega illa. Ég lét það kyrrt liggja áðan, vegna þess að ég taldi, að það, sem hér hefur komið fram, væri nægilegt til þess að gera greinarmun á efni frv. og því, sem það sjálft boðar. Og ég fer ekkert dult með það, ef ætti að fara að stofna fiskimálaráð með þessum tilgangi, eins og fram hefur komið, sérstaklega hjá hv. 1. flm., þá mundi ég telja hættulegt fyrir uppbyggingu sjávarútvegs, ef það ætti að skipa eitt ráð, sem ætti að stjórna öllu, hvað þá ef það ætti að sjá um þetta allt saman fyrir þá aðila, sem í það vilja leggja.

Það er mikið talað um, að það eigi að móta heildarstefnuna. Ég gerði grein fyrir skoðun minni á því máli hér s. l. þriðjudag. Ég tel, að það sé allt önnur aðstaða að móta nokkra ákveðna heildarstefnu í sjávarútvegsmálum heldur en í öðrum iðnaðarmálum. Ég minntist aldrei á iðnþróunarráð, eins og hv. 4. þm. Vestf. taldi að ég hefði gert. Ég sagði bara, að það væri allt önnur aðstaða hjá iðnaðinum almennt, hann vissi fyrir fram um það hráefni, sem þyrfti að vinna úr, miðaði sínar vélar og sinn rekstur allan við það, því að þar er hægt að gera áætlun. En enginn veit um áramót, hve mikill afli kemur á land, hvorki af bolfiski né síld. Það verður engin slík heildarstefna mótuð. Þetta verður að fá að þróast. Þetta er áhættuatvinnuvegur. Menn leggja í þetta bjartsýnir um áramót án þess að vita nokkurn tíma, hve mikið aflamagn þeir fá yfir árið eða hver afkoman verður, þannig að það að ætla að fara að móta heildarstefnu fyrir fram, ákveðna heildarstefnu, það er hlutur, sem ég hygg, að þeir, sem í þessu standa, telji sér ákaflega erfitt að gera.

Ég kom nokkuð inn á markaðsmálin hér s. l. þriðjudag og sagði þar alveg réttilega, eins og ég meina, að það væri að mínum dómi mál, sem þyrfti athugunar og endurskoðunar við. En ég tel, að það eigi að fara öðruvísi að því heldur en að stofna nýtt, stórt og fjölmennt ráð til þess. Ég tel, að þar eigi að standa að fiskútflytjendur með viðskmrn., utanrrn. og sendiráðin á bak við sig. Og ég tel, að það þurfi að auka þjónustuna í sambandi við útflutninginn frekar en draga hana saman, þannig að í mörgum markaðslöndum vantar viðskiptafulltrúa eða einhvern aðila, sem er þar staðsettur allt árið, fylgist með málum og getur gefið upplýsingar. Ég tel,

að þannig eigi að auka þjónustuna í sambandi við markaðsmálin og markaðsleitina, en ekki með stofnun ráðs, sem sæti hér í Reykjavík og væri á fjölmennum fundi einu sinni til tvisvar sinnum á ári að velta málunum fyrir sér. Ég tel, að út úr því mundi lítið koma.

Hv. 5. þm. Vestf. kom hér inn á í þessu sambandi, að öðruvísi mundi hafa farið með grásleppuhrogn og annað slíkt og beina hefði átt meira magni af hráefninu í saltfiskframleiðsluna heldur en gert var. Það er enginn vandi í dag að segja þessa hluti. En ég dreg það mjög í efa, að fiskimálaráð, þó að það hefði verið stofnað fyrir 2—3 árum, hefði séð fyrir hlutina eins og þeir hafa þróazt, — ég dreg það mjög í efa. Það er vitað, hvernig fór með grásleppuhrognin. Það varð offramleiðsla á þeim, ekki einungis hjá okkur, heldur hjá öðrum þjóðum, sem yfirfylltu markaðinn og felldu verðið á þessu, og kom þar einnig fleira til.

Varðandi saltfiskinn spyr ég: Þessir menn, sem hér hafa haldið því fram, að það eigi að vera nefnd og ráð hérna í Reykjavík, sem þar eigi að stjórna málunum, halda þeir virkilega, að þeir menn, sem í þessu standa, hafa hætt bæði fjármunum sínum og eignum í þennan atvinnurekstur, fylgist ekki með, hvenær er bezt að framleiða þessa vöruna og hina vöruna? Ég er sannfærður um, að menn sjá það núna vegna samdráttarerfiðleika, sem hafa orðið hjá hraðfrysta fiskinum og í framleiðslu á honum, að það verður meiri saltfiskframleiðsla nú í vetur, ef afli kemur á land, heldur en áður. Ég er alveg sannfærður um það. Það er hægt að selja meira magn en hefur verið gert. Það er búið að kanna það, að verðið er ekki fallandi, a. m. k. eins og er, og saltfiskurinn gefur sennilega meira nú í dag en hann hefur gefið áður. Og þessir menn, sem í þessu standa, vita það manna bezt, hvernig þeir eiga að haga sínum málum. Þeir þurfa ekki að sækja sín ráð til stjórnskipaðrar nefndar hér í Reykjavík. Það er ágætt að eiga aðgang að upplýsingum og öllu slíku. En ég tel, að það sé fyrir hendi hjá þeim sölusamtökum, sem með þessi mál fara, þannig að að því leyti er alveg óþarfi að stofna til þeirrar n. og þess ráðs, sem hér er lagt til að gert verði.

Ég skal svo ekki, herra forseti, misnota aðstöðuna meira, en láta máli mínu lokið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21:2 atkv.
2.—10. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25:1 atkv.

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Ed., 12. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj atkv.

Á 81. og 84. fundi í Ed., 4. og 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 75, n. 501 og 518).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. þetta um fiskimálaráð hefur sjútvn. þessarar hv. d. haft til athugunar og skilað um það áliti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 501 náðist ekki samstaða innan n. um afgreiðslu málsins. Einn nm., hv. 4. þm. Reykn., vill fella frv., en aðrir nm. mæla með því, að frv. verði samþ., svo sem fram kemur í nál.

Í 2. gr. þessa frv. er markað starfssvið fiskimálaráðs. Þar segir m. a., að fiskimálaráð skuli vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og í markaðsmálum. Skal fiskimálaráð beita sér fyrir góðri samvinnu allra aðila, sem hlut eiga að máli, með gagnasöfnun, umræðufundum, skýrslugerð, útgáfu og öðru því, sem helzt verður talið gagna í þessum efnum. Samkv. 5. gr. frv. er kveðið á um það, að fiskimálaráð skuli hafa forgöngu um markaðsrannsóknir og skipulegar aðgerðir til öflunar nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og framleiðslu nýrra vörutegunda.

Það hefur oft verið um það rætt, að fáar þjóðir eigi hlutfallslega jafnmikið undir sinni utanríkisverzlun og við Íslendingar. Kemur þar til, hve stór hluti af heildarframleiðslu þjóðarinnar verður að seljast á erlendum mörkuðum til skipta fyrir það,sem þjóðin þarfnast og getur ekki án verið. Til viðbótar þeim vanda kemur svo sú staðreynd, að útflutningsframleiðslan er einhæf og að mestu leyti sjávarafurðir. Þær verkunartegundir sjávaraflans, sem nú eiga sér stað í okkar framleiðslu, hafa mjög lítið breytzt um langt árabil. Að sumu leyti er hér um eðlilegar ástæður að ræða, en að sumu leyti aftur á móti óæskilega þróun. Hvers konar niðursuða sjávarafurða hefur átt mjög erfitt uppdráttar. Aðrar þjóðir leggja hins vegar mikla áherzlu á þessa framleiðslu, og er neyzla hennar í heiminum mjög mikil. Þessa framleiðslugrein verðum við Íslendingar að taka til rækilegrar athugunar og hagnýta okkur þá möguleika, sem hér eru fólgnir.

Það er að sjálfsögðu margt varðandi sjávarútveg

og fiskimál, sem þetta nýja fiskimálaráð gæti látið til sín taka. Sumum finnst e. t. v. ekki á það bætandi í okkar landi að stofna eina n. eða eitt nýtt ráð í viðbót, nóg sé fyrir hendi í þeim efnum. Ég held samt sem áður, að þrátt fyrir þær nefndir og stofnanir, sem nú hafa þessi mál með höndum eða einstakar greinar sjávarútvegsframleiðslunnar, sé þess full þörf, að sett verði á stofn það ráð, sem hér er lagt til, og það hafi forgöngu um að samræma starfið með samvinnu allra þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli.

Sá þáttur þessara mála, sem fiskimálaráð á að sinna og ég tel ekki hvað veigaminnstan, eru markaðsrannsóknirnar. Það ber að viðurkenna, að okkar helztu framleiðslugreinar, svo sem saltfiskframleiðslan og hraðfrystiiðnaðurinn, halda stöðugt uppi markaðsöflun fyrir þá þætti framleiðslunnar. En ef til þess kemur, sem allir eru sammála um, að við aukum á fjölbreytni framleiðslunnar, eru hér mikil og ótakmörkuð verkefni fram undan, og í þeim efnum gæti fiskimálaráð komið að góðu liði og sýnt fram á, að hér sé ekki um hégómastofnun að ræða.

Samkv. frv. er lagt til, að fiskimálaráð samanstandi af 11 aðilum. Með hliðsjón af því, af hvaða fulltrúum ráðið samanstendur, þykir ekki óeðlilegt, að það sé ólaunað, enda ekki ætlazt til þess, að allt ráðið komi saman til fundar oft á ári. Hins vegar kýs fiskimálaráð þriggja manna framkvæmdanefnd, sem að sjálfsögðu hefur á hendi framkvæmd þeirra mála, sem ráðið felur henni, og undirbýr enn fremur málin fyrir sameiginlega fundi ráðsins, og skal kostnaður við það greiðast úr fiskimálasjóði.

Um verkefni fiskimálaráðs og rökstuðning fyrir því, að þörf sé slíkrar stofnunar, mætti að sjálfsögðu margt segja. Ég mun þó, herra forseti, láta þessi orð nægja og leyfi mér að leggja til, að frv. verði samþ. og því að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 581).

---

60. Byggingarsjóður aldraðs fólks.

Á 75. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks [164. mál] (þmfrv., A. 376).

Á 77. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 78. fundi í Nd., 19. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 26 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. 9. landsk. þm. frv. til l. um breyt. á l. um byggingarsjóð aldraðs fólks. Með þeirri breyt., sem við leggjum til að verði gerð á l. þessum, er ætlazt til, að sjóði þessum verði veitt heimild til að lána til byggingarframkvæmda, ekki aðeins til íbúða fyrir aldrað fólk, heldur og til dvalarheimila. Í niðurlagi grg., sem með frv. fylgir, segjum við, með leyfi forseta:

„En af þeirri reynslu, sem fyrir liggur, og þeirri miklu þörf, sem nú er á, að hafizt verði handa um byggingu nokkurra dvalarheimila fyrir aldrað fólk, er það álit flm., að af takmörkuðu fé Byggingarsjóðs aldraðs fólks eigi ekki síður að veita fé til byggingar slíkra nútímalegra dvalarheimila af hentugri stærð með réttri staðsetningu en til einstakra íbúða, og af þeim sökum er frv. þetta flutt."

Það má segja, að það séu að vísu fleiri ástæður fyrir flutningi þessa frv. en sú, sem kemur fram í niðurlagi grg., að brýn þörf sé á stórátaki í byggingarframkvæmdum fyrir aldrað fólk hér á landi. Þetta frv. miðar líka að því að nýta betur það takmarkaða fé, sem fyrir hendi er til slíkra bygginga. En á því er enginn vafi, að með byggingu dvalarheimila af hentugri stærð nýtist það fé, sem fyrir hendi er, miklu betur heldur en mundi verða með því að reisa einstakar íbúðir. Fyrir þessu eru rök, sem ég sé ekki ástæðu til að fara út í að þessu sinni, en bendi þó hins vegar á nýrri dvalarheimili hér á landi og þó sérstaklega hér í Reykjavík og einnig á einstakar íbúðir, sem einnig hafa verið byggðar hér í Reykjavík fyrir aldrað fólk.

En það eru fleiri ástæður, sem við teljum, að réttlæti þessa breytingu. Við teljum t. d. að fenginni reynslu þessara l. fyrirsjáanlegt, að á næstu árum séu það ekki nema Reykjavík og e. t. v. Akureyri, sem geti notað sér lánsmöguleika úr sjóðnum. Eins og er hefur aðeins ein lánsumsókn komið til sjóðsstjórnar frá Reykjavíkurborg, sem reið á vaðið með að byggja slíkar íbúðir, og þeir hafa þegar byggt 22 íbúðir hér í Reykjavík og sótt um lán úr sjóðnum til þess að standa undir hluta af byggingarkostnaði þessara bygginga. Og eins og við höfum tekið fram í grg. frv., erum við á engan hátt að leggja stein í götu þess, að lán til slíkra bygginga verði veitt áfram úr sjóði þessum,

enda má segja um þessa einu lánsumsókn, sem komið hefur til sjóðsins, að hún falli í einu og öllu undir tilgang l., eins og hv. Alþ. gekk frá þeim á sínum tíma, og við teljum rétt, að slíkur möguleiki sé áfram fyrir hendi hjá sjóðnum að lána til slíkra íbúðabygginga. Eins og ég hef þegar tekið fram, er það ljóst, að slíkar byggingar hentugra dvalarheimila eru ódýrari per einstakling en einstakar íbúðir og þess vegna miklu meiri möguleikar fyrir einstök sveitarfélög og annan félagsskap einstaklinga, s. s. góðgerðarfélög, til þess að ráðast í slíkar byggingar, sem hentuðu þá viðkomandi sveitarfélögum og e. t. v. landsvæðum.

Það er enginn vafi á því, að sú stefna er skynsamleg, sem þegar hefur verið mótuð, að á ákveðnum stöðum í þéttbýliskjörnum allt í kringum landið verði komið á fót læknamiðstöðvum, sem síðan reyni að sjá um læknisþjónustu, sem nauðsynleg er fyrir landsvæði, sveitir og strjálbýli í kringum þessar stöðvar, og að fullkominni þjónustu verði náð með fullkominni samgöngutækni. Ég tel persónulega og ég held, að allir hljóti að viðurkenna það, að æskilegast sé þá að í sambandi við slíkar læknamiðstöðvar rísi dvalarheimili af misjafnri stærð, að sjálfsögðu eftir þörfinni, þar sem viðkomandi vistmenn og konur geti átt kost á því að njóta læknisþjónustu, þegar þörf er á. Inn í þetta kemur einnig önnur mynd, en það er framlag einstaklinganna. Enn þá hefur það opinbera ekki treyst sér til þess að leggja fé fram í þessu skyni. Það má segja, að til ráðstöfunar til bygginga fyrir aldrað fólk sé ekki annað en það fé, sem hefur skapazt vegna happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og svo framlög sveitarfélaga og einstaklinga, söfnunarfé og gjafafé. Ég held einmitt að fenginni reynslu undanfarinna ára, að það sé mjög nauðsynlegt að reyna að virkja þann mikla kraft, sem hægt er að fá út úr einstaklingum og félögum í þessu skyni. Ég þekki það af eigin raun, að það eru gífurlegar fjárhæðir, sem geta komið inn í slíka starfsemi, ef einhver hjálp kemur annars staðar frá, og það er kannske m. a. þess vegna, að þetta frv. er flutt. En það liggur fyrir nú þegar á nokkrum stöðum í kringum landið, að fé mundi fást frá einstökum félögum, sem þegar eru fyrir hendi, og þeir hinir sömu mundu ganga glaðir til þess verks að safna fé til slíkra bygginga, ef þeir fengju einhverja utanaðkomandi aðstoð. Og það er, eins og ég hef þegar tekið fram, m. a. vegna þess, að þetta frv. er flutt.

Það má kannske líka segja sem svo, að það sé réttlætismál, þegar aðeins er um að ræða að skipta þessu takmarkaða fé, sem kemur inn af tekjum happdrættis Dvalarheimilis, aldraðra sjómanna, að sá hluti, sem skapast eða verður til úti um land vegna sölu happdrættismiða, renni þangað aftur, ef hann getur orðið að því liði, sem ætlazt hefur verið til og ætlazt er til með bæði happdrættinu sjálfu og Byggingarsjóði aldraðs fólks.

Ég held, að það sé eðlilegt, um leið og þessu frv. er fylgt úr hlaði, að það sé gefin nokkur skýring á því, hvert ástandið sé í málefnum aldraðra, ekki sízt vegna þess, að þegar þessi mál hefur hér borið á góma, hafa þau alltaf mætt fyllsta skilningi og stuðningi hv. alþm., þótt svo, eins og ég hef þegar tekið fram, Alþ. hafi ekki enn þá séð sér fært að leggja fram sérstakar fjárupphæðir í þessu skyni. Í dag eru hér á landi liðlega 15 þús. manns, sem eru 67 ára og eldri. En samkv. könnun, sem hefur verið framkvæmd hér á landi og reyndar víðar, en þó aðallega hér, er reiknað með, að um 10% af þessum hóp þurfi á elliheimilisvist að halda. Þegar við svo horfum á það, að í dag eru vistpláss á elliheimilum aðeins 1050 að tölu, þá sjáum við, hve mikil þörf er nú þegar á því að hefjast handa í þessu efni eins og reyndar bæði félög og sveitarfélög hafa hugsað sér að fara út í og hafa undirbúið á undanförnum árum. En þessi skipting er þannig, að elliheimilið Grund og elliheimilið Ás, sem er í Hveragerði og er rekið af elliheimilinu Grund í samráði við sýslufélögin á Suðurlandi, a. m. k. Árnessýslu, þessi elliheimili rúma 363 vistmenn, Sólvangur í Hafnarfirði 130, Hrafnista 370, Skálholt í Vestmannaeyjum 14, elliheimili Ísafjarðar 23, Kristneshæli, Eyjafirði 30, elliheimili Akraness 14, elliheimili Akureyrar 30, elliheimilið Skjaldarvík 40, Blómvangur, Keflavík 14, ellideildin Blönduósi 12 og Fellsendi í Dalasýslu 10, eða samtals 1050 vistmenn, sem pláss er til fyrir nú þegar, en þörfin talin vera fyrir 1500 manns.

Samkv. þessu vantar tæp 500 vistpláss fyrir aldrað fólk hjá okkur í dag hér á landi. En samhliða þessu verðum við að horfa á mjög öra aukningu í þessum aldursflokkum og kannske örari en í flestum öðrum. En ef við miðum við árið 1965, verður aukningin þessi: Árið 1970 12.4%, 1975 23.5%, 1980 34.6% og 1985 43.5%. Aðeins af þessum tölum er augljóst, að stórlega þarf að auka aðstoð við aldraða í stað þess að draga úr henni, og ég er sannfærður um, að auk þess, sem bæði ég og meðflm. minn óskum eftir því, að þetta frv. nái skjótlega fram að ganga, þannig að það fé, sem fyrir hendi er í sjóðnum, geti þegar nú á næstu árum orðið til stuðnings þessum málum, þyrfti að efla Byggingarsjóð aldraðs fólks mjög mikið.

Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi að hafa mörg fleiri orð um þetta frv. Í grg. er tekið fram, hve mikið fé sé til í sjóðnum og hvað sé væntanlegt í hann nú alveg á næstunni, og ég mundi segja það af þeirri reynslu, sem ég hef af þessum málum, að ef þetta frv. yrði samþ. á þessu þingi, gætum við nú þegar orðið a. m. k. 2 ef ekki 3 eða 4 stöðum úti á landi til mikillar hjálpar við fyrirhugaðar byggingar þeirra, auk þess sem við mundum leysa mikið fé, sem nú þegar er bundið á þessum hinum ýmsu stöðum, en mundi verða látið renna til slíkra heimila, og einnig það, að við mundum fá sterk félagasamtök og fjölmarga einstaklinga til hjálpar við að reisa þessi heimili. Við höfum fyrir okkur það stórkostlega átak, sem gert hefur verið hér af sjómannafélögunum í Reykjavík og Hafnarfirði, og ég er sannfærður um, að það er ekki minni ástæða til þess

að ætla, að slíka hjálp mætti einnig fá af stöðum bæði norðanlands, austan og vestan, ef Alþ. ber gæfu til þess að samþ. þetta frv.

Herra forseti. Ég legg til, að þegar þessari umr. er lokið, verði frv. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er sú, að ég vildi lýsa stuðningi mínum við þetta mál og þakka hv. flm. þess fyrir það framtak að koma með þetta mál hér inn á hv. Alþ. Ég vil minna á það, að þegar l. um Byggingarsjóð aldraðs fólks voru sett á Alþ. 1963, lýsti ég þeirri skoðun minni, að þau l. væru nokkuð takmörkuð og þyrfti að koma inn í þau möguleikum til þess að lána til dvalarheimila aldraðs fólks. Hæstv. þáv. félmrh., Emil Jónsson, taldi, að það gætu e. t. v. orðið möguleikar á að veita lán til slíkra bygginga, ef fjármagn sjóðsins yrði það mikið, þó að byggingar, sem í l. voru tilgreindar, gengju fyrir með lánsfé. Það er því mjög gott, að nú skuli vera fram komið frv., sem gerir þennan möguleika ótvíræðan og, eins og hv. 1. flm. sagði, skapar möguleika til þess að nýta þetta fé betur en áður hefur verið og enn fremur möguleika til þess að ná til fjármagns, sem ekki væri annars kostur á að ná til, vegna þess að þeir aðilar, sem hafa hug á byggingum, hafa ekki haft möguleika á því að koma þeim í framkvæmd vegna fjármagnsleysis. En mér er það fullkomlega ljóst, að það er víða áhugi á því að afhenda fé til elliheimila eða jafnvel búið að gefa til þeirra, ef möguleikar væru á framkvæmdum. Og ég þekki dæmi um það úr minni heimabyggð. Þar var það nú nýlega, að gamall maður, einn af erfingjum Þorsteins heitins Jakobssonar frá Hurðarbaki, gaf til dvalarheimilis í Borgarfirði, sem stefnt er að að byggja þar, 100 þús. kr. Og ég er sannfærður um, að fleiri mundu á eftir koma, ef möguleikar yrðu til að hefja byggingu þar.

Það er rétt, sem hv. 1. flm., 10. þm. Reykv., tók fram, að Alþ. hefur jafnan sýnt þessu máli velvilja og skilning. Það var afgr. hér þál. 1958, sem var undanfari þeirra l., sem voru sett 1963, og á síðasta Alþ. var afgreidd þáltill. til athugunar á þessu máli, og sú athugun getur farið fram þrátt fyrir það, þótt þessi breyting væri gerð.

Ég er sannfærður um, að það er rétt, sem kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv., að ef þessi breyting yrði gerð nú á þessu þingi, sem ég vonast til að verði, mundi þegar á þessu ári verða hafin framkvæmd við byggingu dvalarheimila, m. a. í Borgarfirði. Ég vil undirstrika það, að hér er gott mál á ferðinni, og ég treysti því, að hv. Alþ. hraði afgreiðslu þess, svo að það megi verða að l. á þessu þingi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv. Ég tel, að hér sé hreyft miklu nauðsynjamáli, sanngirnismáli. Það er vitað, að það fjármagn, sem hér er um að ræða og hefur runnið að nokkrum hluta í Byggingarsjóð aldraðs fólks, kemur svo að segja frá öllum landsmönnum. Því er safnað saman í gegnum happdrættisstarfsemi um allt land, og það er því mjög eðlilegt, að allir landsmenn geti átt kost á því, þeir sem vilja ráðast í framkvæmdir á þessu sviði og byggja fyrir gamla fólkið, að fá þar nokkra fyrirgreiðslu úr þessum sjóði. Hins vegar er því ekki að neita, að löggjöfin um byggingu fyrir aldrað fólk er þannig, að það mun reynast mjög erfitt fyrir velflesta staði í landinu að byggja samkv. þeim lagaákvæðum sérstakar íbúðir fyrir gamla fólkið, en miklu meira mun verða um hitt, að byggingarnar fyrir það verði í formi elliheimila eða dvalarheimila. Mér er kunnugt um, að það eru ýmsir aðilar, t. d. á Austurlandi, sem sótt hafa um það á undanförnum árum að fá nokkra lánsfyrirgreiðslu til þess að koma upp elliheimilum, en þeir hafa ekki getað fengið það. Eins og kunnugt er, þá er okkar löggjöf þannig, að það er ekki gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram neinn hluta til byggingar elliheimila eða dvalarheimila. Ég teldi, að það væri mjög eðlilegt, að sú skylda hvíldi á ríkinu að leggja svipað framlag til slíkra bygginga og er nú til sjúkrahúsabygginga, og það mun ekki af veita, ef hægt á að vera að koma upp þeim elliheimilum, dvalarheimilum, sem virkilega er þörf á. En með því að breyta l. um Byggingarsjóð aldraðs fólks á þann hátt, sem lagt er til í þessu frv., mundi ýmsum stöðum gefast væntanlega kostur á því að fá allt að 20% að láni úr þessum sjóði til sinna framkvæmda. Þetta tel ég spor í rétta átt, þó að tvímælalaust þurfi hér meira til að koma. Í Neskaupstað hefur verið rekið elliheimili um allmörg ár og þar hafa verið uppi ráðagerðir um að ráðast í viðbótarbyggingu, en lánsmöguleikar hafa verið af svo skornum skammti, að menn hafa þar hikað við að ráðast í framkvæmdirnar.

Ég vil sem sagt lýsa yfir fylgi mínu við þetta frv. og tel, að þar sé stefnt í rétta átt, þó að ég vilji einnig láta það koma fram, að ég tel, að hér þurfi að gera talsvert mikið meira en lagt er til í þessu frv., til þess að hægt verði á viðunandi hátt að leysa þau mál, sem hér er fjallað um. En sem sagt, ég efast ekki um það, að við Alþb.-menn munum styðja þetta frv.

Ásgeir Pétursson: Herra forseti. Það er vissulega mikill áhugi ríkjandi á ýmsum félagslegum málum hér á Alþ. og raunar meðal þjóðarinnar, og það er ákaflega lofsvert t. d., hvað mikið er búið að gera í æskulýðsmálum. En það má ekki líta fram hjá því, að sú kynslóð, sem nú er að skila af sér, gamla fólkið, hefur byggt upp þetta góða þjóðfélag, sem æskan nú tekur við, og við stöndum þess vegna í vissri skuld gagnvart þessu aldraða fólki. Mér finnst þess vegna lofsvert, að nú skuli vera gerðar ráðstafanir hér á Alþ. með flutningi þessa frv., sem miða að því að gera mönnum kleift úti á landsbyggðinni að koma einnig þar upp elliheimilum.

Í þeirri heimabyggð, sem ég bý í, hefur þetta mál verið til umræðu manna á meðal nú um nokkurt skeið og hafa aðilar verið þar sammála um, að enn

sem komið er væru ekki tök á því að koma slíku elliheimili upp, og víst er sennilegt, að með samþykkt þessa frv. sé stefnt í þá átt að gera okkur það kleift.

Ég vil í þessu sambandi nefna það, að sýslunefndirnar, sem hljóta óhjákvæmilega að verða að leggja þessu máli lið, leggja því fé, hafa ákaflega takmarkaðar tekjur, en á hinn bóginn hafa með löggjöf og á ýmsan annan hátt verið færð út þau verkefni, sem sýslusjóðum ber að sinna, enda þótt þeim hafi ekki verið séð fyrir nýjum tekjustofnum til þess að mæta slíkum útgjöldum.

Það er alveg rétt, sem fram kom hér áðan, að einstaklingar hafa margir hverjir mikinn áhuga á þessu máli, og ég get einmitt lýst svipuðu atviki og hér kom fram í ræðu hv. 3. þm. Vesturl., að til mín kom nýlega aldraður maður og lýsti yfir því, að ef hann sæi fram á það, að unnt væri að koma upp elliheimili í Borgarfirði, mundi hann gefa hluta af eignum sínum til þess. Og ég er viss um það, að hann er ekki sá eini, sem þannig hugsar.

Ég vil fyrir mitt leyti lýsa því yfir, að ég tel mjög stefnt í rétta átt hér, og vona, að þetta frv. nái fram að ganga og þannig verði sýnt í verki, að mikils er metið það verk, sem það fólk, sem nú er að verða aldrað, hefur skilað þessari þjóð, þessu landi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 31 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 376, n. 398, 418).

Frsm. (Ásgeir Pétursson): Herra forseti. Þau lög, sem nú gilda um Byggingarsjóð aldraðs fólks, eru frá árinu 1963, og kjarni þeirra laga er sá, að tekjum af happdrætti DAS skuli varið til lánveitinga til íbúðabygginga fyrir aldrað fólk. Frv. það, sem flutt er nú til breyt. á þessum l., stefnir í meginatriðum að því að færa út og gera víðtækara hlutverk byggingarsjóðs, þannig að auk lánveitinga til íbúðabygginga megi einnig lána úr sjóðnum til dvalarheimila fyrir aldrað fólk.

Heilbr.- og félmn. varð sammála um það að mæla með því við hv. d., að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Það virðist vera ljóst, að meginröksemdin fyrir réttmæti þess að fallast á þessa breyt. er fólgin í því, að núverandi reglum er augljóslega of þröngt skorinn stakkurinn, bæði að því er varðar viðhorf til sveitar- og sýslufélaga og til einstaklinganna sjálfra. Það sést bezt á því, að því fer fjarri, að smá sveitarfélög eða sýslufélög geti leyst vanda aldraðs fólks að því er heimilishald, umönnun og öryggi varðar með því að byggja yfir það íbúðir. Í strjálbýlinu kemur hér einnig til athugunar gjaldþol sveita- og sýslusjóða, en um þá síðarnefndu má segja, að það hafi verið bætt á þá sjóði ýmsum útgjöldum, bæði með l. og með öðrum hætti, án þess að þeim væri séð fyrir nýjum tekjustofnum til þess að mæta þeim útgjöldum. Að vísu mun það mál nú vera í athugun hjá n., sem hæstv. ríkisstj. hefur skipað. En þeir öldruðu karlar og konur, sem einkum þurfa á því að halda, að þeim sé séð fyrir skjóli, eru einstaklingar, sem ekki eiga aflögufæra venzlamenn eða eiga sér athvarf á einkaheimilum. Það er augljóst, að þegar slíkt fólk á í hlut, er hagkvæmt að margir búi saman í dvalarheimili, þar sem unnt er að hafa sameiginlegt mötuneyti, þvottahús, heilbrigðiseftirlit og margs konar aðra þjónustu, sem veita þarf hinu aldraða fólki. Og það er einnig á það lítandi, að margt af þessu fólki er félagslynt, og hef ég eftir góðum heimildum, að yfirleitt uni aldrað fólk sér vel í stórum dvalarheimilum, þótt sú regla sé ekki án undantekninga frekar en aðrar, enda er alkunnugt, að við Íslendingar erum talsverðir einstaklingshyggjumenn að lundarfari. Þá er á það að líta, að eins og ég sagði, þá geta sveitarfélög úti á landi trauðla hagnýtt sér hlunnindi núgildandi laga, en á hinn bóginn er tekna til happdrættisins ekki síður aflað úti um landsbyggðina en hér í þéttbýlinu. Það er þess vegna einnig af þeirri ástæðu sanngjarnt að færa út starfssvið sjóðsins og gefa smærri stöðum kost á því hagræði, sem felst í því að fá lán úr Byggingarsjóði aldraðs fólks.

Nú er í þessu frv. lagt til, að lán úr byggingarsjóði megi nema allt að 20% af kostnaðarverði þeirra, og er jafnframt heimilað, að veð fyrir þeim framlögum megi taka í heimilunum sjálfum. Jafnframt er lagt til, að heimila, að lánið verði veitt á eftir eða samhliða öðrum veðlánum, allt að 60% af kostnaði þeirra. Þessi fyrirgreiðsla skiptir augljóslega talsverðu máli fyrir þá aðila, sem nauðsynlega þurfa að koma upp dvalarheimilum úti á landi. Hitt er svo annað mál, að vert er að vekja athygli á því, að það er æskilegt, að það verði vandlega kannað, hvar skynsamlegt er að hafa slík dvalarheimili fyrir aldrað fólk í landinu. Í fyrsta lagi er rétt að koma í veg fyrir það, eftir því sem efni standa til, að þau verði staðsett af handahófi, t. d. eftir hæpinni skipulagsskrá gjafafjár eða erfðagerninga. Það er ekki nóg að byggja dvalarheimilin. Það verður einnig að ganga þannig frá, að það verði unnt að reka þau á hagkvæman hátt. Þá þarf að sporna við því, að hreppapólitík og metingur ráði staðarvali dvalarheimilanna, og ætti í því efni að nægja að minna á staðsetningu sumra félagsheimila, en það er einsýnt, að staðsetning þeirra hefði sums staðar mátt betur takast, og víða hefðu mörg sveitarfélög getað sameinazt um eitt félagsheimili, ekki sízt vegna bættra samgangna og vegna meiri og betri bifreiðakosts landsmanna. Það þyrfti því nauðsynlega að kanna þörf landsins í heild, fyrir slík dvalarheimili og reyna að koma þeim haganlega fyrir og byggja ekki fleiri en svo, að unnt sé að standa undir rekstri þeirra.

Ég vil aðeins geta þess til fróðleiks, að hjá okkur í Borgarfirði, þar sem n. hefur starfað að undirbúningi byggingar dvalarheimilis nú um nokkurra ára skeið, en því miður hefur ekki verið hægt að hefjast þar handa um byggingu vegna fjárskorts, þá var upprunalega talað um það að byggja slíkt

dvalarheimili úti í sveitinni, en núna hefur sú breyting orðið á viðhorfi manna, að við erum yfirleitt sammála um það að byggja dvalarheimilið í Borgarnesi, og þá er auðvitað haft í huga, að þar er nægilegur vinnumarkaður fyrir starfsfólk og heimilið verði þar undir handarjaðri læknis. Og skipulag samgangna veldur því, að ættmönnum og vinum hins aldraða fólks verður að sjálfsögðu gert léttara fyrir að heimsækja það, ef dvalarheimilið er staðsett í þéttbýli heldur en úti í sveit, og við skulum gera okkur grein fyrir því, að það er ekki veigaminnsta atriði þessa máls.

Ef menn íhuga kjarna þessa máls, munu þeir örugglega gera sér grein fyrir því, að víða um land hafa menn áhyggjur af þeim skorti, sem er á dvalarheimilum fyrir aldrað fólk. Það má ekki gleyma því, að það er einmitt sú kynslóð, sem er að skila af sér nú eftir langan og strangan starfsdag, það fólk, sem hefur skilað okkur þessu landi betra og blómlegra en það hefur áður verið, sem í hlut á. Við stöndum öll í þakkarskuld við þá, sem nú eru við aldur og hafa slitið kröftum sínum fyrir land og lýð. En góður vilji einn saman dugir ekki, það verður að gera ráðstafanir af opinberri hálfu til þess að koma til móts við óskir þeirra, sem nú eiga rétt á hvíld eftir langan og strangan starfsdag. Það er skuld, sem þjóðinni ber að gjalda, og með samþykkt þessa frv. er stigið spor í þá átt að greiða þá skuld.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til umr., er 164. mál hv. d., á þskj. 376, um breyt. á l. nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks. Í heilbr.- og félmn., sem ég á sæti í, skrifaði ég undir nál. með fyrirvara, þar sem ég taldi, að með því að samþykkja þetta frv. óbreytt, væri upprunalegur tilgangur l. að engu eða litlu gerður, sé litið á það fjármagn, sem sjóðurinn hefur til umráða. Að hinu leytinu tel ég það eðlilegt, að í l. felist heimild til að lána til byggingar dvalarheimila, sé ekki eftirspurn eftir því fjármagni, sem sjóðurinn hefur á hverjum tíma til útlána til bygginga. 2. gr. l. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hlutverk sjóðsins er að stuðla með lánveitingum að því, að byggðar verði hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk."

Og í grg., sem þessu frv. fylgir, segir svo, með leyfi forseta:

„Með l. um Byggingarsjóð aldraðs fólks var stefnt að því að koma á fót sjóði, sem lánað gæti til byggingar hentugra íbúða fyrir aldrað fólk. Var m. a. haft í huga, að með byggingu slíkra íbúða yrði gamla fólkið síður slitið úr tengslum við það umhverfi, sem það hefði lifað og starfað í meginhluta starfsævi sinnar.

Er óhætt að fullyrða, að með setningu laga þessara hafi verið stigið stórt spor fram á við, til mótunar nútímalegri þjónustu en áður þekktist hér á landi fyrir aldrað fólk."

En með þessari breytingu, sem hér er lagt til að verði á l., mundi sem sagt þessum upprunalega tilgangi l. vera alveg breytt og þess vegna þótti mér rétt að koma með þá brtt., sem er á þskj. 418 og er á þessa leið:

Við 2. gr. bætist og á eftir orðunum „öldruðu fólki" í sömu gr. komi: enda skulu lánveitingar til íbúða sitja fyrir lánveitingum til dvalarheimila, geti sjóðurinn ekki fullnægt eftirspurn eftir lánum.

Ég verð nú að játa það, að þegar þetta var rætt í félmn. hafði ég ekki athugað þetta mál sem skyldi, og þegar ég fór að velta þessu fyrir mér í morgun og lesa betur grg., sá ég það, að í raun og veru hefði þurft og verið eðlilegt að breyta þessu enn og kann að vera, að ég freistist til þess að koma með aðra brtt. við 3. umr. En í grg., sem fylgir þessu frv., segir með leyfi forseta:

„Mótuðu sjómannasamtökin sjálf þá stefnu að óska eftir áframhaldandi leyfi til rekstrar happdrættis DAS næstu 10 árin a. m. k. Enn fremur, að ágóðanum yrði skipt, þannig að þær tekjur, sem öfluðust á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, um það bil 70% rynni til áframhaldandi byggingar Hrafnistu, og er þeim áfanga yrði lokið, væri hafizt handa að nýju á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar. Hins vegar skyldu 30% tekna happdrættisins fara sem óafturkræft framlag til styrktar byggingu dvalarheimila í þéttbýliskjörnum víðs vegar um landið."

Það kemur fram í þessari grg., að viðskipti DAS við landsbyggðina utan aðalþéttbýliskjarnans gefa í raun og veru um 30% af heildartekjum happdrættisins. En í þennan sjóð fara 40% af þeim tekjum, sem af happdrættinu koma hvert ár. Þess vegna væri ekkert óeðlilegt, ef sjóðurinn fær ekki fjármagn eftir öðrum leiðum en þessari einni, að landsbyggðin utan þessa svæðis sæti fyrir ¾ hlutum af þessum tekjum, og það kann að vera, að ég freistist til þess að koma með þá brtt. hér við 3. umr.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hér hljóðs, er sú, að ég held, að flm. þeirrar till., sem hér var verið að lýsa, sé því ekki nógu kunnugur, hvernig byggingarmálum elliheimila úti um land er háttað. En ég þykist hafa nokkra þekkingu á því, þar sem við höfum verið að glíma við það á Akureyri að reisa heimili fyrir aldrað fólk og hófum þá byggingu þannig, að við hugsuðum okkur fyrst að byggja allstórt svokallað kjarnahús og byggja í kringum það hús, þar sem væru einstaklingsherbergi og svo aftur smáíbúð[illegible] fyrir [illegible]n, sem þess óskuðu að búa í tengslum við elliheimilið án þess að vera inni á herbergjum, sem tilheyrðu sjálfu elliheimilinu.

Niðurstaðan varð hins vegar sú, þegar málin komust á það stig að hljóta sína reynslu í daglegum rekstri og óskum fólksins, að það var engan veginn nándar nærri því hægt að svara eftirspurn þeirra, sem óskuðu eftir því að fá herbergi inni á elliheimilinu, en varla nokkur eftirsókn frá hjónum öðruvísi en þannig að fá bara tveggja manna herbergi, þar sem þau gætu að öllu leyti notið um-

önnunar heimilisins. Nú stendur Akureyri sennilega ýmsum byggðarlögum úti á landi betur að vígi, vegna þess að auk þessarar byggingar, sem ég var að geta um áðan og Akureyri gaf í raun og veru sjálfri sér í afmælisgjöf á 100 ára afmæli sínu — hún er að vísu ekki fullbyggð, en bæði bær og kvenfélög lögðu í þetta mikla fjármuni — hefur mikill heiðursmaður í Eyjafjarðarsýslu gefið Akureyrarbæ stóra og myndarlega gjöf, þar sem er elliheimilið í Skjaldarvík. Auk Akureyringa njóta þar dvalar bæði Eyfirðingar, Þingeyingar og jafnvel Reykvíkingar, og þó að þar dvelji nú um 70 manns og 36 í elliheimili Akureyrar, eru samt enn á biðlista hjá okkur á Akureyri um 60 manns, sem bíða eftir því að komast inn á elliheimilin, inn á eins manns herbergi eða fjölbýlisstofur. Það er sáralítil sem engin eftirspurn eftir íbúðum fyrir öldruð hjón. Eftir reynslu okkar að dæma leita þau ekki inn á elliheimilin fyrr en þau geta ekki séð um sig sjálf, en íbúðir fyrir aldrað fólk eru einmitt hugsaðar með það fyrir augum, að þar geti gamla fólkið séð um sig sjálft að verulegu leyti.

Það, sem ég vildi koma að hér, er þetta, að ef brtt. sú, sem hér var verið að lýsa áðan, næði fram að ganga, yrði það sama og það, að l. væru í raun og veru óbreytt. Aðeins Reykvíkingar gætu notið lána úr þessum sjóði, því að til lánveitinga til íbúðarbygginga aldraðs fólks úti á landi hygg ég, að ekki komi a. m. k. í náinni framtíð. Hins vegar kom það fram hjá flm., að hann teldi það ekki ósanngjarnt, að landsbyggðin nyti einhverra kosta af þessari sjóðsstofnun, þar sem tekjur happdrættis DAS kæmu að 30% utan af landi, og það var einmitt það, held ég, sem hafði vakað fyrir okkur flm. frv., að það væri sanngjarnt, að dvalarheimili úti á landi nytu nokkurs styrks úr þessum sjóði, og þess vegna vildum við opna þann möguleika. En ef við færum að samþykkja þá brtt., sem hér var verið að lýsa, tel ég, að honum sé lokað á ný.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt með því að þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir góðar undirtektir við þetta frv., sömuleiðis þeim hv. þm., sem tóku til máls við 1. umr. málsins og lýstu yfir stuðningi sínum við það. Ég vil einnig taka undir orð hv. síðasta ræðumanns, er hann var að gagnrýna þá brtt., sem hér hefur komið fram. Að vísu má segja sem svo, að hlutverkum okkar sé nokkuð skipt, hlutverki mínu og hv. 5. þm. Norðurl. e., þegar hann leggur á móti því, að ég sem þm. Reykv. legg til, að ákveðið fjármagn, sem aðeins kæmi til nota fyrir Reykjavík á næstu árum, verði flutt, til þess að það nýtist betur úti um land, en hann leggur aftur á móti til, að það verði flutt til Reykjavíkur og nýtt þar. Ég er nú samt ekki að væna hann um það, að þetta hafi vakað fyrir honum, heldur sé einhver misskilningur fólginn í skilningi hans á frv. Ég held, að hv. síðasti ræðumaður hafi skýrt þetta ákaflega vel, og ég þóttist hafa gert það líka við framsögu málsins, en ég hef hins vegar skilið það á hv. 5. þm. Norðurl. e., að hann hafi ekki þá getað verið við þessar umr. Það kom fram þá í framsögu minni, að þetta fé, sem hefði þegar runnið til Byggingarsjóðs aldraðs fólks, hefði verið og væri bundið þar enn og það væri aðeins einn umsækjandi um lán úr þessum sjóði, og það væri Reykjavíkurborg. Við tökum það skýrt fram í okkar frv., að við erum ekkert að leggja til, að úr þeim möguleikum verði dregið, að Reykjavíkurborg og e. t. v. Akureyri, — ég sé ekki fram á, að það verði fleiri aðilar á næstu árum, sem geti það, — reisi hentugar íbúðir einstakar fyrir aldrað fólk og fái lán úr sjóði þessum. Við erum ekki að leggja það til. Hins vegar tók ég það skýrt fram, að við teldum, að þetta fé mundi nýtast betur með því að veita því til lána til byggingar dvalarheimila, sem nú þegar eru á mörgum stöðum í undirbúningi. Við heyrðum það hjá hv. frsm. heilbr.- og félmn., að það er mikill áhugi í Borgarfirði og nærhéruðum fyrir slíkri byggingu. Og ég get líka skýrt frá því, að á Akranesi hafa systursamtök þeirra, sem standa að happdrætti DAS og Hrafnistu, dvalarheimilinu sjálfu, þegar hafið undirbúning að byggingu slíks heimilis, og ég hef einmitt bæði þeirra vegna og Akureyringa og Siglfirðinga bent á það, að það væri nauðsynlegt fyrir þá að tengja sína framkvæmd okkar framkvæmdum og nafninu, vegna þess að þessi samtök eiga kannske vegna nafnsins sjálfs möguleika á lánum, sem engir aðrir aðilar eiga, en það er úr einkasjóðum sjómannastéttarinnar sjálfrar, lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum, en sá sjóður hefur komið mjög verulega til hjálpar samtökunum hér í Reykjavík við byggingu Hrafnistu.

Ég hefði álitið það og tók reyndar fram í minni framsöguræðu við 1. umr. málsins, að það, sem að var stefnt með upprunalegu l. um Byggingarsjóð aldraðs fólks, væri auðvitað mjög æskilegt og ég styð það heils hugar. Við eigum að reyna að halda því fólki, sem eldist, í því umhverfi, sem það hefur alizt upp í og starfað í, eins lengi og við getum, og við erum ekki að leggja neinn hemil á, að svo verði. Hins vegar er þörfin svo brýn hjá okkur. Okkur vantar í dag, miðað við þá þörf, sem við vitum um, 500 ellivistarpláss víðs vegar um landið og við þurfum að gera stórt átak í þessum málum, og m. a. með því að gefa ákveðnum stöðum, samtökum, einstaklingum, sveitarfélögum kost á því að fá þessi lán úr þessum sjóði, þá leysum við gífurlegt fjármagn hjá þessum sömu aðilum. Við þekkjum þetta orðið nú þegar í Reykjavík í sambandi við byggingu Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Við þekkjum það líka af þessum stöðum úti um land, sem ég minntist þegar á, t. d. Húsavík, Akureyri, Akranesi og reyndar, eins og kom fram í framsöguræðu hv. frsm. heilbr.- og félmn., úr Borgarfirði líka, og ég vil einmitt að bæði geta einstaklinganna og félaganna, sem þarna eru fyrir hendi, verði virkjuð og að þetta nafn verði nýtt ásamt þeim styrk, sem þessir aðilar fá úr þessum sjóði. M. a. og kannske ekki sízt af þessari ástæðu er frv. flutt, a. m. k. vegna þessa var ósk sjómannasamtakanna hér

syðra borin fram á sínum tíma við hv. Alþ., þótt þá væri ekki farið inn á þá leið, sem við höfum nú lagt til, ég og meðflm. minn að þessu frv.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls lýsti ég fylgi mínu við málið. Ég vil endurtaka það nú, og ég vil segja það út af brtt. frá hv. 5. þm. Norðurl. e., að ég tel, að hún skaði málið og færi það inn á það svið, sem það var í áður og gerði það allt of þröngt og hefur gert það að verkum, að l. hafa ekki verið framkvæmd til þessa.

Það er mikil þörf á því að byggja dvalarheimili fyrir aldrað fólk, og ég er sammála þeim hv. síðustu ræðumönnum, flm. málsins, að einmitt með þessari breytingu á lögunum verður farið að framkvæma þau og opna leið fyrir dreifbýlið til að njóta þeirra. Ég vil því eindregið mæla með því, að frv. verði hér samþ. óbreytt og tel, að það muni leysa vandamál, sem margir eru nú að fást við, þ. e. að koma upp dvalarheimilum, sem þeir hafa ekki getað gert vegna fjárskorts. En þetta frv. mundi breyta málinu og styðja að því, að dvalarheimili verði reist.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Einhver hv. þm. lét svo ummælt áðan, að hv. 5. þm. Norðurl. e., sem hefur flutt hér brtt. á þskj. 418, mundi hafa misskilið eitthvað í þessu máli. Nú vil ég ekkert fullyrða um það eða segja um það, hvort þessi hv. þm. kunni að hafa misskilið eitthvað í málinu. En ég er ekki alveg viss um það, að ég og aðrir, sem erum nú að greiða atkv. um þetta frv., höfum fyllilega gert okkur grein fyrir, hvernig þessi lög frá 1963 verka í framkvæmd. Og vegna þess að ég tel mig eiginlega ekki nógu kunnugan málinu eða réttara sagt framkvæmd málsins, vildi ég gera hér að umræðuefni eitt eða tvö atriði í þessu máli og það í von um, að ég verði upplýstur af mér fróðari mönnum um það, hvernig þau atriði séu eða muni verða í framkvæmd, sem ég átta mig ekki fyllilega á. Og verð ég að segja það, að það má e. t. v. heita vorkunnarmál, þó að ekki átti sig allir á þessu fyllilega, þar sem l. eru, að því er upplýst hefur verið, ekki komin til framkvæmda, þannig að þessi byggingarsjóður aldraðs fólks hafi eiginlega ráðstafað fé.

Það stendur hér í l. frá 1963, að hlutverk sjóðsins sé að stuðla að því með lánveitingum, að byggðar verði hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk. Í 3. gr. er svo fjallað um tekjur sjóðsins og í 4. gr. um það, hverjir skuli annast rekstur hans, og svo segir í 5. gr., að lán úr sjóðnum megi veita, gegn öruggum tryggingum, sveitarfélögum eða aðilum, sem sveitarstjórnir mæla með og takast á hendur að reisa íbúðir handa öldruðu fólki. Lán til einstaklinga til kaupa á íbúðum fyrir sjálfa sig má þó veita samkv. 6. gr. Og í 6. gr. segir, að heimilt skuli vera að verja hluta af fé sjóðsins til að lána einstaklingum, 67 ára og eldri, til kaupa á litlum íbúðum, sem gerðar séu sérstaklega við hæfi aldraðs fólks. En þegar það er gert, skuli sú kvöð hvíla á íbúðunum, að þær verði notaðar fyrir aldrað fólk, meðan lán hvíla á þeim. Í 7. gr. segir svo, að lán, sem veitt eru úr sjóðnum, megi nema allt að 50% af kostnaðarverði íbúðanna og vera tryggð með veði í íbúðunum og að heimilt sé að veita lánin á eftir eða samhliða veðlánum annars staðar frá, er nemi allt að 35% af kostnaðarverði íbúðanna. 8. gr. l. er um teikningar og um að umsækjandi sýni fram á, að hann hafi tryggt sér nægilegt fjármagn. 9. gr. er um setningu reglugerðar og 10. gr. um, að lög þessi öðlist þegar gildi. Þetta er í stuttu máli efni l. um byggingarsjóð aldraðs fólks frá 1963.

Ég var að lesa þetta yfir vegna ummæla, sem hér féllu áðan um það, að í þessum l. væru ákvæði um það, að þetta fé skyldi renna til — ja, byggða landsins utan Reykjavíkur, skildist mér. Það væri í þessum l. En ég get ekki fundið þetta ákvæði, og ef mér hefur sézt yfir það, vildi ég mælast til þess, að mér yrði á það bent.

Hitt er annað mál, eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði áðan, að það gæti verið ástæða til þess, að ákvæði þess efnis væru sett inn í l. Ef það er rétt, sem hann virtist einnig hafa fengið heimildir fyrir, að ákveðinn hluti af happdrættisfénu eða happdrættishagnaðinum, sem hér er aðallega byggt á, komi úr þessum landshlutum, væri það nokkuð við að miða, eins og hann sagði. En mér virðist, að það, sem hér er verið að fjalla um, sé ekki þetta, hve mikið eigi að renna af þessu fé til höfuðborgarsvæðisins, skulum við segja, og hvað til landsbyggðarinnar að öðru leyti. Það sé ekki það, sem l. fjalla um, og það sé ekki það, sem menn eru að tala um hér, heldur tæknilegt atriði í sambandi við húsnæði aldraðs fólks, þ. e. a. s. hvort heppilegra sé, að aldrað fólk safnist saman á stórum elliheimilum eða sé hjálpað til þess á einhvern hátt að eignast eða fá umráð yfir sjálfstæðum íbúðum, annaðhvort í námunda við elliheimili eða í sambandi við það, þó að þau yrðu annars staðar. Það er það, sem hér er um að ræða. Og ég verð nú að segja það alveg eins og það er, að ég er ekki svo fróður í þessum málum, að ég treysti mér til þess að skera úr um það, hvort muni reynast betur. En ég man það, að á því þingi, sem fjallaði um þessi mál fyrir nokkrum árum, var mikið um það rætt, að það væri nauðsynlegt að hjálpa gamla fólkinu til þess að fá umráð yfir íbúðum út af fyrir sig, og það var haft eftir fræðimönnum í þessum málum þá og haft fyrir satt, að svo væri. Og hvort fræðimenn um meðferð aldraðs fólks eru komnir á aðra skoðun nú, það skal ég ekki segja um. Hv. 9. landsk. þm. virtist nú telja, að reynsla frá Akureyri benti í þá átt, og það getur vel verið, að það sé rétt, ég rengi hann ekki um það, nema síður sé. Hann má vera þeim málum mjög kunnugur.

Nú veit ég ekki, hvað þeir menn hugsa, sem hafa staðið að því að setja þessa löggjöf og nú standa fyrir breytingum á henni. Ég veit ekki, hvað þeir hugsa eða hvað þeir hafa rætt sín á milli. En ég sé það, hvað í l. stendur og hvað í frv. stendur, sem hér liggur fyrir. Og ég sé það, að hér stendur í 2. gr. þessa frv., að í staðinn fyrir að sagt er nú í l., að hlutverk sjóðsins sé að stuðla að lánveitingum, til

þess að byggðar verði hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk, eigi nú að stuðla að því, að byggðar verði hentugar íbúðir eða dvalarheimili fyrir aldrað fólk. Nú langar mig til að spyrja í sambandi við þetta. Er hægt að skýra þetta ákvæði svo, ef menn það vildu t. d., að þetta fé, sem Hrafnista hefur verið byggð fyrir, það ágæta hæli, að það skili sér bara aftur á sama stað og verði notað til þess að byggja upp Hrafnistu áfram? Má skilja þetta svo, að það sé heimilt? Ég veit um menn, sem hafa verið þeirrar skoðunar, að það væri vandi að skipta þessu og að bezt væri að halda áfram að byggja upp Hrafnistu. Ég hef þekkt menn, sem hafa verið á þeirri skoðun, og það getur vel verið, að hún sé rétt. En það er ekki það, sem ég er að ræða, heldur hvort það væri hugsanlegt, að skilja mætti ákvæði þessa frv., sem hér liggur fyrir, á þá leið, að dvalarheimilið Hrafnista geti einnig fengið þetta fé, sem átti að verja til að byggja einstakar íbúðir fyrir aldrað fólk, eða hvort menn telja, að það sé útilokað samkv. l., að það geti orðið. En ef það væri svo, að skilja mætti þetta nýja frv. á þá leið, að það mætti skila fénu öllu aftur til Hrafnistu eða nota það til þess að halda áfram að byggja þar upp, þá er það a. m. k. ekki í samræmi við tilgang þeirra manna, sem eru hér að tala um það, að nú eigi að tryggja það með l., að nokkuð af þessu fé renni til að skapa gamla fólkinu í öðrum byggðum landsins heimili þar. Um þetta hefði ég gjarnan viljað fá upplýsingar.

Svo vil ég leyfa mér að benda á eitt í þessu sambandi, þar sem það telst vera rök með eða móti þessu frv. Það er svo, eins og hv. þm. hafa tekið fram að ýmis bæjarfélög og stærri sveitarfélög hafa hafizt handa um byggingu elliheimila eða undirbúning þeirra. Mörg önnur hafa ekki gert það, og þó að víða væri fullur hugur á að gera það, veldur því getuleysi, að það hefur ekki tekizt. En er það ekki hugsanlegt, að þó að lítið sveitarfélag og vanmáttugt í fjármálum geti ekki komið því við að byggja elliheimili, koma upp slíkri byggingu, sem því nafni má nefna, að þá gæti það e. t. v. notað sér aðstoð hjá Byggingarsjóði aldraðs fólks til þess að koma upp svona einni, tveimur eða þremur íbúðum fyrir gamalt fólk. Er ekki þetta líka hlið á málinu, sem þarf að athuga?

Þetta, sem ég hef sagt, það eru nú bollaleggingar um málið, sem m. a. stafa af því, að ég er einn af þeim, sem það á við, sem einn hv. þm. sagði hér áðan, að þeir hefðu ekki kynnt sér þetta mál nógu rækilega á meðan byggingarsjóðslögin eru enn ekki komin til framkvæmda. Mig langar til að heyra þetta nánar upplýst, og ég hefði nú ekki verið fjarri því að álykta sem svo, að það væri heppilegt, að svona mál eins og þetta væri undirbúið af stofnun eða nefnd, áður en það væri lagt fyrir þing. En nú er 2. umr. þessa máls, og ég vil skjóta því til hv. 5. þm. Norðurl. e., hvort hann teldi ekki rétt eða væri fáanlegur til þess að draga till. sína til baka til 3. umr., líka vegna þess, að hann gerir ráð fyrir að þurfa að gera á henni breytingu og þá jafnframt mælast til, að hæstv. forseti veiti okkur nokkurn frest milli umræðna til þess að átta okkur betur á þessu máli, sem hér er um að ræða, og afla okkur vitneskju um þá reynslu af undirbúningi, sem hér kann að vera fyrir hendi.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Norðurl. e. (GíslG), hefur varpað fram nokkrum spurningum, sem ég skal fúslega reyna að leysa úr, svo framarlega sem mitt vit endist til.

Hann spurði m. a. um það, hvernig þessi lög verkuðu í framkvæmd. Áður en við komum inn á það, skulum við hafa í huga, eins og þegar er tekið fram í grg., sem fylgir frv., að þrátt fyrir lög þessi, sem eru nú búin að vera í gildi um nokkurra ára skeið, hefur Byggingarsjóður aldraðs fólks ekki lagt neitt fé til bygginga yfir aldrað fólk. Aðeins ein umsókn hefur borizt til sjóðsins frá Reykjavíkurborg, sem byggði á sínum tíma — fyrir tveimur árum, að mig minnir, — 22 íbúðir fyrir öldruð hjón, og eins og tekið er fram í grg., fellur lánsumsókn Reykjavíkurborgar í einu og öllu undir tilgang laganna.

Við höfum hins vegar bent á og reyndar kom það líka fram í ræðu hv. meðflm. míns að þessu frv., að þrátt fyrir þá brýnu þörf, sem er á því að útvega húsnæði hið bráðasta, hafa ekki fleiri aðilar farið út í það að byggja á þennan hátt, einfaldlega vegna þess, eins og kom fram í minni framsöguræðu, að slíkar byggingar eru svo miklu dýrari miðað við hvern vistmann en dvalarheimili. Það er þegar komin nokkur reynsla af því, hvernig slík dvalarheimili ættu að vera, hvaða stærð væri hentugust og þetta verður auðvitað líka að fara nokkuð eftir því, hvar þau eru byggð.

Vegna þess, sem hann kom inn á síðast í sinni ræðu, hvort lítil sveitarfélög og fátæk ættu ekki hugsanlega að geta fengið aðstoð úr þessum sjóði, vil ég segja, að vitaskuld eiga þau að geta það, enda ekkert, sem bannar það. Hins vegar er ég algerlega sammála því, sem kom fram hjá frsm. heilbr.- og félmn., að áður en við förum út í það að efna til slíkra bygginga í mörgum sveitarfélögum landsins, verður að taka fleira til athugunar en bara það, að þar sé eitthvað af öldruðu fólki. Við verðum að hafa í huga, að það sé þjónusta á staðnum fyrir þetta fólk. Ég álít það mjög óskynsamlegt, að slík heimili séu byggð þar, sem ekki er læknisþjónusta fyrir hendi. Það er stefnt að því, og það er skynsamlegt, að komið verði upp ákveðnum læknamiðstöðvum víðs vegar um landið, þar sem læknar með sérfræðikunnáttu á mörgum sviðum eru saman komnir, og það liggur beint við, að þeir eigi þess kost að stunda slíka ellisjúklinga, ef heimili fyrir þá er fyrir hendi á staðnum. Það er auðvitað ekkert bann við því, að hitt komi líka, en ég mundi sjálfur persónulega telja það óskynsamlegt á þessu stigi, þegar við horfum fram á þessa miklu þörf.

Ég sagði áðan og reyndar í minni framsöguræðu við 1. umr. málsins, að í dag vantaði 500 ellivistarpláss hér allt í kringum land. Ég þekki það frá

Dvalarheimili aldraðra sjómanna. Hrafnistu, að síðustu árin hafa ekki verið þar færri en 200 umsóknir um vist víðs vegar að af landinu. Það hefur ekkert verið bundið við Reykjavík, eins og reyndar var tekið fram hér áðan í ræðu um elliheimilið í Skjaldarvík. Það er fólk á því heimili víðs vegar að af landinu. Ég veit, að nýlega hefur verið gerð könnun á því, að á Hrafnistu hér í Reykjavík eru í dag 90 einstaklingar, sem eiga lögheimili annars staðar en í Reykjavík, og við vitum það, að þar fyrir utan eru fjölmargir einstaklingar og hjón, sem komið hafa á síðustu 10—15 árum utan af landi og setzt að hjá börnum sínum hér í Reykjavík eða í kauptúnum og sveitarfélögunum í kringum Reykjavík og hafa öðlazt sveitfesti hér eða í nágrenni Reykjavíkur og eru komnir þarna til viðbótar, þrátt fyrir það, að þetta fólk hafi átt sitt starf og sitt líf í stöðum úti um land. Hins vegar vitum við það, að þróunin hefur verið sú í búferlatilflutningi landsmanna, að þeir hafa sótt hingað nokkuð strítt á undanförnum árum. Margt af þessu aldraða fólki á afkomendur sína hérna í nágrenninu og vill kannske frekar vera hér en á stöðum úti um land. Þetta er önnur hlið málsins, sem auðvitað ber að hafa í huga líka, en á Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hrafnistu, hefur aldrei manni verið vísað frá vegna sinnar búsetu. En af þeirri reynslu, sem forráðamenn þar hafa fengið á undanförnum árum, er það hins vegar alveg ljóst, að bygging dvalarheimila í kaupstöðum og kauptúnum úti um land verður að vera í sambandi við læknisþjónustu og jafnvel aðra þjónustu, og þar sem spítalapláss er fyrir hendi. Það er jafnvel mjög óskynsamlegt að fara út í það á þessum dvalarheimilum að reisa sérstakar sjúkradeildir, sem er mjög dýrt að setja á stofn, rekstrarkostnaður þeirra er mikill.

Hv. þm. spurði um það, hvort fræðimenn hefðu breytt um skoðun á því, að heppilegt væri að byggja sérstakar íbúðir. Ég held, að í þessum orðum mínum hafi ég nokkuð svarað því. Auðvitað hafa þeir ekki breytt um skoðun á því. Ég álít, að við þurfum að hafa 3 stig íbúða fyrir aldrað fólk. Fólk, sem búið er að koma frá sér börnum sínum, þarf að geta smækkað við sig, það þarf að fá minni íbúð, það þarf að geta fengið þjónustu í þeim íbúðum, ekki aðeins húshjálp, heldur læknisþjónustu. Þetta húsnæði þarf að standa einhvers staðar í nálægð elliheimila eða dvalarheimila, sem taka svo við þessu fólki á seinna stigi, þegar það getur ekki séð um sig sjálft, jafnvel með þessari þjónustu, og þá getur verið æskilegt, ef slík eining er nógu stór, að hafa sjúkradeild á staðnum til þess að taka við þessu fólki eða hjúkrunardeild og síðar sjúkradeild, þegar það getur ekki jafnvel einu sinni verið á slíku vistheimili, þótt ég hins vegar að fenginni reynslu álíti, að það væri betra að þetta væri í grennd við spítala, sem tæki við slíkum legusjúklingum inn á spítalann.

Við verðum að hafa í huga, eins og ég er búinn að margundirstrika, að við þurfum að gera stórátak, og það er hægt að gera stórátak, ekki bara með þessu fé, heldur eru líka lánsmöguleikar úr erfðafjársjóði til elliheimila. Það er hægt að fá lán til bygginga elliheimila úr erfðafjársjóði, þó að ég viti nú ekki eins og er, hvernig hans hagur stendur. En það, sem ég legg megináherzlu á, er að við náum inn gífurlegu starfi og miklu fé, sem þegar er fyrirheit um frá mörgum aðilum, ef þeir fá þessa hjálp, sem þetta frv. leggur til að verði heimilt að veita. Við erum ekki að draga úr hinu, við erum að leggja til að víkka þetta út, þannig að við náum þessum mikla krafti, sem liggur nú óbeizlaður, til þess að komast yfir þennan nauðsynlega áfanga okkar, sem er 500 ellivistarpláss alveg nú á næstunni eða á næstu árum.

Vegna þeirrar spurningar, sem hv. þm. lét koma fram um það, hvort samtökin, sem standa að byggingu Hrafnistu, mundu leita eftir láni úr þessum sjóði í framtíðinni, vil ég taka það fram, að til bygginga Hrafnistu fara nú 60% af tekjum happdrættisins. Í upphaflegu áætlununum um byggingu dvalarheimilis aldraðra sjómanna hér í Reykjavík var gert ráð fyrir byggingu íbúða fyrir aldrað fólk. Það hefur aldrei hvarflað að forráðamönnum þar að leita eftir fé til þess af öðru en sínum eigin hlut, sem þeir hafa til umráða, aldrei hvarflað að þeim. Og ég er sannfærður um — og ég geri ráð fyrir, að það verði tekið fyrir á þessu eða næsta ári hjá þessum samtökum, sjómannasamtökunum í Reykjavík og Hafnarfirði, — að það verður ákveðin bygging dvalarheimilis, ekki hér í Rvík og ekki við Hrafnistu, heldur hér einhvers staðar í nágrannakaupstöðum okkar eða jafnvel á Suðurnesjum, eða þá að gengið verði til samstarfs við Akranes. Eins og ég segi, er þetta óráðið enn þá, þrátt fyrir það, að farið verði í slíka framkvæmd, þá verður ekki af þeim samtökum leitað eftir láni úr þessum sjóði. Það hefur verið vilji þessara samtaka, frá því að þau mótuðu sínar skoðanir á þessu, eftir að þau komust yfir erfiðasta byrjunarhjallann í sambandi við byggingu Hrafnistu, þá hefur það verið þeirra skoðun, að það væri réttlátt, að ákveðinn tekjuhluti happdrættisins færi til sinna upprunalegu staða úti um land, og eins og segir í lögum um happdrætti dvalarheimilisins, þá hafa þessi samtök jafnframt leyfi til þess að styrkja slíka staði af sínum hluta. Og þegar þau verða eitthvað komin út úr sínum skuldbindingum, sem eru miklar í dag vegna hinna öru byggingarframkvæmda, þá er ég sannfærður um, að af þeim hluta, sem þau hafa til umráða, verður líka veittur styrkur til þeirra staða, sem að allra manna mati og þeirra, sem hafa yfirstjórn málanna, eru álitlegastir til framkvæmda á hverjum tíma.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 10. þm. Reykv. (PS), 1. flm. þessa máls, fyrir greinargóða ræðu, sem hann flutti hér áðan um sitt sjónarmið og reynslu í þessum málum. Mér er að sjálfsögðu kunnugt um það, að á dvalarheimilinu

Hrafnistu og eins á dvalarheimilinu á Akureyri er fjöldi aldraðs fólks, sem þar hefur fengið athvarf úr ýmsum byggðarlögum, og er það vissulega þakkarvert, enda þakkað af þeim, sem eiga hlut að máli, að slíkt athvarf skuli vera til. Hins vegar er það náttúrlega svo, eins og hv. þm. kom að, að það hafa verið uppi ýmsar kenningar um það, hvernig bezt væri að koma fyrir aðstöðu fyrir aldrað fólk. Sumir eru kannske þeirrar skoðunar, að það sé bezt, að slík dvalarheimili séu fá, slíkir staðir séu fáir og þeim mun betur búnir, kannske aðeins í Reykjavík og á Akureyri og allra stærstu bæjunum og þeim mun betur búnir og með því móti muni það ganga bezt að leysa þetta mál á viðunandi hátt fyrir nógu marga. En hins vegar hafa líka verið þær skoðanir uppi, að þessi stóru dvalarheimili séu að vísu nauðsynleg, og alveg sérstaklega fyrir sjúkt fólk, að það sé hægt að koma því þangað. En jafnframt bæri að stefna að því að koma upp nokkrum heimilum, minni heimilum nokkuð víða, þar sem fólk gæti dvalið sem næst átthögum sínum, dvalarheimilum, sem minntu á heimili, eða jafnvel bara sérstökum heimilum, sérstökum íbúðum, sem hentuðu fyrir aldrað fólk. Ég hef oftar en einu sinni átt tal við einn mikinn áhugamann um þessi mál, sem hefur líka meiri reynslu en flestir aðrir í þessu landi um þessa hluti, og ég hef veitt athygli skoðunum hans og þeim hugmyndum um sérstakt kerfi, sem hann hefur í þessu máli.

Nú er það auðvitað æskilegt, að í grennd við slíkt dvalarheimili eða heimili aldraðs fólks, þar sem ekki eru beinlínis sjúkradeildir, sé læknir. Sem betur fer, þá er nú svo þrátt fyrir allt, að allvíða er nú læknir í kauptúnum eða a. m. k. á að vera þar, og ef slík dvalarheimili eða heimili aldraðs fólks eru í grennd við kauptún, a. m. k. stærri kauptún, eru alltaf miklar líkur til þess, að þar sé ekki mjög langt til læknis að leita.

Ég er að nefna þetta vegna þess, að ég er ekki viss um, að hið háa Alþ. sé eiginlega búið að marka sér afstöðu í þessu máli, og það er kannske varla von, því að menn, sem telja má sérfróða á þessu sviði, hafa ekki verið á einu máli um það og auk þess æskilegt fyrir þing og stjórn, að einhver reynsla sé fyrir hendi, eða slík reynsla verði til um stór og lítil elliheimili, þó að þau séu ekki mörg og einnig að leitað sé eftir reynslu af því fyrirkomulagi, að fólk búi út af fyrir sig í íbúðum, þar sem skilyrði eru til þess að njóta nálægrar hjálpar. Hitt er auðvitað alveg rétt, sem hv. 10. þm. Reykv. sagði hér áðan, að sumt aldrað fólk er það veikt eða fatlað, að það verður beinlínis að vera á deild, sem jafna má við spítala.

Ég hef nú verið að ræða þetta m. a. vegna þess, að mér finnst þetta frv. ekki fjalla um það, í hvaða landshluta þessi sjóður eigi að renna, heldur sé það nú þetta spursmál, sem við erum eiginlega að fjalla um, gerð dvalarheimilanna, annars vegar dvalarheimili stór og smá, hins vegar íbúðir fyrir aldrað fólk.

Ég veitti því athygli, að hv. 10. þm. Reykv. svaraði ekki fyrirspurn minni um það, hvað hann teldi, að í lögunum fælist um það, hvað gera mætti við fé. Hann sagði bara, að forstöðumenn dvalarheimilisins Hrafnistu hefðu það alls ekki í huga að sækja um lán úr þessum sjóði til sinna framkvæmda, en jafnframt gat hann um, að hjá forustumönnum þar væru og hefðu verið uppi hugmyndir um að ráðast í framkvæmdir víðar á landinu en þegar hefur verið gert. Ég vil taka það fram, að ég hygg, að það mundi verða mjög vel séð, ef stjórn dvalarheimilisins færi að birta eitthvað af hugmyndum sínum um það, hvar hún muni hefjast handa annars staðar og á hvern hátt.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en ég mundi telja æskilegt, að tími yrði á milli 2. og 3. umr. til þess að átta sig nánar á þessu máli og vildi þá jafnframt spyrja, eins og ég gerði áðan, hv. 5. þm. Norðurl. e., hvort hann gæti ekki hugsað sér að taka till. sína aftur til 3. umr., enda gæti hann þá borið fram nýja till. með því sniði, sem hann gat um áðan, að á henni þyrfti að vera, ef allt væri tekið með, sem hann ræddi um.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru bara aðeins nokkur orð. Ég vil vekja athygli á því, sem kom eiginlega glöggt fram í ræðu hv. 10. þm. Reykv., að með þeirri breyt., sem hér er lögð til, er raunar tekin alveg önnur stefna í þessu máli en upphaflega var ætlað. Ég tók það fram, að ég er ekki nógu kunnugur þessum málum öllum, en ég hef þó kynnt mér í snertingu við þau nú undanfarið, vegna þess að ég hef orðið var við margt eða nokkuð af öldruðu fólki, öldruðum hjónum, sem eru í fullu fjöri og vantar einmitt hentugar íbúðir fyrir sig.

Mér er það ljóst, að með tilliti til þess litla fjármagns, sem þessi sjóður hefur yfir að ráða, — ef á að tvískipta þessu — mundi í raun og veru þessi upphaflega hugmynd alveg víkja fyrir hinu, enda kemur það í ljós, þegar um þetta er rætt, að þörfin er ákaflega mikil. En ég held bara, að menn átti sig ekki á því, að þörfin fyrir íbúðirnar er líka mikil. Eins og líka kom fram í ræðu hv. 10. þm. Reykv., þá vildi hann alls ekki svara því, hvort hann teldi í raun og veru, að það væri heimild fyrir því að lána t. d. allt fé til Hrafnistu eða hér í þéttbýlið. Hann vildi ekkert svara því, heldur ræddi bara um sínar hugmyndir og það er náttúrlega allt annað mál. Ég get ekki séð annað en að það væri í raun og veru eftir þessari breyt. alveg heimilt, ég get ekki annað séð. Það kemur fram, að ég óski eftir því, að hv. þm. lesi vel þá grg., sem flm. skrifuðu fyrir þessari brtt., núna á milli umræðna, athugi hana og við ræðum þá þessi mál betur við 3. umr. Og ég vil verða við þeirri ósk, sem kom fram hjá l. þm. Norðurl. e. (GíslG), að taka brtt. mína til 3. umr., en óska eftir, að þetta mál verði ekki tekið aftur fyrir alveg strax.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins stutt aths. út af orðum síðasta ræðumanns. Ég mundi telja það nokkuð varasamt að ætla sér að fara að binda prósentvís ákveðinn hluta þeirra tekna, sem skapast af happdrætti DAS, og miða við ákveðið landsvæði. Ég byggi það ekki á því, að það séu

líkindi til, að aðilar á því svæði, sem hefur til umráða og notkunar 60% af tekjum þess, mundu seilast eftir því að fá fé úr Byggingarsjóði aldraðs fólks. Hins vegar getur svo farið — og við skulum setja það dæmi upp þannig — að t. d. Suðurnes, Akranes, Borgarnes eða einhvern stað hér á Suðvesturlandi, þar sem mér þykir trúlegast að verði ráðizt í framkvæmdir næst af þessum samtökum, sem hafa byggt Hrafnistu, að þann stað, sem valinn yrði, vantaði eitthvert ákveðið fjármagn á ákveðnu stigi til þess að ljúka framkvæmd sinni. Ég mundi telja það vegna rekstrarins ákaflega skynsamlegt, að það væru heimildir til þess að leggja fram það fjármagn, sem fyrir hendi væri til þess að ljúka þessum áfanga. Ég veit það í sambandi við Dvalarheimili aldraðra sjómanna hér í Reykjavík, að það sem kannske hefur farið verst með þau samtök á undanförnum árum, er að hafa þurft að taka svona langan tíma í þær framkvæmdir, sem þau hafa staðið fyrir. Það er fyrst á s. l. ári að einingin er komin í þá stærð, sem fyrirhuguð var og áætlað var, að hún þyrfti að vera, til þess, að hún gæti staðið undir sér. Og það er líka fyrst á s. l. ári, sem þetta heimili stendur undir sér, rekstrarlega séð. Við skulum hugsa okkur það líka á seinna stigi, að þetta gæti orðið hemill á það, ef slík ákvæði kæmu inn í l., það gæti orðið hemill á það, að af þessum 60% væri kannske sett stór upphæð til þess að ljúka dvalarheimilum úti um land. Ég held, að við verðum að horfa á þetta frá báðum hliðum upp á þetta að gera, og ég mundi álíta það hafandi það í huga, að það verði enginn vilji í dag frá þessum samtökum hér í Reykjavík og Hafnarfirði til þess að ásælast þetta fé. Það eru miklu frekar þeir, sem hafa forgöngu um það, að það yrði nýtt úti um land, þannig að ég tel engin líkindi á því. En ég vara aðeins við því, ef hv. síðasti ræðumaður hefur það í huga að fara að binda þetta svona, það getur verkað á báða vegu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29:1 atkv.
Brtt. 418 tekin aftur til 3. umr.
2.—5. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Á 83. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Nd., 28. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 376, 418, 448).

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Í umr. s. l. þriðjudag um þetta mál kom ýmislegt fram, sem benti til þess, að ekki væri ástæðulaust að athuga öll þessi mál og gera framtíðaráætlun um byggingar yfir aldrað fólk, ekki einungis hér í Reykjavík, heldur einnig, hvernig á að leysa þetta vandamál í framtíðinni úti á landsbyggðinni. Hv. 10. þm. Reykv. (PS) ræddi um það með allmiklu yfirlæti, hvernig sjómannasamtökin ætluðu að vinna að þessum málum í næstu framtíð, og ekki gat neinn, sem á hlýddi, verið í minnsta vafa um það, hver um stjórnvölinn héldi nú í þeim samtökum og mótaði stefnuna. Enginn má skilja orð mín svo, að ég geri lítið úr því, sem sjómannasamtökin hafa gert á þessu sviði. En hitt er þá líka hollt að hafa í huga, að löggjafinn hefur stutt þessi samtök alveg á sérstakan hátt með því að leyfa þeim að reka happdrætti um langt árabil, sem þjóðin öll hefur stutt með miklum myndarskap öll þessi ár. Og í þessu sambandi skulum við ekki gleyma því, að öllum tekjum af þessu happdrætti hefur verið varið til byggingar hér í Reykjavík að undanskildum þessum sjóði, sem hér er verið að ræða um og er nú ekki orðinn nema 7 millj. kr. Manni skilst, að þetta séu þriggja eða fjögurra ára tekjur sjóðsins, sem hér er um að ræða, og samt mætti ætla, ef dæma mætti af ræðum sumra hv. alþm., sem til máls tóku í þessu máli s. l. þriðjudag, að með þessum fjármunum væri hægt að leysa mikið af þeim vandamálum, sem leysa þarf á þessu sviði. Minnir þetta ekki of mikið á kvæðið um 5-eyringinn, hvað barnið ætlaði að kaupa fyrir hann, ef það fengi einn 5-eyring á milli handanna, og þó eftir öll kaupin ætlaði það að gefa pabba sínum allan afganginn?

Það er ekki mikið, þó að á ári kæmu inn um rúmar 2 millj., og það er ekki hægt að gera nein býsn fyrir það, eins og verðgildi peninga okkar er háttað á 9. ári viðreisnarinnar. Og þó að hið upphaflega markmið sjóðsins verði að engu gert, eins og flm. þessa frv. leggja til, þrátt fyrir mjög lofsamleg ummæli þeirra um upphaflegan tilgang hans í grg., sem frv. fylgir, leysir það mjög lítinn hluta þess vandamáls, sem hér um ræðir, því að verði vandamál þess aldraða fólks, sem hefur heilsu og þrek til að sjá um sig sjálft að mestu eða öllu leyti ekki leyst með einhverjum hætti, annaðhvort með því að lána því sjálfu fé til íbúðabygginga eða leigja því íbúð, þarf þetta fólk að fá pláss á elliheimilum, og ég er ekki farinn að sjá, að það verði ódýrari lausn fyrir þjóðfélagið, enda þyrftu elliheimilin að vera stærri, sem því nemur, þó að sé svo ekki litið á það, að meðan gamla fólkið getur hugsað um sig sjálft, mun það ekki óska eftir því að vera á elliheimilum, og lausn á þessum vanda á að miða við það að reyna að koma til móts við óskir og þarfir gamla fólksins, eins og ástæður frekast leyfa. Þessi sjóður er langt frá því að valda því hlutverki, sem honum var ætlað í fyrstu, hvað þá að hann sé megnugur að gera meira. Hv. 10. þm. Reykv. ræddi um það, hverjar hans hugmyndir væru á þessu sviði, og þær eru auðvitað góðra gjalda verðar, en ég vil þó benda honum á, að það er ekki það, sem hér er verið að ræða um, ekki hans góða ásetning í þessum efnum, heldur hitt, hvaða fyrirmæli eigi að gilda af hendi löggjafans að þessu leyti. Og ég held nú, að það geti orðið þyngri á metaskálunum fyrirmæli laganna en ásetningur hv. þm., þótt göfugmannlegur sé, þegar til kastanna kemur.

Það er eitt, sem við skulum hafa einnig í huga, þegar við ræðum þetta mál, að skilyrðið, sem sett

var fyrir framlengingu happdrættisins árið 1963, var, að 40% af hagnaði happdrættisins gengju í sérstakan sjóð, sem átti að verja fé úr í þessu sérstaka augnamiði, þ. e. a. s. til íbúðabygginga fyrir aldrað fólk. Það var það eina skilyrði, sem sett var. Nú 5 árum síðar er svo farið fram á það, að þetta eina skilyrði sé strikað út og eftir að það yrði gert, gæti allt fé farið t. d. til þess að byggja við Dvalarheimili aldraðra sjómanna. A. m. k. væri það frambærilegt samkv. l. eftir að þetta frv. er samþ., verði það gert, eins og flm. leggja til, að gert verði. Ég verð nú að segja það, að ég kann ekki að öllu leyti við þetta og ekki sízt vegna þess, að l. flm. þessa frv. virðist gera það í nafni sjómannasamtakanna, ef dæma má af málflutningi hans. Og eins og áður segir, leysir þetta frv. hv. flm. engin vandamál, ekkert af þeim vanda, sem fyrir hendi er. Hitt væri svo annað mál og vænlegra til árangurs að grípa þá hugmynd á lofti, sem hv. 10. þm. Reykv. var hér með á þriðjudaginn, að nota þau 60% af happdrættinu, sem nú ganga til byggingar dvalarheimilisins, til að byggja dvalarheimili annars staðar að einhverju eða öllu leyti um eitthvert árabil. En til þess duga ekki viljayfirlýsingar eins manns, heldur þyrfti að breyta l. um happdrættið og e. t. v. um leið að auka tekjur þess á einhvern hátt, og að því er ég fús til að vinna með hv. þm. eða hverjum öðrum, sem í alvöru vill vinna að þessum aðkallandi vandamálum. Ég vil alls ekki veikja neinn þátt þessara mála, og þess vegna kem ég með þær brtt., sem liggja hér á þskj. 418 og 448.

Ef íbúðamálunum verður alveg varpað fyrir róða, eins og flm. leggja til með þessu frv., mundi það auka mjög eftirspurn eftir plássi á dvalarheimilum. Gerir það þetta mál auðveldara til úrlausnar? Og ef þessum málum er ekki sinnt úti á landsbyggðinni, eykur það eftirspurn eftir plássi hér í Reykjavík fyrir aldrað fólk, fyrir utan það, að mjög fátt af því fólki, sem á annað borð hefur alið allan aldur sinn úti á landi, kærir sig um að flytja til Reykjavíkur og fara þar á elliheimili, en fái það ekki annars staðar pláss, á það í mörgum tilfellum ekki annars úrkosta. Þess vegna voru lög um íbúðarbyggingar fyrir aldrað fólk spor í rétta átt, spor, sem alger óþarfi er að stíga aftur á bak, og þess vegna legg ég þessar brtt. hér fram. Og í tilefni af því, sem hv. 9. landsk. þm. sagði hér síðasta þriðjudag, að það hefði sýnt sig, að eftirspurn eftir íbúðum fyrir aldrað fólk væri alls engin, vil ég nú bara benda hv. þm. á það, að lítil reynsla er fengin í því efni, þar sem þessi sjóður er alls ekki einu sinni tekinn enn til starfa. Og ég held, að allir, sem eitthvað hugsa um þessi mál á annað borð, hljóti að sjá, að þörfin er þarna mjög brýn og hraðvaxandi, þar sem það er alltaf mjög ört stækkandi hópur einmitt af þessu aldraða fólki. Hv. 10. þm. Reykv. viðurkenndi, að það væri mikil þörf fyrir svona íbúðir, hann gerði það, og ég vil, að það komi hér fram. En nú vil ég spyrja: Er nú afstaða hv. flm. til þeirra till., sem ég flyt hér við frv. þeirra, í fullu samræmi við það, sem stendur hér í grg. og ég vil lesa hér kafla úr, með leyfi forseta:

„Með l. um Byggingarsjóð aldraðs fólks var stefnt að því að koma á fót sjóði, sem lánað gæti til byggingar hentugra íbúða fyrir aldrað fólk. Var m. a. haft í huga, að með byggingu slíkra íbúða yrði gamla fólkið síður slitið úr tengslum við það umhverfi, sem það hefði lifað og starfað í meiri hluta starfsævi sinnar."

Ég get ekki betur séð en till. mínar nái þessum tilgangi frekar en frv. óbreytt. Og það er eftirtektarvert, að þó að hv. flm. lýsi í grg., að hverju eigi að stefna í þessum efnum, þ. e. a. s. að halda svo á þessum málum, að gamla fólkið þurfi ekki að slíta sig frá átthögum sínum og framkvæmdum eigi að haga með tilliti til þess, leggjast þeir mjög gegn því, að einmitt þannig sé mörkuð stefnan af hendi löggjafans. Ég tel, að full ástæða sé til, að hv. Alþ. taki öll þessi mál til endurskoðunar, m. a. lög um happdrætti DAS, og að gerð sé einhver áætlun um framkvæmdir eitthvert tímabil fram í tímann, t. d. 5 ára tímabil, og þá hvernig skuli afla fjár til framkvæmda að öðru leyti en því, sem tekjur af þessu happdrætti mundu hrökkva til. Byggingarsjóður aldraðs fólks er þess ekki umkominn að gera stóra hluti, nema þá að tekjur hans séu auknar með einhverjum hætti, og ef hv. alþm. geta bent á leiðir til þess, mun ég vera fús til þess að styðja það mál einnig.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég efast ekki um, að góður tilgangur liggur að baki flutningi þessa frv. um breyt. á l. um byggingarsjóð aldraðs fólks. Flm. báðir, hv. 10. þm. Reykv. og hv. 9. landsk. þm., eru áhugamenn um málefni aldraðs fólks og forsvarsmenn stofnana, sem vinna ómetanleg líknarstörf í þágu aldraðra. Á ég þar við Hrafnistu, dvalarheimili aldraðra sjómanna í Reykjavík, og elliheimilin á Akureyri og í Skjaldarvík. Eiga báðir hv. flm. þakkir skilið fyrir áhuga sinn og ósérplægni í sambandi við málefni aldraðs fólks og þeirra stofnana, sem þeir bera fyrir brjósti. Einnig hafa fleiri hv. þm. látið þetta mál til sín taka hér í hv. þd., og minnist ég þá einkum tveggja þm. Vesturl., hv. 3. þm. Vesturl. og hv. þm. Ásgeirs Péturssonar, sem hér átti þingsetu um skeið. Stendur líkt á um þá og hv. flm., að þeir eru fyrirsvarsmenn elliheimilisbyggingar í byggðarlagi sínu og eiga í nokkrum fjárhagsörðugleikum af þeim sökum, að ég hygg, sem ekki er ótítt á þessum síðustu þrengingartímum. Allir virðast þessir hv. þm. sammála um, að lausn á fjárhagsvandamálum elliheimilanna kunni að leynast í því að gerbylta l. um byggingarsjóð aldraðs fólks frá 1963, þ. e. að jafnt skuli lána úr sjóði þessum til elliheimila sem til hentugra einkaíbúða aldraðra, sem ákvæði l. fjalla nú um. Þetta er nefnt að víkka út starfssvið sjóðsins og að tryggja hagkvæma nýtingu þess fjár, sem sjóðurinn kann að hafa til ráðstöfunar til útlána. Það er hverju orði sannara, að verið er að víkka út starfssvið sjóðsins með þeirri breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir.

Útvíkkunin á starfssviði sjóðsins er svo mikil, að kalla má fullkomna byltingu á markmiði hans. Það er bókstaflega verið að fletja sjóðinn út. Grg. hv. flm. fyrir frv. hefst með þessum orðum:

„Með l. um Byggingarsjóð aldraðs fólks var stefnt að því að koma á fót sjóði, sem lánað gæti til byggingar hentugra íbúða fyrir aldrað fólk. Var m. a. haft í huga, að með byggingu slíkra íbúða yrði gamla fólkið síður slitið úr tengslum við það umhverfi, sem það hefði lifað og starfað í meginhluta starfsævi sinnar." Og enn fremur segja flm. í grg.: „Er óhætt að fullyrða, að með setningu laga þessara hafi verið stigið stórt spor fram á við, til mótunar nútímalegri þjónustu en áður þekktist hér á landi fyrir aldrað fólk."

Þannig mæla flm. í upphafi grg. sinnar og þessi tilvitnuðu orð lýsa kjarna málsins svo, að tæpast verður betur gert. Það er tilgangur l. um Byggingarsjóð aldraðs fólks, að hann geti lánað til byggingar hentugra íbúða fyrir aldrað fólk og þá er átt við einkaíbúðir, en ekki stórt dvalarheimili. Með því að samþykkja frv. óbreytt, eins og það liggur fyrir, er verið að gjörbreyta markmiði l., og það þarf sterk rök til þess að sannfæra mig um nauðsyn þess að gera slíka breytingu nú, áður en byggingarsjóðurinn er yfirleitt tekinn til starfa og áður en nokkur tilraun hefur verið gerð til þess að láta l. ná tilgangi sínum, því að það er upplýst, að sjóðurinn hefur engin lán veitt og sjóðsupphæðin mun nú í hæsta lagi nema 7 millj. kr., sem verður að teljast lítið fé og ekki til þeirra skipta, sem hv. flm. ætlast til. Ég er því andvígur þessu frv. Ég álít, að hv. þd. eigi ekki að samþ. frv. óbreytt. Ég vil, að l. haldi megintilgangi sínum um það, að Byggingarsjóður aldraðs fólks láni fyrst og fremst til einkaíbúða. Það er þörf fyrir slíka starfsemi og henni var komið á með l. frá 1963 og það er óþurftarverk að gera þessa starfsemi að engu með vanhugsaðri lagabreytingu.

Ég skil hins vegar, hvað vakir fyrir hv. flm., þó að þeir hafi verið seinheppnir í vali sínu á úrbótaleið. Ég efast ekki um, að þeim gengur gott til. En þess verður samt að krefjast, að þeir geri sér fulla grein fyrir, hvað þeir eru að gera. Það eru allir hv. þdm. sammála um nauðsyn þess, að stórátök þarf að gera til þess að leysa húsnæðismál aldraðs fólks, en við megum ekki einblína á eina aðferð öðrum fremur til þess að leysa þessi mál. Tvær meginstefnur eru uppi um það, hvernig leysa eigi þessi mál. Önnur mætti kallast elliheimilisstefnan, en hin einkaíbúðastefnan. Ég ætla ekki að útskýra þessar tvær stefnur mjög náið, enda vita flestir, hvað við er átt. Ég er þeirrar skoðunar, að hið opinbera og ekki síst Alþ. eigi að gera báðum þessum stefnum jafnhátt undir höfði og stuðla að framgangi þeirra beggja, því að báðar eiga jafnan rétt á sér. Verður tæpast sagt, að ein sé út af fyrir sig annarri betri, heldur hefur hvor til síns ágætis nokkuð.

Svo virðist sem elliheimilisstefnan, sú stefna að reisa stór elliheimili, þar sem sjúkum og heilbrigðum er oft smalað saman í risastór húsagímöld og rangalabyggingar, sem ekki virðast eiga sér neinn endi, — þessi stefna hefur af einhverjum ástæðum átt meira fylgi að fagna meðal okkar alkunnu dugnaðarmanna, sem láta sig varða málefni aldraðs fólks öðrum fremur. Margir af þessum mönnum virðast varla sjá aðra möguleika í sambandi við húsnæðis- og velferðarmál aldraðs fólks en að reisa stærri og stærri og fleiri og fleiri elliheimili. Það má vera, að með vörunum játi þeir gildi einkaíbúðarstefnunnar, en í reynd og í framkvæmd hika þeir ekki við að gera sem minnst úr henni. Eða hvað á að segja um þetta frv? Þetta frv. er rothögg á þá hugmynd að leysa húsnæðismál aldraðra á þann hátt, að aldrað fólk geti búið í eigin íbúðum eða út af fyrir sig, séð um sig sjálft, ef það vill það og ef það getur það. Það er rothögg á þá hugmynd, sem felst í lögum um Byggingarsjóð aldraðs fólks. Lögin um Byggingarsjóð aldraðs fólks eru stuðningur við það, sem ég vil kalla einkaíbúðarstefnuna, og það er sá eini opinberi stuðningur, sem þessi stefna nýtur að lögum. Ég sé ekki, hvaða rök mæla með því að gera þennan stuðning svo til að engu. Ég fæ ekki skilið, að nauðsyn beri til þess að ónýta þá viðurkenningu Alþ., sem felst í l. um Byggingarsjóð aldraðs fólks og það áður en sjóðurinn er tekinn til starfa samkv. tilgangi sínum. Fjárþörf elliheimilanna verður því að leysa með öðrum hætti en þeim að seilast til þess fjár, sem ætlað er annað markmið. Hér er gripið til svo „billegrar lausnar", að ekki er ástæða til að samþykkja hana athugasemdalaust.

Það er reynt að gylla þetta mál með því, að verið sé að dreifa fjármagni út um landsbyggðina á þennan hátt. Einkum er verið að skjóta því til okkar, fulltrúa landsbyggðarinnar utan Reykjavíkur, að við eigum að samþykkja þetta frv., vegna þess að með því sé verið að tryggja fjármagn til elliheimila úti um land. Ég er ekki ýkja ginnkeyptur fyrir, þess háttar málflutningi, enda er hann ekki sérlega merkilegur. Ég sé ekki, að nein ástæða sé til þess að fremja gustukaverk af þessu tagi í þágu landsbyggðarinnar. Það er hægt að veita fé til elliheimila úti um land án þess að viðhafa fjármálakúnstir á borð við þær, sem hér er lagt til.

Það er ekki meiri ástæða til þess að ganga í skrokk á þessum fátæka sjóði, sem ætlaður er ákveðinn tilgangur, heldur en einhverjum öðrum sjóði eða sjóðum, sem hafa yfir fé að ráða. Það, sem á að gera og að á að vinna, er að stofna sérstakan byggingarsjóð elliheimila í landinu, það er brýn þörf fyrir slíkan sjóð. Ríkisstj. ætti að beita sér fyrir stofnun slíks sjóðs, og forstöðumenn og fyrirsvarsmenn elliheimila ættu að ýta á eftir ríkisstj. um myndun slíks sjóðs. Í því sambandi vil ég leyfa mér að minna á eitt atriði. Eins og kunnugt er, gilda sérstök l. um happdrætti DAS. Í 3. gr. þessara l., eins og hún er nú, eftir breytingu, sem á þeim lið var gerð 20. apríl 1963, segir, að happdrættisheimildin gildi til 1974, eða einkaleyfið, og að 60% af ágóðanum skuli renna til dvalarheimilis aldraðra

sjómanna, og þá er vafalaust átt við Hrafnistu í Reykjavík, en jafnframt er ákvæði í gr. sem þannig hljóðar orðrétt, sem leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt skal þó stjórn DAS að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks."

Hvað þýðir nú þetta ákvæði? Ég vil sérstaklega beina því til hv. 10. þm. Reykv., hvað hann vilji um þetta ákvæði segja. Ekki er ég í neinum vafa um skilning á þessu ákvæði. Ég átti sæti á þingi, þegar þetta ákvæði var sett í lög, og ég þykist muna það rétt, að þá var sá skilningur lagður í þetta ákvæði, að nota skyldi gróðann af happdrætti DAS til þess m. a. að byggja upp elliheimili úti um land, og ég tel, að það sé siðferðileg skylda að nota þennan rétt og nota hann ríflega, því að það stendur svo á víða úti um landið, að verið er að byggja upp elliheimili, og þarna eru möguleikar til þess að fá lánsfé, ef rétt er að staðið. Nú má vel vera, að þessi heimild hafi eitthvað verið notuð, en hversu mikið, það veit ég ekki. Ég vil minna á þetta atriði og benda á, að menn notfæri sér þessa heimild l. um happdrætti DAS varðandi lánveitingar til elliheimila úti um land. Og þessa heimild á að nota til hins ýtrasta á meðan þörf er fyrir, og með því getur hv. 10. þm. Reykv. stuðlað að dreifingu fjármagns úti um landsbyggðina, en það virðist vera áhugamál hans um þessar mundir. Mér skilst, að hv. 10. þm. Reykv. sé í stjórn happdrættis DAS, og þar ætti hann að geta látið að sér kveða um þessi efni.

Nei, við skulum alveg gera okkur fulla greina fyrir því, að með því að samþykkja þetta frv. óbreytt erum við að breyta l. í grundvallaratriðum, þetta er prinsípmál. Það er spurning um það, hvort við viljum hrinda í framkvæmd þeim hugmyndum, sem áttu miklu fylgi að fagna á Alþ. fyrir 5 árum, um að taka upp nýja stefnu í lausn húsnæðismála aldraðs fólks, þ. e. þá stefnu, að aldrað fólk geti sem lengst og við sem bezt kjör búið á einkaheimilum sínum í stað þess að þurfa að fara á elliheimili. Ég vil endurtaka það, að ég efast ekki um góðan tilgang flm. með frv. Frv. er eigi að síður vandræðamál, og ég verð að álíta, að hv. flm. hafi ekki áttað sig nægilega á, til hvers það leiðir, a. m. k. er það víst, að þeir hafa ekki höndlað allan sannleikann í þessu máli.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur gert nokkra tilraun til þess að sníða hvössustu agnúana af frv. með flutningi tveggja brtt. Fyrri brtt. var til umræðu s. l. mánudag og ég verð að segja það, að ég bjóst þá við, að hv. flm. mundu taka henni vel, vegna þess að hún er skynsamleg málamiðlun milli þeirra andstæðu skoðana, sem greinilega eru uppi í málinu. Hv. flm. virðast misskilja till. Þeir segja, að hún breyti öllu málinu, miðað við það, sem þeir vilja. Þetta er ekki rétt. Brtt. á þskj. 418 felur ekki í sér bann við því að lánað sé til elliheimila, hún telur ekki í sér bann við því, og með því fá flm. frv. í raun og veru sitt mál fram. Hins vegar felur brtt. á þskj. 418 það í sér, að lánveitingar til einstakra íbúða skuli sitja fyrir lánveitingum til dvalarheimila, ef sjóðurinn getur ekki fullnægt eftirspurn eftir lánum. Þetta er sanngjarnt og eðlilegt, miðað við málavexti. Hér er farinn millivegur, hér er leitazt við að halda upphaflegu markmiði l. nokkurn veginn, þótt starfssvið sjóðsins sé víkkað út með því að ákveða að lána megi til dvalarheimila einnig. Ég er sannfærður um, að hv. flm. átta sig á þessu, þegar þeir aðgæta málið nánar. Ég gæti fellt mig við frv., ef þessi till. hv. 5. þm. Norðurl. e. yrði samþ., og þó gæti ég enn betur sætt mig við frv., ef síðari brtt. hv. 5. þm. Norðurl. e. yrði samþ., sú till., sem lýtur að því, að landsbyggðinni utan Reykjavíkur sé tryggður lögákveðinn hluti af ráðstöfunarfé byggingarsjóðs.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri að sinni og læt máli mínu lokið.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Á dauða mínum átti ég von, frekar en þessum ósköpum frá þessum tveimur þm. Norðurl. e., og ég hef nú skuggalegan grun um, að það, sem valdi þessum miklu látum þessara hv. tveggja þm. Framsfl., sem mér út af fyrir sig koma nokkuð á óvart, sé val mitt á meðflm. að þessu frv. En það er nú mál, sem þeir hljóta þá að gera upp á milli sín heima í héraði.

Vegna ummæla hv. fyrri ræðumanns, sem hér talaði um það, að ég hefði komið hér fram af nokkru yfirlæti, þegar ég talaði fyrir þessu máli, þá vil ég nú mótmæla því, að yfirlæti þetta hafi stafað af einhverri innri sköpun minni, heldur af hinu, að ég dáist að því, sem þessi sjómannasamtök hér í Reykjavík og Hafnarfirði hafa gert á undanförnum áratugum. Þótt ég sé þar í stjórn núna, þá er það ekki vegna þess, heldur hins vegar vegna þeirra forgöngumanna og baráttumanna, sem mótuðu þetta starf og unnu að því. Það voru ekki menn eingöngu úr mínum flokki. Þetta voru menn úr öllum pólitískum flokkum, og kannske er ég hreyknastur af þessu starfi vegna þess, að þarna gátu þeir sameinazt, án þess að nokkurn tíma kæmi inn á þeirra svið pólitískur ágreiningur. Þeir voru sammála um að snúa sér að þessu menningar- og mannúðarmáli, sem ég held, að hvorugur þessara síðustu tveggja ræðumanna vilji mótmæla, að það sé. Við getum kannske tekið þá til samanburðar. Ef þessir hv. þm. álíta, að við höfum eitthvert yfirlæti í frammi, þegar við tölum um það, að á þessum rúma áratug hafi tekizt að byggja upp þetta heimili, sem nú er stærsta elliheimili landsins, ef okkur leyfist að sýna eitthvert yfirlæti, þá vil ég líka benda þessum hv. þm. á það, að þeir geta líka fyrir hönd sinna samtaka haft nokkurt yfirlæti í frammi, þeir hafa byggt stærsta hótel landsins ásamt stéttarbræðrum sínum, sem m. a. selur okkur eingöngu brennivín, meðan við reynum að hýsa aldrað fólk alls staðar að af landinu, og má kannske vera, að hann meti það á sama hátt og okkar starf, en hann um það.

Það hefur komið fram viss misskilningur hjá báðum þessum mönnum í sambandi við þetta mál. Og sízt vildi ég verða til þess að fara að stofna til umr., þótt sumt af því, sem þessir tveir síðustu

ræðumenn hv. létu falla um þetta mál, hefði kannske gefið tilefni til þess, það ætla ég ekki að gera. Og eins og ég tók fram hér við 2. umr., má það kannske hlægilegt heita, að ég skuli standa fyrir því sem þm. Reykv. að benda á þennan tekjumöguleika fyrir staði úti um land, sem eru ekki aðeins sólgnir í slíkan styrk, sem þeir ættu að geta fengið, ef þetta frv. yrði samþ., heldur og þurfa nauðsynlega á honum að halda, auk t.d. annars styrks, sem ég kalla, þó að það sé í lánsformi, sem þeir gætu fengið, a. m. k. á sumum stöðum, sem ég líka benti á hér, en sem þeir geta ekki fengið að öllu óbreyttu. Hins vegar höfum við hér í Reykjavík t. d. notið lánsmöguleika, eins og ég tók fram fyrr í sambandi við umr. um þetta mál, frá lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum, sem hefur lánað nú í það heila nærri hálfan annan tug millj. kr. til byggingar Hrafnistu, sem við enn þá skuldum í um 12—14 millj. Ég hef ekki alveg þær tölur í hendi, en þetta er m. a. svar til seinni ræðumannsins, sem hér talaði með miklum digurbarkalegheitum um það, að við ættum að geta farið að koma með mikla styrki af því fé, sem við höfum til ráðstöfunar. Og þegar ég tala um okkur, þá er ég að tala f. h. þessara sjómannafélaga í Reykjavík og Hafnarfirði, sem hafa byggt og rekið þetta heimili. Þegar þetta hefur verið byggt, hefur verið leitazt við að byggja það sem hraðast, til þess að við gætum komið því á þann grundvöll, að rekstrarmöguleikarnir væru undir einhverju skynsemismarki, en ekki vera með þetta í byggingu áratugum saman, án þess að komast að því marki, sem stefnt er að og áætlað í byrjun, sem er það, að heimilið geti staðið undir sér, en á það stig er þetta heimili kannske að komast núna. En ég veit, að það yrði ákaflega erfitt fyrir suma þm. að skilja þetta atriði, að einhver rekstur yrði að bera sig, það sé bara sjálfsagt að ná í fé einhvers staðar annars staðar frá, hvaðan sem það svo kemur, og nóg sé að vaða út í einhverja fjárfestingarvitleysu, án þess að hafa nokkurn grundvöll undir rekstri. Ég er ekki á þeirri skoðun.

Fyrri ræðumaður, sem mótmælti þessu frv. hér í þessum umr. nú um leið og hann mælti með brtt. sinni, hv. 5. þm. Norðurl. e., minntist m. a. nokkuð á þær hugmyndir, sem ég hafði reifað um skipan þessara mála. Það má vel vera, að það sé allt saman markleysa, sem ég segi um þessi mál, og ég veit, að þessi hv. þm. hefur sjálfsagt vit á þessu, eins og öllu öðru, sem hann ræðir um. Það vitum við orðið hér í þessari hv. d., að þessi hv. þm. hefur, og sjálfum bregður mér ekkert við að hlusta á það, að hann hafi líka manna bezt vit á þessum málum. Ég er samt sem áður ekki aðeins að koma hér fram með mína skoðun, ég er að koma fram hér með skoðanir, sem hafa verið mótaðar af þeim aðilum, sem hafa gert manna mest í því á Íslandi á undanförnum áratugum að sjá um þessa þörf aldraða fólksins, og þeir vita að mínu áliti nokkuð, hvað þeir eru að segja. Það má vel vera, að þeir þarna, — ég þori nú ekki að fara með þann stað, þar sem hv. þm. býr, því að hv. þm. ber nú ekki saman um, hvað það heitir — ég veit ekki, hvaða skoðanir menn hafa á þessu í heimasveit hv. þm. Hins vegar veit ég það, að flokksbræður hans hér á þingi, þeir eru ekki á sömu skoðun og hann, alls ekki, eins og t. d. kom fram í ræðu hv. 3. þm. Vesturl. Hann skilur vel, hvað hér er á ferðinni. Ég hef margtekið fram í þeim umr., sem hafa orðið um þetta mál, að auðvitað er það æskilegast fyrir okkur, að við getum búið þannig að gamla fólkinu, að þegar það hverfur úr því umhverfi, sem það hefur starfað og lifað í, getum við búið því annað húsnæði í því sama umhverfi, og lög um Byggingarsjóð aldraðs fólks hafa einmitt mótað þá stefnu, sem ég álít, að við eigum að fylgja. Ég er alveg fylgjandi þeim enn þá, enn þann dag í dag. En þeir menn, sem halda strítt í það, að þau lög eigi að blífa eins og þau voru sett á sínum tíma, verða jafnframt að athuga, hvað á að gera við þetta gamla fólk, þegar það getur ekki verið í þessum sérstöku íbúðum. Hvert á það að fara þá? Á það að fara í fyrri íbúðir aftur, eða eigum við bara að henda því út á hauga? Nei, það er þörfin, eins og ég sagði, hún er það mikil fyrir elliheimili í dag á Íslandi og það er þess vegna, sem við erum að leggja til, að þetta fé verði tekið til þess að hjálpa ákveðnum stöðum, sem þegar hafa t. d. sent umsóknir til þessa sjóðs, þótt ekki sé hægt að verða við þeim, vegna þess hvernig lögin eru orðuð. Það er ekki reiknað með að fari nema 20% til heildarbyggingarkostnaðar viðkomandi dvalarheimila, sem lánin eru veitt til, en að það yrði sem sagt hjálpin til þeirra, sem gerði kleift að koma fyrir þessu stigi, sem vantar, áður en kemur að sjúkrahúsinu.

Við getum verið fínir í orðræðum og talað um velferðarríki og annað slíkt, og ég er ekki í nokkrum vafa, að m. a. það ástand, sem ríkti hér í þjóðarbúinu á þeim tíma, þegar þessi lög voru sett, hefur nokkru ráðið um það, hvernig þau voru orðuð. Hins vegar bendi ég á það, að við höfum nokkra reynslu af því og þekkingu hér í sjómannasamtökunum í Reykjavík og Hafnarfirði, og við vissum hvað við sögðum, þegar við lögðum til hið gagnstæða, þótt svo mþn. Alþingis og Alþ. ákvæði annað á seinna stigi. Við vissum um þörfina, og ég held, að það sé ekki nokkur maður, sem ber á móti því í dag, að þörfin fyrir stig, sem kemur á eftir þessum íbúðum, er miklu meiri en fyrir þessar einstöku íbúðir. Alveg sama, hvað þessir tveir hv. þm. tala fagurlega, þegar þeir eru að mótmæla þessu frv. og ég álít líka, að ræðuhöld þeirra séu mikið mótuð af því, hverjir séu flm. en ekki af málefninu, og eru þeir þar mjög ólíkir þeim ræðumönnum, sem tóku til máls við 1. umr. málsins, þeim þm., sem ég vitnaði til áðan, m. a. hv. 3. þm. Vesturl. og t. d. hv. 4. þm. Austf., sem lýsti því yfir þá við 1. umr. málsins, að hann mundi ásamt þingflokki Alþ. styðja þetta mál.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. talaði um, að við værum hér með billega lausn á vandamáli. Ég skal fúslega viðurkenna, að það kemur ekki mikið fé úr þessum

sjóði. Hins vegar er ekki ætlazt til, að lánað verði meira en 20% eða megi lána meira en 20% af byggingarkostnaði viðkomandi dvalarheimilis. Ég sé fram á, þrátt fyrir þau takmörkuðu fjárráð, sem þessi sjóður hefur, og af kostnaðarreikningum, sem við höfum hér í Reykjavík um byggingu slíkra heimila, að þetta muni geta hjálpað — ef við hugsum um 20% — 3—4 stöðum á næstu 3—4 árum úti um land, og ef þeir verða, við skulum segja 1 eða 2 á Vesturlandi og 1 eða 2 á Norðurlandi eða Austurlandi, hvar sem það verður ákveðið, þegar að því kemur, þá veit ég það, að þessi hjálp, sem þeir geta fengið, verður gífurlega mikil.

Það er rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði, að happdrætti DAS hefur heimild til þessara lána og styrkja af sínum 60% hluta til slíkra heimila. Og ég geri ráð fyrir því, að í ár verði farið út í það að nokkru leyti. Við höfum gert það nú þegar á annað ár gagnvart Akranesi, en þeir hafa þar fengið arkitekt, sem hefur starfað hér í Reykjavík á vegum Hrafnistu, þeir hafa notið starfa hans án þess að greiða fyrir þau. Við höfum hins vegar ekki getað lagt fram fé beint, einfaldlega vegna þess, að við höfum hleypt okkur í skuldir til þess að koma heimilinu á þann grundvöll, að það geti staðið undir sér sjálft, og skuldum nú, að mig minnir, tæpar 13 millj. kr. í þessum byggingum, sem ég vil líka leyfa mér að fullyrða, að önnur samtök hefðu ekki getað fengið að láni, einfaldlega vegna þess, að þessi sjóður, sem leitað er til, er í eigu sjómannanna sjálfra, og sú stjórn, sem þar réði, féllst á þá skoðun okkar, að við værum að byggja yfir aldraða sjómenn. En þegar lengra er leitað, er það svo skrýtið hér á Íslandi, að 90% Íslendinga virðast vera gamlir sjómenn, þótt ég viti, að þessir tveir hv. þm., sem tala í þessu máli, séu það ekki, og má vera, að skoðanir þeirra séu komnar fram vegna þess, en ég vil líka benda þessum tveimur hv. þm. á það, að form. þessarar sjóðstjórnar er núverandi form. Framsfl.

Ég sé kannske ekki ástæðu til þess að vera að orðlengja mikið um þetta, en vegna brtt. vil ég taka það fram, sem ég sagði hér á fyrra stigi, og það er þetta: Persónulega hef ég ekkert á móti því, að það verði bundið, ekki aðeins ¾ af þessum 40% verði bundið til framkvæmda úti um land, þetta hefur alltaf verið ætlun þeirra, sem að þessu stóðu, að þetta fé, sem þangað ætti að fara, yrði notað þar. Og það verður notað þar, og það verður meira notað, það verður líka notaður hluti af þeim 60%, sem hér hafa verið til ráðstöfunar í Reykjavík.

Ég er samþykkur því, sem kom fram hjá frsm. hv. heilbr.- og félmn., að gera þurfi einhverja áætlun á þessu sviði. Það þurfi að skipuleggja framkvæmdirnar. Það eiga ekki öll sveitarfélög, allir kaupstaðir, að vaða út í þetta öðruvísi en hafa einhverja áætlanagerð í sambandi við byggingu slíkra heimila Við höfum ekki, ég og meðflm. minn, gert till. um breyt. á stjórn byggingarsjóðsins. Það má kannske segja sem svo, að það væri eðlilegt, að þetta yrði undir stjórn þeirra aðila, sem fara með spítalamál í landinu. Við höfum hins vegar ekki gert till. um það. Og ég tek það fram, að þeir frá stjórn happdrættis DAS, sem hafa tillögurétt um lán í sambandi við þennan sjóð, eru þangað komnir vegna þeirra ákvæða, að happdrætti dvalarheimilisins hafi heimild til þess að styrkja og lána af þeim 60% sem þeir hafa til umráða. Ég mundi álíta að þetta væri einmitt skynsamlegt og það væri hægt að taka þetta upp á víðtækari grundvelli til þess að það gætu fleiri aðilar sameinazt um það að nýta þetta fjármagn betur heldur en kannske hefur verið gert til þessa.

En það, sem fær mig til að vera á móti brtt. hv. 5. þm. Norðurl. e., er það, eins og ég tók hér fram við fyrri umr., að þótt það verði aldrei sótt í þessi 40% hér frá Reykjavík, getur komið til, að þeir staðir úti um land, sem standa í slíkum framkvæmdum, sæki ekki í stóran hluta af 60%, sem eiga að falla hérna til Suðvesturlandsins, að mér finnst eiginlega bindandi samkv. hans till. Ég vil meina það, að ef þarf að gera stórt átak á einum stað til þess að ljúka einhverri framkvæmd, eigi ekki að vera að hika við það að nota allan hlutann til þess að ljúka þessari framkvæmd. Það eigi ekkert að vera að binda þetta til ákveðinna staða og skera þetta niður og gera þetta að ekki neinu á hverjum stað, heldur eigi að nota þetta takmarkaða fé, vissulega takmarkaða fé, til þess að gera þá stórátak á þeim stað, sem verður fyrir valinu að vandlega yfirveguðu ráði. Og ég held, að þegar hv. þm. fara að athuga þennan þátt í málinu, hljóti þeir að vera á sömu skoðun. Um hitt skal ég fullvissa hv. þm., sem um þetta töluðu, að það er enginn vilji, miklu frekar hið gagnstæða hjá þeim, sem fara með 60% tekna happdrættis DAS hér í Reykjavík og hér á Suðurnesjum, það er enginn vilji til þess að ásælast neitt af þeim afgangi af tekjunum, sem verður til ráðstöfunar hjá Byggingarsjóði aldraðs fólks. Samt sem áður eru þessi hin sömu samtök þau fyrstu hér á Íslandi, sem móta þá skoðun fyrir yfir 20 árum, að það eigi að byggja einstakar íbúðir yfir aldrað fólk, og það er í þeirri áætlun, sem nú er unnið að Hrafnistu í Reykjavík og er næsta framkvæmd og síðasta á þeirri lóð, sem þar er til ráðstöfunar fyrir þessi samtök. En það er síðast farið í þessa framkvæmd vegna þess, að þeir, sem stóðu að þessum málum og hafa unnið að þeim á undanförnum árum, vita, að þörfin var mest á hinu sviðinu. Hún var meiri fyrir það að eiga heimili fyrir alla þá einstaklinga og jafnvel öldruð hjón, sem ekki geta séð sjálfum sér farborða víðs vegar um land. Ég hef líka tekið það fram, að á þessu heimili, eins og reyndar líka elliheimilinu Grund hér í Reykjavík, er ekkert farið í manngreinarálit um það, hvaðan viðkomandi persóna sé, og það hefur líka komið fram í þessum umr., að það sama gildir á Akureyri. Það er ekki farið eftir því, heldur eftir þörfinni, og ég álít það, að þessir tveir þm., sem hér hafa talað og mælt með þessari brtt., ættu að sjá sóma sinn í því að draga hana til baka og fylgja frv. óbreyttu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar frv. þetta var hér til 1. umr., hlaut það mjög góðar viðtökur. Ég mælti hér með samþykkt þessa frv. fyrir hönd okkar Alþb.-manna og fulltrúi Framsfl., sem hér talaði, mælti einnig eindregið með samþykkt frv., en flm. að frv. voru einn maður úr Sjálfstfl. og annar úr Alþfl., svo að það leit nú eiginlega mjög vel út fyrir þessu frv. hér í upphafi málsins. En nú hafa spunnizt hér allmiklar og að mínum dómi mjög einkennilegar umr. um málið, og hafa menn þá blandað inn í þetta í rauninni furðulegustu efnum miðað við það, hvað hér er raunverulega um að ræða. Það, sem liggur fyrir, er þetta, að um alllangan tíma hefur verið starfandi happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Tekjur af þessu happdrætti hafa runnið til byggingarstarfsemi hér í Reykjavík til þess að koma hér upp allmiklu elliheimili eða dvalarheimili, og þó að þar sé um að ræða dvalarheimili fyrir aldraða sjómenn, vitum við, að það er í framkvæmd, enda viðurkennt af öllum sem almennt dvalarheimili, þar sem ekki er hægt að draga neina skýra línu þar á milli, hvort sá aldraði er beinlínis gamall sjómaður eða um annað aldrað fólk er að ræða. Nú fyrir nokkrum árum gerist svo það, að það þykir ástæða til þess að ákveða að taka 40% af árlegum tekjum þessa happdrættis og mynda með þeim sérstakan sjóð, Byggingarsjóð aldraðs fólks, og var þá ætlunin að nota þetta fé til þess að koma upp sérbyggðum íbúðum fyrir aldrað fólk. Það er enginn vafi á því, að þegar þetta var lagt til, litu menn nokkuð misjöfnum augum á það, hversu þetta yrði auðvelt í framkvæmd, og kom það hér þegar fram þá á Alþ., þegar þetta var samþ. Reynslan hefur síðan sýnt það, að þetta er svo erfitt í framkvæmd, að það hefur ekkert verið notað enn þá af þessum 40%, sem leggjast í sjóðinn, og að dómi þeirra, sem bezt þekkja til, er talið, að helzt geti verið um það að ræða, að tveir staðir á landinu, og þó vafasamt um annan þeirra, geti notfært sér þessi lagaákvæði, þ. e. a. s. Reykjavíkurborg og jafnvel Akureyrarbær. En það er nokkurn veginn augljóst mál, að aðrir staðir á landinu hafa ekki tök á því og munu ekki treysta sér í sambandi við það að leysa þessi vandamál gamla fólksins, munu ekki treysta sér til þess að fara út í byggingu sérbyggðra íbúða fyrir gamalt fólk. Og auðvitað vita allir, að gamla fólkið sjálft fer ekki að ráðast í byggingar, jafnvel þó að um nokkurn stuðning væri að ræða, úr því að það er komið á gamalsaldur.

Það liggur líka fyrir upplýst, að eini aðilinn, sem hefur sótt um lán úr þessum sjóði, Byggingarsjóði aldraðs fólks, þessum 40% af happdrættisfénu, er Reykjavíkurborg. Hitt hefur líka legið fyrir í langan tíma, að margir aðilar úti um land, sem eru að berjast í því að koma upp elliheimilum eða dvalarheimilum eða leysa vandamál gamla fólksins, eru í vandræðum með það að fá stofnfé til þessara framkvæmda, því að samkv. lögum ber ríkinu ekki að leggja fram neinn hluta af stofnkostnaði elliheimilis eða dvalarheimilis og sjóðir, sem lána fram stofnfé í þessu skyni, eru ekki fyrir hendi. Það hefur verið bent á það hér, að happdrætti DAS hefði út af fyrir sig heimild til þess að lána eitthvað af þessum 60%, sem eftir eru hjá happdrættinu, til elliheimilis- eða dvalarheimilisframkvæmda, hvar sem er á landinu. En það er vitað mál, að þeir, sem stjórna þessu happdrætti, telja sig vera skuldbundna framkvæmdunum hér í Reykjavík, sem eru enn á því stigi, að þar er mikið eftir ógert. Og þeir hafa bent á það, að um 70% af tekjum happdrættisins komi héðan af Reykjavíkursvæðinu, þar sem þeir standa í framkvæmdum og höfðu áður gert till. um það, að þeir fengju um 70% af þessu fé til þess að halda áfram verkefni sínu. En Alþ. hafði nú ákveðið, að þeir skyldu aðeins halda 60%, en 40% skyldu leggjast í þennan sérstaka sjóð. Framkvæmdin hefur síðan orðið sú, að þessi 60%, sem eru minna en fellur til sjóðsins héðan af Reykjavíkursvæðinu gegnum happdrættistekjurnar og minna en forustumenn þessara samtaka töldu, að þeir þyrftu að hafa, reynslan hefur svo orðið sú, að allt þetta fé gengur áfram til framkvæmdanna við Hrafnistu. En þörfin hefur eftir sem áður verið jafnmikil úti um landið og margir aðilar þar hafa verið að sækja um lán til happdrættisins í sambandi við framkvæmdir úti á landi. Þeir hafa ekki getað fengið þar neina fyrirgreiðslu. En svo koma fram till. hér á Alþ. um það að losa nokkuð um það fé, sem komið er af þessum 40% happdrættisins og eru í Byggingarsjóði aldraðs fólks og ekki er notað af þessum ástæðum, sem ég hef m. a. rakið og heimila, að jafnhliða því að nota það fé til sérbyggingar fyrir gamalt fólk, eins og l. gerðu ráð fyrir, þá megi einnig lána af því til framkvæmda í sambandi við byggingu dvalarheimila eða elliheimila.

Og þeir, sem standa að því að flytja þetta frv., gefa hér alveg hiklaust yfirlýsingu um það, að það sé þeirra ætlan, að þessu fé verði alveg sérstaklega varið til þeirra fjölmörgu staða utan Reykjavíkursvæðisins, sem nú njóta einskis af þessu fé, sem aflað er með happdrættinu, og þeir muni fyrir sitt leyti leggja það til, að þetta fé fari — að svo miklu leyti, sem það verði lánað í þessu skyni — einmitt til staða utan Reykjavíkursvæðisins, en samtökin, sem standa hér að byggingu Hrafnistu, mundu ekki fara fram á neinn hluta af þessu til sinna framkvæmda. Þá gerast þeir einkennilegu hlutir að mínum dómi, að hér koma fram í umr. tveir fulltrúar dreifbýlisins, — sem ég efast ekkert um að eru, — tveir fulltrúar Framsfl. og eru alveg á móti þessu. Þeir vilja í fyrsta lagi halda sér mjög við þá hugmynd, að þessum 40% af happdrættisfénu, sem renna í þennan byggingarsjóð aldraðs fólks, eigi að verja til sérbygginga yfir gamalt fólk, af því að það sé miklu betra, þó að reynslan sýni það, að þetta sé ekki framkvæmanlegt, nema þá ef það reynist vera framkvæmanlegt hér í Reykjavík.

Ég hlýt að lýsa undrun minni yfir þessari afstöðu, og ég trúi því varla, að afstaða þessara þm. sé sú, sem raun ber vitni um, nema vegna misskilnings

þeirra á því, hvað hér er um að ræða. Það er út af fyrir sig ósköp fallegt og gott að tala um það, að uppi séu tvær stefnur í þessum málum varðandi lausn vandamála gamla fólksins, annars vegar elliheimilisstefnan og hins vegar einkaíbúðastefnan. Segja má það eflaust, að það sé hægt að framkvæma allmikið í þessum efnum eftir þessum tveimur mismunandi stefnum, en það er enginn vafi á því, að það liggur fyrir um einkabyggingar yfir gamla fólkið, að það er mjög torvelt að standa að slíkum framkvæmdum og þær munu reynast miklum mun dýrari en sambyggingarnar og þær koma ekki að fullu gagni nema í vissum tilfellum, því að auðvitað er mjög oft um það að ræða í sambandi við gamla fólkið, að það þarf að meira eða minna leyti á sjúkrahjálp að halda eða slíkri umönnun, sem aðeins er hægt að veita því, þar sem auðvelt er að ná til læknis, sem gæti að heimilinu svo að segja frá degi til dags eða þar sem er auðveldlega hægt að hlaupa í skarðið með það að rétta gamla fólkinu hjálparhönd eftir því, hvernig á stendur fyrir því, heilsufarslega séð.

Ég segi það nákvæmlega eins og ég sagði hér í upphafi þessa máls, að ég tel, að með þessu frv. sé verið að stíga spor í rétta átt, það sé verið að rétta þeim höndina með nokkra lánsmöguleika, sem litla möguleika hafa haft. Það er ekki verið að taka alveg fyrir hugmyndina um það að fara þessa einkaíbúðastefnuleið, sem hér hefur verið kölluð. Það er leyfilegt að veita fé úr þessum sjóði til slíkra framkvæmda. Ég fyrir mitt leyti er á þeirri skoðun miðað við þessi vandamál, eins og þau liggja fyrir, að það væri miklum mun réttara að nota öll þessi 40% — þau eru ekki meira en svo — til lána til þeirra aðila, sem nú standa í framkvæmdum með byggingu dvalarheimila utan Reykjavíkursvæðisins — en það er mjög réttmætt, að það svæði fái einmitt þennan hluta af þessu fé, sem hér er um að ræða — heldur en að taka verulegan hluta af þessu og knýja það fram, að hann skuli fara í einkaíbúðabyggingar, t. d. hér í Reykjavík, til viðbótar við framkvæmdir Hrafnistu. Ég get ekki séð betur en að önnur till., sem hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, flytur hér, stefni alveg örugglega í þá átt að takmarka það, hvað af þessu fé megi lána til elliheimilaframkvæmda utan Reykjavíkursvæðisins, við það, hvað eftir verður af þessum 40%, þegar t. d. Reykjavíkurborg er búin að fá allt það til einkabygginga, sem hún sækir um.

Hin till., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. flytur, er á þskj. 448. Þar vill hann taka það fram, að ¾ hluta af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins samkv. lögum megi einungis lána til aðila utan Reykjavíkursvæðisins. Út af fyrir sig lítur þetta ekki illa út, en ég fyrir mitt leyti er á móti þessari till. líka, vegna þess að mér sýnist, að með henni sé verið eins og að slá því föstu, að það sé þetta hlutfall af þessu fé, sem hér er um að ræða, sem megi fara til svæðanna utan Reykjavíkur og ekki meira. En ef heimildin verður á þennan almenna hátt og ég tala nú ekki um, ef þeir menn, sem mestu ráða um framkvæmdir málsins, eru sama sinnis eins og hv. 10. þm. Reykv., sem er einn af forustumönnum í þessum efnum, og telja, að það sé einmitt réttmætt að nota meginhlutann af þessu fé til framkvæmda utan Reykjavíkursvæðisins, þá sé ég ekki annað en þessi till., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. flytur, sé til bölvunar fyrir þá aðila í þessum efnum, sem ég ber þarna einkum fyrir brjósti, og ég tel, að hafi farið verst út úr þessu, því að það er ekkert um það að villast, að af þessu fé, sem aflað hefur verið í þessu skyni með happdrættisframkvæmdunum, hafa um 30% komið frá svæðum utan Reykjavíkursvæðisins. En hins vegar hefur ekkert af þessu fé gengið þangað til framkvæmda. Framkvæmdirnar hafa verið hér. En með þessu frv. er einmitt verið að gera það mögulegt, að hægt sé á þann hátt, sem er í samræmi við þær framkvæmdir, sem fram fara utan Reykjavíkursvæðisins, að veita þangað nokkur lán af þessu fé.

Ég held, að ef sú skoðun væri hér almennt ríkjandi, að menn ættu að halda sér við þá hugmynd að byggja hér yfir gamla fólkið nálega einvörðungu eftir þessari einkaíbúðastefnuleið, sem hér hefur verið kölluð, yrði það svo, að framkvæmdunum miðaði ákaflega hægt áfram og þær yrðu þá varla neinar nema þá hér í aðalþéttbýlinu, einkum hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég er því í rauninni alveg undrandi yfir þeim umr., sem hér hafa farið fram um þetta, og mér sýnist, að þær bendi ekki til þess, að þeir aðilar, sem hafa hér staðið og lýst yfir andúð sinni á frv., eins og hér hefur komið fram eða flutt hér brtt. við það, að þeir tali hér raunverulega fyrir þá aðila, sem ég hélt, að þeir ætluðu sér að tala fyrir, en það eru þeir aðilar, sem búa einmitt utan Reykjavíkursvæðisins.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar, en mín afstaða til þessa frv. er óbreytt. Ég vil samþykkja þetta frv. Ég tel það spor í rétta átt. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, að hér er ekki um mikið fjármagn að ræða, en það gæti þó orðið í vissum tilfellum þannig, að það sköpuðust möguleikar til þess að fá úr þessum sjóði allt að 20% af heildarframkvæmdakostnaðinum. Ég benti á það hér við 1. umr. málsins, að það þyrfti að gera hér enn þá stærra átak en gert er í þessu frv. til þess að rétta þeim hjálparhönd, sem standa í þessum framkvæmdum, sérstaklega úti um land. En ég met það, sem hér er gert, og fagna því og því vil ég samþykkja frv. óbreytt og mun greiða atkv. á móti þeim brtt., sem fram eru komnar í málinu.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Því er stundum haldið fram, að það sé svo með hv. alþm., að þeir eigi lítið af sjálfstæðum skoðunum, heldur sé það flokkslínan, sem þeir fylgi. Ég hef aldrei verið hrifinn af þessari skoðun og er líka ljóst, að hún er byggð á algerri vanþekkingu. Þetta mál er greinilega sönnun þess, að svo er ekki, að flokkslínunni sé fylgt, því að deilt er um frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 376, um byggingarsjóð fyrir aldrað fólk og eru

það m. a. samherjar mínir, sem hafa aðra skoðun en flm. þessa frv., en ég hef lýst hér stuðningi mínum við frv.

Ég vil geta þess í sambandi við þetta mál, að þessi skoðun, sem hér er hreyft með frv. á þskj. 376 er ekkert ný hér á Alþ. Upphaflega þál. frá 1958 gerði ráð fyrir því, og þegar frv. um Byggingarsjóð aldraðs fólks var hér til meðferðar á Alþ. 1963, lýsti ég þeirri skoðun, að frv. væri allt of takmarkað. Það, sem vantaði í frv., væri möguleikarnir til þess að styðja að byggingu dvalarheimila. Og ég spurði hæstv. þáv. félmrh., Emil Jónsson, sérstaklega um það, hvort hægt væri að skilja frv., eins og það þá var, á þann veg, að dvalarheimilin gætu notið fjárhagsstuðnings af frv., sem þá var til meðferðar á hv. Alþ. Og ég lýsti því mjög ákveðið, að þarna fyndist mér skorta á, að þetta væri nógu skýrt, og þess vegna fagna ég breytingunni á lögunum með flutningi frv. á þskj. 376.

Ég vil benda á það, að Alþ. hefur áður lýst þeirri stefnu sinni, að það vildi styðja dvalarheimili, því að þann 18. apríl 1967 var afgreidd frá hv. Alþ. þáltill. um dvalarheimili fyrir aldrað fólk, sem er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga á hvern hátt hagfelldast væri að koma á samstarfi milli sveitarfélaga, sýslufélaga og ríkis um skipulega uppbyggingu á dvalarheimilum fyrir aldrað fólk víðs vegar um landið.

Í því sambandi skal m. a. haft í huga, að komið verði upp íbúðarhúsum fyrir aldrað fólk, t. d. hjón, sem ættu þess kost að fá húsnæði leigt."

Það hefur verið stefna Alþ., að þessar leiðir skyldu báðar farnar, og á síðari árum hefur einmitt hneigzt meira að því að veita meiri stuðning við dvalarheimilin en lög um Byggingarsjóð aldraðs fólks gerðu ráð fyrir. 1. flm. að þessari þáltill. í fyrra var hv. 2. þm. Sunnl., Ágúst Þorvaldsson, og fjvn. Alþ. stóð öll að málinu og Alþ. afgreiddi það samhljóða. Þess vegna er hér ekki um nýja stefnu að ræða, sem er að kollvarpa þeirri eldri. Hins vegar er verið að færa út þau lög, sem til eru um þetta, meðan verið er að skoða málið í heild, til þess að hægt sé að nota þá fjármuni, sem fyrir hendi eru og verða, til að hrinda í framkvæmd byggingum fyrir aldrað fólk á þann hátt, sem það helzt kýs. Það, sem hér er verið að gera, er það, að verið er að opna leiðina fyrir fjárhagslegan stuðning við dvalarheimili með þessum lögum, en ekki verið að hafna þeirri leið, sem í lögunum felst nú, ef áhugi og möguleikar eru til að framkvæma þá leið. En eins og kom fram hjá fyrri flm. frv., opnar þessi lagabreyting möguleikana til þess að styðja að dvalarheimilum fyrir aldrað fólk, sem mjög er þörf á.

Ég átta mig ekki alveg á þeirri andstöðu, sem fram hefur komið við þetta frv., en undirstrika það, að hér er ekki um nýja stefnu að ræða, heldur útfærslu á stefnu, sem mörkuð var með þál. 1958 og í fyrra, og nefnd er nú að vinna að heildarmálinu og getur unnið áfram, þótt þetta frv. verði samþ., sem ég vonast til. Það er aðeins verið að greiða fyrir því, að á meðan heildarskipun málsins er ekki komin í framkvæmd, sé hægt að nota þessa fjármuni til þess að koma upp þeim byggingum fyrir aldrað fólk, sem mestur möguleiki er til að koma upp nú. Og ég undirstrika það, að í hinum smærri kauptúnum og stöðum úti um landið er hvorki áhugi né möguleiki til þess að koma upp dvalarheimilum fyrir aldrað fólk nema í því formi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Því endurtek ég yfirlýsingu um stuðning minn við málið óbreytt og treysti því, að hv. þm. ljái þessu máli lið og sjái svo um, að það nái fram að ganga nú.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það situr kannske ekki á mér að vera að taka til máls aftur um þetta, og segja má, að við, sem deilum hér, munum ekki sannfærast af ræðum hvers annars. A. m. k. hef ég ekki sannfærzt af því, sem hv. þm., sem mælt hafa með frv., hafa haft um það að segja. Þeir hafa ekki breytt í neinu skoðun minni á þessu frv. og á þessum málum í heild, sem ég lýsti í ræðu minni hér áðan, sem ég vil nú leyfa mér að halda fram, að hafi verið fullkomlega málefnaleg, þó að hv. 10. þm. Reykv. hafi verið að væna okkur, sem erum hér í andstöðu við hann um málið, um að við gerum það af einhverjum persónulegum ástæðum og óvináttu við þann hv. þm., sem flytur málið með honum. Þetta er auðvitað á hreinum misskilningi byggt, ef ekki verri hvötum, því að slíkt kemur auðvitað ekki til mála. Við höfum enga ástæðu til þess að fara að agnúast þannig persónulega við hv. 9. landsk. þm., þó að hann sé pólitískur andstæðingur okkar. En ég vil minna á það enn, sem var höfuðatriði í ræðu minni, að ég vildi sýna fram á, að í sambandi við húsnæðismál aldraðs fólks eru uppi tvær meginstefnur. Það má vel vera, að sú skipting sé nokkuð gróf, þar séu fleiri, en mér virðist, að þær muni vera fyrst og fremst tvenns konar. Og ég kallaði þetta elliheimilisstefnuna og einkaíbúðastefnuna til þess að gera málið skýrara og skiljanlegra.

Nú kom það fram hér hjá hv. 4. þm. Austf., sem er einn af þeim, sem mælir með frv., að í okkar málflutningi hefðum við lagt á það einhliða áherzlu, að það skyldi byggja yfir aldrað fólk einvörðungu þannig, að það væri einkaíbúðir, sem byggðar væru. Þessu vil ég algerlega mótmæla, það er engin ástæða til þess að lesa það út úr ræðum okkar hér áðan. Við lögðum báðir, hv. 5. þm. Norðurl. e. og ég, á það áherzlu, að það yrði að gera hvort tveggja að byggja elliheimili og einnig að fara þá leið að byggja einkaíbúðir yfir aldrað fólk. Það, sem ég vil leggja áherzlu á, er það, að þetta tvennt sé haft í huga, þessar tvær stefnur séu hafðar í huga og þeim sé báðum gert jafnhátt undir höfði. Og það, sem ég var að benda á, var þetta, að ef þessum lögum verður nú breytt á þann hátt, sem hv. flm. hafa lagt til, er verið að ganga gegn þeirri stefnu, sem hér var upp tekin með l. um byggingarsjóð 1963. Það er í raun og veru að ganga gegn þeirri stefnu og láta hana þoka einhliða til hliðar fyrir því, sem ég hef kallað elliheimilisstefnuna og

virðist eiga ákaflega miklu fylgi að fagna meðal þeirra hv. þm., sem annars hafa tekið til máls um þetta hér í hv. þd., þó að ég viti hins vegar ekkert um það, hvort afstaða Alþ. hefur breytzt síðan þetta mál var hér til umr. fyrir 5 árum.

En þetta er engin uppfinning af minni hálfu eða af hálfu hv. 5. þm. Norðurl. e., þetta að leggja nokkra áherzlu á það, að byggðar séu einkaíbúðir yfir aldrað fólk. Mig langar í þessu sambandi að minna á það, að lög um Byggingarsjóð aldraðs fólks eru tilkomin á þann hátt, að árið 1959 var samþ. þáltill. um kosningu sérstakrar n. til þess að rannsaka málefni aldraðs fólks, og þessi n. skilaði síðan áliti eftir nokkur ár. Þar kom m. a. fram þetta sjónarmið, að ekki væri rétt að byggja elliheimili, stór elliheimili einvörðungu, heldur ætti að leggja mikla áherzlu á það að byggja einkaíbúðir fyrir aldrað fólk og gefa fólki kost á því að búa að sínu, svo lengi sem þess væri kostur. Og það er á þetta, sem ég hef viljað leggja mikla áherzlu í þessum umr., fyrst og fremst á þetta. Mig langar í þessu sambandi til þess að vísa hér í nál., sem birtist í þingtíðindum árið 1962—1963. Þar er m. a. í þessu nál. þessarar n., sem ég var að minnast á, kafli, sem fjallar um húsnæðismál. Og með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að lesa nokkrar setningar hér úr þessum nál. til þess að benda hv. þdm. á, að ég er ekki að búa hér til neina sérstaka kenningu og er ekki höfundur að henni, né neinn annar hv. þm., sem hér situr, heldur er það nefnd manna úr öllum flokkum, sem hefur markað þessa stefnu og lagt á hana mikla áherzlu, og ég tel ástæðu til, að henni sé haldið fram. Ég vil leyfa mér að lesa m. a., með leyfi hæstv. forseta, úr þessu nál.:

„Þegar fólk er orðið aldurhnigið og líkamsþrek tekið að þverra, þarfnast það þægilegs og notalegs húsnæðis af hæfilegri stærð, sem ekki ofbýður þreki þess. Eigi það kost á slíku húsnæði, getur það lengur séð um sig sjálft heldur en ef það verður að sætta sig við óhaganlegt húsnæði.“ Nú segir hér m. a. svo áfram: „N. leggur til, að flutt verði frv. um byggingasjóð aldraðs fólks með það fyrir augum, að hafizt verði handa um byggingu einstakra íbúða eða íbúðasamstæða fyrir aldrað fólk, en nánari grein er gerð fyrir því í grg. frv.“ Þar er átt við frv., sem n. samdi, en var síðan, að ég hygg, breytt nokkuð í meðförum rn., sem síðan lagði það fyrir Alþ. „Vill n. benda á þá staðreynd, að byggingarkostnaður hverrar smáíbúðar fyrir tvo íbúa mun nú vera álíka mikill og stofnkostnaður fyrir hvert rúm á vistheimili fyrir aldrað fólk. Ætti því tvennt að mæla mjög með byggingu slíkra íbúða: Þær yrðu ódýrari en vistheimili, og þær gerðu þeim, sem óskuðu þess, fært að búa lengur að sínu og lifa ánægjulegri elli.“

Þessar setningar sýna, hvað vakti fyrir nm. þá, og það var einmitt þetta sjónarmið, sem l. um byggingarsjóð, eins og þau nú eru, spegla, og ég tel það lítið þarfaverk að breyta þeim algerlega. Og enn fremur segir n. í áliti sínu:

„Svo sem fram kemur í því, sem fyrr er ritað, telur n. ákjósanlegt, að aldrað fólk, sem þess æskir, geti sem lengst dvalizt á eigin heimilum. Sá hópur hlýtur þó alltaf að verða allstór, sem af ýmsum ástæðum þarfnast hælisvistar.“

Og þetta er vitanlega alveg rétt. Það, sem við þurfum því að gera, er þetta tvennt, við þurfum að hafa það í huga, að það þarf að leysa þessi mál á tvennan hátt, annars vegar með því að byggja elliheimili, og hins vegar með því, sem ég hef kallað einkaíbúðastefnuna, eða þannig að leitazt sé við að byggja einkaíbúðir, litlar íbúðir fyrir aldrað fólk, eða gera fólki á annan hátt kleift að komast yfir slíkar íbúðir, þar sem það getur unað á sínu eigin heimili svo lengi sem kraftar leyfa og skilyrði eru til. Ég vil aðeins víkja að orðum hv. 4. þm. Austf., er stóð hér upp til þess að andmæla því, sem við hv. 5. þm. Norðurl. e. höfðum um þetta mál að segja, og taka undir frv., eins og það liggur fyrir. Hv. 4. þm. Austf. gerði mikið úr erfiðleikum þess að koma upp einkaíbúðum fyrir aldrað fólk og taldi, að það væri e. t. v. framkvæmanlegt í Reykjavík og líklega hvergi annars staðar. Ég er síður en svo viss um, að hann fari hér með rétt mál, vegna þess að það liggur ekkert fyrir um þetta í raun og veru. Það hefur í raun og veru lítið sem ekkert verið gert til að framkvæma þessa stefnu, eins og byggingarsjóðslögin gera ráð fyrir. Mér er t. d. ekki kunnugt um, að á Akureyri hafi neitt sérstakt verið gert af bæjaryfirvaldanna hálfu til þess að hvetja til slíkrar lausnar. Ég veit ekki til þess, og væri þó full ástæða til þess að gera það og þá mundi það sannast, ef eftir því yrði leitað, hvort þessi kenning hv. 4. þm. Austf. er rétt eða ekki. Nei, sannleikurinn er sá, að þeim hefur þótt það þægilegra yfirleitt, sem hafa staðið í þessu, af einhverjum ástæðum að halla sér að því að gera stór elliheimili, þannig að þetta eru að verða gífurlega miklar og stórar stofnanir og allt að því í sumum tilfellum óhugnanlegar stofnanir, því að að því kemur, að séð frá mannlegu sjónarmiði eru þetta mjög óæskilegir bústaðir og óhæft að kakka þarna saman gömlu fólki, sem sumt hvað býr við allgóða heilsu og svo aftur fólki, sem er sjúkt og þarf umönnunar við, en því miður er það víðast svo á þessum elliheimilum, að þessu fólki er öllu blandað meira og minna saman. Það má vera, að það sé fjárhagslega rétt að viðhalda þessu og einblína á þetta, en frá mannlegu sjónarmiði er það ekki.

Það hefur komið hér fram, að æskilegt væri að gera áætlun um þessi mál fram í tímann og gera sér grein fyrir því, hvað þurfi að gera í þessum málum, og vitanlega tek ég alveg undir það. Það er mesta nauðsyn, að það verði gert. Ég tek alveg undir það, sem hér hefur verið sagt, að það er nauðsynlegt að byggja elliheimili, það er nauðsynlegt að byggja slík elliheimili í öllum landsfjórðungum og í mörgum byggðarlögum, og þess vegna er auðvitað full ástæða til þess að slík heildarathugun fari fram og menn geri sér grein fyrir því, hvar slík elliheimili ættu að vera og hversu stór þau ættu að vera o. s. frv. Undir það vil ég taka, en ég vil þó ekki, að menn

einblíni á það, að öll þessi mál skuli leyst eftir þessari leið, því að hitt, sem sú n., sem ég minntist á áðan frá 1959, lagði til um þessi efni og lög um byggingarsjóð endurspegla, sú stefna, sem þarna kemur fram, er þess virði, að henni sé fylgt, að svo miklu leyti sem nokkur kostur er og að fullu jafnhliða elliheimilisbyggingunum.

Hv. 4. þm. Austf. hélt því fram, að það mundi verða miklu dýrara að framkvæma þá stefnu, sem ég hef kallað einkaíbúðastefnuna, en ég er ekki viss um, að svo sé, og sú n., sem um þetta fjallaði, taldi hið gagnstæða, það mundi sízt verða dýrara að byggja þannig en stór elliheimili. Mér þykir rétt, að það komi líka hér fram. En sem sagt, ég mæli með þeim till., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur flutt við þetta frv. Ég álít, að þær séu til bóta, og ég vil benda á það enn, sem ég sagði fyrr í ræðu minni, að hv. flm. ættu vel að geta unað við till., a. m. k. fyrri till., vegna þess að þar er tekið undir þeirra málflutning um, að dvalarheimilin séu láns- eða styrkhæf úr þessum sjóði, þó svo að einkaíbúðirnar hafi forgang. Á þetta vil ég benda, og ég er sannfærður um það, að hv. flm. átta sig á því, að þetta er réttur skilningur hjá mér, og það er ekki ástæða til þess fyrir þá að ganga þannig gegn þessari till.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það, sem fékk mig til þess að standa upp að þessu sinni, voru þau orð, sem síðasti ræðumaður lét falla um það, að á síðari árum — ég vona, að ég fari nokkurn veginn rétt með a. m. k. hluta af því, sem hann sagði, — að á síðari árum hefðu risið upp óhugnanlegar stofnanir, sem frá mannlegu sjónarmiði væru langt frá því að vera æskilegar. Nú er mér satt að segja ekki kunnugt um aðrar stofnanir, sem þessi þm. getur átt við, aðra en þá einu, sem hefur verið byggð hér í Reykjavík, þ. e. a. s. Dvalarheimili aldraðra sjómanna að Hrafnistu. Þetta kemur mér satt að segja á óvart, og þetta er þveröfugt við það, sem við höfum reynslu af, sem stjórnum þar daglegum rekstri, og minni ég þar aðeins á aðsókn að því heimili. Það eru fleiri hundruð umsækjendur, sem eru þar og hafa verið undanfarin ár á biðlista, og ef einn hv. þm. telur ástæðu til þess hér á Alþ. að tala um óhugnanlega stofnun, mundi ég telja ástæðu til, að þessi hv. þm. gerði frekari grein fyrir því hér á Alþ., við hvað hann á. Ég kannast ekki við þetta, ég hef ekki heyrt það. En hins vegar getur okkur greint á um það, hvort fjöldinn á að vera sá, sem þar er, eða annar. Sá fjöldi, sem þar er saman kominn nú, hefur komið þangað vegna þeirra byrjunarframkvæmda í sambandi við sameiginlega þjónustu, sem séð var fyrir strax í byrjun, og sú þjónusta hefur leyft þetta. Og vegna þess rýmis, sem hverjum einstaklingi þar er ætlað, hefur verið hægt að gera þetta, án þess að nokkuð hafi komið upp á í samskiptum manna, nema það, sem alltaf verður í svo stórum hóp, en þarna eru saman komnir um eða yfir 370 manns, svo að stofnunin er kannske mannfleiri en sum þau kauptún, sem við þekkjum til víðs vegar í kringum land. Og vissulega er þarna um mörg mannleg vandamál að ræða, sem verður að ráða fram úr hverju sinni, en samt sem áður er þarna, eins og ég segi, séð fyrir þörfum þessa fólks, frá því að það kemur inn á heimilið, og það á kost á því að vera í sínum einkaherbergjum, út af fyrir sig. Næsta stig er, að það geti verið á svokallaðri hjúkrunardeild, ef það þarf einhverja hjálp fram yfir það, sem einstaklingur, sem er í sínu einkahúsnæði, þarf á að halda, og að síðustu er þar einnig svokölluð sjúkradeild, sem tekur við þeim, sem eru rúmliggjandi vegna ellihrörnunarsjúkdóma eða af öðrum ástæðum og þar fyrir utan þarf oft og tíðum að vista marga á spítala. En ég vil mótmæla harðlega slíku málfari hér á Alþ. að vera að tala um það í þessu tilfelli, að þar sé um óhugnanlegar stofnanir að ræða.

Ég skal hins vegar viðurkenna, og ég þykist nú vita, að hv. þm. er þarna að ræða um stærð þessara stofnana. Ég skal viðurkenna það, að það hefði verið æskilegra í byrjun að hafa þessa stofnun minni og þá að við værum komnir aftur í gang hér á Reykjavíkursvæðinu að byggja aðra enn minni, til þess að það geti skapazt betra samband milli þeirra, sem þarna dvelja, og þeirra, sem við stofnunina vinna.

En í sambandi við þessa stærð vil ég líka benda á niðurstöður af þeirri framkvæmd Reykjavíkurborgar að byggja íbúðir fyrir öryrkja og aldraða við Austurbrún 6. Þeir hafa einmitt rekið sig á það í sambandi við þessar einstaklingsíbúðir, sem þeir byggðu þar, 22 íbúðir fyrir aldraða, að skv. útreikningi væri kostnaðurinn pr. íbúð, sem getur í mesta lagi hýst tvo einstaklinga, um 540 þús. kr. Þeir hafa rekið sig á þetta, og þeir hafa þess vegna t. d. leitað eftir vissu samstarfi við sjómannadagsráð hér í Reykjavík og Hafnarfirði í sambandi við næstu framkvæmdir hjá sér. Þeir vilja ekki leggja út í það að byggja eldhús, sjúkradeild og annað þess háttar hjá sér. Þeir ætla að byggja þessar íbúðir, en þeir vilja hafa þessar byggingar við hliðina á dvalarheimili, sem getur tekið við, þegar að næsta stigi kemur hjá þessum einstaklingum, sem minnka við sig og fara í einstaklingsíbúðir, geti tekið við og veitt þá þjónustu, sem þarf til, þegar þessir einstaklingar eru komnir á þann aldur og þannig staddir heilsufarslega, að þeir þurfa á meiri hjálp að halda. Þetta hafa þeir séð og einmitt vegna þess, hvernig grundvöllurinn var lagður að Dvalarheimili aldraðra sjómanna hér í Reykjavík á sínum tíma, þá verður þetta unnt. Og þarna verða í framtíðinni á þessu svæði, þessum 6 eða 7 ha. lands, ekki aðeins þær byggingar, sem nú eru þegar fyrir hendi hjá Hrafnistu, heldur einnig þær, sem eftir eru, sem eru íbúðir fyrir einstaklinga, og enn fremur íbúðir Reykjavíkurborgar, sem þeir ætla að hefjast handa um að byggja á næsta sumri, að mér er fortalið. Og þeir munu fá þá sameiginlegu þjónustu, sem þeir þurfa á að halda, frá þessu „sentrumi", sem er Hrafnista, dvalarheimilið.

Ég álít, að þetta sé þróun, sem við ættum að fylgja á ýmsum stöðum úti um land, þar sem

spítalar eru t. d. fyrir hendi eða annað slíkt. En við bara verðum að horfast í augu við það, að við höfum engin efni á því enn þá, — þó að þar sé ekki meira fé en er fyrir hendi í byggingarsjóði aldraðs fólks — að liggja með það bundið, meðan þörfin er jafnbrýn eins og hún er í sambandi við byggingu dvalarheimila og þegar við líka höfum það í huga, sem ég er margbúinn að benda á, að það losnar um svo mikið fjármagn til viðbótar, sem kemur inn í þessa starfsemi.

Ég vil benda þeim hv. andmælendum þessa frv. hér á það, sem eru úr Norðurl. e., að strax og þessar hugmyndir sjómannasamtakanna komu fram á sínum tímum, þá losnaði t. d. um fjórðung milljónar úr einum kaupstað í þeirra kjördæmi, Húsavík. Þeir hafa m. a. í sambandi við það átak, sem þeir eru að vinna núna, lagt áherzlu á það, að þeir næðu ákveðnu fé, ekki aðeins úr happdrættinu, heldur gera þeir ráð fyrir því í sinni tekjuöflun, að þeir nái 2 millj. kr. frá þessu litla kauptúni í frjálsum framlögum. Það eru félagasamtök og einstaklingar, sem eiga að standa undir þessu. Ég vil meina það, að ef slíkir aðilar geta fengið þetta litla framlag, sem mundi koma, eða þessi litlu lán úr Byggingarsjóði aldraðs fólks, þá mundi einmitt slíkur kraftur leysast og verða þessum stöðum til ómetanlegrar hjálpar í sambandi við slíkar byggingar. Við höfum þetta fyrir hendi líka á Akranesi, og reyndar kom það fram hér í fyrri umr. í sambandi við Borgarnes. Og á Akranesi eru sams konar samtök og hafa staðið fyrir byggingu Hrafnistu hér í Reykjavík löngu byrjuð að undirbúa byggingu dvalarheimilis þar.

Mér er persónulega kunnugt um það, að þeir höfðu eftir áramótin til ráðstöfunar á 2. millj. kr. í sambandi við heimilið í Borgarfirði, og það er rétt að benda á það, að í einu litlu kauptúni vestarlega á Snæfellsnesi liggja ónotaðar 500 þús. kr., sem kvenfélögin þar hafa safnað og konurnar vilja einmitt láta renna í slíkt heimili, annaðhvort þar heima, utarlega á Snæfellsnesi, eða annars staðar, þar sem viðkomandi aðilar geti átt aðgang að lækni og læknisþjónustu.

Mér finnst þetta vera eitt meginatriðið í þessu. Ég vil benda á það um leið og við horfum á það, hvað hér hefur gerzt. Við erum alltaf að tala um tekjur happdrættisins. Það eru tugir millj., sem hafa komið inn á annan hátt, í gegnum söfnunarfé og framlög einstaklinga hér í Reykjavík og Hafnarfirði, alls staðar frá, sem hafa gert þetta kraftaverk mögulegt, sem ég kalla, að það skyldi vera hægt að sameina stóran hóp stéttarfélaga, bæði yfir- og undirmanna, til þess að snúa sér að slíkum framkvæmdum. Og ég segi það hiklaust, að það mætti betur fara hjá þeim oft og tíðum. Ég hef verið óspar á að gagnrýna þau, stéttarfélögin og heildarsamtök þeirra, en ég er líka þess fullviss, að þetta verður, þó að sumir ákveðnir þm. telji, að það sé eitthvert grobb frá hendi þeirra manna, sem að þessu hafa unnið, þegar þeir benda á þessa staðreynd. Ég vil meina það bara, að það sé heiður þeirra en ekki hitt.

Það er búið að ræða mikið um þetta mál, og ég skal ekki orðlengja þessar umr. frekar, en ég vil taka undir með þeim mönnum, sem hér hafa talað í sambandi við málið eða þær brtt., sem hafa komið fram. Sú fyrri hefur ekki verið tekin til baka enn, svo að mér sé kunnugt, nema til þessarar umr. Ég er á móti þeim, og ég mundi óska eftir því, að hv. þd mundi afgreiða þetta frv. óbreytt, og ég vil undirstrika það, sem ég hef þegar lýst yfir, og ég þykist hafa nokkurn rétt til þess, vegna þess að þótt ég flytji þetta mál hér inn á Alþ., þá er ég að flytja þetta mál sem mál þeirra samtaka, sem mótuðu þá stefnu, sem fylgt er í þessu frv. Það eru sjómannafélögin í Reykjavík og Hafnarfirði, yfir- og undirmenn, sem hafa staðið fyrir byggingu DAS, Hrafnistu og það eru þeir, sem mótuðu þessa stefnu löngu áður, til þess að friða samvizku þessara tveggja hv. framsóknarþm. löngu áður en ég tók þar til starfa. Það er ekkert verið að gera annað. Það er verið að framfylgja þeirri stefnu, sem þeir mótuðu á sínum tíma, og það er ekki gert af rökleysi, heldur af þeirri þekkingu, sem þessir aðilar hafa öðlazt í byggingu og rekstri elliheimilis hér á Íslandi, og það verður ekki vilji þeirra að æskja eftir neinum hlut úr þeim 40%, sem hér er talað um. Hins vegar hefur það verið vilji þeirra að reyna að hjálpa öðrum stöðum til þess að hefja slíkar framkvæmdir, leggja til fé og starf til þess að það geti tekizt, m. a. til þess að leysa nýtt fé úr læðingi, jafnvel til þess að skapa meiri tekjur hjá happdrættinu. Það má vel vera, að svo verði, en m. a. vegna þess, að þetta er brýnt félagslegt vandamál hér á Íslandi í dag að eiga húsnæði yfir aldraða fólk, og við náum ekki því, sem við þurfum að ná á næstu árum, með því að fara út í einstakar íbúðir, verðum við að taka þetta skref fyrst að byggja dvalarheimilin. Síðan þegar okkur vex fiskur um hrygg, þá skulum við snúa okkur að hinu, sem ég tel, eins og aðrir, sem hafa talað í þeim dúr, ekki aðeins æskilegt, heldur það, sem við eigum að stefna að í framtíðinni.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það voru einhver orð, sem féllu í ræðu minni, sem virtust stinga hv. 10. þm. Reykv., líklega vegna þeirrar stofnunar, sem hann ber einkum fyrir brjósti. Ég mun hafa tekið nokkuð hvasst til orða, sagt sem svo, að það hafi risið upp heldur óhugnanlegar stofnanir hér í landinu í sambandi við elliheimili, og það, sem ég á við í þessu sambandi, er vitanlega það, hvað þessi elliheimili eru stór. Það eru takmörk fyrir því, hvað rétt er að byggja elliheimili stór, og sú stefna hefur verið allt of mikið ráðandi hér hjá okkur að byggja allt of stór dvalarheimili fyrir aldraða fólk. Það er það, sem ég kalla óhugnanlegt frá mannlegu sjónarmiði, hvað sem það kann að vera frá fjárhagslegu sjónarmiði. (**Gripið fram í:** Hvað eiga þau að vera stór?) Hv. þm. spyr, hvað sé rétt að hafa þessi elliheimili stór. Ég skal fúslega játa, að því er ég ekki maður til að svara. En hins vegar langar mig til þess, úr því að hann beinir þessari fsp. til mín, að

lesa hér úr því nál., sem ég hef áður minnzt á, örstutta setningu. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Í viðtölum við vistmenn og starfsfólk á þeim dvalarheimilum, sem n. hefur heimsótt, og með hliðsjón af ýmsum öðrum upplýsingum, telur n. æskilegast, að vistheimilin séu ekki öllu stærri en 15—20 manna.“ Ég veit ekki, hvort þetta er nægilegt svar fyrir hv. þm., en þetta er álit sérfróðra manna, sem um þetta fjölluðu fyrir nokkrum árum og lögðu till. sínar fyrir ráðh. og Alþ.

Umr. frestað.

Á 85. fundi í Nd., 29. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Stefán Valgeirsson Herra forseti. Þegar ég hlustaði á hv. 10. þm. Reykv. í gær, duttu mér í hug ljóðlínur, sem allir þekkja:

Oft má af máli þekkja
manninn, hver helzt hann er.

Ekki get ég skilið, hvað það kemur þessu máli við, hvaðan ég er eða hvort hv. 10. þm. Reykv. kann að nefna þann stað eða ekki. Fróðleikur hans um það efni mun ekki skipta miklu til eða frá, og það verður a. m. k. ekki undirstaðan undir byggingu fyrir aldrað fólk í neinni mynd. Ég vil einu sinni enn taka það fram af gefnu tilefni, og það er víst í þriðja sinn, að ég hef ekki mikla þekkingu á þessum málum og viðurkenni, að svo sé. En mér virðist nú, að það séu fleiri en ég, sem um þetta mál hafa hér talað, sem skortir allmikið á að vera sérfræðingar í þessum málum og í þeim hópi virðist hv. 1. flm. greinilega vera. Það er sitt hvað að vasast í einu og öðru eða hafa vit á því. Og enginn gefur sér vitið. Það ætti hv. þm. að vita ekki síður en aðrir.

En það, sem hefur vakið athygli mína mest í þessum umr., er það, að í ljós hefur komið, að flm., hv. 10. þm. Reykv., virðist ekki hafa skrifað þá grg., sem með frv. hans er, og ekki einu sinni lesið hana, ef dæma má af hans málflutningi í þessu máli. Það væri mikið líklegra eftir afstöðu minni, að það hefði verið einmitt ég, sem hefði skrifað grg., sem með frv. er, enda er það sannast sagna, að það var þessi grg., sem gerði það að verkum, að ég kom fram með þær brtt. við frv., sem ég hef lagt hér fram við það. Þegar ég hafði annars vegar hlustað á framsöguræðu fyrir flutningi frv. og hins vegar lesið grg., sem því fylgdi, og þannig séð mótsagnir þarna á milli, fór ég að velta öllu málinu fyrir mér og kanna það betur. Og ég verð nú að segja, að þeir, sem töluðu gegn brtt. mínum, hafa síður en svo sannfært mig um, að sú tilfinning, sem ég hef fyrir þessum málum, eigi ekki fyllsta rétt á sér. Og meira en það. Og það eru fleiri en við hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 3. þm. Norðurl. e., sem erum sömu skoðunar um þetta. Það hef ég fundið í gærkvöldi og morgun frá ýmsum, sem hafa haft samband við mig og einmitt undirstrikað það, að þeir, sem hugsa mest um mannúðarmál, séu á þessari skoðun, að það eigi að vinna að því á skipulegan hátt að koma upp íbúðum, t. d. fyrir hjón, sem geta hugsað um sig sjálf, jafnhliða sem byggt sé dvalarheimili og þess vegna sé þetta frv. spor aftur á bak, verði það samþ. óbreytt. Það hefur einnig komið fram, að að því beri að stefna, að þeir, sem séu sjúkir og örvasa, eigi ekki að vera á hinum almennu dvalarheimilum, heldur sérstökum aðskildum hjúkrunarheimilum. Það er búið að ræða þetta mál það mikið, að ég sé ekki ástæðu til þess að gera það mikið meira. Hv. 4. þm. Austf. taldi það furðulega afstöðu, að eftir að hann og einn fulltrúi frá Framsfl. höfðu lýst því yfir við 1. umr., að þeir mundu fylgja þessu frv. óbreyttu og þar sem flm. væru frá báðum stjórnarflokkunum, hefði ég samt leyft mér að koma fram með brtt. við þetta frv. Og ég held, að hv. 4. þm. Austf. hafi margsagt, að þetta fyndist honum furðuleg afstaða.

Það kann að vera, að frá hans sjónarhól sé þetta furðulegt, að einstaka þm., úr hvaða flokki sem er, hafi sjálfstæða skoðun á hverju máli, sem fyrir þingið kemur, og það kann að vera, að slíkt líðist ekki í hans flokki. Um það skortir mig alveg kunnugleika. En ef svo er, þá harma ég það mjög. Ég held, að hv. alþm. ættu að temja sér það að hafa sjálfstæða skoðun í sem flestum málum og vera ófeimnir að láta skoðanir sínar í ljós að athuguðu máli og vera ekki alveg eins og eitt atkvæði fyrir þann flokk, sem þeir tilheyra. Og þar sem ég hef að mörgu leyti töluverðar mætur á hv. 4. þm. Austf. og þetta er nú ekki alveg í samræmi við skoðanir hans, er hann lét í ljós hér í hv. þd. í vetur, þegar hann ræddi um það, að sér hefði virzt hringla í handjárnum stjórnarflokkanna, og það, sem hann sagði þá að gefnu tilefni, benti mjög til þess, að þessi hv. þm. væri því mjög andsnúinn að stjórnarflokkarnir handjárnuðu sína flokksmenn. En ef dæma má af þeim orðum, sem hv. þm. lét falla í gær, væri hægt að draga þá ályktun, að hann hefði skipt um skoðun í þessu efni, og ég endurtek það, sé svo, harma ég það. Ég tel, að hver og einn eigi að vera sjálfstæður í sínum skoðunum og afstöðu til mála og þó að e. t. v. eitt og eitt mál sé þess eðlis, að ekki sé óeðlilegt, að þau séu gerð að flokksmálum, þá eiga þau mál að vera einungis undantekning frá meginreglunni. Hver og einn sé sjálfráður um sína afstöðu til annarra mála, og þá reglu mun ég tileinka mér þann tíma, sem ég kann að verða hér á Alþ. Ég vona, að það geri sem allra flestir, og því vona ég, að mér hafi misheyrzt, þetta hafi ekki verið glamur í handjárnum.

Hv. 4. þm. Austf. sagði, að það væri komin reynsla á það, að íbúðastefnan yrði miklu fjárfrekari leið en að byggja yfir gamla fólkið í stórum dvalarheimilum. Ég held nú, að á þessu sé lítil reynsla fengin, því að ég veit ekki til, að þessi leið hafi verið neitt reynd utan þeirra fáu íbúða, sem byggðar hafa verið hér í Reykjavík og þess vegna sé um mjög lítinn samanburð að ræða í þessu efni. Á hitt má líka benda, að hér í Reykjavík er byggingarkostnaður mjög breytilegur eftir því, hver sér um hverja framkvæmd og því lítið upp úr því leggjandi sem algildan mælikvarða á slíkum

kostnaði, þó að ein framkvæmd hafi verið gerð og það mjög fáar íbúðir og það af opinberum aðila. Við slíkt er varla hægt að miða. Á hitt vil ég einnig benda, að þó að íbúðirnar yrðu eitthvað dýrari fyrir hvern einstakling, er ég ekki tilbúinn að fallast á það, að af þeim ástæðum einum komi íbúðaleiðin ekki til greina. Ég er ekkert hræddur við dóm reynslunnar, hver hann kann að verða í þessum efnum, jafnvel þótt meiri hl. og hv. d. stigi þetta spor aftur á bak með því að samþykkja þetta frv. óbreytt. Ég er búinn að heyra það hjá nógu mörgu öldruðu fólki, hver afstaða þess er í þessum málum og hjá þeim, sem hugsa og starfa að mannúðarmálum. Hvort menn marka afstöðu sína nú til þessara mála eftir því einu, að þeir eru með dvalarheimili á sínum snærum og vantar í það fjármuni, er svo annað mál, en ekki finnst mér það stórmannlegt. Hér er verið að breyta um stefnu í þessum málum, og þannig á að líta á málið. A. m. k. ætla ég að gera það.

Eitt var það, sem hv. 10. þm. Reykv. sagði í sinni ræðu, að við höfum ekki efni á að hafa bundið fé, þó að ekki sé meira en þetta. Hver leggur það til? Ekki ég a. m. k. Líklega hefur hv. þm. aldrei lesið till. mínar, eða ekki er a. m. k. hægt að merkja það, enda varla hægt að ætlast til þess, fyrst hann ekki las einu sinni sína eigin grg., sem hann lét fylgja með frv.

Umr. frestað.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil gjarnan gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Ég lít svo á í fæstum orðum sagt, að brtt. þær, sem liggja hér fyrir, séu fremur á misskilningi byggðar en á raunhæfu mati á málinu í heild. Það, sem vakir fyrir flm. brtt. og þeim öðrum, sem stutt hafa hans mál, er það fyrst og fremst að gefa mönnum kost á huggulegri og skemmtilegri aðstöðu en ella, ef íbúðirnar eða vistarverur þeirra væru tengdar dvalarheimilum. Menn getur greint á um þetta, eins og svo margt annað. En í þessu máli er í mörg horn að líta og margs að gæta. Það má vera, að verðmunur þurfi ekki að vera á íbúðum eftir því, hvort þær eru byggðar undir forminu dvalarheimili eða byggðar sem einstakar íbúðir. En líklegt er þó það, a. m. k. ef íbúðirnar væru byggðar í mjög smáum einingum, að þær yrðu þá dýrari í stofnkostnaði. Þá held ég, það fari ekki á milli mála, að þeirra þörf er sárari og brýnni, sem þannig stendur á fyrir, að þeir þurfa á aðstoð að halda, á hjúkrun að einhverju leyti eða einhverri umönnun. Þeirra þörf er áreiðanlega brýnni, sárari en hinna, sem enn geta séð sjálfum sér farborða og þurfa ekki aðhlynningar við. Þeirra möguleikar verða meiri til þess að bjarga sér. Það er eftirtektarvert, sem komið hefur fram við umr. um þetta mál, að það, sem þegar hefur verið hafizt handa um íbúðarbyggingar með hliðsjón af því að fá lán samkv. l., eins og þau hafa verið, það er formað á þann hátt, að byggðar eru 22 íbúðir í einni heild, og það er gengið út frá því, að íbúar þessa hverfis, eða hvað ég á að kalla það, geti síðan haft möguleika á því að njóta einhverrar aðhlynningar og stuðnings annars staðar frá. Ég held, að menn gangi ekki út frá því, a. m. k. ekki fyrst og fremst, að aldraða fólkið fari sjálft að byggja, enda væri það heldur óeðlilegt, að fólk, sem búið er að ljúka starfsdegi og orðið gamalt og slitið, fari að standa í húsbyggingum sjálft. Og af því leiðir þá það, að fyrst og fremst yrði þarna um að ræða leiguíbúðir, sem væru þá byggðar nokkrar saman. Og þá sér það hver maður, að þá er orðið skammt á milli þeirrar aðstöðu, sem þar er um að ræða, og þeirrar aðstöðu, sem aldrað fólk nýtur, t. d. í útibúi elliheimilisins Grundar í Hveragerði, og mundi njóta samkv. þeim hugmyndum, sem nú eru yfirleitt uppi um byggingu dvalar- og hjúkrunarheimila fyrir aldrað fólk.

Það hefur verið sagt hér við þessar umr., að það væru uppi tvær stefnur í elliheimilamálum. Ég álít þetta algerlega á misskilningi byggt, algerlega. Það er ekki að mínum dómi um að ræða nú nema eina stefnu. Menn vilja að vísu sameina það annars vegar að koma vistarverum þannig fyrir, að gamla fólkið geti notið samhjálpar bæði varðandi mötuneyti, læknisaðstöðu, hjúkrun og á annan hátt. En það er áreiðanlega ríkjandi skoðun nú, að stefna beri að því að hafa einingarnar ekki stærri en þarf svo að þessu verði við komið, en hins vegar að stefna beri á það þrennt, að menn geti haft aðstöðu til einhverrar vinnu eftir því, sem hentar, að menn séu ekki að nauðsynjalausu slitnir úr tengslum við átthaga og ættmenn og að nokkur fjölbreytni sé í gerð íbúðanna. Þetta er stefnan. Það eru starfandi tvö stór fyrirtæki á þessu sviði hér í höfuðstaðnum. Og ég hygg, að þrátt fyrir það, þó að kunni að vera um að ræða einhverja erfiðleika, vegna þess að stofnanirnar eru þetta stórar í sniðum, mundi enginn óska sér þess nú, að þessar stofnanir væru minni. En aftur á móti er víða mikil þörf á því, og almennar óskir um það, að þau litlu dvalarheimili, sem starfrækt eru víðs vegar um land í kaupstöðunum, væru stærri.

Ég held, að þetta sé ósköp einfalt mál, en það er rétt, að það þarf á allan hátt að gæta hagsýni í þessum efnum. Menn vilja gjarnan stuðla að því, að gamla fólkið geti verið nálægt átthögum sínum og ættmennum, en í þeim efnum er á margt að líta. Það er hreyfing á þessum málum núna á Austurlandi, og þar er stefnt að því að sameina sem allra flest sveitarfélög um lausn málsins. Menn hugsa sér í fyrstu að byrja uppbyggingu á einum stað og í ekki mjög stórri einingu, sem þó væri hægt að byggja í áföngum. En menn eru þar einnig opnir fyrir þeim möguleika síðar, eftir að byrjunin væri vel komin á laggirnar, að unnt væri síðar að setja upp deildir eða útibú frá aðalstofnuninni, í hinum fjölmennari stöðum öðrum en þeim, þar sem fyrirhugað er að byrja. Það er enginn vafi á því, að það er æskilegt, að þessar stofnanir séu þannig settar, að skammt sé til læknisþjónustu, og ég get upplýst það hér, að varðandi

þessar hugmyndir eystra hefur þessari fyrirhuguðu framkvæmd þar verið valinn staður nálægt væntanlegri læknamiðstöð í Egilsstaðakauptúni.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Ég vil aðeins árétta það, að með þeirri breytingu, sem lagt er hér til að gerð verði á lögum um Byggingarsjóð aldraðs fólks, er auðvitað alls ekki loku fyrir það skotið, að byggðar verði einstakar íbúðir með tilstyrk lánasjóðsins, en á hinn bóginn er með frv. opnuð leið til aukins stuðnings við byggingu nýrra dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðs fólks og á þann hátt stuðlað að því að leysa vanda fleiri einstaklinga en ella, og að mínu viti þeirra einstaklinga, sem allra sárast þurfa þess með, að þeirra málum sé sinnt.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. til muna. Þó tel ég rétt að láta nokkur orð falla um frv. og ræðuhöld þau, sem fram hafa farið. Sem betur fer virðist þeim fara fjölgandi, sem sinna vilja málefnum aldraðs fólks og leita lausnar á þeim, enda gerast þau mál mjög aðkallandi nú í tímum. Það er liðin sú tíð, að þrjár til fjórar kynslóðir búi í sömu baðstofunni eða heimilinu samtímis frá vöggu til grafar. Möguleikar gamla fólksins til að dveljast í heimahúsum hjá ættingjum og vinum fara stöðugt minnkandi eftir því, sem árin líða og elli og lasleiki ágerist. Þetta er köld staðreynd, sem horfast verður í augu við. Hvar á þá að vista gamla fólkið? Það er ágætt að styrkja það til að byggja, eignast eigin íbúðir, svo sem lög nr. 49 frá 1963 um Byggingarsjóð aldraðs fólks gera ráð fyrir. En sú lausn nær skammt, eins og reynslan sýnir. Það verður að byggja vistheimili, sem tekið geta á móti fleiri eða færri gamalmennum. Stór átök hafa verið gerð í þessu efni, svo sem Elli- og hjúkrunarheimilið Grund í Reykjavík ásamt Ási í Hveragerði og Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hrafnista, í Reykjavík. En það er óbærileg tilhugsun, að flytja verði allt gamalt fólk til höfuðborgarinnar að loknu dagsverki í sinni heimabyggð. Það verður að stuðla að því eftir fremsta megni, að hið aldurhnigna fólk fái að vera kyrrt á sinni rót. Í vöggunnar landi skal varðinn standa. Þess vegna verður að byggja slík dvalarheimili hér og hvar í byggðum landsins, að vísu á skipulegan hátt, þar sem bezt hentar til með aðstöðu alla, svo sem hjúkrun og læknishjálp. Slík málefni eru víða ofarlega á baugi hjá sveitar- og sýslufélögum. Sums staðar hafa einstaklingar látið stórfé og önnur verðmæti rakna af hendi í þessu skyni, t. d. sem dánargjöf.

Geta má þess, að mál þetta hefur verið á dagskrá búnaðarþings ár eftir ár. Hafa þar verið gerðar ályktanir, sem miða að því að leysa vanda hinna öldruðu með byggingu hentugra dvalarheimila, þar sem aðstaða er til heilsugæzlu, hjúkrunar og læknishjálpar úti á landsbyggðinni.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. lét í ljós þá skoðun í ræðu í gær, að hin fjölmennu dvalarheimili yrðu óhugnanlega stór í sniðum, langir gangar o. s. frv., en við skulum minnast þess, að þau eru byggð af stórhug og hafa bætt úr brýnni og aðkallandi þörf. Með frv. því, sem hér er til umr., er af víðsýni opnuð leið til að styrkja og stuðla að byggingu dvalarheimila víðs vegar um land, þar sem henta þykir og þörf er. Ég fæ ekki séð, að brtt. hv. 5. þm. Norðurl. e. hafi nein bætandi áhrif á þetta frv. og tel því eðlilegast, að það nái fram að ganga óbreytt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég var svo heppinn að eiga þátt í því, að hér voru samþ. á Alþ. á sínum tíma lög um happdrætti DAS. Ég álít, að þeir, sem gengust fyrir þeirri starfsemi og sem fyrst og fremst voru áhugamenn, eins og hér hefur verið tekið fram í umr., og hafa haldið henni áfram með mikilli atorku og stórfelldum árangri, eigi miklar þakkir skildar. Við vitum öll, hvað þar hefur verið gert, svona nokkurn veginn, og þar hefur verið stuðzt við happdrættispeningana. En sá varð galli á, að þegar átti að framlengja happdrættið, var lögfest skerðing á því, að Dvalarheimili aldraðra sjómanna fengi happdrættiságóðann eins og áður. Var þá ákveðið, að nokkur hluti ágóðans skyldi renna í þann byggingarsjóð, sem hér er verið að ræða um og átti að stuðla að því, að komið yrði upp byggingum fyrir aldrað fólk.

Tilgangurinn með þessari löggjöf var góður, en sá var galli á gjöf Njarðar, að það var ekki aflað sérstaklega fjár í þennan sjóð, heldur átti að klípa þetta af því fé, sem DAS hafði fengið. Þetta kom sér afar illa, því að meiningin var og yfirlýst stefna af hálfu forráðamanna DAS að styðja byggingu dvalarheimila úti um land, eftir að búið væri að sjá sæmilega fyrir þeim málum við sunnanverðan Faxaflóa, þar sem samtökin komu fyrst upp og þar sem fjáröflun fór mest fram. Stefnan var yfirlýst sú, að styðja ætti dvalarheimilabyggingar úti um landið. En þá var þetta fé tekið í annað. Ég var á móti því á sínum tíma að skerða þannig tekjur DAS og tel, að það hefði verið skynsamlegast að láta þá stofnun njóta áfram allra happdrættisteknanna og framfylgja sínu verkefni á þá lund, sem þeir ætluðu sér að gera. Ekki fyrir það, að ég telji það ekki nauðsynlegt að styðja og setja upp byggingarsjóð, sem geti stuðlað að því að koma upp byggingum fyrir aldrað fólk. En ég áleit, að það hefði átt að afla sérstaklega fjár til þessa sjóðs, en ekki klípa það af þessu fé DAS.

Af þessari afstöðu minni leiðir, að ég er með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Mér finnst, að það mundi bæta nokkuð úr, því að þarna muni geta komið eitthvert fjármagn aftur til baka, þó að það komi ekki sem framlag, þá sem lán, til baka inn í starfsemi DAS. En það álít ég nauðsynlegt, eins og hér eru færðar ástæður fyrir. Ætlunin er þá að gera þá starfsemi miklu víðtækari en áður, og að fleiri landshlutar geti notið hennar en ennþá hefur orðið.

Ég kvaddi mér hljóðs til þess að fyrirbyggja, að afstaða mín í þessu gæti valdið misskilningi á þann hátt, að ég vildi með því setja fótinn fyrir, að reynt yrði að koma upp sérstökum íbúðum fyrir aldrað

fólk. Því fer alls fjarri, en ég álít, að það verði að ganga í að afla fjár í þá starfsemi með öðrum hætti. Er ég sama sinnis um það, eins og þegar sú löggjöf var upphaflega sett, sem byggðist á því að klípa af því fé, sem DAS átti að fá. Ég mundi vilja vera stuðningsmaður þess, að þetta málefni að byggja íbúðir fyrir aldrað fólk yrði tekið fastari tökum en verið hefur, en þá yrði það að mínu viti að verða með því að afla sérstaklega fjár til þess.

ATKVGR.
Brtt. 418 felld með 23:3 atkv.
Brtt. 448 felld með 24:3 atkv.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 376, n. 519).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er þmfrv. flutt í hv. Nd., og er með þessu frv. lagt til, að gerðar verði breytingar á l. um Byggingarsjóð aldraðs fólks. Sjóðurinn var stofnaður með l. nr. 49 frá 1963, og er hlutverk hans það að lána fé til byggingar hentugra íbúða fyrir aldrað fólk. Lán má veita sveitarfélögum eða öðrum aðilum, sem sveitarstjórnir mæla með og sem beita sér fyrir að byggja slíkar íbúðir, og hins vegar má einnig lána einstaklingum, hvort tveggja með nánari skilyrðum. Tekjur sjóðsins eru aðallega hluti af tekjum af happdrætti DAS eða um 40% af árlegum tekjum happdrættisins. Hinn hlutinn, 60%, rennur til byggingarframkvæmda við Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hrafnistu, hér í Reykjavík.

Það kemur fram í grg. frv., að flm. telja, að hlutverk byggingarsjóðsins eins og það er orðað í l. sé þannig, að það komi ekki að gagni nema að takmörkuðu leyti, vegna þess að byggingar íbúða fyrir aldraða séu ekki fyrirhugaðar eða ekki hafi verið í þær ráðizt annars staðar á landinu en hér í Reykjavík. Hér hafa verið byggðar leiguíbúðir fyrir aldrað fólk, 22 að tölu, í háhýsi við Austurbrún, og Reykjavíkurborg hefur þegar sótt um lán úr sjóðnum vegna þeirra íbúða. Hins vegar telja flm., að annars staðar af landinu sé ekki eftirspurn eftir lánum úr sjóðnum, vegna þess að þar stefni allt að því frekar, að byggð séu dvalarheimili fyrir aldrað fólk. Nú mun vera langt í land, að lokið sé byggingarframkvæmdum hér við Dvalarheimili aldraðra sjómanna í Reykjavík, sem þessi 60% af tekjum happdrættisins ganga til. Þess mun því verða langt að bíða, að framkvæmdir annars staðar á landinu, sem þessi 60% af happdrættistekjum eiga að ganga til, eftir að Hrafnistuframkvæmdum er lokið, geti hafizt, þess mun verða langt að bíða, að þau framlög geti farið að renna til slíkra bygginga eða dvalarheimilabygginga úti um landsbyggðina. Því hafa þeir flutt þetta frv., þær breytingar, sem með því eru lagðar til, eða sú breyting er einungis sú, að auk þess að lána til að byggja hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk verði einnig heimilað að stofna til byggingar dvalarheimila.

Það er ekki ástæða til, held ég, að fara fleiri orðum um frv. Það er gerð allýtarleg grein fyrir aðdraganda þess, að til byggingarsjóðs aldraðra var stofnað og enn fremur nokkur grein gerð fyrir fjárhag sjóðsins og að öðru leyti raktar ástæður fyrir flutningi frv. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. þd. hefur haft frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþ. Tveir nm., hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 4. þm. Sunnl., voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt í n.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 582).

---

61. Búnaðarmálasjóður.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs [110. mál] (þmfrv., A. 240).

Á 57. og 61. fundi í Nd., 5. og 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 19. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 240 er flutt af landbn. hv. d., að beiðni landbrh., en til hans hafði áður borizt beiðni frá stjórn Bændahallarinnar um flutning þessa máls, sem er um framlengingu á ákvæði til bráðabirgða,

sem hefur verið með l. um búnaðarmálasjóð, en það er um að framlengja gjald, sem greitt hefur verið til Bændahallarinnar og innheimt eftir sömu reglum og búnaðarmálasjóðsgjald.

Þetta frv., sem hér er flutt núna, er þó nokkuð breytt frá því, er áður var, þannig að gjaldið var áður ½%, en er núna ¼%, og gert ráð fyrir að framlengja það um 4 ár. Og þetta byggist á því, eins og fram kemur í bréfi, sem fylgir með sem fskj., að fyrr á þessu Alþ. voru afgr. lög um Bjargráðasjóð Íslands, þar sem það nýmæli var lögfest að stofna afurðatjónadeild. Hún hefur að tekjum gjald eftir sömu reglum, sem nemur ¼%. Þetta er við það miðað, að þessi tvenns konar gjöld nemi eigi hærri upphæð prósentvís en áður hefur verið í lögum.

Þetta bréf frá stjórn Bændahallarinnar til landbrh., sem hér fylgir, felur ekki í sér miklar upplýsingar um nauðsynina á þessu, þannig að landbn. kvaddi á sinn fund framkvæmdastjóra Bændahallarinnar, Sæmund Friðriksson, og fékk hjá honum nokkrar upplýsingar um fjárhagsafkomuna og nauðsynina á því að fá þetta gjald framlengt. Ég ætla ekki að rekja það ýtarlega. Ég skal aðeins nefna það, að það kom fram eða að við fengum þær upplýsingar, að það muni láta nærri, að tvö s. l. ár hafi rekstur Bændahallarinnar skilað arði sem nam vöxtum, sem þarf að greiða af lánum, sem á Bændahöllinni hvíla, en þetta gjald, ½%, sem það hefur verið hingað til, hefur svo gengið til þess að greiða niður lán, sem hvíla á byggingunni. Það er að vísu erfitt að spá fyrir um, hvernig þessi rekstur muni ganga framvegis, en sem sagt þessar upplýsingar benda til þess, að það sé þörf á framlengingu þessa gjalds til þess að standa undir því að greiða niður lánin, sem á byggingunni hvíla. Nú er það að vísu svo, að þetta ¼%, sem ætla má að nemi um það bil 4 millj. árlega, mun þó ekki hrökkva að fullu til þess að greiða umsamdar afborganir.

Landbn. sem slík hefur ekki tekið afstöðu til frv., eins og fram kemur í grg. Nm. hafa óbundnar hendur um afstöðuna, og ég geri ráð fyrir því, að það muni koma hér fram við atkvgr. Ég vil hins vegar lýsa yfir persónulega stuðningi mínum við þetta frv. og legg því til, að því verði vísað til 2. umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 240).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 84. fundi í Nd., 28. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25:1 atkv.

Á 88., 89., 90., 91. og 92. fundi í Nd., 1., 2., 4., 5. og 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 240, 497).

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég þóttist sjá það, að hér hefði verið flutt brtt. við þetta frv., og hélt nú kannske, að það yrði mælt fyrir henni, en af því að mér finnst, að þetta mál fari hér í gegn með einstöku pukri, það sé alls ekki talað fyrir málinu á neinn hátt, fannst mér ástæða til þess að rifja hér upp nokkur atriði varðandi þetta mál.

Hér er ekki um nýtt mál að ræða, það hefur gengið hér aftur á Alþ. um alllangan tíma og hlotið svona misjafnar undirtektir, þó það hafi nú yfirleitt verið þannig, að samþykkt hefur verið áfram að leggja þann skatt á bændur, sem í frv. felst til stuðnings við Bændahöllina. Fyrir tveimur árum var óskað eftir því að fá gjaldið framlengt enn í 4 ár, en því var breytt hér í meðförum á Alþ. og heimildin til þess að innheimta þetta gjald var bundin við tvö ár. En nú kemur hér enn ein framlengingin á þessu gjaldi. Hefur að vísu tekið þeim breyt., að nú er talað um ¼ úr prósenti af viðbótargjaldi á söluvörum landbúnaðarins, sem eiga að renna til Bændahallarinnar, en nú er líka gert ráð fyrir því að veita heimild til þess að innheimta þetta gjald í næstu 4 ár. Ég hef allan tímann verið á móti þessu gjaldi, tel það óeðlilegt og ósanngjarnt og veit, að það er fjöldi bænda algjörlega andvígur því, að þetta gjald sé lagt á. Þó tel ég, að innheimtan á þessu gjaldi sé orðin úr hófi fram ósanngjörn og óeðlileg, eftir að það liggur fyrir, að hér er um að ræða innheimtu á gjaldi til þess að standa undir hallarekstri á Bændahöllinni, aðallega til þess að standa undir halla af rekstri hótelsins. Það mátti þó segja, að það væri svona sjónarmið út af fyrir sig að ætla að leggja á bændur nokkurt gjald, á meðan það var verið að innheimta upp í stofnkostnað þessarar byggingar, sem samtök þeirra eiga þó að forminu til, en að innheimta þetta gjald áfram til að standa undir hallarekstri á hóteli hér í Reykjavík er auðvitað alveg fráleitt. Og ég tel það í rauninni fyrir neðan allar hellur að ætla nú að samþykkja hér frv. um það að veita heimild í næstu fjögur ár til að innheimta þetta gjald.

Ég vil benda á það, að innan bændasamtakanna er það síður en svo, að menn hafi verið á eitt sáttir í þessum efnum. Ég hef m.a. fengið hér sent bréf frá einum af þingfulltrúum á búnaðarþingi, þar sem hann gerir nokkra grein fyrir því, sem fram kom í umr. um þetta mál á síðasta búnaðarþingi. Í þessu bréfi er m. a. upplýst, og mér þykir full ástæða til þess að leyfa því að koma hér fram, að það liggur nú fyrir skv. reikningum Bændahallarinnar, að búið er að innheimta fram til ársloka 1967 af bændum upphæð, sem nemur 43.153.320.00 kr. í þetta gjald. Og þar kemur einnig fram, að áætlað er óinnheimt af þessu gjaldi fyrir s.l. ár sem nemur 9 millj. kr. Auk þess hefur svo Stéttarsamband bænda lagt

fram í þessu skyni upphæð, sem nemur 23 millj. kr. Þá er áætlað, að vextir og vaxtavextir af þessari upphæð á innheimtutímabilinu muni nema í kringum 25 millj. kr. eða samtals sé búið að innheimta af bændum í þessu skyni upphæð, sem nemur í kringum 100 millj. kr.

Ég held, að það sé því búið að taka af bændum svo mikið gjald í sambandi við þessa byggingu, að það nái engri átt að fallast á það að gefa heimild til þess að innheimta þetta gjald enn þá í 4 ár til viðbótar. Ég er því fyrir mitt leyti alveg mótfallinn þessu frv., tel að vísu þá brtt., sem lögð hefur verið hér fram og ekki hefur nú verið talað fyrir, um það, að gjaldið skuli aðeins innheimt í næstu 2 ár, nokkuð til bóta, en ég óttast það nú, að þegar þau tvö ár eru liðin, verði aftur komið með beiðni fyrir enn önnur 2 ár, enda kemur það fram í grg. þessa frv., að stjórn Bændahallarinnar telur, að m. a. s. innheimta á þessu gjaldi næstu 4 ár muni hvergi nærri duga. Það þurfi í rauninni að koma hér meira til. Í þessum efnum er því aðeins spurningin um það, hvort ætlunin er að halda áfram að innheimta þetta gjald af bændum til þess að standa undir hallarekstri hótelsins, sem rekið er í Bændahöllinni. Ég skal ekki fara neitt út í það hér, það er alveg óþarfi að rekja það, hvernig ástatt er nú hjá bændum í landinu. En ég ætla það af því, sem fram hefur hér komið, að það sé engin ástæða til þess að vera að halda slíku gjaldi áfram, eins og nú er ástatt með afkomu bænda í landinu. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, að mín afstaða til þessa máls er alveg óbreytt frá því, sem áður var. Ég er algerlega á móti þessu gjaldi, en í rauninni fjallar frv. aðeins um þetta gjald og því vil ég fella frv.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Í sambandi við afgreiðslu á þessu máli vil ég taka þetta fram: Eins og nú horfir með afkomu landbúnaðarins, þar sem sýnilegt er, að bændur verða að taka á sig alla þá hækkun, sem hefur orðið og kann að verða af völdum gengisfellingarinnar, og voru þó óumdeilanlega langtekjulægsta stétt landsins fyrir, og þar sem nú eru mjög slæmar söluhorfur á öllum framleiðsluvörum hans, sem gætu leitt til enn minni tekna en nú er reiknað með, að ógleymdu mjög erfiðu árferði, sem enginn getur nú séð fyrir, hvaða afleiðingar kann að hafa í för með sér — þó liggur ljóst fyrir, að einhver hluti af bændastéttinni verður tekjulítill eða tekjulaus á yfirstandandi ári; ef hafís liggur langt fram á vor upp við landið, er hætt við, að þessi hópur verði æðistór — með þetta í huga get ég nú ekki séð nein rök fyrir því að viðhalda gjöldum á þessum atvinnuvegi, svo framarlega að hægt sé að létta þeim af með einhverjum hætti.

Á hitt ber að líta, að mikill meiri hluti búnaðarþings og aukafundir Stéttarsambands bænda samþykktu að óska eftir framlengingu á þessum skatti og rökin fyrir þeirri ósk voru þau, að eignarhaldi bændasamtakanna á Bændahöllinni væri teflt mjög í tvísýnu, ef bændasamtökin misstu nú af þeim stuðningi, sem þessi skattur veitti þeim. Þar sem ég er þeirrar skoðunar og hef alltaf verið, að bændasamtökin eigi ekki að sleppa eignarhaldi á Bændahöllinni, en með örðugleika bænda í huga nú, óskaði ég eftir því, að búnaðarmálastjóri, dr. Halldór Pálsson, og framkvæmdastjóri Bændahallarinnar, Sæmundur Friðriksson, væru boðaðir á fund landbn. Nd., en í þeirri n. á ég sæti, til þess að n. fengi það fram, af hverju þessir fjárhagsörðugleikar Bændahallarinnar stafa, og til þess að leita eftir því, hvort ekki væri hægt að gera einhverjar þær ráðstafanir, sem gerðu það mögulegt að létta þessum skatti af bændastéttinni, án þess þó að bændasamtökin kæmust í vanskil vegna skuldbindinga sinna vegna Bændahallarinnar. Í þessu sambandi var rætt um reksturinn á hótelinu, skuldir og lánakjör á Bændahöllinni. Við ræddum það, hvers virði þetta hótel væri fyrir þjóðina og hvers virði það væri hér fyrir höfuðstaðinn, og það kom í ljós, að það eru miklar gjaldeyristekjur, sem þjóðin hefur af þessari starfsemi eða af rekstrinum á Hótel Sögu. En það kom líka í ljós, að að öllu óbreyttu gætu bændasamtökin ekki staðið við sínar skuldbindingar, ef þau misstu af þessum stuðningi nú. Það var ekki talið, að hægt væri að fá út úr rekstrinum meira en hefur komið nú síðustu tvö ár og það svarar til þess, að reksturinn standi undir vöxtum, þ. e. a. s. þeim hluta þeirra, sem bændasamtökin þurfa að borga öðrum og enn fremur náttúrlega undir viðhaldi og einhverjum hluta af afskriftunum. Hins vegar var það upplýst, að skuldirnar væru til mjög stutts tíma, helmingur þeirra væri erlent lán, sem hækkaði við hverja gengisfellingu, þannig að bændurnir væru í raun og veru að borga alltaf sömu upphæðina. Hins vegar kom fram, að ef hægt væri að breyta þessum lánum í löng lán, og þó sérstaklega, ef væri um að ræða innlend lán, mundi ekki vera brýn þörf á því að láta hallarskattinn standa lengi, eða t. d. út næsta ár, eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. leggur til, að gert verði með þeirri brtt., sem liggur hér fyrir og er á þskj. 497.

Nú vil ég spyrja hv. þm., hann er nú víst ekki hér staddur, en þá ríkisstj., hvort ekki sé hugsanlegt, að það sé hægt að fá lán á næstunni til þess að létta þessum skatti af. Ef hægt væri að útvega 25 eða 30 ára lán, skilst mér á því, sem kom fram hjá þessum mönnum, dr. Halldóri Pálssyni og Sæmundi Friðrikssyni, að ekki væri þörf á að halda þessum skatti áfram. Ef það kæmi hér í ljós, að það væri hugsanlegt, að þetta yrði tekið til vinsamlegrar athugunar, mundi ég samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir, af þeim ástæðum, sem ég hef getið um hér að framan, en annars mundi ég ekki treysta mér til þess.

Það eru nú fleiri skattar, sem væri ástæða til að reyna að losa bændastéttina við, t. d. stofnlánasjóðsskatturinn. Það væri nú full ástæða til þess að losa bændastéttina við hann. Þessi skattur var settur á, þó að bændasamtökin legðust alveg á móti honum, og það var sagt, að það væri gert til þess að

bændurnir mundu fá hagstæðari eða meiri lán heldur en áður var, en í ljós hefur komið, að það er alveg það gagnstæða. Síðan þessi skattur var settur á, hafa þeir ekki fengið aukin lán, heldur þvert á móti, ef miðað er við verðlagið eins og það var og eins og það er nú. En vextirnir, sem þeir hafa þurft að borga af þessum lánum, hafa tvöfaldazt, og svo hafa þeir orðið að bæta á sig stofnlánagjaldinu ofan á það, og í raun og veru eru þetta mestu okurkjör, sem bændur búa við. Það eru þessi stofnlán, ef maður tekur skattinn þar með. Ég held, að það væri full ástæða til þess að athuga það líka, hvort væri ekki rétt að losa bændurna við þennan skatt, eins og ástatt er nú í landbúnaðinum.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Það eru aðeins örfá orð, herra forseti, út af ræðu hv. 4. þm. Austf. Þegar hann talar um, að það sé sök sér að leggja á þennan skatt, á meðan hann gangi til greiðslu stofnkostnaðar, en fráleitt, eftir að hann gangi til að greiða hallarekstur á hóteli, þá er skylt að leiðrétta þetta. Hótelið skilar vissulega fjárfúlgum til Bændahallarinnar, sem ganga til niðurgreiðslu lána. En vegna þess hve lánin eru óhagstæð, til stutts tíma, nægir ekki það, sem hótelið skilar og skrifstofuhúsnæðið skilar, til þess að greiða af hinum óhagstæðu lánum. Það er hins vegar ekki hægt að segja, að verið sé að greiða niður rekstur á hóteli, því það er varla hugsanlegt, að nokkur bygging, hvort sem er hótel eða annað, geti borgað sig niður á svo stuttum tíma, án þess að þar komi til fé annars staðar frá.

Hv. þm. vitnaði hérna í bréf, sem borizt hefur til Alþ. frá einum fulltrúa á búnaðarþingi. Ég vil aðeins leyfa mér að benda á, að það er svolítið óvenjulegt, að ég hygg, að eftir að í einu félagi er með miklum meiri hluta búið að taka ákvörðun um mál, sem flutt er svo áfram á öðrum vettvangi, að minni hlutinn sæki þá fram sér á parti og reyni að hindra það, að málið nái fram að ganga eins og meiri hlutinn í félaginu hefur gengið frá því. Ég held, að það sé bezt um þetta mál eins og önnur að líta á það eins og það liggur fyrir nú í dag. Bændasamtökin hafa byggt þetta hús, sem kallað hefur verið Bændahöll. Það hefur hvort tveggja gerzt, að húsið var dýrara heldur en áætlað hafði verið, eins og raunar flestar aðrar byggingar á Íslandi, og það hafa ekki fengizt hagkvæm lán til langs tíma til þess að standa undir stofnkostnaðinum. Og af þeim ástæðum er það, sem fjárhagur þessa fyrirtækis hefur verið og er enn það erfiður, að það þarf að koma til fjármagn annars staðar frá, ef hægt á að vera að standa við skuldbindingar.

Það er sjálfsagt engum ljúft og ekki heldur þeim meiri hluta, sem hefur verið fyrir þessu máli í Stéttarsambandinu, á aðalfundum þess og á búnaðarþingi, að þurfa að halda áfram innheimtu þessa gjalds og allra sízt eins og árferði er nú. En á meðan ekki finnast önnur úrræði, er að dómi meiri hl. fulltrúa á þessum samkomum bændanna báðum ekki um annað að gera heldur en fara fram á framlengingu gjaldsins. Það kemur fram í ályktunum þessara samtaka, og ég hika ekki við að segja, að það sé afdráttarlaus vilji mikils þorra bænda, að bændurnir sjálfir og samtök þeirra eignist þetta hús sitt að fullu og reki það sjálf.

Það var farið fram á það fyrir tveimur árum að framlengja þetta gjald þá óbreytt eins og það hafði verið til fjögurra ára. Það var hins vegar ekki orðið við því þá að fullu, heldur aðeins ákveðið til tveggja ára. Nú hefur það komið í ljós, eins og þá var óttazt, að þetta nægði ekki, og ég vil vekja sérstaka athygli á því, að þegar nú er farið fram á að framlengja gjaldið að helmingi, þ. e. a. s. ¼ af hundraði til fjögurra ára, þá er það nákvæmlega það sama og ekkert meira heldur en farið var fram á fyrir tveimur árum. Helmingi af því gjaldi, sem áður rann til Bændahallarinnar, þ. e. ¼% hefur nú verið ráðstafað til frambúðar. Og eins og hv. þm. muna er því varið til Bjargráðasjóðs gegn ákveðnum framlögum þar á móti. Þetta var gert með samþykki og eftir ósk bændasamtakanna sjálfra. Ég held, að það sé ekki óeðlilegt, að Alþ. verði einnig við þeim óskum bændasamtakanna, sem nú liggja hér fyrir. Það eru auðvitað alltaf einhverjir, sem eru óánægðir. Það er varla hugsanlegt, að í jafnstórum samtökum eins og bændasamtökin eru, standi menn allir svo saman, að enginn ágreiningur sé um mál eins og þetta. En ég held, að það sé óhætt að segja það, að í hugum alls þorra bændanna komi það nú eitt til greina að ljúka þessu máli, að fylgja því eftir, að bændurnir nái að eignast til fulls Bændahöllina, fái lokið við að greiða niður þetta mannvirki sitt. Og þó menn greini á um þetta mál nú, þá verður það niðurstaðan þegar upp verður staðið og yfir lýkur, að það verður ekki felldur áfellisdómur yfir þeim mönnum, sem unnið hafa að húsbyggingu bænda. Ég held, að það verði ekki niðurstaðan, heldur það gagnstæða. Brtt. hv. 4. þm. Norðurl. v. er ekki til bóta. Það eru engin rök fyrir því, að tveggja ára framlag nægi. Þess vegna er það mín till., að frv. verði samþ. óbreytt.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég hef lítið verið hrifinn af þessum skatti. Það er þannig, að það er verið að reyta af þessum atvinnuvegi ýmist ½ eða 1%. Þeir eru orðnir nokkuð margir þessir skattar. Því er alltaf haldið fram, að það sé þörf á þessu til eins eða annars, en það þarf að greiða þetta, og við vitum það, að atvinnuvegirnir eru að sligast. Ég var í landbn., þegar þetta var samþ. síðast og átti meðal annarra þátt í því, að þetta var lögfest aðeins í 2 ár. Nú er farið fram á, að það sé frá 1968—1971, að báðum árum meðtöldum. Það er því gengið lengra heldur en var, þegar farið var fram á það til fjögurra ára, því að þetta er enn þá 1968, 1969, 1970 og 1971. Brtt. liggur frammi um að stytta þetta niður í tvö ár. Sá aðili, sem flytur hana, er hér ekki viðstaddur og talar ekki einu sinni fyrir henni. Mér skilst, að það sé ekki meiri hl. n. á bak við þá till., þannig að það séu allar líkur til, að þetta verði framlengt í 4 ár.

Það er ósköp notalegt fyrir menn, er þeir byggja hús eða gera einhverjar framkvæmdir að geta bara skattlagt atvinnuvegina. Það er ósköp þægilegt að fá peninga á þann hátt. Það er kannske erfiðara að greiða þá, og ég held, að ástæður bænda séu þannig nú, að við þurfum að gæta að því, hvað við erum að gera. Eg kom ásamt hæstv. 2. þm. Reykn. með frv. um það að afnema söluskattinn á kjötvörur. Fjhn. er ekki farin að skila neinu áliti um það enn þá. Það sjá allir menn, hvað það er fáránlegt að vera að láta fólkið borga af kjötvörum 7% söluskatt, öllum kjötvörum, og þurfa svo að greiða kjötið niður. Þetta er aðeins til þess, að það selst minna af kjötinu. Það þarf að flytja meira út af því, fyrir utan það, sem týnist í allri þessari umferð. Ég hef satt að segja aldrei verið mjög óvinsamlegur út í framlagið til Búnaðarbankans. Það hefur verið þörf fyrir það, en mér finnst það mjög takandi til athugunar, hvort ekki ætti að reyna að lækka það t. d. um helming. Við vitum, að það vantar töluvert mikið á, að bændur fái það, sem þeim er ætlað nú í ár fyrir afurðirnar, líklega 60—100 millj., einhvers staðar á því bilinu, og það er sannarlega takandi til athugunar, hvað hægt er að gera til þess að greiða fyrir því, að þetta verði sem minnst.

Það má vel vera, að það sé full þörf fyrir Bændahöllina að fá þetta. Áreiðanlega er þetta ósköp þægilegt fyrir þá, sem hafa með þessi mál að gera. En ef menn fá peninga með svona hægu móti, reyna þeir ekkert aðrar leiðir. Það hefði í sjálfu sér ekki mátt minna vera heldur en ríkisstj. hefði hlutazt til um það, að þeir fengju lán, innanlandslán, í Bændahöllina. Ef það hefði fengizt, væru engir erfiðleikar. Það eru endurteknar gengislækkanir, sem hafa farið verst með þetta fyrirtæki. Fleiri millj. kr. tap nú á þessu ári fyrir utan fyrri gengislækkanir, sem hafa valdið því tugmilljóna tjóni. Satt að segja hefur þetta verið nauðsynjamál fyrir þjóðina. Þetta er eina hótelið, sem gerir það mögulegt að taka á móti erlendum gestum sómasamlega. Og það hefði ekki mátt minna vera, þegar bændastéttin og fulltrúar þeirra höfðu forgang um þetta mál, en greitt væri fyrir því, að þeir fengju lán innanlands, þannig að þeir þyrftu ekki sífellt að vera að fara fram á þessar álögur á bændastéttina. Það er nú meira en þetta, sem rennur til Bændahallarinnar. Það er ¼%, sem fer í gegnum Stéttarsambandið. Megnið af því fé fer til Bændahallarinnar, þannig að við höfum borgað þetta frá ¾ og upp í 1% af öllum söluvörum bændanna, þannig að þetta er orðin drjúg upphæð, sem þeir hafa borgað. Eftir þessu bréfi, sem við fengum, sem raunar er undirskrifað af einum búnaðarþingsfulltrúanum, en við vitum, að það var meiri ágreiningur innan búnaðarþings, það voru fleiri, sem voru tregir að vera með þessu gjaldi eða jafnvel greiddu atkv. á móti því, þá eru þetta um 70 millj., sem bændur eru búnir að leggja fram, þó að við reiknum ekki þessa vexti, og þetta hefði sannarlega átt að nægja, ef vel hefði verið á öllu haldið. En það eru þessar endurteknu gengislækkanir, sem ég er búinn að minnast á, og svo ófullnægjandi fyrirgreiðsla af hálfu ríkisvaldsins, sem gat útvegað þessi lán innanlands, ef eitthvað hefði verið gert til þess.

Nú er búið að útbýta nýju frv. í dag um fjárfestingarframkvæmdir ríkisins. Það á enn þá að bjóða út lán. Það á enn þá að taka peninga úr bönkum, sem eru þegar svo peningalausir, að þeir geta engan veginn fullnægt þeim þörfum, sem atvinnuvegirnir hafa fyrir lánsfé. Hvað á þetta að ganga lengi, að safna skuldum í góðærum og hvenær á að borga það? Í hallærunum? Það þarf sannarlega að draga úr þessari óþarfa eyðslu, og ég held satt að segja, að þó að við hættum að borga þetta gjald, þá verði gerðar einhverjar ráðstafanir um fyrirgreiðslu á lánum, þannig að það verði leyst úr þessu máli. En ef við borgum og borgum, er allt útlit fyrir, að þetta ætli að verða eilífðarskattur. Það hefur alltaf verið sagt, að þetta væri í síðasta skipti. Það koma alltaf nýjar og nýjar kröfur, 4 ár nú.

Það er náttúrlega sjálfssök okkar forráðamanna, að það var ráðizt í þetta að ófyrirsynju og má segja, að við megum sakast við þá um það, en ekki ríkisvaldið. En ég held endilega, að það hefði verið hægt að greiða betur fyrir lánsútvegun, þannig að þessir erfiðleikar, sem voru af þessum endurteknu gengislækkunum, hefðu ekki komið eins illa við, og í öðru lagi nær það náttúrlega engri átt með svona stóra byggingu og varanlega og vel gerða, að viðkomandi ríkisstj. hlutist ekki til um að greiða fyrir með lánsútvegun, þannig að þetta verði ekki til stórbyrði fyrir þá stétt, sem hefur staðið að þessu, og satt að segja eru bændur búnir að borga alveg nóg, að borga um 70 millj. beint og óbeint. Húsið ætti sannarlega að geta greitt það, sem eftir er af byggingunni, ef skynsamlega væri á öllu haldið af öllum aðilum, bæði þeim, sem hafa ráð yfir peningamálum þjóðarinnar, og eins þeim, sem veita þessum málum forstöðu. Þess vegna get ég ekki verið með þessum skatti nú. Ekki það, að ég vilji gera þessari stofnun neinn ógreiða, en ég held, að það sé ómögulegt að vera með svona eilífðarsköttum, og það er sannarlega ástæða til nú fyrir bændastéttina að fara að athuga, hvað hægt er að komast hjá að greiða, bæði í þeirra einkarekstri og eins í þeirra félagsmálum, því að þeir þurfa áreiðanlega á öllu sínu að halda.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í tilefni af því, sem hv. 5. þm. Austf. sagði hér. Hann gerði sérstaklega aths. við það, sem ég hafði sagt hér í þá átt, að þessi skattur, sem hér væri um að ræða, væri nánast til þess að standa undir hallarekstri af hótelhaldi í Reykjavík. En þær upplýsingar hef ég einmitt frá þeim aðilum, sem hafa kynnt sér þetta mál mjög vel, og satt að segja get ég nú ekki séð, að það sé frambærileg skýring á því, að það þurfi að halda áfram þessari greiðslu.

Í því bréfi, sem ég vitnaði hér til, frá frsm. af búnaðarþingi, sem talaði þar fyrir tillögu sex búnaðarþingsmanna, sem vildu leggjast gegn

samþykkt þessa frv., kemur það einmitt alveg greinilega fram, og þar er það beinum orðum sagt, að hér sé fyrst og fremst um að ræða hallarekstur vegna Hótel Sögu. Ég vil líka segja það, að ef þeir, sem leigja þarna húsrými í þessu húsi, eins og Flugfélag Íslands, ameríska upplýsingaþjónustan, nú og svo þá hótelið, ef þeir borga eðlilega fyrir afnot sín af þessu húsi, trúi ég því ekki, að það þurfi, að halda uppi slíkum skatti sem þessum nema vegna þess, að þarna er um beinan hallarekstur að ræða. En auðvitað verður líka að telja með, í sambandi við það, hvort þarna er um hallarekstur að ræða eða ekki, þá verður vitanlega að telja með allrösklega afskrift af þessari fasteign eins og öðrum, það er ekki hægt að komast hjá því. Ég vil fyrir mitt leyti ekki ganga inn á það sjónarmið, að þegar bændasamtökin eru búin að leggja fram í beinum útlögðum peningum yfir 75 millj. kr. í þessa byggingu, sé ekki hægt með eðlilegri aðstoð ríkisins að koma þeim lánum, sem á byggingunni hvíla, fyrir þannig, að ef ekki er um hallarekstur að ræða, þurfi ekki að koma til frekari stuðningur. Það hefði verið miklu eðlilegra að fara hér t. d. fram á það í staðinn fyrir þennan skatt, að ríkið tæki að sér að veita ríkisábyrgð fyrir nauðsynlegri lengingu á stofnlánum þessarar byggingar. Af hverju er ekki farið fram á það? Að maður tali nú ekki um það, að ríkið tæki að sér að útvega nauðsynlega lengingu á þessum erlendu lánum, sem á byggingunni hvíla, en á það er ekki minnzt. Nei, og það kemur m. a. s. fram nú, þegar er um það að ræða að framlengja þennan skatt, annaðhvort í fjögur næstu ár, eins og frv. gerir ráð fyrir, eða tvö, eins og sérstök brtt., sem hér liggur frammi, gerir ráð fyrir, ja, þá kemur í ljós, að hv. 5. þm. Austf. telur það hreint ekki til bóta að binda sig bara við tvö næstu ár. Það sé miklu betra að slá því föstu nú strax: Skatturinn skal standa í næstu 4 ár. Ætli það liggi nú nokkuð á að samþykkja nema tvö ár í einu, nema mönnum sé það eitthvert metnaðarmál, að bændur haldi áfram að borga þennan skatt, en koma hins vegar hér fram samtímis og mótmæla því hörkulega, að bændur borgi alveg hliðstæðan skatt í stofnlánasjóði sína? Ég fyrir mitt leyti hef verið á móti því líka, eins og á hefur staðið, að bændur þyrftu að greiða þennan skatt í stofnlánasjóðina. En ég tel það þó miklum mun réttlátara á allan hátt, að þeir borgi eitthvert gjald í stofnlánasjóðina, heldur en þeir séu látnir borga þetta gjald áframhaldandi ár eftir ár, löngu eftir að byggingu er lokið. Ég skil ekki þann hugsunarhátt að ætla sér að halda sér fast við þessar till. áfram.

Ég vil nú beina því til þeirra manna, sem með þessu máli hafa staðið fram til þessa og virðast helzt af öllu vera bara hræddir um það, að það verði gengið að Bændahöllinni og hún tekin af bændum, sem ég er nú ekki mikið hræddur við, að til standi, — hvort ekki sé fært fyrir þá að leita eftir því t. d. að fá ríkisábyrgð fyrir ákveðinni lántöku í því skyni að lengja þessi óhagstæðu lán Bændahallarinnar. Það ætti að duga, ef hér þarf aðeins að glíma við hin eiginlegu stofnlán. En ef það er aftur á hinn veginn, sem ég fyrir mitt leyti óttast, að rétt sé af þeim upplýsingum, sem fram hafa komið, að hér sé raunverulega verið að glíma við hallarekstur á hóteli enn þá að verulegu leyti, þá auðvitað þarf bændastéttin, ef hún vill eiga ekki aðeins bygginguna, heldur reka þetta allt saman, þá þarf hún auðvitað að leggja fram ákveðið rekstrarframlag á hverju ári, þá þarf hún að skattleggjast.

Röksemdina um það, að samtök bænda hafi mælt með þessari skattlagningu tek ég nú ekki mjög alvarlega, því að ég álít, að samtök bænda, t. d. búnaðarþing eða Stéttarsambandið, hafi í rauninni ekkert umboð til þess á neinn hátt að koma þannig fram fyrir hönd bændastéttarinnar að óska eftir því, að bændastéttin verði skylduð til þess að borga tiltekin gjöld. Einstakir fulltrúar á búnaðarþingi geta haft þá skoðun, og aðrir hafa líka enn aðra skoðun og það hefur komið fram. En það segir vitanlega ekkert til um afstöðu bændastéttarinnar í heild. Og telji menn í raun og veru, að erfiðleikar bænda séu jafnmiklir og nú kemur fram, sé ég ekki, að það sé ekki sjálfsagt einmitt að láta þetta gjald falla niður núna og reyna að komast yfir þennan vanda eftir öðrum leiðum.

Með þessu bréfi, sem ég vitnaði hér til, fylgir m.a. brtt., sem 6 búnaðarþingsfulltrúar skrifa undir, þar sem þeir lögðu eindregið til, að þetta mál næði ekki fram að ganga, svo að það er auðvitað augljóst mál, að einnig í búnaðarþingi hafa verið skiptar skoðanir um þetta gjald og svo hefur verið lengi.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en mín afstaða til málsins er óbreytt, og mér þykir eiginlega þessi skattlagning vera þeim mun verri sem henni er lengur haldið áfram.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil bara láta það koma alveg skýrt fram hér, að það hefur vissulega verið leitað eftir því af hálfu bændasamtakanna og forráðamanna Bændahallarinnar að leysa fjármálin með öðrum hætti heldur en að halda áfram innheimtu þessa gjalds. Það er skylt að láta það koma hér alveg skýrt fram. Það hefur bara ekki verið um það að ræða að fá stuðning til þess, hvorki af hálfu ríkisvalds né lánastofnana. Það er auðvitað hægt að deila um það, hvað sé halli á hóteli undir þessum kringumstæðum, en ég vil einnig láta það koma fram hér, þó ég hafi ekki tölurnar nákvæmlega, að hótelið hefur skilað 6—7 millj. kr. hvort árið '65 og '67, en árið 1966 4½ millj. — það var árið, sem Loftleiðir fóru út með sitt fólk, þetta hefur aftur jafnað sig og nýting á hótelinu verið mjög góð s. l. ár. En það er einnig rétt að vekja athygli á því og láta það koma hér fram, að síðustu árin hefur hótelrekstur þarna og annars staðar átt við það að stríða, að það hefur ekki verið leyft að hækka greiðslur fyrir þjónustu á sama tíma sem efni í mat og allur tilkostnaður hefur rokið upp. Og þetta með öðru fleiru hefur auðvitað aukið á vandræðin.

Það er ósköp auðvelt að koma og segja það hér úr

ræðustóli á Alþ., að samtök bændanna og þeirra landssamkomur, aðalfundur Stéttarsambands bænda og búnaðarþing, hafi ekkert umboð til þess að gera eitt eða annað. Það er auðvelt að segja þetta hér og það er kannske ekki heldur nákvæmlega skilgreint í lögum þessara samtaka, hvað megi gera á þessum fundum og hvað megi þar ekki gera. En á hitt ber að líta, að á báðar þessar samkomur, sem eru landsfundir, aðalfundur Stéttarsambands bænda og búnaðarþing, á þær báðar er kosið með lýðræðislegum hætti, almennri kosningu á búnaðarþing, en kjörmannakosningu á stéttarsambandsfundi. Og þar eiga kosningarétt allir bændur á landinu. Á stéttarsambandsfundina er kosið með tveggja ára millibili, og ég held, að það fari varla á milli mála, að ef mikill þorri bænda væri andvígur því að standa að Bændahöllinni, hefði þess gætt í kosningum til Stéttarsambandsins, svo oft, sem þar er búið að kjósa, síðan þetta mál kom upp. Það er líka ákaflega einfalt að segja það hér, og sérstaklega fyrir þá, sem ekki eru í bændasamtökunum og hafa því við engan vanda að glíma að þessu leyti, að þetta gjald megi falla niður. Og það rímar ákaflega vel við þær aðstæður, sem eru hjá atvinnuvegunum yfirleitt og ekki sízt í landbúnaðinum, þá erfiðleika, sem þar er við að glíma. En það hefur bara verið háttur bændasamtakanna að reyna í lengstu lög að standa við sínar skuldbindingar. Og meðan ekki hillir undir neina aðra lausn á fjármálum þessa fyrirtækis að því er varðar þann hlutann, sem þessu gjaldi er ætlað að dekka, á meðan ekki hillir undir neina aðra lausn, þá hefur það orðið úrræði meiri hl., mjög mikils meiri hl. fulltrúa á fundum samtakanna að óska eftir því, að gjaldið verði framlengt. Og eins og ég sagði áðan, vegna þess að ekki liggur fyrir neitt ákveðið, sem bendir í þá átt, að 2 ár nægi með ¼%, þá er það mín till., að frv. verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 95. fundi í Nd., 9. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 497 samþ. með 17:11 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 562).

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 562, n. 592).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til 2. umr., er komið frá Nd. og flutt af landbn. þeirrar hv. d. að ósk landbrn. og stjórnar Bændahallarinnar í Reykjavík. Frv. var vísað til landbn. og hefur hún kynnt sér þær umsagnir og þær upplýsingar, sem lágu fyrir landbn. Nd. um þessi efni, og að þeirri athugun lokinni metið þau rök, sem mæla með samþykkt frv., gild og mælir því með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur hér fyrir á þskj. 562. Einn nm. var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í n. Eins og fram kemur í nál. landbn., þá mælir n. með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 562.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál., þá var ég fjarstaddur, þegar þetta mál var afgreitt. Ég sá ekki ástæðu til að gera sérstakt nál. að þessu sinni. Efni þessa frv. er, eins og allir vita, að framlengja skattgjald á bændastéttina og standa undir hallarekstri á Hótel Sögu í Reykjavík. Þetta mál hefur komið hér fyrir nokkrum sinnum áður, og ég hef þá lýst afstöðu minni til þessa skattgjalds, og ég hef verið því andvígur og talið, að það yrði að leysa þessi fjárhagsmál á annan hátt. Ég skal ekki fara út í það að endurtaka þetta, ég er búinn að lýsa því yfir, að skoðun mín er óbreytt, og ég vonast til þess, að það verði hægt við fyrstu hentugleika að kveða þennan hallardraug niður fyrir fullt og allt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 90. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 607).

---

62. Tékkar.

Á 80. fundi í Ed., 2. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um tékka nr. 94 frá 19. júní 1933 [181. mál] (þmfrv., A. 490).

Á 81. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Það stendur nú eins á um þetta frv. eins og það um víxla, sem við vorum að ljúka við að afgreiða til 2. umr., að það er flutt að beiðni samvinnunefndar banka og sparisjóða. Sannleikurinn er nú sá, að mér er ekki kunnugt um, að nokkurn tíma hafi farið fram afsögn á tékka á Íslandi, en vegna samræmis í löggjöfinni þótti rétt að flytja þetta frv. Það er undir öllum kringumstæðum meinlaust og kynni hugsanlega einhvern tímann að koma að gagni.
Ég leyfi mér að mælast til, að það fái sömu meðferð og hitt frv. og því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 490, n. 520).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 91. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 92. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 490, n. 563).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 563, hefur fjhn. þessarar hv. d. orðið sammála um að mæla með samþykkt frv., en í grg. með frv. kemur fram, að það er flutt að ósk banka og sparisjóða, og það er lagt til, að bætt sé inn í 2. mgr. 55. gr. tékkalaganna orðunum „eða dagur, þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar".

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 614).

---

63. Víxillög.

Á 80. fundi í Ed., 2. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á víxillögum, nr. 93 frá 19. júní 1933 [182. mál] (þmfrv., A. 491).

Á 81. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á víxillögunum, er flutt að beiðni samvinnunefndar banka og sparisjóða og veldur engum stórbyltingum. Það er eingöngu til að gera fólki hægara fyrir um að varast afsagnir á víxlum, sem ella gæti orðið hætta á í sambandi við aukinn frídagafjölda, aukinn fjölda daga, sem bankar og sparisjóðir eru lokaðir, sérstaklega laugardagana á sumrum, skv. þeirri venju, sem nú virðist vera að komast á, en getur einnig átt við um nokkra aðra daga, svo sem verzlunarmannafrídaginn, 17. júní og e. t. v. einhverja fleiri. Ég held, að málið þurfi ekki sérstaka skýringu. Er að sjálfsögðu eðlilegt að vísa því til n., og ég leyfi mér að mælast til, að hv. fjhn. fái það til athugunar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 491, n. 521).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 90. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 92. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 491, n. 564).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 564, hefur fjhn. þessarar hv. d. orðið sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. Ástæðurnar fyrir frv. þessu eru þær sömu og eru til grundvallar frv. því, sem hv. d. afgreiddi nú rétt áður til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 615).

---

64. Jarðræktarlög.

Á 21. fundi í Nd., 23. nóv., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965** [62. mál] (þmfrv., A. 76).

Á 24. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. það til l. um breyt. á jarðræktarlögum, sem hér er til 1. umr., er flutt af landbn. hv. Ed., en með eðlilegum hætti áskilja einstakir nm. sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., þar sem n. hefur ekki enn athugað frv. gaumgæfilega, en mun að sjálfsögðu gera það eftir 1. umr. Frv. er samið af vélanefnd ríkisins, svo og grg. sú, sem prentuð er með frv., og er frv. flutt að ósk vélanefndar. Ég vil því leyfa mér að fara nokkrum orðum um þetta mál og freista þess að skýra þau sjónarmið, sem réttlæta setningu þessara l. og gera hana raunar nauðsynlega að minni hyggju.

Hinn 1. júní s. l. höfðu skurðgröfur Vélasjóðs verið að verki í 25 ár. Þann dag árið 1942 hóf fyrsta skurðgrafan vinnu í Garðaflóa við Akranes, og litlu síðar eða hinn 24. júní 1942 var hafin vinna með annarri gröfu í Staðarbyggðarmýrum í Eyjafirði. Á þessum árum, sem síðan eru liðin, hafa verið grafnir rúmlega 15 millj. lengdarmetrar af framræsluskurðum eða um 62½ millj. teningsmetra. Með gröfum Vélasjóðs hafa verið grafnir tæplega 38 millj. teningsmetrar eða um 60% alls þess, sem grafið hefur verið af slíkum skurðum. En allt fram til ársins 1961 er hlutur Vélasjóðs um 70% af heildarframkvæmdunum.

Hin síðari ár hefur þetta hlutfall snúizt við og það svo, að árið 1965 er hlutur Vélasjóðs ekki nema 33½ af öllum skurðagreftri og árið 1966 enn minni eða sennilega um 25%. Þessi breyting á sér þær orsakir fyrst og fremst, að allmargir gröfueigendur í landinu hafa snúið sér að því að grafa framræsluskurði. Hafa þeir þá tekið að sér framkvæmdir hjá einstökum bændum, en allajafna hliðrað sér hjá að taka að sér óhagstæðari verkefni, svo að einstaka jarðir og jafnvel byggðarlög hafa orðið útundan og Vélasjóður því mátt sinna þeim verkefnum og þá oft með ærnum tilkostnaði með tilflutningi tækja og vegna þess að þarna er oft um verra land að ræða, svo að afköst verða lítil og verkið því óhagstætt, sé það unnið eitt sér. Af þessu öllu leiðir, að rekstur Vélasjóðs hefur orðið mjög slæmur og það svo, að á árinu 1965 varð halli á rekstri sjóðsins rúmlega 2 millj. kr.

Þrátt fyrir þennan halla á rekstri Vélasjóðs mætti segja, að hann gæti verið réttlætanlegur og ríkið þyrfti ekki að meta hann til útgjaldaaukningar, þar sem taxtar sjóðsins

eru lagðir til grundvallar, þegar jarðræktarframlag ríkisins á framræslu er ákveðið. En það er eins og fyrr segir 70% af kostnaðinum og því mikils um vert að halda þeim töxtum sem lægstum. En þetta verður þó ekki talin eðlileg leið að því marki, heldur er hallazt að því að halda kostnaði við skurðagröftinn sem lægstum með því að skipuleggja framræsluframkvæmdirnar betur en enn hefur verið gert með áætlanagerð fyrir 5 ára tímabil í senn, sem þó væri endurskoðað árlega, og á grundvelli þeirra áætlana væru verkin boðin út. Með þessum vinnubrögðum má ætla, að náist mun hagstæðari árangur í heild, án þess að þrengdur sé hagur þeirra, er að framkvæmdunum standa. Þeir, sem annast skurðagröftinn, munu fá samfelldari verkefni. Minni tími fer í tilflutning tækja og í upphafi hvers tímabils lægi það fyrir ljósar en áður, hversu verkefnið væri stórt. Bóndinn ætti og að hafa meiri tryggingu fyrir því, að verkin væru unnin á fyrirfram ákvörðuðum tíma og er það til mikilla bóta og þæginda fyrir hann og heimili hans. Þá mundi þessi tilhögun og verða til þess, að hægt væri með meiri nákvæmni en áður hefur verið hægt að áætla, hversu stór hlutur ríkisins verður á næsta ári í krónum talinn. Mér þykir líklegt, að einhverjum þeim, sem lítur yfir þessar till. til breyt. á l., þyki það óeðlilegt ákvæði, að héraðsráðunautum og ráðunautum Búnaðarfélags Íslands skuli vera fengið það vald í hendur að gera endanlegar áætlanir um framkvæmdir bænda við skurðagröft. En þegar betur er að gáð, er þetta mjög eðlilegt, og ég tel, að umsagnir sérfræðinga um fjárfestingar mundu vera nauðsynlegar á fleiri sviðum og hjá öðrum atvinnuvegum ekki síður en hjá landbúnaði og mætti það skoðast nánar síðar.

Þeirri reglu er nú fylgt, að bóndi, sem sækir um lán úr fjárfestingarsjóðum landbúnaðarins, verður að afla sér umsagnar héraðsráðunautar um, hversu mikil þörf hans er fyrir hina einstöku framkvæmd og hversu stór hún skuli vera. Hér er því með þessum till. ekki farið inn á nýja braut, heldur aðeins fært lengra út það kerfi, sem þegar er farið að nota og sjáanlega hefur gefizt vel, þótt ég skilgreini það ekki nánar nú.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um það ákvæði frv., að bændur, sem láta aðra en samþykkta verktaka grafa á jörðum sínum, fái aðeins hálft framlag á skurðina. Varðandi þetta ákvæði er rétt að minna á, að í gildandi jarðræktarl. er gert ráð fyrir því í 20. gr., að ýmis félög bænda, svo sem búnaðarfélög, ræktunarsambönd, búnaðarsambönd o. fl., hafi rétt til að fá skurðgröfur og jarðræktarvélar leigðar. Síðan segir svo í 2. mgr. 20. gr., með leyfi forseta:

„Samningar þeir, sem um getur í l. mgr. um leigu á jarðræktarvélum og skurðgröfum á félagssvæðinu, skulu vera bindandi fyrir einstaklinga innan hvers sveitarfélags."

Það er því ljóst, að í l. er gert ráð fyrir því, að einstakir bændur séu bundnir af samþykktum síns félags varðandi stærri jarðræktarframkvæmdir, þótt það hafi hins vegar komið í ljós, að þessu ákvæði hefur verið mjög erfitt að beita. Af því leiðir svo, að félagsrekstur hefur orðið óviss. Þetta hefur valdið glundroða og raskað áætlunum ræktunarsambandanna og það svo, að ýmis þeirra riða til falls og eru ómáttug að koma til liðs við þá, sem sízt geta verið án þjónustu þeirra. Fyrir því er þetta ákvæði sett inn, ákvæðið um skerðingu ríkisframlagsins, að vonir standa til, að það stuðli að því, að menn virði þetta ákvæði gildandi l., sem sett var á sínum tíma til þess að tryggja hagkvæm vinnubrögð og góða nýtingu hinna stærri jarðræktarvéla.

Í lok a- liðs 1. gr. frv. er nýmæli, sem ég tel rétt að staldra aðeins við, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Á ræktunarsvæðum, þar sem kostnaður við skurðgröft vegna óhagstæðrar aðstöðu er meira en 25% hærri en meðalkostnaður á landinu, en telst þó nauðsynleg framkvæmd, er landbrh. heimilt eftir till. Búnaðarfélags Íslands að hækka ríkisframlagið svo, að hlutur bóndans verði eigi hærri en meðalkostnaður."

Ákvæði þetta miðar beint að því að gera þeim bændum kleift að bæta bújarðir sínar, sem þannig eru settir, að kostnaðarsamt er að koma þangað þungum vinnuvélum, en þó því aðeins yrði þetta framkvæmt, að sérfróðir menn teldu framræslu nauðsynlega á þeim stað. Í gildandi jarðræktarl. er gert ráð fyrir að koma á fót jöfnunarsjóði, þ. e. í 22. og 23. gr. gildandi l. Tekjur sjóðsins eru áætlaðar um 700 þús. kr. á þessu ári, en sýnt þykir, að þær hrökkvi ekki til að jafna hallann, þar sem erfiðast er fyrir fæti, svo sem víða er um Vestfirði og á nokkrum svæðum öðrum. Tekjur jöfnunarsjóðsins er vart hægt að auka nema heimila, að jöfnunarsjóðsgjaldið megi ganga inn í heildarkostnaðinn, en það mundi vega á móti höfuðsjónarmiði þeirra, sem frv. hafa samið, en það er að lækka heildarkostnað fyrir þessar tilteknu framkvæmdir. En á hitt ber að líta og þess að gæta að skáka ekki úr leik þeim bújörðum, sem eiga góða möguleika og þurfa að haldast í byggð og stundum að vera bakhjarl nærliggjandi byggðarlaga. Þetta dæmi er þekkt víða um land og má með engu móti missa sjónar á því atriði. Því er þetta ákvæði sett inn í l., sem ég var nú að ræða um.

Í b-lið 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að plógræsi skuli boðin út á sama hátt og vélgrafnir skurðir. Um plógræsin er það að segja, að vélanefnd ríkisins fékk vitneskju um það fyrir nokkrum árum, að í Finnlandi hefði verið reyndur sérstakur plógur, sem gerði lokræsi í mýrar og eftir lýsingum að dæma, mátti ætla, að þessi gerð ræsa hentaði íslenzkum mýrajarðvegi. Því varð það að ráði að vélanefnd hóf samningaumleitanir við uppfinningamanninn, próf. Pentti Kaitera, og keypti af honum verkfærið, sem var frumsmíð, og reyndi það hér. Þær tilraunir, sem hér voru gerðar, gáfu góða raun og var upphæð ríkisframlags á plógræsin sett kr. 1.20 á lengdarmetra og þá áætlað, að bændur

þyrftu að greiða um 25—30% af kostnaðinum við ræsagerðina. Nú er nokkuð meiri reynsla komin á þessa aðferð við gerð lokræsa, nýir ræsaplógar hafa verið smíðaðir hér af íslenzkum hagleiksmönnum og finnsku plógarnir, sem voru fyrirmynd hinna síðari plóga, hafa verið endurbættir verulega. Samkeppnin milli þeirra aðila, sem reka ræsaplóga, er allmikil. Þannig hafa bændur náð í seinni tíð hagstæðari samningum en í fyrstu var áætlað, og með nýjum og endurbættum plógum má búast við frekari þróun í þá átt.

Þar sem framlag ríkisins er bundið við verkmagn eða lengdareiningu, en ekki hluta af kostnaði, hafa bændur einir orðið aðnjótandi þeirrar lækkunar á kostnaði, sem orðið hefur vegna þeirrar tækniþróunar, sem hér hefur átt sér stað, enda er svo komið málum, að í vissum tilvikum hafa bændur aðeins þurft að greiða 5 aura á hvern metra, þegar ríkið greiðir 1.20 kr. Þetta verður að teljast óeðlilegt og var ekki ætlunin, þegar ákveðin var upphæð ríkisframlagsins á plógræsin. En þar sem ekki er endanlega séð fyrir um þróun þessara mála, þykir rétt að fella niður ákveðna greiðslu á lengdareiningu, en taka upp bundna þátttöku af heildarkostnaði ræsagerðarinnar og beita útboðum til þess að halda þeim kostnaði niðri.

Herra forseti. Þetta frv. miðar að því í fyrsta lagi að koma betra skipulagi á framræsluframkvæmdir um land allt með áætlanagerð og útboðum, í öðru lagi að minnka útgjöld ríkissjóðs án þess að ganga á hlut bænda, í þriðja lagi að fá Vélasjóði ríkisins samkeppnisaðstöðu til jafns við aðra skurðgröfueigendur með því að gera bindandi útboðssamninga, í fjórða lagi að tryggja hag ræktunar- og búnaðarsambanda, í fimmta lagi að jafna aðstöðu bænda við framræsluframkvæmdir og í sjötta lagi að lækka kostnað ríkissjóðs vegna ræsagerðar.

Að minni hyggju mun þetta frv., ef að lögum verður, ná þeim tilgangi, sem til er ætlazt, og legg ég því til, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 76, 456, 462).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég hygg, að ekki þurfi að hafa ýkjamörg orð um það frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr. Landbn. flutti þetta frv. að beiðni Vélanefndar ríkisins, og eftir að það hafði verið rætt hér í d., sendi landbn. búnaðarþingi frv. til umsagnar. Búnaðarþing gerði ályktun um málið og mælti með nokkrum tilteknum breyt., sem gerðar yrðu við frv. Landbn. hefur svo athugað þær till. búnaðarþings og fallizt á margar þeirra, en eina till. varð ekki samstaða um að mæla með. Meiri hl. gat ekki fallizt á þá till. búnaðarþings, en að öðru leyti var farið að till. þess.

Landbn. hefur því lagt hér fram brtt. við frv. á þskj. 456, og að þeim brtt. stendur öll landbn. Að mestu leyti eru þetta orðalagsbreytingar og raðað upp efni sumra málsgreinanna á þann hátt, sem betur þótti fara. En sú till., sem búnaðarþing gerði og meiri hl. gat ekki fallizt á að mæla með, var um það, að þegar boðnar væru út framræsluframkvæmdir á tilteknum svæðum jarðræktarsambanda, sem ættu sinn vélakost til að framkvæma verkin, væri þeim ekki skylt að bjóða verkin út. Meiri hl. gat ekki fallizt á, að þau yrðu undanþegin útboðsskyldu, enda litum við þannig á, að nægilega væri tryggður hagur ræktunarsambandanna með því, að í frv. var og er enn þá ákvæði um, að ræktunarsambönd hafi rétt til að ganga inn í lægstu tilboð, hvert á sínu ræktunarsvæði.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en ég legg til, herra forseti, að brtt. á þskj. 456 verði samþ., og frv. verði samþykkt með þeim breyt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég get tekið undir það, sem hv. 5. þm. Sunnl. hefur sagt varðandi þetta mál, en vil þó gera grein fyrir þeirri till., sem ég flyt hér ásamt hv. 2. þm. Austf., og enn fremur hreyfa vissum þáttum varðandi þessa löggjöf, jarðræktarlögin, af því að það er ein af okkar þýðingarmestu löggjöfum, sem landbúnaðurinn býr við.

Þurrkun lands er frumskilyrði ræktunar. Og það tekur langan tíma að breyta forarflóum í grænar grasbreiður. Af þeim ástæðum er það ekki óeðlilegt, að ríkið kosti alla þurrkun lands. Till. um þetta efni hafa oft komið fram hér á hv. Alþ., og eiga þær sinn þátt í því, að ríkið greiðir nú um 70% af kostnaði framræslunnar. Skoðun mín er sú, að það beri að stefna að því, að þegar um framkvæmdir er að ræða, sem eru meira fyrir framtíðina en nútíðina, eigi ríkið að kosta þær að öllu leyti, eins og t. d. í þessu tilfelli, þegar um er að ræða þurrkun landsins. Ég tel þetta líka áhættuminna nú en oft áður fyrir ríkið að kosta framræsluna að öllu leyti, þar sem nú á í framtíðinni að skipuleggja þessi mál nokkuð fram í tímann og þar með á að vera hægt að fylgjast betur með, hvað árleg framræsla kann að kosta, en verið hefur til þessa.

Þá vil ég minna á það, að það er ýmislegt fleira, sem rætt hefur verið um á meðal bænda og þarf að breyta í jarðræktarlögunum. Nú gildir hámarksjarðræktarframlag við land, sem ræktað er innan við 25 ha., þ. e. a. s. þeir, sem komnir eru yfir þetta 25 ha. ákvæði, fá mun minna framlag frá ríkinu en hinir, og þetta hefur leitt til þess, að ýmsir hafa séð sér hag í því að fara í kringum lögin á þann hátt að skipta landinu og fjölga býlum til þess að komast undir hærra ræktunarframlagið. Ég tel, að þetta sé ekki æskileg þróun, og ég held, að í framtíðinni komumst við ekki hjá því að láta hámarksríkisframlag ná til fleiri ha. á hverju býli en nú gildir. Ég vil líka minna á það í þessu sambandi, þegar rætt er um jarðræktarlögin, að fyrir ári síðan var einni breyt. á jarðræktarlögum vísað til hæstv. ríkisstj. í

trausti þess, að hún beitti sér fyrir málinu og legði fram frv. til l. í þeim efnum. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki enn talið sér fært eða séð sér hag í því að sinna því máli, eins og við væntum fyrir ári síðan, en það var að taka inn í jarðræktarlögin framlag vegna vatnslagna á sveitabæjum, þ. e. a. s., að ríkið tæki þátt í þeim kostnaði að einum þriðja hluta og þetta væri fast framlag, sem hver og einn bóndi fengi, þegar framkvæmdin væri tekin út. En sá háttur hefur verið á hafður, að ef bændur hafa komið upp vatnsveitu á félagslegum grundvelli, þrír eða fleiri, hafa þeir fengið stuðning þess opinbera, en annars ekki, enda þótt þeir hafi lagt í allkostnaðarsamar framkvæmdir, eins og margir hafa orðið að gera hin síðari ár.

Ég flyt hér brtt. ásamt hv. 2. þm. Austf. Till. þessi er á þskj. 462 og felur það í sér, að ræktunarsambönd þau, sem annast framræslu með eigin vélakosti, séu ekki skyldug til þess að bjóða út þau verkefni, sem þeim tilheyra. Fyrst í stað verður talsverð vinna fólgin í því að kanna land og komast að niðurstöðu um það, hvað sanngjarnt er að borga fyrir framræsluna á hverjum stað og hverjum tíma. Hér er því möguleiki fyrir ríkið að spara pening í óþarfa vinnu, sem það verður að borga annars, og býst ég við, að sá þáttur málsins ætti að vera vel þeginn af því opinbera, sem nú beitir sér mjög fyrir sparnaði í ýmiss konar framkvæmdum og opinberum rekstri. Ég tel, að þetta sé algerlega áhættulaust fyrir alla aðila, að undanþiggja ræktunarsamböndin og ekki sízt vegna þess, að ráðunautarnir þekkja landið og eru kunnugir þeim vélakosti, sem fyrir liggur, og geta því af þeirri reynslu, sem þeir hafa, nokkurn veginn komizt mjög nálægt því, hver raunverulegur kostnaður muni verða við framræsluna, og því er hægt að spara sér allt umstang við undirbúning útboða í þeim tilfellum. Ég tel þetta líka þeim mun hættuminna, þar sem Búnaðarfélag Íslands á að fjalla um og samþykkja vinnutaxta, hvort heldur útboð eiga sér stað eða ekki. Ég tel því, að fyllsta samræmis muni verða gætt í þessum efnum og þar eigi ekki nein hætta að vera fólgin fyrir þá, sem bjóða út sín verk, og þeim mun síður fyrir þá, sem verða að sæta því, að útboð séu ekki viðhöfð. Þeirra hagur verði ekki fyrir borð borinn, þar sem í fyrsta lagi að kunnugir menn, vanir þessum áætlunum og störfum og rekstri þessara véla, eiga í hlut, og í öðru lagi kunnugir menn á vegum Búnaðarfélags Íslands, sem leggja til, hverjir vinnutaxtar verða á hverjum stað.

Búnaðarþing óskaði eindregið eftir því, að till. þessi næði fram að ganga, en eins og hv. þm. er kunnugt, er búnaðarþing og Búnaðarfélag Íslands ráðgefandi á fjölmörgum sviðum í málefnum bænda, og hefur það jafnan verið mikill styrkur Alþingis að fara að þeim ráðum á fjölmörgum sviðum. Ég tel það bæði vera skyldu og einnig styrk Alþingis að hlusta á raddir og óskir þeirra, sem standa í sjálfu athafnalífinu. Á þann hátt verða málefni atvinnulífsins bezt leyst, svo að til heilla horfi. Ég vænti því þess, að hv. alþm. geti fallizt á þá till., sem við leggjum hér fram á þskj. 462, og samþykki hana. En að öðru leyti vil ég taka það fram, að við erum samþykkir því frv. í heild, sem hér liggur fyrir, með þeirri breyt., sem landbn. hefur lagt fram. Ég vænti því, að hv. þm. komi til móts við okkur flm. og samþ. þessa litlu brtt.

ATKVGR.
Brtt. 456,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 462 felld með 11:6 atkv.
Brtt. 456,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 456,3—4 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 523).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 91. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 92. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 523, n. 574).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þetta frv. til breyt. á jarðræktarl., sem hér liggur fyrir, var flutt af hv. landbn. Ed. Það hlaut þar allvandlega meðferð. Það var sent af hálfu þeirrar n. búnaðarþingi til umsagnar og gerðar á því nokkrar breyt. eftir þeim till., sem búnaðarþing gerði. Landbn. þessarar hv. d. hefur síðan haft málið til athugunar, og eins og fram kemur í nál., leggur hún til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 624).

65. Almannatryggingar.

Á 5. fundi í Nd., 18. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar [17. mál] (þmfrv., A. 17).

Á 9. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Um þetta mál er það sama að segja eins og það fyrra, sem ég hef nú þegar mælt fyrir. Það var flutt í lok síðasta þings af einum af varaþm. Sjálfstfl., Jóni Ísberg sýslumanni, og það fjallar um að fella niður það hámarksákvæði, sem í l. er og hefur verið um langan tíma, það, að aðeins séu greiddir sjúkradagpeningar og slysabætur með þrem börnum bótaþega, fella niður þetta hámarksákvæði og greiða framvegis, ef frv. þetta verður samþ., bætur með öllum börnum bótaþega.

Það er sama um þetta mál eins og það fyrra að segja, ég er sammála þeim, er fyrst flutti þetta mál hér inn á Alþ., um það, að þetta hafi komizt inn fyrir nokkurn misskilning eða a. m.k. að það hafi verið í gildandi l. svo lengi fyrir misskilning. Og þess vegna vænti ég þess, að hv. alþm. komi á móti þeirri ósk þess manns, sem flutti þetta á sínum tíma, að koma þessu sjálfsagða réttlætismáli fram og það sem fyrst.

Herra forseti. Ég leyfi mér að lokinni þessari umr. að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 313).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., fjallar um þá breytingu á almannatryggingal., að sú takmörkun sé felld úr gildi, að dagpeningar vegna barna slasaðrar eða sjúkrar fyrirvinnu fjölskyldu skuli takmarkast við aðeins 3 börn, en séu börnin fleiri, skuli ekki greitt vegna þeirra, sem yfir þá tölu eru á framfæri hinna sjúku eða slösuðu. Þetta hefur þótt augljós agnúi á l. og enda ranglæti. Um þetta segir svo í bréfi Tryggingastofnunar ríkisins til heilbr.- og félmn., en sú n. sendi Tryggingastofnuninni frv. til umsagnar:

„Með bréfi dags. 15. nóv. 1967 hefur heilbr.- og félmn. Nd. óskað umsagnar um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, þar sem gert er ráð fyrir, að dagpeningar í sjúkratryggingu og slysatryggingu vegna barna á framfæri skuli miðaðir við öll börn innan 16 ára, en ekki við hámark 3, eins og nú er ákveðið. Kostnaður við þessa breytingu ætti ekki að nema meiru en 1% af heildarupphæð dagpeninga, og er því hér ekki um mikið fjárhagslegt atriði að ræða, þar sem dagpeningar slysatrygginga munu almennt vera um fjórðungur útgjalda eða í sjúkratryggingu innan við 1/10 hluta. Þá er og í l. óbreytt, að dagpeningar í heild megi ekki nema meiru en ¾ hlutum tekjumissis fyrir sakir óvinnuhæfni. Tryggingastofnunin mælir því með, að nefnt frv. verði samþykkt."

Heilbr.- og félmn. varð sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt og vekur jafnframt athygli á, að um leið er frv. um atvinnuleysistryggingar, 16. þingmál, þskj. 16, afgreitt svo sem flm. þess óska, þar eð samkv. breytingu á atvinnuleysistryggingalögum 14. apríl 1966 skulu sömu reglur gilda um dagpeninga fyrir atvinnulausa og fyrir börn slasaðra og sjúkra samkv. almannatryggingal. Um þetta segir Tryggingastofnunin svo í bréfi til n.:

„Hv. heilbr.- og félmn. Nd. Alþ. hefur sent til umsagnar stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956 um atvinnuleysistryggingar. Frv. miðar að breytingu 18. gr. nefndra l. þannig, að gert er ráð fyrir, að niður falli orðin „allt að þremur" í 1. mgr. Vér viljum í þessu sambandi vekja athygli á, að 18. gr. l. nr. 29 1956 með því orðalagi, sem hér um ræðir, var felld niður með 2. gr. l. nr. 28 1966, þar sem ákveðið var, að atvinnuleysisbætur skuli vera hinar sömu og slysabætur samkv. 3. og 4. mgr. l. nr. 40 1963. Fyrir Alþingi liggur nú frv. til l. um breyt. á orðalagi ákvæða um slysabætur í þá átt, sem meðfylgjandi frv. gerir ráð fyrir. Verði það samþ., kemur það af sjálfu sér til þess að taka til atvinnuleysisbóta."

M. ö. o., það sem hér er lagt til er, að sú takmörkun, sem verið hefur í gildi varðandi dagpeninga með börnum til slasaðra og sjúkra og í raun og veru einnig til atvinnulausra, sú takmörkun, að þetta væri miðað aðeins við 3 börn, sé felld niður og framvegis sé greitt með hverju því barni, sem er í fjölskyldu hjá manni, sem hefur slasazt eða er sjúkur eða atvinnulaus. Heilbr.- og félmn. varð, eins og ég sagði áðan, sammála um að leggja til, að frv. væri samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 4. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 69. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 17 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 603).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. þetta er þmfrv. flutt í hv. Nd., og með frv. er lagt til, að sú takmörkun, sem samkv. l. gildir um greiðslu sjúkradagpeninga með börnum bótaþega, falli nú burtu. Nú er greiðsla takmörkuð við þrjú fyrstu börn í hverri fjölskyldu, en með því að fella niður orðin „allt að þrem" eins og lagt er til í 1. og 2. gr. frv., að falli burtu í 35. og 50. gr. almannatryggingalaganna, yrði sú breyting á, að bætur yrðu greiddar með öllum börnum bótaþega. Í grg. með frv. er það rakið, að í frv. að almannatryggingalögum frá 1946 hafi verið kveðið svo á, að fjölskyldubætur skyldu greiddar foreldrum, sem hefðu 4 börn eða fleiri á framfæri sínu. Sjúkrabæturnar hins vegar áttu að greiðast með þrem fyrstu börnum og þá koma sem eins konar uppfylling, þar sem fjölskyldubætur ekki náðu til. Og sams konar ákvæði voru um slysabætur. Nú er hins vegar svo, að fjölskyldubætur eru greiddar með öllum börnum, eins og kunnugt er, og virðist öll sanngirni mæla með því, að sjúkrabæturnar séu einnig greiddar með öllum börnum bótaþega. Það mun vera um hverfandi litla útgjaldaaukningu að ræða af þessari breytingu, ef að lögum verður, fyrir Tryggingastofnunina.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. þd. hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþ. En eins og fram kemur í nál. á þskj. 603, voru tveir nm., þeir hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 4. þm. Reykn., fjarstaddir, þegar málið var afgreitt í n.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 633).

---

66. Breyting á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps.

Á 67. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja ríkisjörðina Hólma [149. mál] (þmfrv., A. 323).

Á 68. fundi í Nd., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þegar Reyðarfjarðarhreppi hinum forna var skipt árið 1907, voru sett þau mörk, sem nú gilda á milli Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps, en þau voru ákveðin um á, sem rennur út í fjarðarbotninn og Bleiksá heitir. Það hefur löngum verið nokkuð þröngt um Eskifjarðarkauptún í Eskifjarðarhreppi, og vegna óhagkvæmra skilyrða og þrengsla hafa Eskfirðingar undanfarna áratugi orðið að hafa ýmis not af landi í Reyðarfjarðarhreppi. T. d. hafa þeir haft þar áratugum saman kirkjugarð sinn, íþróttavöll og ýmis mannvirki.

Það hefur oft komið til orða að breyta þessum hreppamörkum, en samkomulag hefur ekki náðst. En nú hefur framtíðarhöfn Eskifjarðarkauptúns verið ákveðinn staður inni í fjarðarbotninum, en ekki út við svokallaða Mjóeyri, sem lengi hafði verið hugsað. Þarna er höfnin að verða til og þegar risin mikil mannvirki á hafnarsvæðinu, t. d. síldarverksmiðja, fiskverkunarhús og röragerð, og þarna koma síðan fleiri byggingar. En landrými skortir innan hreppsins, Eskifjarðarhrepps, til útfærslu við höfnina og einnig er nokkurn veginn ljóst, að heppilegast er, að íbúðahverfi komið einnig við fjarðarbotninn á landi, sem nú er í Reyðarfjarðarhreppi. Þess vegna hefur enn á ný komið upp þetta mál að breyta hreppamörkunum. Samkomulag hefur þó því miður ekki náðst, en málið á hinn bóginn þannig vaxið, að við erum allir sammála um það, þm. Austf., að flytja þetta frv. um að breyta hreppamörkunum með l., þar sem samkomulag hefur ekki orðið. Virðist okkur langsanngjarnasta og eðlilegasta lausnin vera sú, sem við stingum upp á í þessu frv., sem sé, að hreppa-

mörkin verði um Hólmaháls, sem kallaður er, og er þá Eskifjörður, sem er lítill fjörður inn úr Reyðarfirði, allur í Eskifjarðarheppi ef þetta verður samþ.

Þá er þess að geta, að höfuðbólið Hólmar og prestssetur gamalt liggur í Reyðarfjarðarhreppi, en hefur verið nytjað af Eskfirðingum æðilanga hríð. Jörðin leigð af ríkissjóði, en nú þykir okkur skynsamlegast að fylgja í þessu efni einnig hreppamörkunum og Reyðfirðingar geti átt þess kost að fá þann hluta ríkisjarðarinnar Hólma keyptan, sem verður í þeirra hreppi. En Eskfirðingar aftur á móti geti fengið keyptan þann hluta jarðarinnar, sem er miklu minni hlutinn, sem yrði í Eskifjarðarhreppi. Verði þetta frv. samþ., eru að okkar dómi komin þarna eðlileg hreppamörk og fyrir því séð, að Eskifjarðarkauptún getur rúmazt innan hreppsins í fyrirsjáanlegri framtíð.

Við höfum reynt að fara bil beggja í þessu máli og finna á því eðlilega lausn að okkar dómi, og er þess loks að geta til viðbótar, að eyðijörð er við Eskifjarðarbotninn, sem Borgir heita, sem Reyðarfjarðarhreppur á, og höfum við sett hér í þetta frv. þá kvöð á Eskifjarðarhrepp, að hann kaupi þessa jörð, ef Reyðfirðingar vilja láta hana fala, og er það til þess að gera alla lausnina eðlilegri, að þetta ákvæði er sett í málið. Við viljum þó, að það sé á valdi Reyðarfjarðarhrepps, hvort hann vill láta jörðina nú eða eiga hana áfram. Við þurfum að biðja n. um að gera smávægilega orðabreytingu á 1. gr., sem ég sé ekki ástæðu til að lýsa hér, en við munum koma á framfæri við hana.

Ég leyfi mér að leggja til, að þessu máli verði vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 90., 91. og 92. fundi í Nd.,4., 5. og 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 323, n. 503, 504).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir, um breyt. á mörkum Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhrepps.

Frv. þetta flytja fjórir þm. Austf. og kemur fram í grg., að fundur hefur verið haldinn um þetta mál heima í héraði, á Egilsstöðum nú fyrir nokkru, þar sem allir þm. kjördæmisins voru mættir, einnig forsvarsmenn Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhreppa. Niðurstaða þessa fundar er sú, að þm. allir voru sammála um, að frv., eins og hér liggur fyrir, yrði flutt. Rök flm. fyrir flutningi frv. er að finna í grg., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Framtíðarhöfn Eskifjarðar hefur nú verið valinn staður inni við fjarðarbotninn, og þar hefur risið síldarverksmiðja, fiskverkunarhús og röragerð. Skortir landrými innan marka hreppsins til útfærslu þessara fyrirtækja, svo og fyrir annan atvinnurekstur, sem eðlilegt virðist að verði nálægt höfninni."

Það er af þessu bersýnilegt, að Eskifjarðarhreppur er kominn í sjálfheldu með að geta látið af hendi landrými fyrir þau atvinnutæki, sem íbúar þess byggðarlags vilja standa að, og verður að teljast mjög eðlilegt, að fram úr þessu verði ráðið. N. hafa borizt umsagnir nokkurra aðila um málið, m. a. frá forsvarsmönnum Eskifjarðarhrepps, sem senda langa grg., en til Alþ. hefur einnig borizt erindi frá íbúum Reyðarfjarðarhrepps, þar sem 270 þeirra mótmæla framgangi þessa frv. Einnig hefur sveitarstjóri þess sveitarfélags átt samtal við mig og áréttað áskorun íbúa Reyðarfjarðarhrepps. Er því ljóst, að þarna er heima fyrir um verulegt ágreiningsmál að ræða, og er ekki óeðlilegt, þótt Reyðarfjarðarhreppur, sem telur sig þarna vera að missa land, mótmæli því, að þeirra afnotaréttur á landi, sem áður hefur tilheyrt því sveitarfélagi, verði skertur. Hins vegar komst n. að þeirri niðurstöðu, að rök þau, sem fram koma í grg. frv. og annað, sem hún hefur aflað sér upplýsinga um, verði að teljast þess eðlis, að hún, n., stendur að því að mæla með frv. Þó hefur einn nm., hv. 9. þm. Reykv., skrifað undir nál. með fyrirvara.

N. flytur við frv. tvær brtt. við 1. gr. þess að ósk flm., þar sem nokkuð nánar er kveðið á um mörk á milli hreppanna, mörkin gerð nokkuð skýrari en er í 1. gr. frv., eins og það er lagt fyrir, og er þessi till., eins og ég sagði, flutt eftir ósk flm.

Þá flytur n. brtt. við 4. gr. frv., sem fjallar um heimild handa ríkisstj. til að selja ríkisjörðina Hólma Reyðarfjarðarhreppi og Eskifjarðarhreppi. Brtt. er aðeins um það, að verð jarðarinnar fari eftir því, sem um kann að semjast, og ef samkomulag náist ekki, verði kaupverðið ákveðið eftir mati dómkvaddra manna. Vegna þessa ákvæðis í 4. gr. frv., var frv. sent Jarðeignadeild ríkisins og landnámsstjóra til umsagnar. Þar sem þetta ákvæði gerir ráð fyrir sölu á ríkisjörð, þótti þetta eðlilegt og sjálfsagt, enda mun það vera fastur vani, þegar um slíkt er að ræða, að þá segi þessir aðilar álit sitt um sölu slíkra jarða. Svar barst frá báðum þessum aðilum, og segir landnámsstjóri í niðurlagi síns bréfs til n.:

„Með tilvísun til þess, sem hér er fram tekið, tel ég ekki ástæðu til að gera aths. við hin nýju, áætluðu hreppamörk, og er meðmæltur því, verði þau samþykkt, að Eskifjarðarhreppur fái kauprétt á þeim hluta landsins, sem er eign ríkisins og innan hinna nýju hreppamarka."

Jarðeignadeild ríkisins segir þetta um málið í niðurlagi síns erindis, með leyfi forseta: „Þótt ekki sé það nein frágangssök að nytja jörðina sem heild, þótt land hennar liggi í tveimur sveitarfélögum, getur það valdið óhagræði, sem bezt er að komast hjá. Er því ástæðulaust fyrir ríkið að halda fast við eignarhald sitt á jörðinni, svo sundurlimaðri af löggjafanum, ef hreppsfélögin hafa hug á að kaupa

hana, svo sem ráð er fyrir gert að heimilað verði í fyrrgreindu frv.“

Eins og ég fyrr sagði, leggur n. til, þrátt fyrir þau mótmæli frá forsvarsmönnum Reyðarfjarðarhrepps, sem hér liggja fyrir á Alþingi og sem henni eru einnig kunn í gegnum viðtöl við forsvarsmenn þess sveitarfélags, leggur n. til, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem n. hefur fram borið.

Eysteinn Jónsson: Ég vil aðeins fyrir hönd okkar flm. þakka n. fyrir það starf, sem hún hefur lagt í málið. Það er ekkert nýtt, að ágreiningur sé um mál eins og þetta, að breyta hreppamörkum, og raunar koma mál af því tagi ekki hingað á Alþ. nema svo sé. Það hefur verið lögð mikil vinna í að finna eðlilega lausn á málinu, og það vonum við að hafi tekizt með þessu frv., og því þakka ég n. fyrir hennar undirtektir.

ATKVGR.
Brtt. 504,1 (ný 1. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 504,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 555).

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þegar ég sá frv. um breytingar á mörkum Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu á þskj. 323, hélt ég, að þarna væri um eitthvert algert friðar- og samkomulagsmál að ræða. Þarna eru fulltrúar þriggja stjórnmálaflokka, sem standa að flutningi málsins og lítur þess vegna út fyrir, að algert samkomulag sé um það.

Þegar málið var rætt í heilbr.- og félmn., var okkur sagt frá gögnum, sem fyrir lægju í málinu og bentu til þess, að samkomulagið væri ekki algjört, þ. e. a. s. þó þm. hefðu komið sér saman um frv.-flutning um málið, væru íbúarnir þarna á þessu landsvæði, sem frv. tekur til, ekki með öllu sammála um það. Efni málsins er í skemmstu máli, að farið er fram á, að Eskifjarðarhreppur fái landstækkun, og hann býr vissulega við mjög þrönga landkosti, en þetta sé gert á kostnað Reyðarfjarðarhrepps og allmikið land, sem nú tilheyrir Reyðarfjarðarhreppi, verði tilheyrandi Eskifjarðarhreppi. Þessu hafa Reyðfirðingar almennt mjög mótmælt og virðast vera frv. mjög svo andvígir.

Upphaflega mun það vera svo, að hreppaskipting átti sér stað 1907. Þá voru þeir aðskildir, Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur og Reyðarfjarðarhreppur, og við þau skipti hefur Eskifjarðarhreppur fengið mjög þröngt land, svo þröngt land, að furðulegt má telja. Mér hefur verið tjáð, að meginástæðan til þess, að þeir þá ekki fengu meira landrými sé sú, að Eskfirðingar hafi þá ekki óskað eftir rýmra landi, hafi alls ekki viljað taka við landinu inn fyrir sín sveitarmörk, landinu í fjarðarbotninum, sem nú er verið að óska eftir að falli undir Eskifjarðarhérað. Af hverju? Ja, nú veit ég ekki fullar sönnur á, en mér er tjáð, að fyrir fjarðarbotninum, á því landi, sem nú er kallað Eskifjarðarkálkur, — kálkur er mér sagt, að sé austfirzkt orð og þýði útbyggð; ég hef nýlega öðlazt þessa vizku, en kem henni hér með inn í þingtíðindin — hafi verið nokkrar fátækar, barnmargar fjölskyldur, og Eskfirðingar óttuðust þá aukin sveitarþyngsli af þessum landshluta og vildu hafa hann utan við sín mörk. Áin, sem vellur þarna í fjarðarbotninn, var því látin skilja löndin milli Reyðarfjarðarhrepps og Eskifjarðarhrepps, og er svo enn.

En ég tel rétt, að það fari ekki fram hjá hv. þm., að hér er ekki um samkomulagsmál að ræða nema á milli þm. (Gripið fram í.) Er það misskilningur? Já, og hér er ekki aðeins um stundardeilumál að ræða milli sveitarfélaganna, heldur hefur logað í þessum glæðum um áratugi. Ég hef gögn um það, að um 1930 er málið flutt hér á Alþ. fyrir 38 árum síðan, og farið fram á það, að Eskifjörður fái bætt úr sínum landþrengslum og landrými aukið á svipaðan hátt og nú er farið fram á, að undir Eskifjörð félli fjarðarbotninn og landið þar inn um. En Reyðfirðingar mótmæltu. Eskfirðingar fólu þá þm. sínum, Sveini í Firði, að flytja málið, hvað hann og gerði, vafalaust af fullum þunga og myndarskap, og gerði þar grein fyrir aðstöðu, sem réttlætti það, að Eskfirðingar fengju þetta landrými. Það er upplýst í málinu 1930, að Eskifjarðarhreppur er ekki nema þriggja km grýtt og víðast sæbrött strandlengja, óræktað land og lítt ræktanlegt, þannig er lýsingin, og daglegur sólargangur er þar stuttur nema um hásumarið meira að segja. Það skín varla sól á Eskfirðinga eftir þeirri lýsingu, sem liggur fyrir hv. þm. 1930. En enn versnar, þegar menn heyra það, að Eskifjörður hefur verið svo illa settur um land, að hann hefur ekki einu sinni haft land til þess að grafa sína dauðu. Hann hefur orðið að fá það að láni hjá Reyðfirðingum allt fram á þennan dag, því að kirkjugarður þeirra mun vera þarna á svæðinu, þessum Eskifjarðarkálk, sem um er talað og á nú að færast undir Eskifjörð.

Það má því segja það, að það er ekki ofsögum af því sagt, að Eskfirðingar eru illa settir, þegar þeirra land er gróðurlítið og grýtt, ekki hægt að grafa dauða í því og sól skín varla á þá. Þetta er alveg ömurlegt, en svona er þetta og ég er ekkert að draga fjöður yfir þetta. Þetta mælir kannske á mót þeirri niðurstöðu, sem ég kemst samt að. En þessi mál eru sem sé búin að vera deilumál frá því 1930. 1931 reynir Sveinn í Firði enn að fá landakaupin samþykkt til handa Eskifjarðarhreppi. Það tekst ekki heldur. Svo er mér kunnugt um, að 1945 er þetta reynt og enn fremur 1966. En aldrei hefur Alþ. treyst sér til að höggva á hnútinn og breyta mörkum hreppanna gegn eindregnum mótmælum

annars sveitarfélagsins, sem sé Reyðarfjarðarhrepps. Og það verð ég að segja, að mér finnst afskaplega harkalegt að leysa þetta mál á þann veg, þótt það sé eftir eindreginni ósk Eskfirðinga, en gera það alveg gegn hatrömmum mótmælum Reyðfirðinga.

Breytingar á mörkum sveitarfélaga hafa sjaldan verið gerðar hér á Alþ. nema eftir samkomulagsleiðum milli sveitarfélaganna, og er mjög illt að þurfa að breyta út af því. Nú segja Eskfirðingar, að þeir þurfi mjög á landinu inn í fjarðarbotninn að halda, því að það er ekki eingöngu vandamál með kirkjugarðinn, heldur eru þeir einnig byrjaðir að byggja stór mannvirki þarna inni í fjarðarbotninum. Þar mun vera að rísa eða risin síldarverksmiðja og þar er verið að byrja að byggja aðalhöfn Eskfirðinga, og það furðulega er, að deilumálin eru nú m. a. um útsvör varðandi þessi stóru mannvirki þarna. En þar mun einmitt vera komið að mjög viðkvæmu máli. Það er talið, að áin hafi jafnvel breytt sér, og það er magnað deilumál líka frá því að hún var áður sem landamerki þarna í milli hreppanna. Og nú er mér tjáð, að þar sem Eskfirðingar vilja nú tryggja sér útsvörin af þessu stóra fyrirtæki þarna, sé um að ræða eitthvað af fátæku börnunum, sem þeir ekki vildu fá inn fyrir sín sveitarmörk 1907. Ég veit ekki fullar sönnur á þessu, en mér er sagt þetta, og það gerir málið enn þá meira viðkvæmnismál.

Það er enginn vafi á því, að Eskfirðingar sækja þetta fast og hafa lagt fast að sínum þm. og þeir tekið málið að sér nú og orðið sammála um að flytja um þetta sameiginlegt frv. En þá rísa upp mótmælin, eins og alltaf hefur gerzt á þeim 30—40 árum, sem þetta mál nær yfir. Reyðfirðingar mótmæla, og það liggja hér fyrir tvenn mótmæli, sem frsm. hefur sennilega skýrt d. frá og ég vil aðeins vekja athygli á. Það eru í fyrsta lagi mótmæli frá ábúendunum á Hólmalandi og Flateyri, sem mun vera í landi Hólma í Reyðarfirði, stórbýlisins, sem hér á að skipta. Hólmar í Reyðarfirði skiptast í tvennt, ef þetta frv. verður samþ. Þessir ábúendur á býlunum tveimur, sem eru í landi Hólma, mótmæla. En mótmælin eru viðameiri og þyngri en þetta, því að Reyðfirðingar, sveitarstjórnarmenn og íbúar Reyðarfjarðarhrepps, láta ekkert minna duga heldur en mjög harðorð og ákveðin mótmæli gegn frv. Það eru hér undirskriftaskjöl upp á 10 síður frá íbúum Reyðarfjarðarhrepps, 20 ára og eldri, og það hlýtur þess vegna að vera nærri því hvert mannsbarn af fullorðna fólkinu í Reyðarfjarðarhreppi, sem mótmælir. Þau eru örstutt, mótmælin sjálf, en því eindregnari. Með leyfi hæstv. forseta eru þau á þessa leið:

„Við undirritaðir íbúar Reyðarfjarðarhrepps, 20 ára og eldri, mótmælum eindregið af gefnu tilefni hvers konar skerðingu á Reyðarfjarðarhreppi frá því, sem hann er nú. Lítum við mjög alvarlegum augum á það, ef þm. kjördæmisins hyggjast knýja fram með lagaboði breytingu á hreppamörkum Reyðarfjarðar- og Eskifjarðarhrepps á sama tíma og yfir stendur endurskoðun á stækkun sveitarfélaga á vegum félagsmálaráðuneytisins."

Þetta niðurlag mótmælanna vakti athygli mína, og ég hafði þess vegna samband við skrifstofu Sambands ísl. sveitarfélaga og spurðist fyrir um það, hvað liði tilraunum í þá átt að sameina þessi sveitarfélög, og fékk þá vitneskju um það, að fundir hefðu verið haldnir með hreppsnefndunum þremur, Eskifjarðarhrepps, Helgustaðahrepps og Reyðarfjarðarhrepps, og mér voru send afrit af þeirri fundargerð. Af þeirri fundargerð virðist mér ljóst, að öll sveitarfélögin taka það í mál að athuga um sameiningu og sérstaklega aðgætti ég, hvernig hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps hefði tekið í það mál. Mér virðist, að hún hafi að vísu ekki verið þar hvetjandi aðili, en það, sem mér þótti máli skipta, var að ganga úr skugga um, hvort þeir hefðu ekki léð máls á sameiningu, og sé ég í fundargerðinni, að þar taka ekki aðeins einn, heldur tveir af hreppsnefndarmönnum Reyðarfjarðarhrepps það fram, að þeir séu alls ekki lokaðir fyrir þeim möguleika að sameina Eskifjarðarhrepp og Reyðarfjarðarhrepp. Einn þeirra segir, að það megi alls ekki skilja yfirlýsingu þeirra, sem þeir lögðu fram á fundinum, á þann veg, að þeir telji sameiningu útilokaða. Og annar hreppsnefndarmaður Reyðarfjarðarhrepps segir: Hún, þ. e. hreppsnefndin, er því ekki mótfallin að halda sameiginlegan fund og ræða þau mál, er nm. koma sér saman um að taka fyrir á hverjum tíma, og bætir því við, að grg. megi ekki taka sem svo, að sameining sé ekki möguleg. Og annar hreppsnefndarmaður úr Reyðarfjarðarhreppi segir, að hann telji þá Reyðfirðinga geta samþ. till. um athugun á sameiningu allra sveitarfélaganna, þ. e. a. s. Helgustaðahrepps, Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps. En þarna á að taka bara land úr landi Reyðarfjarðar og skerða þannig Reyðarfjarðarhrepp og sameina þann hluta hreppsins Eskifjarðarhreppi. Því virðast þeir vera mjög andvígir og viðkvæmir fyrir því og andvígir því.

Nú er spurningin: er búið að fullreyna þennan möguleika að leysa þetta viðkvæma deilumál milli sveitarfélaganna með sameiningu sveitarfélaganna? Mér virðist fundinum hjá sveitarstjórnarmönnunum og fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga ljúka á þann veg, að málið sé á viðræðustigi, en hvergi nærri fullreynt. En það sýnist mér, að deilumálin um mörkin þarna inni í Eskifjarðarbotninum, vandamálin um útsvarsréttindin hjá sveitarfélögunum og þeim stóru fyrirtækjum og hafnarmannvirkin á þessu umdeilda svæði, kirkjugarðinn og malartökuna og skreiðarhjallana og allt það, sem þarna skiptir máli í þessum flóknu deilumálum, sé hægt að leysa með því, að hreppamörkin hverfi þarna í burtu og Reyðarfjarðarhreppur og Eskifjarðarhreppur verði eitt sveitarfélag. Þarna eru tvö myndarleg kauptún, eins og öllum er kunnugt. Það eru nær 900 manns á Eskifirði og á 7. hundrað manns í Reyðarfjarðarkauptúni og þarna yrði því, ef þessi sveitarfélög sameinuðust, þá yrði þarna sveitarfélag með u.þ.b. 15—1600 manns.

Sveitarfélag, sem gæti fengið sterka aðstöðu á Austfjörðum og haft sinn lækni, haft sveitarstjóra og framkvæmdastjóra í sínum málum og borið slíkt vel uppi og þannig áreiðanlega fengið miklu betri starfsaðstöðu sem sveitarfélag. Kostirnir eru alveg augljósir við þetta og þessi viðkvæmu deilumál væru með því leyst, ef þetta væri hægt. En mér sýnist þetta sameiningarmál einmitt vera nú í miðjum klíðum. Annar möguleiki væri kannske til heldur en sá að kljúfa endilega í sundur land Hólma í Reyðarfirði, þess mikla og forna stórbýlis, sem mér skilst, að Reyðfirðingum sé nokkuð viðkvæmt. Þá væri hugsanlegt, að það nægði Eskfirðingum að fá land eyðijarðarinnar Borga þarna í fjarðarbotninum og að landamerki Borga og Hólma yrðu aftur sveitarmörkin, ef ekki tækist að sameina sveitarfélögin bæði.

Um það, hvort þeir möguleikar eru fyrir hendi, vita Austfjarðaþm., flm., betur. Maður skyldi þó ætla, að búið væri að fullreyna þá leið líka. Er sameiningarleiðina, að sameina hreppana, virðist mér alveg liggja skjallega fyrir mér, að ekki er búið að reyna til þrautar. En allar leiðir finnst mér, að verði að reyna til fulls, áður en öðru sveitarfélaginu er misboðið svo, að málið sé knúið fram með löggjöf á Alþ. gegn eindregnum mótmælum svo að segja hvers einasta fullorðins manns í því sveitarfélagi. Það er vandræðalaust undir öllum kringumstæðum. Úr því að málið er nú búið að vera deilumál í 30—40 ár, finnst mér varla, að það geti ráðið örlögum eða haft verulega þýðingu, þó að sameiningarmöguleiki sveitarfélaganna væri nú reyndur af fullum krafti og þetta mál, sem sætir svo eindregnum andmælum frá hendi Reyðfirðinga, verði látið bíða til næsta Alþ. og þá því aðeins flutt á ný, að ekki hefði tekizt að fá sameiginlega lausn á málinu. Ég hef því hugsað mér að flytja á þessu stigi málsins till. til rökst. dagskrár á þessa leið:

„Þar eð sameining sveitarfélaga er nú mjög á dagskrá, umr. um sameiningu umræddra sveitarfélaga eru hafnar, en ekki reyndar til þrautar og þar eð sameining Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps mundi leysa hið viðkvæma vandamál, sem frv. fjallar um, ályktar þingið að fresta afgreiðslu frv., meðan gengið er úr skugga um, hvort sameining sveitarfélaganna megi takast og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Það gæti farið svo, að athugun á þessu að reyna sameiningarleiðina tefði málið nokkra mánuði, en niðurstaðan yrði þá aldrei önnur en sú, að ef sameiningin tækist ekki, vita Reyðfirðingar það, að löggjöfin mundi koma og þá verð ég að segja, að þá yrðu þeir að sætta sig við það. En þeir hefðu átt þann möguleika að ganga til samninga um sameininguna í millitíðinni. En það er alveg greinilegt af lokum þeirrar fundargerðar, sem ég hef hérna fyrir mér, að samningaviðræður um sameiningu sveitarfélaganna eru ekki enn þá fullreyndar, því að þeir halda þar opnum leiðum, Reyðfirðingar, og segja, að það megi ekki taka yfirlýsingu þeirra þannig, að þeir séu ekki til viðræðu um málið, og annar þeirra segir m. a. s., að þeir séu alls ekki á móti sameiningu hreppanna í einhverri mynd á annan veg heldur en þann að sundurlima Hólma í Reyðarfirði og taka hluta af landi Reyðarfjarðarhrepps og leggja það undir Eskifjarðarhrepp. Því eru þeir andvígir og hafa verið það svo langt sem sögur herma, eins og ég hef nú rakið, þegar Sveinn í Firði var að berjast með þetta mál 1930 og 1931, og Alþ. hefur ekki séð sér fært fram að þessu að afgreiða málið með löggjöf gegn eindregnum vilja annars sveitarfélagsins, en að vísu samkv. eindregnum óskum hins.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er ekki til þess að fara að þræta um þetta, heldur til þess að gefa upplýsingar, sem ég vildi fá að koma hér að nokkrum orðum, áður en menn færu í matinn. Annars var mér ofarlega í huga áðan að skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki væri hægt að ljúka þessum störfum núna fyrir matinn. Er það svo mikið, sem eftir er? Ég spyr.

En varðandi málið, sem er til umr., og ræðu hv. 9. þm. Reykv. (HV) vil ég taka það fram, að strax við 1. umr. lét ég þess greinilega getið, að málið væri ágreiningsmál heima fyrir að sjálfsögðu, vegna þess að hingað koma engin önnur mál af þessu tagi en þau, sem ágreiningur er um. Ef enginn ágreiningur er um hreppamörk heima fyrir og samningar takast, þá koma málin ekki hingað. Við höfum ekki farið neitt dult með þetta að sjálfsögðu. Stundum næst ekki samkomulag heima fyrir og þá verður Alþ. að setja um þetta löggjöf.

Ég vil taka fram, að það er ekki að misbjóða neinum, þó að hér séu sett hreppamörk, sem mótmælt er heima fyrir, því að fyrir því eru mýmörg dæmi úr þingsögunni. Er skemmst að minnast, þegar Keflavíkurkaupstaður var stækkaður á kostnað Gerðahrepps, en þá voru eindregin mótmæli að sjálfsögðu gegn því af hendi íbúa Gerðahrepps. Og sjálfur man ég ekki eftir því, að nokkur hreppur hafi nokkurn tíma samþykkt að láta nokkuð, sem heitið getur, af landi til annars. Það eru eðlileg viðbrögð manna að hafa vaðið fyrir neðan sig með mótmæli, m.a. til þess að fá bætur, ef ástæða þykir til. Einmitt í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir bótum til Reyðfirðinga. Ástæðan til þess að við erum með þetta mál núna og leggjum mikla áherzlu á að fá það afgreitt einmitt nú, er sú, að hreppamörkin fá ekki staðizt lengur eins og þau eru. Það getur enginn sanngjarn maður haldið öðru fram með rökum.

Eftir að höfnin á Eskifirði var færð inn í fjarðarbotninn rúmast Eskifjarðarkauptún ekki lengur í Eskifjarðarhreppi. Það hefur raunar ekki rúmazt þar að fullu lengi vel, því að það hefur t. d. ekki verið pláss fyrir kirkjugarðinn í Eskifjarðarhreppi og ýmislegt fleira, sem orðið hefur að hafa í öðru sveitarfélagi, sem menn gjarnan vilja hafa í sínu byggðarlagi.

Menn hafa ekki hafizt handa fyrr en þeir máttu til í þessu efni, eins og gengur og gerist, þegar um

ágreining er að ræða og mótmæli. En nú er ekki lengur hægt að bíða, eftir að stefnan var tekin í hafnarmálinu.

Mörkin eru sett mjög sanngjarnlega, því að það er fylgt vatnaskilum nokkurn veginn á Hólmahálsi, og það þýðir, að Eskifjörður verður í Eskifjarðarhreppi. Innan hreppsins verður ríflega hafnarsvæðið með strandlengjunni og lítill dalur, sem inn frá fjarðarbotninum gengur, þar sem kirkjugarður þeirra Eskfirðinga er, m. a. eru að vísu þrjú býli, og ábúendur þar hafa sagt, að þeir óskuðu ekki eftir því, að breytt væri til. En slíkt verður samt að gera, eins og rökin liggja fyrir og hér hefur verið upplýst í umr.

Að lokum vil ég svo segja það varðandi sjálfa rökstuddu dagskrána um að fresta málinu til þess að reyna sameiningu, að sjálfsögðu er það eitt af því, sem við þm. höfum athugað mjög gaumgæfilega, því að það stendur enginn í því að gamni sínu að flytja svona mál og reyna að koma því í gegnum þingið, sem margir eru óánægðir með. Menn geta svo sem ímyndað sér, hvort við höfum ekki reynt allar leiðir í þessu og m. a. höfum við allir í sameiningu, þm. Austf., kynnt okkur það mjög gaumgæfilega, hvort grundvöllur væri fyrir sameiningu. Og það er sameiginlegt álit okkar, að svo sé ekki. Hv. þm. geta ímyndað sér, hvort við höfum ekki viljað, ef hægt væri, komast hjá að flytja mál, sem ágreiningur er um af þessu tagi. En það er sameiginlegt álit okkar allra, að það sé enginn jarðvegur fyrir því eins og nú standa sakir eða í næstu framtíð, að um slíka sameiningu geti orðið að ræða. Þess vegna erum við hér með þetta mál. Við teljum engan grundvöll fyrir sameiningu að vandlega íhuguðu ráði og athugðu máli.

Ég er alveg sannfærður um, að ef hv. 9. þm. Reykv. (HV), sem hér talaði áðan, hefði verið þm. fyrir Austurland og unnið með okkur að þessu máli í vetur og undanfarið, hefði hann verið með okkur flm. að þessu máli. Um það er ekkert að efast, vegna þess að það getur enginn verið þm. upp á það að láta hreppamörk standa eins og þau eru nú þarna. Við reynum að fara millileið í þessu. Við höfum ekki gengið nándar nærri eins langt og Eskfirðingar töldu nauðsynlegt, og við gerum ráðstafanir til þess, að Reyðarfjarðarhreppur fái kauparétt á jörðinni Hólmum, sem nú er í afnotum Eskfirðinga, þetta er margbrotið mál og margt gert til þess að þræða hinn gullna meðalveg, sem við teljum okkur hafa tekizt, og munum við standa reikningsskap fyrir þessu. Þetta vildi ég að kæmi fram, að málið hefur verið gaumgæfilega skoðað.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þó að það sé nú kominn kvöldmatartími og ég viti, að sumir þm. kunni að vera svangir, verðum við nú mikið á okkur að leggja fyrir stór ágreiningsmál og að gefa okkur tóm til að athuga þau, þó að komið sé nálægt páskafríinu. Ég skal nú samt ekki vera langorður um þetta mál. Það ber ekki mikið efnislega á milli. Það er viðurkennt af öllum, að Eskfirðingar hafa mikla þörf fyrir aukið landrými. Hins vegar verður ekki úr því bætt, nema því aðeins að annaðhvort fá samkomulag við Reyðarfjarðarhepp um sameiningu sveitarfélaganna eða kljúfa land af Reyðarfirði og leggja það undir Eskifjörð. Það, sem okkur ber á milli, er einungis það, að ég tel ófæra þá leið að leysa málið gegn vilja hvers einasta manns í Reyðarfjarðarhreppi. Hv. 1. þm. Austf., einn af flm., sagði það, að málið væri hér eingöngu vegna þess að það væri deilumál. Það var hér 1930, af því að það var deilumál og Sveinn í Firði kom því ekki í gegn. Það var hér líka 1931, af því að það var enn þá deilumál og því var ekki komið í gegn. Alþ. vildi ekki beita annað sveitarfélagið því ofríki að taka af því landið. Það kom hér 1945 og Alþ. féllst enn ekki á það að leysa málið á þennan veg. Það kom hér líka 1966 og enn vék Alþ. því frá sér. Og nú 1968 höfum við það og málið liggur alveg eins fyrir. Alþ. hefur í öll skiptin vísað því frá sér, af því að deilan hefur verið svo hatrömm um þetta mál. (**EystJ:** Hver flutti það 1966? Þetta er algerlega rangt.) Það er vitnað hér til þess í þskj., að það hafi einnig legið fyrir Alþ. 1966. (Gripið fram í.) Nú, ég skal ekki fullyrða það. En það er í plöggunum. En 1968 er það, og 1930 og 1931 og 1945. Það er þó ómótmælt a. m. k. En í öll skiptin hefur það verið deilumál, og Alþ. hefur ekki talið fært að leysa það þannig. Þeir segjast vera búnir að grandskoða þetta mál og vanda undirbúning þess og það hefði ég nú líka haldið um svona mál, sem er ekki alveg nýtt af nálinni, en samt var það nú svo, að eins og þeir lögðu frv. fram, var 1. gr. þess ósköp einföld í sniðum á þessa leið: „Mörk Eskifjarðarhrepps og Reyðarfjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu skulu vera um Hólmaháls eftir línu dreginni frá Hólmanestá í miðjan Hólmatind.“ En þegar þeir eru búnir að flytja frv., skrifar hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps þeim og segir: „Nei, elskurnar mínar, greinin má ekki vera svona. Hún verður að gerbreytast.“ Og þá var rokið í það að gerbreyta 1. gr. og lögð fyrir n. till. um, að hún yrði á þennan veg, með leyfi hæstv. forseta:

„Mörk Eskifjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu skulu vera sem hér segir: Frá Hólmanestá eftir línu dreginni í beina stefnu á stað 3 m í hánorður frá svonefndu Völvuleiði á Hólmahálsi og þaðan beina stefnu á austurkamb Hólmatinds. Síðan inn eggjar á vatnaskilum um Miðaftanstind og Kambafell í hæsta leiti Eskihnjúks. Eftir það gildir eldri hreppamarkalína um Tungufell og Fönn, út eggjar í Svartafell og þaðan til sjávar.“

Þarna er mjög nákvæmlega tiltekið, hvernig hreppamörkin skuli liggja, af því að þarna má ekki skeika um meira í síðasta deilumáli. Línan verður að vera 3 metra í hánorður frá svonefndu Völvuleiði á Hólmahálsi. Þetta vissu flm. ekki, þegar þeir fluttu málið, höfðu ekki gefið sér tíma til þess að vanda svo til flutningsins, að frambærilegt væri og brúklegt, og þeir flýttu sér að skrifa þeim og segja: „Nei, við verðum að breyta eiginlega megininnihaldi frv.“ Ég held, að það gæti komið til mála, að

það þyrfti að athuga málið enn þá betur. Mér virðist það.

Það varð líka að breyta 4. gr. frv. frá því, sem það var áður flutt. Það fer venjulegast svona, þegar margra flokka menn fara að sameinast um eitt mál. Þá er það venjulega annaðhvort illt mál eða vitlaust mál, og ég held, að þetta sé einmitt það. Ég er sem sé alveg sammála því, að Eskfirðingar þurfi að fá bætt úr sinni landsþröng, en það á að gerast með samkomulagi, og það er upplýst hér í þskj., að umr. eru hafnar, en þeim ekki lokið og Reyðfirðingar hafa sjálfir tekið fram, að það megi ekki skilja orð þeirra þannig, að þeir séu lokaðir fyrir sameiningu hreppanna. Sameining hreppanna er aðferðin, sem getur leyst þetta mál með friði.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 579 felld með 25:1 atkv.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 86. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 87. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. þetta er borið fram af þm. Austurl., þeim er sæti eiga í hv. Nd., og hefur nú hlotið afgreiðslu í þeirri þd., en við allir þm. Austurl. höfðum samráð um undirbúning málsins og flutning þess, svo að með þeim hætti stend ég að þessu máli ásamt samþingsmönnum mínum.

Þegar Eskifjörður var gerður að sérstöku sveitarfélagi fyrir rúmum 60 árum, þá var það mjög takmarkað landrými, sem því sveitarfélagi var ákveðið. Síðan hefur fólksfjöldi í Eskifjarðarkauptúni vaxið að miklum mun og þörf fyrir aukið athafnasvæði fer sívaxandi í kauptúninu. M. a. er nú svo háttað, að unnið er að nýrri hafnargerð og eins og mörkum þessara hreppa er nú fyrir komið, þá verður hluti af nauðsynlegum hafnarmannvirkjum utan hreppamarka Eskifjarðar. Leitað hefur verið samninga milli sveitarstjórnanna, sem hér eiga hlut að máli, um breytingar á hreppamörkunum, en samkomulag þeirra á milli hefur ekki tekizt. Þetta leiddi til þess, að hreppsnefnd Eskifjarðar leitaði til okkar þm. Austurl. um það, að við beittum okkur fyrir því, að sett yrði löggjöf um þetta mál, og af þeim ástæðum er frv. þetta fram borið.

Þetta mál hefur nú, eins og ég tók fram, fengið athugun og afgreiðslu í hv. Nd. og við, sem stöndum að flutningi málsins, höfum einnig haft samráð við sveitarstjórnirnar eftir að þetta mál kom fram, og ég tel, að málið sé nú í því formi, eins og það kemur frá hv. Nd., að báðir hlutaðeigandi aðilar geti eftir atvikum sætt sig við þessa málsmeðferð. Ég vil því leggja ríka áherzlu á, að þessi hv. þd. greiði fyrir afgreiðslu málsins. Ég legg til, að málinu verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. og ber jafnframt fram þau tilmæli til n., að hún hagi athugun málsins svo, að tryggt sé, að það geti fengið fullnaðarafgreiðslu áður en þessu þingi lýkur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 555, n. 613).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um breytingu á mörkum Eskifjarðarhrepps annars vegar og Reyðarfjarðarhrepps hins vegar, beggja í Suður-Múlasýslu, og enn fremur um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja ríkisjörðina Hólma.

Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv. á fundi sínum í dag og leggur einróma til að mæla með samþykkt þess. Einn nm. (BJ) var fjarstaddur, er málið fékk afgreiðslu í n.

Frv. hefur legið fyrir í Nd., var lagt þar fram af 4 hv. þm. Austf. og hefur fengið í gegnum allar þrjár umr. greiðan gang hingað með nokkrum breyt. og koma þær fram á þskj. 555 eða eins og frv. var samþ. í Nd., eftir 2. umr.

Rök fyrir flutningi þessa máls eru þau fyrst og fremst, að Eskifjarðarhreppur hefur átt við að búa óhagkvæm skilyrði í sambandi við ýmsar framkvæmdir og þá fyrst og fremst hafnarframkvæmdir. Framtíðarhöfn Eskifjarðar hefur nú verið valinn staður inni við fjarðarbotn, en þar á Eskifjarðarhreppur lönd. Fyrir þá sök hversu þröngt er um þarna megin fyrir Eskifjarðarhrepp, þá hefur hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps farið þess á leit, að hreppamörkum yrði breytt á þessum slóðum og gengið yfir á land Reyðarfjarðarhrepps, þannig að Eskifjörður, sem er smáfjörður inn af Reyðarfirði, verði allur í landi Eskifjarðarhrepps. Eftir að þm. Austf. höfðu verið á fundi með hreppsnefndum beggja hreppa og einhverjum fleiri áhugamönnum um þetta landamerkjamál, voru þeir allir staðráðnir í því að flytja þetta frv., þrátt fyrir andmæli hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps og ýmissa annarra íbúa þess hrepps, og megum við marka glöggt á því, hversu þessir ágætu samþingsmenn okkar telja, að hér sé mikið réttlætismál á ferðinni, og um það er ekki að efast af okkar hálfu í heilbr.- og félmn. þessarar hv. d., að þeir hafa mikið til síns máls.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um málið. Grg., sem fylgir í upphafi frv., er skýr og eðlileg á ýmsa lund. Þó varð að breyta frá því er frv. upphaflega kom fram tveim atriðum, að vísu ekki stórvægilegum en þó nægilegum til þess, að rétt þótti að koma breytingu að. Það var annars vegar í 1. gr., þar sem ákveðið er nánar um mörkin og bætt

svo um, að þau eru eða eiga að vera fullkomlega skýr úr þessu, og svo við 4. gr. í upphaflega frv. hefur verið bætt ákvæði, er varðar sölu ríkisjarðarinnar Hólma. En sú jörð, sem er merk og kunn sem prestssetur og stór og mikil jörð, ætti eftir að hin nýju mörk væru komin í gildi, að skiptast í tvo hluta. Annar hennar mundi falla til Eskifjarðarhrepps, en hinn stærri hlutinn þó verða áfram í Reyðarfjarðarheppi. Í 4. gr. eins og hún hljóðar nú, er gert ráð fyrir því, að ríkið selji jörðina, ef hreppararnir vilja kaupa, þannig að hún, eins og áður segir, kemur til með að hlutast í sundur og tilheyra sitt hvorum hreppi.

En sem sagt, höfuðrökin fyrir þessu frv. eru að sjálfsögðu þau, að það er orðið ákaflega þröngt um vik um alla starfrækslu í Eskifjarðarhreppi og þá sérstaklega í sambandi við sjávarútveg, þess vegna er talin full nauðsyn, að hreppurinn fái mjög aukið land, einmitt þarna við fjarðarbotninn beggja vegna. Og þá má geta þess, að þegar hafa Eskfirðingar byggt kirkjugarð, auk þess íþróttavöll og nokkra skreiðarhjalla í landi Reyðarfjarðarhrepps og þarna eru að rísa verksmiðjur af ýmsu tagi, síldarverksmiðjur o.fl.

Til þess að þetta megi nú allt gerast með eðlilegum hætti og nægilegt land fáist undir, er þetta frv. fram komið, og við í heilbr.- og félmn. höfum fallizt á það einróma að mæla með því, að hv. d. samþykki frv., eins og það liggur fyrir hér og var afgreitt frá Nd. við 2. umr. málsins. þar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 634).

---

67. Sveitarstjórnarlög.

Á 12. fundi í Sþ., 15. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961 [56. mál] (þmfrv., A. 61).

Á 33. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Nd., 7. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, fjallar um smábreytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 58 frá 1961. Það var flutt á síðasta Alþ. af Jóni Ísberg sýslumanni, sem nú er formaður Sýslumannafélagsins. Það var ekki útrætt þá, en er nú endurflutt í samráði við hann. Svo sem kunnugt er má kalla, að einu tekjur sýslusjóða séu sýslusjóðsgjöldin. Um þau segir svo í 101. gr. sveitarstjórnarlaga:

„Sýslunefnd skal á aðalfundi semja áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðs fyrir yfirstandandi ár. Því, sem á vantar, að tekjur sýslusjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum hans, skal jafnað niður á hreppana, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og nettótekna samkv. skattskrá, allt í hverjum hreppi fyrir sig."

Eins og segir í grg., var það skylda hreppstjóra samkv. eldri lagaákvæðum að semja skrár yfir verkfæra menn árlega og senda þær sýslumanni. Var síðan þriðjungi sýslusjóðsgjaldsins jafnað niður eftir þeim skrám samkv. framansögðu. Ákvæði um, hver semja skuli slíkar skrár, eru ekki lengur í l. Þó er þetta verk sennilega víðast hvar unnið af hreppstjórum samkv. gömlum ákvæðum. Þetta verður að vísu ekki talið mikið starf, en þó full ástæða til að leggja það niður, ef ná má sama árangri eftir öðrum leiðum. Flestum mun þykja skriffinnskan nóg, þó að úr henni dragi, þar sem hún er ónauðsynleg. Nú er þjóðskráin orðin öruggt og hentugt heimildarrit um fólksfjölda og aðsetur manna. Er því hér lagt til, að í stað orðanna „að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna" í 101. gr. sveitarstjórnarlaga komi: „að þriðjungi eftir íbúatölu". Þetta er ekki stórvægileg breyting, hvorki í orði né á borði, en horfir þó ótvírætt til hagræðis og öryggis í framkvæmd.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en legg til, að þessu frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 517).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um þetta mál og samþykkt á fundi sínum 8. marz s. l. að mæla einróma með samþykkt þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 84. fundi í Ed., 8. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 611).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Samkv. frv. þessu er lagt til að breyta 101. gr. sveitarstjórnarlaga á þann veg, að sá hluti af tekjum hreppsfélaga, sem fer til sýslusjóða og hefur verið miðaður við verkfæra menn, þ. e. á aldrinum 20—60 ára, verði í þess stað miðaður við íbúatölu viðkomandi sveitarfélags. Hér getur varla verið um stórvægilega breytingu að ræða, er hafi veruleg áhrif á gjaldabyrðir einstakra hreppsfélaga, þar sem aðeins þriðjungur tekna sýslusjóðs miðast við verkfæra menn, en ⅓ er tekinn eftir fasteignamati og ⅓ eftir samanlögðum nettótekjum og nettóeign.
Heilbr.- og félmn. mælir því einróma með því, að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 646).

---

68. Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Á 24. fundi í Sþ., 19. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum [85. mál] (þmfrv., A. 187).

Á 50. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 51. fundi í Nd., 18. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja hér fram frv. um breyt. á l. nr. 75 frá 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, ásamt hv. 5. þm. Austf., 1. þm. Vestf., 2. þm. Sunnl., 3. þm. Vesturl. og 5. þm. Norðurl. v. Samkv. l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins frá 27. apríl 1962 er ekki heimilt að veita stofnlán út á byggingar í sveitum, fyrr en þær eru fullfrágengnar, að íbúðarhúsabyggingum undanskildum. Þetta ákvæði í löggjöfinni hefur verið til mikils óhagræðis fyrir bændur, enda ekki í neinu samræmi við lánveitingar út á byggingar í þéttbýlinu, en þær munu vera taldar lánshæfar fokheldar. Eftir því sem gripahúsabyggingar hafa orðið stærri og vandaðri, hefur reynzt í fleiri og fleiri tilfellum ógerningur að ljúka þeim á einu ári og hafa þá engin föst lán fengizt út á þær það árið. Nú hefur sú regla yfirleitt verið hjá Búnaðarbankanum að veita þessi stofnlán aðeins í desembermánuði ár hvert. Ef byggingunni er því ekki lokið fyrir 15. nóv. byggingarárið, en fyrir þann tíma eiga vottorð frá byggingarfulltrúa að liggja fyrir hjá bankanum, fá bændur ekkert lán frá Stofnlánadeildinni, fyrr en að ári liðnu samkv. þessum reglum Búnaðarbankans. Lánsfé eftir öðrum leiðum hefur ekki legið á lausu að undanförnu, þó að ástandið í þeim efnum hafi aldrei verið eins slæmt og það er nú. Af þessum ástæðum hafa ýmsir bændur lagt í mikinn aukakostnað til þess að gera byggingar sínar lánshæfar fyrir tilskildan tíma, þar sem þeir hafa ekki séð neina leið til þess að standa í skilum, ef þeir yrðu af láninu það árið. Byggingar verða nógu dýrar fyrir því, þó að notuð sé full hagkvæmni við gerð þeirra og í mörgum tilfellum ofviða bændum, eins og nú er búið að þeim af hendi þjóðfélagsins. Það verður því að leita ýmissa úrræða til þess að reyna að lækka byggingarkostnaðinn, svo að framleiðslan geti undir honum staðið. Eitt af mörgum atriðum, sem verkað gæti í þá átt, er að bændur geti notað það vinnuafl, sem heimilin hafa yfir að ráða og hægt er að inna af hendi samhliða daglegum bústörfum, en við það hlýtur byggingartíminn líka að lengjast.
Ef þetta frv. næði fram að ganga, mundi það verka þannig, að margir bændur sæju sér frekar fært að byggja á lengri tíma og leggja fram meiri vinnu við byggingarnar sjálfir, og þá væri frekar hægt einnig að koma við vinnuskiptum við nágrannana til þess að lækka sem mest útlagðan kostnað.
Flm. er það vel ljóst, að brýn þörf er að gera fleiri breytingar á stofnlánadeildarlögunum, t. d. lengja lánstímann og lækka vexti. En þar sem í ljós hefur komið hér á hv. Alþ., og það mjög eftirminnilega, að meiri hl. skortir skilning eða vilja á málefnum landbúnaðarins, og það liggur þess vegna ljóst fyrir, að slíkar breytingar mundu ekki ná nú fram að

ganga, þá leggjum við þessa einu breytingu til á l. að þessu sinni í þeirri von, að hún nái fram að ganga, þar sem hún felur ekki í sér aukinn stuðning eða aukið lánsfé til bænda, heldur hagkvæmara fyrirkomulag, þar sem gert er hér ráð fyrir, að lánað verði til byggingganna í tvennu lagi eins og tíðkast með íbúðarbyggingar í sveitum og ég held allar byggingar í þéttbýli. Það má því segja, að þetta frv. sé prófsteinn á það, hvort sú regla sé ófrávíkjanleg hjá hv. stjórnarflokkum að fella allt það, sem frá stjórnarandstöðunni kemur.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. flm. sagði, að þetta frv. gæti verið prófsteinn á það, hvort stjórnarflokkarnir ætli sér áfram að fella allt, sem frá stjórnarandstöðunni kemur. Þetta er náttúrlega út af fyrir sig enginn prófsteinn á það, og það er ekki rétt, sem hv. þm. gefur í skyn með þessum orðum, að svo hafi þetta verið. Hafi stjórnarandstaðan komið með mál, sem vit var í og eðlilegt að samþykkja, hefur það verið gert. En það er bezt að segja það eins og er, að það hefur verið ákaflega sjaldan. Það er ákaflega sjaldan, sem það koma fram raunhæfar till. frá hv. stjórnarandstæðingi. Það er oftast eitthvað í því, sem er ekki aðgengilegt og ekki eðlilegt að samþykkja.

Það, sem farið er fram á í þessu frv., er allt annars eðlis, og þetta frv. eða þessi till. er ekkert ný fyrir mínum sjónum. Bankastjórar Búnaðarbankans ræddu þetta mál við mig, ég held, að það hafi verið frekar í haust heldur en á s.l. vori, og mér er kunnugt um það, að þeir telja eðlilegt að gera þessa breytingu og mér finnst það alveg eðlilegt. Út af fyrir sig kostar það ekki stofnlánadeildina meira fé, þótt þetta sé gert. Þetta er fyrirkomulagsatriði og það er rétt, sem hv. þm. sagði hér áðan, að það getur verið hagkvæmt fyrir bændur að lengja byggingartímann með því að geta sjálfir með sínu skylduliði unnið meira að framkvæmdinni heldur en annars væri gert.

Nú er það náttúrlega þannig, og það held ég, að hv. 1. flm. hljóti að vita, að bændur hafa oft fengið lán í einhverju formi út á væntanlegt stofnlán. Þeir hafa fengið víxla í Búnaðarbankanum, sem síðan hafa verið greiddir, þegar lánið hefur verið tekið út á framkvæmdina. Og þó að þetta verði tekið upp, sem ég mæli með, er ég ósköp hræddur um það, að þetta bráðabirgðalán komist ekki á stofnlánadeildarkjör, heldur verði hærri vextir af því heldur en eru í stofnlánadeildinni.

Þegar íbúðarhús eru byggð í sveitum, er lánað út á þau í áföngum til 42 ára með 6% vöxtum. Hv. 1. flm. vildi gefa í skyn, að það væru okurvextir, sem landbúnaðurinn býr við. Það má segja það. En borið saman við aðra þegna þjóðfélagsins er það ekki rétt. Og til íbúðarhúsa eru lánin veitt til 42 ára, og á þessum lánum er engin gengisklásúla eða vísitala. Þetta eru hagstæð lán og þau eru veitt í áföngum ekki aðeins tveimur, heldur að ég ætla oft í þremur, jafnvel fjórum. Með gripahúsin er þetta öðru vísi. Þau lán eru veitt til styttri tíma með 6½% vöxtum. Það eru ekki heldur okurvextir. Það eru hagstæðir vextir miðað við það, sem aðrir þegnar þjóðfélagsins búa við. Og það eru ekki heldur vísitölulán. Það eru ekki heldur gengistryggð lán, en það gæti verið æskilegt að hafa lánstímann lengri. En þá verður að geta þess, að gripahús hafa ekki alltaf verið þannig byggð, að það væri út af fyrir sig verjandi að hafa lánstímann lengri heldur en 20 ár. Um leið og lánstíminn er lengdur, verður að vanda til framkvæmdanna. Og við höfum séð það víða, að allt fram á síðustu ár hafa þessar byggingar verið misjafnar og ekki eðlilegt að lána út á þær til langs tíma.

Annars er eðlilegt að upplýsa það hér, vegna þess að hv. þm. talaði um, að ekki hefði verið flutt till. um frekari breytingar á stofnlánadeildarl. heldur en þetta, t. d. um lánstíma eða vexti, að það þarf ekki að breyta l. til þess að breyta vöxtum eða lánstíma. Það þarf ekki að breyta l. til þess að lengja lánstímann upp í 25 ár út á gripahús. Það þarf ekki heldur að breyta l. til þess að hækka eða lækka vextina, ef fært þykir. Og það hefur verið í athugun, hvort eðlilegt væri að hækka lánstímann upp í 25 ár út á gripahús, a. m. k. hafa heimild til þess, enda þá um framkvæmdir að ræða, sem teljast varanlegar og að öllu leyti vel frágengnar.

Hv. þm. sagði hér áðan, að ástandið í lánamálum landbúnaðarins hefði aldrei verið eins slæmt og nú, og að skilning vantaði hjá meiri hl. Alþingis fyrir því, sem má verða landbúnaðinum til gagns. Ég veit ekki, hvort hv. þm. telur, að hans traust vaxi við svona fullyrðingar. Svona fullyrðing gæfi vitanlega tilefni til þess að rifja upp sögu landbúnaðarmálanna og gera samanburð á stöðu landbúnaðarins í dag og meðferð stjórnvaldanna á landbúnaðinum í dag og því, sem var á meðan flokksbræður þessa hv. þm. voru við völd. En vegna þess að fundartímanum er nú að verða lokið og þetta mál er einangrað, er rétt að láta það bíða, vegna þess að til þess gefast ótal tækifæri. En þar sem hv. 1. flm. er nýr hér á Alþ. og hefur kannske ekki kynnt sér alveg til hlítar sögu fyrri ára, gæti vel verið, að það væri þess virði að fræða hann í þessum málum og gefa honum tækifæri til þess að rifja ýmislegt upp, svo að hann gæti áttað sig betur á þessum málum.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að undirstrika það, sem raunar kom fram í ræðu 1. flm., að það, að við flm. þessa frv. tökum aðeins þetta eina atriði til meðferðar í frv., stafar ekki af því, að við teljum ekki nauðsynlegt að breyta fleiru varðandi lánamál landbúnaðarins, heldur af því, eins og flm. tók fram, að við teljum þetta mál þannig vaxið, að það sé varla hægt fyrir stjórnarliðið að standa á móti þessari leiðréttingu og því nokkur von til að hún nái fram að ganga. En að frv. er ekki víðtækara, það er sannarlega ekki af því, að við teljum ekki úrbóta þörf á fleiri sviðum þessara mála. Það má að vísu segja að lánamál

landbúnaðarins hafi aldrei verið í svo góðu horfi sem nauðsynlegt hefði verið, og að sú sérstaða landbúnaðarins miðað t. d. við sjávarútveg, að þar verður að sækja fram hægt og hægt, þar er aldrei um að ræða snöggan veiðigróða til þess að byggja upp á örskömmum tíma og greiða niður á skömmum tíma stofnkostnaðarframkvæmdir, þessi mismunur hefur raunar aldrei fengizt viðurkenndur nándar nærri til fulls og lán til stofnlánaframkvæmda landbúnaðarins hafa alla tíð verið til allt of stutts tíma. En það hefur sannarlega ekki verið viðleitni í þá átt í tíð núv. hæstv. ríkisstj. að leiðrétta þetta, heldur hefur viðleitnin verið til hins gagnstæða, þó að síðar væri horfið frá því að mestu að stytta lánstímann frá því, sem hann hafði verið.

Án þess að ég ætli að fara að flytja hér langa ræðu, þá vil ég bara segja það, að mér finnst það sitja illa á hæstv. landbrh. að hælast um yfir því, hvernig þessi mál standa í dag. Það er að vísu heimilt samkv. l. um stofnlánadeildina eða þeim reglum, sem þar gilda, að lána allt að 60% til t. d. útihúsabygginga í sveitum, ég hygg, að ég fari rétt með það. En það er yfirleitt alls ekki gert, heldur miðað við enn lægri prósentu. Og hvað snertir mötin á framkvæmdunum, sem lánið er síðan miðað við, hefur í þeim efnum alls ekki verið nægilega fylgt verðhækkunum, sem orðið hafa á framkvæmdum, alls ekki. Og ef þetta er svo borið saman við það, sem gerist, t. d. við uppbyggingu við sjávarsíðuna, t. d. varðandi bátakaup, þá er það vitað mál, að það er lánað til nýbyggingar innanlands úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins og áður úr Fiskveiðasjóði og hefur verið lengi 75% af andvirði skips, sem byggt er innanlands. Og ef menn bera þetta svo saman við allt niður í 50% lánin bændanna, þá er sá samanburður ekki hagstæður fyrir landbúnaðinn, svo að ekki sé meira sagt.

Sú breyting, sem gerð hefur verið nú á seinni árum, að binda lánin við eina framkvæmd, er vitanlega alveg fráleit. Hún er álíka fráleit eins og ef sá háttur væri tekinn upp varðandi nýsmíði skipa að lána fyrst út á skipið, en láta vélina bíða þangað til á næsta ári. Þetta er svo sem álíka, því að samkv. þeim venjum, sem gilt hafa nú í seinni tíð um þetta, er gengið út frá því að lána t. d. út á hlöðuna eitt árið og fjárhúsið annað árið eða öfugt, og það er varla hægt að hugsa sér annað heldur en önnur framkvæmdin standi þá ónotuð árlangt. Og þetta er vissulega ekki til þess að greiða fyrir eða létta undir með mönnum að byggja upp hjá sér. Það er að vísu alveg rétt, sem fram kom hjá hv. frsm. og hæstv. ráðh., að í sumum tilfellum getur það verið hagkvæmt að geta byggt á lengri tíma. Það er þá hægt að nota meira vinnu heimamanna. En það á ekki alltaf við. Í sumum tilfellum eiga menn þess ekki kost að vinna verkið sjálfir vegna mannfæðar á heimilum, verða jafnvel að fá til þess vinnuflokka. Og þá er það ekki hagkvæmt að draga byggingaframkvæmdirnar á langinn. Og í annan stað getur oft staðið þannig á, að maður, sem byggir yfir fóður og fénað, jafnvel þó að hann skipti verkinu, þá sé það ekki sú skipting, sem væri hagkvæmust, að gera fyrst aðra „framkvæmdina“ eins og það er kallað og svo hina á næsta ári. Þetta má skýra með einföldu dæmi. Það er mikið farið að byggja bogaskemmur og þær eru stundum byggðar í einni lengju yfir fénað og hey og þá verður ekki skipting um miðja þessa byggingu, hún verður ekki lóðrétt, heldur verður hún lárétt. Það verður steypt fyrst undir allt húsið og síðan byggt yfir allt saman í einu, og þá fæst ekkert lán fyrra árið, þó að þá sé lokið um það bil helmingi af byggingunni, þ. e. a. s. undirstöðunni og grunninum, sem er nú mjög dýr, þá fæst ekki neitt fyrr en eftir á — og þá í tvennu lagi. Og í því tilfelli, að menn neyðist til að nota aðkeypta vinnu og þá hagkvæmara af þeim ástæðum að ljúka verkinu í einum áfanga, þá kemur sér mjög illa þessi regla um eina framkvæmd í senn.

Varðandi lánstímann er það að segja, að á nokkuð mörgum hinna síðari ára eru þær byggingar, sem gerðar eru í sveitunum og metnar eru lánshæfar, það stæðilegar, það vel til þeirra vandað yfir höfuð, — þó undantekningartilfelli séu vafalaust, sem þá ættu að síast úr í gegnum mat og skoðun byggingarfulltrúa — þá eru þessar byggingar það traustar, að það væri fullkomlega ástæða til að lána út á þær til lengri tíma heldur en gert hefur verið.

Vera má, að miðað við þá vexti, sem sumar aðrar atvinnugreinar hafa orðið að bera, séu vextir landbúnaðarins í prósentum talið ekki svo ýkjaslæmir fyrir landbúnaðinn. En það breytir engu um það, að íslenzkir atvinnuvegir hafa á síðustu árum og á stjórnartímabili hinnar svo kölluðu viðreisnar búið við okurvexti, sem hafa mjög íþyngt þeim og þeirra rekstri á alla lund. Sjávarútvegurinn gat kannske borið þetta á þeim tíma, þegar mokafli var. Landbúnaður hefur aldrei getað borið hina háu vexti. Og enn síður getur hann borið þá nú, eftir að hvort tveggja hefur gerzt, að í verðlagningarmálum landbúnaðarins hefur verið felldur dómur, sem er óhæfilegur með öllu og í annan stað hefur harðnað í ári, ekki í eitt skipti, heldur endurtekið, bæði hvað snertir fóðuröflun og eins að vetrar- og vorharðindi hafa stórlega aukið mönnum tilkostnað hvað eftir annað.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 23. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að láta í ljósi ánægju mína yfir, að hæstv. landbrh. skyldi lýsa yfir fylgi sínu við frv. Hins vegar varð ég undrandi yfir því, að hæstv. landbrh. skyldi líta þannig á, að ef frv. þetta yrði að lögum, mundi framkvæmdin verða þannig, að fyrra lánið yrði nokkurs konar bráðabirgðalán með

enn hærri vöxtum en þessi stofnlán eru með. Ég get ekki séð, að neitt sé því til fyrirstöðu, að þessi lán verði veitt t.d. í tvennu lagi með tveimur skuldabréfum eins og hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins. Ég vil ekki ætla hæstv. landbrh. það, sem þó hefði mátt lesa út úr orðum hans, að hann hefði hug á, að þessi lán yrðu með öðrum hætti og öðrum kjörum en stofnlánadeildin hefur nú í reglum sínum. Þetta er auðvitað framkvæmdaratriði, sem hann getur fyrst og fremst haft áhrif á, og ég verð nú að segja það, að mér finnst nóg komið og meira en það með þessa háu vexti, þessa háu vexti úr stofnlánadeildinni, þó að enn sé ekki gengið í þá áttina að hækka vextina, og ég verð að segja, að hafi honum í raun og veru verið alvara að framkvæma þetta frv. þannig, ef að lögum verður, að veitt verði bráðabirgðalán með víxilvöxtum, er það ekki það, sem fyrir okkur flm. vakir, heldur hitt, að út séu gefin, eins og ég sagði áðan, tvö skuldabréf, það fyrra, þegar fokhelt er og hið síðara, þegar byggingin er frágengin. En þessar vangaveltur hæstv. ráðh., að hætt sé við, að vextir verði aðrir af þessum lánum og þau séu tekin eða verði tekin til bráðabirgða, sýnir þó hitt, að honum er enn efst í huga að ganga á það lagið að hækka endalaust vextina, þar sem því verður við komið. Það er þessi árátta hans og hans fylgismanna, sem hefur orðið þess valdandi, hvernig staða landbúnaðarins er í dag.

Hæstv. landbrh. talar um vanþekkingu mína á þessum málum og segir, að það væri þess virði að fræða mig og gera samanburð á stöðu landbúnaðarins í dag og því, sem hafi verið, þegar flokksbræður mínir hafi farið með landbúnaðarmálin, svo að ég geti betur áttað mig á þessum málum. En svo ber hæstv. landbrh. við tímaleysi, að hann geri það ekki í þetta sinn og bætir við, að til þess muni gefast tóm síðar. Nú er ég ekki að halda því fram, að ég sé neitt sérstaklega vel að mér í landbúnaðarmálum, en hitt fullyrði ég, að ef hæstv. landbrh. stendur í þeirri trú, að það yrði hagstætt fyrir hann og hans flokksmenn, að þessi samanburður yrði gerður, gerir hann aðeins eitt með því, að undirstrika það greinilega, að hann skilur mjög takmarkað í þessum málum, alls ekki neitt um stöðu og framtíðarhorfur landbúnaðarins í dag. Því skildi hann það, hefði hann ekki talað svona digurbarkalega, því að í orðum hans fólst áskorun á okkur framsóknarmenn að gera þennan samanburð. Því miður er útlitið á þann veg, að í því uppgjöri mun ekki felast neitt lof á hæstv. landbrh. eða stuðningsflokka hans. Ég sagði, því miður, en í því sambandi er ég ekki að hugsa um hæstv. landbrh. eða hans skinn, heldur bændurna og þeirra afkomu og framtíð. Af þessum ástæðum verður ekki hjá því komizt að fara ofan í þessi mál, og liggja til þess fleiri ástæður en ég hef nú nefnt.

Það hafa fleiri talað digurbarkalega að undanförnu en hæstv. landbrh. Ég man ekki betur en því væri mjög haldið á lofti í þann mund, sem krónan var felld, að nú stæði þjóðin betur að vígi en áður, nú hefði hún sitt efnahagsmálaráðuneyti og þar á að skipa sprenglærðum spekingum. Nú væri vitað um stöðu hverrar greinar, a. m. k. útflutningsframleiðslunnar og ég held annarra atvinnugreina einnig. Í fyrsta sinn í sögu þjóðarinnar þurfti ekkert handahóf að vera á hlutunum, að okkur var sagt. Það var hægt að reikna nákvæmlega, hvað krónan þyrfti að lækka, svo að framleiðslan gæti aftur starfað með eðlilegum hætti án styrkja. Og nú vil ég spyrja: Var reiknað rétt? Mér sýnist það nú vera fleiri en hæstv. landbrh., sem fatast á viðreisnargöngunni. Ég veit ekki, hvað hæstv. landbrh. óskar eftir, að ég fari langt aftur í tímann til að telja upp afrek og ávirðingar flokka okkar beggja í sambandi við landbúnaðarmálin, e. t. v. allt til þess tíma, er hans flokksmenn hækkuðu krónuna upp úr fyrri heimsstyrjöldinni, sem varð til þess að eyðileggja efnahag bændanna, þannig að þeir báru ekki sitt barr eftir það um árabil. Hæstv. landbrh. vill einnig e. t. v. rifja upp, hvernig afstaða og vinnubrögð hans flokksmanna voru, þegar sú löggjöf var sett, sem efalaust hefur orðið landbúnaðinum mesta eða ein hin mesta lyftistöng á þessari öld. Þar á ég við afurðasölulögin, sem Framsfl. undir foyrstu Hermanns Jónassonar stóð að að setja og framkvæma. Mjólkurverkfallið svonefnda er staðreynd. Það fór ekki á milli mála, hverjir stóðu að því eða í hvaða tilgangi það var gert. Mjólkurverkfallið er mjög merkur kapítuli í íslenzkri búnaðarsögu, sígilt dæmi um hugarfar og starfshætti þeirra manna, sem telja sig borna til að hafa og njóta meiri réttar en almenningur í landinu hefur á hverjum tíma. Það er gott að hafa þetta hugfast, þegar við hlustum á þá menn, sem nú aðvara þjóðina um, að ef hún tekur ekki þegjandi því, sem að henni er rétt, skuli hún eða þeir hafa verra af. Og í framhaldi af því tala þessir herrar um pólitísk verkföll, sem til þess séu gerð að steypa löglega kosinni ríkisstj., tala um, að lýðræðið sé í hættu o. s. frv. En nú væri gaman að heyra álit þessara manna, sem svona tala, á mjólkurverkfallinu, sem flokksbræður þeirra gerðu fyrir rúmum 30 árum. Það var verkfall til að reyna að brjóta niður löggjöf, sem löglega kjörnir fulltrúar hér á háu Alþ. voru nýbúnir að setja. Hafi pólitískt verkfall nokkurn tíma verið gert á þessu landi, sem lýðræðinu stóð hætta af, var það þetta verkfall. Ef þeir menn, sem nú ráða Sjálfstfl., fordæma þetta verkfall, er vel, og þá geta þeir frekar vænzt þess, að þjóðin taki það alvarlega, að sagan muni ekki endurtaka sig, að Sjálfstfl. muni aldrei framar standa að ámóta verknaði og hann reyndi með mjólkurverkfallinu, þegar hann reyndi að brjóta niður þá löggjöf, sem lagði grunninn fyrst og fremst að framförum í íslenzkum landbúnaði og kom á í landinu mannsæmandi sölufyrirkomulagi á landbúnaðarvörum, sem enn er að mestu leyti byggt á, og það út af fyrir sig segir töluvert um þessa löggjöf.

Þegar rætt er um og borin saman stefna þessara tveggja flokka, Framsfl. og Sjálfstfl., í lánamálum landbúnaðarins, er aðalmunur flokkanna þessi: Á meðan Framsfl. fór með landbúnaðarmálin var stefnt að því, að búnaðarsjóðirnir, ræktunarsjóður

og byggingarsjóður, stæðu undir uppbyggingunni í landbúnaðinum. Lánin voru til langs tíma, í sumum tilfellum allt upp í 50 ár. Rentur voru 3½—4%. Sjóðirnir höfðu fast framlag úr ríkissjóði og síðan látnar í þá öðru hverju allstórar fjárhæðir, er þörfin var mest og ástæður ríkissjóðs leyfðu það. En eftir að hæstv. landbrh. tók við þessum málum var þessu alveg snúið við. Þá voru stofnlánadeildarlögin sett, en sú löggjöf var fyrst og fremst byggð þannig upp, að landbúnaðurinn, þ. e. a. s. bændurnir sjálfir, voru látnir byggja upp sjóð stofnlánadeildarinnar. Vextir voru hækkaðir um 70%, stofnlánadeildarskatturinn settur, sem hefur orðið því sem næst 3½% á raunverulegar tekjur bændanna að meðaltali árið 1966. Þetta er nú stefnumunurinn, enda hefur ekki staðið á því, að árangurinn kæmi fram, en ég kem betur að því síðar. Afrekaskrá hæstv. landbrh. í þessum málum er þessi:

1. Afnumdir úr lögum fastir vextir. 2. Styttur lánstíminn. 3. Hækkaðir vextir í stofnlánadeildinni um 70%. 4. Settur stofnlánaskattur, 1%, á seldar landbúnaðarvörur, sem hefur komizt upp í 3½%, eins og áður sagði, af raunverulegu kaupi bóndans. 5. Bannað að lána út á nema eina framkvæmd á sama ári. 6. Bannað að veita lán, nema sótt hafi verið um það fyrir þorralokin veturinn áður og að lánsloforð lægi fyrir frá bankanum, áður en framkvæmd væri hafin. 7. Haldið niðri matsgerð á öllum framkvæmdum, byggingum og ræktun.

Nú er það fjarri mér að halda því fram, að þau lán, sem byggingar- og ræktunarsjóður lánuðu, hafi verið fullnægjandi fyrir bændurna og ekki hefði verið æskilegt að hafa þessi lán hærri á þeim tíma, sem framsóknarmenn fór með þessi mál. En séu athuguð árin fyrir viðreisn, sem voru mesta framkvæmdatímabil í sögu landbúnaðarins, þá var útkoman sú, að af heildarskuldum landbúnaðarins voru föstu lánin þá yfir 60%, en lausaskuldirnar undir 40%. Á valdatíma hæstv. landbrh. hefur þetta alveg snúizt við. Nú eru föstu lánin ekki einu sinni 40% af skuldum bænda, en lausaskuldirnar komnar yfir 60%. Segir ekki þetta sína sögu um það, hvernig hafi verið unnið að þessum málum á þessum tveimur tímabilum? Ég man ekki betur en hæstv. landbrh. og hans stuðningsmenn áteldu framsóknarmenn mjög fyrir það, að svona hátt hlutfall af skuldum bænda, þ. e. a. s. 40%, skyldu vera lausaskuldir, og þeir sögðu, að nú ætti að efla stofnlánadeildina, svo að bændur söfnuðu ekki lausaskuldum eins og áður. Það er ekki nema á 6. ár síðan þau orð voru töluð, en í dag eru lausaskuldirnar komnar yfir 60%.

Á árunum 1953—1957 voru greiddar úr ríkissjóði 65.4 millj. eða rúmar 13 millj. á ári að meðaltali. Hvað skyldi þessi upphæð eiga að vera nú, svo að hún yrði hlutfallslega eins miðað við fjárlög þá og nú? Skyldi það vera hæstv. landbrh. eða flokki hans hagstætt í samanburðinum frekar en annað? Skyldi ekki mega sexfalda þessa upphæð eða því sem næst? 70 millj. eru ekki sú fjárhæð, sem þessir sjóðir fá nú úr ríkissjóði. Í verðlagsgrundvellinum stendur, að meðalvextir séu af stofnlánum 6.6% eða heldur hærri en ég reiknaði með hér áðan. Þar segir einnig, að að meðaltali séu föstu skuldirnar 80500 kr. Vextir af því eru 5313 kr. Stofnlánaskatturinn er í grundvellinum 3929 kr. eða samtals 9242 kr. Þetta eru þau vildarkjör, sem bændastéttin býr við undir stjórn hæstv. landbrh. 40% af skuldunum eru föst lán í lánasjóðum landbúnaðarins með í raun og veru 11.5% vöxtum. Þessar tölur eru upp úr verðlagsgrundvellinum, og ekki geri ég ráð fyrir því, að hæstv. landbrh. vefengi þær. En þegar framsóknarmenn fóru með landbúnaðarmálin hefðu bændur ekki þurft að borga nema 2937,50 kr. af sömu upphæð. Mismunurinn er 6305 kr. og er ekki þessi samanburður hagstæður fyrir hæstv. landbrh. Ég sagði, að þau kjör, sem bændur byggju við að þessu leyti, væru okurvextir, og ég vona, að hæstv. landbrh. neiti því ekki, að 11.5% vextir séu okurvextir.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. ræddi hér um daginn um söluskattinn á landbúnaðarvörum og fer ég því ekki út í það hér, en vil aðeins taka undir það, sem hann sagði þá, að það er vægast sagt óskynsamlegt að leggja söluskatt á þá vöru, sem á annað borð er greitt niður verð á af almannafé. Og slík skattlagning stuðlar að því, að bændur fá síður það verð, sem þeim er ætlað hverju sinni, ekki sízt þegar það fer saman, að kaupgetan minnkar innanlands og útflutningssjóðirnir reynast ekki hlutverki sínu vaxnir vegna óðaverðbólgu í landinu.

Ég sagði það í upphafi máls míns, að þegar ég hlustaði á hæstv. landbrh. tala hér s.l. fimmtudag, hefði komið í ljós, að hann gerði sér engan veginn grein fyrir því, hvaða vandamál landbúnaðurinn á nú við að glíma og hvernig útlitið er í dag eftir 7 ára setu hans sem landbrh. Hefði hann gert sér fulla grein fyrir því, hefði hann ekki gefið tilefni til þess að ræða þessi mál nú, heldur reynt að komast hjá umr. um þau og stjórn hans á þessum málum.

Því hefur verið haldið fram hér á Alþ., að 1966 hafi bændur að meðaltali haft innan við 100 þús. kr. í tekjur eða því sem næst hálfar tekjur viðmiðunarstéttanna. Ekki hefur þessu verið mótmælt eða það vefengt á neinn hátt, enda ekki auðvelt, þar sem þessar upplýsingar munu vera frá Hagstofunni komnar. Þrátt fyrir þetta var verðlagsgrundvöllurinn úrskurðaður nær óbreyttur af yfirdómi. Með þessum dómi eru lög um framleiðsluráð o.fl. brotin og það blátt áfram viðurkennt í grg., sem dómnum fylgir. L. um framleiðsluráð o. fl. fela það í sér, að verðlagningin eigi að fara þannig fram hverju sinni, að bændunum séu tryggðar svipaðar tekjur og viðmiðunarstéttirnar hafa á hverjum tíma. Þegar verðlagningin fór fram, lá það fyrir, hvernig verðlagning fyrri ára hefði reynzt bændastéttinni. Það lá fyrir, að rekstrarkostnaður hefði hækkað stórlega, t. d. að fóðurbætisgjöf hefði verið tvöfalt meiri en reiknað er með í verðlagsgrundvelli. Það var óvefengjanlegt, að afurðir hefðu verið minni, sér-

staklega af sauðfé og eftir úrtaki viðmiðunarstéttanna átti kaupgjaldsliðurinn að hækka um rúmlega 22% og enn meira, ef kaupgjaldsliðurinn hefði verið úrskurðaður samkv. gildandi l. Það var vitað, að heybirgðir voru mikið minni s.l. vetur, sem sennilega nemur yfir 200 þús. hestburðum, en þó munu hafa verið notuð á s.l. ári yfir 50 þús. tonn af kjarnfóðri. Stjórnskipuð nefnd, sem hæstv. landbrh. skipaði sjálfur, ráðlagði bændum að setja á kjarnfóður og benti á, að hagkvæmt verð væri nú á því. Nú má ætla með tilliti til reynslu fyrri ára, að í vetur þurfi a. m. k. 70 þús. tonn af kjarnfóðri og ef hart verður vorið, enn meira. Það kjarnfóður, sem var notað í fyrra, mun hafa kostað bændur um eða yfir 225 millj., en í ár sennilega ekki minna en 425 millj. miðað við það magn, sem ég miðaði við áðan, eða 200 millj. meira en í fyrra. Fyrir jólin greiddi hæstv. landbrh. ásamt öllu stjórnarliðinu atkv. á móti heimildartill. við 6. gr. fjárl., um að kjarnfóðrið yrði selt með því verði, sem á því var fyrir gengisfellingu. Hann gerði grein fyrir atkv. sínu á þá leið, að þar sem hækkunin, sem stafaði af gengislækkuninni, væri komin inn í búvöruverðið, segði hann nei.

En þá skulum við athuga það í réttu ljósi, hvernig hæstv. landbrh. skilar þessari hækkun til bænda, en sú skilagrein er í fullu samræmi við þá landbúnaðarstefnu, sem hann og hans stuðningsflokkar hafa markað og unnið eftir. Hún er reiknuð á 26600 tonn og er að krónutölu 33 millj. 647 þús., en hin raunverulega hækkun, sem af gengislækkuninni leiðir miðað við það magn, sem líklegt er, að bændurnir þurfi að nota á þessum vetri, nemur rúmum 100 millj. eða þar um bil. Sem sagt, þeir taka af bændunum um 105 millj. og skila þeim aftur 33.6 millj. Það er ekki undur, þó að hæstv. landbrh. segði það með töluverðu yfirlæti, að búið væri að setja þessa hækkun inn í búvöruverðið.

Ég man ekki betur en hæstv. landbrh. segði það, þegar hann var að koma á okurvöxtunum á stofnlánin, að lánskjörin væru ekki aðalatriðið, heldur hitt, að bændurnir fengju út úr vinnu sinni eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins. Og auðvitað eru þetta hvort tveggja stór atriði. En nú vil ég spyrja ráðh.: Hvenær hafa bændurnir verið fjær því marki en nú að ná kaupi í samanburði við það, sem viðmiðunarstéttirnar höfðu s.l. ár? Og þá komum við að aðalatriðinu: Hver borgar það, sem landbúnaðurinn þarf að fá til rekstrar á yfirstandandi ári? Það verður áreiðanlega ekki gert með afrakstri búanna, eins og nú er komið. Ekki geta kaupfélögin lánað þeim rekstrarvörur og annað, sem til þarf, og ekki er hægt að fá lán í banka, þrátt fyrir allar bankahallirnar. Hver á að borga? Fóðurbætiskaupin yfir 200 millj. kr. meiri en í fyrra. Áburðurinn hækkar um 25—30% og er talinn í heildinni muni verða 55—60 millj. Og engin hækkun hefur komið á búvöruverðið til þess að mæta þeirri hækkun og mun ekki koma fyrr en næsti verðlagsgrundvöllur kemur. E. t. v. kemur hann fyrir næstu áramót, en ekkert verður borgað með því á þessu ári. Og ofan á þetta bætist svo, að engin líkindi eru til þess, að bændurnir fái það smánarverð, sem yfirdómurinn úrskurðaði þeim, vegna þess að útflutningssjóðurinn mun sennilega ekki hafa til umráða nema 250 millj., en sterkar líkur fyrir því, að útflutningsstyrkjaþörfin verði 340—350 millj. og þá mun vanta á verðið um 4%. Hvernig því verður náð, veit ég ekki.

Bændur eiga rétt á svipuðum hliðarráðstöfunum að krónutölu samkv. úrskurði yfirdómsins eins og þeir fengu í fyrra. Nú vil ég spyrja hæstv. landbrh. að því: Eftir hvaða leiðum ætlar hann að tryggja bændum þá greiðslu? Samkv. l. um gengisráðstafanir átti sá atvinnuvegur, sem útflutningsverðmætið átti, að fá til sín gengishagnaðinn, sem því nam. Samkv. grg. yfirdóms voru ull og gærur verðlagðar á þann hátt eftir boði ríkisstj., að gengisáhrifin voru reiknuð með í verðlagningunni, sem þýddi það, að ef farið hefði verið eftir verðlagningu liðinna ára, átti að verðleggja ull og gærur sem næst heimsmarkaðsverði. Hefði verðlagningin farið fram samkv. því og eins og verð var á þessum vörum í septembermánuði s.l., hefði þurft að færa að heildinni til fast að 50 millj. yfir á kjötið. Samkv. því er gengishagnaðinum ráðstafað í raun og veru til þess að borga niður kjötverðið til neytenda og með því fer gengishagnaðurinn alls ekki til bænda. Af þessu leiðir, að samkv. l. um gengisráðstafanir eiga bændur að fá þessa upphæð, sem þessari millifærslu nemur, úr ríkissjóði. Og nú vil ég spyrja hæstv. landbrh. að því, hvort hann sé búinn að gera ráðstafanir til þess, að landbúnaðurinn fái þessa upphæð og þá, hvernig henni verður ráðstafað. Ég vil ekki trúa því að óreyndu, að landbrh. sjái ekki um það, að þessi lög nái tilgangi sínum, þ. e. lögin um gengisráðstafanir, þar sem hann hefur framkvæmd þeirra í sínum höndum samkv. l. um gengishagnað landbúnaðarins.

Annars er ekki hægt að sjá annað en staða landbúnaðarins sé slík í dag, að hann sé kominn í algert greiðsluþrot, þegar á heildina er litið. Margir bændur geta ekki borgað rentur og afborganir af stofnlánum sínum. Það er farið að auglýsa jarðir á nauðungaruppboði og verður gert í stærri stíl, ef ekki kemur eitthvað sérstakt til. Hvernig bændur eða stofnanir þeirra leysa úr kjarnfóðurvandamálinu er öllum ráðgáta, eins og á þessum málum er nú haldið. Og þá skilja menn enn síður, hvernig farið verður að því að leysa úr áburðarvandamálinu á næsta vori. En ef ekki verður hægt að tryggja bændum kjarnfóður nú, eins og ásetningurinn er, er hreinn voði fyrir dyrum. Og þar sem stjórnskipuð n. skipuð af hæstv. landbrh. sjálfum hvatti til þess að setja á kjarnfóðrið, má í raun og veru segja, að ráðh. beri að sumu leyti ábyrgð á þessum ásetningi, og verði ekki borinn tilbúinn áburður á tún í vor, er ekki von á miklu grasi hjá þeim bændum að hausti, og þá er stutt í endalokin fyrir þá bændur með búskapinn, sem þannig fara út úr því.

En það er ekki von að vel fari, þegar hæstv. landbrh. veit ekki, hvernig komið er, og reynir ekki

að skilja orsakir þess. Landbúnaðurinn í þessu landi getur ekki blómgazt nema hann búi við löng lán með mjög hagstæðum vöxtum. Hann býr nú við meira vaxtaokur en nokkur annað aðili í landinu. Stofnlánin eru með 11.5%, að stofnlánaskattinum meðtöldum.

Fyrir valdatíð hæstv. landbrh. voru þessir vextir 3.5—5%. Lánin hafa verið stytt til muna. Á tveimur síðustu árum hafa bændur aldrei staðið eins langt frá því að ná kaupi sínum miðað við viðmiðunarstéttirnar. Þó er úrskurðurinn sami verðlagsgrundvöllur, og ofan á það eiga svo að koma öll áhrif gengisfellingarinnar án teljandi hækkunar á búvöruverðið. Við þetta bætist svo enn, að engin líkindi eru fyrir því, að þetta verð náist, sem úrskurðað var. Líklega muni vanta um 4% á heildarverðið, ef ekki koma einhverjir fjármunir til, sem er því sem næst sú hækkun, sem búvöruverðið hækkaði, bæði af völdum vísitöluhækkunarinnar 1. des. og vegna áhrifa af gengislækkuninni 1. jan. Sem sagt, eins og útlitið er nú, er ekkert líklegra en bændur verði að bera alla hækkunina af gengisfellingunni bótalaust. Og þar sem bændur hafa safnað miklum skuldum undanfarin ár, er ekkert undarlegt, þó að útlitið sé á þann veg, sem ég hef lýst.

Mér er það vel ljóst, að það er ekki af því, að hæstv. landbrh. hafi ekki viljað bændastéttinni vel, að svona hefur farið, heldur af hinu, að hann hefur aldrei skilið þessi mál eða fylgzt með þeim. Dýrtíðarstefnan og vaxtaokrið orsaka það, að hlutur landbúnaðarins hefur farið stórversnandi síðari árin miðað við aðra atvinnuvegi og viðmiðunarstéttir. Í góðu árunum undanfarið fékk hann aldrei neitt af hagvextinum og nú er hann alveg afskiptur, fær enga hækkun vegna gengisfellingarinnar eða aukins tilkostnaðar og minni afurða síðasta verðlagsár. Og við þetta bætist svo óhagstætt árferði og þá er ekki enn öll sagan sögð. Hæstv. landbrh. sjálfur virðist ekki fylgjast með, hvernig komið er, ef dæma má af drýldni hans á fundi hér síðasta fimmtudag. Hann sagði: Hvað hugsa sunnlenzkir bændur nú? Ég þykist sjá, að það muni lítið þýða fyrir mig að spyrja hæstv. ráðh., hvernig hann ætli nú á 11. stundu að koma landbúnaðinum til bjargar, bæta fyrir yfirsjónir sínar á liðnum árum, bæta fyrir lagabrot, sem yfirdómurinn framdi, bæta fyrir vaxtaokrið á stofnlánunum. Hvernig hann ætlar að koma í veg fyrir, að hækkunin af áhrifum gengisfellingarinnar sligi landbúnaðinn gersamlega. Það þýðir sjálfsagt lítið að spyrja þá, sem ekki vilja skilja.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að fara að svara þessari löngu ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. Það var aðeins ein fullyrðing hans, sem ég efast mjög um, að hafi verið rétt, sem ég ætla að drepa á, og má þó vera, að svipað hafi verið um ýmsar aðrar. Hann sagði, ef ég tók rétt eftir, að tímabilið fyrir viðreisn, eins og hann orðaði það, hefði verið mesta framfaratímabil í sögu íslenzks landbúnaðar, og mér skildist þá miklu meira framfaratímabil heldur en það tímabil, sem hefur liðið síðan viðreisnarstjórnin komst að völdum. Hv. þm. nefndi að vísu engar tölur þessu máli sínu til sönnunar og hann nefndi raunar ekki, um hve langt tímabil væri að ræða, og því miður hef ég ekki hér við höndina neinar tölur til samanburðar, en ég leyfi mér samt, eins og ég sagði, að efast mjög um þessa fullyrðingu hv. þm. Ég held, að okkur, sem búum í sveitunum og höfum fylgzt með málum þar á undanförnum árum, sé það fullkomlega ljóst og það geti ekki farið fram hjá okkur, að framfarir í íslenzkum landbúnaði hafa aldrei verið meiri heldur en á þessu tímabili. Það hefur aldrei verið ræktað meira. Það hefur aldrei verið byggt meira. Það hefur aldrei verið keypt meira af tækjum og vélum heldur en á þessu tímabili. En eins og ég sagði, ég hef ekki hér við höndina tölur máli mínu til sönnunar, en ég dreg þessa fullyrðingu hv. þm. mjög í efa, þangað til ég sé það, annaðhvort frá honum eða ég er búinn að leita mér upplýsinga. Það er auðvitað auðvelt, að sjá hvort hér sé farið með rétt mál. Ég ætla ekki heldur að fara að svara árásum þessa hv. þm. á hæstv. landbrh., en ég held að ég verði að segja það alveg eins og er, að ég hygg, að það sé mikill minni hl. bænda í þessu landi, hvar í flokki sem þeir standa, hvort heldur þeir eru framsóknarmenn eða sjálfstæðismenn eða í einhverjum öðrum flokki, sem halda því fram, að núv. hæstv. landbrh. hafi aldrei skilið vandamál landbúnaðarins. Þetta finnst mér alveg furðuleg fullyrðing. Og ég hef talað við fjölmarga framsóknarmenn í þessu landi, fjölmarga framsóknarbændur, sem telja einmitt núv. hæstv. landbrh. þann ráðh., sem einna bezt hefur farið með landbúnaðarmálin.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að svara þessum tveimur aths., sem hv. 2. þm. Norðurl. v. kom með við ræðu mína. Hann sagðist efast um — en hann hefði ekki neinar tölur um það — hvernig þessi tímabil, sem ég nefndi áðan, þ. e. a. s. fyrir viðreisn og eftir, hefðu verið landbúnaðinum. Ég fullyrti, að fyrra tímabilið hefði verið mesta framfaratímabilið í sögu landbúnaðarins og ég man eftir einni tölu, sem varpar skýru ljósi á þessa fullyrðingu. Bústofnsaukningin á því tímabili, 1955—1960, var 2.7% en á tímabilinu 1960—1965 aðeins 1.2%. Þetta út af fyrir sig segir töluvert, þó að annað væri ekki. Ég sagði í minni ræðu og það er rétt, að landbrh. hefði ekki virzt skilja þessi mál, og ég dreg það af því, sem hann sagði hér áðan. Ég bara vil ekki trúa því, að hann skilji þessi mál, vegna þeirra ummæla, sem hann hafði hér s. l. fimmtudag, þegar hann sagði, að það væri mjög freistandi að bera saman, hvernig Framsfl. hefði staðið sig í sambandi við landbúnaðarmálin og svo hvernig hefði verið á þessu tímabili.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Nd., 25. jan., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til landbn. með 31 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 99. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 187, n. 577).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Landbn. Nd. hefur haft þetta mál til meðferðar. N. hefur fallizt á það, að útihúsabyggingar í sveitum séu orðnar það stórar og dýrar framkvæmdir, að ástæða sé til að heimila að afgreiða lán út á þær í tvennu lagi, og leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 94. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 95. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 187, n. 671).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. það um breyt. á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem hér liggur fyrir til 2. umr., hefur hlotið samþykki í hv. Nd. Landbn. þessarar d. hefur haft frv. til meðferðar, kynnt sér efni þess og umsögn stjórnar Búnaðarbanka Íslands, en til hennar var þetta frv. sent til umsagnar. Frv. miðar að því að heimila Stofnlánadeild landbúnaðarins að veita lán til útihúsabygginga í sveitum í áföngum eftir að þau eru orðin fokheld á sama hátt og nú á sér stað um lán til íbúðarhúsa. N. telur, að þessi breyting sé æskileg og muni stuðla að betri frágangi þeirra bygginga, sem hér um ræðir, fyrst og fremst fyrir þá sök, að mönnum gefst meira tóm til að fullgera byggingarnar, þegar hluti lánsins fæst svo fljótt sem hér er gert ráð fyrir, því byggingar gripahúsa eru nú orðnar svo kostnaðarsamar í framkvæmd og vandaðar, að víða jaðrar við kostnað við byggingu íbúðarhúss. Veltur því á miklu, að engu sé áfátt um gerð slíkra mannvirkja og allan frágang.

Í umsögn Búnaðarbanka Íslands er að finna þetta sama viðhorf og ég hef hér lýst að ráði till. landbn., enda kom það fram í ræðu, er hæstv. landbrh. flutti við 1. umr. um þetta frv. í hv. Nd., að hann hafði þá þegar rætt um það við stjórnendur Búnaðarbankans, að nauðsynlegt mundi vera að gefa bankanum heimild til að haga lánveitingum vegna þessara byggingaframkvæmda á þann hátt, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Ég hygg, að ég hafi rakið hér þau höfuðrök, sem til þess liggja, að n. leggur til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Ég tel þó skylt að geta þess, að einn nm., Jón Þorsteinsson, gat ekki mætt á fundi n., þegar málið var tekið til afgreiðslu, en aðrir nm. voru sammála um nauðsyn þess, að frv. næði fram að ganga á þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 692).

---

69. Kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar.

Á 50. fundi í Sþ., 10. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar h/f, sem eru í einkaeign [189. mál] (þmfrv., A. 569).

Á 98. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, 189. mál á þskj. 569 um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum í Áburðarverksmiðjunni h/f, sem eru í einkaeign, er flutt af meiri hl. landbn. hv. d. Svo sem marga mun reka minni til, hefur hér verið mælt fyrir a. m. k. tveimur frv. um áburðarverksmiðju á þessu þingi. Þau hafa legið fyrir landbn. til athugunar. En við umr. hér á hv. Alþ. um þau frv. beindi hæstv. landbrh. því mjög eindregið til landbn. að reyna að ná samstöðu um frv. um áburðarverksmiðju, sem miðaði að því að gera Áburðarverksmiðjuna að hreinu ríkisfyrirtæki. Þessar ástæður eru nokkuð raktar hér í stuttri grg. með þessu frv., og ég skal ekki hafa langa framsögu fyrir þessu máli, en í stuttu máli verð ég að segja það, að það tókst ekki að ná samstöðu um frv., sem væri líkt að gerð eins og t.d. það frv., sem flutt var af hv. framsóknarmönnum og sem var að verulegu leyti sniðið eftir frv., sem samið hafði verið áður að tilhlutan landbrh. og sent landbn. þingsins til athugunar. Niðurstaðan af þessum viðræðum öllum varð þess vegna þetta frv., sem hér liggur fyrir, og má að vísu segja, að ef það tekst, sem þar er áformað, að ná kaupum á hlutabréfum einstaklinga í Áburðarverksmiðjunni, sé sá hnútur leystur, sem aðallega hefur verið hér við að glíma. Það leiðir að vísu af því, að síðar verður að gera frekari breytingar á þeim lögum, sem nú gilda um Áburðarverksmiðjuna, en það verður þá líka væntanlega auðveldara að ná samstöðu um slíka lagasetningu.

Ég held, að hv. þdm. sé þetta mál allkunnugt, og ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um það, en ég vildi vænta þess, að enda þótt nú sé mjög liðið að þinglokum, þá verði möguleiki á því, ef samstaða er um efni þessa máls, að það mætti koma því í gegn, þannig að það öðlaðist lagagildi. Það er flutt, eins og ég sagði, af meiri hl. landbn. og sparast a. m. k. í þessari hv. d. þess vegna sá tími, sem ella þyrfti til þess að senda það n. til athugunar.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Í landbn. var ég andvígur því, að frv. þetta væri flutt, og vil ég gera eftirfarandi grein fyrir afstöðu minni.

Á undanförnum árum hefur oft verið um það rætt, að nauðsynlegt væri að breyta skipulagi Áburðarverksmiðjunnar h/f. Hafa þær umr. yfirleitt beinzt að því, að ríkið næði eignarhaldi á hlutabréfum þeim, sem nú eru í eigu einstaklinga og félaga. Hins vegar hefur engin athugun farið fram á því, með hverjum hætti væri eðlilegast að endurskipuleggja félagið sem traust og heilbrigt hlutafélag með útgáfu jöfnunarhlutabréfa og hlutafjáraukningu líkt og unnið hefur verið að bæði í Flugfélagi Íslands h/f og Eimskipafélagi Íslands h/f. Á það hefur þó verið bent, að í sambandi við slíka endurskipulagningu væri eðlilegt að auðvelda bændum að gerast beinir eignaraðilar að Áburðarverksmiðjunni h/f, en engin athugun hefur hins vegar verið framkvæmd á því, með hvaða hætti því yrði bezt fyrir komið. Eðlilegast virðist, að slík athugun fari fram á vegum verksmiðjunnar sjálfrar, enda er ríkið þar meiri hluta aðili. Framkvæmdastjóri Áburðarverksmiðjunnar h/f, Hjálmar Finnsson, hefur á fundi í landbn. lýst því yfir sem sinni persónulegu skoðun, að hlutafélagsformið á rekstri þessa fyrirtækis sé síður en svo til trafala og jafnframt, að engar tafir hafi þess vegna orðið á vinnu við undirbúning stækkunar og endurbóta á verksmiðjunni. Af þeim sökum er því engin ástæða til að hraða afgreiðslu málsins nú á síðustu dögum þingsins og með hliðsjón af því, hve allur undirbúningur er lélegur, legg ég til, að málinu verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hún beiti sér fyrir því við stjórn Áburðarverksmiðjunnar h/f, að þær athuganir verði gerðar á framtíðarskipulagi fyrirtækisins, sem rætt er um hér að framan.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Áður á þessu þingi flutti ég ásamt hv. 4. þm. Austf. frv. til l. um áburðarverksmiðju, eins og fram hefur komið hér áður. Þetta frv. var einfalt. Í því var lagt til, að 13. gr. l. um áburðarverksmiðju yrði felld niður, en það er sú lagagr., sem bætt var við á síðustu stundu og fól það í sér, að rekstur þessa mikla fyrirtækis skyldi falinn hlutafélagi. Og í annan stað lögðum við til, að eign einkahluthafa skyldi innleysa á nafnverði að viðbættum sparisjóðsvöxtum og enn fremur, að síðan yrði stjórn fyrirtækisins kjörin að fullu á Alþ. Tilgangurinn með þessu frv., sem hefur margsinnis verið flutt hér á undanförnum árum, var sá að gera það algerlega ótvírætt, að ríkið ætti þessa verksmiðju, því að upp höfðu komið um það raddir, sem höfðu heyrzt árum saman, að rekstrarhlutafélagið væri raunverulega orðinn eigandi verksmiðjunnar og mátti marka það sjónarmið í ræðu þess hv. þm., sem talaði hér á undan mér. Ég rakti allýtarlega við 1. umr. um frv. okkar, hvernig því var háttað, þegar þetta undarlega hlutafélag var stofnað og hvílík firra það væri, að hægt væri að líta á hlutafélagið sem eiganda verksmiðjunnar. Það á ekkert skylt við venjulegan hlutafélagsrekstur eða þær hugmyndir, sem hv. síðasti ræðumaður hefur um rekstrarfyrirkomulag í eðlilegu þjóðfélagi. Ef þetta hlutafélag hefði átt að eignast verksmiðjuna, þá hefði þar verið um að ræða ótvíræðan og stórfelldan og fráleitan fjárdrátt, því að einkaaðilar í þessu hlutafélagi lögðu aðeins fram 4 millj., ríkið lagði í upphafi fram 126 millj., en samt var því haldið fram á eftir, að þeir menn, sem lögðu fram 4 millj., hefðu á svipstundu verið orðnir eigendur að 52 millj. Og samkv. sömu kenningu ættu þeir núna að eiga um 280 millj. og þegar búið er að stækka verksmiðjuna enn, eins og fyrirhugað er, ætti eign þeirra að vera orðin 400 millj., án þess að þeir hefðu nokkuð lagt fram annað en þetta upphaflega framlag í hlutafélaginu.

Þegar ég mælti fyrir þessu frv., urðu nokkrar umr. á eftir. Hv. 5. þm. Vesturl. tók þá til máls og lýsti þar yfir því, að Alþfl. væri efnislega sammála frv. okkar. Það væri afstaða Alþfl., að Áburðarverksmiðjan hefði verið, væri og ætti að vera í eigu

ríkisins. Hæstv. landbrh. tók einnig til máls og það var mjög athyglisvert í ræðu hans, að hann lýsti þar yfir því, með leyfi hæstv. forseta:

„Get ég endurtekið það, sem ég hef sagt hér áður í hv. Alþingi, að ég tel eðlilegast, að ríkið eigi verksmiðjuna. Ég tel eðlilegast, að hlutabréfin verði innleyst. Þetta hef ég sagt hér áður. Og ég geri ráð fyrir, að meiri hl. hv. þm. vilji það í einhverju formi."

Og hæstv. ráðh. sagði einnig, að það væri ekki um annað að ræða heldur en breyta l. í þetta form. Hins vegar fékkst hæstv. ráðh. ekki til þess að láta uppi skoðun sína á því, hvernig háttað væri eignarhaldi á verksmiðjunni. Hann sagði, að lögfræðinga greindi á um þetta atriði, en þótt hann væri margspurður sjálfur, fékkst hann ekki til að segja sitt mat á þessu. Hins vegar hélt hæstv. ráðh. því fram, að þetta þyrfti ekki að vera neitt úrslitaatriði við lausn málsins. Hann taldi, að það kynni að vera framkvæmanlegt að kaupa hlutabréf einkaaðila á sanngjörnu verði, og hæstv. ráðh. sagði m.a. í því sambandi:

„Væri hugsanlegt, að þessi minni hluti í verksmiðjunni gæti farið að okra á þessum hlutabréfum? Við skulum hugsa núna, að það verði ekki samkomulag um það að innleysa hlutabréfin frá hluthöfunum. Hefur þá ekki ríkisvaldið allt í sinni hendi, hvernig farið verður með þennan minni hl.? Við gætum hugsað okkur það, að lögum yrði breytt þannig, að hlutafé yrði aukið svo og svo mikið, úr 10 millj. í 100 millj. Þetta væri boðið út og einstaklingar og fyrirtæki byðu ekki í það vegna undangenginnar reynslu, að það leyfist ekki að borga arð af bréfunum. En hver væri það þá, sem tæki bréfin annar en ríkið? Þá yrði það ríkið, sem ætti 106 millj. í verksmiðjunni, en núverandi aðrir hluthafar 4 millj. Þá færu nú hlutföllin að skekkjast."

Þetta sagði hæstv. ráðh. og áform hans var auðsjáanlega að þrýsta þessum einkahluthöfum til þess að selja bréfin á sanngjörnu verði með því að hafa uppi hótanir af þessu tagi. Og það frv., sem hér liggur fyrir frá meiri hl. landbn., er greinilega framkvæmd á þessari hugmynd. Nú get ég í sjálfu sér hugsað mér að fallast á þessa aðferð. Ég lýsti yfir því, þegar ég mælti fyrir frv. á sínum tíma, að okkur væri það engan veginn fast í hendi, að hlutabréf einkaaðila yrðu reiknuð á nafnverði að viðbættum sparisjóðsvöxtum. Við gætum hugsað okkur að gera betur við þessa einkahluthafa, og mér finnst fimmföldun á verðinu ekki vera frágangssök, ef hægt er að leysa málið á þennan hátt. Hins vegar held ég, að fyrir þurfi að liggja meira heldur en þetta frv., til þess að öruggt sé, að þessi aðferð nái tilgangi sínum. Mér virðist vera alveg óhjákvæmilegt, að hæstv. landbrh. lýsi því a. m. k. yfir hér við þessa umr., að það sé ætlun hans og ríkisstj. að flytja í upphafi næsta þings frv. um breyt. á l. um áburðarverksmiðju, þar sem 13. gr. verði felld niður. Ég held, að það sé algerlega óhjákvæmilegt, að slík viljayfirlýsing liggi nú fyrir frá hæstv. ríkisstj. og að það sé nauðsynleg forsenda þess, að hægt sé að framkvæma þau viðskipti, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég geri ráð fyrir, að þetta mál hafi eitthvað verið kannað þann tíma, sem það hefur verið til athugunar að undanförnu. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hafi einhverjar hugmyndir um það, að þessi heimild til að kaupa hlutabréfin á allt að fimmföldu nafnverði, nái fram að ganga. Það er nú svo, að það eru ekki ýkjamargir aðilar, sem þarf að ræða við í þessu sambandi. Um það bil helmingurinn af hlutabréfunum er í eigu Sambands ísl. samvinnufélaga, og ég geri ráð fyrir, að sá aðili hafi verið spurður um það, hvort hann væri reiðubúinn til að selja við þessu verði og hæstv. ráðh. muni vita það. Verulegur hluti — ég hygg 1½ millj. — er í eigu sérstaks félags, sem var stofnað í þessu sambandi, Borgarvirki heitir það, að ég hygg, og það félag er þannig skipulagt, að því er ég bezt veit, að það tekur ákvarðanir fyrir alla meðlimi sína, þannig að það eru ekki einstakir aðilar að þessu félagi, Borgarvirki, sem ákveða hvernig fer með hlutabréf þeirra, heldur tekur félagið ákvarðanir fyrir þá alla, svo að einnig þar ætti að vera hægt að fá svör.

Þriðji aðilinn er Reykjavíkurborg, og það ætti að geta legið á lausu, hver afstaða Reykjavíkurborgar er til þessa frv. Mér þætti því afar fróðlegt að fá vitneskju um þetta tvennt frá hæstv. ráðh.; í fyrsta lagi, hvernig horfur eru á því, að einkahluthafar muni fallast á þessi viðskipti og í öðru lagi, hvort ekki sé hægt að vænta algerlega öruggrar yfirlýsingar um það frá hæstv. ríkisstj., að l. um áburðarverksmiðju verði breytt þegar á næsta þingi í það horf, að eignarréttur ríkisins verði algerlega ótvíræður.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það var hér í vetur, að ég mælti fáein orð fyrir frv., sem ég flutti ásamt fleirum til l. um Áburðarverksmiðju ríkisins, sem landbn. hefur haft til meðferðar síðan og ekki treyst sér til að mæla með, eins og á stendur. En í staðinn ber meiri hl. fram nýtt frv., sem nú er hér til umr., um það, að ríkisstj. verði heimilað að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs þau hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni h.f., sem eru í einkaeign, fyrir allt að fimmfalt nafnverð.

Ég verð nú að segja það, að þó að frv., sem meiri hl. n. flytur nú, verði gert að l., þá lít ég svo á, að það sé engin trygging fyrir því, að Áburðarverksmiðjan verði gerð af hreinu ríkisfyrirtæki, því að í frv. skortir með öllu ákvæði um slíkt. Með því eina móti, að allir hluthafarnir vilji af fúsum og frjálsum vilja selja hlutabréf sín á fimmföldu nafnverði, getur slíkt átt sér stað, þ. e. a. s., að síðar sé hægt að gera Áburðarverksmiðjuna að hreinu ríkisfyrirtæki. Það þarf ekki nema 1 eða 2 hluthafa, sem ekki vilja selja bréfin sín, til þess að verksmiðjan verði áfram hlutafélag eins og hún er nú, þó að hluthöfunum hefði þá að vísu e. t. v. fækkað. Það má segja, að þetta frv. sé eins konar tilraun og með því, ef að lögum verður, er ríkisstj. gefin heimild til þess að

biðja hluthafana góðfúslega að láta bréfin sín á fimmföldu nafnverði. Það eru engin ákvæði í þessu um eignarnám. Ég vil segja það, að samningaleið er að vissu leyti í mínum augum auðvitað alltaf bezta leiðin. Ef hægt er að ná samningum, er það sú eðlilegasta og bezta leið, enda var líka í frv. okkar framsóknarmanna gert ráð fyrir slíku og sú hugmynd sett þar inn í frv., sem landbrh. hæstv. hafði í fyrra hreyft hér, að ríkisstj. keypti þessi hlutabréf. En í okkar frv. var líka ákvæði um eignarnám. Þar var gefin heimild til þess að taka þau hlutabréf eignarnámi, sem ekki fengjust keypt á þessu verði, og að mat færi fram á bréfunum. Ég verð að segja það, að þó að ég telji litlar líkur til þess, að þetta frv. nái þeim tilgangi, að Áburðarverksmiðjan verði gerð að hreinu ríkisfyrirtæki, þá tel ég þó betra en ekki, að þessi tilraun sé gerð, sem frv. gerir ráð fyrir, og mun greiða atkv. með frv.

Ég vil hins vegar taka undir það, sem hv. 3. þm. Austf. sagði, þegar hann mælti fyrir frv. meiri hl. n., að ég tel, að ef það tekst að ná kaupum á þessum hlutabréfum öllum á þessu verði, þá verði það nauðsynlegt að gera fljótlega breytingar á l. um Áburðarverksmiðju ríkisins. Og ég greiði atkv. með þessu frv. núna í þeirri trú, að þetta takist og að ný lög verði sett um Áburðarverksmiðjuna í þeim anda, sem frv. okkar framsóknarmanna gerði ráð fyrir og sem ég hef hér minnzt á.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru nú aðeins örfá orð, sérstaklega vegna þess að það var beinlínis óskað eftir því, að ég svaraði fsp., sem fram voru bornar, og önnur þeirra var eitthvað á þessa leið: Eru líkur til, að hluthafar vilji selja á fimmföldu verði?

Ég get upplýst það, að nokkrir hluthafar og líklega þeir stærstu allir hafa gefið svar um það nýlega, að þeir vildu selja á sexföldu verði, en meiri hl. n. telur nú víst hæfilegt, að bréfin séu keypt á fimmföldu verði og þess vegna er frv. flutt um heimild handa ríkisstj. til að kaupa hlutabréfin á fimmföldu verði. Ég gæti hins vegar bezt trúað því, að þessir sömu aðilar, sem buðu hlutabréfin á fimmföldu verði fyrir tveimur árum, væru jafnvel tilleiðanlegir að láta þau nú á fimmföldu verði, ef þetta frv. verður að l. og ríkisstj. hefur heimild til þess að kaupa á allt að fimmföldu verði, en ekki hærra. Þetta er nú skoðun, sem ég hef, en ekki nein vissa. Og ég teldi það eðlilegt, að hluthafar seldu á fimmföldu verði. Á það reynir, ef ríkisstj. hefur heimild, sem hún vill nota í þessu skyni.

Önnur spurningin var þessi: Verður l. breytt, ef þetta frv. verður samþ., þannig að Áburðarverksmiðjan verði hreint ríkisfyrirtæki? Það liggur í augum uppi, að ef þetta frv. verður samþ. og sú heimild notuð, sem í því felst, þá verður að breyta l. um Áburðarverksmiðjuna. Það liggur í augum uppi, að það er margt, sem þar verður að breyta, og það er meira heldur en 13. gr. Það er t. d. það, að öll stjórnin verður þá kosin af Alþ., en ekki hluti hennar af hluthöfunum, og ýmsum fleiri ákvæðum verður að breyta í gildandi l., ef hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar verða keypt.

Í sambandi við það, sem hv. 2. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að þetta frv. næði ekki tilgangi sínum, ef einhverjir hluthafar neituðu að selja, má kannske segja það, ef ekki er horft á annað heldur en aðeins það, sem sagt er í frv., en ég hygg nú eigi að síður, að ef stærstu hluthafarnir vildu selja og af þeim væri keypt, væri stigið það stórt spor í þessa átt, að það væri lítill vandi að ganga til enda það, sem þyrfti. En það var talað um, að ég hefði nú verið með hálfgerðar hótanir hér í vetur, þegar ég minntist á það, hvernig viðhorfið yrði í þessum málum, ef vissir hlutir gerðust, svo að ég tel nú ekki ástæðu til þess að vera að fara þá mörgum orðum um það, sem öllum má vera augljóst, að það eru vitanlega nógir möguleikar til, eftir að þetta frv. hefur verið samþ. og ef sú heimild verður notuð, sem í því felst, að kaupa meiri hl., kannske mestan hlutann af hlutabréfunum, þá er alveg opin leið til þess að gera það, sem nauðsynlegt er, á eftir. Og ef stærstu hluthafarnir hafa selt á fimmföldu verði, er þar kominn mælikvarði, þá er þar komið mat á bréfin, og þá er vitanlega hvenær sem er hægt að afla heimildar til eignarnáms o. s. frv., því að beint framhald af þessu hlýtur að verða ný löggjöf.

Ég tel ekki ástæðu til þess að orðlengja öllu meira um þetta, en ég tel, að það sé eðlilegt, að þetta frv. verði samþ. og á það reyni, hvort bréfin fást á því verði, sem talið er hóflegt og eðlilegt, og ef mestur hlutinn fæst á því verði, þá verði ekki ýkjamikill vandi að eignast það, sem eftir er, og ég tel, að þeir, sem kynnu að eiga lítinn hluta, mundu þá sjá sínum hag bezt borgið á eftir með því að selja eins og hinir stærri hefðu þá gert.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég vildi aðeins með nokkrum orðum þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin. Ég veit, að hæstv. ráðh. er maður varkár og segir ekki meira en hann telur sig geta staðið við. Þegar hann segir hér úr ræðustóli, að hann gæti bezt trúað því, að stærstu eignaraðilarnir muni gera þessa samninga, þá geri ég ráð fyrir, að hann viti býsna mikið um þeirra hug. Eins og ég rakti hér í dag, þá er þar í rauninni fyrst og fremst um þrjá stóra aðila að ræða, Samband ísl. samvinnufélaga, Borgarvirki og Reykjavíkurborg. Þar fyrir utan eru aðeins örsmáir aðilar, sem skipta ekki verulegu máli.

Hitt þótti mér öllu lakara, að hæstv. ráðh. vildi ekki eða fékkst ekki til að lýsa því yfir skýrum orðum, að það væri stefna hans að leggja til, að l. yrði breytt. Hann lagði það raunar á vald hluthafanna sjálfra. Hann sagði: Ef þessi viðskipti takast, leiðir af því, að l. verður breytt. En ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir Alþ., ef það vill láta þessi viðskipti takast, að það liggi alveg skýrt fyrir, að Alþ. ætlar að breyta þessum l. hvað svo sem þessir hluthafar kunna að segja í samningum. Og eins og hæstv. ráðh. benti á fyrr hér í vetur og ég vitnaði til hér áðan, þá hefur Alþ. ráð til þess að setja hlut-

höfunum kostina, ef þeir fallast ekki á sanngjörn viðskipti, þannig að ég held, að hæstv. ráðh. eigi ekki að vera neitt hikandi við það að lýsa hér yfir þeirri stefnu sinni, að þessum l. verði breytt í það horf, að eignarréttur ríkisins verði gerður ótvíræður alveg án tillits til þess, hvað hluthafarnir kunna að segja í þeim samningum, sem nú eru framundan.

ATKVGR.
Till. Eyjólfs K. Jónssonar um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 21:2 atkv.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 94. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 97. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 569, n. 670 og 680).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., til athugunar. Ekki náðist samstaða um afgreiðslu þess í n. meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og nál. á þskj. 670 ber með sér, en minni hl. mun skila séráliti. Eins og rakið er í grg. með frv., er áhugi fyrir því innan Alþ. að breyta l. um Áburðarverksmiðjuna til þess horfs, að hún verði framvegis öll eign ríkisins, en menn hafa ekki getað náð samstöðu um leiðir til þess. Það frv., sem hér er til umr., er flutt af meiri hl. landbn. Nd. og er að dómi meiri hl. landbn. þessarar hv. d. nauðsynlegur áfangi á þeirri leið, sem fara þarf til þess að koma málinu í heild fram. Það verður að teljast mjög nauðsynlegt, til þess að unnt verði að koma á þeim breytingum á verksmiðjunni, sem fyrirhugaðar eru, en þær breytingar munu verða til þess, að framleiddur verði í landinu alhliða áburður, svo ekki þurfi að flytja inn tilbúinn áburð.

Það er skoðun meiri hl. landbn., að hér sé um þjóðþrifamál að ræða, og meiri hl. getur því ekki gengið inn á skoðun minni hl., sem vill gefa innflutning á áburði frjálsan og þar standa í vegi fyrir æskilegum og nauðsynlegum vexti þessa mikilvæga iðnaðar í landinu.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frv. sérstaklega, en legg áherzlu á það álit meiri hl. n., að frv. verði samþ. og afgreitt á þessu þingi.

Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Frv. um kaup ríkissjóðs á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar h/f, sem hérna liggur fyrir, er upphaflega flutt af einhverjum ótilteknum meiri hl. landbn. í Nd. og hefur fengið samþykki þeirrar d., og meiri hl. hv. landbn. hér í Ed. hefur einnig mælt með því, að frv. verði samþ. Ég hef hins vegar sem minni hl. í landbn. gefið út um það sérstakt álit og till. í samræmi við það og kem ég síðar að efni þeirra.

Við þetta mál allt saman tel ég vert við þetta tækifæri að rifja upp tvo efnisþætti, sem þar ber hæst. Annars vegar er það, sem alkunnugt er og mörg orð hafa þegar fallið á þ. um þá ráðstöfun, að eftir að ríkið hafði komið upp verksmiðjunni eða ákveðið að leggja fé til hennar, var lögleitt að stofna skyldi hlutafélag um rekstur verksmiðjunnar, og af mörgum hefur því verið haldið fram, að þetta rekstrarfélag væri raunverulega eigandi verksmiðjunnar, en því mótmælt af öðrum. Hvað sem um það má segja, hefur hlutafélagið sem slíkt ráðið verksmiðjunni, ráðið framleiðslu hennar, ráðið verðlagi á áburði. Og að því er séð verður hefur þetta hlutafélag aldrei tekið undir það, að einhver annar væri eigandi verksmiðjunnar en það sjálft eða a. m. k. er mér ekki kunnugt um, að svo sé. Það er af því gefið að ályktа, að það hafi verið tilgangur þessa hlutafélags Áburðarverksmiðjunnar h/f að sölsa þessar reytur ríkisins undir sig sér til hagnaðar, en reksturinn á þessari verksmiðju hefur svo orðið með þeim hætti, að nú munu þessir hluthafar ekki lengur telja það mikla arðsvon að eiga hlutabréfin í þessu rekstrarfyrirtæki. Það hefur sem sagt komið upp úr dúrnum, að aðalframleiðsluvara verksmiðjunnar, Kjarninn, — enn svo heitir áburðurinn, sem hún framleiðir aðallega — hefur reynzt íslenzkum landbúnaði býsna illa, og má nú ætla, að ef ekki kæmi til einkaréttur sá, sem ríkið hefur framselt félagi þessu til áburðarsölu í landinu, mundu íslenzkir bændur fremur vilja gera áburðarkaup sín annars staðar og kaupa aðrar tegundir en þarna er um að ræða. Og það er þeim

heldur ekki láandi, því að þegar Áburðarverksmiðjan tók til starfa fyrir 14 árum, var töðufengur á íslenzkum túnum því sem næst 44 hestburðir af heyi á ha. að meðaltali. Við tilkomu verksmiðjunnar fór áburðarnotkunin stórlega vaxandi, enda töðufallið einnig hin fyrstu ár, þannig að á árinu 1957 var töðufengurinn af túnunum kominn upp í hér um bil 47 hestburði af ha., en það var líka hámark, því að síðan hefur allt sigið á ógæfuhlið, og nú er heyfengurinn af túnunum kominn niður í það að vera einhvers staðar á milli 34 og 35 hestburðir af ha., en það er minni heyfengur en var af íslenzkum túnum um aldamótin síðustu, þrátt fyrir alla aukninguna í áburðarnotkuninni.

Ef menn hugleiða það örlítið nánar, að hver hestburður af heyi mun kosta nálægt 350 kr., liggur það í augum uppi, að þessi 10 hestburða rýrnun, sem orðið hefur á heyfengnum á ha. á þeim árum, sem verksmiðjan hefur starfað, kostar 3.500 á hvern ha. á einu ári. Og enn fremur, ef tekið er tillit til þess, að ha. í rækt á íslenzkum túnum eru núna rösklega 100 þús., liggur í augum uppi, að afurðatapið, sem þarna hefur orðið á 14—15 árum, sem verksmiðjan hefur starfað, er 350 millj. kr.

Ef íslenzkur landbúnaður fengi í dag, þó ekki væri nema jafnmikið hey af túnum eins og fékkst árið, sem verksmiðjan byrjaði starf sitt, stæðu íslenzkir bændur betur að vígi í dag, og raunar er öll ástæða til að ætla, að þá væri almenn dýrtíð í landinu minni nú heldur en hún er. Ég tel þess vegna alveg einsýnt, að það sé langalvarlegasta mál íslenzks landbúnaðar í dag að bæta hér úr. Auðvitað get ég ekki fullyrt, af hverju þetta afurðatap er til komið, en það þarf furðulega glámskyggni til þess að sjá ekki, að hér eru líkur til þess, að áburðinum sé um að kenna. Það hafa einnig farið fram tilraunir hjá tilraunaráði landbúnaðarins með þennan áburð í samanburði við ýmsar aðrar áburðartegundir og vitna ég til þess, er um það segir í grg. með þáltill., sem er 124. mál þessa þings og hv. þm. Hjalti Haraldsson, sem þá var varamaður hér á þingi, flutti ásamt fleirum, þ. á m. mér. Grg. er að finna á þskj. 261. Þar er sýnt fram á það, að við tilraunir hjá tilraunaráði landbúnaðarins fæst 9.5 hestburðum minna af heyi af hverjum ha. með notkun Kjarna heldur en með öðrum þeim áburðartegundum, sem þar eru reyndar, eins og nánar er fram tekið í þeirri grg., sem ég hef vitnað í. Ég held þess vegna, að það séu ekki önnur verkefni brýnni fyrir íslenzkan landbúnað heldur en létta af honum því oki, sem hann hvílir undir með því að þurfa endilega með lögþvinguðum hætti að kaupa nákvæmlega framleiðsluna frá Áburðarverksmiðjunni h/f eða þann varning, sem hún hefur á boðstólum, og ekki annan áburð fyrr heldur en sá varningur er uppseldur. Þá getur það komið til mála, að bændur fái að kaupa eitthvað annað með.

Það er svo enn annað mál, að mér finnst ekki óeðlilegt, úr því að þessu félagi hefur haldizt uppi að reka þá verzlun með þeim árangri, sem nú liggur fyrir, að það fái að gera það enn um skeið, en þannig, að það hafi ekki einokunaraðstöðu. Það fái bara að standa frammi fyrir því gagnvart íslenzkum bændum, hvað þeir vilja kaupa af áburði. Þess vegna lít ég svo á, að það eigi ekki að leysa út þá aðila, sem ætluðu sér að sölsa undir sig eigur ríkisins og græða á þeim, þótt þeim hafi mistekizt, sízt af öllu með fimmföldu því gjaldi, sem þeir lögðu í kostnað sjálfir við þetta. Það er annað mál, að þó að slíkum aðilum, sem reynt hafa að ná undir sig eigum annarra, sé ærið oft refsað fyrir tiltækið, þá eru þeim stundum gefnar upp sakir, og mér finnst nú ekki alls kostar fráleitt, að svo verði enn að farið. En í fyrsta lagi legg ég til, að þessu frv. verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstj. bæti úr því ófremdarástandi, sem skapazt hefur með einkaleyfi Áburðarverksmiðjunnar h/f til áburðarsölu, með því að gefa innflutning á áburði frjálsan um skeið til reynslu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

En af því að ég hef orðið þess var, að Áburðarverksmiðjan h/f virðist eiga furðusterkar taugar til þingheims, þá á ég ekki beinlínis von á því, að þessi rökstudda dagskrá verði samþ., því að mér finnst það nokkuð greinilegt, að eftir að svona er komið vilji mikill hluti þm. leysa hluthafa þessara hlutabréfa út með einhverjum hætti. Því hef ég flutt hér brtt. til vara, ef rökstudda dagskráin skyldi verða felld, um það, að í stað orðanna í l. gr. frv. „fimmföldu nafnverði“ komi: nafnverði.

Ég vona svo, að hver leið, sem farin verður í þessu, þá megi betur til takast heldur en varð með þeirri stóru og dýru og afdrifaríku tilraun, sem Áburðarverksmiðjan h/f hefur haft á hendi s.l. 14 eða 15 ár.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 680 felld með 15:3 atkv.

Brtt. 680 felld með 15:3 atkv.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 693).

70. Sala Jórvíkur í Hjaltastaðahreppi.

Á 94. fundi í Nd., 8. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Jórvík í Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu [186. mál] (þmfrv., A. 542).

Á 95. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 98. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Eins og frv. þetta ber með sér, var það upphaflega flutt sem brtt. við annað frv. um jarðarsölu, sem lá fyrir þessari hv. d., en það kom í ljós við athugun þess máls, að þar voru nokkrir annmarkar í vegi, þannig að Jarðeignadeild vildi ekki mæla með því og hv. landbn. komst að þeirri niðurstöðu, að hún gæti ekki afgreitt það mál á þessu þingi. Hins vegar sendi hún þetta mál, sem borið var hér fram sem brtt. við það frv., einnig, sem venja er, bæði Jarðeignadeild og landnámsstjóra til umsagnar, og báðir þessir aðilar mæltu eindregið með, að heimiluð yrði sala á eyðijörðinni Jórvík í Hjaltastaðahreppi. Það lá fyrir áður álit hreppsnefndar Hjaltastaðahrepps, þar sem hún mælti með þessu, þannig að á þessu máli voru engir meinbugir. Þess vegna sameinaðist n. um það að flytja þetta sem sérstakt mál, og þar sem það er n., sem flytur það, þarf það ekki að ganga til hennar aftur, og ég vildi beina því til hæstv. forseta, að þetta mál gæti fengið greiðan gang í gegnum d.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 542).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 96. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 97. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Í frv. þessu felst heimild til handa ríkisstj. til að selja eyðijörðina Jórvík í Hjaltastaðahreppi í Norður-Múlasýslu Guðmundi Pálssyni, bónda í Jórvíkurhjáleigu. Þetta mál var tekið upp nokkuð snemma á þessu þ. af hv. 3. og hv. 5. þm. Austf., Jónasi Péturssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni. Þeir báru málið fram sem brtt. við frv. um heimild til að selja eyðijörðina Grísatungu í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu, en landbn. Nd. hafði það frv. þá til athugunar. Við athugun þess máls kom það í ljós, að landbn. Nd. gat ekki mælt með sölu á jörðinni Grísatungu í Stafholtstungnahreppi og þess vegna stöðvaðist það frv. í Nd. Hins vegar hafði landbn. Nd. fengið jákvæðar umsagnir frá Jarðeignadeild ríkisins og landnámsstjóra um sölu á jörðinni Jórvík, sem hér er fjallað um. Þetta leiddi til þess, að landbn. Nd. flytur það frv., sem hér er nú til 1. umr., og hefur það fengið afgreiðslu í Nd. Landbn. gerir þá grein fyrir flutningi frv., sem hér segir:

„Efni þessa frv. kom fram í brtt., er tveir þm. Austurlandskjördæmis, JP og VH, fluttu við frv. á þskj. 234 um sölu jarðarinnar Grísatungu í Mýrasýslu. Við athugun þess máls komu fram meinbugir, sem valda því, að landbn. taldi sig ekki geta mælt með samþykkt þess. En n. fékk umsögn landnámsstjóra og Jarðeignadeildar ríkisins um brtt. um sölu Jórvíkur, Hjaltastaðahreppi. Mæltu þeir aðilar báðir með sölunni. Þess vegna er frv. þetta flutt."

Þeir, sem til þekkja, telja eðlilega þá ráðstöfun, sem hér er farið fram á, og vænti ég þess, að þetta frv. nái fram að ganga, þó að nú sé stutt eftir af þinghaldi að þessu sinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 542, n. 684).
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð fyrir þessu máli. Landbn. þessarar hv. d. hafði tækifæri til að kynna sér þetta mál á meðan það enn var til afgreiðslu í Nd. og fylgjast með þeim umsögnum, sem gefnar hafa verið um þetta bæði af landnámsstjóra og Jarðeignadeild ríkisins. Hún hefur síðan skotið á stuttum fundi til að ganga frá nál., þar sem hún leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (A. 695).

71. Síldarútvegsnefnd.

Á 47. fundi í Ed., 29. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar [107. mál] (þmfrv., A. 236).

Á 48. fundi í Ed., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 5. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Þess gerist varla þörf að hafa langt mál til að kynna þetta frv. Það er flutt af sjútvn. Ed. að beiðni hæstv. sjútvmrh., en honum hafði aftur borizt beiðni um flutning þess frá sjö manna nefnd þeirri, sem skipuð var af rn. hinn 2. ágúst s.l. til að gera till. um framtíðarskipulag á sölu verkaðrar síldar til útlanda.

Nefndin hefur að sjálfsögðu orðið við beiðni hæstv. ráðh. um að flytja frv., en í því er ekki falin nein skuldbinding af einstakra nm. hálfu um að fylgja því í einstökum atriðum. Frv. gerir ráð fyrir þrennum breyt. frá núverandi löggjöf. Hin fyrsta mun í raun og veru mega teljast aðalatriði frv. og gerir ráð fyrir að fjölga nm. um einn. Verði hann skipaður eftir tilnefningu Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi sameiginlega. Það er kunnugt, að þessir aðilar, síldarsaltendur, hafa mjög óskað eftir auknum áhrifum á störf síldarútvegsnefndar, og þarna er verið að reyna að verða við þeirra beiðni.

Þá er það og nýtt í frv., að gert er ráð fyrir, að atkvæði formanns ráði úrslitum ef atkvæði eru jöfn í nefndinni.

Og loks er þriðja atriðið. Þar segir um aðsetur nefndarinnar, að hún skuli hafa skrifstofur í Reykjavík, Siglufirði og á Austurlandi, en gildandi ákvæði um það atriði er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin skal hafa aðsetur sitt á Siglufirði á síldarvertíð norðanlands og nm. eða varamenn þeirra dvelja þar þann tíma, eftir því sem nefndin sjálf ákveður. Á síldarvertíð sunnanlands skal nefndin með sama hætti hafa aðsetur í Reykjavík.“

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þetta mál um aðsetur síldarútvegsnefndar hefur orðið töluvert hitamál, ekki aðeins á Siglufirði, heldur og hlýjað mönnum hér í þingsölunum; hefur verið flutt um þetta af nokkrum hv. dm. sjálfstætt frv., þar sem gert er ráð fyrir annarri lausn þessa atriðis en í frv., sem hér liggur fyrir. Vildi ég mega beina því til hv. flm. þess frv., að þeir taki til athugunar, hvort ekki mundi hentast að flytja meginatriðin úr efni þess frv. sem brtt. við þetta frv. við 2. umr. málsins. Ég fer ekki fram á þetta af því, að ég vilji á neinn hátt gera þeirra till. lægra undir höfði, en hins vegar tekur frv. það, sem hér liggur fyrir, til fleiri atriða og mundi það því væntanlega vera „vinnuhagræðing“, sem svo mjög er í tísku nú, að afgreiða öll þau atriði, sem fram eru lögð, sameiginlega.

Ég hef þá þessi orð ekki fleiri að sinni, en mælist til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. Þar sem það er flutt af sjútvn., mun, að því er mér skilst, ekki þurfa að vísa því til n.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vildi aðeins undirstrika það, sem reyndar kom fram í framsögu hjá hv. frsm. og rækilega er tekið fram í grg. fyrir þessu frv., að einstakir nm. í sjútvn. hafa algerlega óbundnar hendur gagnvart því frv., sem hér liggur fyrir. Og eins og hv. frsm. drap á og hv. þm. er kunnugt, hefur verið flutt hér frv. fyrir allöngu síðan varðandi eitt af þeim atriðum, sem þetta frv., sem hér er nú lagt fram, snýst um, þ. e. a. s. hvar vera skuli heimili og aðalstöðvar síldarútvegsnefndar, en það frv. var flutt nokkru fyrir þingfrestun af fjórum þm. í þessari hv. d., og efni þess er að staðfesta það, að heimili síldarútvegsnefndar og varnarþing og aðalskrifstofa skuli vera á Siglufirði, svo sem verið hefur. En í þessu frv., sem hér er lagt fram, er gert ráð fyrir því, að nefndin hafi skrifstofur í Reykjavík, Siglufirði og á Austurlandi, en það frv. verður að sjálfsögðu að skilja með hliðsjón af því, sem fyrir liggur og vitað er um ætlan síldarútvegsnefndar í þessu efni, en hún er sú að flytja aðalskrifstofur síldarútvegsnefndar til Reykjavíkur og hefur síldarútvegsnefnd þegar hafið nokkurn undirbúning að því, m. a. með uppsögnum starfsmanna á Siglufirði. Ég tel þessa stefnu hjá síldarútvegsnefnd ranga. Ég tel enga þörf á því að flytja aðalstöðvar síldarútvegsnefndar. Þær hafa frá öndverðu verið á Siglufirði, og það er eðlilegt, að þær séu þar áfram. Það er betri aðstaða til þess nú en áður af ýmsum ástæðum að veita þjónustu í sambandi við nefndina á Siglufirði og samgöngur við Siglufjörð eru betri en áður fyrr. Það er að sjálfsögðu tilfinnanlegt fyrir ekki stærri stað en Siglufjörð, þegar flytja á burtu jafnveigamikla stofnun eins og síldarútvegsnefnd og þá skrifstofu, sem hún hefur haft á Siglufirði. Það er þess vegna mjög eðlilegt, að það rísi andúð gegn því þar á staðnum. Það hefur það líka gert og það er rakið í því frv., sem við fjórmenningarnir lögðum fram á sínum tíma, bæði ályktanir bæjarstjórnar Siglufjarðar og fjórðungsráðs Norðurlands, og þar eru til

tínd þau rök, sem mæla gegn þessum flutningi. Margir hv. alþm. hafa að undanförnu talað með hátíðablæ um nauðsyn þess að efla jafnvægi í byggð landsins. Ég held, að fyrsta skilyrðið til að viðhalda jafnvægi í byggð landsins sé þó það að flytja ekki burtu þær stofnanir, sem verið hafa úti á landsbyggðinni, og hingað á fjölbýlissvæðið. Vissulega mun reyna á það í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, hver alvara býr að baki slíkra yfirlýsinga hjá hv. þm.

Hv. frsm. gaf okkur, flm. hins fyrra frv., það heilræði, að við skyldum flytja brtt. við þetta frv., sem hér liggur fyrir. Við erum nú reynslunni ríkari og munum taka það heilræði til greina, þar sem okkur hefur ekki gengið greiðlega að fá okkar frv. afgreitt og því komið hér undir atkv., og munum við að sjálfsögðu freista þess að bera fram brtt. við þetta frv. sama efnis og það frv., sem við bárum fram á sínum tíma, og munum með þeim hætti reyna að fá fram vilja hv. dm. í þessu efni.

Um vinnuhagræðinguna, sem hann eygði í því sambandi, má sitt hvað segja. Ég býst við því, að það hefði allt eins mátt segja, að það hefði verið vinnuhagræðing að afgreiða þetta frv., sem fyrir lá, með nokkuð eðlilegum hætti og þá kannske reyna að koma að brtt. í sambandi við það um þau atriði, sem hér koma frekar til greina, en það er um skipun síldarútvegsnefndar.

En ég vil lýsa því yfir, að það mun verða flutt brtt. við þetta frv., og ég vænti þess, að n., sjútvn., þótt málinu sé nú ekki beinlínis til hennar vísað, taki hana til velviljaðrar athugunar. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur ekki aðeins að geyma ákvæði um aðalstöðvar síldarútvegsnefndar, heldur hefur það einnig að geyma ákvæði um breytta skipan á síldarútvegsnefnd á þann hátt að fjölga í nefndinni um einn nefndarmann, sem á að vera fulltrúi síldarútvegsmanna á tilteknum svæðum. Ekki vil ég hafa á móti því, en um leið og farið er að fjölga í nefndinni með þessum hætti, hlýtur að vakna sú spurning, hvort önnur skipan nefndarinnar að einhverju leyti komi ekki til greina. Ég verð að segja það, að ég fyrir mitt leyti sakna þess, þegar jafnmargir fulltrúar síldarútvegsmanna eiga sæti eða er ætlað að eiga sæti í síldarútvegsnefnd eins og raun ber vitni í þessu frv., þá sakna ég þess, að fulltrúum síldarsjómanna skuli ekki vera ætlað þar sæti, og ég vil mælast til þess, að nefndin taki það atriði einnig til meðferðar í sambandi við frekari athugun á þessu máli, hvort ekki væri rétt að fjölga nefndarmönnum upp í 9 og sneiða þá kannske um leið fram hjá þeim nokkuð óvenjulega hætti, en þó ekki alveg óþekktum, að láta atkv. formanns ráða, og bæta inn fulltrúa frá samtökum síldarsjómanna. Þau samtök eru fyrir hendi, eins og kunnugt er, og það gefur auga leið, að þau hafa með margvíslegu móti hagsmuna að gæta í sambandi við störf síldarútvegsnefndar. Ég verð að segja það eins og er, að mér finnst það alveg furðulegt, þegar n. hefur fjallað um þetta mál og það er samið af n., að hún skuli ekki hafa tekið atriði eins og þetta til greina og tekið það til athugunar, hvort fulltrúar síldarsjómanna ættu ekki að fá a. m. k. einn fulltrúa í jafnfjölmenna nefnd og hér er um að tefla.

Ég vil þess vegna endurtaka það, að ég vil vænta þess, að n. taki það atriði einnig mjög rækilega til athugunar, og ef ekki fæst um það efni samstaða innan nefndarinnar, vil ég a. m. k. fyrir mitt leyti áskilja mér rétt til að flytja brtt. um það efni.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þegar þetta var rætt í sjútvn., kom það fram, að við flm. mundum hafa óbundnar hendur um stuðning við frv. Ég vil strax taka það fram, að ég er á móti efni frv., eins og það liggur fyrir. Og það undrar mig mjög að kynnast því, að það skuli vera skipuð sjö manna nefnd, sem eigi að gera till. um framtíðarskipulag verkaðrar síldar til útlanda, og í þessari n. eru m.a. tveir hv. alþm. og önnur stór nöfn, og eftir margra mánaða athugun er þessi árangur það eina, sem liggur fyrir, og ekkert meira um ekki veigaminna mál en framtíðarskipulag verkaðrar saltsíldar á Íslandi. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum, og ég hugsa, að skýringin sé til. Það eru auðvitað sundurleit sjónarmið um, hvernig eigi að standa að slíku framtíðarskipulagi eins og þarf að eiga sér stað um verkaða síld á Íslandi. Af hverju? Vegna breyttra aðstæðna við að salta síld. Það er auðvitað blindur maður, sem sér það ekki, miðað við reynslu s. l. árs og undanfarandi ára, að það verður að standa öðruvísi að því að verka síld á Íslandi en verið hefur undanfarin ár og að þetta frv. leysi það vandamál er hreint út í hött frá mínu sjónarmiði, svo ég get hreint ekki dulið það. Þess vegna er það engin lausn að samþykkja þetta, því að það er aðeins bætt einum manni inn í til að ríkast lengur á fleiri fundum. Alþingi kýs 3 menn, ASÍ 1 mann, LÍÚ 1 mann, síldarsaltendafélagið fyrir norðan og austan kýs 1 og suðvesturlandsfélagið 1, samt. 7 menn kosnir í núverandi síldarútvegsnefnd. Þessi undirbúningsnefnd að frv. leggur til að bæta einum við. Ég sé engan ávinning í því út af fyrir sig, og ef á að bæta einum við, vil ég strax taka það fram, að ég teldi réttast, að hann væri fulltrúi sjómanna, eins og ég sagði á nefndarfundi, ef á að tryggja það, að þeir, sem eiga hagsmuna að gæta í þessu, fylgist með framgangi mála.

Það er mikið vandaverk, sem liggur fyrir, að ná sem mestri síld í söltun fyrir þjóðarbúið, og það verður ekki leyst nema gera sér grein fyrir því, að það þarf átak og það þarf nýtt skipulag og það þarf nýja hugsun frá síldarútvegsnefnd í því efni til að ná því markmiði, sem nauðsynlegt er. Síldin mun örugglega liggja langt frá landi, því miður, það eru allar líkur, sem benda til þess, og það verður að koma fram einhver hreyfing og einhver vilji til þess að ná þeirri síld í land eða salta hana um borð í bátunum. Enn þá hef ég ekki séð eða heyrt frá síldarútvegsnefnd svo mikið sem að hún rétti upp litla putta til þess að nálgast þetta mark, sem er lífsskilyrði fyrir okkar gjaldeyristekjur, að það sé gert verulegt átak í þá áttina að tryggja það, að

söltun sé stöðug og eins mikil og unnt er, og veitir ekki af, eins og ástatt er í þjóðarbúinu í dag. Ég er því gjörsamlega á móti því að breyta lögunum, nema það sé tekið inn, hvernig við getum betur mætt þeim vandamálum, sem við blasa í sambandi við síldarsöltun úti í hafi og sölu saltsíldar og meira átak sé gert til að vinna nýjan markað, ef það er mögulegt, því að það er vitað mál, að nú sækja aðrar þjóðir fram í því að salta á hafinu, og það er staðreynd, að verksmiðjan eða verkunarstöðin, sem hefur verið við ströndina, hefur færzt út á hafið að því er snertir freðfiskinn og er að byrja að gera það varðandi saltsíldina líka. Við verðum því að standa frammi fyrir því vandamáli, að ef síldin liggur jafn fjarri ströndinni eins og var á s.l. sumri, yfir 400 mílur, kannske 500—600 mílur, er óleysanlegt dæmi að koma henni að landi. Það þarf því stórt átak, og það má ekki bíða og full ástæða til þess, að síldarútvegsnefnd efni til ráðstefnu með þeim aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta til þess að ræða þann vanda, sem við blasir. Og ef á að fara að bæta einum manni í þetta og gera ekkert annað, sé ég engan ávinning að því — bókstaflega engan ávinning. Það er mín persónulega skoðun, og ég get ekki dulið hana strax.

Hitt er svo sjálfsagt, að það verður að ræða þau vandamál, sem fyrir liggja og reyna að finna lausn á þeim, eins og eðlilegt er, og ef nauðsyn er að bæta við fulltrúa, þannig að saltendur sem slíkir hafi aukin áhrif innan nefndarinnar, getur það verið sjónarmið út af fyrir sig. En þá er ekkert óeðlilegt, þó fulltrúi frá Samtökum síldarsjómanna komi um leið inn, þannig að þeir verði 9. Svo verð ég að segja það persónulega, að ég tel það mjög hæpið, að atkvæði eins manns ráði úrslitum í svo þýðingarmiklu máli sem þetta er, að það eigi ekki að vera öruggur meiri hl. fyrir hendi, því að hér er oft um ákvarðanir að ræða, sem skipta viðkomandi aðila mörgum tugum millj., og tel ég það mikið álag á einn mann að fá honum slíkt vald.

Jón Árnason: Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., er samið eftir að átt hafa sér stað langar viðræður milli opinberra aðila og þeirra, sem hafa með höndum að salta síld í þessu landi. Þeir, sem þekkja eitthvað til þessara mála frá fyrri árum, vita, að í dag er gjörbreytt viðhorf um framkvæmd þessara mála frá því, sem áður var. Áður en verðlagsráð sjávarútvegsins kom til sögunnar mátti segja, að það væri eðlilegt að skipa þessum málum á þann hátt, sem gert var. Þá var það meira og minna á valdi síldarútvegsnefndar að verðleggja síldina, en eftir að verðlagsráðið kom, höfðu aðilar sína fulltrúa þar, sjómennirnir og kaupendurnir, til þess að semja fyrir sig um verð síldarinnar á sama hátt og með aðrar framleiðsluvörur sjávarútvegsins, og þess vegna mætti segja, að það hefði verið eðlilegast eftir að verðlagsráðið kom til sögunnar, að þá hefði síldarútvegsnefnd verið lögð niður. Það eru engin rök, sem mæla með því, að einmitt þessi eina vörutegund af framleiðsluvörum sjávarútvegsins þurfi að hafa allt annað skipulag um stjórn framleiðslunnar og sölunnar heldur en hinar greinarnar, bæði hraðfrystur fiskur, saltfiskur og annað, sem framleitt er til útflutnings úr sjávarafurðum. Þetta er bara gamalt form, sem hér er verið að halda í, og ekkert annað og það er neikvætt. Ég tel allt neikvætt annað en að leggja síldarútvegsnefnd niður og að þeir, sem eiga síldina og hafa keypt hana af sjómönnum og útgerðarmönnum, ráði sjálfir, hvað þeir geri við hráefnið, sem þeir hafa keypt. Það er ekki nema eðlileg skipun þeirra mála, eftir að svo er komið sem nú er um vinnslu og verðlagningu á síldinni eins og öðrum greinum sjávarútvegsins.

Hitt, sem hér hefur komið fram og blandast að sjálfsögðu inn í umræður um þetta mál, er efni annars frv., sem hér hefur verið lagt fram í þessari hv. d. varðandi aðalskrifstofu og aðsetur síldarútvegsnefndar. Ég hélt, að menn væru nú alveg búnir að gera sér grein fyrir því, að ákvæðin um þetta eru algjörlega úrelt eins og ýmislegt annað í lögunum, t. d. það, að allir nefndarmenn eigi að vera með fast aðsetur á Siglufirði á meðan síld er söltuð og síldarvertíðin stendur yfir. Þrátt fyrir það, að þetta ákvæði væri í lögunum, voru menn löngu hættir að virða það nokkurs, enda voru fæstir mennirnir staðsettir á Siglufirði eftir að síldin hætti að halda sig við Norðurland eins og hún gerði áður. Það þýðir að sjálfsögðu ekkert að setja eða ætla sér að framkvæma lög, sem brjóta algjörlega í bága við eðlilega þróun, eins og þarna var að sjálfsögðu um að ræða.

Varðandi það, sem kom fram hjá þeim hv. þm., sem var að tala hér næst á undan mér, að það væri eðlilegt að bæta þarna við 9. manninum og að hann væri frá sjómannastéttinni, vísa ég bara til þess, sem ég er þegar búinn að segja, að mér finnst eðlilegt, að þeir hafi sína fulltrúa til þess að vera við verðlagningu síldarinnar eins og annarra sjávarafurða, sem sjómenn og útgerðarmenn selja, en eftir að búið er að ákveða verðið þá sé það að sjálfsögðu ekki nema eðlilegt, að þeir, sem taka á sig ábyrgðina af að koma hráefninu í bezta fáanlegt verð, hafi þetta einir með höndum, þá sé það fyrst og fremst þeirra mál, en ekki þeirra, sem hafa selt vöruna.

Því er haldið fram í þessu sambandi, að það skipti miklu, hvernig haldið sé á sölumálum gagnvart erlendum aðilum, eftir að búið er að selja síldina útflytjendum og eins og fram kom líka hjá hv. þm. að skipuleggja til frambúðar saltsíldarframleiðsluna. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að það hafa núna bara á síðasta ári stórbreytzt viðhorf í þessum málum, eftir að síldveiðarnar færðust svo mjög frá landinu eins og raun varð á, og það gefur vissulega tilefni til þess, að íhugað sé vandlega, hvort ekki sé rétt að taka upp verkun og söltun síldar á öllum stærri skipunum, sem eru við veiðar mörg hundruð mílur frá ströndinni. Og ég geri ráð fyrir því, að þá séu það útgerðarmennirnir fyrst og fremst, sem hafa á hendi ábyrgðina á því að koma þeirri vöru í verð, og það getur einmitt þurft að setja einhver ákvæði í reglugerð eða lög um það, að

þeim heimilist að framleiða vöru úti á hafinu og að þeir fái að fara með vöruna til erlendra hafna, en ekki setja hana hér fyrst í land til þess að bæta á hana aukakostnaði og rýra tekjurnar hjá skipunum. Þetta er náttúrlega mál, sem snertir útgerðina ákaflega mikið, og ég mundi skilja það mjög vel, ef útgerðarmenn vildu fá aukna aðstöðu og íhlutun einmitt um þessa meðhöndlun á saltsíldinni, því að það hlýtur að reka að því, ef síldin kemur til með að halda sig eins fjarri landinu og hún gerði á s.l. ári, að útgerðarmenn taki til alvarlegrar íhugunar að reyna að framleiða meira og minna af saltsíldinni á hafi úti, og þá skiptir það miklu máli, hvort þeir geta farið í erlenda höfn, sem kannske er ekki mikið lengra í sumum tilfellum heldur en að koma með síldina til Íslands, og selja hana þar á miklu hærra verði en þeir fá fyrir að afhenda hana hér til frekari umskipunar og aukins kostnaðar fyrir framleiðslugreinina.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja við þessa umr. frekar um þetta mál. Það er búið að skýra frá því, að það muni koma ýmsar brtt. við þetta frv. á meðan það verður til meðferðar í þessari hv. d., og gefst þá að sjálfsögðu tækifæri til að ræða málið nánar.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., 8. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil í framhaldi af því, sem sagt var við þessar umræður í fyrradag, bæta hér nokkrum orðum við og undirstrika það, að ég tel, að nýtt viðhorf blasi við varðandi það að tryggja söltun á síld hér á landi eða um borð í skipunum úti á hafi.

Það hefur nú komið í ljós, að það eru fleiri en ég um þessa skoðun, og m.a. hefur síldarútvegsnefnd séð ástæðu til þess að boða til fundar með nokkrum aðilum um það vandamál, sem liggur fyrir, og verður sá fundur haldinn síðdegis í dag. Þó greinir menn mjög á um það, hvað hlutverk síldarútvegsnefndar sé víðtækt, og segja flestir eða allir þeir fulltrúar, er í n. sitja, að verk síldarútvegsnefndar sé einfaldlega að selja síldina, hafa síðan eftirlit að nokkru leyti með söltun og búið. Eða eins og segir í lögunum: „Síldarútvegsnefnd skipuleggur og hefur eftirlit með verkun saltaðrar síldar, svo og með útflutningi hennar, eins og nánar er kveðið á um í l. þessum."

Ég fæ ekki séð, að það sé ástæða til að breyta lögum um síldarútvegsnefnd, nema gera sér grein fyrir því verkefni, sem þeirri hv. n., sem átti að undirbúa þetta frv., var falið í erindisbréfi: „að gera tillögur um framtíðarskipulag á sölu verkaðrar síldar til útlanda". Og þá hlýtur hið nýja viðhorf, sem hefur skapazt varðandi verkun á saltsíld, að verða þungt á metunum. Það finnst mér persónulega.

Því miður er ekki nein ákveðin stofnun hér á landi, sem telur sér skylt að hafa forustu í því efni að tryggja það, að vel sé fylgzt með því, að hægt sé að koma síld að landi. Þó stendur í lögum Fiskifélags Íslands, með leyfi forseta, í 3. gr., að markmið félagsins sé „að vinna að eflingu útvegs og fiskiðnaðar með rannsóknum, tilraunum, fjárstyrkjum og leiðbeinandi eftirliti" og skv. 4. gr. „að stuðla að sem nánastri samvinnu útvegsmanna í öllum greinum, svo sem sameiginlegum innkaupum á nauðsynjum til útgerðar, góðri hagnýtingu aflans, aukinni vöruvöndun og sem hagkvæmastri afurðasölu." Því miður hefur Fiskifélagið ekki haft bolmagn til þess að fylgja þessu eftir og hefur ekki enn. En þær breyttu aðstæður, sem skapazt hafa, sýna okkur það, að það verður ekki lengur setið auðum höndum og við verðum að bregðast við á nýjan hátt, og einhver aðili í þjóðfélaginu, hvort það er ríkisvaldið eða samtök sjávarútvegsins, verður að hafa forustu um það að reyna að gera eitthvað til þess að ná í síldina, sem því miður eftir öllum sólarmerkjum að dæma mun liggja fjarri landinu næsta sumar. Það er skoðun mín, og ég veit, að ég er ekki einn um hana, að verði ekki gert átak til að salta um borð í júlí og jafnvel ágúst, missum við af sölumöguleikum.

Ég vil benda hv. þm. á það, að það eru ákveðin tímamót í söltun saltsíldar, ekki aðeins hjá Íslendingum, heldur líka Norðmönnum og Rússum. Þessar þjóðir hafa nú tileinkað sér sömu tækni og við og voru mjög fljótir að ná henni, þ.e.a.s. nota kraftblokkina og nótaveiðar úti á opnu hafi á einu skipi. Og Rússar hafa komið hér með stóran flota og eru þegar byrjaðir að salta mikið á hafinu og hafa til þess móðurskip, og kostnaðarhlið þeirra er allt önnur og skiptir minna máli gagnvart allri framkvæmd verkunarinnar en hjá okkur, því að það er ríkið, sem rekur allan flotann og alla starfsemina. Við lendum því í harðri samkeppni við Rússa, sem hafa verið okkar stærstu kaupendur til skamms tíma. Nú geta þeir boðið fyrsta flokks vöru, glænýja, saltaða síld. Og Norðmenn eru að byrja á því líka. Að vísu hafa norsk reknetaskip saltað árum saman á hafinu, en sú afkastageta var það takmörkuð, að hún var ekki bein ógnun við okkar framboð á saltsíld. Ég legg því til, að miklu víðtækari breyting verði gerð á frv. um síldarútvegsnefnd en aðeins að fjölga í nefndinni og gera smá tilfærslu í viðbót. Ég vildi þess vegna, eins og ég sagði í fyrri umr., leggja til, að það væri athugað gaumgæfilega aftur í nefndinni, hvort ekki væri nauðsyn að taka tillit til hins breytta viðhorfs og koma því inn í frv.

Karl Sigurbergsson: Herra forseti. Með frv. því frá sjútvn. hv. d., sem hér er til umr. og fjallar um breyt. á l. um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, fylgir grg., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. þetta flytur n. að beiðni hæstv. sjútvmrh., en honum hafði borizt beiðni um flutning þess frá

sjö manna nefnd, sem skipuð var af rn. hinn 2. ágúst s.l. til að gera till. um framtíðarskipulag á sölu verkaðrar síldar til útlanda.“ Enn fremur segir í grg., að einstakir nm. geri fyrirvara um, að þeir hafi frjálsar hendur um afstöðu til efnisatriða frv. og brtt., sem fram kunna að koma.

Ég hef leyft mér að nota þennan fyrirvara af þeirri ástæðu, að ég get ekki verið sammála þeirri breytingu, sem hér er lagt til að gerð verði. Það er í fyrsta lagi vegna þess, að upphaflega hefur verið ætlazt til, að mér skilst, að gerð verði gagnger breyting á skipulagi síldarútvegsnefndar og þar með lögð drög að framtíðarskipulagi á sölu verkaðrar síldar til útlanda. Ég get ekki komið auga á gagngera breytingu hér í þessu frv. og enn síður framtíðarskipulag. En eftir því, sem hæstv. sjútvmrh. upplýsti hér rétt áðan, þá mun þessi sjö manna nefnd ekki hafa lokið störfum og þess er kannske að vænta, að hún geri einhverjar gagngerar breytingar á framtíðarskipulaginu. Sú breyting, sem lagt er til að gerð verði, er í stuttu máli sú, að fjölgað verði í síldarútvegsnefnd um einn mann, þ.e. úr 7 mönnum í 8. Og þessi eini maður, sem við bætist, á að vera tilnefndur af tveim aðilum sameiginlega, þ.e.a.s. Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Nú má það vera, að þessir tveir aðilar hafi sérstakra hagsmuna að gæta umfram aðra, svo ég sé ekki ástæðu til að vera að amast við því, þó þeim sé hvorum um sig gefinn kostur á að eiga einn og hálfan fulltrúa í nefndinni, ef þeir á annað borð geta komið sér saman um þessa helmingaskiptareglu. En ég get ekki fallizt á, að þetta feli í sér neina gagngera breytingu, aðeins fleiri ósammála menn, fleiri menn með gamaldags hugmyndir, já, steinrunnar hugmyndir. Í öðru lagi get ég ekki fallizt á þetta frv. að því leyti, að þar er einum nm. gefið allt of mikið vald, þ.e.a.s. nefndarformanni, þar sem lagt er til, að séu jöfn atkvæði við atkvæðagreiðslu í nefndinni, ráði atkvæði formanns úrslitum.

Ég tek undir orð hv. 5. landsk. þm., er hann sagði hér í hv. d. í fyrradag eitthvað á þá leið, að vafasamt væri að gefa einum manni slíkt úrskurðarvald, ef um málefni væri að ræða, sem gæti haft úrslitaþýðingu og varðaði ýmsa aðila háum fjárhæðum. Það er einmitt með tilliti til þessarar stefnu í skipan nefndarinnar, sem ég hef leyft mér að leggja fram brtt. við frv. og get eigi látið hjá líða að fara nokkrum orðum um hana, með leyfi hæstv. forseta, vegna þess að þetta mun vera síðasti dagur minn hér á þingi að sinni. Í brtt. legg ég til, að í stað orðanna „8 mönnum“ í 2. málsgr. 1. gr. komi: 9 mönnum, í stað orðanna „5 menn“ komi: 6 menn og við málsliðinn bætist: og einn eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en það er eins og kunnugt er samband stéttarfélaga yfirmanna á far- og fiskiskipum. Með þessu fer ég inn á sjónarmið hv. 5. landsk., er hann lýsti hér yfir í fyrradag, að hann vildi að einum sjómanni væri bætt í nefndina. Ég get ekki séð, að það spilli neinu, ef á annað borð á að gera þessa nefnd fjölmenna, sjómenn hafa þar hagsmuna að gæta engu síður en aðrir. Og með því væri komið í veg fyrir, að einn maður í nefndinni hefði allsherjarúrskurðarvald, ef atkvæði yrðu jöfn. Hins vegar er það svo, að ég er ekki fyllilega ánægður með þessa úrlausn.

Um þriðja atriði frv. væri ýmislegt hægt að segja, en ég ætla ekki að orðlengja um það atriði, aðeins þetta til þeirra manna, sem á því hafa mestan áhuga: Ef á að staðsetja skrifstofu síldarútvegsnefndar annars staðar en segir skýrt til í gömlum l. þar um, að skrifstofan skuli vera á Siglufirði meðan á síldveiðum stendur, þá verður að ganga frá því, að nefndin sé einnig á þeim stað, sem skrifstofan er á á hverjum tíma. Slíkt ástand, sem gilt hefur og verið í „praxis“ á undanförnum árum, að skrifstofan sé norður í landi, en nefndin staðsett í Reykjavík og aðilarnir, sem þurfa að sækja eitthvað til nefndarinnar og skrifstofunnar, þurfi fyrst að skrifa skrifstofunni á Siglufirði, svo þurfi skrifstofan á Siglufirði að skrifa til nefndarinnar í Reykjavík, bíða eftir svari þaðan og afhenda það svo til aðila austur á landi og hér og þar um landið, þetta er framkvæmd, sem ekki er hægt að búa við. Það er álit mitt, að lög um síldarútvegsnefnd þyrftu gagngerðrar breytingar við, því mér er kunnugt um, að skipan og störf hennar hafa verið misjafnlega séð af mörgum á undanförnum árum og þá sérstaklega sjómannastéttinni. Upphaflega var þetta fimm manna nefnd, og mér leikur grunur á, að hún hafi átt að vera ríkisskipuð. Það hygg ég, að væri kannske það heppilegasta, að nefndin væri það og starfaði sem slík og ríkið sæi um markaðsöflun og sölu á verkaðri síld til útlanda. Í öðru lagi kæmi til greina, eins og hv. 2. þm. Vesturl. drap á í umr. hér í fyrradag, að hlutaðeigandi aðilar mynduðu með sér sölusamband, sem annaðist söluna. Varðandi framtíðarskipulag og sölu verkaðrar síldar til útlanda vildi ég taka fram, að það er ekki fyrir hendi með þessu frv., en það má ljóst vera, að það þarf að koma, því ekki virðist annað fram undan en veruleg breyting verði að eiga sér stað hvað viðkemur verkun síldar almennt. Reynslan af síðustu sumar- og haustsíldarvertíð sýnir, að við gildandi skipulag verði vart unað í náinni framtíð.

Herra forseti. Ég vænti þess, að till. mín verði tekin til vinsamlegrar athugunar, þótt ég hafi ekki persónulega tækifæri til að fylgja henni frekar hér eftir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 53. og 63. fundi í Ed., 12. og 27. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., 29. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 236, 263, 285).

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég ætla að segja hér aðeins örfá orð og fylgja úr hlaði þeirri brtt., sem ég hef flutt ásamt þremur öðrum hv. þdm. á

þskj. 285, en þessi till. hljóðar á þá leið, að 1. gr. frv., 5. mgr., verði breytt og orðist hún þannig:

„Heimili síldarútvegsnefndar, varnarþing og aðalskrifstofa skal vera á Siglufirði."

Eins og hv. þdm. er kunnugt, fluttum við fjórir, þeir sömu þingmenn, sem að þessari brtt. stöndum, sérstakt frv. um breyt. á l. um síldarútvegsnefnd. Þetta frv. var flutt, að mig minnir, um mánaðamótin nóv.—des. Það eru liðnir þrír mánuðir síðan það frv. kom fram hér í d. og var rætt og vísað til n., en síðan hefur ekkert til þessa frv. spurzt og ekkert komið frá hv. sjútvn. um það, hvernig hún afgreiði þetta frv. eða hvort hún ætli sér að afgreiða það.

Þessi brtt., sem hér liggur fyrir, er í raun og veru alveg samhljóða þessu frv., sem við fluttum þarna fyrir jólin, og þetta er kannske nokkuð óvenjulegur háttur, að vera að flytja brtt. alveg sama efnis og frv., sem liggur fyrir frá okkur, þessum sömu flm., en við gerum það til þess að reyna að koma þessum sjónarmiðum okkar á framfæri og fá um þau atkvgr. í d., eins og við teljum okkur eiga rétt á, úr því að frv. hefur ekki komizt lengra áleiðis. Ég vil taka það fram um efni þessa frv., eins og hér kemur fram í þessari brtt., að það er tiltölulega einfalt. Um þetta mál urðu einmitt miklar umræður á opinberum vettvangi um það leyti, sem þetta frv. var flutt, þannig að ég vil segja, að öll aðalatriði þess máls lágu frá upphafi nokkuð ljóst fyrir, þannig að ég held, að það hefði ekki átt að taka hv. sjútvn. langan tíma að komast að niðurstöðu um, hvernig hún vildi afgreiða áðurgreint frv.

Um efni þessarar brtt. skal ég ekki orðlengja hér, ég get algerlega vísað til framsöguræðu minnar, sem ég hélt hér fyrir jólin, þegar frv., sem er samhljóða þessari brtt., var flutt. Það skýtur nokkuð skökku við, ef ætti að fara að flytja aðalskrifstofu síldarútvegsnefndar frá Siglufirði og hér í þéttbýlið að þarflausu, að því er séð verður, og einmitt á þeim tíma, þegar verið er að undirbúa byggðaáætlanir fyrir landsbyggðina, þannig að hér væri vissulega stigið skref aftur á bak, og reyndar, eins og kom fram í fyrri framsöguræðu minni, er skv. gildandi reglugerð skylt að hafa heimili síldarútvegsnefndar á Siglufirði. Og maður á erfitt með að átta sig á, hvað í því felst, að ríkisstofnun skuli hafa heimili á tilteknum stað, ef það er ekki ætlazt til þess, að aðalskrifstofa stofnunarinnar sé þar.

Ég vil aðeins undirstrika það, að með þessu orðalagi hér í brtt., að heimili síldarútvegsnefndar, varnarþing og aðalskrifstofa skuli vera á Siglufirði, er ekki á nokkurn hátt verið að mæla gegn því, að síldarútvegsnefnd hafi einnig skrifstofur annars staðar, þar sem nefndin telur henta, svo sem eins og í Reykjavík og á Seyðisfirði, en aðeins undirstrikað, að aðalskrifstofan eigi að vera á Siglufirði, eins og hún hefur verið í áratugi og ekki hefur komið að sök.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þetta mál er nú flutt af n. og hefur þess vegna ekki formlega verið vísað til n. Eigi að síður tel ég heppilegt, að n. fjalli um þetta mál nokkru ítarlegar en gert hefur verið til þessa, m.a. af því, að það hafa komið fram brtt. við frv. og jafnvel hafa verið boðaðar fleiri brtt., og það væri æskilegt, að nm. gætu athugað þetta nokkru nánar og það væri kannað, hvort hægt væri að einhverju leyti að samræma þær till., sem fram hafa komið til breytingar á því frv., sem fyrir liggur. Mér fyndist þess vegna eðlileg vinnubrögð, að málinu væri frestað að sinni og sjútvn. d. tæki málið til yfirvegunar.

Jón Árnason: Herra forseti. Út af því, sem fram kom hjá síðasta hv. ræðumanni, vildi ég upplýsa sem einn af nm., að n. hefur tekið þetta mál aftur til umræðu á fundum sínum, og það varð niðurstaða n. að láta málið ganga áfram, en nm. hefðu, eins og þeir skýrðu frá í upphafi, óbundnar hendur um afstöðu til einstakra till., sem fyrir liggja í sambandi við frv. og afgreiðslu málsins í heild.

Þessi brtt., sem hv. 3. landsk. var að gera hér grein fyrir áðan, hefur verið allmikið rædd í blöðum og víðar, í félögum síldarsaltenda bæði fyrir norðan, austan og sunnan, og það liggja því fyrir skoðanir þessara aðila um þetta mál.

Síldarútvegsnefnd gerði á sínum tíma grein fyrir afstöðu sinni til málsins og afskiptum og þar kom fram m.a., eins og vitað er, að síldarútvegsnefnd hefur starfrækt tvær skrifstofur í tæpa tvo áratugi, þ.e. á Siglufirði og í Reykjavík, en áður hafði nefndin aðeins skrifstofu á Siglufirði. Skrifstofan á Siglufirði hefur m.a. haft umsjón með söltun og útflutningi saltaðrar síldar frá Norður- og Austurlandi og séð um innkaup og dreifingu á tunnum, salti og ýmsum öðrum síldarsöltunarvörum fyrir það söltunarsvæði. Skrifstofan í Reykjavík hefur hins vegar annazt hliðstæð störf að því er söltun á Suður- og Vesturlandi snertir. Auk þess hefur skrifstofa nefndarinnar í Reykjavík haft umsjón með söltun og útflutningi á þeirri vetrarsíld, sem söltuð hefur verið á Austur- og Norðurlandi síðustu árin. Skrifstofa nefndarinnar á Siglufirði hefur séð um rekstur Tunnuverksmiðja ríkisins á Siglufirði og á Akureyri.

Skv. l. þeim um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, sem tóku gildi 21. apríl 1962, er gert ráð fyrir, að nefndin hafi skrifstofur á Siglufirði og í Reykjavík, en ekkert tekið fram um það, á hvorum staðnum skuli vera aðalskrifstofa nefndarinnar. Í hinum nýju l. segir, að ráðh. muni með reglugerð setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna. Í reglugerðinni frá 1952 er tekið fram, að heimili og varnarþing nefndarinnar sé á Siglufirði, og verður að sjálfsögðu engin breyting á því gerð, nema nýja reglugerðin kveði á um annað. Svo sem kunnugt er, hefur svo til öll sölustarfsemi nefndarinnar um alllangan tíma verið undirbúin í Reykjavík, enda eru flestir nefndarmenn búsettir í Reykjavík eða nágrenni. Einnig skal á það bent, að samningaviðræður þær, sem farið hafa fram hér á landi við fulltrúa erlendra síldarkaupenda, hafa um langt árabil farið fram í Reykjavík, enda er

Reykjavík betur sett hvað samgöngur snertir, bæði við umheiminn og innanlands, en nokkur annar staður á landinu. Síldarútvegsnefnd hafa borizt endurteknar óskir frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi um það, að aðalskrifstofa nefndarinnar fyrir Norður- og Austurland verði í Reykjavík, og segir svo í samþykkt félagsins, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi telur nauðsynlegt, að skrifstofu síldarútvegsnefndar í Reykjavík verði falin yfirumsjón með söltun Norður- og Austurlandssíldar, en skrifstofur verði þó áfram á Siglufirði og Austurlandi." Var samþykkt þessi í félaginu gerð samhljóða af öllum félagsmönnum á aðalfundi félagsins. Á þessum aðalfundi og í stjórn félagsins eru, eins og kunnugt er, einnig Siglfirðingar og innan saltendafélaganna hefur ekki verið neinn ágreiningur um það, að aðalskrifstofa nefndarinnar verði í Reykjavík, enda, eins og hér er á bent, eru allar aðstæður beztar hér fyrir slíka starfsemi, sem sé alla aðalstarfsemi þessarar atvinnugreinar. Það, sem síldarútvegsnefnd hefur því ætlað að gera, er að verða við þessum einróma tilmælum síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.

Við 1. umr. málsins kom fram, að síldarútvegsnefnd hefði sagt upp starfsfólki skrifstofunnar á Siglufirði einungis. Þetta er ekki rétt, vegna þess að mér er kunnugt um það, að öllu starfsfólki síldarútvegsnefndar var sagt upp, bæði hér á skrifstofunni í Reykjavík og einnig fyrir norðan, og það var skýrt svo frá nefndarinnar hálfu, að það væri vegna fyrirhugaðrar breytingar á starfsemi nefndarinnar. Ég vildi láta þetta koma hér sérstaklega fram, að gefnu tilefni, út af þeirri brtt., sem hér hefur verið skýrt frá.

Að öðru leyti vildi ég segja það um þetta mál og vísa til þess, sem ég hef áður sagt, að ég hefði talið eðlilegast varðandi þessa starfsemi, að síldarútvegsnefnd hefði verið lögð niður, þegar verðlagsráðið tók að ákveða verðlag síldarinnar, og að þá hefðu tekið við sölu síldarinnar svipuð sölusamlög eða samtök eins og eiga sér stað í sambandi við saltfiskinn og freðfiskinn og að verulegu leyti líka í sambandi við skreiðarframleiðsluna. Ég teldi það í alla staði eðlilegast, að sami háttur yrði á hafður með sölu saltsíldarinnar eins og á sér stað með hinar starfsgreinarnar. Um þetta hefur ekki náðst samkomulag, en á meðan slík breyting verður ekki framkvæmd, teldi ég eðlilegast, að frv. það, sem hér liggur fyrir, verði samþ. óbreytt. Framleiðendur fá þá nokkuð aukinn rétt í nefndinni með því að fá einn fulltrúa til viðbótar, og ég tel, að sjómenn hafi þegar — á meðan nefndin er skipuð eins og nú á sér stað — fengið sinn fulltrúa til þess að fylgjast með fyrir sína hönd. Hitt er svo annað, sem ég vil taka sérstaklega fram, þegar verið er að ræða þetta mál, að það ber að viðurkenna, að það hefur átt sér stað mjög gott samstarf á milli starfsmanna síldarútvegsnefndar og beggja félaga síldarsaltenda og síldarframleiðenda á undanförnum árum, og ég er ekki í neinum vafa um, að það hefur á ýmsan hátt greitt fyrir margvíslegu hagræði í sambandi við sölu og verkun síldarinnar, hvað þarna hefur verið um gott samstarf að ræða. Ég þekki sérstaklega til þess, sem veit hér að Suðvesturlandsframleiðslunni, því að Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi, sem nú er orðið 16—17 ára gamalt, hefur alla tíð frá stofnun haft mjög náið samband við aðalframkvæmdastjóra síldarútvegsnefndar hér á Suðvesturlandi, og það vil ég viðurkenna, að hann hefur gætt hagsmuna síldarsaltenda hér á Suðvesturlandi mjög vel, og allt samstarf framleiðendafélagsins og skrifstofunnar hefur verið með ágætum. En enda þótt það sé, teldi ég að hitt væri eðlilegra, að hér væri tekið upp sölusamlag á þessari framleiðslugrein eins og öðrum, en á meðan slíkt liggur ekki fyrir eða ekki fæst samkomulag um þá breytingu, mundi ég telja til bráðabirgða, að heppilegast væri að samþykkja frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, óbreytt.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að ræða þetta frv. að öðru leyti en snertir þá brtt., sem ég hef borið fram ásamt þremur öðrum hv. þdm. og ég gerði hér að umtalsefni í minni fyrri ræðu.

En það er einkum tvennt, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Vesturl., sem ég vildi gera aths. við.

Hann sagði, eins og reyndar hefur komið fram áður, að með því að leggja drög að því að leggja skrifstofu síldarútvegsnefndar á Siglufirði — aðalskrifstofuna — niður og flytja hana til Reykjavíkur, væri ekki verið að gera annað en fara eftir eindregnum óskum síldarsaltenda og þá vitnaði hv. þm. fyrst og fremst til samþykkta, sem gerðar hafa verið í Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi. Út af fyrir sig álít ég, að þegar síldarútvegsnefnd ákveður, hvar aðalskrifstofa hennar skuli vera, svo framarlega sem það er á hennar valdi og ekki bundið í lögum eða reglugerð, þyrfti nefndin að líta á fleira en samþykktir þessa félagsskapar. Það lítur anzi vel út, að þetta félag heitir Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, en menn mega bara ekki gleyma því, að það eru síldarsaltendur, sem eru búsettir hér í Reykjavík og nágrenni, sem eru ákaflega öflugir í þessum félagsskap. Þessi félagsskapur heldur fundi sína hér í Reykjavík. Þessi félagsskapur á fulltrúa í síldarútvegsnefnd, og það er Reykvíkingur, þannig að þó þeir geti flíkað þessu nafni, Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, verður maður að átta sig á því, að ítök manna hér í Reykjavík og nágrenni eru ákaflega sterk í þessum félagsskap. Og raunverulega er ekkert við það að athuga, að Reykvíkingar og aðrir hér á Faxaflóasvæðinu stundi síldarsöltun í öðrum landshlutum, ég er ekkert að finna að því, en menn geta fengið svolítið rangar hugmyndir um þetta, þegar talað er um, að síldarsaltendur fyrir norðan og austan óski þessa eindregið.

Þá er líka annað, sem hv. ræðumaður drap á. Síldarútvegsnefnd segir: Við höfum ekki bara sagt

upp fólkinu á Siglufirði, heldur á öllum okkar skrifstofum, við erum að undirbúa hagræðingu og breytingar. Þetta er alveg rétt, fólkinu hefur verið sagt upp annars staðar líka. Hins vegar hefur ekkert komið fram um það, svo ég viti, frá síldarútvegsnefnd, hvers konar hagræðingu og hvers konar breytingar þarna er um að ræða, nema að þeir ætla sér að flytja aðalskrifstofuna frá Siglufirði til Reykjavíkur. Hvað eiga að vinna margir menn á hverri skrifstofu og hver eiga nánar tiltekið að vera þeirra verkefni og hvort þeir ætla sér að spara eitthvert mannahald með einhverri hagræðingu, það hefur ekki, svo ég viti, komið neitt fram um þetta, og maður veit, að það er auðvitað algengt, þegar fyrirtæki ætlar sér að losa sig kannske við einhverja starfsmenn, að þá er miklu fleirum sagt upp en þörf er á, til þess svona að milda þetta fyrir þá, sem eiga að hætta, og gera þetta svona fallegt á yfirborðinu. Einhvern veginn hefur maður það nú á tilfinningunni, að það sé eitthvað slíkt, sem vakir fyrir síldarútvegsnefnd, þetta hagræðingartal sé meira og minna út í bláinn. Það sé bara til þess að fela það, sem þeir eru að gera með því að svipta Siglufjörð lögmætum rétti til að hafa þar aðalskrifstofuna, þar sem hún hefur verið frá upphafi, og það verður í raun og veru að teljast ærið undarlegt, úr því að miðstöð fyrir útflutta saltsíld og sölumeðferð hennar hefur strax frá því á árinu 1935, þegar síldarútvegsnefnd hóf starf sitt, verið á Siglufirði, að Siglufjörður geti ekki gegnt þessu hlutverki enn þann dag í dag. Það get ég alls ekki fallizt á.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 7. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 236, 345).

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir nýrri brtt. á þskj. 345, sem liggur hérna frammi. Þessi brtt. er flutt af okkur hinum sömu og fluttu brtt. um þetta mál á þskj. 285, og.má segja, að þessi síðari brtt. okkar sé eiginlega endurbætt útgáfa af hinni fyrri, og er fyrri till. á þskj. 285 dregin til baka. Það sem telst nýtt í þessari brtt. á þskj. 345 er það, að það er berum orðum tekið fram, að síldarútvegsnefnd skuli einnig hafa skrifstofur í Reykjavík og á Austurlandi. Þetta er gert til að undirstrika það, að það var aldrei hugsun okkar, sem að þeirri brtt. stóðum, að hrófla neitt við því, að síldarútvegsnefnd hefði heimild til að hafa skrifstofur á þessum stöðum. Þvert á móti teljum við það eðlilegt, að síldarútvegsnefnd hafi skrifstofur bæði í Reykjavík og á Austurlandi og að nefndin geti ákveðið eðlilega verkaskiptingu milli þessara þriggja skrifstofa, eftir því sem henta þykir. Hins vegar viljum við halda fast við það eftir sem áður, að aðalskrifstofa nefndarinnar verði kyrr á Siglufirði og verði ekki flutt til Reykjavíkur. Við teljum það bæði byggjast á sögulegum forsendum, og eins teljum við, að með því móti verði komið í veg fyrir, að víxlspor verði stigið í eðlilegri byggðaþróun í landinu.

ATKVGR.

Brtt. 263 felld með 9:9 atkv.

Brtt. 285 tekin aftur.

Brtt. 345 samþ. með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÓlJ, PÞ, StG, ÁB, SK, BJ, JÁH, JÞ, JR.

nei: SvG, BGuðbj, EggÞ, GilsG, JónÁ.

ÓB, AuA, EÁ, JM greiddu ekki atkv.

1 þm. (PB) fjarstaddur.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 68. og 69. fundi í Ed., 11. og 12. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., 14. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 350).

Afbrigði um brtt. 377, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil láta fylgja með smáskýringu á því, að þetta kemur svo seint fram. Það er vegna þess, að ég leitaði til síldarútvegsnefndar og bað um ákveðnar upplýsingar, og það hefur tekið miklu lengri tíma en vænzt var að fá þær, og þær eru reyndar ekki komnar enn, svo að annaðhvort var að hrökkva eða stökkva með þetta atriði. En undanfarna daga hafa átt sér stað miklar umræður um, hvernig standa megi sem hagkvæmast að veiðum og söltun á væntanlegri síldarvertíð, og sýnist mönnum sitt hvað í því efni. Margvíslegar hugmyndir hafa verið ræddar til úrbóta, en því er ekki að leyna, að menn greinir mjög á um, hvað bezt muni henta til lausnar. Það má með sanni segja, að engin ein leið leysir allan þann vanda, sem við er að etja. Því þarf að leita nýrra ráða til þess að tryggja söltun á síld í sumar, ef síldin liggur svo langt frá landi í júlí og ágúst sem var á s.l. ári.

Í því sambandi vildi ég drepa á nokkrar hugmyndir, sem ræddar hafa verið:

1) Veiðiskipið siglir sjálft með síldina til íslenzkrar hafnar og tekur þar um borð tunnur, salt o.s.frv.

2) Nokkur veiðiskip hafa samvinnu um nýtingu aflans til söltunar um borð og flutning á síldinni til íslenzkrar hafnar og flutning á tunnum, salti og þvíumlíku til veiðisvæðisins.

3) Sérstök flutningaskip taka við síldinni frá veiðiskipum og flytja til þeirra tunnur, salt o.s.frv. Síldin sé lögð á land í íslenzkri höfn.

Allar þessar hugmyndir reikna með því, að það sé komið í íslenzka höfn með síldina.

Annar möguleiki:

1) Veiðiskipið siglir sjálft með síldina til erlendrar hafnar og tekur þar um borð tunnur, salt og þvíumlíkt.

2) Nokkur veiðiskip hafa samvinnu um nýtingu aflans til söltunar um borð, flutning á síldinni áfram til erlendrar hafnar og flutning á tunnum o.s.frv. til veiðisvæðisins. Hópveiði.

3) Sérstök flutningaskip taka við síldinni frá veiðiskipunum og flytja til þeirra tunnur, salt o.s.frv. og landa síðan síldinni í erlendri höfn.

Þessir þrír möguleikar gera ráð fyrir, að erlend höfn sé notuð.

Í þriðja lagi mætti flokka það svo:

1) Síld söltuð um borð í sérstökum móðurskipum. Móðurskipið tekur við fersksíld úr nót veiðiskipanna.

2) Móðurskipið tekur við fersksíld úr nót veiðiskipa og tekur jafnframt við síld, sem söltuð hefur verið um borð í veiðiskipunum sjálfum, og flytur í land til íslenzkrar hafnar.

Það liggur ekki fyrir, um hvað menn verða endanlega ásáttir, og eins og hv. þm. er kunnugt, er hér starfandi n., sem ræðir þessi vandamál, en það fer ekkert leynt, að þar eru misjöfn sjónarmið uppi, og er ekki að vita, hver endanleg niðurstaða verður. Engu að síður er það vitað, að nokkrir útvegsmenn vilja gera tilraun í þá átt að salta um borð og selja vöruna erlendis sennilega, því að það er vitað, að kaupendur fást til þess að taka við vörunni þannig. Það mun fara saman, að hagur útgerðar og hagur skipshafnar verður hvað beztur eftir því sem vöruvöndun er meiri. Og það verður ekki um það deilt, að ef framkvæmanlegt er að hafa nægilegt eftirlit með síldinni um borð í veiðiskipunum, eftir að hún er söltuð og komin í tunnuna, verða gæðin mest með því að salta síldina glænýja. Ýmis vandamál eru við það að salta síld um borð í veiðiskipunum, og þarf að mörgu að hyggja. Ég fer hér fram á það, að vegna kostnaðarauka og ýmissa annarra atriða fái síldarútvegsnefnd 1% fob-gjald af þeirri síld, sem seld er frá síldveiðiskipi í erlendri höfn og söltuð er þar um borð, í stað þess að venjan hefur verið, að síldarútvegsnefnd fái 2% af fob-gjaldi af landsaltaðri síld.

Annað atriðið í brtt. er um löggildingu útflytjenda. Skipin eru tekin út af Ferskfiskeftirliti ríkisins og annar útbúnaður er allur yfirfarinn og athugaður, og skipið er raunverulega orðið löggilt sem veiðihæft og því sýnist óeðlilegt, að það þurfi að koma margs konar löggilding til, og á þetta sér ekki stað um önnur íslenzk skip í veiði, sem salta eða vinna sinn afla um borð. Þau hafa frjálst val að leggja á land hér á Íslandi eða sigla með aflann í erlenda höfn, svo sem togarar, er ísa fisk eða salta um borð. Má því með sanni segja, að hliðstætt ætti að gilda um það skip, sem saltar síld um borð.

Síðast er brtt. um það, að ef útvegsmaður eða skipshöfn ákveður að salta um borð, geta þau atvik legið fyrir, að það þurfi að setja síldina á land í íslenzkri höfn. Nú er það svo, að venjulega er stimplað á botn tunnunnar á hvaða veg síldin er unnin, og samkv. l. nr. 70 19. júní 1933 segir svo: „Sérhver tunna saltaðrar síldar, sem út er flutt, skal vera auðkennd þannig, að það sjáist, að síldin sé íslenzk og á hvern hátt hún er verkuð, ásamt einkennisstöfum eða firmanafni útflytjanda þess, er í hlut á.“ Þess vegna er eðlilegt, að útgerð og skipshöfn geti haft mann í landi til umsjónar með þeirri síld, sem sett er í land, og það sé gert í samvinnu við einhverja ákveðna söltunarstöð, en ekki undir stöðvarmerkinu sem slíku. Þess vegna er hinn seinasti liður, b-liður, brtt. settur fram. Um þetta hafa verið misjöfn sjónarmið, hvort útvegsmenn ættu að afhenda síldina frá borði og þar með eignarhald á henni. Ég tel það óeðlilegt. Og það verður líka vandamál, hvernig á að merkja þá síld, sem er sjósöltuð um borð og síðan landverkuð að meira eða minna leyti, og þess vegna er eðlilegt, að tekið sé af skarið um þetta atriði.

Ég hef orðið var við það, að meðnm. mínir í sjútvn. óska eftir því, að þessum till. sé vísað til n., og ég fer þess á leit, herra forseti, að við því verði orðið.

Jón Árnason: Herra forseti. Þessar brtt., sem fluttar eru á þskj. 377 og verið var að lýsa hér af hv. 5. landsk. þm., gefa tilefni til þess, finnst mér, eins og fram kom að lokum í ræðu hans, að þessi mál séu athuguð nánar. Það hefur komið fram við umr. um þetta mál hér í þessari hv. d., að það er skilningur á því, að nauðsyn sé, að það verði sköpuð aðstaða til að salta síld á fjarlægum miðum, sérstaklega ef svo verður sem verið hefur á undanförnum sumrum, að síldin heldur sig mjög langt frá landinu. Og ef að því verður horfið að einhverju verulegu leyti, að síldin verði söltuð í síldarskipunum sjálfum eða ef sköpuð verður aðstaða í móðurskipi til þess, þar sem fleiri aðilar taka þá saman höndum um framkvæmdina, þá verði einhver ákvæði sett inn í löggjöfina um það, hvernig viðkomandi saltsíldarframleiðendur eigi að fá að haga sér í því sambandi. Það kann vel að vera, að það megi skipa þessum málum eins og gert er ráð fyrir í brtt. á þskj. 377. Samt sem áður tel ég nauðsynlegt, að sjútvn. fái aðstöðu til þess að fara nánar ofan í málið og kynna sér þetta og jafnvel leita umsagnar síldarútvegsnefndar. Það er ekki óeðlilegt, að svo sé gert, því hér er vissulega um nýmæli að ræða á þessu sviði. Ég tek því undir það með hv. flm., að þessari umr. verði frestað og að sjútvn. gefist þá tóm til þess að athuga málið nánar.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 19. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það var gert hlé á 3. umr. vegna brtt., er ég flutti við þetta mál um síldarútvegsnefnd, svo sem hv. d. er orðið vel kunnugt, því að oft hefur það borið á góma.

Sjútvn. hefur fengið umsagnir síldarútvegsnefndar og bréf frá LÍÚ varðandi efni þeirrar brtt., er ég bar fram. Í bréfi sínu staðfestir síldarútvegsnefnd, að það sé skilningur hennar, að þótt það standi ekki beint í l., þá nái hennar valdsvið yfir þá tegund saltsíldar, sem brtt. gengur út á, þ.e. síld, sem er söltuð um borð, og því bendir nefndin á, að ekki sé ástæða til að vera að setja nein ný lagaákvæði þar um. Orðrétt segir í bréfi nefndarinnar dags. 18. marz 1968, með leyfi forseta:

„Síldarútvegsnefnd vill taka skýrt fram, að hún telur þó enga ástæðu til breytinga á l. í þessu sambandi. Þar sem nefndin hefur fulla heimild til slíkra ráðstafana, mun hún gera þær, ef tilefni gefst til."

Í þessu sambandi segir hún svo áfram varðandi meginefni till., að kjósi útgerð veiðiskipa, sem lætur salta síld um borð í skipum, að annast sjálf um móttöku, viðhald og frágang síldarinnar til útflutnings, í stað þess að afhenda hana á löggiltar söltunarstöðvar, skal síldarútvegsnefnd löggilda sérstakar pökkunarstöðvar í þessum tilgangi og setja reglur þar um. Nm. voru sammála um þetta og í mjög svipaða átt gengur bréf frá LÍÚ, en í því segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Samtökin hafa yfirfarið framangreindar brtt., og leggjum við til, að í l. verði sett skýr ákvæði um það, að síldarútvegsnefnd verði heimilað að veita eigendum fiskiskipa leyfi til að salta síld um borð í skipum sínum á síldarmiðunum og sigla með síldina að landi í erlendri höfn. Landssambandið telur eðlilegast, að slík sala sjósaltaðrar síldar fari gegnum síldarútvegsnefnd og setji hún nánari reglur um framkvæmd verkunar síldarinnar og annist yfirtöku á henni í þeirri erlendu höfn, sem síldinni yrði landað í."

Mér virðist því, að megintilgangi þessarar brtt. sé náð, að því leyti, að nefndin lýsir yfir vilja sínum til framkvæmda í þeim anda, sem hún gengur út á, og samtök útvegsmanna hvetja til þess, að ef á reyni, sé gengið að þeirri hugsun, sem fram er sett varðandi sölu og söltun um borð í síldveiðiskipunum, og ég leyfi mér því, herra forseti, að draga till. til baka.

ATKVGR.
Brtt. 377 tekin aftur.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 78. fundi í Nd., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er nú heldur einkennilegt, að það skuli enginn tala hér fyrir þessu frv., þegar það kemur hingað í d. Frv. er að vísu flutt í Ed. af sjútvn., en það er flutt þar að beiðni sjútvmrh. og ég hafði því búizt við því, að hann mundi hér tala fyrir þessu máli. En allt útlit var nú sem sagt á því, að málið færi hér umræðulaust til n. og því kvaddi ég mér hljóðs til að gera hér nokkrar aths. við frv.

Ýmsir hv. þdm. kannast við það, að allmiklar umr. hafa orðið hér stundum á undanförnum árum um síldarútvegsnefnd, skipun hennar og störf, og ekki þætti mér ólíklegt, að þær umr. gætu enn orðið alllangar í tilefni af flutningi þessa frv. Eins og kunnugt er, er skipun síldarútvegsnefndar orðin harla einkennileg. Nú eru í nefndinni sjö menn. Þrír eru kosnir af Alþ. og hafa þar nokkra sérstöðu, því að úr hópi þeirra á að tilnefna einn nm. sem formann. En til viðbótar þessum þremur þingkjörnu eru svo fjórir aðrir í nefndinni, sem ráðh. skipar samkv. tilnefningu nokkurra stofnana. Það er því komið svo, að síldarútvegsnefnd er að vísu opinber stofnun, ríkisfyrirtæki út af fyrir sig, en með þessum sérstaka hætti, að ákveðnar stofnanir hafa rétt til þess að skipa þar meiri hl. af nm.

Það er ekkert um það að villast, að það hefur verið mikið um það rætt meðal þeirra aðila, sem hér hafa mest átt hlut að máli, síldarsaltenda og sjómanna í landinu, að þetta skipulag væri í rauninni mjög óeðlilegt og óheppilegt. Ég hef lýst því hér áður yfir á Alþ., að það er mín skoðun, að varðandi skipun slíkrar stofnunar sem síldarútvegsnefnd er, eigi að velja um tvennt og annaðhvort skuli gilda: að um sé að ræða nokkurn veginn hreina ríkisstofnun, sem hefur þarna þýðingarmikil störf með höndum og mikið vald og vinnur þá í rauninni á ábyrgð hins opinbera í einu og öllu og á þá að sjálfsögðu að vera að meiri hl. til kosin eða skipuð af Alþ. eða ríkisstj. Þá er þarna um ríkisstofnun að ræða, sem hefur, eins og ég segi, mikilvæg störf með höndum og á henni hvílir mikil ábyrgð, þar sem segja má, að þessi stofnun hafi einkaréttaraðstöðu yfir saltsíldarframleiðslunni og hafi saltsíldarframleiðslu landsmanna til sölumeðferðar. Þetta er önnur leiðin, sem vissulega getur komið til greina í sambandi við skipulag á þessari nefnd, og það var þessi leið, sem gilti um alllangan tíma. Og þá höfðu auðvitað hinir einstöku síldarsaltendur í landinu ekki frekara vald yfir þessari nefnd eða ríkisstofnun en að því leyti, sem þeir gátu haft áhrif með sínum almenna málflutningi gagnvart þessari ríkisstofnun. En nú er búið að umturna þessu þannig, að hinir þingkjörnu aðilar í nefndinni eru komnir í minni hl.

Hin leiðin í sambandi við uppbyggingu eða skipun þessarar stofnunar er svo sú, að þeir aðilar, sem hér eiga mest hlut að máli, þ.e.a.s. síldarsaltendur í landinu, hafi fyrst og fremst veg og vanda af þessari stofnun, þeir byggi hana upp sem sín samtök og þá helzt auðvitað á lýðræðislegum grundvelli, þannig að þeir kjósi þá stjórn, sem þar fer með

framkvæmdamál á hverjum tíma, og þáttur ríkisins sé þá ekki annar en að hafa hið almenna eftirlit með þessum málum öllum. Ef það skipulag væri tekið upp, væri þarna um nokkuð svipað fyrirkomulag að ræða og nú á sér stað í ýmsum öðrum greinum sjávarvöruframleiðslunnar og varðandi sölumeðferð á sjávarafurðum, eins og t.d. á sér stað bæði í samtökum saltfiskframleiðenda og frystihúsaaðila í landinu. Ég tel fyrir mitt leyti, að hvort þetta skipulag fyrir sig geti vissulega komið til greina og hafi sína kosti. En að hræra þessu saman á þann hátt, sem verið hefur, tel ég fráleitt og það muni hafa í för með sér margvísleg vandkvæði.

Það skipulagsform að hafa síldarútvegsnefnd fyrst og fremst sem ríkisstofnun hefur á sér þann galla, að þá hafa hinir einstöku framleiðendur heldur óákveðið samband við þessa stofnun, eiga ekki eins gott með að koma þar fram umkvörtunum sínum eða tillögugerð og ráðgast um það, hvernig skuli halda á þessum málum. Þeir geta ekki eins einfaldlega gert þessi mál upp sín á milli eins og þeir geta gegnum hitt skipulagið. Hins vegar er því ekki að neita, að ef ríkisstofnunin er vel rekin í jafn þýðingarmikilli grein eins og hér er um að ræða, hefur hún líka aðstöðu til þess að hefja sig upp yfir ýmis sérsjónarmið, sem oft vilja koma fram í samtökum framleiðenda og þurfa ekki endilega að vera í fullu samræmi við heildarhagsmuni þjóðarinnar í öllum greinum. En nú er sem sagt skipulagið þetta að mínum dómi, að þetta er ríkisstofnun og með öllum helztu einkennum hennar öðrum en þeim, að hið opinbera stjórnar raunverulega ekki nefndinni. Aðstöðu til þess að hafa þar meirihlutaaðstöðu hafa nokkur félagasamtök, sem geta tilnefnt menn í nefndina án þess þó að hafa í framkvæmdinni nokkra beina ábyrgð gagnvart sínum samtökum, þannig að hægt sé í rauninni að gera upp vandamálin við þá. Þetta tel ég mjög gallað.

Í beinu framhaldi af þessu gerist svo það hér ár eftir ár, að það koma fram till. á Alþ. um að fikta alltaf eitthvað svolítið við skipun nm. í þessari nefnd. Á tímabili mun þetta hafa verið þannig, að það þótti rétt að hafa til viðbótar við þrjá þingkjörna menn tvo annars staðar frá. Síðan voru þeir komnir upp í fjóra annars staðar frá, og nú koma menn hér með till. um það að hafa þá fimm annars staðar frá til viðbótar við þrjá þingkjörna, þannig að þetta verði 8 manna nefnd og lendir þá auðvitað í þeim vandræðum, að þeir verða síðar að koma með till. um það, að formaður nefndarinnar skuli hafa tvö atkv., þegar svo stendur á. Vitað var um það, að hér var gengið á milli þm. og þeim sýnd till. um það, að aðilar, sem ekki teljast til hins opinbera, fengju að tilnefna sex menn í nefndina, en Alþ. ætti að kjósa þrjá og nefndin yrði 9 manna nefnd. Ég efast ekkert um það fyrir mitt leyti, að verði þetta form samþykkt og haldið við þeim glundroða, sem upp hefur verið tekinn í þessum efnum, verði nú samþykkt, að ýmsar stofnanir megi tilnefna fimm menn í nefndina til viðbótar við þá þrjá, sem eru þingkjörnir, kemur aftur frv. á næsta þingi um það að bæta enn einum við og koma þessu upp í sex eins og till. voru þegar uppi um nú.

Sú óánægja, sem m. a. hefur komið upp í röðum síldarsaltenda út af þessu glundroðaskipulagi, sem þarna er um að ræða, hefur svo leitt til þess, að þeir hafa gert samþykktir um það, þó að ekkert hafi nú orðið enn úr framkvæmdum, að þeir ætluðu sér að byggja upp sín eigin samtök á félagslegum grundvelli og stefna að því að taka í sínar hendur öll störf síldarútvegsnefndar og fá hana þar með lagða niður. Og í rauninni er gert ráð fyrir því í l. um síldarútvegsnefnd, að vel geti komið til mála, að ráðh. veiti slíkum samtökum síldarverkenda einkasölurétt með þessi mál, og ég er ósköp hræddur um það, að verði haldið áfram eins og gert hefur verið í þessum efnum að undanförnu, leiði það til þess, að menn falli frá þessu skipulagi sem heild og þá byggi síldarsaltendur upp sitt eigið félagslega form í þessum efnum og taki þessi mál öll í sínar hendur.

Þegar svo er gætt betur að því, hvernig þessi mannatilnefning í nefndina er ákveðin, er það með býsna einkennilegum hætti. Lagt er til, að þessir fimm aðilar, sem eiga að tilnefnast úr ýmsum stofnunum, verði þannig tilnefndir, að einn skuli tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, og er það ljóst, að það er sá aðilinn, sem á að koma þar fram fyrir hönd sjómanna, annar frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, og verður sá að teljast fulltrúi útgerðarmanna, sá þriðji er frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, og það er fulltrúi saltenda, og sjá fjórði er frá félagssamtökum síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Og svo er nú lagt til, að þessi tvö aðalsamtök síldarsaltenda, Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félag síldarsaltenda á Suðvesturlandi, skuli sameiginlega tilnefna fimmta manninn.

Ekki er nú gott að sjá það, hvernig á að koma þessu fyrir með eðlilegum hætti, því að auðvitað er hið eðlilega, að þeir fjölmörgu aðilar, sem eru í þessum síldarsaltendasamtökum, bæði fyrir norðan og austan og svo hér fyrir sunnan, það séu þeir, sem tilnefni þessa fulltrúa, en ekki einhverjar fámennar stjórnir þeirra. Og maður skyldi þá helzt halda, að það stæði til að halda einn sameiginlegan fund með öllum félagsmönnum beggja aðila og þar ætti að koma sér saman með eðlilegri kosningu á þessum viðbótarfulltrúa. En auðvitað er þetta allt gert út úr neyð, vegna þess að það er ekki annað, sem hér liggur á bak við, en það, að það er verið að reyna að pota tiltekinni persónu inn í nefndina til viðbótar við þær persónur, sem þar eru fyrir. Og þessu er hnoðað svona saman, af því að í þessu tilfelli, sem hér á við nú, eru menn fyrirfram búnir að koma sér saman um það, að ákveðin persóna skuli í þetta valin. Ég fyrir mitt leyti tel þetta alveg fráleit vinnubrögð og alveg fráleitt fyrir Alþ. að ætla að hlaupa til og breyta l. út af slíkum dyntum sem þessum og það þegar ekki er meira hreyft við þessu skipulagi, sem ég hef minnzt hér svolítið á, en hér er um að ræða, því að ég tel skipulagið í grundvallaratriðum rangt, eins og það er orðið nú.

Þó að ég segi, að ég telji í þessum efnum skipulagið rangt, er ég ekki þar með að segja, að síldarútvegsnefnd sú, sem starfað hefur hér að undanförnu, hafi ekki margt ágætt unnið. Hún vinnur hér mjög þýðingarmikil störf fyrir landsmenn og í henni eru margir dugandi menn út af fyrir sig. En þetta form á ekki rétt á sér og fyrr eða síðar brestur í því. Menn sætta sig ekki við svona skipulag eins og þetta. Það er svo margt annað í þessum efnum heldur en skipulagið sjálft, — og mætti þó margt fleira um það segja — sem vekur nokkra athygli í sambandi við flutninginn á þessu frv. Ég vil þó aðeins bæta því við, að það, sem ég tel sérstaklega vera óheppilegt og varhugavert og hafi þegar komið fram í sambandi við það skipulagsform, sem hér er unnið eftir, er þetta, að í gegnum þessi samtök, sem hér er um að ræða að fái þennan sérstaka rétt til þess að komast inn í jafnþýðingarmikla ríkisstofnun eins og þar er um að ræða, komast í mörgum tilfellum menn, sem tekst að koma sér þangað vegna sinna sérstöku persónuhagsmuna, af því að þeir starfa með þeim hætti að þessari framleiðslugrein, að þeir eiga hér mikilla einkahagsmuna að gæta. Af því leiðir svo, að upp koma ýmiss konar árekstramál við aðra þá, sem hér eiga líka hagsmuna að gæta, en það er ekki hægt að gera þessi vandamál, sem þannig koma upp við slíka menn, það er ekki hægt að gera vandamálin upp við þá á neinn lýðræðislegan, eðlilegan hátt, því þeir eru verndaðir sem þriggja ára starfsmenn ríkisins í þessari stofnun, ef þeir hafa verið tilnefndir af hinum ýmsu samtökum.

Þá er búið að flétta inn í þetta frv. ákaflega einkennilegu atriði, sem hv. Ed. hefur sett inn í frv. Hér hefur verið upp hafinn mesti slagur um það, hvar skuli vera staðsett aðalskrifstofa þessa merka fyrirtækis, og hinir ólíklegustu menn gerast þar baráttumenn þess hugsjónamáls, að það skuli standa hér einhvers staðar í pappírum, að aðalskrifstofan skuli vera norður á Siglufirði. Það var sú tíð, að það þótti sjálfsagt að festa það í lögum, að nm. í síldarútvegsnefnd skyldu vera á Siglufirði, þar sem voru miðstöðvar síldarsöltunarinnar í landinu, þann tíma, sem aðalsíldarsöltunin fór fram. Þessi kvöð fylgdi því að vera í síldarútvegsnefnd, ef kvöð skyldi kalla, að síldarútvegsnefnd átti að vera á Siglufirði meginhlutann af söltunartímabilinu, nema þá að því leyti sem nefndin ákvað sjálf, að einstakir nm. gætu brugðið sér frá. Þetta þótti eðlilegt, að nefndin væri þarna stödd í aðalframleiðslustöðvunum, eins og þá háttaði, vegna þess að mjög margvísleg vandamál koma upp svo að segja frá degi til dags í sambandi við þessa verkun, sem þarna fór fram á tiltölulega mjög stuttum tíma og þá lengi vel á tiltölulega mjög þröngu svæði. Þetta er löngu liðið og búið, og þó að það hafi staðið í l. í mörg ár, að síldarútvegsnefndarmenn skyldu vera á Siglufirði á meðan sumarsíldarsöltunin færi fram, hefur ekki verið farið eftir því. Nm. hafa verið flestallir og mestallan tímann í Reykjavík, og síldarsöltunin hefur svo farið fram á undanförnum árum að langmestu leyti austur á landi á mörgum höfnum þar. Sum árin hefur auðvitað síldarsöltunin orðið sáralítil á Siglufirði og það hefði blátt áfram verið hlægilegt að ætla sér að binda sjö — og auðvitað verður enn þá hlægilegra að binda þá átta síldarútvegsnefndarmenn og láta þá dúsa norður á Siglufirði þá mánuði, sem er verið að salta síld, þann sama tíma sem síldarsöltunin fer fram í öðrum landshlutum. Menn hafa hreinlega stigið yfir þetta ákvæði þegjandi og hljóðalaust og hefur öllum þótt það eðlilegt, þegar breyttir tímar gerðu þetta nauðsynlegt. En þá kemur allt í einu þetta upp, að menn vilja ákveða það í l., að aðalskrifstofan skuli vera norður á Siglufirði, en þeir treysta sér ekki til þess að segja neitt um það, að nm., sem öllu eiga að stjórna, skuli vera þar líka. Hvers vegna ekki að binda það þá í l. líka, að þeir skuli vera þar? Er sjálfsagt að hafa aðalstofnunina í einum landshluta og alla hennar stjórnendur og ráðamenn í öðrum landshluta? (Gripið fram í.) Auðvitað er hér um svo hlægilegt mál að ræða og enn þá hlægilegra verður það, þegar menn virða það fyrir sér, að það er annað ríkisfyrirtæki, sem hefði þó verið miklu nær að ákveða, að hefði sínar aðalbækistöðvar undanbragðalaust á Siglufirði, sem eru Síldarverksmiðjur ríkisins með stórkostlegar eignir og fastan rekstur þar óhjákvæmilega mjög mikinn. En ég veit ekki betur en framkvæmdastjórar og aðalskrifstofur og raunverulega stjórnin og allt sé komið hingað suður til Reykjavíkur frá þeirri stofnun og hefði þó verið miklu meiri ástæða til þess að reyna að sjá um það, að sú framkvæmdastjórn héldi sig þar.

Ég tel fyrir mitt leyti, eins og þessum málum hefur verið háttað, að það hafi verið sjálfsagt, eins og í rauninni hefur verið gert, að sá hlutinn af skrifstofustarfi síldarútvegsnefndar, sem óhjákvæmilega fer fram og varðar tunnuframleiðsluna í landinu og alla ráðstöfun á síldartunnum, að sá þáttur skrifstofukerfisins væri á Siglufirði. Þar er aðaltunnuframleiðslan og það liggur á margan hátt eðlilega við, að öll innkaup á tunnum og dreifing á þeim sé frá sömu miðstöð og að sá þáttur væri t. d. rekinn fullkomlega frá Siglufirði. Og ég vænti, að það væri hægt að koma því þannig fyrir, að einn af trúnaðarmönnum eða starfsmönnum nefndarinnar, sem hefði með þessi mál að gera, — jafnvel þó að nefndin væri nú áfram hér í Reykjavík að öðru leyti — gæti farið með þann þátt í umboði nefndarinnar og þyrfti ekki oftar til nefndarinnar að leita með þau mál, sem þurfa að samþykkjast af henni, en svo, að þetta væri prýðilega hægt, jafnvel þó að nefndin væri mestmegnis í Reykjavík. En að ætla sér að búa við það ástand, að síldarútvegsnefnd sé öll í Reykjavík og haldi alla sína fundi hér og verði að sinna hér hinum daglegu verkefnum, sem oft og tíðum kalla á skjót úrræði og snöggar ákvarðanir, að nefndin skuli vera hér, en hins vegar sé ákveðið, að aðalskrifstofan skuli vera á Siglufirði og allar upplýsingar skuli sendast þangað og allir

aðilar, t. d. á Austurlandi, eigi að snúa sér þangað með öll mál og aðalskrifstofan síðan að senda allt hingað suður, það er vitanlega gert aðeins til þess að torvelda eðlileg vinnubrögð.

Ég fyrir mitt leyti segi það, að ég vil ekki á nokkurn hátt hafa af Siglufirði í þessum efnum. Ég tel alveg sjálfsagt, að það sé reynt að koma þar fyrir þeim framkvæmdastofnunum, sem þar geta verið með eðlilegum hætti. Ég mundi hugsa mig um, ef menn væru hér svo róttækir í þessum efnum, að þeir vildu gera það að skyldu að síldarútvegsnefndarmenn væru allir búsettir á Siglufirði. Ég efast ekkert um, að til eru margir ágætir menn á Siglufirði, sem geta verið í síldarútvegsnefnd. Þá vildi ég a. m. k. fara að hugleiða málið. En hitt tel ég hreinasta grín og vitleysu að berjast fyrir því að láta það standa einhvers staðar óraunhæft á blaði, að einhver aðalskrifstofa skuli vera norður á Siglufirði, en ganga síðan út frá því, að nefndin sé í öðrum landshluta. Slíkt er hrein fjarstæða. Ég held, að sú skipan hefði verið ákaflega eðlileg, sem hér var orðin í framkvæmd varðandi þetta mál og sem lagt var nú til í þessu upphaflega frv., að slá því föstu, að síldarútvegsnefnd hefði skrifstofur á Siglufirði, í Reykjavík og á Austurlandi. Það hefur verið aðeins byrjað á því að hafa skrifstofu á Austurlandi. Þó er það svona rétt á mörkunum, að það sé hægt að kalla það skrifstofu, en nefndin hefur haft þar nú í seinni tíð einn fastan mann, sem hægt hefur verið að snúa sér til með nokkur minni háttar málefni, en eiginlegar skrifstofur nefndarinnar hafa auðvitað verið til þessa bæði á Siglufirði og hér í Reykjavík.

Ég vil alveg sérstaklega segja það við þá, sem vilja berjast fyrir því, að Siglufjörður haldi öllu sínu — það skil ég mætavel — ég vil segja það alveg sérstaklega við þá, að í þessum efnum held ég, að það sé varasamt að ætla að reyna að þrýsta hér fram óeðlilegum hlut, vegna þess að það verði Siglufirði hreinlega ekki til góðs. Ég er ekki í neinum vafa um það, að ef reynt verður að þrýsta hér fram svo óeðlilegum hlut, að það skuli þurfa að senda alla hluti norður til Siglufjarðar, því að þar sé aðalskrifstofan, með tilheyrandi truflunum og biðtíma, en nefndin hafi sína bækistöð eftir sem áður í Reykjavík og þar sé öllum ráðum ráðið, þá verður það til þess, að síldarsaltendur gera alvöru úr því, sem þeir hafa reyndar gert samþykktir um áður, að mynda sín sjálfstæðu samtök um þessi mál öll. Og það verður ekki hægt að neita þeim um það að byggja þau upp og reka þau eins og aðrir framleiðendur í landinu gera, og þá verður engin skrifstofa eftir á Siglufirði, engin í þessum efnum. Ég tel því, að það sé síður en svo verið að vinna að hagsmunamálum Siglfirðinga með því að ætla að knýja hér fram einhvern veginn alveg óeðlilegan hlut í þessum efnum. Ég tel fyrir mitt leyti hins vegar alveg sjálfsagt að slá því föstu, að á Siglufirði skuli vera ákveðin bækistöð nefndarinnar eða skrifstofa á vegum hennar, sem m. a. hafi það sérstaklega með höndum að sjá um allan rekstur tunnuframleiðslunnar í landinu og tunnuinnkaup og tunnudreifingu. Þetta er eðlilegast að fari þaðan fram, eins og uppbyggingin hefur orðið á þessum málum. Og önnur þýðingarmikil verkefni getur skrifstofan á Siglufirði auðvitað haft með höndum, eftir því sem þessi framleiðslustörf og vinna þeirra gefur tilefni til og eðlilegt má telja. En hitt tel ég mjög óeðlilegt. Því tel ég, að þetta ákvæði, sem sett var inn í Ed., sé í alla staði vanhugsað og óeðlilegt og eigi ekki að vera svona. Og a. m. k. sé það algert skilyrði, að ef þetta verði ákveðið svona, verði um leið ákveðið, að þar skuli nefndin sem slík vera búsett líka og ráða sínum ráðum.

En aðalefni þessa frv. er nú ekki þetta, sem ég hef verið að ræða um, heldur fyrst og fremst það að bæta við einum manni í þá síldarútvegsnefnd, sem hér hefur starfað, og hefði kannske verið miklu réttara að orða það svo, að bætt skyldi við tilteknum manni — og nefna þá bæði skírnar- og föðurnafn — heldur en hafa það á þann hátt, sem gert er í frv. Um það fjallar þetta frv. í rauninni fyrst og fremst. Ég fyrir mitt leyti er á móti því. Ég tel, að nefndin batni ekki á neinn hátt við það að gera þessa breytingu. En hitt tel ég að sé verkefni, sem þarf einhvern tíma að snúa sér að, þ. e. að gera það upp við sig, hvernig þessi nefnd skuli í rauninni vera uppbyggð, hvort hún eigi í raun og veru að vera hrein ríkisstofnun með miklu valdi að baki sér, sem framleiðendur verða þá að eiga sín eðlilegu skipti við eins og aðrar ríkisstofnanir, eða hvort réttara sé að hverfa að því ráði, að þetta verði fyrst og fremst stofnun framleiðendanna sjálfra, aðeins með óbeinu eftirliti af hálfu ríkisins.

Ég vildi nú láta þessi orð falla um þetta mál, áður en það fer í n., en í n. verður málið að sjálfsögðu athugað nánar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Vissulega er það svo, að síldveiðar Íslendinga og síldarsalá eiga nú við nokkuð mikla erfiðleika að stríða af ýmsum ástæðum, og hefði ekki verið óeðlilegt, að till. kæmu fram á Alþ. til þess að reyna að ráða fram úr þeim aðsteðjandi vandamálum. Það hafa líka verið hér frv. á ferðinni á þessu þingi. Það voru ekki færri en tvö frv. um síldarútvegsnefnd, og þar með sölumál síldarinnar, skyldi maður ætla, í hv. Ed. Þessi tvö frv. urðu nú reyndar að einu í meðferð Ed. og hafa nú til okkar komið í þeirri mynd, og mætti þá ætla, að með þessum tveimur frv., sem orðin eru að einu, væri tekið á aðalvandamáli þessara atvinnuvega. En þrátt fyrir það, þó þarna hafi tvö frv. runnið saman í eitt, er þó efni þessa sameinaða frv., sem fyrir okkur liggur hér í hv. Nd., ekki annað en það, að síldarútvegsnefnd skuli skipuð átta mönnum í stað þess, að hún er nú skipuð sjö mönnum, að formaður skuli fara með tvöfalt atkvæði, þegar atkvæði reynast jöfn í þessari átta manna nefnd, og er það atriði bara afleiðing af hinni fyrri till., og í þriðja lagi að heimili síldarútvegsnefndar, varnarþing og aðalskrifstofa skuli vera á Siglufirði, en nefndin skuli þó einnig hafa skrifstofur í Reykjavík og á Austurlandi. Þetta

nýja atriði er, að aðalskrifstofan skuli að lögum vera á Siglufirði. Efni frv. er þá þetta, að nefndin skuli skipuð átta mönnum í staðinn fyrir sjö, að aðalskrifstofa síldarútvegsnefndar skuli vera á Siglufirði samkvæmt lögum og að formaður skuli hafa tvöfaldan atkvæðisrétt, þegar atkvæði reynast jöfn í nefndinni, þegar ekki er lengur oddatala í henni. Það er sagt, að þetta frv., það frv., sem fyrst var lagt fram í Ed., sé undirbúið af sjö manna nefnd, sem skipuð var af ráðh. til þess að gera till. um framtíðarskipulag á sölu verkaðrar síldar til útlanda. Sjö manna nefndin átti að gera till. um framtíðarskipulag á sölu verkaðrar síldar til útlanda, og svo kemur hún með frv., og frv. var um það eitt að fjölga um einn mann í nefndinni. Þar með var framtíðarskipulaginu ráðið til lykta. Og þetta frv. um málefni síldarútvegsins og síldariðnaðarins og síldarsölunnar var svo flutt af sjútvn. hv. Ed.

Ég skal ekki fara neitt í grafgötur með það, að ég tel engum vandamálum síldarútvegsins ráðið til lykta með þeirri lagabreytingu, að síldarútvegsnefnd verði skipuð átta mönnum í staðinn fyrir sjö. Ég tel þar hreint og beint stefnt til öfugrar áttar. Ég hefði heldur getað sætt mig við, að það hefði verið fækkað í síldarútvegsnefnd úr sjö í fimm, en till. hafa verið uppi um það að fjölga í henni, sem sé í átta samkv. frv., og till. komu fram um það í Ed. að fjölga í níu. Sú till. var að vísu felld, en hugur nokkurra manna stóð til þess, að fjölgað yrði í nefndinni upp í ellefu. En í því formi, sem frv. liggur fyrir hjá okkur, er talað um, að það verði að vera átta menn í nefndinni. Ég tel allt efni þessa frv., öll þessi þrjú atriði, sem ég nefndi, einberan hégóma, hismi og hégóma, sem sé, þegar svo stendur á fyrir þessum atvinnuvegi þjóðarinnar eins og nú stendur á fyrir honum og margvísleg vandamál þyrfti að leysa með löggjöf eða á annan hátt, að þá sé það næstum því niðurlægjandi fyrir Alþ. að vera að fást við svona sýndarfrv., því þau eru til einskis. En í þetta hefur farið mikill tími og sjálfsagt fer hér þó nokkur tími líka í umr. um málið, því þær eru þegar lagðar upp á allbreiðum grundvelli.

Það má vel deila um það, eins og gert var af hv. 4. þm. Austf., hvort það sé rétt skipulag þetta, að Alþ. kjósi hluta af síldarútvegsnefnd og geri hana þannig að nokkru leyti að ríkisstofnun, en ýmsar stofnanir tilnefni aðra menn í nefndina, í þessu tilfelli fjóra af sjö. Þetta fyrirkomulag er nú haft um margvíslegar stofnanir og nefndir, að Alþ. kýs hluta og ýmsar stofnanir tilnefna menn og ráðh. skipar þá samkv. tilnefningu. Ég held, að fáar af þeim meinsemdum, sem þjaka þennan atvinnuveg nú, verði raktar til þessa fyrirkomulags, en samt er sjálfsagt að líta á það, hvort svo muni vera. Síldarútvegsnefnd er þannig til komin, að reynslan sýndi, að síldveiðar og síldarsala var áhættusamur atvinnuvegur, blómgaðist stundum, en hrundi síðan í rúst vegna skipulagsleysis, og þjóðin — ekki aðeins einstaklingar, heldur þjóðin — fengu af því stór og þung áföll. Þá var gripið til þess, að ríkið hefði hönd í bagga með verkun og sölu síldarinnar, og það skipulag hefur nú fengið áratuga reynslu á sig, og a. m. k. ekki á bjátað stórlega, síðan þetta skipulag var upp tekið. Íslendingar hafa líka haldið betur velli á saltsíldarmörkuðum Vestur-Evrópu en nokkrar aðrar þjóðir, sem við höfum verið í samkeppni við.

Þannig standa sakir nú, allt fram á s. l. ár, að við áttum í meiri erfiðleikum en ella, vegna þess að síld veiddist ekki við okkar land. Síldarsaltendur hafa þó jafnan, eins og hv. 4. þm. Austf. minnti á hér áðan, átt þess kost að mynda frjálst samlag og fara sjálfir með sölumál síldarinnar, ef þeir hefðu óskað þess. Til þess er heimild í l. um síldarútvegsnefnd og þeir hafa stundum reynt að koma þessu á fót. T. d. gerðu þeir tilraun til þess á s.l. ári, en samkomulag varð þó ekki um þessi mál, og ég hygg, að oftast hafi viðleitni þeirra í þá átt strandað á því, að ekki náðist allsherjarsamkomulag þeirra á meðal um það. Einkasöluaðstaða síldarútvegsnefndar er ekki föst og bundin, hún er endurnýjuð af ráðh. frá ári til árs, og þannig hefðu saltendur getað tekið þessi mál í sínar hendur, ef þeir hefðu haft samstöðu til þess. En svo hefur ekki verið. Skipun síldarútvegsnefndar er, eins og hér var áðan drepið á, þannig, að Alþ. kýs þrjá menn og úr hópi þeirra skipar ráðh. formann og varaformann nefndarinnar. Þessir menn, sem Alþ. hefur þannig kosið, eru fyrrverandi síldarsaltendur og hafa þannig mikla þekkingu á þessum málum, og báðir eru þeir hinir mætustu menn, að mínum dómi. Þá eru það hinir fjórir aðilar, sem tilnefna menn í nefndina. Það eru LÍÚ, og mætti ætla, að þar væri aðeins maður, sem væri að skapi útgerðarmanna, síldarútgerðarmanna, til þess að fara með þeirra mál í nefndinni. Síðan er sinn maðurinn frá hvoru félagi síldarsaltenda, og til þessara starfa í nefndinni hafa valizt formenn þessara samtaka, formaður síldarsaltenda norðan og austan og formaður síldarsaltenda sunnan og vestan. ASÍ hefur svo átt kost á því að tilnefna einn mann, og um skeið hefur forseti sambandsins verið í síldarútvegsnefnd fyrir hönd ASÍ, þ. e. a. s. fyrir hönd síldarverkunarfólks og sjómanna, sem þarna eiga hlut að máli óneitanlega. Ég held því, að þó því sé haldið fram, að þetta sé gallað skipulag að setja þetta svona saman, þá sé ekkert víst, að Alþ. hefði valið fulltrúa frá hinum réttu aðilum frekar eftir leiðarvísi flokkanna heldur en þessi hagsmunasamtök, sem hlut eiga að máli gagnvart síldveiðum, síldarsölu og síldarverkun, hafa gert það. Þarna hafa forustumenn samtakanna, sem hlut eiga að máli, verið valdir, auk þeirra þriggja manna, sem Alþ. hefur valið, sem einnig eru menn, sem kennsl bera á þessi mál.

Ég er alveg sammála hv. 4. þm. Austf. um það, að það er alveg fráleitt að breyta lögunum til þess eins að skipta um heiti á mönnum í nefndinni eða bæta þar einum við, þegar hafður er ákveðinn maður í huga. Það getur leitt til breytinga frá ári til árs og engrar festu, og ég get ekki séð annað en það sé rétt,

að í þessu tilfelli sé bara verið að breyta lögum að þarflausu og til einskis gagns. Breytingin er svo óveruleg, að það megi, eins og hv. þm. gerði, kalla þetta að breyta lögum út frá eintómum dyntum. Ég held því, að þetta frv. eigi ekki erindi til þess að verða að lögum og það færi bezt á því, að það yrði tekið til baka eða látið daga uppi. Ég sé ekki, að það leysi nokkurn minnsta vanda.

Það mun hafa á vissum tíma verið ýtt nokkuð á það af forráðamönnum síldarsaltenda, að sjö manna nefndin, sem átti að gera till. um framtíðarskipulag á sölu verkaðrar síldar til útlanda, bæri fram ósk um, að fjölgað yrði í síldarútvegsnefnd um einn eða tvo menn, en fyrir örfáum dögum átti ég samtal við báða formenn saltendafélaganna, norðan og austan og sunnan og vestan, og þeir sögðu, að eins og málin horfðu nú, hefðu þeir engan áhuga á framgangi frv., ekki hinn minnsta. Þessir menn eru, eins og mörgum er kunnugt, Jón Þ. Árnason og Ólafur Jónsson. Það er þess vegna hægt að grennslast eftir því, hvort þetta sé ekki rétt eftir þeim haft, en þetta er þeirra viðhorf nú fyrir örfáum dögum.

Það er rétt, að það var bundið í lögum á sínum tíma, þegar síldveiðamiðstöðin var Siglufjörður, að síldarútvegsnefnd skyldi um síldartímann, sem þá var yfirleitt svona 2—3 mán., hafa þar setu og fylgjast með allri framkvæmd veiðanna og söltun á stöðvunum, og það var lengi framkvæmt svo. En þegar síldveiðarnar færðust að Austfjörðum og jafnframt að Suður- og Suðvesturlandinu og stóðu meiri hluta ársins, held ég, að það hafi ekki valdið neinum ágreiningi, að síldarútvegsnefnd hætti að eiga setu á Siglufirði og þurfti í raun og veru, ef hún ætlaði að rækja sitt starf, að sitja þar, sem auðveldast var að ná sambandi við hana frá veiðisvæðum og söltunarstöðvum, þannig að starf hennar gæti gengið sem greiðlegast fyrir sig. Starf hennar er vitanlega þjónusta við þennan atvinnuveg á sjó og landi. Í lögum var þó heimild til þess, að nefndin réði því, hve lengi hún sæti á Siglufirði, því í lögunum stendur, að seta hennar þar eða dvöl hennar á Siglufirði skuli ákvarðast af því, sem nefndin sjálf ákveður. Þetta, að Siglufjörður var ekki lengur miðstöð síldveiða og síldariðnaðar á Íslandi, heldur engu síður Austfirðirnir og jafnvel Suður- og Suðvesturlandið, gerði það að verkum, að starfsemin færðist meira og meira til skrifstofu þeirrar, sem rekin var hér í Reykjavík, með stöðugu og eins nánu sambandi við skrifstofuna á Siglufirði og unnt var. Það hygg ég, að allir, sem til þekkja viðurkenni. Það hefur sem sé, síðan þessi skipan komst á, ekki verið haldinn svo fundur í síldarútvegsnefnd, að ekki hafi verið haft að meira eða minna leyti símasamband við framkvæmdastjórann og skrifstofuna á Siglufirði, auðvitað með ærnum kostnaði, til þess að framkvæmdastjórinn á Siglufirði fylgdist eins og unnt væri með öllum störfum og ákvörðunum nefndarinnar. En vitanlega var þetta bæði kostnaðarsamt, þungt í vöfum og erfiðleikum bundið og náði þó ekki fullum tilgangi sínum, því að allt annað er fyrir framkvæmdastjóra að fylgjast með öllum umræðum um mál og leysa síðan verkefni, sem fyrir hann eru lögð, heldur en þegar hann verður að fá þetta allt úr fjarlægð, þó hann sé hafður í sambandi við afgreiðslu málanna gegnum síma eins og möguleikar eru frekast til. Síldarútvegsnefnd tók svo ákvörðun um það á s.l. hausti að gera nokkra skipulagsbreytingu á sínu skrifstofuhaldi, allt með það fyrir augum, að starfsmannahald og störf á skrifstofunum í Reykjavík og á Siglufirði og Seyðisfirði kæmu að sem beztum notum og yrðu að sem mestu leyti samkvæmt óskum og vilja þeirra, sem þessi starfsemi á að þjóna, og ekkert var í þessu gert, fyrr en margítrekaðar óskir höfðu komið um það frá síldarsaltendum á Austurlandi einkanlega, að þeir gætu með flestöll sín mál snúið sér til skrifstofunnar í Reykjavík, og svo er það búið að standa um langa hríð, eða síðan síldveiðarnar færðust að Austurlandinu. Þeir sögðu: Ef við eigum að ná til Siglufjarðar, þá getur það hreint og beint tekið okkur heila daga frá störfum, þangað til við erum búnir að ná sambandi við framkvæmdastjórann, en það tekur okkur ekki nema mínútur að ná símasambandi við Reykjavík. Þetta var rökstuðningur síldarsaltendanna fyrir austan. Og þeir sögðu því, að þeir þyrftu að fá, ef vel ætti að vera, sem flest sín mál, einkanlega þau, sem þyrfti að afgreiða í skyndi, afgreidd frá Reykjavík.

Ég er alveg undrandi á því, þegar þetta mál er gert að byggðajafnvægismáli og hugmyndirnar um það að færa meira eða minna af störfum síldarútvegsnefndar til skrifstofunnar í Reykjavík, meðan síldin hagar sér eins og hún gerir nú og hefur gert á undanförnum árum, taldar fjandskapur við byggðirnar norðanlands og ráðstöfun í þá átt að tæma þær. Hvað sem öðrum nm. í síldarútvegsnefnd líður heldur en okkur, hv. þm. Jóni Skaftasyni og mér, hef ég verið kunnur að öðru fremur en því að vera ekki einmitt byggðajafnvægismaður. Ég tel mig hafa verið það og ég hygg ég hafi orð á mér fyrir að vera það, en ég tel það hreinustu firru, að verið sé að fjandskapast við Siglufjörð og höggva á einhverja líftaug, sem bæjarfélagið hvíli á, með þessari till., sem fram kom í síldarútvegsnefnd um það að breyta skrifstofuhaldinu í sem praktískast horf, þannig að það mætti verða að sem mestu gagni. Og Jón Skaftason er, eins og kunnugt er, fæddur og uppalinn Siglfirðingur og gætir hagsmuna fyrir síldarsaltendur og útgerðarmenn þar, að ég hygg, nálega fyrst og fremst. Hann var þessu einnig samþykkur af því að það vakti ekkert fyrir honum né mér né neinum síldarútvegsnefndarmönnum annað en það að koma störfunum og mannahaldi þannig fyrir, að það gæti veitt sem bezta þjónustu, sem er okkar fyrsta skylda. Ég skal þá víkja að samþykktum síldarútvegsnefndar, svo mönnum geti þá orðið það ljóst af orðanna hljóðan, hvort í ákvörðun hennar felst einhver fjandskapur

við Norðurlandið eða nokkuð sé þar samþykkt, sem óeðlilegt sé, eins og atvik liggja og síldveiðarnar hafa þróazt. Hún er nokkuð langt mál, samþykktin, sem ég hér kynni hv. þm., með leyfi hæstv. forseta. Hún er gerð 12. sept. í haust. Þar segir:

„Svo sem kunnugt er, hefur síldarútvegsnefnd starfrækt tvær skrifstofur í tæpa tvo áratugi, þ. e. á Siglufirði og í Reykjavík, en áður hafði nefndin aðeins skrifstofu á Siglufirði. Skrifstofan á Siglufirði hefur m. a. haft umsjón með söltun og útflutningi saltsíldar frá Norður- og Austurlandi og séð um innkaup og dreifingu á tunnum, salti og ýmsum öðrum síldarsöltunarvörum fyrir það söltunarsvæði. Skrifstofa nefndarinnar í Reykjavík hefur annazt hliðstæð störf, að því er söltun á Suður- og Vesturlandi snertir. Auk þess hefur skrifstofan í Reykjavík haft umsjón með söltun og útflutningi á þeirri vetrarsíld, sem söltuð hefur verið á Austur- og Norðurlandi síðustu árin. Skrifstofa nefndarinnar á Siglufirði hefur séð um rekstur Tunnuverksmiðja ríkisins á Siglufirði og á Akureyri. Samkvæmt l. þeim um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, sem tóku gildi 21. apríl 1962, er gert ráð fyrir, að nefndin hafi skrifstofur á Siglufirði og í Reykjavík, en ekkert tekið fram um það, á hvorum staðnum skuli vera aðalskrifstofa nefndarinnar. Í hinum nýju l. segir, að ráðh. muni með reglugerð setja nánari fyrirmæli um framkvæmd l. Í reglugerðinni frá 1952 er tekið fram, að heimili og varnarþing nefndarinnar sé á Siglufirði, og verður að sjálfsögðu engin breyting á því gerð, nema nýja reglugerðin kveði þá á um annað. Svo sem kunnugt er, hefur svo til öll sölustarfsemi nefndarinnar um alllangan tíma verið undirbúin í Reykjavík, enda eru flestir stjórnarmeðlimir nefndarinnar búsettir í Reykjavík eða nágrenni. Einnig skal á það bent, að samningaviðræður þær, sem farið hafa fram hér á landi við fulltrúa erlendra síldarkaupenda, hafa um langt árabil farið fram í Reykjavík, enda er Reykjavík betur sett hvað samgöngur snertir, bæði við umheiminn og innanlands, en nokkur annar staður á landinu. Nefndinni hafa borizt endurteknar óskir frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi um það, að aðalskrifstofa nefndarinnar fyrir Norður- og Austurland verði í Reykjavík, og fer hér á eftir samþykkt aðalfundar félagsins 1967 um þetta efni. Síldarútvegsnefnd hefur ákveðið að verða við þeim óskum, en tekur fram, að skrifstofa nefndarinnar á Siglufirði verður starfrækt áfram. Enn fremur tekur nefndin fram, að skrifstofa sú, sem verið er að koma á fót á Seyðisfirði, *mun starfa þar, eins og ráð hafði verið fyrir gert.*"

Þetta var ákvörðun síldarútvegsnefndar. Samþykkt sú, sem borizt hafði frá aðalfundi síldarsaltenda norðan- og austanlands er ósköp stutt, og er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Aðalfundur Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi telur nauðsynlegt, að skrifstofu síldarútvegsnefndar í Reykjavík verði falin yfirumsjón með söltun Norður- og Austurlandssíldar, en skrifstofur verði þó áfram á Siglufirði og á Austurlandi."

Felst nú nokkurt tilræði í þessum samþykktum? Er þarna verið að haga málum á nokkurn annan veg heldur en þann, sem atvik gera eðlilegt og nauðsynlegt? Ég held ekki. Þess vegna held ég, að þessi frv.-flutningur sé alveg út í bláinn og af allt of mikilli tilfinningasemi mótaður og af misskilningi. Fram komu í hv. Ed. ýmsar brtt., sem snertu málið sjálft, eins og það blasir við nú, þegar við horfum til þess, að á næsta sumri verðum við að reyna að stunda veiðar á mjög fjarlægum miðum og reyna að finna einhverja aðferð til þess að geta hagnýtt okkur síldina til söltunar. Það var um málefnið sjálft. En svo var leitað umsagnar síldarútvegsnefndar um þær till., og að fengnum upplýsingum um afstöðu nefndarinnar, sem bárust hv. Ed. með bréfi núna á dögunum, tók sá flm. sínar till. aftur. Þær voru málefnalegar, en þegar hann hafði athugað viðhorf nefndarinnar til þeirra mála, sá hann ekki tilefni til þess að halda sínum till. til streitu og tók þær aftur.

Þá skal ég að lokum víkja að viðhorfum síldarsaltenda, sem eiga nú formenn sína, bæði samtökin í síldarútvegsnefnd. En frv. fer fram á það, að þau þurfi endilega að eiga hálfan annan mann, hvort um sig, alveg bráðnauðsynlegt, flutt um það löggjöf, að það skuli ekki vera einn maður frá saltendum norðan og austan og frá saltendum sunnan og vestan og þar í sitja formenn beggja samtakanna, nei, það skuli koma einn sameiginlegur fyrir bæði saltendafélögin. Hvaða nauðsyn rekur til þess? Treysta menn ekki þessum mönnum til þess að túlka sjónarmið og verja hagsmuni saltenda? Ég hef ekki orðið var við það, að neinn úlfaþytur hafi risið gegn þeim út af því, að þeir hafi brugðizt í þessu hlutverki, og ég veit heldur ekki til þess, að þeir hafi verið bornir ráðum nokkurn tíma í síldarútvegsnefnd, þannig að síldarsaltendur geti haldið því fram, að þeir verði að fá sterkari aðstöðu í nefndinni til þess að þeirra mál séu ekki fyrir borð borin. Ef svo væri, væri það nokkurt tilefni.

Hvað segja þá saltendafélögin nuna um þetta frv.? Er ekki verið að knýja það fram í þeirra þágu og ef ekki í þeirra þágu, þá í þágu hvers eða hverra? Það er fyrst hér bréf örstutt frá Félagi síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi, dags. núna 12. marz 1968. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. það, sem samþ. hefur verið við 2. umr. í Ed. Alþ. varðandi síldarútvegsnefnd, teljum við varhugavert og til hins verra, ef að lögum yrði í því formi, sem það nú er, vegna þeirrar breytingar, er á því var gerð, þ. e. ákvæðið, sem fjallar um lögheimili og aðalskrifstofu nefndarinnar.

Nær allir síldarsaltendur á landinu eru eindregið þeirrar skoðunar, að eins og nú háttar — og hefur verið undanfarin ár — sé nauðsynlegt, að yfirstjórn síldarútvegsnefndar hafi aðsetur í Reykjavík, á sama hátt og allar aðrar greinar útflutningsframleiðslu sjávarafurða hafa.

Vér leyfum oss því að mótmæla eindregið, að nefnt atriði frv. verði að l. og skorum á hv. Nd. Alþ. að fella það úr frv.

Virðingarfyllst,
f. h. Félags síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi,
Ólafur Jónsson, Margeir Jónsson.

Formaður sjútvn. Nd. Alþ.
Birgir Finnsson, Reykjavík."

Þarna er algerlega mótmælt því atriði, að það eigi að lögfesta, að aðalskrifstofa síldarútvegsnefndar skuli vera á Siglufirði, og réttilega var á það bent hér, að hlálegt er að lögfesta, hvar skrifstofan og stólarnir skuli vera, en setja ekkert ákvæði um það, hvar mennirnir skuli vera búsettir. En eins og sagt var hérna áðan, eru sumir í Reykjavík og einn er vestur í Selárdal og hefur ekki komið að baga, því að ég hef getað mætt á fundum nefndarinnar svipað og aðrir. Það á kannske að banna það í l., það getur vel verið, kannske er það ástæðan til frv.-flutningsins. En Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi hefur líka látið til sín heyra um frv., eins og það liggur nú fyrir Alþ. Það skrifar bréf, sem er dags. í Reykjavík 11. marz 1968, núna fyrir skömmu síðan, og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér leyfum oss hér með að mótmæla harðlega fram komnu frv. fjögurra þm. úr Norðurlandskjördæmum þess efnis, að aðalskrifstofa síldarútvegsnefndar skuli vera á Siglufirði, og vísum til einróma samþykktar fjölmenns aðalfundar Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, þar sem þess var krafizt, að skrifstofu síldarútvegsnefndar í Reykjavík verði falin yfirumsjón með söltun síldar á Norður- og Austurlandi, en jafnframt tekið fram, að skrifstofur verði þó áfram á Siglufirði og Austfjörðum.

Vér vörum alvarlega við því, að hagsmunum saltsíldarframleiðslunnar sé fórnað í annarlegum tilgangi og bendum á, að félög síldarsaltenda og síldarútvegsnefnd, sem skipuð er fulltrúum margra hagsmunasamtaka, hljóti að hafa meiri þekkingu á málefnum og vandamálum saltsíldarframleiðslunnar en aðilar, sem hvergi hafa komið þar nærri.

Vér væntum þess fastlega, að við afgreiðslu þessa máls verði heildarhagsmunir saltsíldarframleiðslunnar og þeirra aðila, sem henni eru tengdir, látnir ráða.

Virðingarfyllst,
f. h. Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi,
Jón Þ. Árnason."

Hér er sérstaklega mótmælt því, að lögfesta skuli, að aðalskrifstofan sé á Siglufirði, enda engin tilhneiging til þess að taka neina skrifstofu þaðan. Í mörg ár hafa margir þættir þessara mála verið afgreiddir frá skrifstofunni hér í Reykjavík, og ég veit ekki til, að nein stórvægileg breyting standi til um það. Hitt er annað mál, að það þykir nú heppilegra að hafa starfsskiptinguna með öðrum hætti, og hugmyndir eru ákveðnar uppi um það, ekki óáþekkar þeim hugmyndum, sem hv. 4. þm. Austf. lét í ljósi um sína skoðun hér áðan. Tunnuverksmiðja ríkisins er þar, stjórn hennar hefur verið falin síldarútvegsnefnd. Tunnuframleiðslunni verður að stjórna annaðhvort þar eða á Akureyri og dreifingu tunnanna, og hægt er að annast frá Siglufirði alveg eins og frá Reykjavík ýmiss konar þjónustustarfsemi fyrir þann landsfjórðung. En sala síldarinnar, sölumeðferðin er eðlilegast, að sé þá sameinuð á eina hönd, ef ekki fyrir norðan þá hér á skrifstofunni í Reykjavík og eins náið samband og nauðsynlegt er haft við síldarsaltendurna á Austfjörðum gegnum skrifstofuna, sem þar er, að vísu skipaðri bara einum manni. Það vakti fyrir síldarútvegsnefnd að skipuleggja störfin þannig, að starfskraftar nefndarinnar á öllum þessum skrifstofum notist sem bezt og að einhver tilfærsla yrði á hlutföllum, eftir því sem haganlegast þætti, og af þessu er allt þetta moldviðri. Ég get ekki séð annað heldur en nefndin hafi eingöngu verið að gera sjálfsagða skyldu sína með því að taka mannaráðninguna í þjónustu nefndarinnar og starfsskiptinguna við svo breyttar aðstæður, sem orðnar eru, til meðferðar og afgreiðslu, knúin til þess af sífelldum kröfum samtaka saltendanna bæði norðan og austan og sunnan og vestan.

Nýlega hefur einn af saltendunum á Austurlandi, Guðmundur Björnsson á Stöðvarfirði, skrifað alllanga grein í blaðið Tímann, þar sem hann lýsir því yfir, að á aðalfundum saltenda fyrir norðan og austan hafi ár eftir ár, síðan síldin færðist á Austurlandssvæðið, verið gerðar kröfur um það, að þeir fengju frekar afgeiðslu á sínum málum gegnum skrifstofuna í Reykjavík, auðvitað af því, að þeir töldu það auðveldara og þeir fengju þannig betri þjónustu, og engu öðru. Hann tekur til meðferðar umr. um byggðajafnvægismálið, sem norðlenzku þm. hafa gert að stóratriði í þessu máli og sem veldur því, að þeir leggja til, að aðalskrifstofan sé á Siglufirði. Og hann segir: „Það er engu síður byggðajafnvægismál, að við fáum óskir okkar um góða þjónustu, síldarsaltendurnir á Austurlandi," og heldur því fram, að einmitt út frá þeim sjónarmiðum eigi að taka tillit til þeirra till. um, að þeir fái beina afgreiðslu gegnum skrifstofuna í Reykjavík fremur en á Siglufirði, af því að það sé þeim að öllu leyti erfiðara, tímafrekara og geri þeim lítt fært að sinna öðrum nauðsynlegum störfum, jafnvel heilu dagana, meðan þeir eru að bíða eftir tilkynningum frá Siglufirði eða að ná símasambandi þangað, sem þeir segja, að sé mjög erfitt oft og tíðum á sumrin, þegar mest er að gera og þegar mest er í húfi hjá þeim. Ég er ekkert undrandi á því, þó að það hafi verið hægt með undirskriftasmölun að fá Siglfirðinga til þess að undirrita áskorun um það að aðalskrifstofa síldarútvegsnefndar á Siglufirði verði ekki þaðan flutt í burt. Það hefur aldrei staðið til. En samt fór nú um sjóferð þá þannig, að áhugamaðurinn, sem beitti sér fyrir undirskriftasöfnuninni, fékk ekki alla síldarsaltendur til að skrifa undir þetta, og þar á meðal ekki formann salt-

endafélagsins á Siglufirði. Hann sá tilefnisleysið í þessu og það yfirdrifna, sem ekki studdist við neinn raunveruleika.

Ég skal nú vægja hv. þm. við lengri lestri um þetta mál, sem er eins smátt í sniðum og það getur verið sem frv. fyrir Alþ., þjónar engum tilgangi, leysir engan vanda og á auðvitað að sofna svefninum langa miklu fremur heldur en mörg nytjamál, sem látin eru farast hér á þingi og ættu frekar framgang að fá. En málið fer nú til n. og hún athugar málið að sjálfsögðu og reynir að finna út, hvaða vandi sé leystur með fjölgun í síldarútvegsnefnd um einn mann úr 7 í 8. Ég sé ekki, að það leysi nokkurn vanda og ég sé ekki, að það sé nokkur nauðsyn fyrir saltendafélögin að eiga 1½ mann sem fulltrúa hvort um sig, í staðinn fyrir að þau eiga þar sinn formann til að gæta sinna hagsmuna hvort félagið um sig. Og hitt atriðið um að lögfesta, hvar skrifstofur síldarútvegsnefndar skuli vera, tel ég alveg út í loftið. Það var eðlilegt, að þær skrifstofur væru á Siglufirði, meðan þungi síldveiðanna var þar fyrir Norðurlandinu. Það hefði ekkert verið óeðlilegt, að skrifstofur síldarútvegsnefndar hefðu bókstaflega verið fluttar til Austfjarðanna, þegar meginþungi síldveiðanna var þar fyrir þeim landshluta, en svo kom það til, að síldveiðarnar náðu yfir allt árið og voru hér líka suðvestanlands og þá var þetta þannig, að mjög mikill hluti af störfum á skrifstofum síldarútvegsnefndar fluttist til Reykjavíkur, þó með eins nánum tengslum við skrifstofurnar í hinum landshlutunum og unnt var. Ég held, að ákvæðin eins og þau eru núna um það, að skrifstofur skuli vera á Siglufirði og í Reykjavík, séu alveg nægileg, og svo hefur síldarútvegsnefnd tekið það upp hjá sér að setja upp skrifstofu á Austfjörðunum líka til nánari fyrirgreiðslu við athafnamennina þar og atvinnugreinina, sem hér er um að ræða. Ég mundi telja, eins og ég hef margsagt í þessari minni ræðu, frv. tilefnislaust og tilgangslaust og tel, að það eigi ekkert erindi inn í löggjöf landsins.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Þau tíðindi hafa hér gerzt, að þeir hv. þm. Lúðvík Jósefsson og Hannibal Valdimarsson hafa allt í einu orðið mjög sammála. Og þeir eru sammála um það, að flytja eigi aðalstöðvar síldarútvegsnefndar frá Siglufirði til Reykjavíkur. Þeir eru sammála um það, að gera eigi ráðstöfun, sem mjög muni veikja baráttu þeirra manna, sem vilja stuðla að jafnvægi í byggð landsins, vilja stuðla að því, að sem mest af atvinnurekstri geti þróazt úti um land, að þar geti verið öflugt atvinnulíf og þar geti verið áhrif — öll áhrif og völd í þjóðfélaginu flytjist ekki til Reykjavíkur.

Það má kannske segja, að það hafi verið orðið tímabært, að þessir tveir menn yrðu sammála um eitthvert mál, en ég hélt nú samt ekki, að einmitt þetta yrði það, sem mundi sætta þá. Ég hef ekki orðið var við, að nein rök væru í ræðum þeirra færð fram fyrir nauðsyn þess, að þessi ráðstöfun yrði gerð. Hv. þm. Hannibal Valdimarsson tví- eða þrítók þá fullyrðingu sína, að miklu erfiðara væri að ná símasambandi frá Austfjörðum til Siglufjarðar heldur en frá Austfjörðum til Reykjavíkur. Ég vil gera hv. þm. það tilboð, að ef við könnum það sameiginlega, hvort þessi skoðun hans sé rétt eða röng, að því sé öfugt farið, að það sé betra að ná símasambandi frá Austfjörðum til Siglufjarðar heldur en frá Austfjörðum til Reykjavíkur, sættumst við á, að það verði látið skera úr um það, á hvorum staðnum aðalstöðvar síldarútvegsnefndar eiga að vera, vegna þess að ég fullyrði, að það er betra að ná símasambandi frá Austfjörðum til Siglufjarðar en frá Austfjörðum til Reykjavíkur. Þetta voru hans einu rök, sem mér fannst vera bitastætt í.

Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu um þetta mál að þessu sinni. Það gefast til þess tilefni síðar. En ég vildi þó aðeins mótmæla fullyrðingum þessara manna og vekja á því athygli, að það er síður en svo, að það sé rétt, eins og hv. þm. Hannibal Valdimarsson hélt fram, að svo til allir síldarsaltendur væru á því máli, að flytja bæri aðalstöðvar síldarútvegsnefndar til Reykjavíkur. Síldarútvegsnefnd hefur um þriggja áratuga skeið verið staðsett á Siglufirði og svo til allir saltendur norðanlands vilja, að hún sé þar áfram. Ég vek á því sérstaka athygli, að síldveiðar undanfarin ár hafa verið fyrir Austur- og Norðurlandinu. Þar hefur öll síldarsöltun eða svo til öll átt sér stað, en engin eða lítil sem engin hér sunnanlands. Ef yfirstjórn einhvers atvinnuvegar á Íslandi má vera úti á landi fyrir þeim mönnum, sem vilja hafa allar nefndir í Reykjavík og spóka sig í þeim þar, ef einhver atvinnurekstur á að vera annars staðar en hér, er það þessi atvinnurekstur. Það er einmitt á Norðurlandinu, Norðausturlandinu og Austurlandinu, sem þessi atvinnurekstur á heima, og það væri vissulega mjög mikið spor aftur á bak, ef ráðstafanir yrðu gerðar til þess að flytja hann suður. Hvað mundu þá menn í ýmsum landshlutum segja um allan atvinnurekstur annan? Mundu þeir treysta sér til þess að reyna að berjast þar áfram? Mundi ekki skoðunin verða sú, að úr því að ekki má einu sinni líða það, að sú nefnd, sem um þrjá áratugi hefur verið norðanlands á þeim stað, þar sem mest og bezt aðstaða er til síldarmóttöku, á þeim stað, þar sem verður mikil síldarmóttaka í sumar, þó að síldveiðarnar verði langt norður í hafi, vegna þess að það vita allir, að síldveiðiskipin munu salta um borð meira og minna og móttaka þeirrar síldar verður ekki hvað sízt á Siglufirði, þar sem aðstaða og kunnátta er til að meðhöndla síldina. Ég veit þegar um nokkuð mörg veiðiskip, sem ætla sér að leggja þar upp. Það kæmi mér ekki á óvart, þó að kannske mesta síldin næsta sumar kæmi einmitt á land á Siglufirði úr skipunum, sem verka hana að hluta til um borð. En einmitt nú, þegar þannig vill til, að líklega er Siglufjörður á ný að fá síld, á að flytja aðalstöðvarnar þaðan í burtu. Ég ætla á þessu stigi ekki að fjölyrða meira um þetta mál, en ég mun svo sannarlega ræða það síðar.

Jón Skaftason: Herra forseti. Þetta mál hefur nú verið alllengi til meðferðar hér á hv. Alþ. og sýnist mér af þeim umr., sem hér hafa farið fram, að það sé nú óvíst um, hvort það muni ná fram að ganga eða hafa meirihlutafylgi í þessari hv. d. Ég fylgdist talsvert með þeim umr., sem urðu um þetta mál í hv. Ed., þegar það var þar á dagskrá, og ég verð að segja það, að ég varð stundum hissa á þeim staðhæfingum, sem þar komu fram hjá sumum þeim mönnum, er tóku þátt í umr. um það þar, staðhæfingum, sem maður hefði ekki getað trúað, að menn létu sér um munn fara, sem ættu að þekkja jafn vel til þessa atvinnuvegar eins og sumir þeirra, er þar tóku þátt í umr., gera. Vegna þessara villandi ummæla og staðhæfinga langar mig til þess að fara nokkrum almennum orðum hér í þessari d. um verksvið síldarútvegsnefndar og starfsemi hennar og sögu, en skal þó reyna að stikla á stærstu atriðunum í því. En til viðbótar langar mig til þess að koma örfáum orðum að þeim staðhæfingum, sem komu fram í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., sem talaði hér rétt á undan mér.

Svo sem mörgum landsmönnum af eldri kynslóðinni mun kunnugt, stóð í áratugi jafnan mikill styrr um síldarútveg, síldariðnaðar- og síldarsölumálin. Þrátt fyrir þann auð, sem þessi atvinnuvegur hefur fært íslenzku þjóðinni, og þrátt fyrir þær framfarir, sem á honum hafa byggzt, hefur hann þó oft verið eitt af vandræðabörnum þjóðarinnar. Frá því að síldarsöltunin færðist yfir á hendur Íslendinga úr höndum erlendra manna á þessari öld og fram til ársins 1935, er síldarútvegsnefnd tók til starfa, var þessi atvinnugrein eitt af meiri háttar áhyggjuefnum Alþ. og þeirra ríkisstj., sem sátu að völdum á þessu tímabili. Landsmenn gátu skilið það, að útkoman væri slæm í lélegum aflaárum, en þeir áttu sem von var öllu erfiðara með að átta sig á því, hvað var á seyði, þegar hver síldarsaltandinn á fætur öðrum varð gjaldþrota í beztu aflaárum, sem stundum leiddi til þess, að síldarverkunarfólk og sjómenn héldu heimleiðis eftir stranga vinnudaga með tvær hendur tómar eða því sem næst. Menn virtust ekki skilja þá staðreynd, að vegna skipulagsleysis á framleiðslunni og markaðsöfluninni og vegna hins takmarkaða geymsluþols síldarinnar þurfti ekki nema tiltölulega litla umframsöltun til þess að orsaka verðfall og sölutregðu. Á þessum árum var það algengt, að þúsundir og jafnvel tugþúsundir tunna af íslenzkri saltsíld lægju óseldar á hafnarbökkum Kaupmannahafnar, Gautaborgar og fleiri erlendra hafnarborga, eftir að allir tiltækir markaðir höfðu verið yfirfylltir. Kunna fróðir menn margar ótrúlegar sögur af ástandinu í síldarsölumálunum á þessum tímum.

Til þess að freista þess að bæta úr ástandinu samþykkti Alþ. 29. des. 1934 sérstök lög um stofnun síldarútvegsnefndar og um útflutning á saltaðri síld. Í l. þessum var m. a. gert ráð fyrir, að útflutningur og framleiðsla saltsíldar yrði skipulögð, og skyldi nefndin hafa með höndum úthlutun útflutningsleyfa, veiðileyfa til verkunar og söltunarleyfa og jafnframt skyldi hún löggilda síldarútflytjendur. Eitt af verkefnum nefndarinnar skyldi vera að koma í veg fyrir verðfall og sölutregðu af völdum offramleiðslu, og sagði svo um það atriði í l. frá 1934:

„Nú verður það nauðsynlegt, að dómi síldarútvegsnefndar, til þess að tryggja gæði síldar eða sölu á síldarframleiðslu landsmanna, að takmarka veiði, og er nefndinni þá heimilt að ákveða, hvenær söltun megi hefjast, svo og að takmarka eða banna söltun um skemmri eða lengri tíma og ákveða hámark söltunar á hverju skipi.“

Á árunum fyrir síðari heimsstyrjöldina annaðist nefndin sjálf ekki sölu á annarri síld en svokallaðri matjessíld. En síðan 1945 hefur síldarútvegsnefnd verið einkaútflytjandi allrar saltaðrar síldar frá Íslandi. Einkaleyfið er þó ekki veitt nema til eins árs í senn og hefur nefndin oftast leitað álits síldarsaltenda og samtaka þeirra, áður en sótt hefur verið um einkaleyfi hverju sinni. Framan af var síldarútvegsnefnd falið að ákveða verð á fersksíld til söltunar og hafa forgöngu um alls konar tilraunastarfsemi varðandi síldarútveginn, en nú er ýmsum öðrum stofnunum ætlað þetta verkefni.

Árið 1962 voru samþ. ný lög um síldarútvegsnefnd og þau eldri felld úr gildi, enda höfðu kringumstæðurnar breytzt allmikið frá því að l. frá 1934 voru sett. Síldarútvegsnefnd er í dag fyrst og fremst sölu- og útflutningsstofnun, sem jafnframt skipuleggur saltsíldarsöluna með tilliti til þess, að markaðsmöguleikar nýtist sem bezt hverju sinni. Nefndin er skipuð 7 mönnum til þriggja ára í senn. Alþ. kýs þrjá, en sjútvmrh. skipar fjóra eftir tilnefningu ASÍ, LÍÚ, Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi. Ráðh. skipar formann og varaformann úr hópi hinna þingkjörnu nm. til 1 árs í senn.

Vegna villandi ummæla, sem fram hafa komið í sambandi við breytta starfstilhögun síldarútvegsnefndar, þykir mér rétt að gera hér nokkra grein fyrir því máli, en til viðbótar því, sem ég segi, vil ég benda á, að hv. þm. Hannibal Valdimarsson vék nú mjög að gangi þessa máls hér áðan, og skal ég reyna að forðast að endurtaka mikið af því, sem hann sagði. Í l. um síldarútvegsnefnd frá 1962 er gert ráð fyrir, að nefndin hafi aðsetur og um leið skrifstofur á Siglufirði og í Reykjavík og svo hefur verið um alllangan tíma. En ekkert er tekið fram um það, á hvorum staðnum skuli vera aðalskrifstofa nefndarinnar. Í hinum nýju l. segir, að ráðh. muni með reglugerð setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna. Í reglugerðinni frá 1952, sem er 10 árum eldri en gildandi l., er tekið fram, að heimili og varnarþing síldarútvegsnefndar sé á Siglufirði, og verður að sjálfsögðu engin breyting á því gerð, nema nýja reglugerðin kveði á um annað. Skrifstofan á Siglufirði hefur m. a. skipulagt söltun og séð um útflutning saltsíldar frá Norður- og Austurlandi og annazt innkaup og dreifingu á tunnum, salti og ýmsum öðrum síldarsöltunarvörum fyrir söltunarsvæðið. Skrifstofan í Reykjavík

hefur annazt hliðstæð störf, að því er söltunina á Suður- og Vesturlandi snertir. Sölustarfsemi síldarútvegsnefndar hefur um alllangan tíma verið stjórnað frá Reykjavík, enda eru flestir fundir hennar haldnir þar. Framkvæmdastjórar eru tveir, annar fyrir Siglufjarðarskrifstofuna, hinn fyrir Reykjavíkurskrifstofuna. Nefndinni hafa borizt endurteknar óskir á undanförnum árum frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi um það, að aðalskrifstofa nefndarinnar fyrir Norður- og Austurland verði í Reykjavík. Fer hér á eftir samþykkt aðalfundar félagsins 1967 um þetta efni:

„Aðalfundur Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi telur nauðsynlegt, að skrifstofu síldarútvegsnefndar í Reykjavík verði falin yfirumsjón með söltun Norður- og Austurlandssíldar, en skrifstofur verði þó áfram á Siglufirði og Austurlandi."

Samþykkt þessi var gerð með samhljóða atkvæðum á aðalfundi félagsins. Síldarútvegsnefnd hefur ákveðið að verða við þessum óskum, en tekur fram, að skrifstofa nefndarinnar á Siglufirði verði starfrækt áfram. Sömuleiðis að skrifstofa sú, er komið hefur verið á fót á Seyðisfirði, muni starfa þar áfram, eins og ráð hefur verið gert fyrir. Nefndin, sem sjútvmrh. skipaði á s.l. ári til þess að gera till. um breytingar á l. um síldarútvegsnefnd, hefur einnig lagt til, að skrifstofur verði á þremur stöðum: Í Reykjavík, á Siglufirði og á Austurlandi. Í n. þessari áttu sæti fulltrúar tilnefndir af síldarútvegsnefnd, Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, Félagi síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi, LÍÚ og ASÍ.

Ég gat þess í upphafi, að allmikils misskilnings hefði gætt undanfarið, að því er starfssvið síldarútvegsnefndar snertir, og þykir mér rétt að minnast lítilsháttar á þau atriði. Síldarútvegsnefnd hefur verið ásökuð fyrir það, m.a. hér á hv. Alþ., að hafa ekkert gert til þess að selja saltaða síld í neytendaumbúðum eða láta vinna vöruna frekar í landinu. Þessu er haldið fram, þrátt fyrir það, að í l. sé skýrt fram tekið, að sala á saltaðri síld í neytendaumbúðum, svo sem á niðurlagðri og niðursoðinni síld, sé algerlega óviðkomandi verksviði síldarútvegsnefndar, enda hefur Alþ. oftar en einu sinni sett l. um sérstakar ríkisstofnanir, sem ætlað hefur verið að hafa forgöngu á þessum vettvangi.

Þegar síldin breytir skyndilega göngu sinni og söltunarstöðvarnar skortir hráefni, hefur síldarútvegsnefnd stundum verið ásökuð fyrir það, að hafa ekki strax brugðið við og séð um flutning á fersksíld til lands, enda þótt framkvæmd söltunar og öflun hráefnis heyri ekki undir verksvið nefndarinnar eins og l. bera ótvírætt með sér. Þrátt fyrir þetta hafa víðtækar tilraunir verið gerðar á vegum nefndarinnar í þessu skyni á undanförnum árum, þannig að ítarlegar upplýsingar liggja nú fyrir varðandi ýmsa þætti í sambandi við flutning og geymslu á fersksíld.

Þótt síldarútvegsnefnd hafi á s. l. sumri á ýmsan hátt hvatt til þess, að reynt yrði að hefja söltun um borð í veiðiskipum vegna fjarlægðar veiðisvæðisins frá ströndinni, hefur nýlega verið kvartað yfir því á opinberum vettvangi, að söltun um borð í veiðiskipum væri bönnuð að l. Hafi skemmda orðið vart í saltaðri síld hjá einhverri söltunarstöðinni, hefur skuldinni stundum verið skellt á síldarútvegsnefnd þrátt fyrir það, að nefndinni er, eins og áður er sagt, ekki ætlað það verkefni að hafa með höndum framkvæmd söltunar eða sjá um daglegt viðhald síldarinnar. Um þetta atriði eru skýr ákvæði í lögum og reglugerð.

Eins og hér hefur verið sýnt fram á, hafa þær aðfinnslur, sem einkum hafa komið fram varðandi störf síldarútvegsnefndar byggzt á því, að hún hefði ekki blandað sér í málefni, sem skv. l. heyra ekki undir verksvið hennar. Aftur á móti veit ég ekki til þess, að neinar eða teljandi kvartanir hafi komið fram varðandi sölumálin, sem er aðalverksvið og aðalverkefni hennar, enda held ég, að flestir séu sammála um, að nefndin hafi leyst þau mál vel af hendi, þrátt fyrir erfiðar kringumstæður á stundum. Síldarútvegsnefnd hefur tekizt á undanförnum árum að stórauka sölu á saltaðri síld og það á sama tíma sem ýmsir keppinautar okkar hafa tapað mörkuðum og samtímis hefur nefndinni þó allt fram á síðastliðið ár tekizt að fá verulegar verðlagshækkanir á útfluttri saltsíld.

Þá vil ég leyfa mér að minna til viðbótar þessu á þann stóra þátt, sem síldarútvegsnefnd hefur átt í því að byggja upp markaði fyrir Suðurlandssíldina, sem engin tök voru á að selja að neinu ráði, áður en nefndin hóf það uppbyggingarstarf fyrir u. þ. b. tveim áratugum síðan.

Það frv., sem hér er verið að ræða og hefur valdið nokkrum úlfaþyt hér á hv. Alþ. og eins utan veggja þingsins, er undirbúið af sjö manna nefnd, eins og ég gat um áðan, sem skipuð var af hæstv. sjútvmrh. 2. ágúst 1967, skv. eindregnum og ítrekuðum óskum frá síldarsaltendum. Þrýstingurinn frá saltendum í þessu máli laut að því, að þeir töldu, að þeir ættu siðferðilegan rétt á að fá meiri áhrif í síldarútvegsnefnd og óskuðu eftir því, að fulltrúum í nefndinni yrði fjölgað, helzt um tvo, og að þeir fengju þá fulltrúa báða. Eins og komið hefur fram hér í umr., þá hafa ræðumenn bent réttilega á, það, að lítið hafi komið út úr störfum þessarar sjö manna nefndar annað en það, að fjölga skyldi um einn mann í síldarútvegsnefnd. Þetta er rétt. Í skipunarbréfi til sjö manna nefndarinnar var m. a. talað um það, að hún ætti að gera till. um framtíðarskipulag sölumála saltsíldar. En þegar farið var að athuga l. um síldarútvegsnefnd, urðu þeir, sem sæti áttu í sjö manna nefndinni fljótt sammála um það, að lögin væru þess efnis, að heimildir væri í þeim að finna fyrir öllum þeim skipulagsbreytingum, sem hugsanlegt væri að gera, eða sem efst voru á baugi í þann tíma í sambandi við fyrirkomulag sölumálanna og skipulagsmálanna, þannig að af þeirri ástæðu þurfti ekki að dómi nefndarmanna að setja nein ný lög til þess að koma þessari skipulagsbreytingu á. Það er af þessari ástæðu fyrst og fremst, sem sá árangur, sem þessi sjö

manna nefnd skilaði frá sér, er ekki viðameiri heldur en raun ber vitni um. Þetta frv. um fjölgun í síldarútvegsnefnd um 1 mann var svo lagt fyrir hv. Ed. af sjútvn. þeirrar d. Og þá fóru ýmsir skrýtnir hlutir að gerast í sambandi við þetta meinlausa mál og kannske þarflitla. Þá upphófust raddir þar innan þings um það, að með frv. væri stefnt að því að grafa undan Siglufirði sérstaklega, þar sem í frv. væri að finna ákvæði um það, að síldarútvegsnefnd skyldi hafa skrifstofur í Reykjavík, Siglufirði og á Seyðisfirði, en ekkert var um það sérstaklega getið, á hver[illegible] þessara staða aðalskrifstofan skyldi vera. Út af þessu voru haldnar margar hjartnæmar ræður í Ed., ýmsir menn gengu fram í því að skrifa um þetta tilræði hjartnæmar greinar í stærsta blað landsins og mikill leikur var settur á svið í kringum þetta allt saman.

Ég skal ekki fara langt út í það að rekja þennan leik allan, og sannast sagna á ég dálítið erfitt með að taka þátt í þeim deilum, sem hafa orðið um það hér á hv. Alþ., hvar aðalskrifstofa síldarútvegsnefndar skuli vera, því að sem gamall Siglfirðingur hef ég að sjálfsögðu miklar taugar til þess staðar og vil veg hans á allan hátt sem mestan, en mér er þó ómögulegt að láta þær tilfinningar ráða um afstöðu mína, þegar öll skynsemi og öll rök hníga að því, að nauðsynlegt sé að breyta nokkuð til um skrifstofuhaldið, eins og það hefur verið á undanförnum árum. Þetta þekki ég vel vegna starfa í nokkuð mörg ár í síldarútvegsnefnd. Mér er fyllilega kunnugt um þá miklu erfiðleika, sem eru því samfara, að nefndin situr hér suður í Reykjavík og heldur sína fundi þar og fjallar um þessi málefni, en þarf svo í gegnum síma að sjá um, að framkvæmdar séu ýmsar af samþykktum nefndarinnar af aðilum, sem eru ekki í öðru sambandi mikinn hluta ársins við nefndina en símasambandi einu saman. Ég get ekki lokað augunum fyrir þessu. Til viðbótar því vil ég svo benda á, eins og hér hefur komið fram í umr. áður, að ítrekaðar kröfur, samhljóða kröfur aðalfunda saltendafélagsins á Norður- og Austurlandi hafa verið settar fram til síldarútvegsnefndar um það að koma á þeirri skipulagsbreytingu í skrifstofuhaldi, sem frv. heimilar og síldarútvegsnefnd hafði ákveðið fyrir nokkru að ráðast í. Síldarútvegsnefnd gerði þessar breytingar þó ekki fyrr en í seinustu lög. Hún hefur ekki tekið sig sérstaklega fram um að koma fyrirhugaðri breytingu á laggirnar. Þar hafa síldarsaltendurnir sjálfir og samtök þeirra haft alla forustu.

Því hefur verið haldið fram hér á hv. Alþ., að með þessari fyrirhuguðu skipulagsbreytingu, sem ekki er nú stórkostlegri en það, að ég gizka á — þó að ég geti ekki um það fullyrt, enda er það ekki endanlega ákveðið, — að hún þýddi í reynd það, að hugsanlega yrði fækkað um einn eða tvo starfandi menn á skrifstofunum á Siglufirði og þeim þá annaðhvort sagt upp, ef það þætti fært, til þess að spara eða þá færðir hingað á skrifstofuna fyrir sunnan, skipulagsbreytingin er nú ekki stórtækari en það — með þessu væri verið að ráðast að jafnvægi í byggð landsins. Ég minnist þess ekki þau ár, sem ég hef setið hér á hv. Alþ., að ég hafi heyrt öllu fráleitari staðhæfingu en þessa, og hef ég þó hlustað á margt misjafnt á hv. Alþ. um ýmis mál. Flutningur á einum eða tveimur skrifstofumönnum suður til Reykjavíkur, ef að því yrði horfið, eða það, að einum eða tveimur skrifstofumönnum á Siglufirði yrði sagt upp, er tilræði við jafnvægi í byggð landsins að sögn ýmissa manna. Og undir þessu herópi hefur hér á hv. Alþ. verið reynt að safna fylgi við frv. eða breytingu á l.. sem ákveður það, að aðalskrifstofa síldarútvegsnefndar skuli bundin á Siglufirði, hvað sem allri skynsemi líður og hvað sem þeir, sem að þessum atvinnuvegi, síldarsöltuninni, vinna, hafa um þetta mál að segja og hverjar sem óskir þeirra eru. Ég held, að hv. Alþ. geti ekki verið þekkt fyrir að taka undir jafnfráleita staðhæfingu með því að samþykkja frv., eins og það liggur nú fyrir, eftir að það kom frá hv. Ed. Ég held, að það væri verið að misbjóða á hinn herfilegasta hátt virðingu Alþingis með slíkri afgreiðslu mála.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. (EKJ) sagði hér áðan, að ef af þessari skipulagsbreytingu yrði, væri þar með verið að gera baráttu þeirra manna erfiðari, sem vilja viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Ekki rökstuddi hann nú þessa fullyrðingu neitt frekar. Ég skal ekki þreyta hv. þd. á því að fara mörgum orðum um þessa fráleitu staðhæfingu, og ég skal ekki fara að munnhöggvast við hv. þm. út af þessu. En svo að menn haldi ekki, að það eigi nokkra pólitíska rót, að ég er ekki á sömu skoðun og hv. þm. um þetta atriði, þá vil ég vitna í smágrein, sem mikilsvirtur síldarsaltandi og athafnamaður á þessu sviði um marga áratugi skrifaði í Morgunblaðið 7. des. s. l., en hann heitir Sveinn Benediktsson. Sveinn Benediktsson er, eins og allir vita, bróðir hæstv. forsrh. og mikill flokksbróðir hv. 4. þm. Norðurl. v. Fyrst vitnar Sveinn orðrétt í grein, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. hafði ritað í Morgunblaðið daginn áður, 6. des., er sýnir vel þau gífuryrði og þær staðhæfingar, sem ýmsir menn hafa leyft sér að viðhafa í sambandi við þessa skipulagsbreytingu, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi áform mega ekki takast. Ef nefndin yrði flutt suður, mundi skrifstofa verksmiðjanna fylgja á eftir og þá hefðu þeir menn, sem vilja byggja Ísland allt, beðið slíkan ósigur, að ólíklegt er, að vörn yrði úr því snúið í sókn. Það er hér og einmitt hér, sem sköpum skiptir.“

Flutningur á einum skrifstofumanni suður eða hugsanlega tveim á sem sagt að áliti þessa hv. þm. að valda því, að landsbyggðin, eftir því sem helzt verður skilið, bara þurrkist út. Hún bara flytji öll á einu bretti suður í Reykjavík. Það er ekkert minna, sem er í veði að hans áliti. Hér er um svo fráleitar staðhæfingar að ræða, að raunar ætti ekki að þurfa meira til en rétt aðeins að benda á þær til þess að sýna, hversu málflutningur þeirra, sem standa að baki þessu, er fráleitur. Í grein Sveins Benediktssonar, þar sem hann er að svara ýmsu, sem komið

hefur fram, segir m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Hverjir eru líklegri en síldarsaltendur sjálfir og 7 fulltrúar þeirra í síldarútvegsnefnd til þess að geta dæmt um það, hvað bezt henti í þessu efni? Er þessi ritstjóri Morgunblaðsins fær um það? Hann er svo ókunnugur málavöxtum, að hann telur allt í voða um byggð landsins og að sköpum skipti, ef nefndin yrði flutt suður. Hann virðist ekki vita eða vilja vita, að nefndin hefur ekki komið til Siglufjarðar eða haldið þar fundi árum saman, en fjöldi nefndarfunda verið haldnir í Reykjavík, oft með mjög ófullnægjandi tengslum við aðalskrifstofuna fyrir Norður- og Austurland á Siglufirði, m. a. vegna þess, hve illa gengur oft og tíðum að ná símasambandi við skrifstofuna, þrátt fyrir sjálfvirkt símasamband. Ég get ómögulega fallizt á það sjónarmið, að þeir, sem vilja verða við óskum síldarsaltenda í hinum dreifðu kauptúnum og kaupstöðum á Norður- og Austurlandi, vilji þar landauðn, en sá, sem ekki vill taka tillit til óska þeirra, sé bjargvætturinn. Mér virðist hinn góði ritstjóri Morgunblaðsins hafa í þessari ritsmíð sinni gerzt fullkeimlíkur sumum öðrum í málflutningi sínum, þegar hann telur, að sjálfsagðar ráðstafanir, sem gerðar eru eftir ósk þeirra, sem hlut eiga að máli, horfi til niðurrifs og landauðnar, einungis ef Reykjavík er viðurkennd sem miðstöð viðskipta og verzlunar landsins. Hið einkennilegasta við þetta er, að þeir, sem hæst gala um, að þeir óttist, að allt og allir flytjist til Reykjavíkur og annars staðar horfi til landauðnar, vilja sjálfir hvergi vera nema þar. Þetta virðist mér eiga meira skylt við atkvæðaveiðar en síldveiðar eða sölu saltsíldar."

Þetta segir Sveinn Benediktsson í þessari grein, þar sem hann er að svara flokksbróður sínum, hv. 4. þm. Norðurl. v. *Ég veit nú ekki, hvort ástæða er til* þess fyrir mig að víkja að fleiri atriðum í sambandi við þetta mál. Það er þegar svo vel upplýst. En ég vil að endingu aðeins undirstrika það, að tilgangurinn með þessari skipulagsbreytingu í skrifstofuhaldi síldarútvegsnefndar er sá að auka á hagræðingu og sparnað í skrifstofuhaldinu. Hann er sá að auka þjónustu við síldarsaltendur í landinu, sem er fyrsta og fremsta verkefni nefndarinnar að lögum. Sem gamall Siglfirðingur, eins og ég sagði hér áðan, vil ég ekki á nokkurn hátt gera nokkuð til þess að grafa undan grundvelli þess staðar. Ég á þar mína fjölskyldu og er alinn þar upp til fullorðinsára og ber því hlýjan hug til þess staðar og fólksins, sem þar býr. Ég hef heldur ekki orðið var við það, að forustan í andstöðunni fyrir umræddri skipulagsbreytingu hafi komið frá Siglfirðingum eða heimamönnum á Siglufirði. Það er fjarri lagi. Fulltrúar siglfirzkra síldarsaltenda, sem setið hafa á aðalfundum Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, hafa verið sammála öðrum síldarsaltendum um, að þessi skipulagsbreyting væri æskileg og greitt henni atkv. á aðalfundum sínum. Nei, forustan í þessu máli kemur frá þm., sem margir hverjir eru ekki sérstaklega þekktir að því að þekkja neitt sérstaklega til þessa atvinnuvegar. Ég held því, að tilgangurinn sé ekki fyrst og fremst sá að vinna hagsmunamálum Siglufjarðar sem slíks neitt sérstakt með þessu og ekki til þess að vinna hagsmunamálum síldarsaltenda í landinu neitt gagn með þessu andófi. Tilgangurinn er svo auðsæilega sá að reyna að slá pólitískar keilur með þessum andróðri, en svo mikið þekki ég til Siglfirðinga, að ég dreg það mjög í efa, að þeir, sem hæst tala og mest gala um þetta og hafa reynt að blása þetta mál upp úr öllu valdi, hafi nokkurn sóma af því, og ég stórefa, að nokkur pólitískur ávinningur verði að því fyrir þá á Siglufirði. Ég efa það.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Málið, sem fyrir liggur á þskj. 236 og rætt var í dag, virðist hafa verið töluvert hitamál í hv. Ed. Ég heyrði ekki þær umr., en mér heyrðist á þeim umr., sem fram fóru í dag, að það mundi jafnvel einnig vera nokkurt hitamál hér í þessari d. Ég ætla nú ekki að leggja mikið til þessa máls og ég ætla ekki í sambandi við það að ræða mikið um jafnvægi í byggð landsins. Fyrir þessu þingi liggja mál, sem munu skera úr um það, hver hugur einstakra þm. er í þeim efnum og það stórmál.

Hins vegar get ég fallizt á það, að einnig þetta mál, sem hér liggur fyrir, varði þá hluti. Það eru einkum tvö atriði, sem virðast vera skiptar skoðanir um í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir. Annað er það, hvort bæta eigi einum fulltrúa í síldarútvegsnefnd, þannig að nm. verði fjölgað upp í 8 og að síldarsaltendur fái einum fulltrúa fleira en þeir nú hafa. Ég hef enn ekki fyllilega gert mér grein fyrir því máli, enda málið nýkomið hingað til d., að ég ætla, en vil hlusta á þau rök, sem fyrir því eru að gera þetta. *Hins vegar sýnist mér, að ef ætti* að fjölga fulltrúum síldarsaltenda um einn í nefndinni, væri réttara, að það félagið, sem er með meiri starfsemina og tekur yfir það svæði, þar sem síldin einkum er úti fyrir, hefði þá 2 fulltrúa, en minna félagið 1. Ég vil aðeins nefna þetta til athugunar fyrir þá hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar.

Hitt atriðið, sem hér hefur verið rætt og sem ágreiningur virðist vera um og sumum nokkuð heitt í hamsi í sambandi við, er það, hvar vera skuli aðalskrifstofa eða bækistöðvar síldarútvegsnefndar, hvort þessi aðalskrifstofa skuli vera norðanlands, nánar tiltekið á Siglufirði, eins og hún var í öndverðu, þegar hin fyrsta verksmiðja var reist á vegum ríkisins 1930, eða hvort hana skuli flytja til Reykjavíkur og hún verða framvegis þar. Um þetta virðist mér, að ágreiningurinn sé. Og eins og frv. er núna, er gert ráð fyrir því, að haldið verði hinni gömlu hefð og aðalskrifstofan og aðalbækistöðvarnar verði á Siglufirði.

Það liggur hér fyrir framan mig bréf, sem ég fékk lánað hjá hv. 9. þm. Reykv. Hann hélt hér ræðu í dag og las upp úr bréfum eða skjölum, sem hann hafði um þessi mál, og hann lánaði mér fúslega

þessi skjöl. Þetta er bréf frá 11. marz s. l., sem hefur verið sent, að ég ætla, hv. Ed. eða e. t. v. sjútvn. í hv. Ed., og er frá öðru síldarsaltendafélaginu. Þetta bréf hefur verið sent í tilefni af því, að fjórir þm. úr hv. Ed. hafa leyft sér að flytja frv. um þetta mál, og það segir þarna, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér vörum alvarlega við því, að hagsmunum saltsíldarframleiðslunnar sé fórnað í annarlegum tilgangi, og bendum á, að félög síldarsaltenda og síldarútvegsnefnd, sem skipuð er fulltrúum margra hagsmunasamtaka, hljóti að hafa meiri þekkingu á málefnum og vandamálum saltsíldarframleiðslunnar en aðilar, sem hvergi hafa komið þar nærri."

Svo mörg eru þau orð og það virðist vera í þeim töluverður þungi, þar sem þeir eru að minna okkur þm. á það, að við höfum hvergi komið nærri síldarútvegi og muni vera bezt að sníða það frv., sem við afgreiðum hér, eftir fyrirmælum þeirra, sem meiri þekkingu hafi á málunum. Og í framhaldi af þessu er frv., sem fram kom í hv. Ed., harðlega mótmælt. Það er nú eins og hér sé töluvert í húfi samkv. umsögn þessa bréfs. Það er látið liggja að því, að það sé verið að fórna hagsmunum saltsíldarframleiðslunnar, hvorki meira né minna, fórna hagsmunum saltsíldarframleiðslunnar í annarlegum tilgangi. Og það, sem þessir menn telja, að sé svona hættulegt, að það sé verið að fórna saltsíldarframleiðslunni, er það að vilja hafa aðalskrifstofuna áfram á Siglufirði en ekki í Reykjavík. Það er nú það. Það er nú ekki getið um það í þessu bréfi, hvernig á þessu standi, að hættan sé svona yfirvofandi, ef aðalskrifstofan verði áfram á Siglufirði, en í öðru bréfi er dálítið vikið að þessu. Það bréf er stílað til formanns sjútvn. Nd., hv. 5. þm. Vestf., og hafa bréfritarar ætlað að gera sínar ráðstafanir í tíma, því að málið er ekki enn þá komið til þeirrar hv. n. Þar segir, að síldarsaltendur séu eindregið þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé, að yfirstjórn síldarútvegsnefndar — þar mun vera átt við aðalskrifstofuna — hafi aðsetur í Reykjavík. Og það er ekki laust við, að þarna komi fram rök fyrir þessu, þar sem segir, að hún eigi að hafa aðsetur í Reykjavík, þessi skrifstofa, á sama hátt og allar aðrar greinar útflutningsframleiðslu sjávarafurða hafa. Ég veit nú ekki, hvað þetta eru sterk rök. Þorskveiðin er að miklum meiri hluta á miðum fyrir Suðvesturlandi, en það er dálítið öðruvísi um síldina, þannig að ég veit ekki, hvort þetta er alveg sambærilegt. En svo er hér enn í þessum skjölum bréf eða tilkynning, líklega til rn., frá síldarútvegsnefnd sjálfri, dags. 18. marz 1968, og þar er sagt frá því, að nefndin hafi þá rétt áður, 15. marz, haldið fund á skrifstofu sinni í Reykjavík og nánar tilgreindir menn mætt á fundinn. En þegar ég lít nánar á, sé ég, að það sem þar er skýrt frá, snertir ekki beinlínis þetta mál, heldur er hér annað skjal, sem varðar þetta mál, og það skýrir frá till., sem samþ. hafi verið á aðalfundi Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, og síðan frá ályktun, sem gerð hafi verið í síldarútvegsnefnd 12. sept. 1967. Niðurstaða þeirrar ályktunar er sú, að síldarútvegsnefnd hefur ákveðið að verða við þessum óskum, en óskirnar voru um það, að skrifstofu síldarútvegsnefndar í Reykjavík verði falin yfirumsjón með söltun Norður- og Austurlandssíldar. Þar er þetta, sem kallað er að vera aðalskrifstofa, og nefndin hefur ákveðið hinn 12. sept. s. l. að verða við þessum óskum og tekur þó fram, að skrifstofan á Siglufirði verði starfrækt áfram. En í till. eru tilfærð rök fyrir því, að þetta beri að gera, og þar sér maður eitthvað um það, hvað í húfi er. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo sem kunnugt er, hefur svo til öll sölustarfsemi nefndarinnar um alllangan tíma verið undirbúin í Reykjavík, enda eru flestir stjórnarmeðlimir nefndarinnar búsettir í Reykjavík eða nágrenni."

Þarna virðist vera að leita upptakanna að þessu máli. Sölustarfsemi nefndarinnar hefur um alllangan tíma verið undirbúin í Reykjavík, enda er það eðlilegt, þar sem flestir stjórnarmeðlimir nefndarinnar eru búsettir í Reykjavík, „eða nágrenni". Einnig er á það bent, að samningaviðræður þær, sem farið hafa fram hér á landi við fulltrúa erlendra síldarsaltenda, hafi um langt árabil farið fram í Reykjavík, sennilega af svipaðri ástæðu, og af þeirri ástæðu til viðbótar, sem þarna er einnig tilgreind, að Reykjavík sé betur sett hvað samgöngur snertir, bæði við umheiminn og innanlands, en nokkur annar staður á landinu. Það má út af fyrir sig líta á þetta, að Reykjavík sé betur sett heldur en nokkur annar staður á landinu hvað samgöngur snertir, bæði við umheiminn og innanlands. Þetta eru sjálfsagt töluvert algild rök fyrir því, að yfirleitt ekki aðeins aðalskrifstofa síldarútvegsnefndar, heldur ýmsar aðrar stofnanir eigi að vera í Reykjavík. En mér dettur það nú í hug, hvort það væri ekki í þessu sambandi einnig tilhlýðilegt að tala um það, að þessu yrði eitthvað breytt og að samgöngurnar yrðu bættar við aðra slíka staði. Ég man raunar ekki betur en að samgöngur við Siglufjörð hafi verið bættar til muna á undanförnum árum. Mig minnir, að það hafi verið sprengd göng gegnum fjall, sem kostaði líklega einar 50 millj., til þess að það væru ekki lengur óviðunandi samgönguerfiðleikar við þennan stað, þennan fyrrum höfuðstað síldarútvegsins á Íslandi. Og það skyldi nú vera, að þetta hefði ekki verið gert að einhverju leyti með tilliti til þess, að Siglufjörður yrði betur fær um það að gegna slíku höfuðstaðarhlutverki. Hvort einhverjum síldarútvegsnefndarmanni kynni að hafa fundizt of þröngt um sig í þessum göngum, eins og gerðist í þjóðsögunni, skal ósagt látið. Ég hef ekkert heyrt um það. En þessi röksemd, að flestir stjórnarmeðlimir nefndarinnar séu búsettir í Reykjavík eða nágrenni, er náttúrlega þess verð, að á hana sé litið, og maður getur kannske skilið það, að þeim þyki óþægilegt að þurfa alltaf að fara til Siglufjarðar, ef á þarf að halda, eða þá nota

þetta ófullkomna símasamband, sem mætti kannske bæta. En þá vil ég spyrja: Er það alveg nauðsynlegt, að þessir nm. séu búsettir í Reykjavík og grennd? Er það nauðsynlegt? Og hefur ekki Alþ. orðið eitthvað á í þessum efnum? Ég minnist þess, að lengi framan af var formaður síldarútvegsnefndar búsettur á Siglufirði og þar var líka búsettur formaður Síldarverksmiðja ríkisins og fleiri af nm. þessum, bæði síldarútvegsnefndarmönnum og stjórnarmönnum síldarverksmiðjunnar, voru búsettir á Norðurlandi. Þá var síldin aðallega þar fyrir landi, og þetta þótti eðlilegt og jafnvel sjálfsagt. Hefur Alþ. ekki orðið eitthvað á eða hinum ágætu þingflokkum hér á þingi? Þetta þarf ekki endilega að vera svona. Það eru áreiðanlega til í öðrum landshlutum menn, sem gætu leyst það verk af hendi að sitja í þessari nefnd og einnig í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. En þetta hefur sennilega orðið svona, af því að það er siður. Það er gamall siður, það er gömul venja hér í þessari samkomu að kjósa í nefndir og stjórnir á vegum ríkisins menn búsetta í Reykjavík, og þetta gat átt nokkurn rétt á sér, á meðan samgöngur voru allt aðrar en þær eru nú. En nú eru ekki þær forsendur lengur fyrir hendi. Það er hægt á 1—2 klukkutímum að fara á nefndarfund í Reykjavík eða frá Reykjavík á annan stað í landinu, jafnvel þótt sá staður sé á Austfjörðum eða Norðurlandi eða Vestfjörðum. Það er hægt. En við höfum kannske ekki áttað okkur á þessu. Og ég vil nota tækifærið til þess að benda á þetta, að hér er um að ræða mál, sem Alþ. þarf, og flokkar þess, að taka til ítarlegrar athugunar, að það er ekki lengur sjálfsagt, að í stjórnir og nefndir, sem kosnar eru hér á Alþ., séu eingöngu eða svo til eingöngu kosnir menn búsettir í Reykjavík. Það virðist hafa orðið að slysi í þetta sinn. Og þó að ég álíti, að það sé kannske meira úr því gert heldur en er, því að vel geta nú þessir menn farið til funda á Siglufjörð, þá er það samt óþarfi að ætlast til þess. Það er hægt að velja mennina á annan hátt, þannig að þeir séu nær aðalskrifstofunni á Siglufirði.

Nú má náttúrlega segja sem svo, að ástæður séu dálítið breyttar að því leyti, að Siglufjörður sé ekki eins mikill síldarstaður eins og hann áður var, hann sé ekki alveg ótvírætt höfuðstaður síldveiðanna. En á Siglufirði er nú eigi að síður alltaf mikill viðbúnaður og mikil mannvirki til þess að taka á móti síld og ekki loku fyrir það skotið, að þetta breytist, síldin fari að halda sig aftur fyrir Norðurlandi eins og hún gerði í marga áratugi. Ég hef nú ekki getað verið að hreyfa því, að hróflað yrði við þessu, þ. e. aðalskrifstofunni á Siglufirði. En ef ætti að gera það. ef ætti að flytja aðalskrifstofu síldarútvegsnefndar frá Siglufirði, finnst mér hreint engin ástæða til þess að flytja hana suður til Reykjavíkur. Hún ætti þá vitanlega fremur að vera á Austurlandi. En eðlilegast mætti líklega telja, að hún væri miðsvæðis í námunda við hin frægu síldarmið norðanlands og austan, þ. e. a. s. á Norðausturlandi. Þar er einn sá staður, þar sem mest fram-leiðsla hefur borizt á land undanfarna tvo áratugi, og á ég þá við Raufarhöfn. Það væri út af fyrir sig ekki óeðlilegt, miðað við sögu síldveiðanna norðanlands og austan undanfarna áratugi, að einhverjum dytti í hug að flytja aðalskrifstofu síldarútvegsnefndar þangað, og þar þarf ekki að fara í gegnum neitt fjall, e. t. v. að bæta veginn dálítið, og þar held ég, að sé prýðilegt símasamband og skemmra til útlanda og frá útlöndum en til Reykjavíkur, þeim löndum, sem aðallega kaupa síldina, en það eru lönd austan hafs. Þrátt fyrir þetta hef ég nú ekki viljað vera að hreyfa því máli og sætt mig við, að þessar höfuðstöðvar væru á Siglufirði, þar sem þær hafa verið. En ef ætti að fara að breyta til um það, finnst mér það alveg einsætt, að það er engin ástæða til þess að flytja þessa stofnun til Reykjavíkur, nema ef það er það sem ég áður sagði, en vera má hin sama ástæða sé að baki bréfunum frá hv. stjórnum síldarsaltenda. Það er nú svo, að mörgum þeim, sem fást við síldarsöltun, finnst þeir ekki geta átt heima á þeim stöðum, þar sem síldin kemur aðallega að landi, að þeir þurfi endilega að eiga heima í Reykjavík. Ég sé ekki neina brýna nauðsyn til þess, og ég held, að menn ættu að athuga sinn gang betur í þeim efnum.

Nú skal ég ekki hafa um þetta öllu fleiri orð. En það sem ég hef sagt, mun sennilega verða skilið svo, að ég vilji hafa aðalskrifstofuna áfram á Siglufirði. Og það er rétt. Ég er því fylgjandi, að hún sé þar, en mér finnst fulltrúar úr síldarútvegsnefnd vera óþarflega viðkvæmir í þessu máli. Ég verð nú að segja það. Það kemur alls staðar fyrir, að mönnum verður eitthvað á, að menn taka ákvarðanir, kannske vegna áhrifa einhverra sterkra aðila, taka í skyndi ákvarðanir, sem orka tvímælis. Það álít ég, að síldarútvegsnefnd hafi gert í þetta sinn, og ég er ekkert að áfellast hana fyrir það. En ég álít, að hún eigi ekki að vera neitt viðkvæm fyrir því, þó að þetta verði ekki eins og hún hafði gert ráð fyrir í september í haust. Það er mannlegt að láta sér skjátlast, en seinni partinn af þessu máltæki ætla ég ekki að hafa yfir fyrr en þá við 2. umr., sjá, hvernig um málið fer í n.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður að þessu sinni. Hv. 4. þm. Norðurl. v. ræddi hér um þetta mál af nokkrum tilfinningahita og þótti mikið fyrir því, að mér og hv. 4. þm. Austf. skyldi bera nokkuð saman í þessu máli. Ég held, að hann þurfi engar áhyggjur af því að hafa. Við erum oft sammála um meginmál, og svo fór að þessu sinni. En hann taldi, að við hefðum orðið sammála um illt mál. Við vildum báðir með afstöðu okkar til þessa máls veikja byggðajafnvægið og flytja aðalstöðvar síldariðnaðarins til Reykjavíkur. Þetta væri nokkuð alvarlegt, ef svo væri, en það er ákaflega lítið, sem á að flytja frá Siglufirði. Það á enga skrifstofu að leggja þar niður. Þar verður skrifstofa og framkvæmdastjórn Tunnuverksmiðja ríkisins áfram, og þar er áformað, að skrifstofa sé fyrir síldarútvegsnefnd áfram. Það var skýrt

og greinilega fram tekið af hv. 2. þm. Reykn. (JSk) hér í dag, að það, sem stendur til í sambandi við breytta starfsskiptingu hjá síldarútvegsnefnd, getur í mesta lagi verið að flytja einn eða tvo skrifstofustóla og skrifstofumenn. Og mér er alveg óskiljanlegt, hvernig hægt er að blása slíka breytingu upp í það að raska öllu byggðajafnvægi, svo að byggðum Norðurlands standi ógn af, eins og hefur verið útmálað í leiðurum Morgunblaðsins og fólk hefur fengið með morgunkaffinu um land allt núna í langan tíma og sem hefur valdið því, að menn hafa tekið sig til og beitt sér fyrir undirskriftum um að afstýra þessari ógn, þessum voða. En ég skildi, hvers vegna hv. 4. þm. Norðurl. v. hljóp svona mikið kapp í kinn út af því, að ég hafði getið þess, að menn hefðu farið af stað með undirskriftir norðanlands meðal síldarsaltenda til þess að biðja þá að mótmæla því, að aðalskrifstofur síldarútvegsnefndar yrðu fluttar frá Siglufirði, eins og það var orðað í haus að undirskriftaskjölum, en árangurinn hefði ekki orðið sá, sem vænzt var, þar sem formaður síldarsaltendafélagsins á Siglufirði hefði neitað að skrifa undir, og skýringin á því, að hv. þm. varð svo ákafur í þessu máli, næst eftir að ég hafði talað, er einmitt sú, að hann er maðurinn, sem beitti sér fyrir þessum undirskriftum og skorti þetta á að fá góðan árangur af undirskriftasöfnuninni. (**Gripið fram í:** Ekki er það nú rétt.) Það mundi nú vera rétt samt.

Hv. þm., sem nú talaði seinast, hv. 1. þm. Norðurl. e. (GíslG) talaði nú aðallega í gamansömum tón um þetta mál, þó að hann gerði sig alvarlegan í röddinni svona við og við, og það er rétt við hæfi, því að málið er ekki stórt. Það er ekkert stórmál, hvort það eigi að vera 7 eða 8 menn í síldarútvegsnefnd né heldur það, hvort skuli heita aðalskrifstofa eða bara skrifstofa á Siglufirði. Hvort partur skrifstofunnar í Reykjavík, sem er á Siglufirði, eigi að heita að lögum aðalskrifstofa. Það, sem máli skiptir, er það, hvaða verkefni leggjast með eðlilegum hætti til þessara tveggja skrifstofa. Og þar sker heitið aðalskrifstofa eða skrifstofa ekki úr. Þróun málanna hefur orðið slík á undanförnum árum, að margir þættir mála, sem eðlilega lögðust til skrifstofunnar á Siglufirði, þegar Siglufjörður var miðstöð síldveiða og síldariðnaðar, hafa á undanförnum árum fyrir löngu síðan lagzt til skrifstofunnar í Reykjavík, af því að það þótti auðveldara að sinna þjónustunni fyrir saltendurna á Austurlandi og jafnframt á Suður- og Suðvesturlandi þaðan, og hefur enginn úlfaþytur orðið af, fyrr en síldarútvegsnefnd ákvað að verða við margendurteknum óskum saltendafélaganna og sérstaklega þess stóra saltendafélags, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. talaði hér um, að ætti hér mikinn rétt í þessu máli. Það voru einkanlega þeir, sem óskuðu þess, að starfsbreyting yrði gerð á þann veg, að þeir fengju beina þjónustu frá skrifstofunni í Reykjavík. Mér skildist, að ágreiningur hv. 1. þm. Norðurl. e. væri aðallega um það, að hann vildi ekki láta sér nægja hálfan mann fyrir hið stóra síldarsaltendafélag norðan- og austanlands, heldur ætti það að fá manninn allan eða a. m. k. meiri hluta í honum, kannske ¾, reikna þetta eftir síldartölu á mann. Ég er vitanlega farinn að gera að gamni mínu líka um þetta mál eins og hv. þm. (GíslG) gerði. En hann las hér gögn í málinu, sem ég hafði lesið áður í dag, og það fór ekkert á milli mála, ég hafði lesið rétt. Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi mótmælti frv., sem við erum hér að ræða um, sérstaklega því atriði þess, að það skyldi vera lögfest, að aðalskrifstofa síldarútvegsnefndar sé á Siglufirði, og eins var það með umsögnina frá félagi síldarsaltenda sunnan- og vestanlands, að þar var þessu sama atriði mótmælt. Og þessi mótmæli las hv. þm. upp enn á ný og ég er honum þakklátur fyrir það, því að mér finnst, að slík mótmæli frá þeim, sem öll starfsemin er unnin fyrir, hafi nokkuð um málið að segja.

Í viðbót við það, að félög síldarsaltenda hafa mótmælt þessu ákvæði í frv., vil ég benda á það, að mér er kunnugt um viðhorf fjölda margra forustumanna síldveiðisjómanna og útgerðarmanna til þessa máls, og afstaða þeirra er einmitt hin sama og félaga síldarsaltendanna. Menn eru í röðum sjómanna og útgerðarmanna andvígir því, að það sé farið að lögfesta það, að aðalskrifstofan sé norður á Siglufirði. Það nægir að segja eins og í l., að síldarútvegsnefnd skuli hafa skrifstofur á Siglufirði, í Reykjavík og á Seyðisfirði og það er það ástand, sem við búum við. Það má segja það, að eðlilegast hefði verið að flytja aðalskrifstofur síldarútvegsnefndar til Austfjarða, þegar síldargengdin færðist þangað austur. En Austfirðingar hafa ekki beðið um það. Þeir treysta einhvern veginn á, að Austfirðir leggist ekki í auðn, þó að það sé ekki lögfest, að aðalskrifstofa síldarútvegsnefndar sé á Seyðisfirði eða á Egilsstöðum. Þeir virðast trúa því, að byggð geti haldizt í þeirra landsfjórðungi, þó að svo sé ekki ákveðið í l. En þeir hafa óskað annars. Þeir hafa óskað annars og talið, að þeir fengju betri þjónustu við það, að þeirra mál yrðu afgreidd í gegnum skrifstofudeildina í Reykjavík. Þetta er þeirra álit. Aðrir þykjast kannske vita betur. Hér er fullyrt gegn þeirra samhljóða vitnisburði, að það sé miklu auðveldara að ná símasambandi á milli Austfjarðahafna og Siglufjarðar heldur en frá Austfjarðahöfnum til Reykjavíkur. Ég trúi nú frekar þeim, sem í þessu hafa staðið og hafa reynsluna af því, því að hvorki ég né hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur verið á Austfjarðahöfnum í annríki og prófað þetta. Við erum hvorugur eiginlega vitnisbær um þetta, við höfum ekki reynsluna. Svo mikið er víst, að einhver rök liggja til þess, að síldarsaltendur á Austfjörðum, hvar í flokki sem þeir standa, hafa lagt þetta til, að þeir fengju sína þjónustu gegnum skrifstofu nefndarinnar hér í Reykjavík. Ég fæ því ekki annað séð heldur en það liggi ljóslega fyrir hv. þd., að óskir eru ekki frammi frá síldarsaltendum um, að þetta frv. fái afgreiðslu og verði samþ. Þeir leggja ekki lengur neina áherzlu á það að fá fjölgun í nefndinni, enda verður ekki annað sagt heldur en hagsmunir síldarsaltenda séu eiginlega í yfirgnæf-

andi meiri hl. í síldarútvegsnefnd og þarf ekki til þess að bæta neinum manni í hana. Og meginstarfsemin varðandi sölusamninga og afgreiðslu í sambandi við síldveiðarnar hefur þegar fyrir mörgum árum flutzt að verulegu leyti til Reykjavíkur. Endurskipulagning hefur síðan þótt sjálfsögð á skipan mannahalds vegna þessarar breyttu verkefnaskipunar og það veldur öllum gauraganginum. Þetta með byggðajafnvægið er ekkert annað en hugarórar, það er augljóst hverjum manni, og hafi menn haldið, að það væru vænlegar atkvæðaveiðar, held ég, að svo sé ekki. Ég held, að það sé alveg fráleitt.

Ég hef því ekki skipt um skoðun við þær umr., sem hér hafa farið fram, og ég held, að þetta frv. sé bezt komið núna í skauti sjútvn. d., og mér þykir ótrúlegt, að því sé lífs auðið í gegnum þá n. og þoli athugun þar, nema því aðeins, að hv. sjútvn. d. sæi ástæðu til að gefa þessu frv. eitthvert innihald varðandi hin miklu aðsteðjandi vandamál þessa atvinnuvegar, sem blasa við okkur enn þá að litlu leyti leyst og jafnvel óleyst, en varða kannske að verulegu leyti lífsafkomu þjóðarinnar á komanda sumri. Það væri allt annað mál.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það hafa orðið hér allmiklar umr. um þetta frv. um breyt. á l. um síldarútvegsnefnd. Það er nú liðið á dag, og ég skal ekki lengja þessar umr. með langri ræðu. Og ég get stytt mál mitt að mun, vegna þess að hv. 1. þm. Norðurl. e. tók ýmislegt fram af því, sem ég vildi sagt hafa, og ég skal ekki heldur tala um málið í neinum ádeilutón, þannig að umr. þurfi að lengjast þess vegna. Hinu lofa ég ekki að ræða málið algerlega tilfinningalaust, eins og mér virðist, að hv. 9. þm. Reykv. óski helzt eftir. Ég verð að segja það, að ég hef svo oft hlýtt á þennan ágæta þm. og sjaldnast heyrt hann tala um mál hér tilfinningalaust, og er það enginn ljóður á hans ráði að mínum dómi, því að ég sé enga ástæðu til þess, að tilfinningum sé varpað fyrir róða í umr. hér á Alþ. Ég vil alls ekki segja, að hann hafi látið tilfinningar sínar bera skynsemina ofurliði í sínum ræðuhöldum, og ég mótmæli því alveg, að tilfinningar hafi verið látnar bera skynsemi ofurliði í þessu máli. Það er síður en svo.

Ef ég man rétt, voru lög fyrst sett um síldarútvegsnefnd á árinu 1934, og árinu síðar eða 1935 var sett reglugerð í samræmi við þessi lög og í þeirri reglugerð var skýrt tekið fram, að aðalskrifstofa síldarútvegsnefndar, heimili og varnarþing skyldi vera á Siglufirði. Sú reglugerð mun hafa verið endurskoðuð og gefin út á ný árið 1952, og sama ákvæði mun hafa verið einnig í þeirri reglugerð. Svo gerðist það á árinu 1962, að sett voru ný lög um síldarútvegsnefnd og eldri l. breytt á þá lund, að síldarútvegsnefnd skyldi hafa aðsetur á Siglufirði um síldveiðitímann eða þegar síldin veiddist fyrir norðan, og hér í Reykjavík, þegar síldin veiddist hér við Faxaflóa. En það var engin ný reglugerð sett í sambandi við þessi lög, og lít ég svo á, að reglugerðin frá 1952 sé enn í gildi, enda lítur síldarútvegsnefnd þannig á málið. Og hef ég það til marks um það, að síldarútvegsnefnd hefði annars ekki gert þá samþykkt, sem hún gerði á s.l. sumri í september, þar sem hún samþykkir að flytja aðalskrifstofur nefndarinnar frá Siglufirði til Reykjavíkur eigi síðar en í lok yfirstandandi reikningsárs eða 30. apríl 1968.

En hver er ástæðan fyrir því, að síldarútvegsnefnd gerir þessa samþykkt? Hv. alþm., sem eru jafnframt fulltrúar í síldarútvegsnefnd, hafa verið að skýra það mál fyrir okkur hér í dag. Það hefur komið m. a. skýrlega fram í þeirra máli, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. var að benda á hér áðan, að eina ástæðan fyrir því, að þeir leggja þetta til, er sú, að síldarútvegsnefndarmenn eru búsettir hér í Reykjavík eða næsta nágrenni höfuðborgarinnar. Ég get ekki fallizt á, að það sé rétt að breyta heimilisfangi eða aðalskrifstofu stofnunar eins og síldarútvegsnefndar fyrir það eitt, að þeir menn, sem eiga að starfa í þessari nefnd og eiga að stjórna þeim málefnum, sem hún fer með, séu búsettir einhvers staðar víðs fjarri þeim stað, þar sem aðalstöðvar nefndarinnar eiga að vera. Ég held einmitt, að það væri alveg eins eðlilegt að fara að þeim ráðum, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. benti hér á, að Alþ. gæti þess, þegar um slíkar kosningar er að ræða eins og í síldarútvegsnefnd, að velja menn í nefndina, sem eiga heima nær aðalstöðvum hennar. Mér dettur ekki í hug að gera lítið úr þeim mönnum, sem eiga sæti í síldarútvegsnefnd, ég veit, að þeir eru allir mikilhæfir menn. En hitt er líka alveg víst, að við norðan heiða eigum nóg af mönnum, sem eru fullfærir til þess að starfa í þessari nefnd og vinna þau störf, sem henni er ætlað að vinna. Það fer ekki hjá því, það vita allir.

Því er borið við, og ég viðurkenni, að það er þyngra á metunum, að síldarsaltendur óski þess eindregið, að þessi nefnd sé flutt burtu frá Siglufirði og hingað suður. Nú vitum við það, að allmikill fjöldi af þessum mönnum, sem verka og salta síld, eru búsettir hér í Reykjavík. Þeir eru Reykvíkingar. Það er ósköp eðlilegt, að þeir óski eftir því, að aðalstöðvar síldarútvegsnefndar séu hér suður í Reykjavík. Ég held einmitt, að það séu áhrif frá þessum mönnum, sem hér hafa mikið að segja, og ef síldarútvegsnefnd getur ekki gegnt þeirri skyldu sinni að koma út á landsbyggðina og fylgjast með störfum og verkum þeirra, sem salta og verka síld, þá held ég, að þessir menn ættu bara hreint og beint að segja sig úr þessari nefnd, svo að það væri hægt að kjósa nýja.

Hv. 2. þm. Reykn. sagði hér í dag, að þessi áróður, sem nú er uppi um það, að aðalstöðvar síldarútvegsnefndar yrðu ekki fluttar frá Siglufirði, væri runninn undan rifjum stjórnmálamanna. Þeir væru að slá pólitískar keilur. Ég mótmæli þessu alveg. Þessi áróður er alls ekki runninn undan rifjum stjórnmálamanna neitt sérstaklega. **(Gripið fram í:** Hverra?) Hverra? spyr hv. þm. Ég skal svara því og gera það með því að biðja forseta að

leyfa mér að lesa upp samþykktir, sem gerðar hafa verið norður í landi. T. d. var á fundi fjórðungsráðs Norðlendinga, sem haldinn var að Hólum í Hjaltadal á síðastliðnu sumri, nánar tiltekið 19. ágúst, gerð svofelld ályktun og samþykkt þar samhljóða:

„Fundur í fjórðungsráði Norðlendinga haldinn að Hólum í Hjaltadal laugardaginn 19. ágúst 1967 mótmælir harðlega fyrirhuguðum flutningi á aðalskrifstofu síldarútvegsnefndar úr Norðlendingafjórðungi til Reykjavíkur, sem fundurinn telur, að gangi í berhögg við tilgang og markmið stjórnvalda varðandi Norðurlandsáætlun og gefin heit hana varðandi. Í stað þess að styrkja og efla stofnanir á Norðurlandi tengdar atvinnulífinu, mun nú í ráði að færa aðalstöðvar síldarútvegsnefndar í faðm Reykjavíkur, þótt ekkert það hafi gerzt, sem ýtir undir breytingu í þessu efni frá því, sem verið hefur á undanförnum árum og áratugum, nema síður sé, þar sem samgöngur allar hafa stórbatnað við Siglufjörð og síldin hefur nú í sumar undirstrikað rækilegar en oftast áður, að enginn getur fyrir sagt, hvar aðalstöðvar veiði og vinnslu verði. Skorar fundurinn á stjórn síldarútvegsnefndar að endurskoða afstöðu sína í þessu efni og sjútvmrh. að beita áhrifum sínum gegn því, að þessi breyting nái fram að ganga."

Á þingi fjórðungsráðs Norðlendinga mæta menn úr flestum sveitarfélögum og þeir eru áreiðanlega ekkert pólitískari heldur en gengur og gerist yfirleitt. Og þessi ályktun frá fjórðungsráði Norðlendinga er ekki sprottin af neinum pólitískum skoðunum eða pólitískum illvilja, heldur er það aðeins það sama, sem hefur gerzt þarna, og við erum að berjast fyrir hér á þingi, að ekki verði allt, sem er úti á landinu, dregið hingað suður til Reykjavíkur.

Ég get bent á aðra samþykkt að norðan líka, með leyfi hæstv. forseta. Á fundi bæjarstjórnar Siglufjarðar, sem haldinn var 8. sept. í haust, var samþykkt fjórðungsráðsins, sem ég las hér áðan, áréttuð og flutningi aðalskrifstofu mótmælt með öllum atkv. bæjarfulltrúa. Þessi ályktun er svo hljóðandi:

„Aðalskrifstofur síldarútvegsnefndar hafa frá fyrstu tíð verið staðsettar á Siglufirði. Fyrirhugaður flutningur á skrifstofunum til Reykjavíkur, þegar samgöngur allar til Siglufjarðar hafa stórbatnað, sjálfvirkt símasamband við bæinn er komið á og fyrir liggja yfirlýsingar stjórnvalda um byggðaáætlanir og atvinnulega uppbyggingu í Norðlendingafjórðungi, kemur því eins og reiðarslag yfir íbúa bæjarins og raunar Norðlendinga alla, sbr. ályktun fjórðungsráðs Norðlendinga á Hólum í Hjaltadal 19. ágúst s.l."

Þetta er samróma ályktun, sem gerð er í bæjarstjórn Siglufjarðar. Það má náttúrlega segja, að það séu pólitískir menn, sem eiga sæti í bæjarstjórn Siglufjarðar, en það er þó eftirtektarvert, að þeir eru allir sammála um þetta. Og ég fullyrði það, að það er nokkuð til í því, þegar segir í þessari ályktun, að hún sé reiðarslag fyrir íbúa bæjarins, þessi till. síldarútvegsn. Ég hef verið á Siglufirði, og ég veit ósköp vel, hvernig hugur fólksins þar er til þessa máls. Það má náttúrlega segja, að það sé tilfinningasemi, jú, ég skal viðurkenna það, þetta er að vissu leyti tilfinningamál, og það er ekkert óeðlilegt við það. Það er tilfinningamál alveg sérstaklega fyrir Siglfirðinga, íbúa eina kaupstaðarins á landinu, sem hefur á undanförnum árum mátt upp á það horfa, að þar hefur íbúum fækkað. Vitaskuld mundi þetta verka á Siglufjörð eins og reiðarslag, vil ég segja, að taka opinbera stofnun, sem er búin að hafa aðsetur þarna milli 30 og 40 ár, og leggja til, að hún verði flutt til Reykjavíkur. Mér finnst ósköp eðlilegt, að Siglfirðingar líti þannig á þetta mál. Vitaskuld mundi það orsaka það, að Siglfirðingar misstu enn meir trúna á bæjarfélagið sitt og möguleikana á að lifa þar, ef að þessu ráði yrði horfið.

Og ég vil bara segja, að það er á sig leggjandi, þó að það kosti eitthvað, að drepa niður þessa trú Siglfirðinga.

Þess vegna trúi ég því ekki, að það komi fyrir hér í þinginu, að það samþykki að flytja aðalskrifstofu síldarútvegsnefndar hingað til Reykjavíkur. Það er ekkert lítið að flytja, hv. 9. þm. Reykv. (Gripið fram í.) — það er verið að flytja aðalskrifstofuna og það er ekkert lítið. Og ég mótmæli því algjörlega, að það verði gert, og ég mun gera allt, hvað ég get, til að spyrna á móti því. Og eins og ég segi, ef þið getið ekki, góðir fulltrúar í síldarútvegsnefnd, lagt það á ykkur að fara norður til Siglufjarðar nú, þegar göngin eru komin, þá skuluð þið bara segja af ykkur, svo að við getum kostið í nýja nefnd aðra menn og létt þessu fargi af herðum ykkar. Það er langhreinlegast.

Já, og svo er talað um erfitt símasamband við Siglufjörð. Það er nú kominn þangað sjálfvirkur sími, og væntanlega líður ekki á löngu, þar til kemur sjálfvirkur sími, samtengdur, milli Siglufjarðar og Austfjarða. Það er unnið að þeim málum núna, og ég vænti þess, að það líði ekki mörg ár, þangað til það gerist, og vitaskuld verður það til þess að bæta allt samband við Siglufjörð. Og það hefur verið gert svo mikið einmitt nú á undanförnum árum til að bæta öll sambönd við Siglufjörð, að það er ekki hægt að bera sér það í munn, að erfitt sé að hafa samband við Siglufjörð. Ég man það hér um árið, þegar hv. 9. þm. Reykv. kom einu sinni til mín, gerði mér þann sóma að heimsækja mig, það var held ég í júní- eða júlímánuði, þá komst hann ekki til Siglufjarðar, varð, minnir mig, að snúa við, því að þá var skarðið á kafi í snjó. En þetta gerist ekki framar, a. m. k. ekki að sumri til. Því mega þeir treysta, hv. 9. þm. Reykv. og aðrir síldarútvegsnefndarmenn.

Nei, ég held, að við eigum ekki að gera svona hluti, að flytja jafnrótgróna stofnun eins og aðalskrifstofu síldarútvegsnefndar frá Siglufirði. Það hefur miklu fleira illt í för með sér heldur en við jafnvel gerum okkur grein fyrir í fljótum hasti.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v., sem hann hélt áðan og mér fannst bera öll merki þess, að tilfinningar hans ráði fremur í þessu máli heldur en það, hvernig staðreyndir í málinu liggja fyrir.

Hann talaði um að taka ætti opinbera stofnun, sem starfað hefði á Siglufirði um fjölmörg ár, og flytja til Reykjavíkur. Þetta er algjör misskilningur hjá hv. ræðumanni. Það stendur ekki til að taka nokkra opinbera stofnun, sem starfað hefur á Siglufirði í fjölmörg ár, og flytja til Reykjavíkur. Þetta er algjör misskilningur. Ég lýsti því áðan í þeirri ræðu, sem ég hélt, hvað ég teldi hugsanlegt, að skipulagsbreytingin gæti haft í för með sér og taldi hugsanlegt, að um flutning á einum eða tveim starfsmönnum í hæsta lagi frá Siglufjarðarskrifstofunni og suður yrði að ræða. Það er ekki einu sinni víst, að það verði flutningur á einum einasta manni. Það má vera, að allt þetta tal og öll þessi læti út af þessu séu síldarútvegsnefnd sjálfri að kenna, að því leytinu til, að í samþykkt nefndarinnar var á sínum tíma tekið upp það orðalag, að flytja skyldi aðalskrifstofu nefndarinnar suður. En það er rangt, sem hv. þm. sagði áðan, að í reglugerðinni frá 1952 væri talað um, að aðalskrifstofa nefndarinnar skyldi vera á Siglufirði. Ef ég man rétt, þá er ekki stafur um það atriði, að aðalskrifstofan skuli vera þar. Hins vegar er rætt þar um heimili og varnarþing, sem er annar hlutur. Og í reynd vita allir, sem hafa fylgzt með þessum málum, að það er fullkomið vafamál að tala um, hvar aðalskrifstofa nefndarinnar hafi verið á undanförnum árum. Ef skipta ætti verkefnum skrifstofanna á Siglufirði og í Reykjavík niður til að sjá, hvar verkefnin hafa verið mest á undanförnum árum, þá hygg ég, að í reyndinni yrði það nú svo, að þó nokkuð stærri hluti þeirra verkefna, sem báðar skrifstofurnar hafa innt af hendi, hafi verið unninn hérna fyrir sunnan. Hér hefur t. d. öll sölustarfsemi nefndarinnar, sem hefur verið verulegur þáttur í starfi hennar, farið fram, — í Reykjavíkurskrifstofunni, þannig að þetta tal um, að aðalskrifstofan hafi endilega verið norður á Siglufirði, en ekki í Reykjavík, það er meira en vafasamt.

Ég vil svo að endingu segja það út af því, sem hér hefur verið talað um, að allt væri flutt suður til Reykjavíkur, að ef þeir hv. þm., sem hér hafa talað og mælt gegn þessu, hafa einlægan áhuga á að koma í veg fyrir þetta og sýna í verki, að allt skuli ekki flutt suður til Reykjavíkur, þá væri kannske ástæða til þess að byrja á öðrum stofnunum fyrr heldur en síldarútvegsnefnd. Þetta stafar einfaldlega af því, að síldarútvegsnefnd er engin ríkisstofnun. Ég get a. m. k. ekki séð, hvernig stofnun eins og þessi, þar sem meiri hl. stjórnarinnar er ekki kosinn af Alþ. heldur skv. tilnefningu ýmissa aðila í þjóðfélaginu, stofnun, sem hefur engar tekjur af opinberu fé, ekki krónu af opinberu fé til sinnar starfsemi, heldur fær allt með álögum á síldarútveginn í landinu, hvernig slík stofnun getur talizt ríkisstofnun.

Það væri þá nær fyrir hv. þm. að byrja á því að lögbjóða, að ýmsar ríkisstofnanir, sem nú hafa sínar skrifstofur hér í Reykjavík, skyldu fluttar út á landsbyggðina heldur en að byrja á síldarútvegsnefnd, sem að mínu áliti er ekki ríkisstofnun. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Það er búið að gera það yfrið nóg, bæði hér í deild og hv. Ed., og út af ekki meira tilefni en þessu. Málið mun koma til hv. sjútvn., þar sem ég á sæti, og gefst þar tækifæri til að athuga það nánar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 81. fundi í Nd., 25. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til sjútvn. með 32 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 100. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 350, n. 570 og 631).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Aðalatriði þessa frv., eins og það var fyrst lagt fyrir í hv. Ed., eru tvö. Í fyrra lagi var lagt til að fjölga í síldarútvegsnefnd úr 7 mönnum í 8 og skyldi ráðh. skipa áttunda manninn eftir sameiginlegri tilnefningu Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi. En samkv. gildandi lagaákvæðum um skipun síldarútvegsnefndar eiga bæði þessi félög fulltrúa í síldarútvegsnefnd, þannig að þarna var um viðbótarmann að ræða, sem útnefndur skyldi af þeim sameiginlega. Í öðru lagi var meginbreytingin samkv. frv. sú, að síldarútvegsnefnd skyldi hafa skrifstofu á Austurlandi, en í gildandi fyrirmælum um síldarútvegsnefnd er aðeins gert ráð fyrir, að hún hafi skrifstofu á tveim stöðum, þ.e. a. s. í Reykjavík og á Siglufirði. Þessu síðara meginefni frv. var breytt í meðförum hv. Ed. í það horf, sem það nú er í á þskj. 350, þar sem segir: „Heimili síldarútvegsnefndar, varnarþing og aðalskrifstofa skal vera á Siglufirði.“

Um það leyti, sem þetta frv. var til meðferðar í hv. Ed., bárust sjútvn. þessarar hv. d. mótmæli gegn þessari breytingu frá eftirtöldum aðilum: Í fyrsta lagi frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, í öðru lagi frá Félagi síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi og í þriðja lagi frá LÍÚ.

Eftir að frv. var komið til n. í þessari hv. d., sendi n. það með áorðinni breytingu að sjálfsögðu síldarútvegsnefnd til umsagnar, og var beðið með afgreiðslu á málinu í n. eftir svari síldarútvegsnefndar. Það barst henni í gær, 16. þ. m., og segir þar m. a. „Síldarútvegsnefnd mælir eindregið

gegn því, að frv., eins og það er eftir afgreiðslu í Ed., verði samþ.“

Í mótmælum Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, þar sem flestir eða allir síldarsaltendur á Siglufirði munu vera aðilar, segir svo: „Vér leyfum oss hér með að mótmæla harðlega framkomnu frv. fjögurra þm. úr Norðurlandskjördæmum þess efnis, að aðalskrifstofa síldarútvegsnefndar skuli vera á Siglufirði, og vísum til einróma samþykktar fjölmenns aðalfundar Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, þar sem þess var krafizt, að skrifstofu síldarútvegsnefndar í Reykjavík verði falin yfirumsjón með söltun síldar á Norður- og Austurlandi, en jafnframt tekið fram, að skrifstofur verði þó áfram á Siglufirði og Austfjörðum.“

Þessi mótmæli eru, eins og orðalagið ber með sér, send í tilefni af þmfrv., sem flutt var í hv. Ed., áður en frv. það, sem hér liggur fyrir, var lagt fram, en meginefni þess þmfrv., þ. e. a. s. að aðalaðsetur síldarútvegsnefndar skuli vera á Siglufirði, var tekið upp í frv., sem hér liggur fyrir. Þetta bréf á þannig að sjálfsögðu alveg eins við um það frv. Enn fremur segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér vörum alvarlega við því, að hagsmunum saltsíldarframleiðslunnar sé fórnað í annarlegum tilgangi og bendum á, að félög síldarsaltenda og síldarútvegsnefnd, sem skipuð er fulltrúum margra hagsmunasamtaka, hljóti að hafa meiri þekkingu á málefnum og vandamálum saltsíldarframleiðslunnar en aðilar, sem hvergi hafa komið þar nærri.

Vér væntum þess fastlega, að við afgreiðslu þessa máls verði heildarhagsmunir saltsíldarframleiðslunnar og þeirra aðila, sem henni eru tengdir, látnir ráða.

Virðingarfyllst,
f. h. Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi,
Jón Þ. Árnason.“

Þetta bréf var sent til formanns sjútvn. Nd. Alþ.

Þá eru það mótmæli frá Félagi síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi. Þau hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. það, sem samþ. hefur verið við 2. umr. í Ed. Alþ. varðandi síldarútvegsnefnd, teljum við varhugavert og til hins verra, ef að lögum yrði í því formi, sem það nú er, vegna þeirrar breytingar, er á því var gerð, þ. e. ákvæðið, sem fjallar um lögheimili og aðalskrifstofu nefndarinnar. Nær allir saltendur á landinu eru eindregið þeirrar skoðunar, að eins og nú háttar — og hefur verið undanfarin ár — sé nauðsynlegt, að yfirstjórn síldarútvegsnefndar hafi aðsetur í Reykjavík, á sama hátt og allar aðrar greinar útflutningsframleiðslu sjávarafurða hafa.

Vér leyfum oss því að mótmæla eindregið, að nefnt atriði frv. verði að lögum og skorum á hv. Nd. Alþ. að fella það úr frv.

Virðingarfyllst,
f. h. Félags síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi,
Ólafur Jónsson, Margeir Jónsson.“

Þetta bréf er einnig sent til formanns sjútvn. þessarar hv. d.

Í umsögn LÍÚ segir svo: Landssamband ísl. útvegsmanna lætur í ljós furðu sína yfir breytingu þeirri, sem Ed. Alþ. hefur samþykkt á frv. til l. um breyt. á l. um síldarútvegsnefnd á þskj. Ed. 236, en breyting deildarinnar á frv. er þess efnis, að heimili, varnarþing og aðalskrifstofa síldarútvegsnefndar skuli vera á Siglufirði. Frv. á þskj. 236 var flutt að beiðni hæstv. sjútvmrh. samkv. ósk um flutning þess frá sjö manna nefnd, sem skipuð var af rn. s. l. sumar til þess að gera till. um framtíðarskipulag á sölu verkaðrar síldar til útflutnings. Samkv. till. nefndarinnar skyldi síldarútvegsnefnd hafa skrifstofur í Reykjavík, Siglufirði og á Austurlandi. Var þessi till., sem sjútvmrh. tók upp í frv. um breyt. á l. um síldarútvegsnefnd gerð í einu hljóði af sjö manna nefndinni. Till., sem gengu í sömu átt, höfðu áður verið samþykktar einnig í einu hljóði af Félagi síldarsaltenda norðan- og austanlands, Félagi síldarsaltenda suðvestanlands og af síldarútvegsnefnd. Þessir aðilar eru kunnugastir málavöxtum, og ber þeim öllum saman um, að mjög óheppilegt sé, að aðalskrifstofa nefndarinnar sé í Siglufirði og á öðrum stað en síldarútvegsnefnd heldur fundi sína. Hefur það leitt til mikilla tafa á afgreiðslu mála hjá síldarútvegsnefnd, sem aftur veldur truflunum á framleiðslu og sölu síldarinnar. Hefur þetta oft bakað síldarsaltendum og viðskiptamönnum þeirra, útgerðarmönnum og sjómönnum, og síldarútveginum í heild stórtjón, sem auðvelt er að sanna með dæmum. Auk þessa hefur þetta fyrirkomulag í för með sér mikinn aukakostnað við starfsemi nefndarinnar. LÍÚ skorar því á hæstv. Alþ. að færa frv. í upphaflegt horf hvað þetta snertir, þ. e. að: „Nefndin skal hafa skrifstofur í Reykjavík, Siglufirði og á Austurlandi.“

Virðingarfyllst,
F. h. LÍÚ,
Sig. H. Egilsson.

Til sjútvn. Nd. Alþ.“

Og loks segir í umsögn síldarútvegsnefndar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Á fundi síldarútvegsnefndar í dag var svo hljóðandi samþykkt gerð sem svar við bréfi sjútvn. Nd. Alþ., dags. 25. marz s. l.:

„Síldarútvegsnefnd hefur móttekið bréf sjútvn. Nd., dags. 25. marz s.l., ásamt frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar. Í bréfi sjútvn. er óskað eftir umsögn síldarútvegsnefndar um frv., eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. í Ed.

Síldarútvegsnefnd mælir eindregið gegn því, að frv., eins og það er eftir afgreiðslu í Ed., verði samþykkt.

Síldarútvegsnefnd telur fráleitt, að Alþ. samþykki lagabreytingu varðandi starfstilhögun og daglegan rekstur síldarútvegsnefndar, sem gengur í berhögg við álit þeirra aðila, sem falið hefur verið að hafa yfirumsjón með sölu- og framleiðslumálum

saltsíldar, enda mætti ætla, að þeir, sem að þessum málum starfa, séu líklegastir til þess að geta dæmt um það, hvað bezt henti í þessu efni. Vísar nefndin í þessu sambandi til fyrri samþykkta sinna svo og samþykkta félaga síldarsaltenda og LÍÚ, sem sendar hafa verið sjútvn. Nd.

Þar sem allmikils misskilnings gætti í umr. í Ed. varðandi starfsemi síldarútvegsnefndar, leyfum vér oss að senda yður ályktun, sem samþykkt var með öllum atkv. á fundi síldarútvegsnefndar 12. sept. s. l., svo og afrit af aths., er formaður síldarútvegsnefndar sendi formanni sjútvn. Ed. þann 12. febr. s. l. Samþykkt þessi var gerð með atkvæðum allra nm. (7) í síldarútvegsnefnd.

Virðingarfyllst,
F. h. síldarútvegsnefndar,
Njáll Ingjaldsson.

Til sjútvn. Nd. Alþ."

Ég sé nú ekki ástæðu til að rekja efni eldri aths. síldarútvegsnefndar, sem hún sendi hv. Ed. varðandi meðferð málsins þar og ummæli, sem þar féllu. Þó vil ég geta þess, að í þeim plöggum kemur það fram, að nefndin mun hafa á sínum tíma sagt upp öllu starfsfólki sínu með það fyrir augum að geta komið við aukinni hagræðingu og sparnaði í rekstri. Þessi ráðstöfun mun að einhverju leyti hafa verið misskilin, að mér skilst af þeim á Siglufirði, á þann veg að það stæði til að leggja starfsemi nefndarinnar þar alveg niður. Í þessum gögnum kemur það fram, að sú er alls ekki ætlun síldarútvegsnefndar, heldur er þar gert ráð fyrir að halda áfram að reka þar skrifstofu á hennar vegum, sem að sjálfsögðu annast þar viðskipti tunnuverksmiðjunnar og önnur nauðsynleg viðskipti, sem að starfsemi síldarútvegsnefndar lúta á Siglufirði. Ég er ekki nægilega kunnugur því, hvernig allt þetta mál varðandi aðalaðsetur síldarútvegsnefndar hefur komið til, og mætti segja mér, að þetta væri tilefni þess, að allur sá málarekstur hefur farið í gang, sem kominn er af stað út af þeirri ætlun síldarútvegsnefndar að endurskipuleggja sinn rekstur. En ég verð að segja það sem mína skoðun, án þess að ég vilji Siglufirði neitt illt, að ég tel, að síldarútvegsnefnd verði eins og önnur fyrirtæki að hafa nægilegt svigrúm til þess að geta hagrætt sínum rekstri og gert á honum skipulagsbreytingar, eftir því, sem starfsemin krefst hverju sinni.

Auk þessara gagna, sem sjútvn. hefur haft til meðferðar í sambandi við þetta mál, er svo að geta þess, að n. barst ljósrit af bréfi nokkurra síldarsaltenda á Siglufirði, dags. 10. des. s. l., þar sem þeir mótmæla fyrirhuguðum flutningi á aðalskrifstofum síldarútvegsnefndar til Reykjavíkur. Er þarna, að mig minnir um 10 eða 11 saltendur að ræða af um 20, sem reka síldarsöltun á Siglufirði.

Loks er svo þess að geta, að bæjarstjórnin á Siglufirði sendi n. símskeyti, dags. 25. marz, með umsögnum nokkurra símstöðvarstjóra á Norðurlandi og Austurlandi um símaþjónustu milli síldarbæja eystra og Siglufjarðar. Kemur það fram í þeim umsögnum, að talið er, að símaþjónustan hafi verið nokkuð viðunandi, a. m. k. s. l. 2 ár.

Eins og fram kemur í nál. sjútvn. á þskj. 631, varð n. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Minni hl. n., þeir Björn Pálsson, Pétur Sigurðsson og Guðlaugur Gíslason, hafa lagt til, að frv. verði samþ., en tveir þeirra hafa þó gefið það álit út með fyrirvara. Meiri hl. n. metur fram komin mótmæli, sem ég hef rakið, gegn frv. þannig, að þeir aðilar, sem studdu upphaflega frv., afturkalli raunverulega stuðning sinn við það eftir breytinguna, sem Ed. gerði á því, og að þeir óski ekki eftir að frv. nái fram að ganga. Í þessu sambandi vil ég láta það í ljós sem mína skoðun, að jafnvel þótt sú leið yrði farin hér í þessari hv. d. að breyta frv. í upphaflegt horf, efast ég um, að það mundi ná fram að ganga í hv. Ed. miðað við afstöðu manna þar til þessa umdeilda atriðis. Út frá því hefur það orðið niðurstaða okkar, sem meiri hl. sjútvn. skipum, að við viljum taka til greina mótmæli þeirra aðila, sem við teljum að hafi staðgóða þekkingu á starfsemi síldarútvegsnefndar og hafa sjálfir mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við starfsemi nefndarinnar, bæði fyrir sig og sitt starfsfólk, þ. e. a. s. sjómenn og verkafólk. Við viljum mæta mótmælum þeirra gegn frv. með því að leggja til, að málinu verði vísað til ríkisstj. eins og fram kemur í nál. okkar á þskj. 631. Við teljum, að það sé eðlilegt, að síldarútvegsnefnd haldi uppi starfsemi á Siglufirði og sunnanlands og austan, og annars staðar á landinu, miðað við þarfir og aðstæður á hverjum tíma. Við teljum, að vegna hinna alkunnu breytinga á síldveiðunum, megi ákvæði um þetta ekki vera allt of einskorðuð í lögum. Við leggjum sem sé til, herra forseti, að frv. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Það er e. t. v. gert heldur meira veður úr þessu máli en ástæða er til. Hér er að nokkru leyti um orðaleik að ræða, og ég er nú satt að segja dálítið undrandi á því, hvað formaður sjútvn. Nd. hefur haft mikið fyrir að safna saman þessum mótmælum og láta prenta þau, því að þegar maður les þetta, virðist nú ekki vera um mikið deilt. Allir leggja þeir til, að skrifstofur séu á Austfjörðum, Siglufirði og Reykjavík. Það er bara þetta **aðal-**, sem fer í taugarnar á þeim, og þeir geta ekki þolað, að frv. sé samþ. vegna þess. Það hlýtur öllum að vera ljóst, að það skiptir ekki öllu máli, hvort þetta **aðal-** stendur framan við í einhverjum af þessum stöðum eða ekki. Þeir hafa nú ráðið öðru eins í þessum málum, þessir menn, eins og því, hvar þeir hafa nú möppurnar, sem þeim ríður mest á, og eins hafa þeir nú einhver ráð með að halda hér fundi, hvort sem aðalskrifstofan er hér í Reykjavík eða ekki, svo að ég held, að þetta sé nú meira deila um keisarans skegg. En það var þannig um aldamótin og fyrst eftir það og raunar töluvert langt fram á þessa öld, að Siglufjörður var forustubær í síldarsöltun og ýmiss konar síldarvinnslu. Ríkisstj. reisti þarna

verksmiðjur, stórar verksmiðjur og fullkomnar eftir því, sem þá gerðist, og fólkið, sem þarna var, leit þannig á, að það hefði þarna forustuhlutverki að sinna. Síldarverkunin var þeirra metnaðarmál, fólkið lærði þetta og hafði áhuga fyrir þessu, vissi og áleit, að bærinn mundi falla og standa með þessari þróun síldarmála. Og þeir hafa alltaf haft mjög mikinn áhuga fyrir þeim málum.

Nú er það svo með gömul höfuðból, að menn finna dálítið til þess, ef þau hætta að vera höfuðból og verða að miðlungsjörðum. Og auðvitað hafa Siglfirðingar fundið til þess, þegar síldin fjarlægðist þeirra byggðarlag og farið var að vinna meira annars staðar, og það hefur komið hart niður á þeim efnalega. Þeir hafa dálitlar áhyggjur af því, að þeir missi iðnskólann líka, hann verði færður annað. Ég skal ekki segja, hvenær það verður. Þeir hafa þar góð skilyrði hvað húsnæði snertir, en þeim finnst þetta dálítið erfitt að missa þetta hvort tveggja í einu, og það er að athuga það, að þetta hefur sálræn áhrif á fólkið. Við vitum það um gamla fjörhesta, sem alltaf hafa verið á undan, þegar þeir hafa verið reyndir við aðra, að þeir finna til þess, þegar þeir geta ekki verið fyrstir. Og einn mikill hestamaður sagði mér, að hesturinn hans dróst aftur úr 17 eða 18 ára gamall, og hann fann svo mikið til þess, hesturinn, sagði hann, að hann lét lóga honum. En hestar hafa nú tilfinningar eins og við. En þetta er nú meira tilfinningamál heldur en þetta sé efnisatriði, ofurkappið, sem allt í einu er hlaupið í síldarútvegsnefnd, landssambandið og saltendafélögin um allt Ísland, að þetta megi ómögulega vera aðalskrifstofa á pappírnum á Siglufirði. Það er dálítið hlægilegur hlutur. Ég hef nú víst ekkert verið frekari eða meiri áróðursmaður að flytja nefndir eða annað út um land en aðrir, en í þessu tilfelli finnst mér alveg ástæðulaust að vera að taka þetta af Siglfirðingum, ef þeir hafa ánægju af að halda því. Til hins treysti ég síldarútvegsnefnd ósköp vel — og ég held, að við þurfum ekkert að eggja hana á það — að halda fundi hér og að þeir eigi heima hérna. Þeir hafa yfirleitt verið duglegir að færa sig, menn, sem eru svona að koma sér dável fyrir í félagsmálum og hafa fengið einhverja bitlinga og laun, að flytja hingað, og ég hygg, að þeim verði ekkert óglatt að gera það áfram, þó að aðalskrifstofan verði á Siglufirði að nafninu til.

Viðvíkjandi þessu símasambandi, sem sé svo slæmt við Siglufjörð, þá get ég ómögulega skilið það. Það er beint símasamband héðan og ekkert seinlegra að hringja þangað heldur en hér á milli húsa. Ég hef komið inn á skrifstofu þeirra hérna og verið að biðja um upplýsingar. Þeir hafa bara stutt á takka, búnir að fá allt að norðan, ef það er þar. Sama er með greiðslur. Þeir geta afgreitt þær símleiðis. Ef skrifstofur eru á öllum stöðunum, er þetta bara hlægilegur hlutur að vera að rífast um þetta, og ég held, að síldarútvegsnefnd geti eytt orku sinni í eitthvað annað frekar en að reyna að hafa þessa ánægju af íbúum Siglufjarðar. Þeim finnst stolt í því, að þarna eigi að vera meginskrifstofan. Þetta hefur nú haft ákaflega mikla þýðingu, þegar lífið er þessi síldarvinnsla. Hitt er annað mál, að í þessu frv. er verið að tala um að fjölga um einn mann. Það var upphaflega gert eftir ósk síldarsaltendanna. Það var farið að þeirra óskum. En allt í einu virðast þeir ekki farnir að hafa neinn sérstakan áhuga fyrir þessu, heldur bara ef þetta óþægilega aðal- á að standa þarna framan við, þá vilja þeir bara ekkert láta eiga við þetta frv., fella það bara eða svæfa það. Ég get nú gengið inn á það kannske, að þetta hafi ekki sérstaklega mikla þýðingu að vera að bæta við þessum manni, en það var þeirra mál. Þeir áttu þessar till., óskuðu eftir þessu og við fórum bara eftir því. En þegar þeir semja þessi mótmæli, er eins og það sé einhver ósvífni af Alþ. að láta þetta vera eins og það hefur verið, að varnarþingið sé þarna. Austfirðingar fá skrifstofu núna samkv. lögum. Áður átti hún að vera bara í Reykjavík eða Siglufirði. Nú fá þeir þarna fasta skrifstofu fyrir austan. Undan hverju hafa þeir að kvarta? Ef þeir þurfa að fá einhverjar upplýsingar á hinum skrifstofunum, geta þeir símað bæði hingað og til Siglufjarðar. Ég sé ekki, að nokkur ástæða sé til þess að vera með meinsemdir við, að þetta sé orðað svona og Siglufjörður, — það hefur alltaf verið miklu meiri síld þar heldur en hér. Það er orðin lítil síld hér fyrir Suðvesturlandinu. Það er verið að flytja þetta langar leiðir, held ég. Ég sé bara ekki nokkra einustu ástæðu til þess að fara að hafa það hér af þeirri ástæðu. Það er verið að kaupa stór síldarflutningaskip. Það er líklegt, að það verði stóraukin söltun vegna ýmissa breyttra aðstæðna, og þá mun hlutur Siglufjarðar vaxa miðað við Reykjavík.

Það er allt vel um það, að hér eru nógar nefndir, nógir skólar, og Reykjavík er ekkert snauðari fyrir það, þó að Siglfirðingar fái að hafa þarna eitthvert forustuhlutverk, sem aðallega verður náttúrlega á pappírnum í framkvæmd, þannig að ég skil nú ekki, þegar þessir stóru og öflugu menn í öllum þessum nefndum fara nú allir að leggjast á eitt að mótmæla þessum hættulega hlut, að þarna megi nú vera á pappírnum aðalskrifstofa. Ég held, satt að segja, að það sé engum til meins. Og ég vona nú það, að þó að hér sé kannske einhver smáágreiningur, þá séum við nú ekkert að hryggja Siglfirðinga með því að vera að breyta þessu. Þeir óska þess arna eindregið.

Hv. formaður meiri hl. n. var að lesa hér upp einhverjar óskir frá saltendum á Siglufirði. Hvar ætli þeir eigi heima, þessir saltendur? Það hefur nefnilega verið þannig á Siglufirði, að megnið af söltunarstöðvunum hefur verið í eigu manna, sem eiga heima hér og þar annars staðar á landinu. Og það er þetta, sem Siglfirðingar hafa fundið ákaflega mikið til. Þeir hafa sjálfir ekki haft fjármagn til þess að leggja í stórar síldarsöltunarstöðvar, en meðan vel áraði hvað síldina snerti og hægt var að græða á þessu, þá ruddust þarna að menn, sem hafa haft aðstöðu til að ná í eitthvert fjármagn, byggðu síldarplön sín, fóru burt með ágóðann. Siglufjörður

sat eftir með eitthvað smávegis af rekstrarútsvörum. Svo koma þessir menn núna, ef þeir eiga heima einhvers staðar annars staðar — ég býst við, að þeir eigi allir heima einhvers staðar annars staðar; ég hef ekki séð þennan lista og skal ekki fullyrða það — og óska eftir því, að aðalskrifstofan sé nú hérna, en bara einhver aukaskrifstofa fyrir norðan. Ætli það skipti þá ákaflega miklu máli? Ætli þeir hafi ekki lyst á að fara norður og salta, þar sem aðalskrifstofan er, ef þeir halda, að þeir græði á því? Nei, ég sé ekki, að þetta hafi neina þýðingu, og ég tel alveg ástæðulaust fyrir okkur, úr því að fólkinu á Siglufirði er þetta mikið áhugamál, alveg ástæðulaust fyrir okkur að vera að breyta þessu frv., og ég vona þess vegna, að það gangi í gegn. Þetta er ekki stórmál, sem neinu skiptir fyrir einn eða neinn, en þetta er þeim áhugamál og þá getum við vel orðið við þeirra óskum í þessu efni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 101. fundi í Nd., 18. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. á þskj. 631 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 25:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, BF, BBen, BrS, EðS, GeirG, GÞG, HV, JSk, LJós, MÁM, SI, SP, SvJ.

nei: VH, ÞÞ, ÁÞ, BK, EKJ, BP, EystJ, FÞ, GíslG, GuðlG, GunnG, HS, IngJ, IG, GeirH, JónasÁ, JP, MK, MB, ÓL, PS, SE, SkG, SV, SB.

1 þm. (EmJ) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 23:10 atkv.

2. gr. samþ. með 24:11 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25:10 atkv.

Á 102. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 103. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 350, 665).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þegar frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., var afgreitt í hv. d. í gær, biðum við, sem skipum meiri hl. sjútvn. d., ósigur í atkvæðagreiðslu. Við lögðum til, að frv. yrði vísað til ríkisstj. og töldum það æskilegustu afgreiðslu á málinu. Mikill meiri hl. hv. d. vildi hins vegar, að frv. næði fram að ganga í því formi, sem það nú liggur fyrir, eins og það er komið til þessarar d. frá Ed. Við þessu er í sjálfu sér ekki margt að segja. Að mínum dómi hefur hlaupið í þetta mál einhvers konar vanhugsuð dreifbýlisrómantík. Ég hygg, að mjög margir af þeim hv. þm. í þessari d., sem greiddu frv. atkvæði, hafi ekki kannað þetta mál alveg niður í kjölinn. Frá mínum bæjardyrum séð er það næstum því jafnfjarstætt að hugsa sér, við þær aðstæður, sem nú ríkja í síldarútveginum, að síldarútvegsnefnd eigi að hafa aðalaðsetur á Siglufirði, eins og það, að við samþykktum lög um það hér á Alþ. að skylda borgarstjórn Reykjavíkur til að hafa aðalaðsetur á Loðmundarfirði. Það er líka eins fjarstætt að hugsa sér, að t. d. aðalritstjórn Morgunblaðsins væri norður á Þórshöfn og þaðan ætti hún að stýra blaðinu.

Nú, en sleppum þessu. Ég skal ekki fara langt út í þessa sálma. Það er mín skoðun, að síldarútvegsnefnd verði að hafa svigrúm til þess að skipa málum sínum þannig, að hún geti veitt sem bezta þjónustu þeim mönnum og þeim fyrirtækjum, sem hún á að starfa fyrir. Þess vegna tel ég, eins og nú er komið málum í síldveiðunum, að það sé ekki rétt að binda það í l., að nefndin skuli hafa aðalaðsetur eða aðalskrifstofu sína á Siglufirði. Þetta var á sínum tíma sjálfsagður hlutur, meðan Siglufjörður var sá eðlilegi miðdepill síldveiðanna, en sú saga er löngu liðin. Ef ástæður breytast á ný, getur þetta e. t. v. einnig breytzt. En ég og nokkrir aðrir hv. þm. viljum nú, þrátt fyrir þann ósigur, sem við biðum við atkvgr. í gær, freista þess að laga frv. lítið eitt, þannig að við teljum, að ef sú litla leiðrétting fengist, gæti síldarútvegsnefnd eftir atvikum vel við unað. Þess vegna flytjum við brtt. við frv. á þskj. 665, sem er á þá leið, að í staðinn fyrir orðið „aðalskrifstofa“ í 5. mgr. 1. gr. komi: skrifstofa. Þá hljóðar þessi mgr. þannig í frv., ef okkar litla brtt. nær fram að ganga: „Heimili síldarútvegsnefndar, varnarþing og skrifstofa skal vera á Siglufirði, en nefndin skal einnig hafa skrifstofur í Reykjavík og á Austurlandi.“

Með þessari litlu breytingu tel ég a. m. k. — og ég hygg, að það sé einnig skoðun meðflm. minna — að þarna verði gerð á sú lagfæring, sem síldarútvegsnefnd geti eftir atvikum sætt sig við. Það má segja, að með því að fella niður þetta áherzluforskeyti „aðal-“ sé þarna gerð veruleg leiðrétting, og sannast þar eins og oft áður, að „oft veltir lítil þúfa þungu hlassi“. Að mínu áliti gæti það haft þær afleiðingar í för með sér, ef frv. færi í gegnum Alþ. eins og það nú liggur fyrir, að starfsemi síldarútvegsnefndar á Siglufirði legðist niður með öllu.

Ég býst við, að flestum hv. þdm. sé um það kunnugt, að í l. um síldarútvegsnefnd eru ákvæði, sem heimila síldarsaltendum að taka síldarsöluna í sínar hendur. Það geta þeir gert með því að stofna sölusamlag. Ef tilskilinn fjöldi saltenda ákveður að mynda með sér sölusamlag, geta þeir sjálfir tekið sölu síldarinnar í sínar hendur. Hlutverk síldarútvegsnefndar minnkar þá stórlega frá því, sem nú er og ef þannig færi, gæti verið hætta á því að loka þyrfti alveg skrifstofu hennar á Siglufirði og jafnvel víðar. Þá væri verkahringur nefndarinnar ekki orðinn það mikill, að hún þyrfti að halda uppi allri þeirri starfsemi, sem hún nú rekur. Ég veit ekki, hvort hv. þm., sem greiddu frv. atkvæði í gær, hafa athugað þetta, en um leið og ég mæli fyrir brtt. okkar vil ég hvetja þá til að hugleiða þetta mál vandlega.

Sverrir Júlíusson: Við það, sem fram kom hjá frsm. fyrir þeirri brtt., sem við 5 þm. flytjum, þarf vissulega ekki neinu að bæta, því að ég veit, að þetta liggur alveg ljóst fyrir. En mig langar þó til þess að segja nokkur orð. Og ég vil þá vitna í það, að á tveimur aðalfundum Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi hefur verið samþykkt og það einróma till. um það að stofna samlag til þess að taka að sér sölu á síld. Eftir aðalfundinn 1967 kom mikill skriður á það mál og forráðamenn þess félags gengu á fund hæstv. sjútvmrh. og fengu hann til þess að kanna, hvort ekki væri möguleiki til þess að fjölga í nefndinni. Þá var gert ráð fyrir, að það yrði fjölgað um tvo, þ. e. að félög síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og hér fyrir sunnan tilnefndu hvort sinn mann. Í þessu frv. eða þessum till., sem sendar voru bæði síldarútvegsnefnd og ýmsum öðrum aðilum, þó ekki kæmu þær til Alþ., var gert ráð fyrir því, að það yrði kosin sérstök framkvæmdanefnd þriggja manna, sem athugaði framkvæmdaatriðin og færi þá með vald nefndarinnar milli funda. Þetta fékk ekki hljómgrunn. Svo er það, að 2. ágúst s. l. skipaði sjútvmrh. nefnd manna til þess að endurskoða lögin og m. a. að reyna að finna samkomulagstillögu í sambandi við þetta.

Því er ekki að leyna, að í þessari nefnd voru vissulega skiptar skoðanir, en þessi nefnd var skipuð 7 fulltrúum, tveim tilnefndum af síldarútvegsnefnd, einum frá ASÍ, einum frá LÍÚ og sínum manninum frá hvoru saltendafélaginu, og svo var formaður, sem var skipaður af ráðh.

Það kom fram á þessum fundum til að byrja með, að saltendur á Austur- og Norðurlandi vildu fá mjög stóran hlut í sambandi við endurskipulagningu á nefndinni, og fyrsta till., sem þeir gerðu, var sú, að þeir ættu 4 af 5 fulltrúum og vildu þá jafnvel fækka, aðeins yrði 1 tilnefndur eða skipaður af ráðh., en saltendur ættu þessa 5. Þetta þótti ekki aðgengilegt og ekki hvað síst töldum við, sem vorum fulltrúar fyrir útvegsmennina og sjómennina, að það væri enginn sögulegur réttur í sambandi við það, að fulltrúar sjómanna, sem hafa átt sæti í nefndinni frá því að síldarútvegsnefnd var stofnuð og hafa verið tilnefndir af Alþýðusambandinu, ættu að hverfa úr nefndinni og sömuleiðis fulltrúar útvegsmanna, sem á fyrstu árum nefndarinnar voru kjörnir af þátttakendum í síldarútvegi eða þeim, sem gerðu út á síldveiðar. Þetta var áður en Landssamband ísl. útvegsmanna var stofnað, en nú á síðari árum hefur fulltrúinn verið tilnefndur af Landssambandinu.

Það er svo stytzt frá því að segja, að þær till., sem sendar voru til sjútvmrh. og hæstv. sjútvmrh. beitti sér fyrir, að fluttar yrðu í hv. Ed. af sjútvn. þeirrar d., voru samkomulagstill. á milli þessara aðila. Í þessum till. var gert ráð fyrir því, að það yrði fjölgað um einn mann, sem yrði tilnefndur sameiginlega af saltendafélögunum, og síðan yrðu nokkrar aðrar breytingar gerðar. Þið hv. alþm. vitið það, að í hv. Ed. hefur fyrr á þessu þingi verið borið fram frv. um að ákveða aðsetursstað síldarútvegsnefndar á Siglufirði og þegar þetta frv. kom fram og hlaut afgreiðslu Ed., var það fyrir atbeina þeirra manna, sem fluttu það frv.; ég segi þeirra manna, því að það voru þeir þrír, sem fluttu frv., og svo varamaður Björns Jónssonar, sem báru fram þessa brtt., og sú till. var samþykkt í Ed. Eftir að búið var að breyta þessu samkomulagsfrv. úr hinu upphaflega formi og í það, sem liggur hér fyrir hv. d., þá töldu þeir aðilar, sem mestra hagsmuna hafa að gæta og eiga að fara með þessi mál, að það væri betra, að málið strandaði að þessu sinni og þess vegna var það, að sjútvn. þessarar virðulegu d. lagði það til, að málinu yrði vísað til ríkisstj., svo það fengi þá athugun og kæmi væntanlega fyrir næsta þing.

Ég vil aðeins rifja þetta upp og leggja höfuðáherzlu á það, að það eru þeir aðilar, sem þarna eiga hlut að máli, sem gerðu samkomulag, og enn fremur, að það komu mótmæli frá þessum aðilum — reyndar ekki frá Alþýðusambandinu, en forseti þess hefur lýst sinni skoðun og geri ég ráð fyrir, að hann fari ekki svo langt frá því, sem hans samtök mundu samþykkja í þessu sambandi, og er hann einmitt flm. að þeirri brtt., sem hér liggur fyrir. En þessir aðilar leggja það ýmist til, að málinu sé frestað eða breyting verði gerð á því, þannig að það komist í upphaflegt form, eins og það var lagt fyrir Ed. á sínum tíma. Ég vildi segja þetta, að þessum aðilum, sem þarna eiga hlut að máli, er þetta mjög mikið kappsmál, að sú breyting, sem upphaflega er lögð til, verði samþykkt eða þá úr því sem komið er, að málinu verði þá frestað.

Ég vil segja það í þessu sambandi, að það mun ekki vera nokkurt fordæmi fyrir því í hæstv. Alþ., að mál, sem hagsmunasamtök standa að og eru sammála um, fái þessa afgreiðslu, að það sé gengið algjörlega á móti þeirra vilja, þegar um er að ræða mál, sem fyrst og fremst snertir þessa aðila. Þetta eru ekki útgjöld fyrir ríkissjóð, og þetta er einmitt um það, hvernig þetta þjónustufyrirtæki getur starfað. Og ég vænti þess, að þrátt fyrir þessa afgreiðslu, sem hér fór fram í gær, þá hafi menn sofið á þessu og sjái nú, að það, sem við fimmmenningarnir leggjum til, er eins sanngjarnt og frekast getur orðið, og að rétt væri að ganga til móts við okkur í þessu.

Ég vil segja það, ef þið hafið ekki kynnt ykkur málið nógu vel í l. frá 1962, þá er þar gert ráð fyrir því, að síldarútvegsnefnd reki skrifstofu á Siglufirði á meðan veiðitímabilið eða söltunartímabilið á Norður- og Austurlandssíld stendur yfir, og það er enn fremur sagt í l., að síldarútvegsnefndarmenn eða varamenn þeirra skuli vera staddir á Siglufirði á meðan á söltuninni stendur. Ég held, að ég fari þar ekki með rangt mál, er ég fullyrði, að s. l. kjörtímabil muni síldarútvegsnefnd ekki hafa verið að staðaldri á Siglufirði. Ég held, að hún hafi ekki haldið marga fundi þar. Það er einnig í l. frá 1962, að síldarútvegsnefnd skuli reka skrifstofu fyrir Suður- og Vesturland hér í Reykjavík. Það er ekkert

ákvæði í þessum l. um það, hvar heimili og varnarþing skuli vera; það er aftur í reglugerðinni frá 1952, sem talað er um, að heimili og varnarþing og aðalskrifstofa sé á Siglufirði. Það mun ekki hafa verið gefin út reglugerð síðan 1952, 23. júní 1952, svo að þið sjáið, að með þeirri breytingu, sem Ed. gerði, þá er hún að fara eftir upprunalegu lögunum — eða reglugerðarákvæði, sem er raunverulega jafngilt, hvort sem það er í reglugerðinni eða í l. Ef þessi brtt., sem við fimmmenningarnir berum hér fram, verður samþ., getur síldarútvegsnefnd hagað störfum þannig, að sú þjónusta, sem hún innir af hendi, geti komið saltendum og sjávarútvegi og landsmönnum í heild að því gagni, sem hún telur rétt. Hún telur, eins og nú standa sakir, að það sé ekki eðlilegt, að aðalskrifstofan sé á Siglufirði, en nefndin sé aftur hér í Reykjavík. Og ég fullyrði, að það hefur vægast sagt kostað síldarframleiðendur óþægindi. Það mundi vera hægt að telja upp, að það er verulegt tjón, sem einmitt hefur af því hlotizt, að framkvæmdastjóri og aðalskrifstofan hefur verið á Siglufirði, en síldarútvegsnefndarmenn hér fyrir sunnan og ekki alltaf hægt að ná þeim saman, en menn þurfa oft að vera nokkuð fljótir að svara í sambandi við silfurfiskinn. Ég vænti þess, að þeir, sem leggja áherzlu á það, að það heiti aðalskrifstofa á Siglufirði, sjái, að þeir eru að stilla hér inn á mál, sem raunverulega ætti að vera reglugerðaratriði og þeir hafa í reynd mest um að segja, sem fara með þessi mál fyrir framleiðendur.

Ég vil segja það við hv. þm. Norðurl. v., að ég mundi vilja á næsta þingi taka saman höndum við þá um það t. d. að breyta l. um Tunnuverksmiðju ríkisins þannig, að hún fengi sína sérstöku stjórn og hún ætti öll aðsetur á Siglufirði. Ég ætla ekki að fara að tala um það, sem maður getur fundið að í sambandi við tunnuverksmiðjuna o. þ. h. Ég hef lengi haft þá skoðun, að það væri sjálfsagt, að hún hefði sérstaka stjórn. Núv. sjútvmrh. er hygginn maður, eins og hann á ætt til, en þegar síldarútvegsnefnd óskaði eftir lausn frá þessu starfi, þá neitaði hann að taka það til greina og hefur sett þessa kvöð á síldarútvegsnefnd. Ég sagði áðan, að ég ætlaði ekki að fara að segja frá því, sem hægt væri að „kritisera" í sambandi við þetta, því það yrði kannske til þess að vekja óþarfa deilur. Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég mundi á næsta þingi — það var ekki tími til þess á þessu — fylkja liði með hv. þm. Norðurl. v., einmitt til þess að gera þessa réttarbót.

Maður heyrði það í þingsölunum í gær, að það gætti einhverrar viðkvæmni hjá hv. borgarstjóra, sem situr á þ., og öðrum þm. Reykv. fyrir því, að það væri álitið, að þeir væru að ganga á rétt dreifbýlisins, ef þeir samþykktu, að það væru jafnréttháar skrifstofur, skulum við segja, — eins og það mundi verða í þessu tilfelli — hér í Reykjavík og annars staðar. Ég vona, að hann hlusti á mig, borgarstjórinn, annars segi ég honum það sjálfur, að ef hann væri eitthvað viðkvæmur fyrir því, að það mundi fjölga of mikið í Reykjavík í sambandi við þetta, þá mundi ég beita mér fyrir því, að síldarútvegsnefnd fengi húsnæði í mínu kjördæmi, annaðhvort á Seltjarnarnesi — og þar með gæti nú Viðey komið til greina — eða sunnan við Fossvogslækinn, svoleiðis að við getum alltaf tekið á móti fjölgun í Reykjaneskjördæmi, enda kemur það sér nú vel. (Gripið fram í.) En verkefnin eru ekki aðallega fyrir norðan. Verkefnin eru víðs vegar um landið, og það er það, sem skiptir máli, að það verði veitt sú þjónusta, sem þarf að veita. Og við þá hv. þm. Austf., sem greiddu atkv. hér í gær á móti því, vil ég segja þetta: Ég held, að það sé bæði hjá þeim og öðrum misskilinn dreifbýlisáhuginn, þegar þeir vilja ekki taka tillit til eindreginna óska þessara manna, sem þeir eru umbjóðendur fyrir. Þeir hafa ekki óskað eftir því vegna sögulegra staðreynda, að síldarútvegsnefnd verði flutt til Seyðisfjarðar, þeir hafa ekki gert það, saltendur á Austurlandi, og ekki heldur til Vestfjarða, því að á Vestfjarðakjálkanum veiddist nú á sínum tíma líka mikil síld. Nei, Austfirðingar og Norðlendingar hafa óskað eftir því, að hér væri aðalmiðstöðin, að hún væri í Reykjavík, og það er vegna þess, að hér eru samgöngur beztar.

En við Austfirðinga vildi ég segja það, að árin 1953—1963 hafði ég mikið samband við Austur-Skaftafellssýslu. Það er kannske ekki alveg hliðstætt, en þið vitið það alveg áreiðanlega, að þeir hafa sýslumanninn í Vík. En hvar haldið þið, að þeir hafi byggingarfulltrúa? Austur-Skaftafellssýsla hefur til skamms tíma haft byggingarfulltrúa á Egilsstöðum, og það er þetta, sem ekki ætti að fara að innleiða í sambandi við síldarútvegsnefnd, að það þurfi að fara þvers og kruss um landið. Nei, við skulum athuga, að þetta er þjónustufyrirtæki, sem þarf að veita fyrirgreiðslu á ýmsum sviðum og einmitt, að það er ekki af áhuga fyrir Reykjavík, að þess er óskað, að aðalstarfsemin verði hérna. Nei, ég vil segja það við Austfirðinga, að menn þurfa nefnilega að vera fljótari en svo að grípa silfurfiskinn og gera ráðstafanir í sambandi við hann, að heppilegt sé að þurfa að haga málum þannig að senda bréfin fyrst til Víkur og svo til Egilsstaða og síðan til Reykjavíkur.

Ég ætla svo að síðustu að segja það, að ég hitti í morgun formann saltendafélagsins á Norður- og Austurlandi. Hann sagði: „Við höfum tilbúið lagafrv. að samlagi." Það er rétt, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði áðan, frsm. fyrir þessari till., að það er nefnilega mjög auðvelt fyrir síldarsaltendur að taka aðalverkefnið af síldarútvegsnefnd með því að stofna samlag. Þá má segja, að höfuðverkefni hennar sé komið í annarra hendur. Og þetta hefur einu sinni verið gert, í ráðherratíð Áka Jakobssonar. Það var í eitt ár. Hvað það yrði lengi núna, skal ég ekki um segja, en þeir sem stóðu að því að sætta þessi sjónarmið, þeir í n., sem undirbjó þetta frv., sem á sínum tíma var lagt fyrir Alþingi, töldu, að það væri það mikil reynsla, sem síldarútvegsnefnd hefði fengið í þessum málum, að það væri heppilegast og skynsamlegast, að það væri notað,

sem hefði verið unnið upp, og sú þekking, sem þessir aðilar hafa, en ef Alþingi kastar stríðshanzkanum framan í síldarsaltendur á Norður- og Austurlandi, þá vitum við ekki hvað gerist.

Ég sagði frá því áðan, að ég hitti í morgun formann saltendafélagsins á Norður- og Austurlandi. Hann sagði, að þetta væri tilbúið og það mætti hafa það eftir sér, að ef þetta yrði eins og á horfðist í gær, þá mundi samlagið verða stofnað. Hann sagði mér einnig, að form. síldarútvegsnefndar hefði verið að hringja í gær, og hans álit hefði verið, að það væri ekkert annað fyrir síldarútvegsnefnd að gera en að segja af sér. Ég er þar ekki sammála, því að síldarútvegsnefnd yrði, þó að samlagið yrði stofnað, að lögskipa útflytjendur, kannske tvo eða fleiri, maður veit ekki um það, einnig að löggilda saltendur og fylgjast nokkuð með þessu. En þá verð ég að segja það, að starfsemi skrifstofu þeirra og nefndarinnar mundi minnka verulega og þá mundi það fara þannig, að Siglufjörður hefði ekki mikinn ávinning af þessu. En það vil ég segja, að það hefur engum dottið í hug, a. m. k. ekki þeim, sem ég hef talað við, að ganga neitt á hlut Siglufjarðar í þessu sambandi, heldur að þeirri starfsemi, sem er nauðsynleg fyrir Siglufjörð og næsta nágrenni, verði haldið uppi frá skrifstofu á Siglufirði, en að sjálfsögðu gera þessir aðilar kröfu til þess, að þeir fái að ráða sínum málum og koma þessu sem hagkvæmast fyrir á þann hátt, sem þeir telja beztan. Ég vildi ekki láta hjá líða að láta þessar upplýsingar og þessi ummæli formanns söltunarfélagsins á Norður- og Austurlandi koma fram, því að það verður þá ekki annað sagt en að ekki veldur sá, sem varar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef áður sagt það hér, að ég tel þetta frv., sem hér er til umræðu, ekki grípa á neinum þeim vandamálum, sem síldarútvegurinn í landinu á nú við að búa. En eðlilegast hefði verið, að Alþ. hefði gripið á einhverjum þeirra stóru vandamála, tekið þau til meðferðar. Hér er um frv. að ræða, sem hefur tvö ný efnisatriði. Í fyrsta lagi að fjölga í síldarútvegsnefnd um einn mann, þannig að þar verði 8 menn í staðinn fyrir 7, og af því leiðir svo, að þegar atkvæði verða jöfn í þessari 8 manna nefnd, þá fari formaður með tvöfaldan atkvæðisrétt. Nú er síldarútvegsnefnd þannig upp byggð, að í henni eiga að vera fulltrúar fyrir sjómenn og verkamenn, fulltrúar fyrir síldarútgerðarmenn og fyrir síldarsaltendur. Og allir þessir aðilar hafa nú fulltrúa í nefndinni. Síldarsaltendur sunnan- og vestanlands hafa raunar fulltrúa í henni út af fyrir sig og félagsskapur síldarsaltenda norðan- og austanlands hefur annan fulltrúa. Í nefndinni eru þegar formenn hvors saltendafélagsins um sig. En ef frv. væri samþykkt að þessu leyti og bætt við manni, þá fengju þessi tvö saltendafélög sameiginlega fulltrúa í viðbót. Ég sé ekki neina þörf þess. Ég held, að saltendafélögin séu ágætlega „representeruð" með formönnum beggja félaganna og að það hafi ekki verið troðið á þeirra hagsmunum eða þeir á nokkurn hátt verið bornir atkvæðum í nefndinni. Ég minnist þess ekki í þau 6 eða 7 ár, sem ég hef átt sæti í síldarútvegsnefnd.

Hitt atriðið, sem frv., eins og það liggur nú fyrir, fjallar um, er það, að af þeim þrem skrifstofum, sem síldarútvegsnefnd nú starfrækir — þ. e. skrifstofan á Siglufirði, skrifstofan í Reykjavík og skrifstofan á Seyðisfirði, sem allt eru þjónustufyrirtæki fyrir síldarútgerðarmenn og sjómenn og landverkafólkið, sem á þarna hagsmuna að gæta líka, allt saman þjónustufyrirtæki fyrir þessa menn og síldarsaltendurna — þá skuli nú ákveðið, að ein af þessum skrifstofum sé aðalskrifstofa. Og það getur ekki verið, að ætlunin sé önnur með því að leggja kapp á, að lögfest sé, að ein skrifstofan sé aðalskrifstofa, þ. e. Siglufjarðarskrifstofan, það getur ekki vakað fyrir mönnum annað heldur en að aðalverkefnin færist þá þangað. Annars er þetta hégómi. En það væri að mínu áliti umhendis, að aðalverkefni síldarútvegsnefndar flyttust til Siglufjarðar, eins og síldveiðum er nú háttað við okkar land. Ef ætti að setja aðalskrifstofuna einhvers staðar niður og lögfesta það, sem ég tel vera óráð, þá ætti það auðvitað að vera á Austfjörðum, annaðhvort á Egilsstöðum eða á Seyðisfirði, það væri það eðlilega. En ég lít svo á, að það sé hreint framkvæmdaratriði síldarútvegsnefndar að ákveða það, hvern þátt starfsins hún láti framkvæma á þessari eða hinni skrifstofunni.

Það er auðvitað lang-skynsamlegast, að síldarútvegsnefnd láti framkvæma þá þjónustustarfsemi norðanlands, sem þjónar þeim landshluta sérstaklega. Og þar heyrir auðvitað til stjórn Tunnuverksmiðju ríkisins og dreifing á tunnum til saltenda hvar sem væri á landinu og ýmis önnur atriði varðandi framkvæmd síldveiðimála og síldarsöltunarmála, sem eins vel er hægt að þjóna þaðan eins og annars staðar. Að öðru leyti er þjónustan fyrir síldarsaltendur á Austfjörðum. Það er spurningin, hvort heppilegra er að framkvæma hana frá skrifstofunni á Siglufirði eða í Reykjavík, og held ég, að engir séu dómbærari um það en síldarsaltendurnir á Austfjörðum. Og þeir hafa árum saman, síðan þeir komust í þá aðstöðu, sem þeir eru í nú, látið í ljós óskir um það, að þeir vildu fá sem mest af sinni þjónustustarfsemi afgreitt í Rvík. Mér finnst, að það séu engir aðilar fremur en síldarsaltendurnir, sem eigi að vera dómbærir um það, með hvaða hætti þeir geti tryggt sér betri þjónustu. Það var út frá þessu, að síldarútvegsnefnd taldi ástæðu til að endurskipuleggja nokkuð starfsmannahald og þjónustuaðstöðu fyrirtækisins og gerði till. um það. Sammála voru þar fulltrúar sjómanna, verkafólks, útgerðarmanna og síldarsaltenda úr öllum stjórnmálaflokkum, og ég fullyrði, að það vakir ekki fyrir síldarútvegsnefnd að framkvæma neitt níðingsverk á nokkrum manni, hvorki á Siglufirði né annars staðar, eða að framkvæma ótímabæran flutning á neinum stofnunum. Það er allt saman hugarburður, ef menn ganga með þær skoðanir í brjósti. Það er þetta, sem vakir fyrir síldarútvegsnefnd, að

haga starfrækslu mannahalds og skrifstofuhalds í samræmi við þau þjónustustörf, sem síldarútvegsnefnd er skylt að inna af hendi, og ekkert annað, Og ef Alþingi grípur þar fram fyrir hendurnar á síldarútvegsnefnd í þeirri viðleitni hennar, sem er hennar skylda, þá verður það áreiðanlega tekið upp með nokkurri þykkju — að mér finnst mjög eðlilega — af síldarútvegsnefnd. Hún hefur byggt þessar aðgerðir sínar á því að fullnægja óskum þeirra manna, sem hún á að þjóna. Og hér er um algjört rekstrarfyrirkomulagsatriði að ræða, og það heyrir undir daglegan rekstur síldarútvegsnefndar og á auðvitað ekki að binda hendur hennar á bak aftur í svo sjálfsögðum hlutum sem þessum.

Ég held, að ég telji ekki ástæðu til að segja meira um þetta. Þetta á ekkert skylt við það, að hér sé verið að raska jafnvægi í byggð landsins og að það séu fjandmenn jafnvægisins, sem hér hafi séð sér leik á borði og ætli að leika Norðlendinga grátt, að því er það snertir. Öllum þeim verkefnum, sem eðlilegt er að framkvæmd séu á Siglufirði, verður haldið til þeirrar skrifstofu, en önnur þjónusta verður sett til Reykjavíkurskrifstofunnar, því að saltendurnir á Austurlandi telja sér bezt þjónað þaðan, og reynt að afgreiða þeirra mál á Austfjörðum með skrifstofunni á Seyðisfirði, eftir því sem hægt er þar, með sambandi þaðan við aðra hvora skrifstofuna, á Siglufirði eða í Reykjavík, eftir því sem hentugast þykir, og verkefnum verður skipt út frá því eingöngu, hvað hentugt sé og veiti bezta þjónustu. Þetta er málið og ekkert annað, og mér þykir ákaflega fyrir því, ef ekkert tillit verður tekið til þess hér á hinu háa Alþingi, að nú telja allir þeir aðilar, sem þessu máli var hreyft fyrir, að frv. í því formi, sem það er nú, sé ekki til bóta og hafa samþykkt og sent Alþingi sitt álit, Félag síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi, Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, síldarútvegsnefnd og LÍÚ. Hér eru allir þeir aðilar, sem með þessi mál eiga að fara og eiga hagsmuna að gæta í sambandi við framkvæmd þeirra, og hafa nú allir látið í ljós þá skoðun við Alþingi í skriflegum plöggum, sem hingað hafa borizt, að þeir óski ekki, að frv. í núv. mynd verði samþykkt. Alþingi gengur því gegn vilja allra þeirra aðila, sem málið varðar, ef það verður afgreitt á þann hátt að lögfesta, að aðalskrifstofa síldarútvegsnefndar skuli vera fremur á þessum stað heldur en hinum. Ef frv. verður ekki samþykkt í þeirri mynd, heldur sú brtt., sem hér liggur fyrir, þá verður skrifstofuhaldinu hagað eingöngu eftir því, sem hagkvæmast er út frá þjónustuskyldu síldarútvegsnefndar. Og það held ég að ætti að vera nokkur leiðarvísir fyrir hv. Alþingi. Ég tel, að málið verði afgreitt móti óskum allra aðila, sem það varðar mest, ef till. sú, sem hér liggur fyrir, brtt. við frv., verður felld.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég skal ekki mikið lengja þennan fund með þeim fáu orðum, sem ég segi hér, enda er ég í eðli mínu ekki mikill málþófsmaður, nema eitthvað sérstakt og brýn þörf krefjist þess. Ég held, að ég muni það rétt, að það var einu sinni mikið auglýsingaslagorð hjá einu dagblaðanna hér í Reykjavík, ég held, að það hafi verið Vísir, þetta: Vísir flýgur fyrstur með fréttirnar. En þegar ég las Morgunblaðið frá í gær, þá sýndist mér að þarna kynni Vísir að hafa eignazt nokkuð skæðan keppinaut, sem skýrði frá fréttum og staðreyndum raunar áður en þær yrðu til, því ég sé það í Morgunblaðinu frá í gær á bls. 2, að þar er frá því skýrt með nokkuð stóru letri, að aðalskrifstofa síldarútvegsnefndar skuli staðsett á Siglufirði, og þar er skýrt frá því, að í gær hafi frv. um þetta verið samþykkt endanlega í Nd., en eins og hv. þm. vita, heyra og hafa séð og haft sumir gaman af, þá stendur nú ennþá umr. um frv. og það er ekki endanlega afgreitt.

Mig langar til þess að segja örfá orð og reyna að draga fram það, sem mér finnst aðalatriðin í þessu máli. Og það er þá fyrst þetta: Forustan að þeim skipulagsbreytingum í skrifstofuhaldi síldarútvegsnefndar, sem stendur til að gera og hefur staðið til um nokkuð langan tíma, hún er öll fram knúin af síldarsaltendum alls staðar um Norður- og Austurland. Og þar eru ekki einu sinni undanskildir fulltrúar siglfirzkra síldarsaltenda, sem mættu á síðasta aðalfundi Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi. Síldarútvegsnefnd hefur enga forustu haft um, að þessi skipulagsbreyting verði. Mér þykir rétt, að þetta komi fram.

Í öðru lagi: Ég hef orðið nokkuð víða var þess misskilnings, að það væri verið að taka eitthvað frá Siglufirði og Siglfirðingum með því að hafa í l. ákvæði eins og þau, sem voru í frv. um síldarútvegsnefnd, þegar það var lagt fram í Ed., þ. e. að því er tekur til þess, hvar hún skuli hafa skrifstofur, en þar segir, að nefndin skuli hafa skrifstofur á Siglufirði, í Reykjavík og á Seyðisfirði. Það hefur aldrei verið í l. neitt ákvæði um það, að síldarútvegsnefnd skuli hafa aðalskrifstofu á einhverjum ákveðnum stað. Það er fyrst núna á þessu þ., að það kemur inn í Ed. með því að fjórir hv. þm. í þeirri d. flytja um það frv. Ég vil líka, að þetta komi fram. — Brtt., sem hér hefur verið talað fyrir af hv. meðflm., lýtur að því einu að færa þau ákvæði frv., sem fjalla um, hvar skrifstofur skuli vera, í það horf, sem þar var upphaflega. Þá þykir mér ástæða til þess að benda á það, að ég tel það meira en vafasamt fordæmi, ef hv. Alþ. ætlar að fara að lögbjóða einhverjum samtökum framleiðenda í landinu, hvar þeir skulu hafa aðalskrifstofuhald sitt, eins og meiningin er að gera hér með því frv., sem verið er að ræða. Ég tel það vafasamt fordæmi í meira lagi, og menn hljóta að sjá, að ekki á það sízt við um skrifstofur, sem þurfa að skipuleggja og stjórna síldarvinnslu í landinu, sem er unnin á þessu landshorninu kannske þetta árið eða þessi 5 árin, en flytur svo til allt annarra stöðva nokkru síðar. Ekki sízt tel ég þetta varhugavert í þessu tilfelli, vegna þess að það er staðreynd, að síldarútvegsnefnd er ekki ríkisstofnun, hún fær enga peninga til síns reksturs úr ríkissjóði, ekki eina einustu krónu. Ef hv. Alþ. finnst

sérstök ástæða til þess að lögbjóða, hvar aðalskrifstofur slíkra samtaka sem síldarsaltenda og annarra eigi að vera, þá finnst mér, að það ætti að byrja á ríkisstofnun — ef hún er þá til, ég er ekki alveg klár á því, — einhverri stofnun, sem er hrein ríkisstofnun og eðlilegt er, að Alþingi ráði yfir sem slíkri. En síldarútvegsnefnd er ekki, eins og ég segi, ríkisstofnun. Hún hefur sínar tekjur af gjaldi á útflutta saltsíld, og það er samkv. óskum og ég vil segja nær einróma kröfum síldarsaltenda og þeirra, sem eiga þetta verðmæti, saltsíldina, sem þessar breytingar á að gera, og það er þeirra að borga skrifstofuhaldið.

Þá er það eitt af þeim furðulegustu fyrirbærum, sem ég man eftir þau 9 ár, sem ég hef verið á hv. Alþingi, að gera úlfalda úr jafnlítilli mýflugu og þarna er verið að gera. Það er svo furðulegt, hvernig þetta mál hefur þróazt í það að verða eitthvert stórmál hjá mörgum mönnum, bæði innan þings og utan. Það er alveg furðuleg þróun og ég kann náttúrlega á því vissar skýringar, en ég skal ekki þreyta hv. alþm. með því að vera að rekja þær hér. En ég hef áður lýst því yfir, að það, sem til stendur að gera í sambandi við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar á skrifstofuhaldinu, er það — og ég skýri frá þessu eftir að ég hef ráðfært mig við mína meðnefndarmenn allflesta og leitað þeirra álits um það, hvort ég gæti ekki hér frá því skýrt og endurtekið það, sem ég hef áður sagt — það, sem til stendur að gera, er að færa kannske einn eða tvo skrifstofumenn af Siglufjarðarskrifstofunni hingað suður. Það er þetta, sem stendur til, og ég segi satt, þegar ég er að halda því fram. Og það er svo furðulegt, að menn skuli láta sér það um munn fara, að það sé verið að ráðast gegn jafnvægi í byggð landsins með því að framkvæma slíkan flutning á einum eða tveim skrifstofumönnum. Ég hygg, satt að segja, að þeir, sem eru miklir áhugamenn um það ágæta málefni, jafnvægi í byggð landsins, að þeir setji það á vissan hátt ekki í mjög skemmtilegt kastljós með því að vera að telja þessa fyrirhuguðu smáskipulagsbreytingu eitthvert dæmi um það, að það eigi að fara að ráðast sérstaklega gegn landsbyggðinni.

Og þá vil ég koma að einum punkti, sem ég vil sérstaklega leggja áherzlu á, og beini ég þá máli mínu fyrst og fremst til þm. Norðurlandskjörd. v., sem af eðlilegum og skiljanlegum ástæðum eru helztu forustumenn þessara aðalskrifstofutillagna. Ég vil spyrja þessa ágætu menn, sem hér eru inni: Finnst þeim það virkilega ráðlegt hagsmuna Siglufjarðar vegna að egna á móti sér í þessu máli nálega alla framleiðendur í síldarsöltuninni? Ég fullyrði: nálega alla framleiðendur í síldarsöltuninni á öllu Norðurlandi, á öllu Austurlandi. Ég hef séð mótmæli, sem seint og um síðir, eftir að hitinn fór að koma í þetta mál, komu frá Siglfirðingum, og ég þekki þetta ákaflega vel, af því að ég er Siglfirðingur. Það hefur tekizt að fá 7 stöðvar á Siglufirði til þess að mótmæla þessu með miklum eftirgangsmunum, og ég gæti sagt af því ýmsar skemmtilegar sögur, þegar verið var að reyna að safna undirskriftunum þar. En stöðvarnar eru 21. Það hefur sem sagt þriðjungur fengizt eftir mikla fyrirhöfn til þess að senda þetta mótmælaskjal. Mér er fyllilega kunnugt um það, og þar get ég haft eftir form. síldarsaltendafélagsins á Siglufirði, Eyþóri Hallssyni, miklum stuðningsmanni hv. aðalforgangsmanns þessa máls, Eyjólfs Konráðs Jónssonar, hv. þm., að hann hefur sagt í áheyrn margra manna, að þetta væri bara píp, sem hann blési á.

Þá skal ég ekki, eins og ég lofaði hér áðan, tefja þennan fund, en ég vildi í lokin aðeins beina vinsamlegum tilmælum til míns ágæta formanns þingflokks framsóknarmanna, sem ég hef séð í atkvgr. og veit raunar, að hefur talsverðan áhuga og greiddi hér við 2. umr. atkv. með því, að aðalskrifstofan skyldi verða á Siglufirði. Ég vil benda honum á það, af því að hann hefur skv. þessu mikinn áhuga á að halda stofnuninni eins og nú með sína aðalskrifstofu fyrir norðan, að hann gæti litið í kringum sig víðar og kannske þar, sem honum ekki bæri síður skylda til að gera, en hann á sæti í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og þar er beinlínis lögboðið skv. 4. gr. l., að ekki einasta skuli verksmiðjustjórn síldarverksmiðjanna sitja á Siglufirði árlangt, heldur allir stjórnarnefndarmeðlimir S.R., meðan verksmiðjurnar eru í rekstri. Nú er það þannig, að tveir eru framkvæmdastjórar Síldarverksmiðja ríkisins. Þeir eru báðir fluttir suður fyrir nokkru, og á Siglufirði stendur stórt og mikið hús, sem annar þessara framkvæmdastjóra bjó í, og það stendur autt mikinn hluta ársins. Ég hygg, að jafnvel þó að samþ. yrði í þessum l. um síldarútvegsnefnd, að aðalskrifstofan skyldi verða á Siglufirði, þá yrði það álíka dauður bókstafur og tilvitnuð 4. gr. l. um Síldarverksmiðjur ríkisins, og eigum við, hv. alþm., að leggja okkur sérstaklega í það að samþykkja lög, sem við vitum, að verður ekkert sérstaklega farið eftir, eins og vinur minn, hv. þm. Norðurl. v., sagði raunar hér í gær, ef ég man rétt — eða fyrradag. Eigum við nokkuð að vera að gera svoleiðis? Ég held ekki. En að endingu þetta: Sem gamall Siglfirðingur vil ég ennþá vara hv. þm. Norðurl. v. við því að ganga svo langt í þessu máli, að það geti leitt til stór-óhappa fyrir Siglufjörð. Hér talaði maður á undan mér, hv. þm. Sverrir Júlíusson, og í hans ræðu komu fram ýmsar upplýsingar, sem ég hygg að menn skilji, hvað mundi þýða fyrir Siglfirðinga, ef framkvæmdar yrðu.

Frsm. minni hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hélt að hv. 4. þm. Austf. ætlaði nú að tala, en hann hefur víst hætt við það. Þeir hafa nú ekki alveg einkarétt, þessir hérna úr stjórn síldarútvegsnefndar, á að tala.

Það er ýmislegt hjákátlegt, sem hefur komið hér fram, t. d. eins og að það sé eitthvað hliðstætt að hafa aðalskrifstofuna á Siglufirði og að borgarstjórnin í Reykjavík byggi austur á Loðmundarfirði. Hann er nú bara í eyði, en ég hélt, að það væri söltuð síld á Siglufirði og hann væri ekki í eyði, og

hvort er söltuð meiri síld á Siglufirði eða í Reykjavík að sumrinu? Ætli að það sé ekki fyrir norðan? Þegar menn fara að nota svona öfgar í staðinn fyrir rök, þá sér maður, að málstaðurinn er nú ákaflega hæpinn. Eins og ég tók hér fram, þegar ég talaði fyrir hönd minni hl. n., þá er þetta ekkert stórmál og alveg furðulegt, hvernig mennirnir geta blásið sig út af jafnmiklum smámunum og þetta er. Og hann sat nú yfir mér, þessi maður — formaður n., sem var vitnað til í dag, og var að reyna að sannfæra mig um, að þeir mundu stofna sérfélag — jú, jú, ef þetta væri nú ekki alveg orðalagið, sem þeim þóknaðist. Já, það veltir lítil þúfa þungu hlassi þar, en það endaði nú með því, að ég sýndi honum fram á það, að það skipti ósköp litlu, þeir hefðu þetta eftir sínu höfði og mundu líklega gera það áfram eins og hingað til.

Hv. 2. þm. Reykn. sannaði það ósköp vel, að þeir eru ekkert mjög löghlýðnir þarna í síldarverksmiðjustjórninni. En það er einmitt þetta, sem er að gerast. Þessir herrar, sem eru í stjórn síldarverksmiðjanna, eða framkvæmdastjórar, þeir eru fluttir suður, og þeir eru búnir að tapa útgjöldunum af þeim, Siglfirðingar. Þeim finnst straumurinn liggja frá sér og þetta eru sálræn áhrif. Reykjavík hefur bara alveg nóg, og þetta er bara að stela lambi fátæka mannsins og ekkert annað. Það er hér fullt af vænum dilkum, en þeir eiga bara þetta eina lamb, Siglfirðingar, sem hefur verið þeirra stolt og þeirra metnaður. (Gripið fram í.) Á ekki að taka það? Hvað eruð þið þá að burðast við, ef þið ætlið ekki að taka það? Þú varst síðast að segja, að það ætti að flytja þessar tvær hræður, sem eftir væru og borguðu einhver útsvör fyrir norðan, hingað suður. Það væri meiningin með þessu. Það er þetta, sem Siglfirðingar vita.

Hv. 4. þm. Austf. er að flissa og gera að gamni sínu og það er nú af því, að þeir hafa saltað dálítið mikið fyrir austan núna — þá á að flytja allt austur. Og ef það hættir að veiðast fyrir austan, á þá að flytja allt vestur? Og svo er það bezta: þegar ekkert veiðist hér af síld fyrir Suðvesturlandi til að salta, þá vilja þeir samt hafa mennina og skrifstofurnar hér. Annars eru það engar fyrirmyndarskrifstofur hér í Reykjavík að sumrinu. Það er varla mögulegt að ná í mann á þeim. Þeir eru að sóla sig úti um helgarnar í sumarbústöðum eða á flækingi með konu og börn úti um alla landsbyggð. Því geta þeir þá ekki verið úti á landsbyggðinni að sumrinu? Þetta er alveg ámóta, öfgarnar hjá einum og svo staðhæfingarnar hjá öðrum: það á nú að flytja tvo menn suður, og svo austfirzkan hjá þeim þriðja, af því að það veiðist síld hjá þeim þarna í bili.

Það væri rétt, að ég leiðrétti ræðumann, sem talaði hér áðan, ég nennti nú ekki upp þá. Hann sagði, að ég væri í einhverjum kröggum út af óhappi með bátinn og að tryggingarnar mundu ekki borga. Ég er nú ekki sá auli í viðskiptum. Auðvitað læt ég Sjóvá semja við stöðina. Hún borgar allt og ég kem þar hvergi nærri, svo að það hefur nú engin áhrif á mig, viðvíkjandi þessum tryggingargjöldum, sem hann var að tala um. Af því að ég veit, hvað maðurinn er sannorður — hann gerði þetta af þekkingarleysi — þá vildi ég, að þið stæðuð í þeirri meiningu, að það félli enginn blettur á sannleiksást hans með þessu. Þetta hefur bara verið óviljandi hjá hv. 4. þm. Austf.

Já, þeir eru ekki alltaf á skrifstofunni hérna. Það skaut hér einn fram í, að það væru víst ekki margir fundir, sem þeir hefðu haldið fyrir norðan í síldarútvegsnefnd undanfarið. Það var einn, sem var að tala fyrir málinu. Ætli það geti ekki orðið áfram, hvar sem „aðal" stendur, hvort það stendur hér eða þar, fundirnir yrðu þar, sem þeim hentaði bezt, þar sem þeir eru. Og þá er nú vissara með fiskinn að grípa hann nógu fljótt. Þeir eru líklegir til að grípa hann, þegar þeir eru að flækjast, vinna fáa tíma í viku. Þeir grípa hann líklega anzi fljótt, framkvæmdastjóragarparnir í Reykjavík, eða stjórnin þá. Það má nærri geta, hvort hann verður þá ekki alltaf á skrifstofunni. Annars er það einn háborinn ósiður, þegar menn geta ekki bjálfast til þess að vera þar, sem þeir eiga að vinna, hafa einhverja fína herra, sem hvergi þykjast geta verið nema í höfuðstaðnum, og láta svo hina vera að vinna einhvers staðar, allt eftirlitslaust, og svo gengur allt í slóðaskap og drabbi. Húsbóndinn á að vera á heimilinu og hugsa um sín verk. Hann er ekkert of góður til þess, og ef hann getur ekki gert það, þá hefur hann heldur ekkert með það að gera að vera og heita húsbóndi.

Já, það var verið að tala um að setja skrifstofuna upp á Egilsstöðum. Ég held, að það hafi verið form. ASÍ, sem fann það upp. Annaðhvort á Seyðisfirði eða Egilsstöðum. Jú, þeir væru fljótir að hrifsa silfurfiskinn þar, ef þeir væru uppi á Egilsstöðum. Ég ætlaði ekki að tefja tímann allt of mikið, en þetta er, eins og ég sagði metnaðarmál. Og það er ekkert annað, sem Siglfirðingar fara fram á, en að þið vilduð ekki vera að taka fleiri af þessum mönnum, sem hafa dálítil laun, eiginlega hálfgert af opinberu fé, og flytja þá hér suður, þar sem allt er fullt af launamönnum, þar sem svo að segja öll þjónusta fyrir ríkið fer fram og Reykjavík er auðvitað byggð að mestu leyti á. Það er Reykjavík, sem lifir á að starfa fyrir landsbyggðina. Það fer eiginlega ekkert í gegn, hvorki það, sem fólkið kaupir eða selur, án þess að það sé skattlagt af höfuðborginni. Svo á að flytja þessa launamenn, þessa yfirmenn líka suður og hafa bara þjónana, sem eru í vinnufötum, úti í byggðunum. Þeir þykjast of fínir til að vera þar sjálfir. Það er nú þetta, sem er að gerast. Það er þetta, sem er að verða alveg afskaplegt í okkar þjóðfélagi, að allir, sem geta eiginlega náð landsprófi, þeir bjálfast hingað suður og reyna að verða stúdentar. Svo verða þeir lögfræðingar, eða óbreyttir rukkarar réttara sagt, og hanga hér, og eftir er skilið fólk, sem ekki nær í stúdentshúfuna. Það er þetta manndómsleysi, að ef menn geta

eitthvað lært, þá þykjast þeir vera of fínir til að vinna. Það er þetta, sem er að verða stórhættulegt í þjóðfélaginu, að menn, sem eru vel gefnir, þeir eru að reyna að sitja svona 10—12 ár á skóla, flytja svo hingað suður og fá verkefni, sem ekki eru við þeirra hæfi og gerir þá að litlum körlum. Svo hverfa þeir bara í fjöldann og úrkynjast. Það getur enginn verið kóngur nema hafa þegna. Og það þarf hver byggð að hafa sinn höfðingja. Það er ekki sama, hvernig hann er. Og það er miklu meira stolt fyrir þessa menn, sem eru búnir að fá góða menntun, að fara og verða framtaksmenn og héraðshöfðingjar úti á landsbyggðinni heldur en að hlaupa hér um á milli fátækra manna, rukka þá og taka svo um 20% fyrir að innheimta féð. Þeir yrðu að meiri mönnum og þeirra börn á þann hátt. Að maður tali ekki um þá fínu menn, læknana, sem hvergi geta verið nema hér og selja manni recept upp á pillur, sem verða þeim held ég að litlu gagni. Nei, það er nefnilega þessi ómennska, þessi bjálfaháttur að vera svo að segja hræddur við að koma út í golu. En það er bara þetta, sem er að gerast og sem borgarstjórinn hérna í Reykjavík skilur og þess vegna stendur hann með okkur í þessu máli, að Siglfirðingar eiga aðeins eitt lamb, og það er þetta stolt, sem þeir eiga, þessi síld Og þá langar þessa herra, sem hér eru komnir, þá langar til þess að stela þessu lambi, ná í það. Hér er svo þægilegt að koma saman og halda fundi, en þeir halda nú bara fundina eftir sem áður, en ef þeir vildu bara lofa þessum tveimur mönnum að vera kyrrum, fyrst síldarverksmiðjustjórnin er öll orðin svona fín og stór og framkvæmdastjórarnir líka, að þeir geta hvergi verið nema hér, ef þeir vildu bara leyfa þeim að hafa þetta, þeim þarna fyrir norðan, þeir eru ekki svo ríkir. Þeir hafa þó unnið síldariðnaðinn upp hér á landi í byrjun. Svo hvarf þetta til Austfjarða og þá hætti nú vinur minn, hv. 4. þm. Austf., að skilja smábátaútveginn, meðan síldin var þarna, fiskibátana og svoleiðis, þá miðaðist nú allt við síldina. En svo gæti nú skeð, að það lækkaði á þeim risið, ef síldin hyrfi kannske eitthvað annað og kæmi þá kannske meira til Siglufjarðar eða verðið yrði svo lágt eða lítill afli, að það yrði ekkert á henni að græða og þeir þyrftu að fara að lifa á þorskinum, eins og þeir gerðu og þá færu þeir kannske að skilja fátæktina. — En þetta er það, sem Siglfirðingar biðja um. Ég bý uppi í sveit og þetta snertir mig ekkert persónulega. En ég skil bara þeirra hugsunarhátt og tilfinningar, þeir biðja bara um að fá að halda því, sem þeir hafa. Ekkert að reyna að taka neitt frá öðrum. Þetta er sálrænt tilfinningamál, en ekki það, að þetta séu neinar óskapa fjárhæðir, og það er raunverulega réttilega tekið fram hjá þeim mönnum, sem hafa talað á móti þessu, að þetta er svo ósköp auvirðilegt og lítið. En ef það er auvirðilegt og lítið fyrir Siglfirðinga, ætli það sé þá ekki auvirðilegt og lítið fyrir þessa háu herra sjálfa og allar þær stofnanir og ráð og nefndir og þjónustu, sem hér fer fram? Það er nefnilega eins og með ríka manninn; hann skilur ekkert í því, að fátæka manninn muni um það eina lamb, sem hann á. Hann á sjálfur mörg lömb, en hann verður endilega að taka þetta lamb.

ATKVGR.

Brtt. 665 felld með 19:13 atkv.

Frv. samþ. með 20:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 700).

Önnur mál.

I. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 53. fundi í Sþ., 17. apríl, voru teknar á dagskrá: **Almennar stjórnmálaumræður** (útvarpsumr.).

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Sá eldhúsdagur, sem nú er að hefjast hér á Alþ., mun verða hinn síðasti sinnar tegundar í bráð og lengd, ef að líkum lætur. Það er sem sagt komið frv. til l. um breytingu á þingsköpum, þar sem gert er ráð fyrir, að eldhúsið eða eldhúsdagurinn í sínu forna formi hverfi úr sögunni. Að því frv. standa aðilar úr öllum þingflokkum, svo líklegt er, að það verði lögtekið áður en kemur að eldhúsdegi öðru sinni.

Breyttum tímum hæfa breyttir siðir, og er ekki um slíkt að fást, en þegar hugleiddur er tilgangur þessarar gömlu hefðar, þar sem stjórnarandstöðunni er ætlað að róta dálítið til í þeim skarnhaugum, sem saman kunna að hafa safnazt kringum stjórnarvöld landsins, en stjórninni að skýra sitt mál og gefa þjóðinni þannig kost á því, eitt sinn á hverju þ., að meta, hvort hún eigi hreinláta og hirðusama stjórn eða ekki, hvort mögulelkar þjóðarinnar til framfara og aukinnar hagsældar hafi verið vel eða illa nýttir, hvort þjóðin hafi verið skattlögð í hófi eða óhófi, og hvort ráðdeild eða bruðlunarsemi hafi ríkt í meðferð opinbers fjár, svo eitthvað sé tilnefnt af hinum algengustu verkefnum eldhúsdagsins, finnst mér raunar, að þetta sé sízt óþarfara viðfangsefni en margt annað, sem fyrir þ. er lagt, en á hinum hinzta eldhúsdegi, vildi ég þá mega gera þessar athugasemdir við stjórnarfarið í landinu. Ríkisstjórnin okkar er gömul stjórn, og hefur setið lengur en nokkur önnur stjórn lýðveldisins og hið sama mætti segja, þó leitað væri lengra aftur í söguna. Hún hefur því ekki þá afsökun fyrir því, sem sleifarlag er á hjá henni, að það sé einhverjum öðrum stjórnum að kenna. Hún hefur haft ærinn tíma til að umbreyta allri þeirri löggjöf og framkvæmdaháttum, sem hún vildi hafa á annan veg. Samt sem áður bregður hún því fyrir sig öðru hverju enn þá, að kenna fyrri stjórnum, einkum vinstri stjórninni, um bæði eitt og annað, sem hún þá í svipinn hefur ekki aðra afsökun tiltæka fyrir. Og það er raunar sérstakrar athygli vert, að Alþfl.-menn eru ekki síður en sjálfstæðismenn iðnir við að kenna þeirri stjórn um margs konar yfirsjónir, og hafa sjáanlega gleymt því, að sjálfir áttu þeir sæti í henni, og bera því að sjálfsögðu sinn hluta þeirrar ábyrgðar, sem á þeirri stjórn hvílir, og þá væri nú raunar vel, ef ekki hefðu þeir aðrar þyngri byrðar að bera.

Það er í sjálfu sér heldur ekki svo skrýtið, þótt þeim Alþfl.-mönnum sé nú farið að daprast minni frá þeim tíma, það fyrnist svo margt á heilum áratug, hitt var miklum mun einkennilegra, að oftsinnis, meðan sú stjórn starfaði, mundu þeir kratar ekki, hvaða málaflokkum þeir stjórnuðu, og hrakyrtu samstarfsmenn sína fyrir vanrækslu í framkvæmdum varðandi þá málaflokka, sem þeir sjálfir áttu að stýra. En víkjum að núverandi stjórn.

Við upphaf sitt gaf hún út heilmikla stefnuskrá. Stefnuskrána kallaði hún ýmist viðreisn eða frelsi, falleg og ágæt nöfn, sem reyndust henni allgóður atkvæðasegull í þrennum kosningum, en eftir lífsreynslu hinna síðustu mánaða eru þau orð reyndar svo hart leikin, að það verður varla brosað að þeim lengur, heldur verka þau nú nánast eins og minnismerki drukknaðra og hrapaðra. Viðreisnin átti sem sagt að jafna við jörðu allar uppbætur, niðurgreiðslur og styrki úr ríkissjóði, en á hinum næstsíðustu fjárl. voru einmitt þær greiðslur búnar að drekkja stjórninni svo rækilega, að þær voru u.þ.b. 50% hærri en heildarupphæð fjárl. til allra þarfa ríkissjóðs næst áður en stjórnin settist á valdastóla. Hér verð ég að skjóta inn afsökunarbeiðni til hlustenda og þingheims fyrir það, að ég skuli ekki vitna í nýjustu fjárl., heldur þau næstsíðustu, en þannig stendur á, að núgildandi fjárl. eða þau fjárl., sem nú ættu að gilda og stíluð eru upp á yfirstandandi ár, eru nú fjögurra mánaða gömul, og að meðaltali hefur stjórnin rist þau upp að endilöngu og þvert yfir einu sinni í mánuði, svo að nú verður vart sagt, að þar standi lengur steinn yfir steini.

Fyrsta uppristan var vegna breytinga á tollskrá, sem talið var, að ætti að spara þjóðinni 160 millj. kr. í tollgreiðslu, en fjárl. voru reyndar upphaflega samþykkt á þeirri forsendu, að lækka mætti tollana um 270 millj., án þess að ríkissjóður skaðaðist, þar eð gengisfellingin á síðasta hluta s.l. árs hækkaði verð hinnar innfluttu vöru svo mikið, að tollaf-

sláttur í hundraðshlutum gæti lækkað, er næmi þeirri tölu, ríkissjóði að skaðlausu.

Önnur uppristan var vegna samninga ríkisstj. um 320 millj. kr. bætur til hraðfrystihúsanna og annarra útgerðaraðila.

Hin þriðja var svo sparnaður á gjaldabálki fjárl. vegna þessara greiðslna. En sparnaðarupphæðina verð ég að leiða hjá mér að nefna, enda kemur mönnum illa saman um, hver hún muni vera, og allra sízt vita menn, hver hún muni verða á þessu yfirstandandi ári.

Fjórða stórristan snertir svo meira dótturfyrirtæki ríkissjóðs, sem Vegasjóður nefnist, heldur en ríkissjóð sjálfan, það er ný skattheimta af benzíni, hjólbörðum og þungagjaldi af bílum, samtals áætlað upp á 160 millj. kr. á einu ári.

En þó þetta sé nú allt lögtekið, þá er sagan ekki öll þar með sögð. T.d. er væntanlegur, áður en þessi vika er liðin á enda, nýr eða hækkaður útflutningstollur á fiskafurðum upp á 42 millj. kr., og er það margra uggur, að sá tollur eigi fljótlega eftir að birtast á reikningi til ríkissjóðs. En þótt dálítið togni á skýringarinnskotinu mínu um það, hvers vegna fjárl. ársins 1968 eru ekki lengur takandi alvarlega, þá skal hinu djásni stjórnarinnar, frelsinu, ekki gleymt. Frelsið var aðallega ætlað kaupmönnum. Nánar tiltekið vöruinnflytjendum. Áður hafði verið reynt að láta innflutningsverzlunina stuðla að sem hagkvæmustum mörkuðum fyrir útflutning okkar, en doktorarnir í stjórninni og til hliðar við hana fundu það út, að slíkt væri hið mesta glapræði. Nú skyldi hver sem var fá að kaupa hvað sem var, hvar sem hann vildi. Og á því verði, sem honum sýndist, og án alls tillits til þess, hver áhrif þetta hefði á atvinnumál á Íslandi eða markaði fyrir íslenzka framleiðsluvöru. Síðan skyldi frjálst að verðleggja varninginn og selja hérlandsmönnum, svo sem hver og einn vildi og gat. Allt þetta er í sjálfu sér bæði göfugt og gott, en því miður hefur það reynzt draga á eftir sér ýmsa fylgikvilla, svo að stjórnin er farin að gefa út blá bönn við sínu eigin frelsi og úfar hafa risið vegna annarra frelsiskvilla, sem enn hafa þó ekki fengið neina sérstaka aðgerð. Þannig vita menn það nú, að samkvæmt frelsinu galt stjórnin á sínum tíma samþykki sitt við því, að reist yrði ný og vegleg umbúðaverksmiðja, til að frystum fiski verði vel og rækilega innpakkað, áður en hann leggur á úthöfin á leið til neytenda sinna, og auðvitað var ekkert frelsi í því að setja það fyrir sig, þótt áður hefði verið byggð sams konar kassagerð í landinu, sem annað gat þessum verkefnum léttilega. Nei, tvær skyldu verksmiðjurnar vera fyrst einhverjir óskuðu eftir því, og ekki var í það að horfa, þótt þær kostuðu hvor um sig allmarga milljónatugi í erlendum gjaldeyri, við áttum gjaldeyrisvarasjóð.

Svo liðu fram tímar, og báðar umbúðaverksmiðjurnar störfuðu, þótt verkefni þeirra beggja væru raunar heldur smá miðað við afkastagetuna, en samkvæmt frelsinu hafa þeir, sem byggt hafa verksmiðju, enga skyldu til þess að reka verksmiðjuna sína fremur en þeir vilja. Hví skyldu þeir ekki eins bregða sér í innflutningsverzlun? Það var einmitt það, sem nýja verksmiðjan gerði. Það varð að vísu dálítill hópur af því fólki, sem áður hafði unnið við umbúðaverksmiðjuna, atvinnulaus. Og hvers vegna skyldu menn líka ekki hafa rétt til þess að vera atvinnulausir, þegar frelsið er óskorað? En það er nú einmitt einn af fylgikvillum þessa frelsis, að atvinnulausir menn eru stundum talsvert verri gjaldþegnar en hinir, sem atvinnu hafa, og þess vegna æsti ríkisstj. sig upp í það, einn daginn nú fyrir skömmu, að afnema innflutningsfrelsi á pappírsumbúðum, svo nú verður að sækja um leyfi stjórnvaldanna fyrir þeim varningi, ef menn vilja kaupa hann frá útlöndum. Innflutningsleyfi samkvæmt umsókn. Þetta er alveg eins og í gamla daga, en þá voru svona ráðstafanir kallaðar innflutningshöft. Og þannig hefur stjórnin okkar hrapað frá frelsinu niður í höftin, því miður.

En hér syrtir ekki aðeins í álinn vegna innflutningshafta á pappírsumbúðum. Það er engu líkara en frekari frelsisskerðingar geti orðið þá og þegar. Á snærum ríkissjóðs eru um þessar mundir, auk annars, á döfinni tvær stórbyggingar, önnur fyrir símann, en hin fyrir tollinn, báðar í Reykjavík. Í stjórnarblöðunum má nú upp á hvern dag sjá skútyrði og karp vegna þess, að fjmrh. og landbrh. hæstv., en þeir eru æðstu ráðamenn, hvor fyrir sinni byggingunni, reynast hafa kosið að taka tilboðum erlendra fyrirtækja í verk þessi eða verkhluta, þótt innlend tilboð væru hagkvæmari og slangur íslenzkra manna atvinnulaus. Þannig virðist það orka tvímælis, í sjálfum stjórnarherbúðunum, að vert sé að nota frelsið að nokkru ráði umfram það, sem gert hefur verið.

Eitt dæmið enn úr sögu frelsisins. Lengi höfum við selt Pólverjum og Tékkum frysta síld, einkum Suðurlandssíld, á vöruskiptagrundvelli. Eftir kröfu hinna æðstu manna í viðskiptalífinu hér heima var þess óskað af þessum kaupendum, að þeir greiddu síldina í hörðum gjaldeyri, og léðu þeir nokkurs fangs á því. Þessi viðskipti voru komin upp í 7—8 þús. tonn á ári og þótti verðið með því hagstæðasta, sem við áttum völ á nokkurs staðar fyrir okkar sjávarafurðir. En við það, að vöruskiptaverzluninni var í raun réttri hafnað, svo að innflytjendur gætu valið sér annað innkaupasvæði en vöruskiptaverzlunin gaf tilefni til, datt sala okkar á þessari vöru niður í 1 þús. tonn á ári, og í verstöðvum sunnanlands var nú slegið slagbrandi fyrir þær dyr, þar sem þessi síld var áður fryst inni fyrir. En Norðmenn sitja nú að þeim markaði, sem við áttum þarna áður. Ég veit ekki, hvað stór hluti af þeim 320 millj., sem ég áðan nefndi og ríkisstj. hefur samið við frystihúsin um að greiða þeim í auknar uppbætur, er til kominn vegna þessarar breytingar á okkar viðskiptaháttum, en sá hluti er ábyggilega töluverður. Festuna og ráðdeildina í stjórnarfarinu má bezt marka á því, að á síðasta hausti, í nóvembermánuði, var öllum gjaldeyrisbönkum lokað um langt skeið, vegna þess að svo nákvæm-

lega þurfti að reikna út, af þar til settum sérfræðingum ríkisstj., hve mikið þyrfti að verðfella krónuna okkar gagnvart erlendri mynt, til þess að viðhalda og efla blóma atvinnulífsins, sem stjórnin predikaði allt fram á hið síðasta misseri, að væri þar ríkjandi, svo væri snilld stjórnarstefnunnar fyrir að þakka.

Þegar ákvörðunin um gengisfellinguna svo loks kom, reiknuð og rökstudd af doktorum innan og utan stjórnarinnar, því aldrei vantar það í stjórnarathafnirnar, að allt kuklið og fálmið er framreitt undir vísindalegu yfirskini, þá var blómi útvegsins t.d. metinn slíkur, að sá atvinnuvegur einn var talinn aflögufær um 400 millj. kr. Þess vegna var hinn svonefndi gengishagnaður sem þeirri upphæð nam, en það er mismunurinn á þeirri smákrónutölu, sem fyrir birgðir og framleiðslu hinna síðustu mánaða ársins '67 var talinn mundu fást, miðað við, að þessar vörur hefðu verið seldar fyrir færri en verðmeiri krónur, sem áður giltu. Þessi gengishagnaður var upptækur ger og honum ráðstafað til að leysa út ýmsar skuldbindingar, sem ríkissjóður hafði á sig tekið, en dregið greiðslur á. Einhver gerðarlegasti bitinn í því sukki öllu voru ógreidd iðgjöld af tryggingum fiskiskipa, en til þeirra áttu að renna eitthvað 60—70 millj. kr. Fyrir þá, sem ekki eru gjörkunnugir hinum hagspekilegu völundarhúsum stjórnarinnar, er vert að geta þess, að stjórnin hefur tekið að sér að greiða öll tryggingariðgjöld bátaflotans, en virðist engar ráðstafanir gera til þess að samræma, til hvers tryggingarnar ná, eða takmarka þær á nokkurn hátt. Þannig er bæði bátur og vél tryggt í sumum tilvikum, en aðeins bátsskrokkurinn í öðru. Iðgjöld beggja eru hins vegar greidd úr opinberum sjóði, og til þess að standa straum af þeim greiðslum er lagt svonefnt útflutningsgjald á fiskafurðir. Jafnt á framleiðsluvörur hinna fulltryggðu sem hinna hálftryggðu. Þetta útflutningsgjald er svo auðvitað tekið með í dæmið, þegar reiknað er út og ákveðið fiskverð til sjómanna og útgerðar, en það þýðir aftur það, að hlutarráðnir sjómenn gjalda að sínu leyti vátryggingar bátanna. Við þetta bætist svo enn, að hið opinbera virðist harla litla hönd hafa í bagga um það, hvað vátryggingarsjóðirnir bæta. Þeir munu hins vegar öðru hverju sýna stjórnarvöldunum hinar ferlegustu skrár yfir meiri og ægilegri tjónabætur en þekktar eru annars staðar frá af jarðarkúlunni auðvitað sem sönnunargögn fyrir því, að iðgjöldin þurfi að hækka. Og svo eru iðgjöldin einfaldlega hækkuð og munu nú vera meira en tvöföld við það, sem hæst er vitað um í öðrum löndum. En þá mætti spyrja: Eru sjótjón og skaðar raunverulega svona miklum mun meiri hér en annars staðar? Nei, því heldur víst enginn fram. Hitt er aftur á móti vitað, að verulegur hluti af almennum viðhalds- og endurbótakostnaði er hér greiddur sem tjónabætur, og eru hlutarráðnir sjómenn þannig látnir borga bróðurpartinn af þessum kostnaðarliðum einnig. En auk þess liggur það í hlutarins eðli, að árvekni til að forða tjónum fer stöðugt dvínandi, þar sem útgerð hvers einstaks skips er það óviðkomandi að mestu, hvort einhver skakkaföll kunna að verða á skipinu, og stundum getur það meira að segja verið til hagræðis, ef skipið hefur takmörkuð verkefni um stundarsakir, en eitthvað þarf að lagfæra, að tjón eigi sér einmitt stað.

En þrátt fyrir hæstu útflutningsgjöld, sem þekkt eru á byggðu bóli og sem enn fara hækkandi, svo að síldarútvegsn. hefur t.d. reiknað út, að eftir það sem nú er í uppsiglingu muni útflutningsgjaldið nema 140 kr. af hverri síldartunnu, svo dæmi sé tekið þar, liggur það fyrir sem staðreynd, að hið opinbera hefur tapað 100 millj. kr. um það bil, hvort hinna tveggja síðustu ára, á því að innheimta þessi margumtöluðu útflutningsgjöld og greiða vátryggingariðgjöldin, og enn sér þess engin merki, að þessi óreiða muni ekki halda áfram að leggjast á bök skattborgaranna sem árlegur 100 millj. kr. baggi ofan á allt annað, sem þar er fyrir. Svo má heita, að ríkisstj. sé búin að venja flesta þá, sem utan hennar raða standa, af því að ráðleggja henni eitt eða neitt eða a.m.k. væri full ástæða til þess að svo væri, því að hún hefur til þessa ekki talið sér ráðafátt í neinu. En af barnaskap mínum dettur mér í hug að spyrja: Væri það óeðlilegt, að sá aðilinn, sem borgar öll iðgjöldin af tryggingum bátaflotans, annaðist líka bótagreiðslurnar og samræmdi reglurnar um þær? Kæmi ekki til mála, að við þær aðstæður, sem hér hefur verið lýst, komi ríkið upp sínu eigin tryggingafyrirtæki? Það er alkunnug staðreynd, að flest þau tryggingafélög, sem einhverjar teljandi tryggingar hafa haft hér á landi á undanförnum árum, hafa borið nokkuð úr býtum fyrir sinn snúð, og sum þeirra hafa hreinlega orðið það fjársterk, að þau hafa tekið að reka útlánastarfsemi í auknum mæli, eftir því sem um þrengdist á því sviði hjá bönkunum.

Fyrir skömmu var hér starfandi heldur blómleg stofnun, sem heitir Húsnæðismálastofnun ríkisins. Hún lánaði almennum húsbyggjendum fé til íbúðabygginga úr Byggingarsjóði ríkisins, nokkurn veginn jafnóðum og þeir uppfylltu þau skilyrði, sem af stofnuninni voru sett fyrir lánveitingunum. Gagnvart almennum húsbyggjanda hefur því miður hlaupið alvarleg snurða á þráðinn, að því er varðar þjónustu þessarar stofnunar, einkum og sér í lagi bitnar fjárskortur hennar á byggðarlögunum utan höfuðborgarsvæðisins. Nú afgreiðir húsnæðismálastjórn ekki lengur lánsumsóknir jafnóðum, til þess skortir hana fé. Ástæðan fyrir því, að svona er komið, er ekki fyrst og fremst sú, að tekjustofnar Byggingarsjóðs hafi brugðizt, heldur hitt, að til lausnar á verkfalli hét ríkisstj. sérstakri fyrirgreiðslu um húsbyggingar í Reykjavík. Þetta efndi hún svo með þeim hætti, að hún lét húsnæðismálastjórnina borga til húsanna í Breiðholtshverfinu í Reykjavík meira fé og örar en reglur húsnæðismálastjórnar ákváðu eða þoldu, og því er það kerfi nú lamað gagnvart landsbyggðinni og einnig gagnvart þeim Reykjavíkurbúum, sem ekki eiga hlut að byggingunum í Breiðholtshverfi. Þótt allt sé

gott um það að segja, að reynt sé að koma upp myndarlegu íbúðarhverfi með nýjungum í byggingartækni, var hér af stjórnarinnar hálfu í fjármálum farið að með sviksamlegum hætti gagnvart öllu því fólki, sem var að byggja og undirbúa byggingar sínar í trausti þess, að það yrði látið njóta lánveitingaákvæðanna í l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, en er nú strand með framkvæmdir, vegna þess að ríkisstj. hefur skrifað öðrum aðilum forgangsávísanir á þennan almenna sjóð og brotið þannig lög hans og reglur um útlán. En þótt stjórnin hafi hér haft í frammi furðulega rangsleitni, a. m. k. gagnvart öllum byggðum utan Reykjavíkursvæðisins og hið þokukennda málæði, sem af hennar hálfu er nú stundum haft uppi um það, að í athugun sé, hvort ekki muni hægt einhvern tíma í blámóðu framtíðarinnar að koma á hliðstæðum byggingaráætlunum víða um land, réttlætir það ekki það brot, sem hér hefur verið framið. En það eru þó fleiri en stjórnin ein, sem hér bera ábyrgð. Í gær tók allt stjórnarliðið í Ed. Alþ. á sig sök með stjórninni sinni með því að fella þær till. mínar, sem koma áttu í veg fyrir, að þau bolabrögð stjórnarinnar gætu endurtekið sig að ávísa byggingarfjármagninu, sem ætlað var þegnum landsins án tillits til þess, hvar þeir búa, til framkvæmda í Reykjavík með forgangi og aukafríðindum, þannig að húsbyggjendur í öðrum byggðarlögum sitji á hakanum. Umrædd till. er þannig, og átti að fellast inn í útlánareglur húsnæðismálastjórnar: „Nú hlutast ríkisstj. til um, að hærri lán séu veitt til einhverra bygginga en almennar reglur Húsnæðismálastofnunarinnar mæla fyrir um eða greiðslur verði örari en almennt tíðkast hjá stofnuninni, og skal þá óheimilt að láta hin auknu útlán, er þannig skapast, bitna á almennu útlánastarfseminni, heldur skal ríkisstj. þá skylt að útvega Byggingarsjóði aukið fjármagn, sem útlánsaukningunni nemur.“

Till. var sem sagt felld af öllum stjórnarliðum og skildi þar ekkert á milli þeirra stjórnarliða, sem vera eiga fulltrúar fyrir landsbyggðina, og hinna, sem til þess eru kjörnir að þjóna málefnum höfuðborgarinnar.

Hér er þó ekki einungis mismunað um fyrirgreiðslu af ríkisins hálfu til húsbyggjenda, heldur er þá sögu einnig og ekki síður að segja um margháttaðar framkvæmdir aðrar. Tökum t. d. með hverjum hætti ríkið styður tvær tilteknar framleiðslustöðvar. Annars vegar er sá gamli fiskframleiðslubær, Vestmannaeyjar, sem oft hefur lagt þjóðarbúinu til um 1/10 hluta af útflutningsframleiðslunni, þótt íbúarnir séu þar aðeins 2½% landsmanna. Þessi bær stendur nú frammi fyrir því vandamáli að verða óhjákvæmilega að koma sér upp vatnsveitu ofan af landi, ef byggðin og framleiðslan á ekki að þola hnekk. Vatnsveitan er talin munu kosta um 130 millj. kr. Á þessu ári ráðgerir ríkisstj. samkv. framkvæmdaáætlun sinni að styðja þessa framkvæmd með 2.7 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði. En hér er líka bara um gamlan innlendan atvinnuveg að ræða, sem margsinnis er yfirlýst af stjórninni, að ekki geti dugað til þess að sjá þjóðinni fyrir nauðþurftum sínum. Hins vegar er uppbygging nýs atvinnureksturs við Mývatn, Kísilgúrverksmiðjan trúi ég, að það fyrirtæki kallist. Þar kveður við annan tón um fyrirgreiðslu af ríkisstj. hálfu. Lögum landsins hefur verið umturnað til hægðarauka fyrir þennan atvinnurekanda, og honum standa allar dyr opnar af stjórnarvaldanna hálfu til hagræðis eftir þörfum. Síðast setti stjórnin Íslandsmet í þjónustulipurð sinni við Mansville-auðhringinn með því að leggja á ríkisins reikning nýjan hlemmiveg frá fyrirtækinu niður til strandar, svo til við hliðina á gamla veginum, sem alltaf þótti fullgóður fyrir Íslendinga og þeir eiga raunar að nota enn. Kísilgúrvegurinn kostaði 50 millj. takk, og ríkissjóður borgaði á stundinni. Og hin eina ríkishitaveita á Íslandi var umsvifalaust lögð inn í starfsmannahúsin þar, og milljónirnar, sem til þess fóru, voru hvergi eftir taldar, þótt fiskikörlunum í Vestmannaeyjum væri á sama tíma synjað um nothæft neyzluvatn. En þótt ríkisstj. meti þá aðila, sem þarna eiga í hlut, með svona ólíkum hætti, er enn með öllu óséð, að framleiðsla kísilgúrverksmiðjunnar muni duga þjóðinni betur til hagsældar og bjargálna en fiskurinn, sem dreginn er á land í Eyjum.

Hér verður að láta staðar numið um einstök dæmi, enda hygg ég, að þau, sem talin hafa verið, séu ærin nóg til þess að sýna fram á, að betra, öruggara og réttlátara mætti stjórnarfarið vera, að ekki sé meira sagt. Stjórnin hefur gefizt upp við öll sín upphaflegu stefnumál. Henni hefur ekki tekizt að gera þjóðarbúskapinn óháðari gömlu, íslenzku atvinnuvegunum en hann áður var, og öll viðleitni hennar til þess að láta erlenda auðhringa leysa þá af hólmi er meira en vafasöm. Um þessar mundir hrekst stjórnin undan öllum vandamálum með algerðum kákráðstöfunum, sem allir vita, bæði hún og aðrir, að eru einskis nýtar til frambúðar. Og hún er orðin ber að því að gera sér alveg rangar hugmyndir um atvinnuástandið í landinu. Sérfræðingar hennar um atvinnu- og efnahagsmál hafa reynzt öðrum mönnum meiri glópar á sínu sviði. Og stjórnin hefur það eitt að stefnu sinni nú að sitja meðan sætt er. En stjórn, sem þóttist kunna tök á öllu, á ekki að sitja, eftir að veruleikinn hefur leitt í ljós, að ráð hennar dugðu ekki. Stjórn, sem taldi uppbætur, niðurgreiðslur og styrki vera það, sem þyrfti að fjarlægja, á ekki að sitja, eftir að meginþátturinn í stjórnarathöfnum hennar er orðinn sífelld styrkjaaukning. Stjórn, sem taldi viðskiptafrelsi fyrir öllu, en fallin er ofan í það að sitja við að semja viðskiptahöft, hefur tapað öllu og á að segja af sér, og þegar hún gerir það, hæfir henni vel sú grafskrift, sem skráð er í niðurlagi eins vers í gömlu erfiljóði, þar sem viðskiptafróður höfundur segir hrærður í tilefni sorglegs atburðar:

„Hér er orðið heldur stjörnuhrap,
100%, það er mikið tap.“

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Flestum Íslendingum mun þykja ríkisstj. og Alþ. ærinn vandi á höndum að stýra svo að vel fari okkar eigin málum, þótt við ekki ætlum okkur umfram nauðsyn þá dul að leysa fram úr hinum flóknustu viðfangsefnum fjarlægra þjóða. Annað mál er, að við tökum þátt í ýmsu alþjóðasamstarfi og komumst ekki hjá, einkum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, að taka afstöðu í margháttuðum málum. Að sjálfsögðu megum við ekki blanda okkur í annarra mál, nema hafa áður aflað okkur beztu fáanlegra upplýsinga. En við höfum óvíða eigin sendimenn, og mannfæð í utanríkisþjónustu gerir okkur torveldara að fylgjast með en hinum stærri þjóðum. Þrátt fyrir formlegt jafnrétti í atkvgr., hafa og þau ríki óhjákvæmilega mest áhrif, sem raunverulega hafa vilja, vald og getu til að ráða úrslitum friðar og ófriðar í heiminum. Þeim mun minni, sem bæði geta og vilji er til eigin framlags í þeim efnum, því fremur hæfir varúð í ályktunargerð, þar sem um líf og dauða er að tefla. Ekki þarf að efast um það, að allir Íslendingar vilji leggja sitt lóð á þá vogarskál, að vaxandi líkur verði fyrir varanlegum allsherjarfriði. Jafnvíst er hitt, að okkur greinir og hefur greint á um, hvernig það verði helzt gert og bezt studdur málstaður þeirra, sem fyrir ofbeldi verða.

Má þá minnast þess, þegar Einar Olgeirsson, þáv. forseti Nd. Alþ., varnaði Ólafi Thors máls hér í þessum sal um frelsisbaráttu Ungverja, einmitt þegar allur þorri Íslendinga fann sárast til með þeirri þrautpíndu þjóð. Að undanförnu hafa menn víðs vegar deilt hart um Víetnam-stríðið, en þótt þeir væru ósammála um uppruna þess og eðli, þá hafa allir óttazt afleiðingar þess, ef ekki tækist að draga þar úr viðsjám og stilla sem fyrst til friðar. Stríðsaðilar sjálfir hafa hins vegar verið tregir til að láta málið koma undir úrskurð Sameinuðu þjóðanna og jafnvel til opinberrar umr. á vettvangi þeirra. Á bak við tjöldin hefur þó einnig þar verið unnið að friðarumleitunum, og hefur ekki staðið á Íslendingum að leggja þar til góð orð, ef að haldi mætti koma.

Nokkrir þm. Framsóknar og Alþb. fluttu í vetur þáltill. um Víetnam-málið, samhljóða í báðum deildum. Í grg. var sagt, að till. væru í meginatriðum sniðnar eftir ályktun hollenzka þingsins frá því í ágúst 1967. En við samanburð á henni og till. hér sást þegar í stað, að þær voru einmitt ólíkar í meginatriðum. Hollenzka ályktunin lýsti berum orðum ugg vegna baráttuaðferða beggja stríðsaðila í Víetnam, og fór þess á leit, að Norður-Víetnammenn sýndu samningsvilja jafnframt því, sem Bandaríkin hættu loftárásum á þá alveg gagnstætt því, sem í till. hér var gert ráð fyrir, þar sem ætlazt var til, að Bandaríkin tækju einhliða ákvörðun um stöðvun loftárása þegar í stað og hinir sýndu samningsvilja ekki fyrr en loftárásum linnti. Loks var í till. hér ekki minnzt á Genfarsamkomulagið frá árinu 1954, sem hollenzka ályktunin sagði, að verða ætti samningsgrundvöllur. Nú getur menn greint á um, hver háttur skuli á þessu vera. En úr því að í ályktun Hollendinga var vitnað, var lágmarkskrafan sú, að rétt væri með farið. Síðar buðust flm. til þess að breyta till. sínum til samræmis við það, sem hollenzka þingið hafði raunverulega samþ. Með þessu tilboði gerðu þeir mikla yfirbót, og virtist þar með grundvöllur skapaður fyrir samþykkt til leiðbeiningar umboðsmönnum Íslands á alþjóðavettvangi, enda hefði með slíkri ályktun ekki verið gert upp á milli stríðsaðila, heldur farið bil beggja og ályktunin með öllu verið andstæð einhliða málflutningi kommúnista hér og annars staðar svo sem lýsti sér í því, að kommúnistar og vinstri menn yfirleitt greiddu atkv. á móti hinni hollenzku till. þar í landi ófalsaðri.

Áður en tími ynnist til afgreiðslu málsins á þessum grundvelli gerbreyttist aðstaða. Í hinni hollenzku ályktun var gert ráð fyrir því, að hernaðaraðgerðir í Víetnam væru enn að breiðast út, og var ályktun einmitt samþykkt af því tilefni. Eftir ræðu Johnsons Bandaríkjaforseta, hinn 31. marz, hafa hernaðaraðgerðir hins vegar dregizt saman og samningaundirbúningur hafizt. Nú væri fjarstæða að miða ályktun við annað en þessa breyttu stöðu, eins og ég jafnskjótt tjáði hv. þm. Lúðvík Jósefssyni. Á þetta vildi hann þá þegar lítt hlusta, og hann og félagar hans hafa síðan gert þessa ábendingu að árásarefni á mig. Mér er þó sagt í dag, að þeir vilji nú breyta til og gjörbreyta sinni fyrri till. miðað við nýjar aðstæður, og er það í sjálfu sér ekki þakkarvert.

En því rek ég þetta mál svo rækilega, að það er gott dæmi um þann skort á virðingu fyrir staðreyndum og hinn óvandaða málflutning, sem flestu öðru fremur hrjáir nú íslenzkt þjóðfélag, og var ræða hv. þm. Karls Guðjónssonar gott dæmi um þær aðfarir. Svo að ég drepi einungis á víð og dreif á nokkur atriði í því, sem hann fór ranglega með, þá er það alveg fjarstætt, að tekið hafi verið hinum óhagstæðari tilboðum í byggingar, sem hér er nú verið að reisa. Það eru einmitt mun hagstæðari tilboð, sem valin voru, og hinum óhagstæðari synjað. Þá er alveg snúið við sannleika, þegar fullyrt var af þessum þm., sem sumir aðrir hafa raunar áður sagt, að íslenzka stjórnin hafi átt upphaf að eða ráðið breytingu á viðskiptasamningum við Tékka og Pólverja. Það eru einmitt þessar ríkisstj., hinar erlendu, sem hafa breytt um stefnu og vilja nú ekki lengur hafa viðskiptin á sama vöruskiptagrundvelli og áður. Enn er það algerlega rangt hjá þessum hv. þm., að það hafi átt sér stað brigðmælgi um að útvega lán til byggingarframkvæmda utan Reykjavíkur og jafnvel hér. Af ríkisvaldsins hálfu hefur verið staðið í einu og öllu — og betur en það — við öll loforð, sem í þessum efnum hafa verið gefin. Hitt er annað mál, að sumir hafa þurft að bíða eftir lánum. Það er annað mál, sem þarfnast úrlausnar, en það kemur ekki af því, að ríkisstj. hafi brugðizt þeim loforðum, sem hún gaf. Allra harkalegast er þó, þegar þessi hv. þm. tekur þetta sem árásarefni á ríkisstj., þetta atriði, sem, ef rétt væri,

byggðist þá á því, að ríkisstj. hefur staðið við samninga, sem gerðir voru við verkalýðshreyfinguna á árinu 1965 eftir eindreginni ósk hennar sjálfrar.

Það eru því miður ótal fleiri dæmi slíks málflutnings, þar á meðal sífelldar rakalausar ásakanir um, að ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hafi fyrir kosningarnar í fyrra leitazt við að dylja fyrir landsmönnum, að alvarlega horfði í atvinnu- og efnahagsmálum. Þessum ásökunum hefur raunar áður verið rækilega svarað, bæði af mér og öðrum, en á meðan ekki er lát á ósönnum ásökunum verður að rifja sannleikann upp. Að þessu sinni minni ég á, að strax fyrir árslok 1966 varð ég fyrir margendurteknum brigzlyrðum vegna þess, að í umr. um verðstöðvunarlagafrv. talaði ég um neyðarástand, sem þá hefði skapazt. Og því fór svo fjarri, að ég léti brigzl andstæðinganna verða til þess, að ég drægi úr aðvörunum mínum um, hver hætta stafaði af aflaleysi og verðfalli, að í ræðu, er ég hélt fyrir tæpu ári, hinn 20. apríl 1967, á landsfundi sjálfstæðismanna og m.a. birtist þá þegar í víðlesnasta blaði landsins og var einnig dreift út með öðrum hætti á meðal landsmanna, þá talaði ég um, að „stórvandræði" „blöstu við í hraðfrystiiðnaðinum" af þessum sökum. Og ég áréttaði fyrri ummæli með því að segja, að „þegar jafn stórfellt verðfall og raun ber vitni verður á fullum ⅔ útflutnings, þá er óneitanlega um neyðarástand að ræða, sem víða mundi talið horfa til öngþveitis".

Því fór og fjarri, að ég gerði lítið úr skaðsamlegum áhrifum verðbólgunnar, þó að hún mætti ekki skyggja á þau nýju viðbótarvandamál, sem verðfall og aflabrestur sköpuðu. Um verðbólguna sagði ég m.a.: „Vitanlega hefur verðbólgan skapað ýmiss konar vanda og skapar enn og hún getur orðið okkur enn skeinuhættari áður en lýkur."

Þrátt fyrir þessi gögn og ótal mörg önnur um aðvaranir okkar fyrir kosningarnar í júní 1967, verður vafalaust haldið áfram að bregða okkur um blekkingar einmitt af hálfu sömu manna og nú stand.. sumir í ströngu við að gera grein fyrir, hvernig aflað var fjár til að halda áfram að greiða miklu hærra verð fyrir fisk seldan í Bandaríkjunum en raunverulega fékkst fyrir hann einmitt fram yfir kosningarnar 1967. Þeir, sem í slíku glerhúsi búa, ættu ekki að halda áfram grjótkasti á þá, sem þverötugt hafa farið að. Sannleikurinn er sá, að allir vonuðum við, að verðfallið í Bandaríkjunum mundi vara einungis skamma stund og verðlag og aflabrögð á árinu 1967 mundu áður en lyki verða svipað og undanfarin ár. Verðstöðvunarlögin frá 1967 voru tímabundin og öllum var ljóst, að ef ekki rættist úr, mundi þurfa að grípa til annarra róttækari ráða. Annað mál er svo, að ríkisstj. og stuðningsmenn hennar lögðu með réttu áherzlu á, hvílík gerbreyting til bóta hefði orðið á hag bæði alls almennings og atvinnurekenda, frá því að viðreisnarstjórnin tók við völdum. Hér hefur sem sé orðið öll önnur þróun en í fyrirmyndarlandi kommúnista, Tékkóslóvakíu, þar sem hinir nýju forsprakkar segja nú, að kyrrstaða hafi verið í efnahag og afkomu almennings síðustu 15 ár. Allt, sem við sögðum í fyrra um framfarirnar á Íslandi, var satt, þó að mönnum hafi jafnt nú og stundum áður haldizt misjafnlega á fé sínu og ýmsir reist sér hurðarás um öxl í þeirri von, að hér héldust stöðugir uppgangstímar.

Engir vöruðu þó eindregnar við þeirri trú en við, sem vorið 1966 á meðan allt var enn í fullum blóma, bentum á, að Búrfellsvirkjun og bygging álbræðslu mætti ekki dragast, því að of seint væri að hefja undirbúning slíkra framkvæmda, eftir að atvinnuleysi væri skollið á. Raunin varð sú, að þótt neyðarástand blasti við vegna undanfarandi verðfalls og gæftaleysis vorið 1967, varð veruleikinn mun verri, þegar fram á árið kom. Um það tjáir ekki lengur að deila, að sökum aflabrests og verðfalls minnkuðu útflutningstekjurnar á árinu 1967 um 30% frá árinu áður. Afrakstur varð samt enn lakari vegna söluvandræða á skreiðarbirgðum í landinu og stóraukins kostnaðar við að ná þeim afla, sem þó fékkst, sökum óveðra, og hve langt þurfti að sækja, að ógleymdum erfiðleikum sökum hækkaðs kaupgjalds og verðbólguvaxtar á árinu 1967, sem raunar varð minni en áður, vegna verðstöðvunarlaganna.

Allir getum við verið vitrir eftir á. Enginn vandi er nú að segja, að árin 1965 og 1966 hefði átt að taka síldargróðann og leggja hann fyrir. En hverjir eftiráspekinganna studdu þær tilraunir, sem 1965 voru gerðar til að jafna lítillega á milli? Og hvaða stjórnarandstæðingar töldu of skammt gengið, þegar ríkisstj. á sínum tíma beitti sér í andstöðu við þá fyrir, að atvinnurekendur mættu auka varasjóðsfrádrátt sinn? Gallinn er sá, að ekkert af því, sem gagnrýnendur nú telja upp, bentu þeir á eða studdu á meðan tími var til.

Fyrir okkur, sem áttum í hörðu höggi við hv. stjórnarandstæðinga út af Búrfellsvirkjun og álbræðslu, er nánast skoplegt að heyra þá tala nú eins og þeir hafi verið stuðningsmenn virkjunarframkvæmdanna. Sumir þeirra reyndu árum saman að gera þær með öllu móti tortryggilegar. Þeir fjölyrtu um, að óhæfileg áhætta leiddi af ísmyndun og tíndu sitthvað annað til. Úrslitum réði, að langflestir þeirra hömuðust á móti samningunum um álbræðslu, og vissu þó allir, að einmitt þeir samningar voru alger forsenda þess, að í Búrfellsvirkjun væri hægt að ráðast. Þeim, sem næga hreinskilni hafa til að minnast þessarar afstöðu sinnar, hlýtur að hafa verið einkennilega innanbrjósts, þegar þeir voru austur við Búrfell á dögunum. Glöggur þm., sem var í þeirri ferð, sagði, að sér fyndist landið stækka og batna við þá framkvæmd. Fyrir andstæðingana er gott að geta gleymt framkomu sinni gegn þeim landbótum. Víst er þeim það ekki of gott, einungis ef þeir bæta nú ráð sitt og taka með okkur hinum heilshugar þátt í hinu nýja landnámi, sem þjóðinni ríður á, að linnulaust verði haldið áfram. En það var síður en svo að heyra á hv. þm., Karli Guðjónssyni, að hann væri á þeim buxunum.

Áður en til hins verra brá um árferði, afla og verðlag, hafði ríkisstj. hafið þetta landnám með stórvirkjunum og þar með vísað veginn fram á við. En þessi síðustu misseri hefur stjórnin orðið að miða framkvæmdir sínar fyrst og fremst við að firra vandræðum. Er og erfitt að sjá, hvernig öðru vísi hefði átt að fara að, meðan hvert áfallið rekur annað. Nú síðast svo, að jafnvel hv. þm., reiknimeistari Sigurvin Einarsson, sem í vetur reiknaði út eins og alræmt er orðið, að við nytum nú meðalárferðis ef ekki góðæris, hefur nýlega flutt till. þar sem talað er um, að tímabært sé í því árferði, sem nú er, að fara varlega í álögum að svo stöddu.

Auðvitað komast menn til lengdar ekki hjá því að finna til afleiðinga áfallanna. Viðleitni ríkisstj. hefur beinzt að því, að þær þyrftu ekki að koma ósanngjarnlega misjafnt niður eða leiða til glundroða og þar með atvinnuleysis. Á undanförnum mánuðum hefur baráttan að verulegu leyti fjallað um vísitölugreiðslu á laun. Sumir hafa talið, að full vísitölugreiðsla eða verðtrygging séu mannréttindi, sem aldrei megi hagga. En aðrir telja, að þótt verðtrygging launa eigi stundum við, sé ekki ætíð svo, og allra sízt, þegar ytri aðstæður gerðu óhjákvæmilegt að skerða lífskjör og sköpuðu fyrirsjáanlega hættu á örum verðbólguvexti, ef vísláhrif verðlags og kaupgjalds eru óheft. Þessi deila um óhagganlega vísitöluuppbót er því furðulegri, sem lagaákvæði um hana hafa verið síbreytileg hér á landi, allt frá því að vísitöluákvæði voru lögfest á árinu 1939. Fróðum mönnum telst svo til, að á þessu tímabili hafi verið sett 19 breytileg lagaboð um vísitöluna. Í einn stað kemur, hvaða flokkasamsteypur hafa verið við stjórn, ætíð hafa þær orðið að laga vísitöluákvæðin eftir aðstæðum. Hér er því síður en svo um nokkur heilög óhagganleg mannréttindi að ræða.

Lítum og á fordæmi annarra þjóða. Í vetur urðu Finnar, Bretar og Danir að fella gengi gjaldmiðils síns, og höfðu þær þjóðir þó ekki orðið fyrir neitt námunda miklum áföllum í efnahagslífi sínu og við. Hjá öllum þessum þjóðum hefur síðan verið keppt að því að draga úr vísláhrifum kaupgjalds og verðlags. Engar höfðu þær samt viðlíka víðtæk verðtryggingarákvæði um kaupgjald og við.

Jafnaðarmannastjórnin danska féll raunar á tilraun sinni til að takmarka vísitöluuppbætur, en nýja stjórnin stefnir í sömu átt, þótt með öðrum aðferðum sé. En sumir segja e.t.v., að á slíkri hægri afturhaldsstjórn, verkalýðnum andvígri, sé lítt mark takandi.

Lítum þá til Bretlands. Þar situr enn stjórn Verkamannaflokksins. Hið nýja fjárlagafrv. hennar, — en þar í landi er efnahagsstefnan yfirleitt mörkuð með fjárl. — þetta nýja frv. er mun harkalegra í garð launþega en nokkrar fyrri ráðstafanir Wilsons, og hefur stjórn hans þó þótt ærið harðhent í þessum efnum hingað til. Enda er sagt, að stjórnarbreytingin nú fyrir skemmstu miði m.a. að því að fá launamálaráðh., sem enn betur takist að halda launahækkunum í skefjum en fram að þessu hefur reynzt fært. En Wilson og stjórn hans er einmitt að stórtapa fylgi, kynni þá einhver að segja. Til hverra? Íhaldsmanna, sem enginn býst við, að vilji leggja meiri byrðar á atvinnurekendur en Verkamannaflokksstjórnin.

En hvað um það, þá er í Finnlandi hvorki hægri stjórn né af sér gengin verkamannaflokksstjórn. Þar tók fyrir tæpum mánuði við völdum ný vinstri stjórn, að vísu undir forystu sósíaldemókrata, en að öðru leyti að mestu skipuð sambærilegum flokkum við Framsókn og Alþb. hér. Í stefnuyfirlýsingu hinnar nýju finnsku vinstri stjórnar segir m.a. orðrétt svo, samkv. heimild í Huvudstadsbladet hinn 22. marz s.l.:

„Útrýming atvinnuleysis er mikilvægasta verkefni ríkisstj. í efnahagsmálum. Til þess að þetta takist, þarf að örva hagvöxt og halda aftur af hækkun framleiðslukostnaðar. Auk þess sem langtíma hagvaxtarmarkmið séu samræmd stefnunni í tekju- og verðlagsmálum. Ríkisstj. beitir sér fyrir því, að samkomulag um tekjustefnuna á næsta ári verði gert þegar á þessu vori, og þannig að meðaltekjuhækkunin verði innan þeirra marka, sem meðalframleiðniaukningin setur, jafnframt því, sem munur hálauna og láglauna verði minnkaður. Til þess að tryggja grundvöll tekjustefnu á þessa leið, mun ríkisstj. í samráði við aðila vinnumarkaðarins og aðra hagsmunahópa þegar í stað gera ráðstafanir til þess að stöðva hækkun verðlags og framleiðslukostnaðar og afnema vísitölubindingu. Ef þörf krefur, mun ríkisstj. leita eftir sérstökum heimildum hjá þinginu. Markmið virkrar atvinnu- og hagvaxtarstefnu er að efla bæði einkaframtak og framtak opinberra aðila. Stofnun nýrra undirstöðuatvinnugreina er fyrst og fremst verkefni þjóðfélagsins í heild. Aðgerða ríkisvaldsins er sérstaklega þörf til þess að tryggja tilkomu iðnaðarfyrirtækja, sem hafa víðtæk áhrif á þjóðarhag. Sú starfsemi einkaaðila, sem stuðlar að velferð þjóðarheildarinnar, verður studd með ráðum og dáð. Hagur atvinnuástandsins er háður þróun þessarar viðleitni."

Þetta er orðrétt tekið upp úr frásögn Huvudstadsbladet. Finnska vinstri stjórnin telur efnahagsörðugleika landsins einkum leiða af því, að Finnar séu allt of háðir einni undirstöðuatvinnugrein, skógarvinnslu eða trjáiðnaði. Þess vegna er í stefnuyfirlýsingu hinnar nýju stjórnar lögð áherzla á stofnun nýrra undirstöðuatvinnugreina og tilkomu iðnaðarfyrirtækja, sem hafa víðtæk áhrif á þjóðarhag. Skógarvinnslan stendur þó ekki undir nema ⅔ af útflutningstekjum Finnlands, þar sem við erum háðir fiskveiðum um 90—95%, og fiskveiðarnar eru ólíkt óvissari en skógarvinnslan. Þrátt fyrir þessar Finnum ólíkt hagkvæmari aðstæður, gera finnsku framsóknar- og Alþb.-mennirnir það að höfuðstefnumáli sínu að gera þegar í stað ráðstafanir til þess að stöðva hækkun verðlags og framleiðslukostnaðar með afnámi vísitölubindingar. Ef þörf krefur, sagðist ríkisstj. og mundu leita eftir sérstökum heimildum hjá þinginu. Þessara

heimilda hefur finnska stjórnin nú þegar aflað sér og naut til þess atbeina stjórnarandstæðinga í hægri flokkunum, sem höfðu möguleika til að synja um heimildarlögin, af því að til þeirra þarf aukinn meiri hl.

Stundum höfum við á Alþ. að vísu mátt heyra, að almenn efnahagslögmál giltu ekki á Íslandi, en hver er það, sem í raun og veru trúir því, að samhengi kaupgjalds og verðlags sé annað í Finnlandi en á Íslandi eða íslenzkir stjórnmálamenn séu þeim mun óvitrari en finnskir, að þeir átti sig ekki á þessu samhengi. Auðvitað er sannleikurinn sá, að forystumenn hv. stjórnarandstæðinga hér hafa látið baráttuhitann hlaupa með sig í gönur. Þetta offors hefur ekki einungis brotizt fram gegn ríkisstj. og hennar tillögugerð, heldur og gegn verkalýðsforingjunum í þeirra eigin liði. Ofstækið varð aldrei augljósara en þegar þeir heimtuðu vísitölutill. sína tekna til útvarpsumr. hér á Alþ. einmitt í sama mund og skilyrði voru að skapast fyrir sáttum í verkfallinu mikla nú á dögunum. Þessar umr. heimtuðu þeir þrátt fyrir það, þótt aðaltalsmenn bæði verkalýðshreyfingarinnar, þ. á m. sjálfur forseti A. S.Í., og vinnuveitenda og sáttasemjari ríkisins lýstu þeirri skoðun sinni, að útvarpsumr. á því stigi væru lagaðar til að spilla fyrir sáttum eða a.m.k. til þess að draga þær á langinn.

Af hálfu hv. framsóknarmanna var þessi leikur þeim mun grárri sem hann var upp tekinn alveg sömu dagana og bændur á Suðurlandsláglendi þurftu að hella niður mjólk að verðmæti millj. kr. á dag að sögn talsmanna þeirra. Hæpið er að færa þessum hv. þm. til afsökunar, að þeir hafi ekki vitað, hvað þeir voru að gera, því að gamalreyndur forystumaður í þeirra hópi hafði skömmu áður sagt, þegar tíðrætt var um síendurteknar komur forystumanna deiluaðila í útvarp og sjónvarp, að þetta væri eins og þeir ætluðu að semja um lausn verkfallsins gegnum hátalara á Lækjartorgi. En því miður er það eins og sumir þessara foringja vilji ekki lengur hlusta á rödd síns eigin betra manns. Jafngerhugull maður og hingað til hófsamur eins og hinn nýi formaður Framsfl., hv. þm. Ólafur Jóhannesson, gat ekki setið á sér að hreyta eftir á ónotum í verkalýðinn fyrir að hafa ekki haldið fast við kröfuna um fulla vísitöluuppbót og sagði „samkomulagið, sem gert var, var engum til sæmdar. Ég tel það engum til sæmdar". Slík voru ummæli þessa áður orðvara manns, svo að ekki sé minnzt á hin barnalegu brigzl Tímans í garð ríkisstj. fyrir, að hún skyldi vilja taka upp samvinnu við samtök verkalýðs og vinnuveitenda um að halda uppi fullri atvinnu í landinu. Ætla mætti þó, að í huga þeirra, sem telja atvinnuleysi eitt hið mesta böl, skipti minnstu máli, hver eigi hugmynd að hverju einstöku atriði, sem eftir atvikum þarf að kanna eða vinna að framkvæmd á til að forðast þetta böl, einungis, ef það tekst. Engum sanngjörnum manni getur heldur dulizt, að aðalviðfangsefni ríkisstj. undanfarna mánuði hefur verið að koma í veg fyrir atvinnuleysi, ekki einungis með margháttuðum stuðningi við helztu atvinnugreinar landsmanna í heild og forystu um stórvirkjanir, heldur og með fyrirgreiðslu fyrir ótal einstakra atvinnufyrirtækja, bæði um rekstur og nýjungar, svo sem eflingu innlendra skipasmíða.

Í þeirri viðleitni að forða frá atvinnuleysi, var samningurinn um lausn verkfallanna mikilsverður áfangi, ekki vegna þess að hann leysi allan vanda eða öruggt sé, að atvinnuvegirnir geti til frambúðar risið undir þeim byrðum, sem þeir þá tóku á sig. Það er komið undir framtíðarþróun, sem enginn getur séð fyrir, en því miður sýnist enn í dag vera okkur í óhag. Aðalatriðið er, að verkalýðshreyfingin sýndi skilning á, að eins og nú stendur yrði ekki komizt hjá almennri kjaraskerðingu, að kröfur yrði að laga eftir getu til að fullnægja þeim. Þá ber og að virða viðleitnina til að rétta hlut hinna verst stæðu miðað við aðra. Núv. ríkisstj. hefur ætíð óskað samstarfs við verkalýðshreyfinguna um þetta, undirtektir hennar hafa hins vegar verið misjafnar. Verulegur árangur náðist þó um vöxt kaupmáttar hjá hinum lægst launuðu með júní-samkomulaginu 1964. Kaupbreytingarnar 1966 miða í sömu átt og nú verða hinir lægst launuðu fyrir minni kjaraskerðingu en aðrir. Verulegur afsláttur verðlagsuppbóta á þessu ári byggist á þeim erfiðleikum, sem nú er við að etja. Í því felst viðurkenning á, að ekki sé unnt að komast hjá því að laga sig eftir aðstæðum. Þau sannindi eiga jafnt við nú og síðar, ef ekki rætist úr, og skulum við þó vissulega vona, að á betri veg snúist.

Svo mikill vandi er okkur á höndum og fyrirsjáanlega fram undan, að vissulega væri æskilegast, að sem víðtækast samstarf gæti tekizt til lausnar honum. Þar má hvorki metingur né rígur manna á milli vera til fyrirstöðu. En frumskilyrði samstarfs er, að skoðanir séu ekki svo gerólíkar, að í þveröfuga átt sé stefnt. Undirstaðan er, að menn hafi þor til þess að gera sér grein fyrir staðreyndunum eins og þær eru. Auðvitað eru orsakir erfiðleika okkar nú margþættar. Jafnfráleitt er að neita því, að þar eiga okkur óviðráðanlegar orsakir mesta sökina, eins og að verðbólgan á sinn skerf. En við verðbólguna er ekki unnt að ráða nema menn hafi hreinskilni til að játa, hvílíka úrslitaþýðingu kaupgjald hefur um vöxt hennar.

Og hvað sem verðbólgu líður, verðum við öll að laga lífshætti okkar eftir tekjum þjóðarheildarinnar. Eins og allir vilja sinn hlut af velgengni, kemst enginn undan áföllum, þegar þau skella á. Verðmæti til skipta aukast ekki við útgáfu verðlausra pappírspeninga. Þvílíkar tiltektir eru engin úrræði, heldur bein fjörráð. Við skulum ekki heldur mikla fyrir okkur erfiðleikana. Erfitt er að breyta til frá örum lífskjarabata til nokkurs afturhvarfs, en á meðan afturhvarfið þarf ekki að vera meira en að una við sams konar kjör og við höfðum fyrir tveimur til þremur árum og voru miklu betri heldur en þjóðin hafði nokkurn tíma búið við, er sízt ástæða til að örvænta.

En við skulum líka læra af örðugleikunum. Einn

af þeim lærdómum, sem við þurfum að festa okkur í minni, er, að þótt því fari fjarri, að við séum þess umkomnir að gerast forsvarsmenn heimsbyggðarinnar, þá megum við ekki lengur standa með öllu utan við þau samtök, sem úrslitaráð geta haft um afkomu okkar. Við eigum, eftir því sem við á, að fá aðild að hinum miklu markaðsbandalögum til að njóta hlunninda þeirra og láta að okkur kveða um þær ákvarðanir, sem ráða okkar eigin afkomu. Við verðum einnig að herða sóknina fyrir fullnýtingu allra gæða landsins. Með því móti einu getum við til frambúðar skapað sæmilegt öryggi í atvinnuháttum og forðazt þær sveiflur, sem skapa okkur mesta erfiðleika nú.

Eins og ég sagði í eldhúsdagsræðu í fyrra: Á meðan við erum svo háðir sveiflum vegna afla og verðlags sem raun ber vitni, þá er ógerlegt að segja fyrir um það, hvaða úrræðum á að beita á hverri stundu. En einmitt þegar vandinn er mestur, ríður mest á því, að réttri meginstefnu sé fylgt. Stundum kunna menn raunar vegna ytri aðstæðna ekki að eiga neitt val, en ætíð, þegar fleiri kosta er völ og vafi leikur á, hvort velja beri leið frelsis eða ófrelsis, þá ber að hafa frelsið að leiðarstjörnu.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þetta þing hefur einkennzt öðru fremur af þeim erfiðleikum, sem við er að glíma í þjóðarbúskapnum. Það er staðreynd, að þjóðfélagið hefur orðið fyrir þungu áfalli af völdum verðfalls á útflutningsafurðum, minnkandi aflabragða og erfiðs árferðis. Um það er ekki deilt. Um hitt er deilt, hvernig á því standi, að atvinnuvegirnir skuli eftir eitt samfelldasta góðæristímabil ekki vera betur undir það búnir að mæta erfiðleikum en raun ber vitni um. Ég held því fram, að það megi að verulegu leyti rekja til rangrar stjórnarstefnu og stjórnleysis á meðan góðærið stóð. Ef skynsamlega hefði verið stjórnað á góðu árunum, atvinnuvegunum komið á traustan grundvöll, verðbólgunni haldið í skefjum og réttri stefnu fylgt í innflutningsmálum, fjárfestingar- og peningapólitík, hefðu hin utanaðkomandi áföll ekki orðið íslenzkum atvinnuvegum sá fjötur um fót sem raun ber vitni. En það var ekki haldið skynsamlega á málum á góðu árunum. Það er sorgarsaga, en henni verður ekki breytt héðan af, og hana ætla ég ekki frekar að ræða, en vitaskuld má hún ekki gleymast, heldur á hún að verða komandi kynslóðum og seinni stjórnendum víti til varnaðar.

Erfiðleikar þjóðarbúsins um þingslitin í haust voru miklir. Þeir lágu reyndar þegar fyrir í kosningunum s. l. vor. Þá hafði verðfallið átt sér stað, og það gátu engir raunsæir menn búizt við verðhækkunum á næstunni. Það var vitað um lélega vetrarvertíð, það lágu fyrir frá árinu 1966 álit stjórnskipaðra nefnda, sem stjórnarmenn áttu meiri hluta í, um afkomu vélbáta- og togaraflota. Það var samdóma álit þessara nefnda, að báðar þessar atvinnugreinar þyrftu á stóraukinni aðstoð í einni eða annarri mynd að halda. Það má hins vegar segja, að síldveiðarnar sumarið 1967 hafi reynzt erfiðari en búast mátti við. Annars var alveg ljóst, hvert stefndi. Samt sögðu stjórnarflokkarnir í kosningabaráttunni, að allt væri í lagi í efnahagsmálum, að þjóðarbúskapurinn stæði á traustum grunni, að með verðstöðvun og gjaldeyrisvarasjóði væri tryggt, að tímabundnir erfiðleikar af völdum verðfalls og minnkandi afla hefðu ekki í för með sér nein veruleg efnahagsvandræði. Allur landslýður veit, að þetta var sagt í kosningabaráttunni. Því til afsönnunar þýðir ekki fyrir hæstv. forsrh. að vitna til landsfundarræðu sinnar né annarra ræðuhalda í einkasamkvæmum sjálfstæðismanna.

Allar áðurnefndar staðhæfingar stjórnarliða reyndust auðvitað herfilegar blekkingar, eins og nú er komið á daginn. En látum allt kosningaskraf kyrrt liggja. Aðalspurningin nú er sú, hvort eða hvernig stjórninni hafi tekizt að hafa forustu um lausn þeirra erfiðleika, sem óneitanlega hafa steðjað að þjóðarbúskapnum, þó að menn megi ekki mikla þá fyrir sér um of, eins og stjórnin hefur tilhneigingu til. Mitt svar er það, að getuleysi stjórnarinnar hafi aldrei orðið ljósara en einmitt nú, eftir að harðnaði í ári. Stjórnin hefur enn sem fyrr fylgt happa- og glappaaðferð, og útkoman hefur orðið eftir því.

Hvað kemur helzt í hugann, þegar litið er yfir feril þingsins og framvindu mála á þessum vetri? Nýjar álögur í ótal myndum, gengislækkun, nýjar dulbúnar uppbætur, samdráttur í atvinnulífi, atvinnuleysi, rekstrarstöðvanir og verkföll. Á s.l. ári var stórkostlegur viðskiptahalli. Eftir uppgjöri Hagstofunnar var greiðslujöfnuðurinn við útlönd óhagstæður um 2820 millj. kr., en samkvæmt uppgjöri Seðlabankans um 2200 millj. kr. Gjaldeyrisvarasjóður lækkaði um nær helming, skuldir við útlönd hækkuðu og vanskil á öllum sviðum fóru vaxandi. Á þessu ári stefnir allt í sömu átt og ekki betri. Já, allt eru þetta vörður við veg stjórnarinnar. Í dag er svo komið, að nær enginn atvinnurekstur í landinu getur staðið á eigin fótum. Þetta eru ekki stóryrði, heldur staðreyndatal, því miður. Ég ætla aðeins að víkja að fáeinum fyrirbærum þessarar ömurlegu sögu, aðrir munu rekja einstaka þáttu hennar nánar.

Þegar Alþ. kom saman s. l. haust, var ljóst, að undirstöðuatvinnuvegirnir voru að sligast. Stöðvun útgerðar og fiskvinnslustöðva blasti við um áramót og jafnvel fyrr, ef ekkert var að gert. Margar mikilvægar greinar iðnaðar voru að þrotum komnar. Bændur horfðu fram á vaxandi erfiðleika og versnandi afkomu. Þá var kosninganiðurgreiðslunum hætt, verðstöðvunin var gefin upp á bátinn, enda var hún þá búin að þjóna þeim tilgangi sínum að leyna verðbólguvextinum fram yfir kosningar. Samt taldi stjórnin þá ekki tímabært að taka málefni atvinnuveganna til athugunar, heldur sneri hún sér að greiðslu kosningavíxilsins með því að ætla að skella um 750 millj. kr. kjaraskerðingu á almenning og koma með þeim hætti í veg fyrir væntanlegan greiðsluhalla ríkissjóðs. En áður en

kjaraskerðingarfrv. ríkisstj. — kjaraskerðingarfrv. þetta — var til lykta leitt, kom óvæntur hvalreki á fjörur stjórnarinnar. Pundið var fellt. Allt til þess dags höfðu íslenzkir ráðh. keppzt við að lýsa því yfir, að gengislækkun kæmi hér ekki til mála. En nú var allt í einu snúið við blaðinu, gengi krónunnar fellt í skyndi, ekki aðeins til jafns við lækkun pundsins, heldur miklu meir, eða um nær 25%. Þá var allt í einu ljóst, að gengi krónunnar þurfti að fella vegna útflutningsatvinnuveganna. Þá var ekki lengur vandi að segja til um þörf þeirra, allt nákvæmlega útreiknað á þremur eða fjórum dögum, byggt á betri og traustari gögnum en nokkru sinni fyrr, útkoman sögð óyggjandi, næstum því eins og úr rafreikni. Gengislækkunin færði auðvitað ríkissjóði stórauknar tolltekjur. Þrátt fyrir það þótti nauðsynlegt að halda fast við sumar hinar nýju álögur efnahagsmálafrv. Lögin um verðtryggingu launa voru felld úr gildi, þrátt fyrir allar aðvaranir verkalýðsforingja og launþegasamtaka. Nú átti allt að vera í lagi samkvæmt útreikningum rafmagnsheilanna, vandi atvinnuveganna leystur, hallalaus ríkisbúskapur tryggður og fjárlög afgreidd. Ráðherrar önduðu léttara og gátu áhyggjulausir haldið heilög jól. Þessa gengislækkunarsögu, með öllum sínum tilbrigðum, mótsögnum og hliðarsporum, rek ég ekki hér frekar, hún er öllum í svo fersku minni. En Adam var ekki lengi í Paradís. Eftir áramótin fór allt í hnút. Vandi útgerðar og fiskvinnslustöðva var ekki leystur með gengislækkuninni. Það hafði þrátt fyrir allt verið reiknað skakkt og það svo að hundruðum milljóna skipti. Útgerðarmenn vildu ekki róa nema þeir fengju hærra verð. Fiskvinnslustöðvar vildu ekki taka til starfa, nema þær fengju hráefnið á lægra verði. Hér voru góð ráð dýr, en enn var setzt við að reikna. Lausnin fannst með því, að ríkisstj. hét að veita atvinnugreinum þessum aðstoð upp á 300—400 millj. kr. Ekki þótti taka því að kalla Alþ. saman, áður en slíkt fyrirheit var gefið. Slíkar ráðstafanir, svo skömmu eftir gengislækkun gerðar til bjargar atvinnuvegunum, munu algert einsdæmi. Er furða, þó að menn spyrji, hve langt muni verða í næstu gengisfellingu með sama áframhaldi?

Sá þáttur í störfum Alþ., sem mest hefur borið á eftir áramótin, er setning eins konar aukafjárlaga eða viðbótarfjárlaga og álagning nýrra opinberra gjalda. Með þeim starfsháttum er afgreiðsla fjárl. fyrir áramót í raun og veru aðeins orðin sýndarmennska. Það getur enginn verið öruggur um, að það standi, sem í fjárl. er samþykkt. Fjárveitingar, sem þar eru samþykktar, eru teknar aftur. Nýjar álögur eru samþykktar, sem ráðstafað er utan fjárl. Þannig verða í reyndinni tvenn eða þrenn eða jafnvel fleiri fjárlög í gildi.

Í sambandi við afgreiðslu fjárl. hét ríkisstj. því, að hún skyldi skila aftur um 250 millj. kr. af tollauka ríkissjóðs, til þess að draga nokkuð úr kjaraskerðingaráhrifum gengisfellingarinnar. Þegar bezt lá á henni, lét hún jafnvel hafa það eftir sér, að tollar skyldu lækkaðir um 270 millj. Þegar til kastanna kom, treystist þó ríkisstj. ekki til að standa við þetta fyrirheit sitt og lækkaði tollana mun minna eða samkvæmt eigin áætlunum um aðeins 159 millj. kr. Þar var um enn eina reikningsskekkjuna að ræða. Það kom þó fljótlega í ljós, að þannig hafði verið á málum haldið, að ríkissjóður virtist ekki einu sinni hafa efni á þeirri eftirgjöf. Því var komið fram með frv. um breyt. á fjárl., sem kallað var sparnaðarfrv., en það var að verulegu leyti í því fólgið að fella niður fjárveitingar til framkvæmda, en framkvæma þær þess í stað fyrir lánsfé. Átti þannig að taka að láni 81 millj. kr. til framkvæmda og velta yfir á framtíðina.

Næst var farið að glíma við fjármál vegasjóðs. Það kom í ljós, sem fáum kom reyndar á óvart, að hann var kominn gersamlega í þrot. Álögur þær, sem lagðar hafa verið á umferðina að undanförnu, hafa ekki runnið til hans nema að litlu leyti, heldur farið beint í ríkissjóðinn og orðið þar almennur eyðslueyrir. Skuldir vegna vegaframkvæmda eru nú orðnar 300—400 millj. kr. Undir vöxtum þeirra og afborgunum verður vegasjóður að standa, og var þá heldur lítið eftir til nýbygginga og vegaviðhalds. Vita þó allir, í hverju ófremdarástandi þau mál eru. Eins og kunnugt er, greip stjórnarliðið til þess ráðs að leggja nýjar stórkostlegar álögur á umferðina, þ. e. að hækka benzínskatt og fleira. Þessar nýju álögur, sem á þessu ári eiga að gera 109 millj., en á heilu ári um 160 millj., eru fullkomið örþrifaráð og raunar óverjandi, eins og á stendur. Þær fara óðar út í verðlagið og valda nýrri dýrtíðaröldu.

Þá má nefna frv. um lántökuheimildir vegna framkvæmdaáætlunar. Þar eru heimiladar lántökur innanlands og erlendis og ráðstöfun þess fjár. Þar er um enn ein viðbótarfjárl. að ræða upp á nær 600 millj. kr. Ræði ég það mál ekki frekar hér.

Rétt fyrir páskana kom enn einn vanskilahallinn upp úr kafinu. Það er halli á vátryggingasjóði fiskiskipa, en í hann hefur runnið verulegur hluti af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Hallinn á honum s. l. ár varð um 95 millj. kr. Að óbreyttu gjaldinu er hann á þessu ári áætlaður 103 millj. Á þetta hefur ekki verið fyrr minnzt. Það hefði þó verið ástæða til, þegar fjallað var um málefni sjávarútvegsins. Nú leggur stjórnin til, að útflutningsgjaldið sé hækkað, aðallega á saltsíld, og ætlar með þeim hætti að ná inn um 42 millj. Gert er ráð fyrir, að 50—60 millj. komi úr gengishagnaðarsjóði. Hinu á með einhverjum hætti að ýta á undan sér. Þetta er táknrænt um vinnubrögð stjórnarinnar. Það er í lengstu lög forðazt að horfast í augu við staðreyndir. Það á að leggja nýjar álögur á sjávarútveginn, enda þótt augljóst sé, að hann getur ekki undir þeim staðið og að það mundi kalla á nýja aðstoð honum til handa. Það er sem sé ekki tekizt á við allan vandann. Mestum hluta hans á að ýta á undan sér. Öll eru þessi tryggingamál í hinum mesta ólestri.

Eitt er það mál, sem ekki má gleymast. Það er þáttur ríkisstj. í verkföllum vetrarins. Að því ætla ég nokkuð að víkja, og ekki sízt vegna þess, að með

bolabrögðum var hindrað, að þáltill. stjórnarandstöðunnar um lausn verkfallanna væri rædd í alþjóðar áheyrn. Þegar verkföllin höfðu staðið í viku, sáttatilraunir sáttasemjara reynzt árangurslausar og hann ekki lagt fram neina miðlunartill., lögðu stjórnarandstæðingar fram svo hljóðandi þáltill.:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj., að beita sér þegar í stað fyrir lausn verkfallanna með lagasetningu um verðtryggingu launa í samræmi við það, sem verkalýðshreyfingin hefur sett fram."

Ég er að vísu þeirrar skoðunar, að ríkisvaldið eigi ekki með lagaboði að grípa inn í kjaradeilu vinnuveitenda og launþega nema í fágætum undantekningartilfellum. Slíkt undantekningartilvik var fyrir hendi að mínum dómi í verkföllunum í vetur. Þau verkföll voru fyrst og fremst komin til vegna ráðstöfunar ríkisvaldsins vegna tiltekinnar lagasetningar. Það var yfirleitt ekki farið fram á grunnkaupshækkanir, heldur aðeins, að verðlagsuppbót skyldi greidd á kaup. Með l. frá 29. nóv. s. l. voru felld úr gildi lög frá 1964 um verðtryggingu launa. Ef þau lög hefðu ekki verið felld úr gildi og verðlagsuppbót greidd áfram, hefði ekki komið til kjaradeilu eða verkfalla. Það var kjarni málsins.

Nóvemberlögin um fortakslaust afnám vísitölubindingar á laun, jafnt hin lægri sem hin hærri, voru mistök. Í umræðum um þá lagasetningu voru stjórnarflokkarnir varaðir við, en þeir sinntu því miður ekki þeim varnaðarorðum og lögfestu frv. sitt óbreytt. Því fór sem fór. Úr því sem komið var var sá kostur beztur að viðurkenna mistökin og reyna að bæta úr þeim, eftir því sem hægt var. Hér átti því löggjafinn að skerast í leikinn, nema á brott ástæðu kjaradeilunnar og lögbjóða á ný verðtryggingu launa að því marki og á þann hátt, sem nauðsynlegt var, til þess að verkalýðsfélögin gætu aflétt verkföllunum. Þegar hér var komið, var vitað, að verkalýðsfélögin vildu sætta sig við takmarkaða vísitöluuppbót, þ. e. binda fulla verðlagsuppbót við 10 eða 11 þús. kr. mánaðarlaun. Þau vildu einnig fallast á, að greiðsla verðlagsuppbótarinnar kæmi á þessu ári í áföngum, þannig að full vísitöluuppbót á kaup það, sem um var að ræða, 10 eða 11 þús. kr. mánaðarlaun, kæmi ekki til fyrr en 1. des. á þessu ári. Með þeim hætti fengu atvinnuvegirnir nokkurt svigrúm og umþóttunartíma. Þetta voru sanngjarnar og hófsamar kröfur. Hvernig er hægt að komast af með 10 eða 11 þús. kr. laun á mánuði? Það er mér ráðgáta. Hvernig er hægt að fara fram á það við menn, sem hafa um það bil 130 þús. kr. árstekjur, að þeir lækki laun sín? En það var í reyndinni gert. Óbreytt laun og án uppbótar frá því fyrir gengislækkun jafngilti því, að launalækkun hefði átt sér stað. Gengisfellingin hefur í för með sér kjararýrnun fyrir launamenn. Það er raunverulega kauplækkun, þó að krónutalan sé sú sama. Hér var í raun og veru ekki farið fram á annað en að þessir menn héldu óbreyttu kaupi frá því fyrir gengislækkun, þó með tilslökunum. Það var ekki fram á mikið farið. Það var fjarstæða að láta sér nokkurn tíma detta í hug, að þessir launalægstu menn gætu tekið á sig kjaraskerðingar af völdum gengisfellingarinnar. Það, sem í raun og veru var farið fram á, var, að efnisreglur verðtryggingal. frá 1964 giltu áfram að því er varðaði lægstu laun, og þó með tilslökunum á þessu ári. Hér var því gullið tækifæri fyrir löggjafann til að binda endi á verkföllin. Það vildi hann ekki nota. Stjórnin fékkst ekki einu sinni í útvarpsumræður um málið. Hún kærði sig ekki um kastljós á frammistöðu sína í þessu máli. En eftir að þessi þáltill. kom fram, komst meiri og betri skriður á lausn deilunnar en áður. Fyrir atbeina sáttasemjara tókst svo að leysa hana með þeim hætti, sem allir þekkja og að mestu leyti er í samræmi við það, sem verkalýðshreyfingin hafði sett fram og áður er lýst, og þó með nokkurri tilslökun. Ég stend alveg við það, að það sé engum til sæmdar, ef svo er nú komið í íslenzku þjóðfélagi, að ekki sé hægt að greiða fulla vísitöluuppbót á 10 þús. kr. mánaðarlaun. En þegar verkföllin leystust, þá höfðu þau staðið í hálfan mánuð. Hvað skyldu þau hafa kostað atvinnuvegina og þjóðina í heild? Ætli það hefði ekki verið skynsamlegra af stjórninni að sýna minni stífni í máli þessu og greiða strax fyrir lausn kjaradeilunnar með lögfestingu verðlagsuppbótar á lægstu laun? Það má segja, að þetta mál heyri nú sögunni til og umræður um það nú breyti ekki neinu úr því sem komið er, hvorki til né frá. En ég taldi samt rétt að minnast aðeins á það, bæði til að minna á þátt stjórnarinnar, sem vissulega má ekki gleymast, svo og til þess að skýra, hvers vegna ég taldi rétt, eins og á stóð, að Alþ. skærist í leikinn.

Eitt er það fyrirbæri í íslenzkum þjóðmálum um þessar mundir, sem mér þykir einna iskyggilegast. Það er hinn sívaxandi skuldahali, sem hið opinbera dregur á eftir sér á fjölmörgum sviðum, svo sem vegna sjúkrahúsbygginga, skólabygginga, hafnarmála, vegamála og félagsheimila, svo að eitthvað sé nefnt. Þessar skuldir skipta nú orðið mörg hundruð milljónum. Á þessu ári á enn að bæta við mörgum milljónatugum. Afborganir og vextir af þessum skuldum éta upp árlegar fjárveitingar. Öllum þessum skuldaböggum er svo velt yfir á framtíðina. Þessi stjórn leggur ekki gull í lófa framtíðarinnar. Hún bindur framtíðina á skuldaklafa. Það verður óskemmtilegt fyrir þá menn, sem eiga við að taka skuldasúpunni og greiða eiga víxilinn. Einhvern tíma kemur að skuldadögunum. Vitaskuld hefur í flestum tilfellum verið um nauðsynlegar framkvæmdir að ræða. Það verður að sníða sér stakk eftir vexti og vinna að málum skipulega. Annars endar allt í óreiðu. Það er óforsvaranlegt ábyrgðarleysi af ríkisvaldinu að hafa horft upp á hinn geigvænlega viðskiptahalla, án þess að gera í tæka tíð viðeigandi ráðstafanir til varnar. Það er ekki búið að bíta úr nálinni með það.

Framkoma stjórnarinnar gagnvart Alþ. væri efni í langan lestur. Helztu mál eru algerlega kokkuð utan þings af embættismönnum stjórnarinnar, áður en þau eru lögð fyrir Alþ. Þingið verður oft aðgerðalítið að bíða eftir því vikum eða jafnvel mánuðum saman. Þegar þau loks eru lögð fyrir

þingið, er þeim rennt þar í gegn á færibandi, án þess að við nokkru megi hreyfa, hvað vitlaust sem það er. Það er ekki að furða, þó að jafnvel sjálfstæðismenn séu farnir að tala um Alþ. sem afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj. Þessum starfsháttum þarf að breyta.

Ég hef nú deilt allharkalega á stjórnina og þingmeirihlutann, og er þó margt ótalið, sem ég tel aðfinnsluvert. Ég hef gagnrýnt stjórnarliðið fyrir stefnuleysi, handahófsaðgerðir og ábyrgðarleysi. Ég ætla ekki í þetta skipti að fara lengra út í þá sálma. Ég viðurkenni, að vandamálin hafa á margan hátt verið erfið úrlausnar, og ég verð að játa, að mér finnst útlitið allt annað en bjart á næstunni. En nú kunna menn að spyrja: Hvernig hefði Framsfl. brugðizt við vandamálunum, ef hann hefði átt sæti í ríkisstj.? Hvað vill Framsfl.? Það er eðlileg spurning. Ég ætla hér á eftir að víkja nokkuð að henni og að stefnu Framsfl. Vitaskuld verður aðeins hægt að drepa á fáein atriði.

Ég vil fyrst geta þess, að við framsóknarmenn státum ekki af því að eiga í okkar fórum neinn töfrasprota, sem geti í einum svip breytt öllu til betri vegar. Það er aðeins með skipulegri þróun í rétta átt, sem málum verður smám saman komið í viðunandi horf. En það þarf í upphafi að átta sig á, hvert á að stefna, og stíga skrefin í þá átt. Framsfl. vill í þjóðarbúskapnum fylgja markvissri stefnu í stað happa- og glappaaðferðar. Framsfl. vill skipulag í stað þess stjórnleysis, sem ríkt hefur á allt of mörgum sviðum.

Framsfl. telur, að eins og sakir standa hljóti aðalviðfangsefnið að vera endurreisn atvinnuveganna og bættur þjóðarhagur. Það þarf að breyta um stefnu gagnvart undirstöðuatvinnuvegunum. Það þarf að koma þeim í það horf, að þeir geti starfað og byggt sig upp með eðlilegum hætti. Það þarf að draga úr fjármagnskostnaði þeirra, einkanlega með því að stórlækka vexti af stofnlánum þeirra og rekstrarlánum. Það þarf einnig að létta af þeim ýmsum opinberum gjöldum, sem á þá hefur verið hlaðið að undanförnu og þeir fá ekki undir risið. Það þarf að fullnægja lánsfjárþörf þeirra með eðlilegri hætti en átt hefur sér stað á allra síðustu árum. Einkanlega þarf að gefa þeim kost á sérstökum lánum til hagræðingar og framleiðniaukningar, en á því sviði er umbóta þörf í ýmsum atvinnugreinum. Þá þarf og að taka ýmsa þjónustustarfsemi við undirstöðuatvinnuvegina til gagngerðrar endurskoðunar. Þar er áreiðanlega hægt að koma við margvíslegri hagræðingu. Það er enginn vafi, að með þeim hætti má spara undirstöðuatvinnuvegunum verulegar fjárhæðir. Ég nefni t. d. bankakerfið, olíudreifinguna og tryggingarnar. Hvaða vit er í öllum bankabyggingunum og bankaútibúunum? Halda menn, að þetta kosti ekki neitt? Og ætli það væri ekki hægt að spara eitthvað í mannahaldi, ef bankar væru sameinaðir? Ætli það væri ekki hægt að koma við hagræðingu í olíudreifingunni? Mörgum sýnist það. Tryggingar eru sagðar hér miklu dýrari en annars staðar. Sjálfsagt liggja til þessa eðlilegar orsakir. En það er samt vissulega ástæða til þess að athuga þau mál. Sjálfsagt má hér einnig nefna ýmsa viðgerðaþjónustu. Líklegt er, að þar mætti koma við ýmissi hagræðingu. Með þeim ráðstöfunum, sem hér hafa verið nefndar, má eflaust stórbæta aðstöðu atvinnuveganna. En lækkun framleiðslukostnaðar er ekki nema önnur hliðin. Hins þarf einnig að gæta, að gera útflutningsafurðirnar sem verðmætastar. Þess vegna þarf m. a. að leggja ríka og vaxandi áherzlu á vöruvöndun og gæðaeftirlit. Einnig þarf að sinna markaðsleit og markaðskönnun með allt öðrum hætti en hingað til. Það þarf að taka upp sparnað í ríkisbúskapnum, ekki neinn sýndarsparnað heldur raunverulegan sparnað. Yfirbygging okkar fámenna þjóðfélags er orðin allt of dýr og úr kostnaði við hana verður að draga. Það er undirstöðuatvinnuvegunum ofviða að standa undir henni, við verðum í þeim efnum að læra að sníða okkur stakk eftir vexti. Við getum ekki hagað okkur að hætti stórþjóða. Vafalaust má t. d. eitthvað spara í æðstu stofnunum og utanríkisþjónustu, en ekki vil ég hér fara út í það að nefna einstök dæmi.

Framsfl. telur, að taka þurfi upp stjórn í fjárfestingarmálum. Það skipulagsleysi, sem þar hefur ríkt að undanförnu, fær ekki staðizt, það er þjóðarheildinni of dýrt. Hitt er annað mál, að þar má ekki fara út í neina ofstjórn, svo sem átti sér stað á dögum fjárhagsráðs, er menn voru sektaðir fyrir að nota sementsslatta til að steypa garð við hús sín, en þá fóru aðrir með stjórn þeirra mála en framsóknarmenn. Það þarf einnig að gæta meira hófs í innflutningi en að undanförnu. Þjóðin hefur ekki efni á því, eins og nú er ástatt, að dýrmætum gjaldeyri sé sóað í hreinan óþarfa. Það verður að sporna við viðskiptahallanum, áður en við erum komnir alveg á kaf.

Allir eru sammála um, að landbúnaður verði að njóta verndar og að ekki eigi að leyfa innflutning landbúnaðarvara. Íslenzkur landbúnaður stæðist ekki slíka samkeppni. Ég held, að hið sama eigi við um ýmsan innlendan iðnað. Hann getur ekki þrifizt, nema hann njóti verndar. Ég held, að við höfum ekki efni á að leggja allan þann iðnað niður, sem ekki þolir samkeppni við innfluttan iðnaðarvarning. Þetta er sá sannleikur, sem við þurfum og eigum að horfast í augu við.

Framsfl. telur, að taka eigi upp áætlunarbúskap undir forustu ríkisvaldsins og í samstarfi við fulltrúa atvinnulífsins. Gera verður raunhæfar framkvæmdaáætlanir, ekki sízt fyrir einstaka landshluta, þar sem þörf er á sérstakri atvinnuuppbyggingu. Peningapólitíkina verður að miða við það, að framleiðslugeta atvinnuveganna sé fullnýtt og að ekki komi til atvinnuleysis. Atvinnuleysi er ein áþakanlegasta sóun í mannlegu samfélagi. Framsfl. telur því, að einskis megi láta ófreistað til að afstýra atvinnuleysi. Það þarf því að gera alveg sérstakar ráðstafanir til atvinnuuppbyggingar á þeim stöðum, þar sem atvinna hefur verið ónóg. Er í því sambandi athugandi, hvort ekki sé rétt eða hvort

ekki ætti að verja stærri hluta atvinnuleysistryggingasjóðs en nú er gert til framkvæmda, er treysti atvinnuöryggi.

Jafnframt því, sem snúast verður sérstaklega við vandamálum atvinnuveganna í dag, þarf að vinna með ákveðnari og markvissari hætti að framtíðaruppbyggingu atvinnulífsins í landinu. Þar þarf einnig að hagnýta í auknum mæli hinar stórstígu framfarir á sviði þekkingar og tækni og vinna skipulega að því að renna fleiri stoðum undir þjóðarbúskapinn. Í því sambandi ber að leggja megináherzlu á að hagnýta sem bezt innlend hráefni og náttúruauðlindir, auka fjölbreytni og framleiðni í vinnslu landbúnaðar- og sjávarafurða, stofnsetja og efla iðnfyrirtæki sem víðast og kanna nýjar leiðir til aukinnar hagnýtingar orkulinda.

Andstæðingar Framsfl. hafa reynt að dreifa því út, að flokkurinn væri andvígur stóriðju. Þetta er alrangt. Framsfl. er fylgjandi því, að stóriðju sé komið á fót, eftir því sem skilyrði eru fyrir hendi. En hann vill ekki fyrir þá sök vanmeta og vanrækja rótgróna undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Hann vill ekki heldur kaupa stóriðju því verði að veita útlendingum hér forréttindaaðstöðu eða undanskilja slík fyrirtæki íslenzkum lögum. Flestir framsóknarmenn voru andvígir álsamningnum, af því að þeir töldu ákvæði hans óhagstæð eða óaðgengileg með öllu, en ekki af því, að þeir væru að stefnu til andvígir stóriðju, sem Íslendingar ættu hlut að. Á þetta vil ég leggja sérstaka áherzlu, af því að afstaða framsóknarmanna til þessa máls hefur verið rangtúlkuð.

Framsóknarmenn vilja beita sér fyrir raunhæfum aðgerðum til eflingar jafnvægi í byggð landsins. Þeir leggja áherzlu á, að ráðstöfun ríkisfjármuna og erlendra lána sé við það miðuð. Þetta markmið á að hafa í huga við staðsetningu framkvæmda atvinnurekstrar- og þjónustustofnana.

Framsóknarmenn leggja áherzlu á auknar framfarir í skólamálum, heilbrigðismálum og samgöngumálum. Jafnframt er nauðsynlegt, að skipulag byggingaframkvæmda á þeim sviðum sé endurskoðað með aukna hagkvæmni fyrir augum. Stefna Framsfl. birtist auðvitað annars í þeim málum, sem þeir hafa flutt á þingi bæði nú í vetur og áður. En þau hafa oftast hlotið sömu meðferð að heita má, þ. e. að þau eru tekin til 1. umr., vísað til n. og þar eru þau svæfð. Það er ástæða til að benda mönnum á að kynna sér þau mál sem bezt, t. d. landbúnaðarmálin, sem framsóknarmenn hafa flutt.

Framsfl. vill styðja réttmætar kröfur launþega. Hann viðurkennir þá miklu þýðingu, sem starfsemi verkalýðsfélaganna hefur haft fyrir fólkið í landinu, bæði með því að stuðla að bættum lífskjörum þess og með því að ýta undir almennar framfarir í landinu. Hann vill viðurkenna fullan samningsrétt launafólks sem sjálfsögð mannréttindi og veita honum vernd. Hann vill tryggja kaupmátt launa og telur, að með þeirri skipan sé vinnufriði bezt borgið. Hlutdeild launþega í vaxandi þjóðartekjum á hverjum tíma ber að tryggja. Stefna ber að aðild verkamanna að stjórn stærri atvinnufyrirtækja. Þá staðreynd ber jafnan að hafa í huga, að blómlegt atvinnulíf er hagur launþega ekki síður en atvinnurekenda.

Að endingu ætla ég að víkja nokkuð að stefnu Framsfl. í utanríkismálum. Framsfl. vill, að stefna Íslands í utanríkismálum sé að jafnaði við það miðuð að tryggja sjálfstæði og öryggi landsins. Leitazt sé við að skapa sem víðtækasta samstöðu landsmanna um utanríkismál. Er því nauðsynlegt, að ríkisstj. hafi fullt samráð við utanrmn. um öll meiri háttar utanríkismál og mótun utanríkismálastefnu. Jafnframt er æskilegt, að Alþ. séu gefnar skýrslur um utanríkismál og þar fari fram almennar umræður um þau. Það er skylt að viðurkenna, að núv. utanrrh. hefur sýnt meiri skilning í þessu efni en fyrirrennari hans og hefur tekið upp meiri samvinnu við utanrmn. en áður átti sér stað. Er það von mín, að það sé upphaf betri starfshátta í þessum málum. Framsfl. telur, að Íslendingum beri að kappkosta góða samvinnu við allar þær þjóðir, er þeir eiga skipti við, en leggur áherzlu á, að sem nánast samstarf sé haft við Norðurlandaþjóðirnar. Sérstaklega ber að leggja áherzlu á, að Íslendingar taki af alhug þátt í samstarfi Sameinuðu þjóðanna, Norðurlandaráðs, Evrópuráðs og öðrum slíkum samtökum, sem hafa það markmið að stuðla að friði og bættri afkomu og aukinni menningu þjóða. Framsfl. telur rétt að óbreyttum aðstæðum, að Íslendingar séu aðilar að varnarsamtökum vestrænna þjóða, og telur eðlilegt, að fylgzt sé rækilega með öllum breytingum, sem verða kunna á Atlantshafsbandalaginu og þróun alþjóðamála, og tekið sé til athugunar í sambandi við uppsagnarákvæði sáttmálans, þegar þar að kemur, hvort Íslendingar verði að vera áfram í bandalaginu.

Að því er dvöl varnarliðs hér á landi varðar, vil ég minna á þann fyrirvara, sem gerður var af hálfu Íslendinga, er þeir gerðust aðilar að Atlantshafsbandalaginu, en meginefni hans var á þá lund, að á Íslandi yrði ekki herlið á friðartímum, að það væri algerlega á valdi Íslendinga sjálfra, hvenær hér væri erlent herlið, og Íslendingar hefðu ekki eigin her og ætluðu ekki að setja hann á fót. Samkvæmt þessum fyrirvara og að óbreyttum aðstæðum vill Framsfl. vinna að því, að varnarliðið hverfi úr landi í áföngum á þann hátt, sem gerð var samþykkt um á síðasta flokksþingi framsóknarmanna og á miðstjórnaraðalfundi. Ég treysti því, að Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið skilji þá afstöðu. Ég vona, að nægilegt þingfylgi fáist sem fyrst við þessa stefnu.

Að því er varðar afstöðu til EFTA og Efnahagsbandalagsins vil ég aðeins segja þetta: Ég tel sjálfsagt vegna hagsmuna íslenzkra atvinnuvega að fylgjast sem bezt með því, hver framvindan verður í málefnum EFTA. Það er rétt að kynna sér, hvern ávinning Ísland kynni að hafa af samningi við þau samtök, svo og hvaða kvaðir fylgja. En ég vil eindregið vara við fljótfærnislegum ákvörðunum

varðandi hugsanlega aðild Íslands að EFTA, áður en nauðsynleg athugun málsins hefur farið fram. Ég tel alveg útilokað, að Ísland geti gerzt aðili að Efnahagsbandalaginu eins og það nú er byggt upp. — Góða nótt.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Undanfarin ár allmörg og fram á árið 1966 hafa verið góð ár fyrir íslenzka atvinnuvegi og fyrir þjóðarbúið í heild. Aflamagn fór vaxandi og náði hámarki það ár, eða 1 millj. 200 þús. tonnum, og hefur aldrei fyrr eða síðar orðið jafnmikið eða hærra. Verðlag á útflutningsvörum okkar fór stöðugt hækkandi, þannig að hægt var að mæta auknum tilkostnaði heima fyrir. En um þetta leyti varð hér mikil breyting á. Hvort tveggja fór saman, aflabrögðin minnkuðu og verðlagið tók að falla og svo mjög, að útflutningsverðmætið minnkaði um nálega þriðjung, lækkaði úr um það bil 6 þús. millj. kr. niður í nærri 4 þús. millj. á árinu 1967, minnkaði rétt um 1700 millj. kr. á þessu ári. Allt eru þetta þekktar staðreyndir, sem hafa verið margsagðar. En þessar staðreyndir þurfa að segjast oft, til þess að fólkið átti sig virkilega á því, sem gerzt hefur. Á góðu árunum, sem ég vil nefna svo, hafði þó tekizt að safna gjaldeyrisvarasjóði, sem nú var hægt að grípa til og firra algerum vandræðum. Um myndun þessa varasjóðs hafði staðið mikill styrr. Nauðsynleg forsenda fyrir myndun hans var að binda nokkurn hluta sparifjár landsmanna til að standa á bak við hann. Stjórnarandstaðan og alveg sérstaklega Framsfl. hefur alla tíð beitt sér harkalega gegn þessum ráðstöfunum, og það sem meira var, þeir hafa flutt um það till. á Alþ. að eyða honum í meira eða minna vafasaman innflutning. Ef þessi ráðagerð hefði tekizt, er augljóst, hvað skeð hefði, þegar gjaldeyristekjurnar minnkuðu svona gífurlega. Innflutningshöft og gjaldeyrisskömmtun hefði orðið einasta úrræðið, og það er ekki ólíklegt, að að þessu hafi verið stefnt markvisst með þessum aðförum að gjaldeyrisvarasjóðnum. En sem betur fer heppnaðist aðförin ekki, og með greiðslum úr sjóðnum var hægt að jafna hallann án þess að til skömmtunar þyrfti að koma og hafta á innflutningnum. Þeir, sem muna ástandið í gjaldeyrismálum okkar áður fyrri, t.d. á árunum 1959 og 1960, þó ekki sé lengra farið aftur í tímann, þeir geta gert sér í hugarlund, hversu nauðsynlegt það er að hafa varasjóð af þessu tagi upp á að hlaupa. Halli s.l. árs hefur nú verið jafnaður með greiðslum úr sjóðnum, og hefur þannig rætzt úr vandræðum augnabliksins og tóm gefizt til athugunar á varanlegum úrbótum. Að vísu vona menn í lengstu lög, að úr rætist vandræðunum, aflinn vaxi aftur og verðið hækki, en varlegast er þó að fara með gát. Það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að þorskveiðin fer minnkandi hér á norðurhöfum miðað við veiðieiningu og síldinni hefur af sérfræðingum verið spáð á næstu vertíð svipaðri staðsetningu og s.l. sumar. Þannig er bezt að vera við öllu búinn.

Stjórnarandstaðan, og þá sérstaklega Alþb.-fólkið, hefur verið að reyna að halda því fram, að hugleiðingar svipaðar þessum væru tilhæfulaus svartsýni og ættu sér enga stoð í veruleikanum, og þannig væri verið að gera of lítið úr þýðingu fiskveiðanna fyrir íslenzka þjóðarbúið. Stjórnarflokkarnir vildu draga saman fiskveiðarnar og snúa sér meira að öðrum atvinnugreinum. Þetta vildi ég segja, að væri tilhæfulaust með öllu. Ríkisstj. er ljóst, að fiskveiðarnar hljóta að verða aðaluppistaðan í útflutningi okkar í framtíðinni eins og hingað til, enda hefur ríkisstj. stutt að endurnýjun, aukningu og stækkun veiðiskipanna og fjölgun og stækkun vinnslustöðvanna í landi meira og betur en nokkurn tíma hefur verið gert áður. Hitt er svo annað mál, að ef samdráttur verður í sjávarútvegi af ástæðum, sem okkur eru óviðráðanlegar, verður að gera ráðstafanir til þess, að eitthvað það komi í staðinn, sem gæti bætt það upp. Í sambandi við lausn kjaradeilunnar fyrir um það bil mánuði síðan, gaf ríkisstj. út yfirlýsingu um fyrirætlanir í þessa átt, sem fyrst og fremst höfðu það markmið að koma í veg fyrir atvinnuleysi, enda hefur það ávallt verið markmið ríkisstj., að full atvinna gæti verið fyrir hendi fyrir alla landsmenn, og hefur hún vissulega verið fyrir hendi fram að þessu.

Þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hyggst gera, eru fyrst og fremst á sviði sjávarútvegsins, en einnig að verulegu leyti á sviði iðnaðarins. Er enginn vafi á því, að einmitt á sviði iðnaðarins eru miklir möguleikar á að gera atvinnulíf okkar fjölbreyttara vegna hinna miklu möguleika til orkuvinnslu, sem hér eru fyrir hendi. Sú byrjun, sem þegar hefur verið hafin, lofar góðu. Kísilvinnslan við Mývatn og alúmíníumbræðslan við Straumsvík eru komnar vel á veg og hafa þegar við byggingarframkvæmdirnar veitt 900—1000 manns atvinnu, þegar Búrfellsvirkjun er talin með, en hún hefði ekki komið til framkvæmda strax, ef ekki hefði komið til orkusala til alúmíníumverksmiðjunnar. Stjórnarandstaðan barðist harkalega á móti alúmíníumverksmiðjunni með þeim rökum einum, að ekki mætti veita útlendingum leyfi til að byggja hana og reka. Lá þó ljóst fyrir, að ef þeir byggðu ekki verksmiðjuna, mundi hún ekki hafa verið byggð, þar sem útilokað var, að Íslendingar gætu með nokkrum hætti byggt verksmiðjuna samtímis með Búrfellsvirkjun, og margar fleiri ástæður komu þar líka til. Þó að ekki þurfi jafnmarga menn til reksturs eins og til byggingarframkvæmda, er þó víst, að þessi starfsemi muni verða snar þáttur í okkar atvinnulífi, og hefur þegar sýnt í raun, hversu miklu þetta munar. Margir möguleikar aðrir eru nú þegar til athugunar og geta orðið að veruleika fyrr en varir. Ég tel engan vafa á, að íslenzkt atvinnulíf muni í náinni framtíð mótast af framkvæmdum í stóriðnaði, hvort sem stjórnarandstöðunni líkar það betur eða verr. Um þátttöku erlendra aðila í þessari starfsemi vil ég aðeins segja það, að Alþfl. hefur mótað sér þá stefnu að taka hvert tilfelli fyrir sig til athugunar, útiloka ekkert fyrirfram, en gera heldur enga sam-

þykkt fyrirfram um erlenda þátttöku í þessari starfsemi. Verði sá háttur frekar hafður á að rannsaka hvert tilfelli fyrir sig og gera sér grein fyrir, hvort heppilegra mundi, að Íslendingar sjálfir gætu gert þetta eða ekki eða að útlendingum verði veitt leyfi, ef það væri talið heppilegra. Báðir stjórnarandstöðuflokkarnir halda því fram, að stjórnarstefnan sé röng, henni sé um að kenna, að atvinnureksturinn í landinu berjist í bökkum, en honum mundi örugglega vegna betur, ef farin væri „hin leiðin" svokallaða, eins og það hefur verið orðað með nokkuð óákveðnu orðalagi.

En hver er þá stefna ríkisstj.? Ég hef áður minnzt á gjaldeyrisvarasjóðinn og sparifjárbindinguna í sambandi við hann. Ég leyfi mér að fullyrða, að einmitt með gjaldeyrisvarasjóðnum hafi tekizt að verjast áföllum nú í sambandi við minnkandi gjaldeyristekjur. Hefði sá sjóður ekki verið til nú, hefðum við ekki komizt hjá innflutningshömlum og gjaldeyrisskömmtun. „Hin leiðin" í því máli hefði dugað okkur illa til þess að mæta erfiðleikunum. Það hefur líka verið stefna ríkisstj., að verzlunin yrði sem mest gefin frjáls, og það hefur tekizt nálega alveg. Að nokkru leyti hefur þetta verið hægt vegna gjaldeyrisvarasjóðsins og það, sem enn skortir á í þessum efnum, er vegna jafnkeypissamninga við nokkur viðskiptalönd okkar. Þessi lönd eru þó nú hvert á fætur öðru að hverfa frá jafnkeypisfyrirkomulaginu og taka nú upp sams konar viðskiptahætti og Vestur-Evrópuríkin hafa haft, flest a.m.k. Innflutningshöft og skömmtun hafa verið tekin hér upp áður fyrr af illri nauðsyn vegna gjaldeyrisskorts, og langar víst fáa, sem við það fyrirkomulag hafa búið, að verði tekin upp að nýju. „Hin leiðin," í þessu falli innflutningshöft og skömmtun, er áreiðanlega ekki eftirsótt af neinum.

Svipað má segja um fjárfestinguna. Ríkisstj. hefur gefið hana frjálsa, en áður gátu menn ekki hreyft sig í þeim efnum, nema með leyfi í bak og fyrir. Stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt þetta frjálsræði og hefur talið, að það hafi leitt til misnotkunar og ýmsar framkvæmdir verið hafnar, sem hreinn óþarfi hafi verið að ráðast í. „Hin leiðin" hafi verið betri og gagnlegri að hafa allt í gamla farinu. En vitaskuld er aldrei hægt að fyrirbyggja, að einhver mistök verði, þar sem fullt frelsi ríkir, en í samanburði við ástandið eins og það var, þegar enginn mátti gera neitt nema að fengnum tilbærilegum leyfum, hygg ég, að flestir hafi viljað hafa þetta svo frekar heldur en fara „hina leiðina". Þess er líka skylt að geta, að ríkisstj. og alveg sérstaklega bankarnir hafa hér í hendi sér að gera áætlanir um ýmsa hluti og fylgja þeim eftir. Hafa áætlanir verið gerðar um ýmsar framkvæmdir a vegum ríkissjóðs, svo sem í vegamálum, hafnarmálum, flugmálum o. fl., og hafa framkvæmdaáætlanir í þessum efnum og fleirum rúmazt vel innan hins frjálsa kerfis. Sama má segja um íbúðarhúsabyggingar, sjúkrahúsabyggingar o.fl.

Eitt er það, sem stjórnarandstaðan hefur fundið ríkisstj. til foráttu, og það er það, að atvinnuvegunum hafi ekki verið útvegað nægilegt rekstrarfé og með of háum vöxtum það litla, sem útvegað hefur verið, og hefur þá sparifjárbindingunni oftast verið um kennt. Í skýrslu Seðlabankans, sem flutt var nú fyrir nokkrum dögum, kemur þó í ljós, að bundnar innistæður sparifjár námu í árslok 1967 1908 millj. kr., en útlán Seðlabanka til banka og fjárfestingarlánastofnana og annarra aðila námu á sama tíma 2457 millj. kr. eða 549 millj. meira en hið bundna fé er samtals. Sparifjárbindingin í Seðlabanka er einnig nauðsynleg forsenda fyrir útlánum bankans til viðskiptamanna og fjárfestingarlánasjóða, eins og hún er það einnig fyrir gjaldeyrisvarasjóðinn. Það hefur nokkuð örlað á þeirri skoðun hjá stjórnarandstöðunni og alveg sérstaklega hjá Framsfl., og kom meira að segja fram hjá síðasta hv. ræðumanni, að útlánamöguleikar Seðlabankans væru á engan hátt bundnir því raunverulega fé, sem bankinn hefur til umráða. Ég vildi segja um það atriði, að af öllu hættulegu, sem felst í „hinni leiðinni", að svo miklu leyti, sem maður getur gert sér grein fyrir, mundi þetta vera eitthvað það hættulegasta að velta út falskri kaupgetu til almennings, sem engin raunveruleg verðmæti standa á bak við. Slíkt getur ekki leitt til annars en algers hruns. Gengisbreytingar íslenzkrar krónu hafa af óviðráðanlegum orsökum verið hér allt of tíðar, þó að þetta kæmi ekki til líka.

Þá hefur stjórnarandstaðan gagnrýnt vaxtafótinn; hann væri mikils til of hár fyrir atvinnuvegina. En því er til að svara, að þar eð gengi krónunnar hefur á mörgum undanförnum árum verið ótryggt, og gildir þá einu, hvaða stjórn hefur verið við völd, þá hefur spariféð verið í hættu og vextir á innlánsfé þurft að vera háir til þess að mæta þeirri áhættu, sem spariféð hefur verið í, en sparifjársöfnunin er grundvöllurinn fyrir heilbrigða efnahagsþróun.

Eins og ég hef áður minnzt á, er það eitt af meginstefnuskráratriðum ríkisstj. að viðhalda fullri atvinnu í landinu og koma í veg fyrir atvinnuleysi, sem er eitt mesta böl hverrar þjóðar, þar sem það verður ekki umflúið. En hér er við ramman reip að draga, og það er verðbólgan. Það er sjálfsagt að játa það hér eins og er, að ríkisstj. hefur ekki tekizt að koma í veg fyrir verðbólguvöxtinn. Það hefur raunar engri ríkisstj. tekizt til fulls. En inn á milli hækkananna hafa komið tímabil, sem hægt hefur verið að halda þessum verðbólguvexti nokkurn veginn í skefjum. Svo var t.d. í upphafi núverandi stjórnarsamstarfs 1959—1961, þegar vísitala framfærslukostnaðar stóð nokkurn veginn í stað. Og það sama gerðist raunar frá miðju ári 1966 í rúmt eitt ár. En í þessi 9 ár, sem liðin eru, frá því að ný vísitala var tekin upp 1959, hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað samtals um 109 stig eða að meðaltali um 12 stig á ári. Það er vitaskuld ekki óeðlilegt, að launafólk þurfi að fá bætur á laun sín með hækkandi verðlagi, en vitaskuld fer sú hækkun fyrr eða síðar út í verðlagið og atvinnureksturinn fær á sig hækkandi tilkostnað. Þessum aukna til-

kostnaði hefur verið mætt með tvennu móti. Í fyrsta lagi hefur verðlagsþróunin á okkar útflutningsvörum verið okkur hagstæð og í öðru lagi hefur ríkissjóður hlaupið undir bagga, bæði sjávarútvegi og landbúnaði veittir verulegir styrkir, svo að hundruðum millj. kr. skiptir á ári. En nú, þegar verðlagsþróunin hefur snúizt við og orðið okkur óhagstæð, skapast ný viðhorf. Hækkun tilkostnaðar verður ekki lengur mætt með hækkandi verðlagi útflutningsvörunnar. Og vissulega eru takmörk fyrir því, hversu mikið ríkissjóður getur lagt fram til styrktar, enda er þess fjár, sem styrkveitingarnar nema, frá almenningi aflað í einu formi eða öðru. Er þá raunar ekki nema tvennt til, það fyrra að draga úr tilkostnaði og það síðara að hætta starfseminni. Ef verðlagið á útflutningsframleiðslunni breytist ekki til hins betra eins og vonazt er eftir, er engin þriðja leið til. Það verður nú verkefni, og ég mundi segja eitt aðalverkefni ríkisstj. að sjá til þess, að ekki þurfi til þess að koma, að rekstur atvinnufyrirtækja stöðvist. En eitt er alveg víst, að ef ekki bregður til hins betra með verðlagið á útflutningsvörunni, fer ekki hjá því, að öll þjóðin í einhverju formi verður að taka á sig byrðarnar. Það, sem undir engum kringumstæðum má ske, er, að reksturinn stöðvist og atvinnuleysið haldi innreið sína, hvernig sem að því verður farið.

Þetta þykir nú kannske nokkuð mikil svartsýni, en það er skylt að vera við öllu búinn. Erfiðleikarnir í sambandi við efnahagsmál eru ekki sérstakt fyrirbæri fyrir okkur Íslendinga. Sama er uppi á teningnum hjá nágrannaþjóðum okkar, og viðbrögð þeirra við þessum vanda eru mjög hörð og mjög raunsæ. Og þeir virðast fastráðnir í því að takast á við erfiðleikana. Sama verðum við að sjálfsögðu einnig að gera og það því fremur, sem við erum fátækari og fámennari og eigum færri úrkosta völ. Samstarf núv. stjórnarflokka um þessi atriði og önnur hefur nú staðið í 9—10 ár og er það mjög óvenjulegt hér á landi, að stjórnarsamstarf standi svo lengi. Ég hef átt samstarf við alla flokka, einnig þá, sem nú eru í stjórnarandstöðu. Og ég verð að segja það, að mér hefur ekki líkað við aðra samstarfsflokka betur en núv. samstarfsflokk okkar. Vitaskuld ber okkur á milli í grundvallaratriðum, en þau ágreiningsmál látum við liggja og sannfærum þar væntanlega hvorugur annan. En um lausn vandamála dagsins, sem ráða þarf til lykta af raunsæi, höfum við í flestum tilfellum getað komið okkur saman, þó að hitt sé raunar líka til, að samkomulag sé ekki einnig um þau mál, en þau eru ekki mjög mörg. Ég vænti því þess fastlega, að samkomulag takist á milli flokka okkar, stjórnarflokkanna, um lausn þeirra mála, sem nú kalla mest að, ekki með áróður fyrir augum eða sýndarmennsku, heldur um að takast raunverulega á við vandamálin, sem verður að gera, ef góð lausn á að fást.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Að venju undanfarinna ára eru hinar almennu stjórnmálaumr., eldhúsdagsumr., nú hafðar í þinglokin. Við þetta tækifæri mun ég sérstaklega gera að umræðuefni athafnir og stefnu ríkisstj. gagnvart launþegum og verkalýðshreyfingunni. Haustið 1966 greip ríkisstj. til hinnar svonefndu verðstöðvunarstefnu til styrktar „viðreisninni", sem þá var alvarlega farin að láta á sjá. Verðstöðvunarstefnan fól það í sér, að verðhækkunum var haldið niðri með stórauknum niðurgreiðslum úr ríkissjóði, og var þetta kallað viðnám gegn verðbólgunni. Þegar þetta gerðist, var ½ ár til alþingiskosninga og ríkisstj. var að sjálfsögðu mikið í mun að halda hylli kjósenda fram yfir kosningar.

Fyrir kosningarnar í fyrravor sögðum við Alþb.-menn, að verðstöðvunin leysti engin vandamál, hún þýddi aðeins að fresta vandanum fram yfir kosningar, og við töldum stjórnarflokkana vera að blekkja kjósendur, reyna að veiða atkvæði þeirra á röngum forsendum, því að eftir kosningarnar hlyti að koma að skuldadögum, kosningavíxlarnir að falla.

Stjórnarflokkarnir sögðu hins vegar í málflutningi sínum fyrir kosningar, að kosið væri um framhald verðstöðvunar, og þótt á bjátaði í búskapnum, kæmi það ekki að sök, því að varasjóðir væru gildir. En eftir kosningar kom annað hljóð í strokkinn. Á s.l. hausti taldi ríkisstj. nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að bæta hag ríkissjóðs og flutti frv. hér á Alþ., sem fólu í sér 750—800 millj. kr. nýjar álögur á ári. Stærsti hluti þessara ráðstafana var að lækka niðurgreiðslu ríkissjóðs á vöruverði um röskar 400 millj. kr. Þar lauk verðstöðvuninni, og nýju dýrtíðarflóði var boðið heim. Sérfræðingar ríkisstj. reiknuðu út, að afleiðingar þeirra verðhækkana, sem fylgdu í kjölfar þessara ráðstafana, hækkuðu vísitöluna um 7½%, en það var ekki ætlunin, að kaup hækkaði sem því næmi, eins og landslög sögðu þó fyrir um. Nú átti að slíta tengslin milli verðlags og launa, og vísitöluuppbótin, sem koma átti samkv. l. 1. desember, skyldi falla niður, og launafólk taka á sig bótalaust verðhækkanir á brýnustu lífsnauðsynjar. Verkalýðshreyfingin mótmælti þessum ráðstöfunum mjög eindregið og einróma. Hún taldi það algert samningsrof við sig, því að með þeim væri júní-samkomulagið frá 1964 um verðtryggingu launa, sem ríkisstj. var beinn aðili að, úr gildi numið með einhliða ráðstöfunum hennar. Verkalýðsfélögin létu ekki sitja við mótmælin ein. Þau kröfðust fullrar vísitölu 1. desember, og boðuðu að segja má allsherjarverkfall til að framfylgja þeirri kröfu sinni. En áður en til þessa víðtæka verkfalls kæmi, höfðu málin tekið nýja stefnu. Á fjörur ríkisstj. hafði rekið gengisfellingu Wilsons hins brezka á sterlingspundinu, og það tækifæri notaði ríkisstj. til að lækka gengi ísl. krónunnar um nærri 25%, og var það þriðja gengisfelling stjórnarflokkanna á 8 árum. Ekki var hægt að skrifa nema lítinn hluta þessarar gengisfellingar á reikning þeirrar brezku. Hún var að mestum hluta úttekt íslenzku ríkisstj. sjálfrar á viðreisnarbúinu.

Þegar hér var komið, breytti ríkisstj. um stefnu

varðandi greiðslu vísitölu á kaupið 1. desember, en því hafði hún staðfastlega neitað í löngum viðræðum við fulltrúa verkalýðsfélaganna. Nú lét hún þinglið samþykkja, að greiða skyldi verðlagsuppbót á kaupið 1. desember og forða með því hinum boðuðu verkföllum. En jafnframt skyldu ákvæðin um verðtryggingu launa endanlega numin úr lögum eftir þann tíma, og júní-samkomulagið þar með svikið og vinnufriðurinn rofinn. Talið var, að vísitalan mundi hækka um a.m.k. 10% vegna þeirra verðhækkana, sem kæmu í kjölfar gengisfellingarinnar. Þetta var álit sérfræðinga ríkisstj., en ýmsir töldu hækkunina verða mun meiri. Allar þessar verðhækkanir átti launafólkið að taka á sínar herðar bótalaust. Allt kaupgjald, einnig hinna lægst launuðu, átti að lækka í kaupmætti um a.m.k. 10%. Það mátti öllum ljóst vera, að verkalýðshreyfingin mundi ekki sætta sig við slíka kjaraskerðingu. Ráðstafanir ríkisstj. stefndu því beint að nýjum ófriði á vinnumarkaðinum. Verkalýðshreyfingin hafði sýnt það í verki með verkfallsboðuninni 1. desember, að hún stóð sameinuð að kröfunni um verðtryggingu launanna, og þegar þeim verkföllum var aflýst var jafnframt lýst yfir, að það væri markmið samtakanna að endurheimta verðtryggingakerfið. Það er nú öllum ljóst að loknu verkfalli, að full ástæða var til að taka aðvaranir verkalýðshreyfingarinnar alvarlega, en það gerði ríkisstj. ekki. Í endaðan janúarmánuð komu saman þing Alþýðusambandsins og Verkamannasambandsins. Báðar þessar samkomur skoruðu einróma á verkalýðsfélögin að vera við því búin að endurheimta fulla vísitölu á kaup með verkfallsbaráttu miðað við 1. marz, ef ekki dygði annað til. Allir vita nú, hverjar voru undirtektir verkalýðsfélaganna.

Sú skammsýna stefna ríkisstj. að afnema með öllu vísitölutryggingu á kaupið, einnig hjá þeim, sem hafa svo lágt kaup, að skerðing á því er óhugsandi, sé mönnum ætlað að lifa af því, þessi skerðingarstefna leiddi í síðastliðnum mánuði til víðtækustu verkfalla, sem gerð hafa verið hér á landi. Um það er lauk má segja, að það hafi nálgazt allsherjarverkfall, enda voru þá komin um 60 verkalýðsfélög í verkfall með yfir 20 þús. félagsmenn. Það var álit alls almennings, að verkalýðshreyfingin væri í nauðvörn og berðist fyrir réttlátum kröfum. Ekki var krafizt kauphækkana heldur aðeins, að launin héldu óbreyttum kaupmætti miðað við vöruverð. En þrátt fyrir allt þetta stóð verkfallið í 15 daga, og má segja, að það hafi lamað nær allt atvinnulífið. Alþ. sat á fundum allan tímann, en ekki er vitað, að ríkisstj. eða stjórnarflokkarnir aðhefðust þar neitt til að firra þjóðina hinum mikla vanda, en þeir hindruðu hins vegar útvarpsumr. um þáltill. stjórnarandstöðunnar til stuðnings málstað verkfallsmanna. Slíkar útvarpsumr. voru að mínum dómi sjálfsagðar og verkfallsmönnum gagnlegar á þeim tíma, sem till. kom fram. Mér er ekki kunnugt um þær yfirlýsingar, sem forsrh. Bjarni Benediktsson gat hér um áðan, að samningamenn í verkfallinu hefðu gefið í gagnstæða átt. Það kom í það minnsta ekki fram í samninganefndinni. En það hefur sjálfsagt verið ríkisstj. nægt tilefni til að hindra umr., að þær gætu orðið verkfallsmönnum gagnlegar. Í samningum þeim, sem gerðir voru í lok verkfallsins, gekk verkalýðshreyfingin með sigur af hólmi. Verðtrygging á kaupið er að nýju tekin upp, en þó með miklum skerðingum frá eldra vísitölukerfinu. Þessi skerðing hefur í för með sér, að kaupmáttur launanna minnkar verulega, og því er nauðsynlegt, að verkalýðshreyfingin undirbúi í tíma næsta þátt þessara mála. Höfuðröksemdir ríkisstj. fyrir þessari kjaraskerðingarstefnu hafa verið þær, að atvinnuvegirnir og þjóðarbúið í heild hafi orðið fyrir svo miklum áföllum vegna verðfalls og aflabrests, að ekki sé unnt að halda uppi óbreyttum lífskjörum, og því verði allir að fórna og taka á sig hluta byrðanna. Vera má, að við eigum nú í erfiðleikum með að halda alveg óbreyttum lífskjörum almennt séð. En það verður að segjast, að sú stjórnarstefna á engan rétt á sér og er dauðadæmd, sem við fyrstu erfiðleika, sem á vegi hennar verða eftir samfelld góðæri, sér engin önnur úrræði en þau að taka af þeim, sem minnst bera úr býtum fyrir vinnu sína í þjóðfélaginu.

En verkafólk hafði sannarlega tekið á sig sinn hluta byrðanna. Allt s.l. ár var ríkjandi mikill samdráttur í atvinnulífinu og hafði hann í för með sér stórminnkaðar tekjur margra starfsstétta. Þetta hefur komið fram í minni yfirvinnu og að yfirborganir hafa lækkað eða verið afnumdar hjá þeim, sem annars máttu heita í fullri vinnu. Það er erfitt að gera sér grein fyrir, hvaða áhrif þetta ástand hefur haft tölulega á kaupgetu verkafólks. Kaupmáttur meðallauna hafnarverkamanna í Reykjavík var talinn vera um 10% lægri á síðasta ársfjórðungi 1967 en á sama ársfjórðungi árið áður. Umsamið tímakaup hafði þó heldur hækkað á tímabilinu og koma því hér fram augljós áhrif samdráttarins. Og þess var getið, að allir voru þessir menn í stöðugri vinnu. Hjá öðrum starfsstéttum er lækkunin talin nema allt að 25—30%. Við þetta bætist svo, að nú hefur atvinnuleysið gert alvarlega vart við sig um allt land, í fyrsta sinn í meira en hálfan annan áratug. Í fyrravetur jaðraði við atvinnuleysi hér á höfuðborgarsvæðinu, og skólafólki gekk mjög erfiðlega að fá vinnu fram eftir sumrinu. Á síðustu mánuðum ársins má segja, að atvinnuleysi væri orðið alvarlegt. Um miðjan febrúarmánuð voru skráðir hér í Reykjavík 600 manns atvinnulausir samtímis. Gera má ráð fyrir, að nokkru fleiri hafi verið atvinnulausir en létu skrá sig, og tala hinna skráðu gefur heldur ekki rétta mynd, því ekki voru allir atvinnulausir samtímis.

Ríkisstj. og sérfræðingar hennar hafa áreiðanlega svör á reiðum höndum um orsakir þessa atvinnuleysis. Þar sé um að kenna erfiðleikum útflutningsatvinnuveganna og tíðarfarinu. Þessi skýring nægir þó engan veginn, þótt þessir þættir hafi vissulega sín áhrif. Þar kemur fleira til og þá ekki sízt sú stjórnarstefna, sem leyft hefur hömlu-

lausan innflutning á vörum, sem landsmenn áður framleiddu með góðum árangri. Þessi stefna hefur lagt í auðn fjölda nytsamra fyrirtækja og gert margt verkafólk atvinnulaust. Jafnframt virðist það svo vera orðin meginstefna að fela útlendingum sem allra mest af framkvæmdum hér innanlands, þótt innlend fyrirtæki og íslenzkar hendur geti vel afkastað þeim verkum, svo að ekki sé nú minnzt á þá forréttindaaðstöðu, sem erlendum auðhringum hefur verið fengin hér á landi.

Svo langt gengur þetta dekur við allt, sem útlent er, að opinber útboð eru höfð á erlendum málum, þótt boðið sé út hér innanlands. Þessi stefna er hættuleg íslenzku atvinnulífi og getur bókstaflega tafið fyrir verkmenningu íslenzkra manna og fyrirtækja.

Atvinnumálin eru nú þau mál, sem hvað mest kalla á úrlausnir. Þau verða eitt helzta viðfangsefni verkalýðshreyfingarinnar, enda á verkafólkið þar mikið í húfi. En þessi mál snerta ekki síður unga fólkið. Vegna samdráttarins í atvinnulífinu verður nú stöðugt erfiðara fyrir ungt fólk að komast í vinnu og mennta sig. Færri ungir menn komast nú í iðnnám, og horfur eru á, verði ekkert að gert, að hópar ungs fólks frá efnaminni heimilum verði að hætta skólanámi, ef ekki rætist úr fyrir því með atvinnu. Þessi viðhorf ættu félagssamtök ungs fólks að láta meira til sín taka en þau hafa hingað til gert.

Verkalýðshreyfingin hefur ávallt gert kröfu til fullrar atvinnu fyrir allar vinnufærar hendur, og öll stjórnarvöld þessa lands verða að gera sér ljóst, að böl atvinnuleysisins mun hún ekki líða. Ef stjórnarstefna stendur í vegi fyrir því, að réttar ráðstafanir í þessum efnum séu gerðar á réttum tíma, verður stjórnarstefnan að víkja.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. forsrh. hóf mál sitt í umr. hér fyrr í kvöld á því að reyna að afsaka framkomu sína í sambandi við till. þær, sem fluttar voru á þessu þingi af nokkrum Alþb.-mönnum og framsóknarmönnum, um styrjöldina í Víetnam. Till. um Víetnam-styrjöldina áttu augljóslega miklu fylgi að fagna á Alþ., þar sem stjórnarandstöðuflokkarnir stóðu að þeim, og þar sem utanrrh. og Alþfl.-menn voru þeim einnig fylgjandi, eins og fram kom í umr. hér á þingi. En samt hafa þessar till. ekki fengizt samþykktar vegna andstöðu forsrh. og flokksmanna hans. Forsrh. var þó eftir nokkur fundahöld neyddur til þess að gera samkomulag um afgreiðslu þessara till., en aðeins fáum dögum eftir að hann hafði gert samkomulagið við aðra flokka þingsins um afgreiðslu þessara till. hljóp hann frá því með yfirborðsafsökunum.

Enn hefur verið gert nýtt samkomulag á Alþ. um afgreiðslu Víetnam-till., en augljóst er á fjasi ráðh. nú, að enn hugsar hann sér að þvælast fyrir afgreiðslu málsins af fylgispekt sinni við erlenda aðila. Það er grátlegt, að forsrh. Íslands skuli vera svo ósjálfstæður að þora ekki að hafa sína eigin skoðun á þörf þess að stuðla að réttlátum friði í Víetnam.

Fátt hygg ég lýsa betur ráðleysi ríkisstj. og algeru getuleysi hennar að fást við þau verkefni, sem við er að glíma í málefnum þjóðarinnar, en þau furðulegu vinnubrögð, sem upp hafa verið tekin á Alþ. þessa síðustu daga af hálfu ríkisstj. Hverju stórmálinu af öðru er kastað fyrir þingið um leið og stjórnin tilkynnir, að þingstörfum verði að vera lokið ekki síðar en n. k. laugardag. Flest eru þessi mál illa undirbúin, sýnilega flutt í flaustri og oftast án lágmarksskýringa eða grg. Öll eiga þessi mál að fá afgreiðslu, þó að augljóst sé, að enginn möguleiki sé á því, að n. geti athugað þau eins og til er ætlazt samkv. þingsköpum. Hvað er það, sem veldur þessum einkennilega hamagangi og þeirri ófrávíkjanlegu kröfu, að þinginu verði að vera lokið nú á laugardaginn kemur? Jú, skýringin er sú, að ráðh. mega ekki vera að þessu þinghaldi lengur. Þeir þurfa að fara að ferðast til útlanda. Einn er þegar farinn fyrir nokkru og dvelst enn erlendis, annar hefur ákveðið að fljúga austur um haf á sunnudaginn, og verður því að vera laus við þingið á laugardag, og sá þriðji, höfuðpaurinn sjálfur, ætlar að fljúga vestur um haf einnig á sunnudaginn, og því þarf hann að losna við þingið. Kannske eru hinir ráðh. líka farnir að tygja sig til einhverra ferðalaga.

Af þessum ástæðum verður að ljúka þingi fyrir næstu helgi, hvað sem það kostar og hvernig sem ástatt er um afgreiðslu stórmála. Eitt af þeim málum, sem lagt var fyrir þingið á síðustu starfsdögum þess, var frv. um heimild handa ríkisstj. til þess að taka á þessu ári innlend og erlend lán nokkuð yfir 500 millj. kr. Í frv. er gerð lausleg grein fyrir því, til hvers þessu lánsfé skuli varið, en engar upplýsingar eru um væntanleg lánskjör á erlendu lánunum. Samkv. grg. frv. nema erlendu lánin nokkuð á 4. hundrað millj. kr., og þeim á að verja til ýmiss konar almennra framkvæmda, sem hingað til hafa verið kostaðar af ríkissjóði. Þannig á t.d. að verja 7 millj. kr. til þess að þoka áfram byggingu lögreglustöðvarinnar í Reykjavík og 7.2 millj. til þess að láta gera á kostnað ríkissjóðs hitaveitu fyrir kísiliðjuna við Mývatn. Þá á að verja nokkru af þessu erlenda fé til þess, að hægt verði að halda áfram við ýmsar vegagerðir, og nokkru á að verja til framkvæmda við þrjár landshafnir. Nokkru til venjulegra, árlegra framkvæmda á vegum Rafveitna ríkisins, og nokkuð af lánsfénu á að renna til þess að greiða afborganir af eldri lánum.

Eins og þessi upptalning ber með sér, er hér um það að ræða að taka erlend lán til venjulegra árlegra minni háttar framkvæmda á vegum ríkisins. Ástæðan til þess, að nú er ætlað að taka erlend lán í þessu skyni, er sú, að talið er útilokað, að hægt sé að fá innlend lán til þessara framkvæmda, og einnig er talið útilokað, að ríkissjóður geti ráðið við þessi útgjöld af sínum tekjum. Þegar „viðreisnin“ hóf göngu sína fyrir 8 árum, var mjög á því hamrað, að þjóðin hefði þá tekið of mikið af erlendum lánum.

Og þó voru lánin þá aðallega tekin vegna kaupa á nýjum framleiðslutækjum, sem stuðla áttu að aukinni gjaldeyrisöflun og vissulega gerðu það.

Nú er hins vegar önnur hagfræði komin til sögunnar. Nú virðist allt vera í lagi, þó að erlend lán séu tekin til þess að byggja lögreglustöð og til þess að þoka áfram vegaspottum hér og þar á landinu. Ég nefni hér annað mál, sem ríkisstj. hefur nýlega lagt fram á Alþ. og glöggt ber vitni um ráðleysi hennar og ringulreið. Hér er um að ræða frv. um hækkun á útflutningsgjöldum af sjávarafurðum til tekjuöflunar fyrir Vátryggingarsjóð fiskiskipa. Vátryggingarsjóður þessi er einstakur í sinni röð og hefur leitt til öngþveitisástands í vátryggingarmálum fiskiskipaflotans. Vátryggingariðgjöld íslenzkra fiskiskipa eru nú orðin meira en helmingi hærri en í nokkru öðru sambærilegu landi. Öll grundvallaratriði vátryggingarmála eru þverbrotin með þessu vátryggingarfyrirkomulagi. Þetta hefur ríkisstj. verið bent á æ ofan í æ á undanförnum árum, en hún virðist hvorki hafa heyrt né skilið þær aðvaranir. Þegar svo allt er komið í strand og vátryggingarsjóðurinn kominn raunverulega á hausinn, er það helzta úrræði ríkisstj. að hækka enn útflutningsgjöldin á sjávarafurðum, og draga þannig enn úr samkeppnismöguleikum okkar framleiðslu við þá erlendu á hinum erlendu mörkuðum. Samkv. þessu frv. verða öll útflutningsgjöld á saltsíld, ef frv. verður samþ., um það bil 14%, en á bræðslusíldarafurðum eru þau þegar orðin um 9.7%. Með þessu frv. er enn lagt til að ganga á umsaminn aflahlut sjómanna með því að taka þessi gjöld af óskiptu. Hér er því verið að lækka kaup sjómanna, skapa aðstæður, sem leiða til lækkunar á síldarverði og fiskverði. Afstaða ríkisstj. til undirstöðuatvinnuveganna og skilningsleysi hennar á þeim vandamálum atvinnulífsins, sem við er að fást, endurspeglast í þessu frv. Þegar vátryggingarmálefni fiskiskipanna eru komin í óefni, m.a. vegna rangrar stefnu, sem ríkisstj. ber sjálf ábyrgð á, þá kann hún engin ráð til úrbóta önnur en þau að leggja ný gjöld á sjávarútveginn sjálfan. Afleiðingarnar af slíkum nýjum álögum verða svo þær eins og venjulega, að sá, sem verið var að hjálpa, kemst í þrot, og honum þarf síðan að hjálpa á nýjan leik.

Eins og málum er nú háttað, er allt í óvissu með síldveiðar á komandi sumri. Engir samningar hafa enn verið gerðir um rekstrargrundvöll fyrir síldveiðiflotann. En samt kemur ríkisstj. fram með till. um að minnka enn launahlut síldveiðisjómanna, og gera enn erfiðara fyrir með það að sækja síld langt norður í höf og koma henni í salt eða verðmeiri verkun. Ríkisstj. getur hugsað sér að taka erlend lán til þess að byggja lögreglustöð og til þess að leggja kísilveg, en hún sér engin ráð til þess að skipa málum undirstöðuatvinnuveganna þannig, að þeir geti yfirleitt gengið. Stefna ríkisstj. í málefnum atvinnuveganna veldur þeim miklu meiri vanda en misjöfn aflabrögð og sveiflur á erlendum mörkuðum. Lækkandi verðlag á þýðingarmiklum útflutningsafurðum er vissulega þungbært. En afleiðingar þess verða óviðráðanlegar, þegar jafnframt fylgja okurháir vextir af öllum lánum, stuttur lánstími og óhagstæð lánskjör. Ónóg rekstrarlán og þar af leiðandi sífelldir greiðsluörðugleikar, síhækkandi innanlandsverðlag, drepþung útflutningsgjöld og óheyrileg ríkisyfirbygging með óteljandi skattlagningarformum. Sú stefna núv. stjórnarvalda að láta blind gróðasjónarmið ráða allri fjárfestingu í landinu, hefur vissulega kostað mikið fé. Einhver undirstöðuframleiðsla verður að borga allar bankabyggingarnar og allar nýju verzlunarhallirnar. Og einhver undirstöðuframleiðsla verður að greiða öllu því fólki, sem dregizt hefur í þjónustustörfin á undanförnum árum. Einhver undirstöðuframleiðsla verður að standa undir allri yfirbyggingu ríkiskerfisins. Og hver er svo þessi undirstöðuframleiðsla? Veit ríkisstj. það? Það er hvorki að sjá af till. hennar né heldur hægt að ráða af stefnu hennar í efnahagsmálum. Sú stefna, sem leitt hefur af sér á nokkrum árum margföldun bankakerfisins, 7 banka með mörgum tugum útibúa, sú stefna, sem leitt hefur til margföldunar á öllum kostnaði við verzlun, sú stefna, sem leitt hefur til þess, að vaxandi hluti af fjármagni þjóðarinnar hefur runnið til milliliðastarfsemi, sú stefna, sem leitt hefur til þess, að ríkisútgjöldin hafa meira en þrefaldazt á 5 árum, hún hefur kostað undirstöðuatvinnuvegina meiri og þyngri byrðar en þeir fá undir risið. Það er afleiðing þessarar stefnu, sem nú kemur fram í þeirri kaldhæðnislegu fjarstæðu, að undirstöðuatvinnuvegurinn, sjávarútvegurinn, er orðinn styrktarþurfi af þeim, sem áður hafa mergsogið hann. Það er stefna ríkisstj., sem leitt hefur af sér óheyrilega eyðslu í rekstri ríkisins á mörgum sviðum. Hún hefur leitt til þess, að nú kostar utanríkisþjónustan um 90 millj. á ári og lögreglukostnaðurinn í landinu fyrir utan allan kostnað af almennri löggæzlu, almennum löggæzlumálum, nemur nú orðið 135 millj. Það er þessi eyðslustefna, sem leitt hefur af sér hvers konar óreiðu og spillingu, eins og t.d. þá, að ríkissjóður skuli greiða í beina bílastyrki til ýmissa starfsmanna sinna um 13 millj. á ári, og auk þess þó að reka að fullu einkabíla fyrir 80 forstöðumenn ríkisstofnana. Það er þessi eyðslustefna, sem komið hefur löggæzlukostnaði ríkisins á Keflavíkurflugvelli, aðeins innan girðingarinnar þar syðra, upp í 19 millj. kr. á ári. Það er þessi eyðslustefna, sem gert hefur það að hversdagslegum fyrirbærum, að uppvíst verði um ótrúlegustu fjársóun, eins og t.d. það, að veitt hafi verið 18 millj. kr. til einskis nýtra almannavarna á nokkrum árum eða til þess, að búið sé að eyða 2½ millj. kr. í teikningar af væntanlegu stjórnarráðshúsi, sem þó er óráðið, hvort eða hvenær byggt verður.

Stefna ríkisstj. í málefnum atvinnuveganna hefur mótazt af skilningsleysi og vantrú. Af þeim ástæðum hefur togaraútgerðin verið að grotna niður. Af þeim ástæðum hefur minni fiskibátunum, sem veiðar stunda fyrir fiskiðnaðinn, fækkað og

rekstur þeirra dregizt saman. Af þeim ástæðum hefur ekkert miðað í þá átt að byggja hér upp nýjar greinar sjávarvinnslu, eins og niðursuðu og niðurlagningu. Og vegna þessa trúleysis stjórnarvaldanna á íslenzkum atvinnuvegum ríkir nú algert skipulagsleysi í framleiðslu landbúnaðarins með tilheyrandi stórfelldum erfiðleikum fyrir bændur, og það sama er að segja um stöðu iðnaðarins, en í málefnum hans hefur ríkisstj. heldur enga frambærilega stefnu. Stefna ríkisstj. í atvinnumálum og í verzlunar- og viðskiptamálum leiðir síðan óhjákvæmilega til sífelldra árekstra við vinnandi fólk í landinu. Ráð ríkisstj. út úr þeim vanda, sem stefna hennar óhjákvæmilega leiðir til, er svo jafnan aðeins eitt og hið sama: Aðeins að lækka kaupið annaðhvort með hækkunum verðlags án verðlagsuppbóta eða með beinni og umbúðalausri launalækkun, eins og nú á þessum vetri. Við þessa alröngu stjórnarstefnu verður þjóðin að losa sig hið allra fyrsta, ef ekki á illa að fara. — Góða nótt.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Á þessu ári verða 10 ár liðin síðan núverandi stjórnarflokkar bundust samtökum um það að freista þess að endurreisa efnahagslíf þjóðarinnar úr því öngþveiti, sem vinstri stjórnar ævintýrið hafði komið því í. Það er því ekki úr vegi að horfa um öxl og gera sér grein fyrir því, sem áunnizt hefur á þessum áratug. Að mínu áliti eru lífskjör þjóðarinnar og þær breytingar, sem á þeim hafa orðið, bezti mælikvarðinn á það, hvort þokað hefur í framfaraátt eða hið gagnstæða. Og hvað sem öllu öðru líður, er enginn vafi á því, að lífskjör þjóðarinnar hafa batnað mjög á þessum tíma, þannig að varla er ofsagt, að um byltingu hafi verið að ræða. Það er að vísu ógerningur að gefa það til kynna með neinni einni tölu, hvað mikið lífskjör almennings hér á landi hafa batnað síðan í árslok 1958. Að mínu áliti gefur það þó mikilvæga vísbendingu í því efni, að bera saman niðurstöður *neyzlurannsókna þeirra, sem vísitölugrundvöllur* sá, sem gekk í gildi um s.l. áramót, byggist á, og þeirra neyzlurannsókna, er hinn eldri grundvöllur, sem einmitt var lögfestur í ársbyrjun 1959, var byggður á. Fyrri neyzlurannsóknin var að vísu gerð á árunum 1953—1954. En þar sem engar verulegar breytingar munu hafa orðið á lífskjörum almennings frá þeim tíma þar til vísitölugrundvöllurinn var lögfestur, ætti hann að gefa nokkuð rétta mynd af lífskjörum launafólks, eins og þau voru í upphafi umrædds tímabils. Síðari neyzlurannsóknin var framkvæmd á árunum 1964—1965, en sé látin mætast sú hækkun raunverulegra tekna launþega, sem varð frá þeim tíma til ársins 1967, og sú kjaraskerðing, sem orðið hefur síðan á s.l. hausti, sem ekki ætti að vera fjarri lagi, ætti nýi vísitölugrundvöllurinn að gefa nokkurn veginn rétta mynd af lífskjörum launafólks eins og þau eru í dag. Báðar rannsóknirnar byggjast á upplýsingum um neyzluútgjöld 80—100 launþegafjölskyldna, en það úrtak hefur að dómi kauplagsnefndar og Hagstofunnar verið talið nægilega stórt til þess að gefa viðunandi rétta mynd af neyzluvenjum launafólks, eins og þær höfðu verið á hverjum tíma. Ef niðurstöður þessara tveggja neyzlurannsókna eru bornar saman, kemur í ljós, að ársútgjöld meðalfjölskyldu samkv. eldri grundvellinum námu að frádregnum fjölskyldubótum 143 þús. kr. með því verðlagi, sem var um s.l. áramót, það voru þær árstekjur, sem þurfti til þess að geta veitt sér þau lífskjör, sem meðalfjölskylda veitti sér samkv. eldri neyzlurannsókninni. En samkv. nýju neyzlurannsókninni námu útgjöld meðalfjölskyldu um s.l. áramót reiknuð á sama hátt 265 þús. kr. eða 122 þús. kr. meiru en það, sem þurfti til þess að veita sér það sama og meðalfjölskyldan veitti sér samkv. eldri grundvelli. Samkv. þessu ættu rauntekjur meðallaunþegafjölskyldu að hafa aukizt um nálægt 85% á þessu tímabili. Auðvitað er hér um mjög grófan mælikvarða að ræða, og sennilega nokkurt ofmat á þeirri aukningu rauntekna, sem átt hefur sér stað, þar sem fleiri útgjaldaliðum var sleppt úr eldri vísitölugrundvellinum en þeim nýja, auk þess sem raunverulegur vinnutími kann að hafa lengzt á tímabilinu, þó að það vegi hins vegar á móti þessu tvennu, að meðalstærð vísitölufjölskyldunnar hefur minnkað og tekjur, skattar og útsvör voru tekin með í eldri grundvellinum en ekki þeim nýja. Samt gefur þessi samanburður alveg ótvírætt til kynna, að launafólk hefur öðlazt stórkostlegar kjarabætur á þessu tímabili, varla undir neinum kringumstæðum minni en 50—60%. Samanburður á skiptingu heimilisútgjalda á einstaka liði gefur einnig glöggt til kynna þær miklu kjarabætur, sem hafa átt sér stað. Samkv. eldri grundvellinum námu útgjöld til kaupa á matvöru og óáfengri drykkjarvöru 45% heildarútgjalda, en aðeins 28½% samkv. þeim nýja. En margir telja það einhvern bezta mælikvarðann á lífskjör þjóða, hver hlutdeild matvörukaupa er í heildarútgjöldum, þannig að þeim mun lægri, sem sú hlutdeild er, þeim mun betri séu lífskjörin. Á sama tíma uxu útgjöld vegna hljóðvarps, sjónvarps, skemmtana og þess háttar úr 2.5% í 8.2% og útgjöld vegna einkabifreiðar, fargjalda og þess háttar úr 2.7% í 10.3%. Í því sambandi ber þess þó að gæta, að útgjöldum vegna eigin bifreiðar var sleppt úr eldri grundvellinum, en þá áttu aðeins 19% þátttakenda í neyzlurannsókninni eigin bíl, en 55% samkv. þeim nýja. Nú munu hv. stjórnarandstæðingar segja sem svo, að vitanlega hafi lífskjörin batnað verulega á þessum tíma, en það sé hvorki stefnu ríkisstj. né aðgerðum hennar í efnahagsmálum að þakka, heldur sé það eingöngu vegna hagstæðs verzlunarárferðis, meiri síldarafla og annarra utanaðkomandi áhrifa. Auðvitað ber ekki að vanmeta þann þátt, sem þessar ytri orsakir hafa átt í þeirri aukningu þjóðartekna og þjóðarframleiðslu, sem auðvitað hefur verið undirstaða aukinnar velmegunar. En á hinu má ekki missa sjónar, að skynsamleg stefna í efnahagsmálum kemur þar einnig mjög við sögu, og því til stuðnings vil ég leyfa mér að benda á eftirfarandi þrjú atriði.

Það er í fyrsta lagi a.m.k. ósannað mál, að hinn stóraukni síldarafli undanfarin ár sé vegna aukinnar fiskigengdar í sjónum. Það, sem þar hefur haft úrslitaþýðingu, eru framfarir í veiðitækni, betri skip og fullkomnari veiðarfæri. Hagnýting þeirrar tækni hefur vitanlega haft mikinn kostnað í för með sér, en ég leyfi mér að fullyrða, að í þann kostnað hefði aldrei verið lagt, ef gamla uppbótakerfinu, sem hélzt fram til 1960, hefði verið haldið áfram, eins og hv. stjórnarandstæðingar vildu þá. Þessar uppbætur voru mjög mismunandi eftir því, sem einstakar greinar útflutningsframleiðslunnar voru taldar þurfa. Þannig voru t.d. jafnvel eftir þá lagfæringu, sem þó var gerð á uppbótakerfinu, með bjargráðunum sælu vorið 1958, greiddar aðeins 55% bætur á Norður- og Austurlandssíld, en á aðrar afurðir allt að 150% eða meira. Hinar svokölluðu sérbætur á sumarveiddan smáfisk eða „framsóknarýsuna", sem gárungarnir nefndu svo, voru fræg dæmi um það. Þessar háu bætur á afurðir, sem skiluðu þjóðarbúinu litlum arði, gátu gert það að verkum, að frá sjónarmiði einstaklinga var hagkvæmara að stunda slíka framleiðslu en t.d. síldveiðar, sem voru stórkostlega skattlagðar með því að skipa þeim í lægsta bótaflokk. Það eru því engar líkur á, að útvegsmenn hefðu séð sér fært að leggja í hinn mikla tilkostnað við að taka upp nýja síldveiðitækni að óbreyttu uppbótakerfinu. Frá þeirra sjónarmiði hefði það verið miklu öruggara fjárhagslega að halda áfram að veiða smáýsuna.

Í öðru lagi má á það benda, að þótt engan veginn beri að vanmeta hagstæða þróun verðs útflutningsafurða okkar á heimsmarkaðinum fram á mitt ár 1966, hefur viðskiptafrelsið tvímælalaust átt sinn þátt í bættum viðskiptakjörum okkar gagnvart útlöndum, sem hafa verið svo mikilvægur þáttur í auknum þjóðartekjum okkar. Meðan vöruskiptaverzlunin var ríkjandi, urðum við að kaupa sem mest af þeim varningi, sem við þurftum að flytja inn, í þeim löndum, þar sem markaður var fyrir útflutningsafurðir okkar, þótt við gætum fengið þessar vörur á hagstæðara verði annars staðar. Með því að gefa innflutningsverzlunina að mestu frjálsa, hafa áðurnefnd tengsl verið rofin, þannig að nú er hægt að flytja inn vöruna frá þeim löndum, sem bjóða hana ódýrast og óháð því, hvort við seljum nokkuð til þeirra landa eða ekki. Ég tel víst, að þetta hafi ekki átt lítinn þátt í þeim bættu viðskiptakjörum, sem við höfum lengst af notið á þessu tímabili.

Þá er ótalið þriðja atriðið, það, sem að neytendunum snýr og ekki hefur að mínu áliti átt hvað minnstan þátt í bættum kjörum þeirra. En með því á ég við hið frjálsa neyzluval, sem komið hefur verið á með afnámi innflutningshaftanna. Áður voru það opinberar nefndir, sem réðu því, hvað fékkst flutt inn og hverjir máttu flytja inn. Nú er það hins vegar fólkið sjálft og val þess, eins og það kemur fram á markaðinum, sem ákveður þetta. Af hálfu stjórnarandstæðinga hefur því að vísu verið haldið fram, að verzlunarfrelsið væri aðeins heildsölunum í hag, en almenningi nánast til óþurftar, og virðist það vera mat þeirra, að slíkur hugsunarháttur eigi sér talsverðan hljómgrunn meðal verkalýðsins. Ég skal ekki fullyrða um það, hvort svo sé eða ekki, en minna má á það, að um s.l. aldamót, þegar fyrst fór að myndast vísir að verkalýðshreyfingu hér á landi, var öðru vísi á þetta litið af forystumönnum verkalýðsins á þeim tíma. Þá var það fyrirkomulag ríkjandi í launagreiðslum, að fólkið fékk kaup sitt greitt ekki í peningum, heldur úttekt hjá atvinnurekanda sínum, sem gjarnan rak verzlun ásamt útgerð eða öðrum atvinnurekstri. Þá var það aðalbaráttumál verkalýðsins að fá kaup sitt greitt ekki í úttekt, heldur í peningum, sem væru til frjálsrar ráðstöfunar til kaupa á varningi samkv. eigin vali og í þeirri verzlun, sem bauð bezt kjör. Það kostaði harða baráttu að fá þessu framgengt, því að atvinnurekendur þeirra tíma hafa vafalaust sagt við verkamenn sína og sjómenn, að það yrði þeim sjálfum fyrir verstu að fá kaup sitt til frjálsrar ráðstöfunar, því að þá mundu þeir freistast til þess að eyða því í gráfíkjur og döðlur, sem mér skilst samkv. frásögnum eldra fólks, að hafi verið tertubotnar þeirra tíma, eða í annan óþarfa, sem keppinautar þeirra hefðu á boðstólum. En það er í rauninni þessi hugsunarháttur selstöðukaupmannanna, sem fram kemur hjá hv. stjórnarandstæðingum, ef þeir gagnrýna viðskiptafrelsið, þótt hann komi fram í nokkuð dulbúinni mynd vegna breyttra aðstæðna frá því, sem var um s.l. aldamót. En þeir segja alveg eins og selstöðukaupmennirnir, að þegar fólkið fái að ráðstafa fjármunum sínum eftir eigin vild, kaupi það útlenda tertubotna og kex og annan óþarfa og geti þannig komið þjóðarbúinu á vonarvöl. Það þurfi því að takmarka þetta frelsi með því að setja að nýju á fót gjaldeyrisúthlutunarnefndir, sem ákveði, hvaða erlendur varningur megi vera á boðstólum fyrir landslýðinn, og hverjir megi verzla með hann. En erum við nú ekki flest í rauninni þannig gerð, að við mundum frekar kjósa nokkru lægri tekjur, sem við hefðum til frjálsrar ráðstöfunar, en hærri tekjur, sem við aðeins mættum ráðstafa eftir fyrirmælum einhverrar opinberrar n., jafnvel þótt hinir ágætustu menn skipuðu hana. Það er því skoðun mín, þegar þjóðarbúið verður fyrir áföllum svipuðum þeim, sem nú hafa átt sér stað, þannig að kjaraskerðing er óhjákvæmileg, að betra sé fyrir launafólk að taka hana á sig í mynd skertrar vísitöluuppbótar, en njóta áfram hins frjálsa neyzluvals heldur en láta úthlutunarnefndir ákveða það, hvað fólk megi veita sér og hvað ekki.

En þó að mikið hafi áunnizt í bættum lífskjörum þjóðinni til handa á þeim 10 árum, sem liðin eru síðan samstarf núverandi stjórnarflokka hófst, og því megi ekki gleyma, mun þó flestum ofar í huga sá mikli vandi, sem nú er við að etja í atvinnulífi okkar, en hann á rót sína að rekja til óviðráðanlegra ytri orsaka, þar sem er verðfall útflutningsafurða og lakari aflabrögð á s.l. ári en verið hafa undanfarin ár. Þjóðin hefur því minni verðmæti til ráðstöfunar en áður og verður því bæði að skerða neyzlu sína

eða lífskjör og draga nokkuð úr framkvæmdum. Þessu getur enginn neitað, heldur ekki stjórnarandstaðan. En stjórnarandstæðingar segja, að allur þessi vandi mundi verða miklu léttbærari, ef þeirra ráðum væri fylgt og skipt um stefnu, eins og þeir orða það. En takið eftir því, hlustendur góðir, að þótt stjórnarandstæðingar muni í þessum umr. verða margorðir um það, að eitt og annað fari aflaga, og muni brýna raust sína á fullyrðingum um það, að öllu megi kippa í lag með því að breyta um stefnu, þá munu þeir ekki fara mikið út í það að gera ykkur grein fyrir því, í hverju þessi nýja stefna eigi að vera fólgin. Form. Framsfl., sem hér talaði áðan, vék að vísu að því með nokkrum orðum, hver væri stefna Framsfl. En allt, sem hann sagði um það, var svo almenns eðlis, að ég held ekki, að neinn hafi orðið nokkru nær um það, hverjum tökum flokkurinn vill taka efnahags- og atvinnumálin a.m.k., og kæmi mér mjög á óvart, ef aðrir, sem á eftir honum tala, bættu þar um. Það vantar sem sagt botninn í þá vísu, sem stjórnarandstæðingar söngla einum rómi.

En að því leyti, sem þeir ympra á ákveðnum ráðstöfunum til lausnar þeim vanda, sem atvinnuvegirnir eiga við að stríða, þá virðast þær helzt eiga að vera í því fólgnar að sjá atvinnuvegunum fyrir auknu fjármagni til reksturs og fjárfestingar með auknum útlánum Seðlabankans. Vissulega er fjármagnsskorturinn alvarlegt vandamál. En sá vandi verður ekki leystur á þann einfalda hátt að auka útlán Seðlabankans. Það myndast ekkert fjármagn í Seðlabankanum, heldur aðeins með sparnaði einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila. Seðlabankinn getur að vísu gefið ávísanir á þau verðmæti, sem skapast í framleiðslunni, og verði þær ávísanir of margar, leiðir það til verðþenslu og öngþveitis í gjaldeyrismálum, án þess að nokkur vandi sé að öðru leyti leystur. Þessi sannindi voru hv. þm. Eysteini Jónssyni ljós, er hann flutti fjárlagaræðu sína haustið 1955. En þá komst hann m.a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Frelsi í viðskiptum og framkvæmdum verður t.d. ekki til lengdar viðhaldið nema tekið sé öruggum tökum á peningamálunum og þau tök notuð til þess að styðja þetta frelsi. Jafnvel þó að gera þurfi ýmsar ráðstafanir í því skyni, sem verða hlyti til þess, að allir fengju ekki öllu fram komið, sem þeir vildu helzt.“

Tími minn leyfir ekki, að ég fari með fleiri tilvitnanir úr þessari ágætu ræðu, en hún er á sínum stað í alþingistíðindum, og þó að margt hafi breytzt síðan hún var flutt, fyrir rúmum 12 árum, er hún enn þann dag í dag hollur lestur öllum þeim, sem kunna að hafa trúað boðskap þeim, sem hv. framsóknarmenn fluttu fyrir síðustu kosningar. En hann fólst í því, að hægt væri að losna við þær aðgerðir í peningamálum og fjármálum, sem vissulega valda sínum óþægindum, en eru óhjákvæmileg skilyrði viðskiptafrelsisins, án þess þó að þurfa að grípa til hafta að nýju. Þetta var það, sem framsóknarmenn nefndu „þriðju leiðina“.

Vafalaust er þetta líka sá kosturinn, sem flestir mundu helzt velja, ef hann væri til. En eins og Eysteinn Jónsson sýndi einmitt með glöggum rökum fram á í áðurnefndri ræðu, er sá galli á „þriðju leiðinni“, að hún er ekki til, og þau rök standa óhögguð enn. Það er vissulega við mikinn vanda að etja í atvinnumálum okkar Íslendinga í dag, og engum dettur í hug að neita því, að þær ýmsu ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur gert á s.l. vetri, hafa haft í för með sér margvíslega kjaraskerðingu og óþægindi. Við, sem þær ráðstafanir höfum stutt, teljum þó, að þær hafi verið nauðsynlegar til þess að forða öðru verra, nefnilega stórfelldu atvinnuleysi og samdrætti. Eðlilegt er þó, að allar slíkar ráðstafanir verði umdeildar, og sérhver ábending um einhver önnur hugsanleg úrræði verðskuldar athugun, frá hverjum, sem hún kemur. En neikvætt nöldur eins og stjórnarandstaðan hefur tamið sér ásamt almennri fullyrðingu um það, að það þurfi stefnubreytingu án þess að gefa nokkuð í skyn um það, í hverju sú stefnubreyting eigi að vera fólgin, er ekki framlag til þess að þoka málefnum þjóðarinnar fram á við. En ég er samkvæmt áðursögðu ekki bjartsýnn á það, að hv. stjórnarandstæðingar muni í þessum umr. bæta ráð sitt í þessu efni og botna vísu sína. En ef slíkir óvæntir hlutir skyldu ske, væri það vissulega fagnaðarefni. — Góða nótt.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Allt frá því að land okkar byggðist og í aldaraðir, var landbúnaður höfuðatvinnuvegur ísl. þjóðarinnar. Undir sól og regni, eins og Stephan G. orðaði það í alkunnri vísu, átti þjóðin afkomu sína, og samskipti þjóðarinnar við mold og gróanda var kjölfestan í lífi hennar, bæði í efnalegu og menningarlegu tilliti. Síðustu ár og áratugi hefur orðið mikil og gagngerð breyting á ísl. þjóðlífi. Þjóðfélagið er ekki lengur bændaþjóðfélag sem það áður var. Þeim fer stöðugt fækkandi, sem að landbúnaði vinna, og iðnþróaðir atvinnuvegir og borgar- og bæjarlíf setur æ meiri svip á þjóðlíf okkar. En íslenzkur landbúnaður heldur samt gildi sínu. Án hans yrði þjóðlíf okkar allt annað en það er, og ef við afrækjum þennan atvinnuveg, sem tengir þjóðina öðrum atvinnuvegum fremur við land sitt og sögu, þá mundi það horfa til ófarnaðar. Á undanförnum árum hefur átt sér stað alhliða framþróun og uppbygging í atvinnulífi okkar. Það er okkur, sem trúum á framtíð landbúnaðarins og nytsemi hans fyrir þjóðarheildina, mikið fagnaðarefni, að í þessum efnum hefur landbúnaður síður en svo dregizt aftur úr, og framleiðir nú meira en áður þrátt fyrir fækkandi hendur, sem að honum vinna. Að þessu hefur stutt stórhugur og framkvæmdavilji bændastéttarinnar og mikilsverður stuðningur hins opinbera við þennan atvinnuveg.

Framsóknarmenn telja sig öðrum fremur vini og forsvarsmenn bændastéttarinnar. Ekki skal ég draga það í efa, að þeir vilji þessum atvinnuvegi vel, en þegar þeir halda því fram, að við sjálfstæðismenn vanmetum þennan atvinnuveg og viljum

ekki gera hlut hans góðan og styðja að uppbyggingu hans, þá eru það öfugmæli, sem enginn réttsýnn maður leggur trúnað á. Í þeim efnum talar reynslan sínu máli, eða bendir það til vanmats og áhugaleysis á þessum atvinnuvegi, að fjölmargt þeirrar löggjafar, sem landbúnaði er mikilvægust, hefur verið sett, þegar Sjálfstfl. hefur haft með höndum yfirstjórn þessara mála. Sumt af þessari löggjöf hefur valdið straumhvörfum og tímamótum í ísl. búnaðarsögu t. d. lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, sem sett voru 1945, í tíð Péturs Magnússonar páv. landbrh. Sjálfstfl. Svipað má segja um löggjöfina um stofnlánad. landbúnaðarins, sem sett var í tíð núverandi ríkisstj. og ég tel eina þá merkustu löggjöf, sem sett hefur verið landbúnaðinum til hagsbóta. Lán úr stofnlánad. hafa farið vaxandi ár frá ári, og í árslok 1967 hafði nærri allt að einum milljarði króna verið lánað úr stofnlánadeildinni til bygginga, jarðræktar og vélakaupa í sveitum. Löggjöf þessi mætti harðsnúinni andstöðu Framsfl., einkum það ákvæði hennar, er varðar framlag bænda til þessarar mikilsverðu stofnunar. Hins vegar höfðu þeir ekkert við það að athuga, að neytendur eru látnir borga lítið eitt lægri upphæð en bændur til stofnlánad. Fróðlegt væri að fá að heyra það frá framsóknarmönnum, hvort þeir mundu afnema þessi framlög, ef þeir fengju til þess aðstöðu. Telja má víst, að það mundu þeir ekki gera. Andróðurinn gegn stofnlánadeildarframlaginu er aðeins einn þáttur, eitt dæmi, í þeirri stjórnarandstöðu, sem þessi flokkur hefur rekið á undanförnum árum, og verður honum seint talin til sóma.

Ég sagði, að hið opinbera hafi veitt landbúnaðinum mikilsverðan stuðning. Ef það væri rétt, að við sjálfstæðismenn afræktum þennan atvinnuveg, og ef það væri rétt, sem einn öfgamaður úr þingliði Framsfl. lét sér um munn fara í þingræðu hér í vetur, að núv. hæstv. landbrh. hefði aldrei haft skilning á málefnum landbúnaðarins, þá væri reynslan að sjálfsögðu sú, að heildarfjárframlög til helztu landbúnaðarmála hefðu ekki farið svo vaxandi ár frá ári sem raun ber vitni um. Árið 1958 voru réttar úr hinni mildu hendi Framsfl. 69 millj. kr. til þessara mála, en á s.l. ári var sambærileg upphæð 225 millj. kr. Hafði hún hækkað um meira en 300%, og er sú hækkun miklu meiri en hækkun framkvæmdakostnaðar á sama tíma, og í fjárl. yfirstandandi árs eru veittar á liðnum, sem heitir framlög til landbúnaðar, 341 millj. kr., og er það að sjálfsögðu engan veginn öll sú fjárveiting, sem á fjárl. er veitt til málaflokka, sem landbúnaðinn varða. Ég hef ekki tíma til þess að rekja þá málaflokka alla. Ég get aðeins bent á eitt eða tvö atriði.

Á fjárl. þessa árs er ætluð 15.1 millj. kr. fjárveiting til Búnaðarfélags Íslands. Síðasta árið, sem framsóknarmenn höfðu aðstöðu til að veita Búnaðarfélaginu starfsfé, var rausnin ekki meiri en það, að Búnaðarfélagið fékk, þessi aldna og virðulega stofnun, 2.6 millj. kr. Búnaðarsamtökin eru bændum mikilsverð samtök. Á það má benda, að búnaðarsamböndum hefur verið gert kleift að auka starfsemi sína með stórauknum fjárframlögum úr ríkissjóði. Á fjárl. þessa árs er ætlað að verja 4.2 millj. kr. í þessu skyni. Árið 1958 var þessi upphæð rúm hálf millj. kr. Stórfé hefur verið veitt til bygginga og endurbóta bændaskólanna, bæði á Hvanneyri og Hólum. Ný löggjöf hefur verið sett um bændaskólana, þar sem gert er ráð fyrir að auka mjög verklegt nám við skólana, og er það í samræmi við þá öld véla og tækni, sem við lifum nú á. Gleðilegt er til þess að vita, að aðsókn að bændaskólunum hefur verulega aukizt, og er þess að vænta, að þeir bændur verði stöðugt fleiri, sem notið hafa búfræðimenntunar. Í þessum atvinnuvegi sem öðrum er menntun máttur, sem ekki má án vera.

Undirstaðan undir búskap okkar Íslendinga er að sjálfsögðu ræktunin. Í þeim efnum hafa íslenzkir bændur ekki heldur legið á liði sínu. Aldrei hefur aukning ræktunarinnar orðið meiri en á síðustu árum. Þar liggja fyrir tölur, sem tala sínu máli. Ég skal ekki þreyta ykkur með því að rekja þær, þess þarf ekki. Þeir, sem ferðast um landið, sjá með eigin augum, hvernig ræktunarlöndin þenjast út. Öflun nægra og góðra heyja er að mínum dómi eitt þýðingarmesta málefni íslenzks landbúnaðar. Sá bóndi, sem á haustnóttum á nægilegan heyforða fyrir búfénað sinn, getur kvíðalaust horft fram á veturinn, jafnvel þótt harður verði. Hann stendur föstum fótum, og hann þolir marga raun.

Fjölmargt fleira mætti nefna, sem afsannar með öllu þær fullyrðingar, að við sjálfstæðismenn séum afskiptalausir um hag og velgengni landbúnaðarins. Að okkar frumkvæði var útflutningsuppbótunum komið á, sem lengst af hafa tryggt það, að bændur hafa fengið grundvallarverð fyrir framleiðslu sína. Í okkar stjórnartíð hefur með lögum verið stofnaður framleiðnisjóður landbúnaðarins með 50 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði. Hlutverk þessa sjóðs er að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði.

Brýnt verkefni tel ég það bændum og samtökum þeirra að taka til rækilegrar athugunar, með hvaða hagfelldustum hætti búskapur verður rekinn í landi okkar, þannig að hann þjóni sem bezt hinu mikilsverða hlutverki sínu í þjóðlífinu og skapi þeim, sem að honum vinna, góð og eftirsóknarverð lífskjör.

Því miður á íslenzkur landbúnaður í dag við margs konar erfiðleika að etja. Stórfellt verðfall hefur orðið á framleiðslu hans, svo sem ull og gærum, tíðarfar hefur verið honum óhagstætt síðustu misserin og grasbrestur og kalskemmdir hafa orðið í stórum landshlutum. Sem betur fer hefur tekizt að koma þeim til aðstoðar að nokkru, sem verst hafa orðið úti af þessum sökum. Ný l. hafa verið sett á þessu þingi um Bjargráðasjóð og fjárráð hans hafa verið aukin. Og Bjargráðasjóði hefur verið gert auðið að leggja fram til harðindasvæðanna rúmar 18 millj. kr.; 16 millj. og 130 þús. kr. í vaxtalausum 5 ára lánum, og nær tveimur millj. kr. í óafturkræfu framlagi. Þessi stuðningur var veittur með góðu samkomulagi milli ríkisstj. og forsvars-

manna bændastéttarinnar, og efast ég um, að það hefði nokkuð verið betur gert í þessum efnum, þó framsóknarmenn hefðu farið með þessi mál nú, og svo mun reynast í fleirum efnum.

En það verður ekki hjá því komizt, að það komi við bændur sem alla landsmenn aðra, þegar verðmæti aðalútflutningsframleiðslunnar lækkar á einu og sama árinu um þriðjung, eða nær tvo milljarða króna. Það munar um minni spón úr askinum. Byrðar, sem af slíkum áföllum stafa, verður þjóðin öll á sig að taka, og sem betur fer er þjóðin betur undir það búin nú en nokkru sinni áður að axla slíkar byrðar. Þar hjálpa til hinar stórfelldu framkvæmdir og tækjakaup og uppbygging, sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Stórfelldar kröfur á hendur ríkissjóði stoða því miður nú lítið. Það er ekki annarra fjármuna að vænta en þeirra, sem hann getur með einum eða öðrum hætti af þegnunum tekið.

Stjórnarandstæðingar hafa haldið því fram, að þeir erfiðleikar, sem þjóðin á nú við, stöfuðu af rangri stjórnarstefnu. Þetta er víðs fjarri því rétta. Erfiðleikar okkar stafa af okkur óviðráðanlegum orsökum. Stórfelldri verðlækkun á útflutningsafurðum okkar, óblíðri veðráttu til lands og sjávar og minnkandi afla. Stefna ríkisstj. hefur verið og er sú, að viðhalda svo sem verða má þeirri velmegun, sem þjóðin hefur búið við á undanförnum árum. Umfram allt verðum við að halda áfram ótrauðir, eftir því sem geta okkar leyfir, að framkvæma þá stefnu, sem mörkuð hefur verið, að nýta auðlindir lands okkar og skapa með því fjölbreyttara og öruggara atvinnulíf og það í öllum landshlutum. Ekki finnst mér ótrúlegt, að þeir, sem harðast börðust gegn kísilgúrverksmiðjunni og álverksmiðjunni, séu nú farnir að sjá, að þeir voru úrtölumenn mikilsverðra framkvæmda, sem eiga eftir að verða styrkar stoðir undir atvinnu og efnahagslífi þjóðar okkar.

En við skulum ekki mikla fyrir okkur erfiðleikana. Svartsýni gerir enga menn mikla, og við skulum fagna því, að við búum í landi mikilla verkefna og margra möguleika, þó það á stundum agi okkur strangt með sín ísköldu él. Okkur þarf að lærast að sníða okkur stakk eftir vexti hverju sinni og miða kröfur okkar við það, sem gæði lands okkar fá í té látið, og atvinnuvegir okkar fá undir risið. En framar öllu verðum við á erfiðleikatímum að sameina kraftana til lausnar þeim vandamálum, sem við er að etja. Það væri vel, ef sá skilningur færi vaxandi með þjóðinni. Það mundi gefa okkur glaðari vonir um betri framtíð og batnandi hag, þótt um sinn blási á móti og gefi á bátinn.

Jón Skaftason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það vill svo til, að þingmannsaldur minn er nákvæmlega jafnlangur valdatímabili ríkisstj. Ég hef stundum reynt að gera mér grein fyrir helztu breytingunum í fari stjórnarinnar og starfsaðferðum á þessum langa tíma, og þar sem mér finnst ekki ósennilegt, að fleiri hafi hugleitt það mál, langar mig til þess að víkja nokkuð að því til íhugunar. Efnahagslöggjöfin í ársbyrjun 1960 var um margt róttæk breyting frá þeirri stefnu, er fyrri ríkisstjórnir höfðu fylgt, sem m.a. hafði einkennzt af víðtæku uppbóta- og styrkjakerfi, vaxtalágum stofnlánum atvinnuveganna, nokkrum takmörkunum á gjaldeyrisnotkun og fjárfestingu og verðtryggingu launa. Um hina nýju stefnu sagði svo í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar: „Markmið hinnar nýju stefnu er að skapa framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöll en atvinnuvegirnir hafa átt við að búa undanfarandi ár.“ Þetta átti að tryggja með stórfelldri gengisfellingu, afnámi verðtryggingar kaupgjalds, haftaminni verzlun og hækkun vaxta, er leiddi til jafnvægis í peningamálum. Mörgum þóttu till. þessar nokkuð djarfar og vafasamar. Samtíma varð mikil gengislækkun, og stórfelld vaxtahækkun var nýmæli í efnahagssögu okkar. En hvað um það, stefnan var mörkuð, og ríkisstj. tók að sér ótvírætt forystuhlutverk á þjóðarbúinu og leitaðist við að beina uppbyggingunni í ákveðinn farveg. Hún þorði að stjórna, var uppáhaldsslagorð stuðningsmanna hennar í öndverðu. Að sumu leyti var sæmilega af stað farið, og lánið hefur á ýmsan hátt leikið við stjórnina, mikil árgæzka til lands og sjávar og afburða hagstæð viðskiptakjör við útlönd meiri hluta stjórnartímans. En skyndilega er eins og grunnurinn bresti og erfiðleikarnir blasa hvarvetna við. Nálega allur atvinnurekstur berst í bökkum og daglaun tugþúsunda launþega hafa aldrei verið fjær því að nægja fyrir nauðþurftum en nú. Gjaldeyrissjóður minnkar um meira en helming á einu ári eða á annan milljarð króna, og aukning sparifjár á s.l. ári varð tæpur þriðjungur þess, er varð 1965. Hvað hefur skyndilega breytt hinni glæstu mynd, sem upp var dregin af ástandinu dagana fyrir kjördag á s.l. ári? Mikið verðfall á erlendum mörkuðum og minni afli segja stjórnarliðar. En nægir sú skýring? Er það ekki staðreynd, að meðalútflutningsverð s.l. árs er hærra en árið 1963, og í flestum tilfellum hærra en 1964, sem voru góð ár í þessu tilliti? Var líka aflamagn s.l. árs ekki það fjórða hæsta í Íslandssögunni? Hér vantar því frekari skýringar. Á sjálf stjórnarstefnan engan þátt í óförunum eða starfsaðferðir hennar? Lítum á það nánar.

Markverðasta breytingin í fari ríkisstj. á löngum valdaferli er uppgjöfin á því forystuhlutverki, er hún tók að sér í ársbyrjun 1960. Hún virðist nú fórnarlamb þeirra kringumstæðna, sem til staðar eru hverju sinni, og er vanmáttug í viðureign við stærstu vandamál, lætur reka. Allflestir munu sammála um, að meginviðfangsefni allra ríkisstjórna sé að leggja þann grundvöll og mynda þá umgjörð, er efnahagsstarfsemi þróast bezt við. Mikill hagvöxtur og góð lífskjör eru markmiðin, um leiðir er deilt, en ekki sjálft takmarkið. Hátt á þriðja áratug hefur dýrtíðarvöxturinn verið bein orsök flestra okkar efnahagsvandræða. Stöðvun verðbólgu á því að vera meginskylda og takmark

allra ríkisstjórna. Ríkisstj. hefur illa brugðizt í þeim efnum, og tjóar ekki nú að kenna öðrum um ófarirnar. Verðlagshækkanir hafa sum stjórnarár hennar verið tvöfalt og stundum þrefalt á við það, sem er í helztu viðskiptalöndum okkar. Framleiðslukostnaður útflutningsatvinnuveganna hefur vaxið að sama skapi, og þegar erlenda markaðsverðið dugir ekki til er gripið til gengisfellinga og uppbóta. Þrívegis hefur gengið verið fellt á valdatímabili stjórnarinnar, nú síðast 24. nóv. um 25%, og þó eru uppbætur miklu minni nú en þær voru fyrir gengisfellingardag. Ég er ekki í vafa um, að of mikil og mjög oft röng fjárfesting er meginorsök þessarar óheillaþróunar ásamt gegndarlausri eyðslu, bæði í ríkisrekstrinum og miklu víðar. Það er einmitt á þessum mikilvægu sviðum, sem viðreisnarstefnan hefur brugðizt hrapallegast. Verðlagsþróunin og rýrnandi gildi peninga hefur ýtt undir hvers kyns fjárfestingu, skipulagslausa og án skynsamlegrar yfirsýnar. Ríkisstj. horfir aðgerðalítil á og hefur allt til þessa reynzt ófáanleg til þess að koma heildarskipulagi á framkvæmdir, er miðist við getu þjóðarinnar og þarfir. Þess eru jafnvel dæmi, að hún hefur haft forystu um að stórauka á þensluna eins og gert var kosningaárið 1963, er 240 millj. kr. brezku láni var dembt á yfirspenntan framkvæmdamarkað, enda hefur verðbólgan aldrei í sögunni tekið svo stórt stökk upp á við sem það ár. Af þessu m.a. erum við nú að súpa seyðið. Nú er unnið að því fyrir forystu ríkisstjórnarinnar að fækka frystihúsum, þar sem þau eru talin of mörg. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri lýsti þeirri skoðun sinni fyrir nokkru að fækka bæri ríkisbönkunum með því að sameina Útvegsbankann og Búnaðarbankann og einnig fækka einkabönkunum. Þessir aðilar hafa þó fjárfest svo hundruðum millj. skiptir í dýrum húsum og útbúnaði.

En gildir bara eitthvað sérstakt um hagræðingarþörf þessara aðila? Hvað finnst mönnum um rekstur ríkisins, olíufélaganna, tryggingafélaganna og innflutningsverzlunarinnar, svo nokkur dæmi séu tekin? Þarf engrar hagræðingar þar við? Fleiri dæmi um forystuleysið vil ég nefna, sem landsfólkið geldur nú í lakari lífskjörum. Allir höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar, sjávarútvegur, iðnaður og landbúnaður, hafa byggzt upp undangengin veltiár, án þess hagræðis og þeirrar hagkvæmni, sem heildaráætlunargerð veitir. Í þeim öllum eru því í dag miklir skakkar, sem stórfé og fyrirhöfn kostar að lagfæra. Markaðsmálin eru afar þýðingarmikil. Þar er hlutur hins opinbera í algeru lágmarki og það, sem áunnizt hefur í þeim málum, annarra verk. Þó gæti ríkisvaldið veitt dýrmæta aðstoð án allt of mikils kostnaðar, m.a. með því að endurskipuleggja starfsemi utanríkisþjónustunnar og færa hana í hagnýtara form eins og allar menningarþjóðir hafa gert. Fyrir um tveim árum var samþ. þáltill. frá mér um markaðsmálefni. Viðskiptamálaráðuneytið tók að sér að vinna að málinu. Á síðasta þingi og eins þessu hef ég spurt viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslason, hvernig þessi mál standi, og hefur hann talið niðurstöðu vera á næsta leiti. Enn þá hefur engin lokaskýrsla verið lögð fram á Alþ. né till.

En það er ekki nóg, að forystuna vanti. Stefnuleysi og hringlandaháttur í stærstu málum virðist hafa heltekið ríkisstj. Því til sönnunar nefni ég aðeins eitt dæmi. Árið 1960 fékk ríkisstj. lögfest bann við verðtryggingu launa. Í samningnum 1964, sem stjórnin átti aðild að, var upp tekin verðtrygging launa. Undir árslok 1967 voru verðtryggingarákvæði um kaupgjaldssamninga felld niður með lagaboði, en í marz s.l. tekin upp á ný í samningum, sem ríkisstj. átti aðild að.

Tímans vegna læt ég þetta nægja. Fátt er þjóðum, sem skammt eru á veg komnar með atvinnuuppbygginguna, þarfara en einbeitt og víðsýn forysta. Íslendingar gengu flestum þjóðum síðar að þessu verkefni sökum ófrelsis, fátæktar og þess kunnáttuleysis, er einangrun fyrri tíma skapaði. Öll mistök eru dýr í uppbyggingarstarfinu og seinka því, að við stöndum svipað og aðrar iðnvæddar þjóðir, eftir því sem aðstæður frekast leyfa. Nýverið las ég eftirtektarverða grein í enska tímaritinu „The Economist". Þar var því haldið fram og vel rökstutt, að yfirburðir Bandaríkjanna í framleiðsluafköstum stöfuðu ekki af því, að Bandaríkjamenn hefðu fleiri tæknimenntuðum sérfræðingum á að skipa hlutfallslega en Bretar og fleiri þjóðir, heldur af því, að þeir hefðu langtum fleiri betur þjálfuðum og menntuðum stjórnendum og starfsfólki á að skipa í atvinnulífinu en aðrir. Af þessu leiði, að þeir séu öðrum fljótari m.a. að hagnýta tækninýjungar í atvinnulífinu, þar sem ríkari skilningur sé á gildi þeirra hjá þeim. Tímaritið telur, að Sovétríkin hafi komizt að svipaðri niðurstöðu og undirbúið stórauknar ágóðagreiðslur til stjórnenda og starfsfólks þeirra fyrirtækja, sem bezt eru rekin. Væri ekki þörf á aðgerðum ríkisvaldsins í þessum efnum, m.a. með því að koma fræðslukerfinu í hagnýtara nútímaform?

Lítið bólar á aðgerðum í þeim efnum. Ég minnist þess, að árið 1966 skilaði stjórnskipuð n., sem ég átti sæti í, frv. til sjútvmrh. um stofnun og starfrækslu fiskiðnskóla. Það frv. hefur ekki enn þá séð dagsins ljós á hv. Alþ. Er það ekki kaldranalegt dæmi um úrelta fræðslulöggjöf, að á sama tíma og krafizt er fjögurra ára sérnáms til þess að öðlast full réttindi við að klippa hár af höfði manns, þá eru nánast engar kröfur gerðar til sérmenntunar þeirra manna, sem stjórna vinnslu fiskafurða, en fiskvinnslan er einn veigamesti þátturinn í íslenzku atvinnulífi, og oft eru hundruð milljóna verðmæti í húfi? Hversu lengi má svo standa? Það verður að mínu viti aldrei um of undirstrikað, að þekking og aftur þekking ræður mestu um afkomu okkar, því almennari, sem hún er, þeim mun betra. Til þess að svo geti orðið, þurfa ráðamenn þjóðfélagsins að gefa sér tíma til þess að brjóta þessi mál til mergjar og skipa fræðslumálunum á heppilegan máta. Á það skortir ábyggilega mjög, þótt miklum fjármunum sé til þeirra varið.

Herra forseti. Talið er, að þjóðin telji um 400 þús.

manna um næstu aldamót. Það er fagnaðarefni, og því fylgja auðsæir kostir fyrir þjóðarbúskapinn. Á okkur, sem komnir erum til manndómsára, hvílir sú skylda að búa í haginn fyrir þessa óbornu Íslendinga og æsku landsins. Vaxandi þjóð þarfnast sífelldrar uppbyggingar og nýrra tækifæra til menntunar. Þetta krefst átaks, ekki sízt markvissrar stefnu í atvinnumálum, af því að öll okkar afkoma byggist á gengi eigin atvinnuvega. Þessa skulum við vel minnast. — Góða nótt.

Björn Pálsson: Herra forseti. Stefna Framsfl. var og er að gera framleiðslukostnað atvinnuveganna sem minnstan með því að hafa lága vexti af afurða- og stofnlánum, stilla ríkisútgjöldum í hóf og forðast óþarfa álögur á atvinnufyrirtæki. Flokkurinn álítur að skipuleggja þurfi fjárfrekar framkvæmdir, svo hófs sé gætt í meðferð gjaldeyris, og ekki sé í annað ráðizt en það, sem álitið er til hagsbóta fyrir þjóðarheildina. Að öðru leyti vill flokkurinn styðja frjáls og óháð viðskipti, eftir því sem unnt er. Viðreisnarstjórnin fór aðra leið. Vextir voru hækkaðir á stofnlánum úr 4½% í 6½% og dráttarvextir tvöfaldaðir. Víxlavextir voru hækkaðir um 2—4%. Afborgunartími stofnlána var styttur úr 20 í 15 ár, skattar hækkaðir stórlega, eftirlit með fjárfestingu fellt niður og notkun gjaldeyris að mestu gefin frjáls. Þeir, sem áttu og gátu útvegað sér peninga, máttu kaupa og ráðast í það, sem þeir vildu. En annað var gert. Vald til að ákveða vexti og skráningu gengis var tekið af Alþ. og fengið Seðlabankanum, en í framkvæmd ríkisstj. Bankar, sparisjóðir og innlánsdeildir voru þvingaðar með lögum til að binda verulegan hluta af sparifé fólksins í Seðlabankanum. Gegnum lánastarfsemina skyldi þjóðinni stjórnað. Gengi krónunnar var lækkað 25% meira en raunhæft var og vísitala afnumin. Lýst var yfir því, að atvinnuvegunum skyldi komið á traustan og heilbrigðan grundvöll og útflutningsuppbætur afnumdar. Öflugan gjaldeyrissjóð skyldi stofna, svo að þeir, sem peninga hefðu, gætu ferðazt og keypt það, sem þeir vildu, og þar sem þeir vildu. Skapa skyldi traust á íslenzkum gjaldmiðli, svo gengislækkun endurtæki sig ekki. Fara skyldi sparlega með fé ríkisins. Þessar ráðstafanir nefndi stjórnin viðreisnarstefnu og skýrði sjálfa sig viðreisnarstjórn. Við sögðum, að gengið væri lækkað of mikið, vextir hækkaðir um of. Fólkið mundi ekki sætta sig við jafnmikla kjaraskerðingu. En á það var ekki hlustað. 1961 fór fólkið fram á kjarabætur og fékk 10—13% kauphækkun. Ríkisstj. svaraði með því að lækka krónuna jafnmikið. Eitt af loforðunum var brotið. Atvinnurekendur og verzlanir þurftu 13% fleiri krónur, en þær var erfitt að fá. Rekstrarfjárskorturinn fór að banka á dyrnar af fullum þunga, en síldarleitartækin komu, afli óx, verð hækkaði, skip stækkuðu og nætur dýpkuðu. Fjárl. hækkuðu um ca. 500 millj. árlega. Síldarverksmiðjur voru reknar með geysigróða 1965. Þá ruku þeir til, sem gátu, og fóru að vinna að því að stækka eða byggja síldarverksmiðjur. Ég var meðal þeirra, sem benti á, að óvarlegt væri að setja allt sitt traust á síldina, aflamagnið gæti og mundi minnka og ekki héldi verðið alltaf áfram að hækka. Síldin hefur sömu áhrif á menn og pókerspil, þeir hætta meiru og meiru. Sjálfsagt var að kaupa hæfilega mörg og stór síldarskip, rétt var að byggja verksmiðjur, ef öllu var í hóf stillt. Að kostnaðarhliðinni var hvergi gætt. Stjórnin sagði, að viðreisnin hefði tekizt, og var sjálf til fyrirmyndar í eyðslu. Árið 1966 fór ský að sjást á lofti. Þrátt fyrir óvenjuhátt verðlag og metafla, þurfti að greiða verulegar fjárhæðir frá ríkinu til sjávarútvegsins. Allt benti til, að þriðja gengislækkunin væri í aðsigi. Kostnaðarhliðin hafði gleymzt. Útgjöld fólks til ríkisins höfðu tvöfaldazt, þó bæði sé tekið tillit til gengislækkunar og fólksfjölgunar. Til að greiða gjöldin þurfti fólkið meiri tekjur, og því mátti það ekki eyða fyrst stjórnin eyddi? Íslendingar eyddu í ferðalög til útlanda fjórum sinnum meira hver maður 1966 en Bandaríkjamenn, sem ferðast þó allra þjóða mest. Bifreiðar voru keyptar fyrir 448 millj. kr. 1966 og 337 millj. árið 1967. Haldið var áfram að reisa síldarverksmiðjur og kaupa 3—400 tonna síldarskip, þó að aflinn minnkaði, aflinn fjarlægðist, lýsið lækkaði, og þó að fiskifræðingar segðu minna síldarmagn í hafinu. Ráðizt var í margþættar byggingarframkvæmdir. Seðlabankinn safnaði gjaldeyrissjóði af sparifé almennings, en rekstrarfé vantaði. Viðreisnarstjórnin var ekki í vandræðum að bæta úr því, atvinnuvegirnir voru látnir greiða ákveðin gjöld til stofnlánasjóðanna, íbúðarhúsasjóða, atvinnuleysistryggingasjóða, o. s. frv. Ég taldi upp 25 útgjaldaliði á bátaútveginn í þingræðu í fyrra, auk venjulegra rekstrarliða, suma eðlilega, aðra útvegnum óviðkomandi. Atvinnuvegirnir hættu að bera sig, kosningar nálguðust. Ríkisstj. lét setja verðstöðvunarlög. Guð á að hafa sagt: „Verði ljós," stjórnin sagði: „Verðlag hækkar ekki meir." Ríkissjóður og ríkisaðilar áttu hjá Seðlabankanum í árslok 1966 343 millj., en skulduðu 86 millj. í júlí 1967. Verðstöðvunin kostaði fé, það var einnig hætt að tala um verðstöðvun. Tilkynnt var Vestfjarðaáætlun fyrir kosningar og lán tekin hennar vegna. Óundirskrifaðir tékkar voru gefnir út vegna Norðurlandsáætlunarinnar.

Árið 1967 varð ríkisstj. fyrir því óláni að vinna kosningarnar. Svo breyttist þetta allt. Ríkisstj. vantaði peninga, ekkert mátti skera niður, atvinnuvegirnir báru sig ekki, það þurfti að leggja á marga nýja skatta. Enn breyttist þetta. Bretinn lækkaði gengið, þá voru okkar lærðu hagfræðingar fljótir að reikna, öllu var borgið, þeir lækkuðu bara gengið allt að því tvisvar sinnum meira en Bretinn, hirtu gengishagnaðinn af því, sem eftir var að nafninu til í gjaldeyrissjóði, og megnið af gengismismun af óseldum sjávarafurðum, innflutningsgjöld og söluskattur hlutu að hækka verulega að krónutölu við gengislækkunina, öllu var borgið. Minni hluti sjútvn. Nd. hélt því fram, að sjómenn, útgerðarmenn og fiskvinnslustöðvar ættu gengismismun af sjávarafurðum, og það ætti að nota

meginhluta hans til að borga vexti og afborganir þessara aðila í Fiskveiðasjóði og opinber gjöld sjómanna, þá mundi sjávarútvegurinn ekki þurfa mikla aðstoð á árinu 1968. Á þann hátt væri von til, að gengislækkunin kæmi að einhverju gagni. Okkar till. voru felldar, afleiðingin var nýjar kröfur um aðstoð og fjárveitingar til sjávarútvegsins, allt að því eins miklar og árið 1967. Um leið og búið var að samþ. frv. um þessar ráðstafanir, var gengið því rangt skráð aftur. Ég hygg, að frv. hafi verið samið í Seðlabankanum.

Við skulum gera okkur það ljóst í eitt skipti fyrir öll, að það verður aldrei hægt að bæta úr rekstrarfjárskorti eða koma fjármálum þjóðarinnar í heilbrigt horf, nema fólkið geti treyst á varanlegan kaupmátt íslenzks gjaldmiðils. Það hefur það ekki gert síðan 1961. Það tekst eigi að gera gengi íslenzku kr. öruggt, nema hægt sé að reka meginútflutningsatvinnuvegina án stórfelldra styrkja. Til þess að það takist, þurfa vextir að vera mjög lágir á stofnlánum og afurðavíxlum, afnema þarf allar óþarfa álögur, sem hægt er, á atvinnuvegina og það þarf að skipuleggja gjaldeyrisfrekar fjárfestingar af vel hæfum mönnum, annaðhvort gegnum lánakerfið eða á annan hátt. M. ö. o., það þarf að gera flest öfugt við það, sem viðreisnarstjórnin hefur gert, opinberum gjöldum þarf að stilla í hóf, svo að fólkið þurfi ekki að gera óeðlilegar launakröfur, vegna þess hve nauðsynjar þess kosta mikið.

Það er rétt að viðurkenna, að núv. fjmrh. hefur sýnt viðleitni til að draga úr eyðslu, enda kennir neyðin naktri konu að spinna. Til þess að gera verulegt átak á því sviði þarf að gera margþættar og róttækar lagabreytingar, nota meiri hagsýni og betra skipulag. Það er auðveldara að auka eyðslu en draga úr henni. Fólkið er í eðli sínu gott og vill vel, en af þeim eiginleikum notast ekki, nema forráðamenn þjóðarinnar sýni gott fordæmi og fólkið skilji og trúi, að vel sé á málum haldið, því að enginn hermaður berst vel, nema hafa góðan herforingja.

Stjórnarliðar og blöð þeirra minnast nú orðið aldrei á viðreisn eða gjaldeyrissjóð, enda er hann raunverulega enginn til, því að vörukaupalán og bankaábyrgðir nema hærri upphæð. Ráðgert er að taka stórlán erlendis til að bjarga gjaldeyrisskorti í ár. Útflutningur var meiri 1967 en 1964, þó að hann væri 30% minni en 1966, því jafnhár hefur hann aldrei orðið. Ráðherrarnir endurtaka það sí og æ, hvað útflutningur 1967 hafi orðið lítill, en hann hefur aðeins orðið meiri — 30% meiri — 1966, 20% meiri 1965, það er aðeins tvisvar sinnum, sem hann hefur orðið meiri. Góður búmaður á að þola 1—2 meðalár eftir margra ára góðæri, viðreisnarhúsið þurfti ekki að hrynja vegna þess, ef grunnurinn hefði verið traustur. Ástæðan fyrir slæmri útkomu þjóðarbúsins 1967 er því fyrst og fremst of mikil eyðsla á flestum sviðum. Trúleysi á eigin gjaldmiðil, skipulagslaus fjárfesting, eftirlitslaus og óhófleg gjaldeyriseyðsla ásamt klaufalegri bankastarfsemi valda því, að þjóðin stendur nú á rústum viðreisnarinnar, því að verðlag var hagstæðara 1967 en 1964 á öllum helztu sjávarafurðum nema lýsi og eins hagstætt eða hagstæðara en 1965 á öllu nema lýsi og mjöli. Kaupfélögin hafa orðið að lækka útborgunarverð á sauðfjárafurðum til bænda vegna fjárskorts, og geta ekki útvegað þeim áburð, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar. Útgerðarmenn og fiskvinnslustöðvar hafa gefizt upp við að borga vexti og afborganir. Tryggingarfélögin geta ekki greitt tjónabætur vegna ógreiddra iðgjalda og lánsfjárskorts. Hvergi er lán að fá. Þeir einir eru beinir í baki, sem varlega hafa farið og lítið fjárfest.

Enginn þarf að efa, að stjórnin meinti það, sem hún sagði 1960. Vaxtavizkuna sóttu þeir til Parísar, héldu víst að aðstæða væri hér lík og hjá Frökkum. Gengisfræðsluna fengu þeir í heimabyggðum, hjá hagfræðingum og fleiri sérfróðum mönnum. Ráðh. eru greindir og góðir menn, en ég held að þeir átti sig ekki á því enn, að það, sem mistökunum veldur, er heimatilbúinn iðnaður, sem varð til vegna þess að þeir fóru öfugt að öllu, líkt og klambrari, er setur handfang á hurð og lætur það snúa öfugt.

Bankar tóku virkan þátt í fjárfestingarkapphlaupinu. Innbyrtu marga sparisjóði, og reistu hús með glæsilegum innréttingum, en lán fást þar nú tæplega. Af 8 þús. millj. kr. spariinnlánum banka og sparisjóða voru 19 hundruð millj. bundnar í Seðlabankanum af því, eins og Nordal orðaði það, að innlánsbindingin var til þess að gera Seðlabankanum kleift að veita lán til forgangsþarfa og rekstrar og hafa þannig áhrif á skiptingu lánsfjár milli atvinnuveganna. M. ö. o. ríkisstj. vildi ráða yfir þessu fé öllu. Þessi ráðstöfun var þó eigi nægileg, 10% af innlánsaukningu bankanna skyldu þeir afhenda vegna framkvæmdaáætlunar ríkisstj. Auk þess hefur ríkisstj. boðið út vísitölutryggð ríkisskuldabréf, yfirboðið þannig lánastofnanir, og dregið frá þeim fé. En þetta er ekki nóg. Allir bankar hafa sína viðskiptamenn, sem ekki eiga kost að fá lán annars staðar, þegar lítið er um peninga. Sé um meiri háttar rekstur að ræða, getur lokun viðskiptabanka fyrir viðskiptamanni þýtt, að fyrirtæki hans þurfi að hætta rekstri, þótt það eigi miklar eignir. Slíkt getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir viðskipti og framleiðslu þjóðarinnar. Bankar hafa í slíkum tilfellum fengið yfirdrátt í Seðlabankanum. Fyrir þá fyrirgreiðslu ætti bankamálarh. okkar skilið að hljóta heimsfrægð, vegna viðskiptasnilli sinnar. Hann neyðir nefnilega viðskiptabankana með lögum til að leggja 1900 millj. í Seðlabankann, greiðir í vexti ca. 9%, en lánar þeim svo aftur þeirra eigið fé fyrir 16%. Þetta er ekki svo vitlaus regla, og gæti margur af henni lært. A þennan hátt hefur Seðlabankanum tekizt að þjarma rækilega að sumum viðskiptabönkunum. Þetta m. a. er ástæðan fyrir því, að Jóhannes Nordal leggur til í ræðu 9. apríl að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann, þó að hann segi, að það sé til þess að nýta betur sérhæft vinnuafl og nýtízku véltækni í bókhaldi. Ég held að við, sem búskap rekum, ættum að snúa bökum saman, hvar

í flokki sem við erum, til að verja sjálfstæði Búnaðarbankans. Hann hefur gert og mun gera okkur mikið gagn. Þar er valinn maður í hverju rúmi. Það hefur aldrei verið rúm fyrir okkur í öðrum bönkum. Ég held að flesta gruni, hvaðan alda þessi er runnin. En að óreyndu verður því ekki trúað, að Sjálfstfl. styðji óskiptur þessa hugmynd a. m. k. á meðan Pétur Benediktsson á þar sæti. Við ýmsu má þá búast. Fiskveiðasjóði var t. d. stjórnað af prýði af óvenju hæfum manni, sá sjóður var settur undir yfirstjórn þriggja banka, sennilega til að flýta fyrir bókhaldinu, þeir eru hugmyndaríkir hagfræðingarnir. Því sameina þeir eigi Útvegsbankann og Landsbankann, þeirra verkefni eru svipuð? Og verð ég þó að segja, að ekki er hlutskipti útvegsmanna of gott, þó að tveir séu bankarnir. — Góða nótt.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þegar Alþ. lýkur nú senn störfum að þessu sinni, þá er bæði rétt og skylt að ræða störf þess í ljósi staðreyndanna, því þar hlýtur að speglast ástand þjóðmálanna gleggst hverju sinni. Ef hliðsjón er höfð af þeim nú ört vaxandi erfiðleikum, sem við hefur verið að etja í efnahagsmálum þjóðarinnar, verður ekki með nokkrum sanni annað sagt en að störf Alþ. hafi gengið vonum framar, en um afgreiðslu einstakra mála munu að venju birtast fréttir frá skrifstofu Alþ. í sjálf þinglokin. Það er ekki óeðlilegt, að þeir, sem takmarkaða aðstöðu hafa atvinnu sinnar vegna eða af öðrum ástæðum til að fylgjast með gangi almennra þjóðmála, geri þá kröfu til þeirra, er þau ræða eða um þau rita, að þeir segi sannleikann undanbragðalaust.

Á þessu hefur þó því miður viljað vera allmikill misbrestur. Hvaða tilgangi getur það t. d. þjónað að nota öll sín útbreiðslutæki til að sanna þjóðinni, að lítið verðfall hafi átt sér stað á útflutningsafurðum okkar? Og að versnandi aflabrögð séu varla umtalsverð? Þrátt fyrir þær ísköldu staðreyndir, sem hver einasti þjóðfélagsþegn hefur því miður fengið að þreifa á í ýmsu formi, svo sem samdrætti í atvinnu og beinu atvinnuleysi. Óhjákvæmileg afleiðing þessa eru svo mismunandi lækkaðar tekjur allra fjölskyldna og einstaklinga í landinu. Þrátt fyrir þessar staðreyndir reyna hv. stjórnarandstæðingar að halda því fram í pólitísku ofstæki einu saman, að nánast þurfi enginn að fórna neinu, m. ö. o. að við getum áfram haldið þeirri iðju okkar að skipta gróða, sem fyrirfinnst ekki, og enginn þurfi að taka á sig það tap, sem sannanlega er fyrir hendi. Ofan á þessar blekkingar mega menn svo hlusta á það, að engir séu sannari og betri Íslendingar en þessir sömu menn, og enginn standi betri vörð um allt, sem þjóðlegt er. Hvern er verið að svíkja, þegar slíkum ósannindum er fram haldið? Það skyldi þó ekki vera, að þeir, sem hæst hrópa um svik við þjóðfélagsheildina, séu sjálfir að framkvæma þau svik á milli hinna stóryrtu fullyrðinga um þjóðfélagssvik annarra í ræðu og riti. Hún endurtekur sig stundum sagan af manninum, sem hrópaði: „Grípið þjófinn!“

Á árunum 1963—1965 og allt fram til ársbyrjunar 1966 verður að telja, að mjög hagstæð þróun hafi verið í afurðasölumálum okkar, enda sagði það til sín samstundis í þjóðlífinu öllu. Þrátt fyrir byrjunaráföllin á árinu 1966 stóðu þó allvel rökstuddar vonir til, að um stundarerfiðleika væri að ræða, sem bráðlega mundi úr rætast. Því miður fór þetta á annan veg, sem sannast kemur fram í því, að á árinu 1967 hélt þessi þróun áfram, og reyndist árið erfiðara en nokkurn hafði órað fyrir. Kom þarna einkum þrennt til, sem stærstum búsifjum olli. Í fyrsta lagi miklar verðlækkanir erlendis, í öðru lagi stórlega breyttar fiskigöngur, þannig að framan af síldarvertíð voru það eingöngu stærstu skipin, sem gátu til aflans náð, og í þriðja lagi eindæma erfið veðrátta við sjávarsíðuna, nánast allt árið. Um allt þetta gátu Íslendingar eða íslenzk stjórnvöld engu ráðið. Stjórnarandstæðingar segja hins vegar, að ráðið gegn aðsteðjandi erfiðleikum sé breytt stjórnarstefna. Ætli afurðaverðið erlendis mundi ekki hækka við slíka aðgerð, síldin færast nær landinu og veðrið batna? Hafís mundi náttúrlega forðast landið, ef farið væri eftir ráðum hv. stjórnarandstæðinga? Það sjá allir í gegnum slíkan blekkingarvef. Verði haldið sig við verðlag ársins 1966, þá lækkaði verðmæti útflutningsframleiðslunnar um 30% á árinu 1967. Í þessari lækkun voru veigamestu liðirnir þeir, að síldarlýsi lækkaði um 20%, síldarmjöl um 15% og fryst fiskflök um 16%. Þessum áföllum til viðbótar kom svo lokun skreiðarmarkaðsins í Nígeríu, vegna þeirrar borgarastyrjaldar, er þar geisar og enn verður ekki séð fyrir endann á, með þeim afleiðingum, að nú eru um 6 þús. tonn af skreið liggjandi í landinu óseld, að verðmæti 300 millj. kr., ef miðað er við síðasta söluverð skreiðar til Afríku. Og ekki er öll sagan sögð með þessum staðreyndum. Sjávaraflinn minnkaði árið 1967, miðað við árið á undan, um 344 þús. lestir eða um 28%. Niðurstaðan varð því sú, að á árinu lækkaði útflutningsverðmæti okkar í krónutali um 1700 millj. kr. Þegar hliðsjón er af því höfð, að yfir 90% vöruútflutnings okkar Íslendinga eru sjávarafurðir, þarf ekki langskólagengið fólk til að sjá, að 30% lækkun á framleiðsluverðmæti þessara afurða hlýtur að segja til sín í efnahag landsmanna, hvað og gerzt hefur.

Þær raddir heyrast oft, að hagur vinnslustöðva og veiðiflota hér á landi sé mun lakari en hjá öðrum þjóðum og er þá oftast vitnað til Norðmanna. Án þess að hafa þar um öll nauðsynleg gögn, þá má áreiðanlega telja, við fyrstu sýn a. m. k., að af almannafé sé í Noregi lagt hlutfallslega meira til fiskvinnslu og fiskveiða í ýmsu formi en gert er hér á landi, sem tvímælalaust bætir aðstöðu þessara aðila þar, miðað við hliðstæðan rekstur hér. En þegar menn gera slíkan samanburð og liggja íslenzkum stjórnendum á hálsi fyrir að vera of sparir á almannafé eða opinber framlög í þessu skyni, þá er nauðsynlegt að hafa það jafnframt í

huga, að fiskafurðir í heildarútflutningi Norðmanna eru nú aðeins 15% og hafa lækkað á síðustu árum úr 20%. En sambærileg tala hjá okkur er árlega yfir 90% og hefur komizt upp í 95%. Norðmenn eiga því mun hægara með að velta þunganum af opinberum stuðningi sínum við hinn sveiflukennda fiskiðnað yfir á aðrar atvinnugreinar, svo sem timburframleiðslu sína og ýmsa allmjög fjölbreytta stóriðju, sem hér á landi er enn ekki til að dreifa. Þetta er ein meginforsenda þess, að íslenzk stjórnvöld eru nú að leggja grunninn að fjölbreyttara atvinnulífi með stórvirkjunum fallvatna, á meðan reynt er að nýta alla möguleika til að komast yfir ríkjandi erfiðleika í sjávarútvegi og efla hann eftir þeim leiðum, sem skynsamlegastar þykja í ljósi reynslunnar. Íslenzkum sjávarútvegi, eins og þjóðinni allri, er því brýnust nauðsyn á því nú, að allt verði gert, sem í mannlegu valdi stendur, til að auka fjölbreytni íslenzks atvinnulífs. Takist okkur þetta meginverkefni, þá ætti að vera lagður traustasti hornsteinninn að því að koma í veg fyrir, að slíkar stórsveiflur eins og á s. l. einu og hálfu ári á efnahag okkar eigi sér stað.

Þegar ég tala um hér, að verið sé að treysta nauðsynlega fjölbreytni í atvinnuháttum okkar, þá á ég við stórvirkjun þá, sem nú er að unnið við Búrfell og álsamningarnir um Straumsvíkurframkvæmdirnar gerðu mögulega. En þá er einnig rétt að minnast þess, að hv. stjórnarandstæðingar voru þessum ákvörðunum andvígir. Svör þeirra nú eru þau, að þeir hafi samþykkt virkjunina við Búrfell, en verið á móti álsamningunum við Straumsvík. Þetta er sagt í algerri nauðvörn, þar sem öllum landsmönnum er nú ljóst, að hér var rétt að staðið af hálfu ríkisstj. og að álverksmiðjan gerði virkjunina við Búrfell mögulega. Þegar ákvörðunin um álsamningana og virkjunina við Búrfell var tekin á Alþ., sá að vísu enginn fyrir verðfallið á sjávarafurðum okkar og verðfall þess, m. a. samdráttinn í atvinnumálum. En nú geta menn auðveldlega séð, hvert viðbótaráfall það hefði verið, ef þeir, sem í Straumsvík og við Búrfell vinna, hefðu á s. l. hausti bætzt í hóp þeirra, er vinnu skorti.

Á sama tíma og hv. stjórnarandstæðingar gerðu hvað harðasta hríð að ríkisstj. fyrir að veita ekki umbeðið almannafé til þeirra atvinnugreina, sem sannarlega áttu í erfiðleikum, eins og reyndar þjóðarbúið í heild, þá lýstu þeir með hástigs-lýsingarorðum andúð sinni á hvers konar tekjuöflun ríkisins við samþykkt fjárl. á s.l. hausti. Þegar deila verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda hófst svo í byrjun marz s. l., þá var af þeirra hálfu sagt að allt væri þetta sök ríkisstj., vegna þess að hún hafði m. a. ekki við samningu fjárlaga viljað samþykkja útgjaldahækkunartill. stjórnarandstöðunnar til tryggingar hinum ýmsu atvinnugreinum. Það sýndi sig í þessum málflutningi, eins og stundum áður á s. l. árum, að enn þá vantaði sjóðinn, sem allir geta tekið úr, en enginn þarf að láta nokkuð í. Og hvílíkur hvalreki fyrir þessa hv. herra! Stærsta og víðtækasta vinnustöðvun í sögunni hafði átt sér stað, og lausnin að þeirra dómi var enn hin sama. Breytt stjórnarstefna og ný ríkisstj. var lausnarorðið. Þeir kröfðust á Alþ. útvarpsumr. um þá till. sína að leggja auknar byrðar á þær atvinnugreinar, sem þeir sjálfir höfðu í umr. á Alþ. fullyrt að væru í fjárhagsþröng og gætu engum útgjöldum á sig bætt. Forystumenn sjálfra verkalýðssamtakanna voru hins vegar annarrar skoðunar, enda var enginn þeirra í hópi flm. till., en þeir eru þó nokkrir hér á Alþ., þótt enn þá séu þeir allt of fáir. Forystumenn verkalýðssamtakanna voru að löglegum hætti að framkvæma vilja sinna umbjóðenda og töldu sig ekki eiga samleið með neinni pólitískri ævintýramennsku á kostnað þess sama fólks, sem þeir voru kjörnir til að vinna fyrir. Þess vegna leystist þessi alvarlega vinnudeila á giftusamlegan hátt, að því er nú verður bezt séð. Það var því afneitun forystumanna sjálfra verkalýðssamtakanna á pólitískri handleiðslu foringja stjórnarandstöðunnar ásamt tilkomu yfirlýsingar ríkisstj. að þakka, að verkalýðssamtökin komu sem félagsleg heild og ósundruð út úr vinnudeilunni. Þar leysti sameinuð forystusveit verkalýðssamtakanna stærri vanda miðað við aðstæður en hægt er að meta til fullnustu nú, en sagan mun síðar sanna.

Þetta heitir, að forystumenn verkalýðssamtakanna nú sem áður láti sig þjóðarhag nokkru skipta. Það sama verður vart með nokkrum sanni sagt um þá sem teygðu sig eftir höndum þeirra og vildu taka stjórnvölinn úr þeirra höndum, en tókst ekki. Það er mat mitt á niðurstöðu umræddrar vinnudeilu, að brýnust nauðsyn sé nú á því að sætta, a. m. k. um ákveðið tímabil, þau öfl, er að baki standa sjávarútvegi, bæði veiði og vinnslu hans annars vegar og verkalýðssamtakanna hins vegar, og á ég þá bæði við landverkafólk, er að fiskvinnslu vinnur, og sjómennina, er aflann flytja að landi. Í einstökum atriðum tel ég ekki unnt nú að skýra þessar hugmyndir, en sú nauðsyn, sem til þessa ber, ætti þó öllum að vera ljós. Svo mikið á alþjóð undir því, að á þessum vinnumarkaði verði tryggður sem mestur vinnufriður. Hver mundu örlög annarra starfsgreina, ef í sjávarútvegi yrði langvarandi stöðvun? Hefur ekki undangengið verðfall þessara afurða erlendis fært okkur heim sanninn um, hvað þá mundi gerast? Ég ætla mér ekki þá dul að meta, hverra störf séu mikilvægust í þjóðfélaginu, til þess er sú samstarfskeðja of margslungin. Hitt getur enga greint á um, að enn um langa framtíð mun efnahagsleg afkoma þjóðarinnar byggjast á veiði og vinnslu sjávarafurða, þótt unnið sé nú að því að lina nokkuð þá einhæfni, sem of lengi hefur varað í atvinnuháttum okkar. Þótt við höfum áður mætt og yfirstigið hliðstæða örðugleika og nú er við að etja, eins og á árunum eftir 1930, þá erum við í raun og sannleika þeim ávallt jafnóviðbúnir.

Fyrstu skrefin í þá átt að ná meiri ró í þessari starfsgrein tel ég vera að eyða þeirri tortryggni, sem þar hefur of lengi ríkt, og þá m. a. um að afkoma veiðiflotans sé ekki miðuð við aflaminnstu skipin, og sömuleiðis að hráefnaminnstu vinnslustöðvarn-

ar í landi séu ekki viðmiðun um afkomu þeirra allra. En þessi hugsun er enn í of margra huga, og því er þörf að eyða slíkum efasemdum. Með því ætti að opnast leið til frekari aðgerða um raunhæft samstarf aðila í stað baráttu, sem er ef til vill að of miklu leyti byggð á óþarfa tortryggni, baráttu, sem þjóðarheildin þolir efnahagslega verst af öllu, næst á eftir þeim erlendu verðsveiflum á þessum afurðum, en í þeim efnum munum við seint verða spurðir ráða. Okkar skyldur eru þær að gera það, sem í okkar valdi stendur til að leysa þann hluta vandans, sem á herðum okkar hvílir, og við höfum umráð yfir.

Stöðug og hæfileg endurnýjun hinna ýmsu stærða veiðiflotans er okkur lífsnauðsyn. Smíði fiskiskipa hlýtur þó ávallt að stórum hluta að byggjast á eftirspurn útgerðarmanna og skipstjóra, ásamt hugsanlegum og nauðsynlegum rekstrargrundvelli skipa. Þessir aðilar verða þó ekki skyldaðir til að gera út skip, sem þeir vilja ekki, og telja að ekki geti borið sig. Útgerð á slíkum skipum getur því vart átt sér stað, nema ríki og bæjarfélög standi þar að viðbúin að mæta tímabundnum eða hugsanlegum taprekstri með framlögum af almannafé.

Þrátt fyrir miklar hrakspár um bæjarútgerð á sínum tíma, hefur útgerð ýmissa bæjarfélaga, m. a. á togurum, haft ómetanlega þýðingu fyrir atvinnulíf þeirra staða, þótt sannanlegur taprekstur hafi orðið á skipunum sjálfum undanfarin ár og þrátt fyrir tilkomu allverulegrar opinberrar aðstoðar. Á sama hátt ber að meta að verðleikum þrautseigju þeirra einstaklinga, sem þrátt fyrir verulega skerta rekstrarmöguleika hafa haldið þessari nauðsynlegu útgerðargrein við. Þegar menn í dag telja eftir þá fjárhagsaðstoð, sem ríkið veitir íslenzkri togaraútgerð, þá skyldu menn minnast þess, að ekki er langur tími liðinn síðan togarar voru aðaluppistaða útgerðar hér á landi, og enn geta tímar breytzt. Togararnir voru einnig um áratugaskeið skólaskip íslenzkra sjómanna, og strax og nú herðir að á vinnumarkaðnum er á ný horft vonaraugum til togaranna.

Á stöðuga og jafna endurnýjun í hinum ýmsu greinum veiðiflotans hefur nokkuð skort og þar viljað verða nokkrar sveiflur, sem svo á sínar skýringar í efnalegum möguleikum þjóðarinnar hverju sinni. Þannig höfum við tvímælalaust misst af ýmsum nýjungum, sem ávallt eru að koma fram með hinum ýmsu skipategundum og veiðiaðferðum. Togaranefndin, sem nú vinnur að tillögugerð um endurnýjun þeirrar greinar flotans, hefur þegar látið vinna úr mikilvægum atriðum til stuðnings tillögugerð sinni, og er þess að vænta, að ekki líði langur tími, þar til álit n. liggur fyrir og hægt er að bjóða smíði skipanna út. Sérstök n. vinnur að undirbúningi að till. um stöðlunarsmíði fiskibáta, en hefur skilað bráðabirgðaáliti og vinnur nú að fullnaðartill. sínum.

Ég minntist hér að framan á þá yfirlýsingu, sem ríkisstj. gaf út við lok vinnudeilunnar í marz s. l. Í umræddri yfirlýsingu var, svo sem kunnugt er, lýst vilja til að vinna að úrbótum á ýmsum þáttum atvinnu- og félagsmála, sem brýnust eru talin. Um endanlega framkvæmd hinna einstöku liða yfirlýsingarinnar er allt of snemmt að spá nokkru um, þar sem n. sú, er verkefnin voru falin, hefur aðeins haldið sína fyrstu þrjá fundi, og er því rétt að hefja sín störf. Engum vafa er það þó undirorpið, að n. er mikill vandi á höndum, en jafnframt, að mikla nauðsyn ber til, að vel takist til með úrlausn þessa verkefnis. Með yfirlýsingunni og síðan skipun samstarfsnefndarinnar hafa skapazt þau tækifæri, sem nota verður til hins ýtrasta. Náið og heils hugar samstarf ríkisvalds og samtaka vinnumarkaðarins um úrlausnir á þeim vandamálum, þar sem spilin eru lögð á borðið, er æskilegasta leiðin til þess að koma í veg fyrir þau átök, sem á annað borð er með mannlegu valdi hægt að afstýra. Ríkisstj. hefur á undanförnum árum sýnt vilja sinn til að feta þessa leið, og vitna þar e. t. v. gleggst um ýmsar þær úrbætur, sem átt hafa sér stað í húsnæðismálum og aukinni fjáröflun til þeirra. Enn er þó fjár vant til þeirra hluta, og munu þau mál sérstaklega tekin fyrir í fyrrgreindri n. samkv. fyrrnefndri yfirlýsingu ríkisstj. Veigamestu verkefni atvinnumálanefndarinnar eru þó tvímælalaust sjálf atvinnumálin og nýting vinnuaflsins. Af hinum ýmsu ríkisstj., sem setið hafa við völd undanfarna áratugi, hefur með margvíslegum hætti verið reynt að ná því samstarfi, sem hér hefur verið rætt um. Margt hefur vel tekizt til um, annað miður, og e. t. v. getur sú reynsla kennt okkur nokkuð til verka. Alþfl. hefur ótrauður bent á þessa leið, að þessi leið samstarfs yrði til þrautar reynd, þrátt fyrir ýmis vonbrigði og mistök frá fyrri tímum. Flokkurinn er enn þeirrar sömu skoðunar og treystir því enn, að aðilar leggi sig alla fram um, að sem bezt megi til takast. Það á enginn einn aðili sérstakra hagsmuna hér að gæta. Öll þjóðin er þar í einum báti. Við ætlum okkur öll að lifa á Íslandi. Þess vegna verðum við að koma okkur saman um nýtingu þeirra auðæfa, er landið hefur að bjóða. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 18. apríl, var fram haldið almennum stjórnmálaumræðum (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Umr. fer þannig fram í kvöld, að hver þingflokkur fær 50 mínútna ræðutíma, sem skiptist í þrjár umferðir, 20 mín. í 1. umferð, 20 mín. í 2. umferð og 10 mín. í 3. umferð. Röð flokkanna í öllum umferðum verður þessi: Framsfl., Alþfl., Alþb. og Sjálfstfl. Ræðumenn verða fyrir Framsfl.: í 1. umferð Einar Ágústsson, í 2. umferð Stefán Valgeirsson og Gísli Guðmundsson og í 3. umferð Þórarinn Þórarinsson. Fyrir Alþfl.: í 1. umferð Gylfi Þ. Gíslason, í 2. umferð Benedikt Gröndal, í 3. umferð Sigurður Ingimundarson. Fyrir Alþb.: í 1. umferð Magnús Kjartansson, í 2. umferð Gils Guðmundsson, í 3. umferð Lúðvík Jósefsson. Fyrir Sjálfstfl.: í 1. umferð Ingólfur Jónsson og Jón

Árnason, í 2. umferð Magnús Jónsson, í 3. umferð Sigurður Bjarnason.

Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls Einar Ágústsson og talar af hálfu Framsfl.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Hæstv. utanrrh. sagði í gær, að tvisvar á 10 ára valdaferli sínum hefði ríkisstj. tekizt að halda verðbólgunni niðri, þ. e. á tímabili svo nefndra verðstöðvana. Fyrra skiptið var, þegar minnihlutastjórn Alþfl. fór með völdin mestan hluta árs 1959. Það ár fóru fram tvennar kosningar og áhrif verðstöðvunarinnar voru m. a. þau, að Sjálfstfl. og Alþfl. fengu meiri hl. á Alþ. og mynduðu stjórn. En verðstöðvun þessi hafði einnig aðrar afleiðingar. Í kjölfar hennar tók verðbólgan þann sprett, sem hún heldur enn. Í ársbyrjun 1960 var framkvæmd stórfelld gengislækkun og önnur minni ári seinna. Þá var sambandið milli kaupgjalds og verðlags rofið með þeim afleiðingum, að aldrei hefur verið meiri óróleiki á vinnumarkaðinum. Þá var tekin upp binding sparifjár þess, sem safnaðist í bankana. Þá voru afurðalán lækkuð frá því, sem verið hafði, og rekstrarfjárskortur varð tilfinnanlegur. Þetta voru nýju hagstjórnartækin ríkisstj. Nú skyldi stjórnað á Íslandi. En þrátt fyrir uppgripaafla og hagstætt útflutningsverð átti atvinnurekstur landsmanna brátt í vök að verjast.

Síðari verðstöðvunin var svo framkvæmd á árinu 1967. Einnig þá fóru fram kosningar og stjórnarflokkarnir héldu velli. Fyrir þær kosningar lýstu framsóknarmenn ástandinu eins og það raunverulega var, m. a. með hliðsjón af því, sem gerðist 1959, og sýndu fram á, hverjar afleiðingar stjórnarstefnan mundi hafa, ef áfram væri haldið á sömu braut. Talsmenn ríkisstj. beittu þá blaðakosti sínum, útvarpi og sjónvarpi til þess að kalla þessi aðvörunarorð úrtölur og barlóm, hæðast að þeim, sem þau fluttu, og koma því inn hjá kjósendum, að leiðin til þess að bæta lífskjörin væri að endurnýja umboð stjórnarflokkanna. Þjóðinni fór eins og sjúklingi, sem heldur vill hlusta á þann, sem segir honum, hvað hann líti vel út. Hún hallaði sér að þeim flokkum, sem gerðu lítið úr erfiðleikunum og lofuðu bata. En hvað er það þá, sem hefur gerzt síðan í júní 1967? Ja, fyrstu mánuðina gerðist svo sem ekki neitt. Stjórnarliðar voru þreyttir eftir kosningahríðina og ánægðir með úrslitin. Þegar svoleiðis stendur á, finnst mörgum eðlilegt að létta sér dálítið upp. Það gerðu menn líka. Hæstv. ráðh. ferðuðust mikið, bæði utanlands og innan, böðuðu sig í hlýju sólskini nýafstaðins kosningasigurs, urðu útiteknir og hraustlegir í framan.

En svo er aftur komið haust, og hrafninn brýnir gogg sinn á ufsum húsanna. Menn fóru að huga að málum hér heima fyrir. Þingsetningardaginn lá bæði fjárlagafrv. og efnahagsmálafrv. á borðum þm. Samkv. þeim átti að leysa vanda efnahagsmálanna með ráðstöfunum, sem námu 750 millj. kr., ýmist með því að fella niður útgjöld eða afla nýrra tekna. Enn þá var það yfirlýstur ásetningur ráðh. að standa trúan vörð um gjaldmiðil þjóðarinnar, eins og margsinnis var svarið fyrir kosningar. Á þessum málflutningi var þó hinn augljósi galli, að vanda atvinnuveganna var ýtt til hliðar. Menn létust bara einfaldlega ekki sjá hann. Þetta var í október. Í nóvember var síðan framkvæmd stórfelld gengislækkun. Ráðh. og sérfræðingar héldu Alþ. óstarfhæfu í heila viku, meðan þeir voru að reikna, hvað gengislækkunin þyrfti að vera mikil til þess að koma atvinnulífinu á réttan kjöl. Svokölluðum gengishagnaði var ráðstafað hingað og þangað, m. a. til þess að byggja upp framtíðarsjóði, rétt eins og atvinnuvegirnir þyrftu ekkert á þessu fé að halda. Á grundvelli þessara útreikninga voru svo fjárl. afgreidd í desember. Þá var líka tekinn upp nýr vísitöluútreikningur og úr lögum fellt samband milli kaups og vísitölu, sem upp hafði verið tekið eftir langt verkfall 1964. Til þess að draga úr reiði almennings og þeirri stórfelldu lífskjaraskerðingu, sem hlaut að leiða af þessu tvennu, gengisfellingu og afnámi vísitölugreiðslna á laun, lofaði stjórnin að lækka tollana um 270 millj. kr.

Þegar hér var komið, má ætla, að hæstv. ríkisstj. hafi talið sig búna allmiklu til vegar að koma, þar sem bæði var búið að fella gengið og afgreiða fjárl., og verið farin að horfa fram til bjartari tíðar en verið hafði um skeið. Þó fór fjarri, að þrautagöngu hennar væri lokið. Strax í janúar fóru að berast kröfur um það, að sjávarútveginn vantaði meira fé, ef nokkur von ætti að vera til þess, að gert yrði út á vertíð. Sérfræðingar voru settir til að reikna að nýju og niðurstaðan varð sú, að gengislækkunin dygði ekki. Sjávarútveginn vantaði meira fé. Í febrúar var því ákveðið að aðstoða sjávarútveginn á ýmsan hátt með 320 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði. Vegna þessa þurfti að gera ýmsar ráðstafanir, m. a. að minnka þær tollalækkanir, sem búið var að lofa, úr 270 í 159 millj. kr. og taka út af fjárl. þeim, sem afgreidd voru í desember, 200 millj. kr. Í marz var svo gengið frá 3. útgáfu fjárlaga fyrir þetta ár, og væntanlega fá þau að halda þessari mynd sinni, en ekki er öllu fjármálastússi ríkisstj. þar með lokið, því núna í apríl hefur Alþ. haft til meðferðar lántökur upp á um það bil 600 millj. kr., nýjan vegaskatt upp á 109 millj. kr. og hækkað útflutningsgjald, sem nemur um 40 millj. kr. Þegar þannig er flett almanaki ríkisstj. og litið á hvern mánuð fyrir sig, þá kemur í ljós, að verkefni Alþ. undanfarna 6 mánuði hefur verið að bera sama sandinn milli sömu hrúganna, ýmist að hækka fjárl. eða lækka þau, verja gengið eða fella það, minnka uppbæturnar eða auka þær. Þetta sköpunarstarf ríkisstj. hefur að vísu ekki tekið 6 daga, heldur 6 mánuði. Engu að síður má teljast eðlilegt, að hún líti yfir það, sem hún hefur gert, og bersýnilega þykir henni þetta harla gott. Svo segir í Morgunblaðinu fyrir skemmstu, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. hefur frá upphafi skýrt af hreinskilni og

án blekkinga fyrir þjóðinni þau vandamál, sem að steðja. Hún hefur af hófsemi og festu leitazt við að bregðast við þessum vandamálum, og vissulega hefur rætzt betur úr þeim öllum en flesta hefði órað fyrir. Þess vegna er það engum vafa bundið, að ríkisstj. Bjarna Benediktssonar stendur nú traustari fótum en nokkru sinni fyrr. Hún hefur staðizt eldraun síðustu mánaða með sóma. Þótt enn séu ýmis vandamál óleyst, er staða hennar svo sterk, að hún getur snúið sér að margvíslegum framtíðarverkefnum."

Skyldi mönnum með þessi afrek að baki veita af því að hvíla sig svo sem eins og 7. mánuðinn, enda heyrist nú hér í þingsölum, að stjórnin sé búin að fá nóg af þessu þinghaldi og menn verði sendir heim eftir tvo daga, hvernig sem á stendur með afgreiðslu mála. Menn sjá af þessum örstutta samanburði, að þróunin er mjög áþekk nú og 1959, þegar stjórnin taldi sig ekki lengur þurfa á verðstöðvun að halda. Hvort önnur gengislækkun verður að ári, skal ósagt látið, en óneitanlega gæti þróun undanfarandi mánaða bent til þess. En hvernig er svo ástandið í þjóðfélaginu undir þessari sterku stjórn? Er það ekki staðreynd, að ástand atvinnuveganna er þannig, að þeir geta ekki með nokkru móti greitt eðlilega verðlagsuppbót á laun til annarra en þeirra, sem hafa undir 10 þús. kr. tekjum á mánuði? Er það ekki staðreynd, að sjávarútvegurinn, þessi aðalatvinnugrein þjóðarinnar, getur ekki starfað án þess að fá hundruð millj. uppbótargreiðslur úr ríkissjóði og það nokkrum vikum eftir gengisfellingu, sem þó er framkvæmd honum til aðstoðar? Er það ekki staðreynd, að bændur eiga nú mjög í vök að verjast, og óvíst, hvernig til tekst, t. d. með áburðarkaup í vor og þar með áframhaldandi búskap á mörgum jörðum? Er það ekki staðreynd, að sum iðnaðarfyrirtæki hafa þegar orðið að loka, en önnur draga rekstur sinn saman vegna rekstrarfjárskorts og óhæfrar samkeppnisaðstöðu við óheftan innflutning erlends iðnaðarvarnings? Og er það ekki meira að segja staðreynd, að mörg verzlunarfyrirtæki berjast í bökkum og það mitt í öllu viðskiptafrelsinu? Jú, þessu getur enginn neitað. Sameiginlegt er það öllum þessum atvinnugreinum, að þær búa við tröllaukinn rekstrarfjárskort, og samkv. hagkenningum hæstv. ríkisstj. á það víst svo að vera.

Eitt margrómaðasta hagstjórnartæki ríkisstj. eru ráðstafanir í peningamálum, sem aðallega hafa lýst sér í því tvennu annars vegar að minnka endurkaup afurðavíxla og hins vegar að draga úr ráðstöfunarfé viðskiptabankanna. Um fyrra atriðið má rifja það upp hér, að á fjögurra ára tímabilinu 1956—1959 var heildarverðmæti útflutnings að meðaltali 1010 millj. kr. hvert árið, en á sama tíma var mánaðarlegt meðaltal endurkeyptra víxla 560 millj. kr. Sé litið á annað fjögurra ára tímabil, 1964—1967, eru tilsvarandi tölur 5100 millj. kr. og 960 millj. kr. M. ö. o. hafa endurkaupin aðeins tvöfaldazt meðan útflutningur hefur meira en fimmfaldazt. Skyldi ekki atvinnuvegina muna um annað eins og þetta? Um síðara atriðið má einnig rifja það upp, sem raunar hefur verið gert áður í þessum umr., að almenn binding sparifjár nemur 30% af innlánsaukningu. Kaup bankanna á ríkisskuldabréfum nema 10% af sama stofni, og áreiðanlegar upplýsingar eru fyrir hendi um það, að langmestur hluti af því fé, sem varið er til kaupa á spariskírteinum ríkissjóðs, kemur úr bönkum og sparisjóðum. Til þess að gefa örlitla hugmynd um það, sem hér um ræðir, skal þess getið, að í árslok 1959 var skuld viðskiptabankanna við Seðlabankann 993 millj. kr., en inneign þeirra á viðskiptareikningi 72 millj. kr., þannig að á þessum tíma lagði Seðlabankinn þáverandi viðskiptabönkum til fé, sem nam 920 millj. kr. Í árslok 1967 lítur þessi mynd allt öðru vísi út. Þá var skuld viðskiptabankanna við Seðlabankann 1734 millj. kr., en vegna innlánsbindingarinnar voru innstæður þeirra 2060 millj. kr. Þannig var mismunurinn 324 millj. kr. á hinn veginn. Viðskiptabankarnir lögðu fram meira fé en þeir fengu. Þegar þetta er skoðað, verður einnig að hafa í huga, hvað krónan hefur breytzt á þessu tímabili, og svo hitt, sem ég nefndi áðan, að fjármagn það, sem ella mundi vera til ráðstöfunar hjá viðskiptabönkum landsins, hefur í vaxandi mæli verið tekið til annarra nota. Skylt er að játa í þessu sambandi, að hlutföll þau, sem hér um ræðir, breyttust nokkuð á s. l. ári, þannig að Seðlabankinn lét út meira fé en hann fékk í viðskiptum sínum við hina bankana. Til þess lágu þær ástæður fyrst og fremst, að vegna erfiðleika viðskiptafyrirtækja sinna lánuðu bankarnir yfirleitt meira á s. l. ári en ástæður þeirra leyfðu. En þetta breytir engu um þann samanburð, sem ég áðan gerði.

Afleiðing þessarar stjórnarstefnu er auðsæ. Rekstrarfjárskortur háir öllum atvinnurekstri, og fyrirtækin eru rekin af vanefnum. Þannig verður allur rekstur dýrari og óhagkvæmari en vera þyrfti. Forystumenn fyrirtækja beita miklum hluta orku sinnar í það að verjast áföllum og eyða allt of miklum tíma í biðstofum bankanna í von um einhverja fyrirgreiðslu. Stjórnin telur sig sterka, en atvinnulífið er veikt, og stjórn, sem þannig heldur á málum, hlýtur ávallt að standa á brauðfótum, hvað sem allri sjálfsblekkingu líður.

Emil Jónsson sagði hér í gærkvöldi, að framsóknarmönnum væri alveg sérstaklega illa við gjaldeyrisvarasjóðinn og vildu umfram allt eyða honum í alls konar óþarfan innflutning. Mjög er þetta nú málum blandað hjá hæstv. ráðh., eins og fleira í hans fræðum. En við höfum stundum varpað fram spurningum um það, hverju það hefði getað breytt um viðskiptajöfnuðinn, ef innlendir atvinnuvegir hefðu búið við skaplegan kost á viðreisnarheimilinu. Hvað hefði t.d. blómlegur íslenzkur iðnaður getað sparað mikinn innflutning og komið í veg fyrir miklar greiðslur úr gjaldeyrissjóðnum? Hefði ekki verið hagkvæmara fyrir okkur að verja einhverju af því fé, sem legið hefur óarðbært í erlendum bönkum, til þess að gera iðnrekendum kleift að nota þann vélakost, sem til er í landinu, og skapa hundruðum manna atvinnu, í

stað þess að loka verksmiðjunum og senda fólkið heim? Hvað hefðu nýir vel búnir togarar, sem tryggður væri arðbær rekstrargrundvöllur, getað aukið útflutninginn mikið og þar með tekjur gjaldeyrissjóðsins? Verðum við Íslendingar ekki að hafa samkeppnisfær atvinnutæki við aðrar þjóðir til fiskveiða á fjarlægum miðum, ef við eigum að halda okkar hlut? Hvað hefðu hraðfrystihúsin getað skilað miklu meiri gjaldeyristekjum, ef eitthvað af bundna fénu hefði verið notað til að auka hagræðingu þeirra? Hefði ekki verið skynsamlegra að styðja við bakið á þessum þýðingarmiklu framleiðslufyrirtækjum í stað þess að hafa þau lokuð langtímum saman? Hvað væri hægt að afla mikilla nýrra tekna í gjaldeyrissjóðinn, ef t. d. hefðu verið teknar upp nýjar verkunaraðferðir sjávarafurða? Væri ekki skynsamlegt að aðstoða framkvæmdamenn við að koma slíkum nýjungum á laggirnar? Hefði ekki mátt nota hluta af gjaldeyrinum í þetta, t. d. þann hlutann, sem notaður var til kaupa á allra handa óseljanlegu drasli? Slíkar spurningar eru óteljandi. En þær virðast ekki angra hæstv. ráðh. Þeir hafa annað land fyrir stafni. Þeirra úrræði er að ganga í erlend bandalög og fela útlendingum hinar stærri framkvæmdir hér. Ólafur Björnsson, hv. þm., minntist hér fyrr í umr. á hugarfar selstöðukaupmanna. Og það er kannske ekki nema von, að sá hugsunarháttur sé ofarlega í þeim mönnum, sem hafa þá yfirlýstu stefnu að binda litlu kænuna okkar aftan í stóra hafskipið. Og hvernig er þá ástatt með þennan marglofaða gjaldeyrissjóð? Því er fljótsvarað. Um s. l. áramót var þessi sjóður 845 millj. kr. Þá voru stutt erlend vörukaupalán 743 millj. kr. eða mismunurinn á þessu tvennu 100 millj. kr. Í árslok 1958 áttu bankarnir hins vegar inni erlendis 228 millj. kr. og frá þeirri tölu þarf ekkert að draga. Stutt erlend vörukaupalán voru þá engin. Heildargjaldeyrisstaðan er þannig, að í árslok 1958, þegar vinstri stjórnin fór frá, voru skuldirnar 1999 millj. kr. Nú eftir 10 ár viðreisn eru þær komnar upp í 4891 millj. kr. Þarna hafa menn þá árangurinn. Þessi ríkisstj. hefur haft um 2000 millj. kr. í tekjur umfram það, sem áætlað hefur verið á fjárl. 1960—1966. Þrátt fyrir þetta blasa skuldir vegna ríkisframkvæmda á undanförnum góðærum hvarvetna við. Áður fyrr, meðan aðrir réðu ferðinni, var stefnan yfirleitt sú, að láta samtíma tekjur standa undir framkvæmdum hins opinbera. Þrátt fyrir það var margt og mikið gert og framkvæmt, eins og allir vita. Nú eru þessar framkvæmdir í ört vaxandi mæli fjármagnaðar með lánsfé, þrátt fyrir undanfarin góðæri, eins og glöggt sést af því, að af 330 millj. kr. lánsfé til opinberra framkvæmda eiga samkv. frv. ríkisstj. hvorki meira né minna en 156 millj. kr. að ganga upp í skuldir. Nú er ástandið þannig, að til þess að opinberar framkvæmdir stöðvist ekki með öllu eru engin önnur ráð en þau að taka allhátt erlent lán. Það hefur ekki verið gert síðan kosningalánið fræga var tekið 1963, en sú ráðstöfun er líklega sú allra vitlausasta, sem gerð hefur verið í tíð þessarar stjórnar, og er þá nokkuð sagt. Nú horfir allt öðru vísi við, og kemur ekki til greina að stöðva opinberar framkvæmdir, þar sem atvinna er minnkandi í landinu og þegar nokkur brögð að atvinnuleysi.

Það verður að teljast öfugþróun, að þrátt fyrir svo geysiháar ríkistekjur eins og hér hafa verið undanfarin ár, skuli svona komið undir eins og eitthvað blæs á móti, og það er eðlilegt, að menn spyrji þeirrar spurningar, hvers vegna svona hafi til tekizt. Þessu valda auðvitað margar orsakir. En það fer ekki fram hjá neinum, að mikil útþensla hefur orðið á ýmsum þáttum ríkisrekstrarins. Ég get nefnt nokkrar tölur af handahófi. Þannig var kostnaður við bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði 3.8 millj. árið 1965, en á árinu 1968 verður hann kominn upp í 8.8 millj. Hækkun 132%. Lögreglukostnaður á Keflavíkurflugvelli var 7.5 millj. árið 1965, en 17 millj. á þessu ári. Eftir allan sparnaðinn og niðurskurðinn er hækkunin samt 126%. Skattstofukostnaður hefur aukizt úr 21 millj. í 44 millj. á þessu fjögurra ára tímabili, en það var einmitt þessi liður, eða var það ekki, sem var hvað efstur á sparnaðarlista hæstv. fyrrv. fjmrh. Hann hækkar um 117%. Kostnaður vegna meðdómenda, setudómara og málflutnings hefur á sama tíma hækkað úr 3.3 millj. í 9 millj. eða um 173%. Það er kannske vegna gamalla tengsla við fjmrn. frá því, að ég starfaði þar áður fyrr, sem ég hef fylgzt dálítið með þeim breytingum, sem þar hafa orðið hin síðari ár. Hér áður voru störfin unnin af Hagstofu og efnahagsráðunaut auk sjálfs rn. Hagstofan og rn. eru enn þá á sínum stað, og þess má geta svona í framhjáhlaupi, að kostnaður við rn. eitt hefur á undanförnum 4 árum vaxið úr 9 millj. í 19 millj. kr. En á s. l. 10 árum hefur það auk þess gerzt í fyrsta lagi, að í stað efnahagsráðunauts er komin Efnahagsstofnun með margföldu starfsliði. Í öðru lagi hefur verið bætt við eftirtöldum n. og stofnunum: Launamálanefnd, tollskrárnefnd, hagsýslustofnun og Ríkisábyrgðasjóði og í þriðja lagi, að Seðlabankanum hefur verið falinn hluti þeirra verkefna, sem áður voru unnin í fjmrn. Og samt kvartaði hæstv. fjmrh. undan því í dag, að enginn mannskapur væri til þess að vinna að áætlanagerð. Þegar svona tekst til hjá þeirri stofnun, sem á að hafa eftirlit og æðstu stjórn á fjármálum þjóðarinnar, er varla von, að aðrir hafi af miklu að státa. Málflutningur stjórnarliða um peningamálin og útlán Seðlabankans er einhvern veginn svona: 1. Seðlabankinn hefur ekkert annað fé til umráða en það, sem viðskiptabankarnir leggja honum til. 2. Seðlabankinn hefur lánað út 500 millj. kr. meira en hann hefur fengið frá viðskiptabönkunum. 3. Sparifjárbindingin stendur líka undir gjaldeyrissjóðnum. Þetta minnir mig nú á kerlinguna, sem átti að hafa brotið pottinn, sem grannkonan lánaði henni. En sú röksemdafærsla var einhvern veginn á þessa leið: Í fyrsta lagi fékk ég pottinn ekki lánaðan, í öðru lagi var hann brotinn, þegar ég fékk hann, og í þriðja lagi var hann heill, þegar ég skilaði honum.

Þá er mjög reynt að halda því fram, að engir hafi

neina stefnu nema stjórnarflokkarnir. Rétt eins og þeir sigli eftir ákveðnu striki. Framsóknarmenn hafa svo oft svarað því, hverju þeir vilja breyta, að ég fer ekki út í þá sálma að þessu sinni. En vegna langvarandi stjórnleysis er nú svo komið, að enginn veit í dag, til hvaða ráða stjórnin kann að grípa á morgun. Hver bráðabirgðaráðstöfunin rekur aðra, eins og hér hefur lítillega verið rakið, og þó fátt eitt talið. Stjórnina skortir kjark til þess að takast á við vandamálin, já, til þess að stjórna, þegar á móti blæs. Frelsi og frjálsræði eru að sönnu falleg orð, en engu þjóðfélagi, hvorki fyrr né síðar, hefur tekizt að framkvæma þau þannig, að allir mættu gera allt, sem þeim sýndist. Mannlegt samfélag krefst þess, að haldið sé uppi vissri reglu og stjórn. Það er hlutverk ríkisstj. hvers lands að velja þar og hafna, eftir því sem efni standa til hverju sinni. Til þess eru þeir kosnir, og sú stjórn, sem af einhverjum ástæðum bregzt þessari skyldu, hlýtur að glata trausti þjóðar sinnar. Hvað ætlast íslenzka ríkisstj. fyrir í málefnum þjóðarinnar? Hvað er fram undan t. d. í atvinnumálunum? Á að halda áfram að reka atvinnuvegina með opinberri aðstoð? Hvað er meint með því, sem heyrzt hefur og það síðast í dag frá æðstu stöðum, að nú verði að breyta til í efnahagsmálum? Hefur ríkisstj. ákveðið, að Ísland gangi í EFTA, eins og skilja mátti á hæstv. forsrh. á Norðurlandaþingi? Má búast við fleiri tilkynningum um bann við innflutningi tiltekinna vörutegunda en þeirri, sem birt var um daginn um fisk- og mjólkurumbúðir?

Það eru svör við þessum spurningum og fleiri slíkum, sem þjóðin vill fá frá ráðh. sínum á eldhúsdegi, en hvorki bollaleggingar þeirra um stefnu stjórnarandstæðinga né upplestur úr erlendum blöðum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég hef 20 mín. til umráða. Fyrri 10 mín. ætla ég að nota til þess að svara helztu fullyrðingum, sem stjórnarandstæðingar hafa sett fram um stefnu ríkisstj. í þessum umr. og á Alþ. í vetur, og ég tel rangar. Seinni 10 mín. ætla ég að verja til þess að ræða þann efnahagsvanda, sem okkur Íslendingum er nú á höndum, hvernig stjórnarandstæðingar vilja bregðast við honum, og hvernig ríkisstj. vill mæta honum.

Ég mun þá fyrst víkja að gagnrýni stjórnarandstöðunnar lið fyrir lið. Hún segir í fyrsta lagi, að lífskjör launamanna hafi versnað á undanförnum árum, sérstaklega fullyrðir hún, að kaupmáttur tímakaups verkamanna hafi farið minnkandi. Enginn heilvita maður mun geta borið á móti því, að lífskjör þjóðarinnar í heild hafi batnað verulega á undanförnum árum. Spurningin er sú, hvort þessi heildarlífskjarabót hafi dreifzt svo ójafnt á stéttir þjóðfélagsins, að sumar hafi fengið mjög mikla kjarabót, aðrar litla, og kjör sumra hafi jafnvel versnað. Við skulum fyrst taka launafólk sem eina heild.

Skýrslur, sem enginn hefur getað vefengt, sýna ótvírætt, að raunverulegar tekjur launafólks í heild hafa vaxið á undanförnum árum og vaxið mun örar en þjóðartekjurnar. Launþegar sem heild hafa því fengið í sinn hlut stærri en ekki minni hluta þjóðarteknanna en áður. En þá má spyrja: Stafar aukningin einvörðungu af lengdum vinnudegi? Skýrslur, sem enginn hefur getað vefengt, eru einnig til um það atriði. Þær sýna, að meðalvinnudagur helztu launastétta lengdist ekki t. d. á árunum 1965 og 1966, þótt raunverulegar tekjur hækkuðu þá um 24%. En hefur þá ekki tekjuaukning hinna ýmsu launastétta verið mjög misjöfn? Hefur t. d. Dagsbrúnarmaðurinn ekki borið skarðan hlut frá borði? Það er rétt, að tekjuaukning launastéttanna hefur verið nokkuð misjöfn. En ríkisstj. ber ekki ábyrgð á því. Það hefur orðið niðurstaða í frjálsum samningum verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda. Stjórnarandstaðan ýkir hins vegar það þeim mun stórkostlegar, að í launastéttum hefur tekjuaukning orðið langmest á undanförnum árum hjá síldarsjómönnum og ýmiss konar iðnaðarmönnum, en minnst hjá ófaglærðum verkamönnum. En tekjuaukningu ófaglærðra verkamanna má ekki miða við breytingar á kaupmætti lægsta taxta Dagsbrúnarmanna, eins og stjórnarandstaðan gerir yfirleitt, því að þýðing hans fyrir verkamannastéttina í heild hefur farið síminnkandi á undanförnum árum. Það væri álíka gáfulegt að halda því fram, að börnin í fjölskyldu yxu ekki neitt, af því að faðirinn vex ekkert.

En nú er það ekki einu sinni svo, að kaupmáttur lægsta taxtans í Dagsbrún hafi ekki vaxið á undanförnum árum, því að það hefur hann sannarlega gert. Óhætt er að fullyrða, að tiltölulega meiri hluti tekjuaukans á undanförnum árum hefur fallið launastéttum í skaut en atvinnufyrirtækjum. Enda leiða hagskýrslur þetta greinilega í ljós. Þessi meginniðurstaða hefur verið í samræmi við stefnu ríkisstj. Ef stjórnarandstaðan segði, að þessi stefna ríkisstj. hefði verið röng og hún ætti einhvern þátt í erfiðleikum atvinnuveganna nú, mundi ég hiklaust játa, að í þessu sé sannleikskorn. Staða atvinnuveganna var því miður of veik, þegar erfiðleikarnir hófust fyrir 1½ ári, en þetta hefur stjórnarandstaðan aldrei sagt.

Þá segir stjórnarandstaðan í öðru lagi, að illa hafi verið búið að atvinnuvegum, þeir sæti vaxtaokri og skorti fjármagn. Útlánsvextir eru hér á landi 9—10%, en innlánsvextir af sparifé 7—9%. Í Danmörku eru útlánsvextir 8—9% og innlánsvextir af sparifé 5—7%. Í Þýzkalandi eru útlánsvextir 6—8% og innlánsvextir af sparifé 3½—4½%. Allir skynsamir menn ættu að skilja, að eðlilegt er, að vextir séu hærri hér en í nágrannalöndum af mörgum ástæðum. Hér er ungt þjóðfélag í örri uppbyggingu. Hér hefur frá upphafi iðnvæðingar landsins verið fjármagnsskortur og síðast en ekki sízt veldur verðbólgan hærri vöxtum en ella mundi vera. Þrátt fyrir þetta er munurinn á útlánsvöxtum hér og í þeim tveim nágrannalöndum, sem ég nefndi, ekki meiri en ég hef gert grein fyrir. Það er því alls ekki

rétt að gagnrýna stjórnarvöldin fyrir háa vexti. Háir vextir eru eðlilegir á Íslandi og stuðla annars vegar að því, að meira sparifé myndist en ella, og hins vegar að hinu, að atvinnuvegirnir og aðrir fjármagnsnotendur noti það skynsamlegar en ella. Það mætti gagnrýna ríkisvaldið fyrir það, ef mismunur útlánsvaxta og innlánsvaxta væri hér meiri en annars staðar, þar eð bankakerfið hér er að langmestu leyti ríkisbankakerfi. En þessi munur er hér minni en annars staðar, líklega minni en dæmi finnast um í öðrum löndum, en í því sambandi er þó rétt að minna á, að hér á landi eru bankar skattfrjálsir. Það eru þeir yfirleitt ekki annars staðar. Og því má ekki gleyma, að krafa stjórnarandstöðunnar um lækkaða útlánsvexti hlýtur jafnframt að vera krafa um lækkaða sparifjárvexti. Er það í raun og veru krafa stjórnarandstöðunnar, að sparifjárvextir skuli lækkaðir? Að því er snertir lánsfjárskortinn er það að segja, að útlán bankakerfisins fara auðvitað eftir innlánunum og sparnaðinum. Ríkisstj. getur engu bætt við sparifé bankanna. En útlán til aðalatvinnuveganna hafa aukizt um 17% á hverju ári að meðaltali undanfarin 3 ár, en það er miklu meiri aukning en orðið hefur á verðlagi og framleiðslukostnaði, og útlán til húsbygginga hafa aukizt um hvorki meira né minna en 42% að meðaltali á ári á sama tímabili.

Sannleikurinn um hinn margumtalaða lánsfjárskort er sá, að þar, sem hann er raunverulega fyrir hendi, stendur hann í sambandi við erfiða afkomu fyrirtækja á undanförnum árum og þá ekki sízt í sambandi við fjárfestingu, sem í raun og veru hefur verið hlutaðeigandi fyrirtæki eða einstaklingi um megn miðað við fjárhagsgetu. Rangar ráðstafanir í þeim efnum hefna sín síðar með svo kölluðum lánsfjárskorti, ef annaðhvort óvenjulegur gróði eða verðbólga leysa ekki fjárhagsvandann.

Þá segir stjórnarandstaðan í þriðja lagi, að verið sé að lama íslenzkan iðnað með frjálsum innflutningi. Sannleikurinn er samt sá, að iðnframleiðslan í heild, önnur en fiskiðnaður, var í fyrra 29% meiri en 1960 og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð var í fyrra hvorki meira né minna en 91% meiri en 1960. Árleg fjármunamyndun í þeim greinum, sem venjulega eru taldar íslenzkur iðnaður, hefur á undanförnum áratug hér um bil fjórfaldazt miðað við sambærilegt verðlag. Ekki ber þetta vott um mikla afturför í íslenzkum iðnaði. Hitt er rétt, að samsetning iðnaðarins hefur breytzt nokkuð á undanförnum árum. Sumar greinar hafa dregizt saman, en aðrar eflzt þeim mun meir. Stjórnarandstaðan hefur oft nefnt skipabyggingar sem dæmi um iðngrein, sem dregizt hefur saman. Þetta eru staðlausir stafir. Það hefur aldrei verið meira um skipabyggingar á Íslandi en undanfarin ár. Síldarverksmiðjubyggingar og smíði véla í þær hafa hins vegar að sjálfsögðu dregizt saman, eins og eðlilegt er, þar eð nóg er búið að byggja af síldarverksmiðjum í bráð.

Í fjórða lagi segir stjórnarandstaðan, að fluttur sé til landsins alls konar óþarfi fyrir dýrmætan gjaldeyri. Hér er því til að svara, að það var á sínum tíma eitt af aðalatriðunum í þeirri nýju stefnu, sem núv. stjórnarflokkar tóku upp, að gefa innflutning til landsins sem frjálsastan og halda ekki á honum öðrum höftum en þeim, sem vöruskiptasamningar við Austur-Evrópulöndin gerðu nauðsynlegt til þess að varðveita markaði okkar þar. Þessi stefna grundvallaðist á þeirri sannfæringu okkar, að neytandinn fengi í raun og veru mest fyrir peninga sína og yrði ánægðastur, ef hann hefði úr nægum vörum að velja, innlendum og erlendum, og að framleiðandi gæti framleitt ódýrastar og beztar vörur, ef hann hefði sem frjálsust skilyrði til þess að velja milli erlendra og innlendra hráefna. Þannig hefur reynslan orðið hjá öllum nágrannaþjóðum okkar, og þannig hefur reynslan einnig orðið hjá okkur. Innflutningsfrelsið hefur leitt til stóraukins vöruúrvals, og í því eru fólgnar óbeinar kjarabætur. Það hefur líka gert innlendum framleiðendum fært að framleiða betri og ódýrari vörur en áður, og einnig orðið neytandanum að gagni á þann hátt. En auðvitað getur innflutningsfrelsi leitt til þess, að eitthvað, sem sumir kalla óþarfa, sé flutt inn. Frægasta dæmið um það eru dönsku tertubotnarnir, og hefur líklega engin innflutt vara verið nefnd eins oft í málflutningi stjórnarandstæðinga og þessi sérstaka vörutegund. Menn skyldu halda, að hér væri um innflutning að ræða, sem stefndi gjaldeyrisvarasjóði þjóðarinnar í stórhættu. Tertubotnar frá Danmörku voru þó ekki fluttir inn í fyrra nema fyrir 252 þús. kr. Og það, sem af er þessu ári, hefur innflutningur tertubotna frá Danmörku numið 19 þús. kr. Afkoma þjóðarinnar hefði orðið ósköp svipuð, hvort sem þessi innflutningur hefði verið leyfður eða bannaður. En þeim, sem hafa keypt þá, hlýtur að hafa fundizt þeir góðir; og því mega þeir þá ekki kaupa þá?

Í fimmta lagi er rétt að geta þess, að annar stjórnarandstöðuflokkurinn gagnrýnir ríkisstj. fyrir það, að haldið sé uppi of litlu verðlagseftirliti. Þetta er Alþb., en fulltrúar hins í verðlagsnefndum hafa talið verðlagsákvæðin allt of þröng og krafizt afnáms þeirra. Þetta er Framsfl. Ríkisstj. hefur hér farið bil beggja. Samfara auknu jafnvægi í verðlagsmálum og kaupgjaldsmálum hefur hún talið rétt, að losað væri um bein verðlagsákvæði og aukin samkeppni látin halda verðlagi í skefjum jafnframt því, sem löggjöf um einokun og hringamyndun hefur verið undirbúin. En í kjölfar gengislækkunarinnar taldi ríkisstj. hins vegar óhjákvæmilegt, að allar vörur væru um sinn teknar aftur undir verðlagseftirlit.

Í sjötta lagi er þess að geta, að stjórnarandstæðingar gera yfirleitt lítið úr verðfalli og aflabrestinum, segja, að verðlagið nú sé, þegar öllu er á botninn hvolft, ekki lægra en það var fyrir 3—4 árum og aflinn í fyrra hafi verið mjög mikill, þótt hann hafi minnkað verulega miðað við árið áður. Um þetta er það að segja, að hér er mjög gott dæmi um allan málflutning stjórnarandstöðunnar, dæmi um þá aðferð óhlutvandra manna að segja

hálfan sannleikann til að skapa rangar hugmyndir og villa öðrum sýn. Það er rétt, að útflutningsverðlagið nú er að meðaltali svipað og það var fyrir 3—4 árum, og aflinn í fyrra var líkur og hann var 1962, ef miðað er við verðmæti á föstu verði. En það, sem stjórnarandstæðingar þegja um, þótt þeir viti það auðvitað, er, að í kjölfar verðhækkananna erlendis hækkuðu tekjur innanlands í svipuðu hlutfalli, og þá um leið framleiðslukostnaður útflutningsatvinnuveganna. Stjórnarandstæðingar studdu ekki aðeins kauphækkanirnar, sem urðu á þessum árum, heldur vildu beinlínis hafa þær meiri. Ef kaupgjald og annar framleiðslukostnaður væri nú óbreytt, frá því, sem það var fyrir 3—4 árum, væri vandinn nú ekki sá, sem hann er. En um þetta aðalatriði þegja stjórnarandstæðingar. Skýrara dæmi um blekkingar verður varla fundið.

Í sjöunda og síðasta lagi ætla ég að nefna, að bæði í gærkvöldi og fyrr hér á Alþ. hefur verið vefengt af hálfu Alþb., að Hannibal Valdimarsson forseti Alþýðusambandsins, Björgvin Sigurðsson framkvstj. Vinnuveitendasambandsins og Torfi Hjartarson sáttasemjari hafi látið í ljós þá skoðun, að útvarpsumr. um till. framsóknarmanna og Alþb.-manna um vísitölumálið mundu ekki greiða fyrir lausn verkfallsins, heldur gætu þær þvert á móti torveldað samninga, þar eð vonir hefðu vaknað um samkomulag. Það var ég, sem ræddi þetta mál við Hannibal Valdimarsson. En hæstv. forsrh. talaði við Björgvin Sigurðsson og Torfa Hjartarson. Fengum við leyfi til þess að skýra opinberlega frá þessari skoðun þessara manna. Ég fullyrði, að öllum forystumönnum Alþb. er kunnugt um, að þetta er rétt. Er það líklegt til að auka traust á kommúnistaleiðtogunum í Alþb., að þeir skuli samt tala eins og þeir hafa talað um þetta atriði? En e. t. v. þarf þetta ekki að koma á óvart, þegar haft er í huga, að hv. þm. Björn Jónsson sagði fyrir nokkrum dögum í hv. Ed. í umr. um kosningalög, að ætti hann að dæma um, hvort væri sennilegra, að hæstv. dómsmrh. hafi varið vísvitandi með rangt mál eða hitt, að hann hafi fengið rangar upplýsingar hjá formanni þingflokks Alþb. Lúðvík Jósefssyni, þá teldi hann hið síðarnefnda miklu sennilegra.

Þá er ég kominn að hinu aðalatriðinu, sem ég ætlaði að ræða í kvöld, erfiðleikunum, sem nú er við að etja í íslenzku efnahagslífi, og ágreiningnum um það, hvernig við þeim eigi að bregðast. Óþarfi er að lýsa þeim gífurlegu erfiðleikum, sem steðjað hafa að íslenzkum atvinnuvegum á s. l. 1½ ári. Enginn ber brigður á, að þeir eru staðreynd, alvarlegasta staðreynd, sem blasað hefur við Íslendingum í áratugi. Allar þjóðir Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku hafa átt við efnahagsörðugleika að etja undanfarin ár. Á vegum ríkjanna í Austur-Evrópu hafa einnig orðið miklir erfiðleikar, þótt þeir séu annars eðlis. En engin þjóð, sem um er vitað, hefur undanfarið orðið fyrir jafnmiklu efnahagstjóni á jafnskömmum tíma og við Íslendingar. Í sjálfu sér er ekki óeðlilegt, að menn og flokka greini á um, hvernig við slíkum vanda skuli brugðizt. Erfiðleikar eins og þessir hljóta fyrr eða síðar að snerta hvert mannsbarn í landinu. Þeir hljóta að koma við pyngju hvers einasta manns, og þá er enginn hlutur eðlilegri en þeir velti fyrir sér, hvernig eigið tjón geti orðið minnst. En skylda stjórnmálaflokka er að skýra þjóðinni frá því, hvernig þeir vilja láta snúast við vandanum.

Í opinberum umr. hefur komið í ljós, að stefna stjórnarandstöðuflokkanna í þessum málum er furðulík. Það er fyrst og fremst tvennt, sem þeir benda á sem úrræði gegn vandanum. Þeir vilja báðir mæta minnkun gjaldeyristeknanna með innflutnings- og gjaldeyrishöftum. Þeir vilja ráða bót á því, sem þeir kalla stjórnleysi fjárfestingarinnar innanlands, með því að gera alla meiri háttar fjárfestingu háða opinberum leyfisveitingum. Og þeir vilja styðja framleiðsluna með lækkun vaxta og bæta úr lánsfjárskortinum með því að láta Seðlabankann hætta að binda fé fyrir viðskiptabönkunum, m. ö. o. láta Seðlabankann hætta að fá nokkra hlutdeild í sparifjármyndun landsmanna.

Þetta virðist í aðalatriðum vera stefna beggja stjórnarandstöðuflokkanna í efnahagsmálum þjóðarinnar, þótt þá greini á að ýmsu öðru leyti. Hér er ekki um nýja eða óþekkta stefnu að ræða. Hér er um að ræða stefnu, sem fylgt hefur verið hér á landi fyrr á árum og kenna má við höft og greiðsluhalla. Hliðstæðri stefnu var og fylgt í ýmsum nálægum löndum í heimskreppunni miklu á áratugnum frá 1930—1940. Við Íslendingar tókum hana aftur upp til þess að reyna að vinna bug á erfiðleikunum, sem urðu á vegi okkar eftir heimsstyrjöldina síðari, og fylgdum henni sem aðalstefnu allar götur fram að 1960. En það er athyglisvert, að Íslendingar eru eina þjóð Vestur-Evrópu, sem gripið hefur til þessarar stefnu á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina. Það getur varla verið tilviljun. Sannleikurinn er sá, að stefna, sem miðar að því að taka nú aftur upp innflutnings- og gjaldeyrishöft og fjárfestingareftirlit, er ómenguð afturhaldsstefna. Hún boðar afturhvarf til úrræða, sem reynd voru hér og erlendis um langan aldur og gáfust illa, svo illa, að engin þjóð í Vestur-Evrópu hefur látið sér til hugar koma á undanförnum árum að taka hana upp aftur. Þótt margvíslegir efnahagserfiðleikar hafi orðið á vegi flestra þjóða í Vestur-Evrópu undanfarin ár, hefur engin þeirra gripið til almennra innflutnings- og gjaldeyrishafta né almenns fjárfestingareftirlits. Meðan Bretar voru að reyna að varðveita gengi sterlingspundsins, gripu þeir einu sinni til allsherjar innflutningsgjalds, en ekki til innflutningshafta. Þeir hækkuðu vexti hvað eftir annað, þeir takmörkuðu ýmis ríkisútgjöld og þeir hafa jafnvel lagt lagahömlur á hækkun kaupgjalds og arðgreiðslu. En þeir tóku aldrei upp innflutnings- og gjaldeyrishöft né almennt fjárfestingareftirlit. Að síðustu urðu þeir að lækka gengið einmitt til þess að geta haldið áfram hinni frjálslyndu stefnu í efnahagsmálum og þurfa ekki að hverfa aftur til haftastefnunnar. Reynsla okkar

Íslendinga af haftastefnunni var 1960 orðin sú, að hér var marghátt aður vöruskortur, bæði á neyzluvörum og hráefnum. Landið var sokkið í óreiðuskuldir erlendis og lánstraust þess þrotið. Þá var breytt um stefnu. Samtímis afnámi haftanna tókst að safna gildum gjaldeyrisvarasjóði. Myndun þess sjóðs var hafin áður en góðæri hófst, og er það því ekki grundvöllur hans, heldur hin nýja stefna í efnahagsmálum.

Með sanni má segja, að það sé undarlegt, að þrátt fyrir nýlega og slæma reynslu okkar af haftabúskap og þrátt fyrir það, að engin nálæg þjóð hefur viljað hverfa aftur til þeirrar efnahagsstefnu, þá skuli stjórnarandstaðan á Íslandi vera sammála um, að hún sé rétta leiðin, að hún sé „hin leiðin". Það er næstum því neyðarlegt, að sá íslenzkur stjórnmálaflokkur, sem kennir sig við framsókn, skuli boða slíkt afturhald. Hvorki stórir né litlir íhaldsflokkar í Vestur-Evrópu hafa haftabúskap á stefnu sinni. En Framsfl. á Íslandi er svo mikið á eftir tímanum, hann er svo negldur niður í sinni eigin fortíð, þegar hann sjálfur var í stjórn og gat misnotað haftakerfið sjálfum sér og sínum í hag, að hann sér enga aðra leið út úr vandanum. Framsfl. hefur að vísu þetta sér til afsökunar, að hann hefur reynslu af því, að það er hægt að hagnast af því að fara með völd á haftatímum. Það mundi hann auðvitað gera, ef hann kæmist aftur til valda og tækist að koma aftur á höftum að einhverju eða öllu leyti.

En Alþb. ætti a. m. k. ekki að hugsa eins. Þess vegna má að vissu leyti segja, að það sé enn undarlegra, að það skuli aðhyllast jafnafturhaldssama stefnu, og nú ber svo kynlega við, að það er eins og leiðtogar Alþb. geti ekki lært neitt af stjórnendum Austur-Evrópuríkjanna loksins, þegar eitthvað er af þeim að læra. Í áratugi hafa þeir menn, sem nú stjórna Alþb. og blaði þess, Þjóðviljanum, gapað af hrifningu yfir öllu því, sem gerzt hefur austan járntjalds. Þar var alltaf allt á framfaraleið. Jafnvel frelsissvipting og fangelsanir, jafnvel kúgun og ofbeldi var allt saman réttlætanlegt, af því að það var óhjákvæmilegur áfangi á leiðinni til efnahagsskipulags, sem átti að veita öllum sælu á sínum tíma. Ekkert ódæði hefur verið framið í þessum löndum, án þess að einhver íslenzkur kommúnisti hafi bent á sögulega nauðsyn þess í þágu baráttunnar fyrir efnahagsskipulagi kommúnismans. En á undanförnum árum hafa leiðtogar hvers kommúnistaríkisins á fætur öðru verið að breyta um stefnu í efnahagsmálum. Þeir hafa verið að sjá, að sá fullkomni skipulagskommúnismi, sem þeir stefndu að, er ekki leið til framfara, heldur trafali á framfarabrautinni, og nú stefnir hver kommúnistastjórnin á fætur annarri að auknu frjálsræði í framleiðslu og viðskiptum, að minnkuðu valdboði, minni höftum. Meira að segja í sjálfu föðurlandi kommúnismans, Sovétríkjunum, er verið að gera merkilegar tilraunir á mikilvægum sviðum efnahagslífsins, þar sem beitt er aðferðum, sem eru kjarni frjálslyndrar stefnu í efnahagsmálum. Og þá vill svo ömurlega til, að leiðtogar íslenzkra kommúnista virðast ekki átta sig á neinu. Ýmsir hefðu þó haldið, að þeir væru búnir að öðlast svo mikla æfingu í því að snúast og verja það, sem þeir réðust á áður, að þeim ætti ekki að verða skotaskuld úr því að gagnrýna óhóflegt vald ríkisins og lamandi höft, a. m. k. undir vissum kringumstæðum, fyrst kommúnistaflokkar í Austur-Evrópu eru farnir að halda fram slíkum skoðunum. En nú virðast leiðtogar íslenzkra kommúnista allt í einu vera orðnir staðir og stirðnaðir í gömlum hugmyndum. En breytingin er kannske ekki orðin nógu alger þarna austur frá. Kannske eru þeir ekki enn orðnir nógu vissir um það, að hin nýja stefna þar verði endanlega ofan á. Í þessum löndum má alltaf búast við gagnbyltingu. En ég óska þjóðunum í Austur-Evrópu þess, að hin nýja stefna verði sem fyrst alls ráðandi í þessum ríkjum. Það mun verða þeim sjálfum fyrir beztu og þá er ég ekki í nokkrum vafa um, hverjar skoðanir íslenzkra kommúnista verða á þessu sviði. Þá munu þeir ekki lengur mæla með gamaldags haftabúskap hér á Íslandi.

En hver er þá stefna ríkisstj.? Hvað vill hún gera? Fyrst er rétt að geta þess, sem hún hefur gert til þess að mæta vandanum. Þegar halla tók undan fæti í gjaldeyrismálunum vegna minnkandi útflutningstekna, voru fyrstu viðbrögð ríkisstj. og gjaldeyrisbanka þau að draga úr innflutningi með því að auka innborgunarskyldu innflytjenda í bankana vegna innflutnings. Þá miðaði fjárlagafrv. á s.l. hausti að hallalausum ríkisbúskap á þessu ári. Þetta varð ekki gert án þess að leggja byrðar á allan almenning, fyrst og fremst með lækkun niðurgreiðslna á innlendum landbúnaðarafurðum. En ríkisstj. taldi það óhjákvæmilegt og Alþ. samþykkti það. En langveigamesta ráðstöfunin gegn vandanum hefur þó auðvitað verið gengislækkunin í nóvember. Hjá henni hafði ríkisstj. viljað komast í lengstu lög, en gengisfelling sterlingspundsins gerði gengisfall krónunnar óhjákvæmilegt. Þar eð verðfallið reyndist bæði meira og langærra en nokkurn hafði grunað, reyndist óhjákvæmilegt að veita bátaflotanum og hraðfrystihúsunum sérstaka aðstoð um áramótin. Til að þurfa ekki að leggja nýja skatta á almenning, taldi ríkisstj. rétt að lækka útgjöld ríkisins mjög verulega og hefur nýlega verið gengið frá lagasetningu um það. Allt hefur þetta byrðar í för með sér fyrir almenning. Launastéttir hafa ekki fengið bætta að fullu þá hækkun, sem orðið hefur á lífsnauðsynjum. Í þessu hefur verið fólgin sú kjaraskerðing, sem óhjákvæmilegt hefur verið, að hin mikla tekjulækkun þjóðarbúsins hefði í för með sér. En nauðsynlegt er að vekja athygli á því og leggja á það sérstaka áherzlu, að á s. l. ári var lækkun þjóðarteknanna ekki farin að koma fram í lækkuðum ráðstöfunartekjum almennings. Áföllunum var um sinn mætt með minnkun gjaldeyrisvarasjóðsins og auknum erlendum skuldum. Á þessu mun þó verða breyting á yfirstandandi ári. Á þessu ári munu koma fram áhrif þess efnahags-

áfalls, sem hófst fyrir tveimur árum. En í þessu er einmitt fólgið gildi þess að eiga gjaldeyrisvarasjóð. Að skyndileg tekjulækkun á útflutningi þarf ekki þegar í stað að koma fram sem kjaraskerðing innanlands. Lækkun gjaldeyrisvarasjóðs má hins vegar ekki verða miklu meiri en nú er orðið. Ef ekki verður annað tveggja, veruleg aukning útflutningsframleiðslunnar eða veruleg hækkun útflutningsverðs, má búast við, að þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar, dugi ekki til þess að varðveita gjaldeyrisvarasjóðinn og það frjálsræði í framleiðslu, viðskiptum og neyzlu, sem ekki má fara forgörðum. En of snemmt er enn að spá um það, hvort enn nýjar ráðstafanir verða nauðsynlegar. Vertíð er ekki enn lokið og ekki útilokað, að verðlag erlendis hækki, frá því, sem nú er. Vonandi dugar það, sem búið er að gera. En sýni reynslan, að það dugi ekki, verður áfram að snúast gegn vandanum með þeim ráðum, sem duga, og það mun ríkisstj. gera í anda þeirrar frjálslyndu og framfarasinnuðu efnahagsstefnu, sem hún hefur fylgt.

Þjóðin á rétt á því, að talað sé við hana af hreinskilni, ekki sízt á tímum eins og þeim, sem nú eru. Og ég held, að þjóðin vilji heyra sannleikann. Þess vegna lýk ég þessum orðum mínum með því að segja, að það er ekki bjart fram undan í íslenzkum efnahagsmálum. En þó er ekki ástæða til þess að örvænta og telja allar bjargir bannaðar. Íslendingar hafa áður átt við erfiðleika að etja og sigrazt á þeim. Kjarkurinn er mikils virði, en fyrir mestu er þó að skilja vandann og vilja leysa hann með því að bera sinn hlut af byrðunum, meðan þess er þörf, af ósérhlífni og heiðarleika. Ef allar stéttir, ef allir Íslendingar mæta erfiðleikunum nú með því hugarfari, þurfa þeir ekkert að óttast. Þá verður framtíðin björt í þessu landi, þótt syrt hafi í álinn um skeið. Þá munum við öll koma meiri menn út úr erfiðleikum þessara ára.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Með viðreisnarstjórninni var tekinn upp sá háttur, að einum ráðh. var bætt við og falið það verkefni að hugsa. Hæstv. forsrh. gegnir engum sérstökum skyldustörfum í stjórnarráðinu öðrum en þeim að leggja á ráðin um heildarstefnu stjórnarinnar og skyggnast inn í framtíðina. Vissulega er þar um mikið og nauðsynlegt verkefni að ræða, en þess ber þá einnig að krefjast, að þessi hugsuður ríkisstj., hæstv. forsrh., hafi eitthvað til málanna að leggja umfram hversdagslegasta dægurmálapex, þegar hann flytur stjórnmálaboðskap í áheyrn alþjóðar. En í ræðu sinni í gær tókst hæstv. ráðh. ekki að hefja sig yfir þetta lágkúrulega stig. Hann markaði enga framtíðarstefnu, svaraði engum þeim spurningum, sem áhyggjufullir áheyrendur hans hafa borið upp undanfarna mánuði; ræðan bar því miður miklu meiri vott um hina stríðu lund hæstv. ráðh. en góða greind hans. Mér varð hún örækur vitnisburður um það, að viðreisnarskútan er nú stjórnlaust fley.

Hins vegar þótti mér það næsta nýstárlegt, að hæstv. ráðh. vék örlítið að utanríkismálum í upphafi ræðu sinnar. Því er nefnilega þannig háttað, að á þinginu í vetur höfum við Alþb.-menn oftsinnis hafið umr. um utanríkismál og af mörgum tilefnum, án þess að hæstv. ráðh. hafi fengizt til andsvara. Við höfum bent á þá augljósu staðreynd, að rök þau, sem hernámsflokkarnir sjálfir notuðu til þess að réttlæta hernámið 1951, eru nú öll úrelt orðin vegna gerbreyttra viðhorfa í alþjóðamálum og hermálum. Við höfum spurt, hvenær vænta megi nútímalegrar stefnu á þessu sviði eða hvort það sé afstaða stjórnarflokkanna, að hér skuli dveljast bandarískur her um ófyrirsjáanlega framtíð, hvað svo sem gerist í veröldinni umhverfis okkur. Við höfum bent á, að staða Atlantshafsbandalagsins sé gerbreytt, eftir að Frakkar slitu allri hernaðarsamvinnu við það og hreinsuðu land sitt af bandarískum herstöðvum, og eftir að samskipti Evrópuríkja eru orðin öll önnur en þau voru fyrir tveimur áratugum, og því verði Íslendingar að taka það til raunsærrar endurskoðunar, hvort við, vopnlaus friðarþjóð, eigum að halda áfram þátttöku í hernaðarsamtökum undir forystu þess ríkis, sem heyr ofbeldisstyrjöldina í Víetnam. Við höfum skorað á ríkisstj. að færa nútímaleg rök fyrir stefnu sinni í utanríkismálum, en láta sér ekki nægja úrelt viðhorf frá ísöld kalda stríðsins. En stjórnarliðið hefur viljað forðast að ræða þessi mál í allan vetur. Úr þess hópi hefur aðeins einn einasti maður tekið þátt í umr. um utanríkismál, hæstv. utanrrh. sjálfur. En málflutningur hans hefur borið það með sér, að hann var að sinna óhjákvæmilegri embættisskyldu fremur en hann hefði áhuga eða hefði fylgzt með þróun þessara mála síðustu árin.

Af hálfu Sjálfstfl. hefur ekki nokkur maður fengizt til þess að ræða hernámið og stefnu Íslands í utanríkismálum þrátt fyrir margítrekaðar áskoranir, sem ekki sízt hefur verið beint til Bjarna Benediktssonar forsrh., en hann er öðrum mönnum fremur höfundur hernámsstefnunnar. Í allan vetur höfum við farið fram á það, að ríkisstj. gerði formlega grein fyrir stefnu sinni í utanríkismálum, og nú mun loks von einhverrar skýrslu síðdegis á morgun, degi áður en þing verður sent heim, þegar ekkert ráðrúm gefst til könnunar og ítarlegra umr. á vegum Alþ. Þessi viðbrögð stjórnarflokkanna eru mjög athyglisverð. Þau eru sönnun þess, að ríkisstj. telur ekki fýsilegt að ræða stefnu sína í utanríkismálum. Á því sviði er þögnin talin hæfa málstaðnum bezt. Hitt er því miður borin von, að þessi þögn sé til marks um það, að valdamenn ríkisstj. séu nú að hugsa ráð sitt og fitja upp á nýjum viðhorfum. Það sannast einmitt á því dæmi, sem hæstv. forsrh. gerði að umtalsefni í gær. Síðan um miðjan febrúar hafa legið fyrir báðum deildum Alþ. till. um afstöðu Íslands til styrjaldarinnar í Víetnam. Till. þessar voru sniðnar eftir hugmyndum Ú Þants, framkvstj. Sameinuðu þjóðanna, og þeirri stefnu, sem mörkuð hefur verið af flestum ríkisstj. Vestur-Evrópu. Um skeið stóðu vonir til þess, að

samstaða tækist á Alþ. um samþykkt slíkrar till. og var það raunar fastmælum bundið við Bjarna Benediktsson forsrh. sjálfan. En þegar á reyndi brást ráðh. þessu samkomulagi og bar fyrir sig tómar vífilengjur.

Á þeirri ráðabreytni getur ekki verið nein önnur skýring en sú, að hann dirfist ekki að standa að nokkurri þeirri samþykkt, sem hægt er að túlka sem gagnrýni á bandaríska utanríkisstefnu, ekki heldur þótt um sé að ræða styrjöldina í Víetnam, sem orðið hefur nærgöngulli við samvizku mannkynsins en nokkur annar atburður, sem gerzt hefur síðan heimsstyrjöldinni lauk. Það er þetta andlega ósjálfstæði, sem fyrst og fremst veldur þögn stjórnarliðsins í umr. um utanríkismál í vetur. Ráðh. eru sér þess meðvitandi, að utanríkisstefnan er ekki ákveðin á Alþ. Íslendinga, heldur á allt öðru þingi í allt öðru landi.

En utanríkismál verða ekki umflúin. Þau mæta okkur raunar hvert sem litið er. Ein meginnauðsyn Íslendinga um þessar mundir er einmitt sú að átta sig á stöðu sinni í umheiminum, hvers við þörfnumst til þess að geta staðizt samkeppni við aðrar margfalt stærri og auðugri þjóðir. Þau vandamál eru einnig í nánum tengslum við atvinnumál og efnahagsmál um þessar mundir, kjaramál og öryggi launafólks, þau viðfangsefni, sem hver einasti Íslendingur hefur velt fyrir sér síðustu mánuðina af vaxandi áhyggjum. Í vetur voru skráðir hátt á 2. þús. atvinnuleysingjar á Íslandi. Þau kjör, sem atvinnuleysi fylgja, urðu hlutskipti þúsunda manna um land allt. Slíku neyðarástandi höfðu landsmenn ekki kynnzt síðan veturinn 1951—1952. Af hverju stafaði þetta atvinnuleysi? Ástæðurnar voru ekki fyrst og fremst þeir tímabundnu erfiðleikar, sem nú er mest talað um, verðfall á erlendum mörkuðum og minnkandi afli, heldur er þeirra að leita á miklu lengra tímabili.

Á þeim miklu velmegunarárum, sem við lifðum þegar þjóðartekjur á mann jukust örar hér en í nokkru öðru landi heims og okkur áskotnuðust millj. kr. aðeins með bættum viðskiptakjörum, lét ríkisstj. Íslands hina þjóðlegu atvinnuvegi hrörna. Togarar landsmanna voru seldir eða bundnir við landfestar og enginn nýr keyptur, unz nú er svo komið, að togurum á veiðum hefur fækkað um 2/3 hluta. Sá hluti bátaflotans, sem aflar hráefnis handa fiskvinnslustöðvunum, hélt áfram að úreldast og var aðeins endurnýjaður að óverulegu leyti. Frystihúsin áttu af þessum ástæðum í sívaxandi erfiðleikum með að tryggja sér hráefni, og rekstraraðstaða þeirra varð vonlaus nema til kæmu stighækkandi styrkir úr ríkissjóði. Íslenzkur iðnaður var látinn sæta sama hlutskipti. Hinar miklu og vel búnu vélsmiðjur drógu úr athöfnum sínum og lokuðu einni deild af annarri. Skipasmíðastöðvarnar sáu verkefnin flutt úr landi, jafnt nýsmíðar sem viðgerðir. Neyzluvöruiðnaðurinn stóðst ekki samkeppni við frjálsan innflutning á hvers kyns varningi, sem áður hafði verið framleiddur innanlands, og verksmiðjurnar gáfust upp hver á fætur annarri. Það var þessi samfellda öfugþróun, sem olli atvinnuleysinu í vetur, vaxandi samdráttur í atvinnulífinu á mestu velmegunarárum, sem Íslendingar hafa lifað.

Hitt skal enginn ætla, að hér hafi einvörðungu verið að verki getuleysi og skammsýni ríkisstj. Ástæðurnar voru miklu djúptækari og alvarlegri. Ég minnti á það áðan, að atvinnuleysið í vetur ætti enga hliðstæðu síðan 1951—1952. Eflaust eru margir búnir að gleyma, af hverju atvinnuleysið stafaði þann vetur. Hingað til lands hafði komið bandarískt hernámslið vorið 1951 og það þurfti að ráðast í miklar hernámsframkvæmdir og þurfti á þúsundum manna að halda í þeim tilgangi. Atvinnuleysið veturinn 1951—1952 var skipulagt af ráðnum hug til að sópa hundruðum og þúsundum manna í hernámsframkvæmdir með niðurlægjandi skilmálum og ósæmilegri aðbúð. Samdrátturinn að undanförnu á sér hliðstæðar orsakir. 1966 gerði ríkisstj. samning við alþjóðlegan auðhring um byggingu alúmínbræðslu hér á landi, og jafnframt var ákveðið, að Búrfellsvirkjun, sem Alþ. hafði einróma samþ. árið áður í þágu landsmanna sjálfra, skyldi að meiri hl. framleiða raforku handa hinu erlenda auðfyrirtæki. Þegar þessi samningur var gerður, kváðust stjórnarvöldin hafa miklar áhyggjur af því, sem þau kölluðu þenslu í efnahagslífinu, en stjórnarhagfræðingar líkja því við þenslu eða bólgu eða ígerð, ef landsmenn eiga kost á nægri atvinnu. Og ráðh. lýstu yfir því hér á þingi, að nú yrðu gerðar ráðstafanir til að tryggja það, að nægilegt vinnuafl yrði tiltækt til þess að ráðast í stórframkvæmdir í þágu útlendinga. Þetta er ástæðan fyrir því, að togaraflotinn hefur verið látinn dragast saman ásamt hinum minni bátum og að íslenzk iðnfyrirtæki hafa verið látin lamast eða gefast upp. Og ríkisstj. hefur náð því marki, sem hún stefndi að, ekki síður en veturinn 1951—1952. Það er ekki aðeins nægilegt vinnuafl í Straumi og við Búrfell, heldur liggja á báðum stöðum langar bænaskrár frá fólki, sem biður um að fá að vinna þar. Og þegar svo er komið, geta þeir, sem bera ábyrgðina, snúið staðreyndunum við. Nú segja þeir með landsföðurlegri sjálfumgleði, eins og þeir hafa sagt í þessum umræðum: Hvernig halda menn, að ástandið væri, ef við hefðum ekki samið við auðhringinn um, að hann fengi að reisa verksmiðju sína hér og hirða raforkuna frá Búrfellsvirkjun á gjafverði?

Niðurlæging hinna þjóðlegu atvinnuvega og atvinnuleysið voru engin óumflýjanleg örlög, heldur mannaverk í nánum tengslum við þá örlagaríku ákvörðun stjórnarvalda að hverfa frá algeru sjálfsforræði Íslendinga í atvinnumálum. Og hvað er svo fram undan á þessum sviðum? Atvinnan mikla í Straumi og við Búrfell stendur aðeins fram á mitt næsta ár. Þegar orkuverið er tekið til starfa, og alúmínbræðslan hafin, fá ekki margir menn atvinnu þar. Og hvað tekur þá við? Hafa íslenzk stjórnarvöld ekki hafizt handa um að efla hina þjóðlegu atvinnuvegi á nýjan leik til þess að taka

við fjölgun þjóðarinnar og því vinnuafli, sem senn losnar frá Straumi og Búrfelli? Um það sjást engin merki nema kákið eitt. Hér á þingi er nýbúið að fella till. Alþb. um, að hafizt verði handa um endurnýjun togaraflotans með kaupum á skuttogurum. Till. Alþb. um nýsmíði fiskiskipa í innlendum skipasmíðastöðvum sefur svefninum langa í einni þn. Nýlega birtist viðskmrh. í sjónvarpi til þess að skýra frá því, að enda þótt fiskumbúðir væru nú háðar innflutningsleyfum, mætti enginn ætla, að tilgangurinn væri sá að vernda innlendan iðnað almennt. Útlendur iðnaðarvarningur skyldi áfram fá að flæða inn óhindrað og svipta landsmenn atvinnu. Ráðh. sá meira að segja ástæðu til þess að taka það sérstaklega fram með breiðu gleðibrosi, eins og hann gerði í umr. hér áðan, að hér skyldi sannarlega ekki verða neinn hörgull á dönskum tertubotnum. Sú stefna ríkisstj. að afrækja þjóðlega atvinnuvegi stendur enn óbreytt.

En hver er þá framtíðarstefna stjórnarflokkanna á sviði atvinnumála? Hún birtist á mjög ótvíræðan hátt í áróðri, sem nú er magnaður dag eftir dag í málgögnum Sjálfstfl., þess efnis, að við verðum að gera tafarlausar ráðstafanir til þess að hleypa fleiri erlendum fyrirtækjum inn í landið. Morgunblaðið hefur tekið upp hina gömlu hugmynd sína um að fá bandaríska auðhring til að reisa hér olíuhreinsunarstöð. Mjög athyglisverðar rannsóknir á sjóefnavinnslu í sambandi við hverasvæðið á Reykjanesi verða málgögnum Sjálfstfl. tilefni til þess að segja fagnandi, að þar sé svið, sem rétt sé að bjóða útlendingum falt. Þegar eru hafnar athuganir á því, hvort erlendir aðilar geti ekki að einhverju leyti tekið að sér þann hluta fiskiðnaðarins, sem fullkomnastur er hérlendis, frystiiðnaðinn. Mikil áherzla er lögð á nauðsyn þess, að við göngum í Fríverzlunarbandalagið og náum tengslum við Efnahagsbandalag Evrópu, fyrst og fremst til þess að greiða fyrir aukinni innrás erlends fjármagns. Og í áróðrinum er lögð á það vaxandi áherzla, að við megum ekki vera of kröfuharðir í samningum við hina erlendu aðila. Við sömdum um það 1966 að selja alúmínhringnum raforku við verði, sem enn er óvíst að standi undir tilkostnaði okkar. En á miðvikudaginn í síðustu viku sagði Vísir í forystugrein, að við yrðum að búa okkur undir að bjóða erlendum auðfélögum mun betri kosti. Blaðið komst svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur vakið mikla athygli, að Bretar bjóða erlendum álfyrirtækjum ríkisstyrki, 35—40% af stofnkostnaði álbræðslu, ef þau vilja byggja verksmiðjurnar í Bretlandi og efla þar með atvinnulífið þar. Þetta samsvarar því, að við hefðum gefið svissneska fyrirtækinu um þúsund milljónir króna upp í byggingarkostnað álbræðslunnar í Straumsvík. Þjóðverjar hafa lækkað raforkuverð hjá sér með ríkisframlagi til þess að freista álfyrirtækja til framkvæmda þar í landi."

Þarna er framtíðarstefnan boðuð af óvenjulegri hreinskilni. Við eigum ekki aðeins að halda áfram að opna landið erlendum auðfélögum, heldur eigum við að laða þau hingað með fégjöfum, styrkja verksmiðjubyggingar þeirra, láta þau hafa aðgang að auðlindum okkar, ásamt meðgjöf úr ríkissjóði. Þetta er framtíðarstefna Sjálfstfl., þetta er það, sem á að taka við, þegar lokið er framkvæmdum í Straumi og við Búrfell.

Vert er að vekja athygli á því, að það eru fráleitar blekkingar, þegar rætt er um lönd eins og England og Vestur-Þýzkaland í samanburði við okkur í þessu sambandi. Þau lönd eru meðal háþróuðustu iðnaðarríkja í heimi, og erlend fjárfesting innan þeirra nemur aðeins örlitlu broti af framleiðslunni. Við erum hins vegar svo smá framleiðsluheild, að eitt fyrirtæki eins og alúmínbræðslan við Straum ber ægishjálm yfir öll fyrirtæki landsmanna sjálfra. Og eigi að halda áfram á þeirri braut, verður hin erlenda framleiðsla ríkjandi aðili í efnahagskerfinu, en athafnir landsmanna sjálfra aðeins aukageta. Slíkt ástand er óþekkt í nokkru sjálfstæðu landi í veröldinni; það tíðkast aðeins í hálfnýlendum og nýlendum.

Við höfum á undanförnum árum staðið á krossgötum, við stöndum þar enn; valið sker úr um framtíðarþróun hins íslenzka þjóðfélags. Ríkjum heims má um þessar mundir skipta í tvo meginflokka. Annars vegar eru hráefnaframleiðendur, hins vegar eru iðnaðarríki, sem vinna úr hráefninu. Þróunin í efnahagsmálum er sú, að bilið milli þessara tveggja ríkjahópa fer sífellt vaxandi, iðnaðarríkin verða stöðugt auðugri og voldugri á kostnað hráefnaframleiðendanna. Við erum í hópi hráefnaframleiðenda. Sjávarútvegur okkar framleiðir að yfirgnæfandi meiri hluta til hráefni handa öðrum, matvæli, sem aðrir fullvinna, iðnaðarhráefni, sem aðrir breyta í verðmæti, og skepnufóður. Lengi hefur verið rætt um nauðsyn þess, að Íslendingar komist á hærra iðnaðarstig, að við höfum sem mesta framleiðslu okkar fullunna vöru. En allt slíkt umtal hefur strandað á áhugaleysi og smáum sjónarmiðum stjórnarvalda, sem skort hefur viljafestu og stórhug til þess að ráðast í slíka umsköpun og tryggja þá miklu fjármögnun, sem til þess þarf. Sú stefna, sem nú er boðuð með sívaxandi innrás erlendra fyrirtækja, er alger uppgjöf á þessu sviði. Með henni er verið að dæma Íslendinga til frambúðar. Með samningunum við alúmínhringinn vorum við aðeins að selja raforkuna, einhverja dýrmætustu auðlind okkar, sem hráorku, eftirláta öðrum að breyta henni í markaðsverðmæti og flytja ágóðann úr landi. Þegar rætt er um að laða fleiri erlend fyrirtæki til landsins, er aðeins verið að bjóða þeim að hagnýta sér íslenzk hráefni, íslenzka hráorku og íslenzkt vinnuafl.

Þau vandamál, sem tengd eru framtíð hinna þjóðlegu atvinnuvega, eru brýnustu og örlagaríkustu viðfangsefni þjóðarinnar um þessar mundir. Þetta eru þau vandamál, sem hver hugsandi maður veltir fyrir sér og hefur áhyggjur af. En mér hefur lengi verið það undrunarefni, hvað íslenzkir atvinnurekendur láta bjóða

sér af stjórnarstefnunni, hvað þeir sætta sig við vesælt hlutskipti. Sú var tíð, að þeir þóttust vera menn með mönnum í þessu landi. En hvar er nú baráttuhugur og reisn íslenzkra togaraeigenda og annarra útgerðarmanna, frystihúseigenda og iðnrekenda, sem sjá fram á, að þeim er ætlað síminnkandi aukahlutverk við stjórn atvinnumála á Íslandi. Þessir menn eru ómyrkir í máli um stjórnarstefnuna, þegar rætt er við þá í einrúmi, en í viðskiptum við stjórnarvöldin láta þeir allt yfir sig ganga og hugsa um það eitt að hirða þá mola, sem hrjóta af veizluborði annarra. Og hvað hugsa leiðtogar Alþfl. um þessar mundir? Þeir gátu ímyndað sér, að þeir væru að þoka áfram stefnumálum flokksins, á meðan lánið lék við viðreisnarstjórnina, en hvað á ástandið nú skylt við stefnu og markmið Alþfl.? Ætlar Alþfl. lengi enn að binda nafn sitt sérstaklega við mesta niðurlægingartímabil í sögu íslenzks sjávarútvegs?

Ég spyr um þessa áhrifaaðila í þjóðfélaginu, vegna þess að tómlæti þeirra og geðleysi er í vaxandi ósamræmi við afstöðu almennings í landinu, fólksins sjálfs. Engum fær dulizt, að almenningur á Íslandi er nú að endurmeta viðhorf sín í ljósi reynslunnar. Þetta endurmat hófst þegar í kosningunum í fyrra með hinu stórfellda fylgishruni Sjálfstfl. í Reykjavík. Það birtist á afar skýran hátt í verkfallinu mikla í vetur, þar sem launafólk úr öllum flokkum stóð hlið við hlið í órofa heild. Í þeirri samstöðu kom ekki aðeins fram einhugur um réttlætiskröfur launafólks, heldur vantraust á stefnu ríkisstj., ótrú á, að unnt sé að leysa vandamál þjóðarinnar skv. kennisetningum hennar. Hér á Íslandi er nú jarðvegur í almenningsálitinu og í öllum flokkum, til þess að hnekkja stjórnarstefnunni. Þar skortir aðeins nægilega öfluga, pólitíska forystu. Allt of margir áhrifamenn eru enn bundnir við úrelt og gömul og smá sjónarmið. Það er kominn tími til, að flokkabönd riðlist í alvöru og að nauðsynin sjálf móti nýja samstöðu allra þeirra, sem vilja efla þjóðlega atvinnuvegi, sem trúa á framtíð sjálfstæðs þjóðríkis á Íslandi. Og við skulum gera okkur það ljóst, að þrátt fyrir alla örðugleika er engin ástæða til svartsýni, ef unnt er að tryggja breytta stjórnarstefnu. Þrátt fyrir þá miklu erfiðleika á síðasta ári, sem mest er talað um, er niðurstaða Efnahagsstofnunarinnar sú, að þjóðartekjur urðu þá 23760 millj. kr., tæpir 24 milljarðar. Meðaltekjur á hvert mannsbarn á landinu voru þannig um 120 þús. kr., meðaltekjur á hverja fjölskyldu um hálf milljón kr. Eftir þetta erfiðleikaár vorum við enn þá í hópi auðugustu þjóða heims, að því er varðar þjóðartekjur á mann, aðeins örfáar þjóðir stóðu okkur jafnfætis eða framar, allur þorri þjóða langt að baki. Fyrir því eru engin almenn rök, að þjóðfélag með þennan efnahagsgrundvöll geti ekki þróazt á sjálfstæðan hátt og haldið velli í samanburði við aðra, ef við áttum okkur á þeirri meginnauðsyn, að við verðum að taka upp íslenzkan áætlunarbúskap og miða stefnuna við þarfir okkar sjálfra, en engar úreltar hagfræðikreddur. Ef öfugþróunin heldur áfram, er það einvörðungu sjálfskaparvíti, og þá ber ríkisstj. ekki aðeins ábyrgðina, heldur einnig þeir, sem vita betur, en skortir þrek til að breyta vitneskju sinni í athafnir.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Nú er veturinn senn liðinn, harður vetur og snjóþungur með landföstum ís. Vetrarveðrin hafa orsakað slys og valdið efnalegu tjóni á sjó og landi. Segja má, að síðustu þrír veturnir hafi verið mjög harðir miðað við það, sem verið hefur síðustu áratugina. Vorin 1966 og 1967 voru köld og grasspretta var því með seinna móti og nokkuð bar á kali í túnum. Nú vona allir, að komandi vor verði gott og bæti upp liðinn vetur.

Langir vetur með vorharðindum hafa lengi gert lífsbaráttuna erfiða hér á landi. Mörg árin féll búfénaður vegna harðinda og fóðurskorts. Sem betur fer eru tímarnir breyttir. Nú er fénaðinum komið fram með innfluttu kjarnfóðri, sem oft reynist að vísu dýrt, en gott þykir að grípa til, þegar innlent fóður er takmarkað. Ný tækni til veiða hefur ekki notið sín vel á liðnum vetri. Frá því í okt. til marzloka hefur óvenjulítill afli borizt á land vegna ótíðar og storma. Þótt sæmileg veiði hafi verið í aprílmánuði, er hætt við, að vetraraflinn verði með minnsta móti að þessu sinni. Verðfall útflutningsafurðanna skall á um mitt ár 1966 og má segja, að ýmsar útflutningsvörur, svo sem lýsi, hafi enn lækkað síðustu mánuðina. Þegar aflaleysi og verðfall útflutningsvörunnar fylgist að, verður þjóðartjónið mjög tilfinnanlegt. Verðlækkun á útflutningsvörum landbúnaðarins hefur einnig orðið mikil. Hefur ullarverð t. d. lækkað um allt að 100% frá því, sem var 1965. Gærur og aðrar skinnavörur hafa einnig lækkað mikið í verði. Bezti markaðurinn fyrir dilkakjötið hefur lokazt. Norðmenn keyptu um 7000 tonn af dilkakjöti frá Íslandi 1966 fyrir mjög hagstætt verð, en sá markaður er ekki lengur fyrir hendi. Það, sem hér hefur verið nefnt, verðlækkun afurðanna erlendis samfara aflaleysi, varð þess valdandi, að þjóðin missti 1/3 af útflutningstekjunum 1967 eða allt að 2 þús. millj. kr., og sennilega nokkru meira, ef með er talin skreiðin, sem í landinu liggur óseld og engin vissa er fyrir að markaður finnist fyrir. Enn er ekki vitað, hvort verðlagið breytist til batnaðar, sjálfsagt er að lifa í þeirri von, þótt nauðsyn beri til að búa sig undir að taka á móti óhagstæðum viðskiptakjörum fyrst um sinn.

Íslenzkt þjóðfélag er á margan hátt byggt upp með frumstæðum hætti. Enn er treyst að mestu á sjávaraflann. Yfir 90% útflutningsvörunnar eru sjávarafurðir. Þegar sjávarafli bregzt, samfara stórkostlegri verðlækkun, væri eðlilegt, að þjóðfélagsbyggingin riðaði við slíkt áfall efnahagslega og atvinnulega séð. Óhjákvæmilegt er, að þetta hafi nokkur áhrif á tekjumöguleika almennings. Það má segja, að vel hafi tekizt að standa af sér þá utanaðkomandi erfiðleika, sem steðjað hafa að þjóðinni.

Kemur það til af því, að á undanförnum árum hefur verið haldið vel á málunum. Atvinnutæki hafa verið keypt til landsins og afkastageta atvinnuveganna stórum aukizt. Gjaldeyrisvarasjóði var safnað, og hefur þjóðin notið þess, þegar árferði versnaði. Grundvöllur var lagður að stærstu framkvæmdum í sögu þjóðarinnar, stórvirkjun í Þjórsá, ásamt byggingu álverksmiðjunnar. Kísilverksmiðjan er tekin til starfa við Mývatn, og undirbúin er stækkun Áburðarverksmiðjunnar, lagður hefur verið grundvöllur að stórauknum skipasmíðum innanlands, og að því er keppt, að fiskibátar og stærri skip verði smíðuð í landinu. Unnið er að undirbúningi margvíslegra framkvæmda annarra á sviði iðnaðar, landbúnaðar, sjávarútvegs, verzlunar og samgangna. Unnið er að stærstu framkvæmdaáætlun í vegamálum, sem nokkru sinni hefur þekkzt í landinu. Með fjölbreytni í atvinnulífinu og traustum atvinnugreinum er mögulegt að tryggja öllum atvinnu og góð lífsskilyrði. Nauðsyn ber til, að í landinu megi starfa fjölbreyttur atvinnurekstur, sem er arðbær fyrir þjóðarbúið. Á því veltur efnaleg velgengni þjóðarbúsins og þjóðfélagsþegnanna.

Eðlilega á atvinnureksturinn við erfiðleika að etja í árferði því, sem verið hefur um sinn. Tilkostnaður við fiskiðnaðinn er næstum því sá sami, hvort sem báturinn kemur með 2 tonn að landi eftir róðurinn eða 20 tonn. Tilkostnaðurinn við landbúnaðarframleiðsluna hefur aukizt síðustu 2—3 árin vegna versnandi tíðarfars. Landbúnaðarframleiðslan hefur aukizt á undanförnum árum, þótt fólkinu, sem við landbúnaðarstörf vinnur, hafi farið fækkandi. Á síðustu 10 árum hefur kjöt- og mjólkurframleiðslan aukizt um 50%. Búin hafa stækkað, litlar jarðir eru sameinaðar og skilyrði til búskapar þannig bætt, samfara aukinni ræktun og vélvæðingu. Hagur bændastéttarinnar í heild hefur batnað mjög mikið á þessu tímabili og framkvæmdir í landbúnaðinum aldrei verið eins stórstígar í ræktun, byggingum og véltækni. Kaup bænda á árunum 1960—1966 hefur hækkað miklu meira en kaup þeirra stétta, sem tekjur bænda miðast við, sbr. Árbók landbúnaðarins 1966. Þetta var nauðsynlegt að gera, þar sem hlutur bænda var miklu minni undir stjórn framsóknarmanna en annarra stétta. Árið 1965 höfðu bændur því sem næst jafnréttisaðstöðu, en tekjur þeirra eru mjög misjafnar eftir sýslum og landshlutum. Tíðarfarið síðustu 2 árin hefur leitt til þess, að bændur hafa ekki fengið þá tekjuaukningu nettó, sem búast hefði mátt við. Enn eru margir bændur með það lítil bú, að þeir hljóta að verða tekjulágir, og verður tekjumismunur bænda því mjög mikill. Árið 1966 voru meðal nettótekjur bænda í einni sýslu 240 þús. kr., en í annarri 157 þús. kr. Mismunurinn er 83 þús. kr. Þetta segir sína sögu og gefur að nokkru leyti skýringu á því, hvers vegna meðaltekjur bænda miðað við landið allt eru ekki hærri en raun ber vitni. Sjálfstæðismenn gengust fyrir því að tryggja bændum fullt verð fyrir útflutta búvöru. Mega útflutningsuppbætur nema 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. Áður en þessi ákvæði voru lögfest, urðu bændur að bera hallann af lágu útflutningsverði. Árið 1957—1958 vantaði sum mjólkurbúin 10—12% á verðið vegna útfluttra osta, sem uppbætur fengust ekki á. Þá réðu framsóknarmenn stefnunni í landbúnaðarmálum og fjármálum. Þá var algjörlega neitað að rétta bændunum hjálparhönd. Að þessu sinni hefur framleiðsluráð hækkað verðjöfnunargjald á mjólk um 13 aura á lítra og dilkakjötið um 3 kr. á kíló. Þetta gerir framleiðsluráð vegna þess, að talið er, að útflutningsuppbæturnar nægi ekki að þessu sinni. Fyrir mjólkina 1967 ætti þó að fást fullt verð að mestu, þar sem fullar bætur hafa verið greiddar á útfluttar mjólkurvörur það ár. Ef útflutningsuppbæturnar nægja ekki á yfirstandandi verðlagsári, stafar það af aukinni framleiðslu og lækkandi markaðsverði erlendis.

Það er vitanlega mjög alvarlegt, að markaðsverð erlendis hefur lækkað. Hitt er ekki eins alvarlegt og margir ætla, þótt framleiðslan aukist. Það er betra að vanta lítilsháttar á fullt verð framleiðslunnar, vegna þess að mikið er framleitt, heldur en að fá fullt verð fyrir litla framleiðslu. Útflutningsuppbætur á þessu ári verða um 260 millj. kr., auk þess sem gengishagnaður af útfluttum búvörum verður 40—50 millj. kr., sem gengur til uppbótar, aðallega á ull og gærur. Stjórn Stéttarsambands bænda hefur lagt til að taka upp skömmtun á fóðurbæti og skattleggja þann hluta fóðurmjölsins, sem notað er umfram tilskilinn skammt. Áður en sú hugmynd verður lögfest, þarf margt að íhuga í sambandi við hagsmuni bændastéttarinnar, ef hún verður þá nokkurn tíma lögfest, sú tillaga.

Talað hefur verið um, að úrskurður yfirnefndar s.l. haust hafi verið bændum óhagstæður. Út í það skal ekki farið sérstaklega við þetta tækifæri. Ég hef oft haldið því fram, að það fengist betri útkoma með samkomulagi í 6 manna n., ásamt viðræðum við ríkisstj., heldur en að láta málin fara í úrskurð, hverjir sem yfirnefndina skipa. Frá því í haust hefur mjólkurlítrinn hækkað um 48 aura og dilkakjötið 4.34 kr. kg. Það er því rangt, sem sagt hefur verið, að bændur fái lægra verð fyrir afurðirnar á þessu ári heldur en á s. l. ári. Jafnvel þótt framleiðsluráð geti engu skilað af verðjöfnunargjaldinu, ættu bændur eigi að síður að fá nokkra hækkun í sinn hlut. Áburðarverðið hækkar að þessu sinni um 19.5%. Því var haldið fast að bændum, að það mundi hækka um a. m. k. 30%. Seðlabankinn mun að þessu sinni veita sérstaka fyrirgreiðslu til þess að auðvelda bændum áburðarkaupin.

Erfitt árferði kemur við bændur ekki síður en aðra landsmenn. Það er þó víst, að tekjur bænda eru minni sveiflum háðar en margra annarra stétta. Lög um framleiðsluráð landbúnaðarins og verðlag búvöru eru bændum mikil trygging gegn stóráföllum í verðlagi og tekjumissi. Árið 1966 voru þessi lög endurbætt og lýstu framsóknarmenn ánægju sinni yfir þessari lagasetningu, ekki síður en

við sjálfstæðismenn. Það vantar enn nokkuð á, vegna þess að tími hefur ekki til þess unnizt, að lögin séu framkvæmd eins og ætlazt er til, sbr. ákvæði um vinnutímamælingar og annað, sem ætlazt er til, að verðlagið verði byggt á.

Í gærkvöld minntust stjórnarandstæðingar á verkföllin í vetur og talað var um, að 25 þús. manns hafi staðið að verkföllunum. Það má merkilegt heita, að til þessara verkfalla var stofnað með því, að örfá hundruð manns létu vilja sinn í ljósi og gáfu heimild til vinnustöðvunar. Verkföllin gerðu þjóðinni í heild mikið tjón og einnig þeim, sem lögðu niður vinnu. Það er talið af þeim, sem bezt þekkja til, að launþegar hefðu náð eins góðum samningum án verkfalla, ef það hefði verið reynt í alvöru áður en til verkfallanna kom. En þetta þýðir ekki að sakast um úr því sem komið er, en af því mætti eigi að síður nokkuð læra. Stjórnarandstæðingar tala um hlut ríkisstjórnarinnar í þessari deilu. Ríkisstj. bar sáttarorð á milli og fullyrða má, að fyrir atbeina hennar og ekki sízt forsrh. leystist deilan fyrr en ætla mætti, eftir því sem til hennar var stofnað. Það er og álit flestra, að lausnin hafi verið eftir atvikum hófleg og farsæl. Sjálfsagt er að þakka þeim, sem að samningunum stóðu, bæði fulltrúum vinnuveitenda og launþega, fyrir góðan vilja til þess að finna lausn á deilunni. Stjórnarandstæðingar fluttu þáltill., sem þeir sögðu, að væri til lausnar á verkföllunum, og vildu fá útvarpsumr. um hana á meðan á samningunum stóð. Það var álit sáttasemjara ríkisins, forseta Alþýðusambandsins og fulltrúa vinnuveitenda í samninganefndinni, að það gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar á samkomulagstilraunirnar, sem yfir stóðu, ef á Alþ. væri verið að rífast um fram komnar till. og aðilar að koma með yfirlýsingar og fullyrðingar, sem síðan þætti ekki fært að víkja frá. Það leit þannig út, að þeir, sem fluttu till., vildu koma í veg fyrir lausn vinnudeilunnar og kynda ófriðarbál, svo upplausn, langvarandi vinnustöðvun og vandræði væru ríkjandi. Það var ekki hugsað um hagsmuni fólksins, sem í vinnudeilunni stóð og vantaði peninga fyrir brýnustu lífsnauðsynjum. Það skipti ekki máli, þótt mjólkinni væri hellt niður. Frá sjónarmiði tillögumanna virtist mega fórna hagsmunum almennings á altari valdastreitunnar og pólitísks ofstækis.

Hagsmunir almennings voru í veði. Ríkisstj. stuðlaði að lausn vandans og mun eftirleiðis eins og hingað til stuðla að góðri samvinnu við stéttasamtökin. Það er stefna ríkisstj. að efla atvinnulífið og tryggja stöðuga og góða atvinnu fyrir alla. Það er mikilvægasta verkefnið, að uppbygging atvinnuveganna geti tekizt og lífskjör almennings megi verða sem bezt. Því getur enginn neitað, að á síðustu árum hefur hagur almennings farið batnandi í landinu og fólk hefur getað veitt sér margt af því, sem það varð áður að neita sér um.

Stjórnarandstæðingar minntust lítillega á vegamál og skattlagningu í sambandi við breytingu á vegalögum. Þau gjöld, sem nú eru lögð á bifreiðar landsmanna, fást endurgreidd með því, að vegirnir verða betri, slit bifreiðanna minna en áður, auk minni eyðslu á brennsluefni. En um gerð varanlegra vega hefur mikið verið rætt og ritað undanfarna daga. Stjórnarandstæðingar vilja ekki, að fjölförnustu vegirnir verði bættir, eins og unnið er að, þess vegna neita þeir um tekjur í því skyni. Vilja þeir aðeins, að tekið verði lán til aukinna framkvæmda og það fé tekið til vegagerðar, sem búið er að ráðstafa á fjárl. Þar er sýndarmennska stjórnarandstöðunnar augljós. Margir munu fagna því, að nú verður hafizt handa um varanlega vegagerð. Það þolir ekki bið, að varanlegt slitlag verði sett á fjölförnustu vegina.

Karl Guðjónsson talaði um vatnsveitu Vestmanneyinga í gærkvöldi. Hann sagði, að vatnsveitan fengi ekki eðlilega fyrirgreiðslu hjá stjórnvöldunum. Hann nefndi 2.7 millj. kr., sem vatnsveitunni væri skammtað. Sannleikurinn er sá, að þeir, sem bezt þekkja, bæjarstjóri Vestmannaeyja, forseti bæjarstjórnarinnar og Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl., munu hafa allt aðra sögu að segja en Karl Guðjónsson. Ég minnist þess, að bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum og forseti bæjarstjórnar töluðu við mig í vetur um vatnsveituna. Fann ég ekki annað en þeir væru ánægðir með alla fyrirgreiðslu í því máli. Vatnsveitan fær ríkisábyrgð fyrir lánum. Hún fær ríkisstyrk árlega. Hún fær sérstaka fyrirgreiðslu í sambandi við tollaafgreiðslu á innfluttum vatnsleiðslupípum og öðru því tilheyrandi. Það er slæmt, þegar menn taka að tala um mál, sem þeir hafa ekki kynnt sér.

Málflutningur Karls Guðjónssonar um kísilverksmiðjuna er í samræmi við þröngsýni annarra stjórnarandstæðinga, þegar verið er að koma upp nýjum atvinnugreinum í landinu. Vonir standa til, að kísilleðjan á botni Mývatns geti gefið þjóðarbúinu árlega marga milljónatugi króna í dýrmætum gjaldeyri og veiti fjölda manns atvinnu. Þetta er sama og með álbræðsluna. Framsóknarmenn sögðu í gærkvöld, að þeir út af fyrir sig væru ekki á móti álbræðslu í landinu, heldur hefði þeim þótt samningar við Swiss Aluminium óhagstæðir og því hafi þeir verið á móti þessari framkvæmd, stórvirkjun í Þjórsá og byggingu álbræðslu. Þegar álbræðslan er komin í fulla stærð, mun hún gefa árlega um 100 millj. kr. í skatta. Meginhluti þessa fjár rennur í Atvinnujöfnunarsjóð. Verkefni Atvinnujöfnunarsjóðs er að byggja upp atvinnulífið víðs vegar um landið og skapa þannig skilyrði fyrir vinnandi fólk til góðra lífskjara og öruggrar atvinnu. Þá mun þjóðin fá árlega frá álbræðslunni allt að 500 millj. kr. í erlendum gjaldeyri, sem vissulega munar um í okkar þjóðarbúskap. Auk þess verður raforkuverð til venjulegra nota mun ódýrara vegna álbræðslunnar. En afturhaldið og þröngsýnin, sem tröllríður stjórnarandstöðunni, var á móti jafnsjálfsögðum framkvæmdum og hér hafa verið nefndar.

Framsóknarmenn tala oft um sparnað og nauðsyn þess að breyta um stefnu. Sparnaðarviðleitnin hjá þeim kemur fram með einstökum hætti. Þannig

hafa þeir á þessu þingi flutt þáltill. um skipun mþn. og væru þær samþykktar, fengju 50 menn vel launaðar stöður fyrir tilstilli þeirra. Framsóknarmenn vilja láta Alþ. sitja a. m. k. 10 mánuði á ári. Þeir vilja láta stjórnmálaflokkana fá launað starfslið. Hvenær sem fram kemur till. um aukin útgjöld úr ríkissjóði greiða framsóknarmenn henni atkv. Þetta er framlag þeirra í verðlags- og dýrtíðarmálum. Þannig mætti halda áfram að minna á úrræði framsóknarmanna til sparnaðar.

Þjóðin mun hafa hlustað á útvarpsumr. að þessu sinni og gert sér grein fyrir málflutningi manna. Gagnrýni stjórnarandstöðunnar er lítils virði, vegna þess að hún hefur ekkert jákvætt til málanna að leggja. Málflutningur stjórnarandstæðinga byggist á nöldri og úrtölum, svartsýni á framtíðina, þröngsýni og vonleysi. Sá hugsunarháttur, sem liggur að baki slíku tali, er ekki til góðs í neinum skilningi. Það, sem farsælast er fyrir þjóðina í nútíð og framtíð, er hæfileg bjartsýni, sem byggist á raunhæfum úrræðum, heilbrigðum framkvæmdum og þjóðhollum verkefnum, sem styrkja mega efnahagslegar undirstöður þjóðlífsins. Með framsýni og árvekni, sem nauðsynleg er í stjórnmálum þessarar þjóðar, mun takast að sigrast á þeim erfiðleikum, sem að steðja um sinn. Það er oft talað um, að þjóðinni fjölgi og því ber vitanlega að fagna. En samfara því er skylt og nauðsynlegt að hafa framsýni og úrræði til þess að auka atvinnumöguleikana, svo að fjölgandi þjóðfélag hafi ávallt nægileg verkefni til að vinna að. Með stefnu frelsis og framtaks mun að því verða unnið að skapa traust athafnalíf með fjölþættum atvinnurekstri og tryggja þannig efnahagslegt öryggi þjóðarinnar. — Góða nótt.

Jón Árnason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Alþ. hefur nú á tveim kvöldum eytt samtals 8 stunda vinnudegi í það að ræða í áheyrn alþjóðar ágreiningsmál stjórnmálaflokkanna. Í þessum umr. hefur það verið rauði þráðurinn í málflutningi stjórnarandstöðunnar, að núverandi erfiðleikar atvinnuveganna, sem nú eru vissulega miklir, stafi fyrst og fremst af rangri stjórnarstefnu, en ekki nema að litlu leyti af öðrum ástæðum, svo sem verðfalli afurðanna eða aflatregðu. Því hefur jafnvel verið haldið fram, að við þurfum ekki að kvarta, því að verðlag afurðanna sé sízt lægra en áður, t. d. eins og það var árið 1963. Mikið mega þeir menn vera blindir á dómgreind almennings, sem geta talið sjálfum sér trú um, að þeir hafi gagn af slíkum málflutningi. Að hinu leytinu er því hins vegar haldið fram, að stjórnarflokkarnir hafi fyrir kosningarnar, sem fram fóru á s.l. sumri, blekkt þjóðina með því að halda því fram, að allt væri í góðu lagi, og að miklir gjaldeyrissjóðir og góð afkoma ríkissjóðs mundi tryggja áframhaldandi aukningu þjóðarteknanna. Hvort tveggja er, að þessar fullyrðingar stjórnarandstöðunnar eru víðs fjarri sannleikanum og einnig mæltar mót betri vitund. Sannleikurinn er sá, að verulegt verðfall afurðanna var þegar á miðju ári 1966 skollið á með þeim afleiðingum, að fyrirsjáanlegt var, að miklir erfiðleikar blöstu við atvinnuvegunum að óbreyttu ástandi. Því miður verðum við Íslendingar að sætta okkur við þá staðreynd, að það er ekki á okkar valdi að segja til um eða ákveða verð afurðanna á heimsmarkaðinum. Það fer eftir sínu lögmáli, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Hins er rétt að geta, og því hefur verið haldið minna á lofti en skyldi, að góð afkoma ríkissjóðs, sem þá var fyrir hendi, var þess megnug að halda verðbólgunni í skefjum og festa allt verðlag í landinu um meira en eitt ár, þannig að framleiðslukostnaður hélzt að mestu leyti óbreyttur. Án þeirra ráðstafana má telja fullvíst, að atvinnuvegirnir hefðu stöðvazt eða þá að miklu fyrr hefði þurft til þess að koma að verðfella gengið eða gera aðrar hliðstæðar ráðstafanir, sem þá hefðu leitt til þess, að um verulega kjaraskerðingu hefði verið að ræða. Að sjálfsögðu var hvort tveggja, að hinn mikli gjaldeyrisvarasjóður var fyrir hendi og verulegur tekjuafgangur ríkissjóðs fyrst og fremst að þakka undangengnum góðærum samfara hyggilegri fjármálastjórn. En því var á annan veg farið, þegar þeir góðu menn héldu um stjórnartaumana á árinu 1958, sem nú deila harðast á núv. ríkisstj. og hennar stefnu.

Hvers er að vænta, ef þeir fengju á ný stjórnartaumana? Árið 1958 var eitt mesta aflaár, sem um getur í sögu togaraútgerðar á Íslandi. Togararnir stunduðu þá veiðar á fjarlægum miðum, og voru aflabrögð svo góð, að skipin voru fyllt á tveim til þrem sólarhringum, og var aflinn, sem var að mestu leyti karfi, allur lagður á land til vinnslu í frystihúsunum. Af þessu leiddi, að allt atvinnulíf í landinu var með miklum blóma. Maður skyldi halda, að í slíku árferði væri auðvelt að halda í horfinu og gera stóra hluti. En það ólíklega skeði. Þeir, sem nú þykjast hafa ráð undir hverju rifi, gáfust upp við að stjórna landinu og hlupu frá öllum vandanum. Í kjölfar þeirra ráðstafana, sem núv. ríkisstj. beitti sér fyrir í upphafi stjórnartímabilsins, kom aukið athafna- og viðskiptafrelsi svo að segja á öllum sviðum. Við þessa stefnubreytingu kom fljótt í ljós árangur þess, sem vænzt var. Alhliða framkvæmdir og uppbygging átti sér stað á öllu landinu, og í hönd fór eitt mesta framfaratímabil, sem um getur í sögu þjóðarinnar. Öllum er nú löngu ljóst, að ef ekki hefði verið skipt um ríkisstj. og stjórnarstefnu, og Framsfl. hefði áfram haft stjórnarforystuna, þá hefði ekki til þess komið, að slakað hefði verið á höftunum eða gefið aukið athafnafrelsi í atvinnumálunum. Og enda þótt stjórnarandstaðan hafi lengst af síðan lítið látið á sér kræla í þessum efnum. hefur á undanförnum mánuðum komið glögglega ljós, hvert hugur þeirra stefnir, og hvers sé að vænta, ef svo færi, að þeir fengju valdaaðstöðu á nýjan leik. Framsfl. fer nú ekki lengur dult með, hver hún er þessi svokallaða hin leið. Nú skal taka upp áætlunarbúskap. Það á að raða upp framkvæmdum, og það opinbera á að hafa allsherjar

umsjón og fyrirhyggju fyrir allan almenning. Nú skal á ný tekið upp það kerfi, sem frá var horfið, og skal það opinbera nú ákveða, hverjir megi framkvæma og hverjir ekki, hverjir megi ráðstafa gjaldeyri til vörukaupa og hverjir ekki, og hverjir skulu fá lánsfé og hverjir ekki. Það er þetta skömmtunarvald, sem stjórnarandstaðan vill, að komið verði á að nýju, og þá að sjálfsögðu undir þeirra stjórn.

Það er ekki að ástæðulausu, að sjávarútvegurinn hefur komið mikið við sögu í þessum umr. Stjórnarandstaðan er nú full af velvilja í garð útgerðarinnar og telur, að núverandi stjórnarstefna leiði til þess eins að leggja sjávarútveginn í rúst. Ég hef áður vikið að því, hvaða áhrif frjálsræðið hafði á uppbyggingu fiskiskipaflotans. Aldrei fyrr hefur átt sér stað jafnör vöxtur í uppbyggingu hans sem á undanförnum áratug. Það var eitthvað annað á framsóknartímabilinu, þegar ganga varð eftir ráðamönnum opinberra nefnda með grasið í skónum til þess að fá leyfi til þess að byggja fiskibát, en sem oftast var synjað um. Ég minnist þess, er einn landskunnur útvegsmaður, sem ekki var í náðinni, fékk þá heldur ekki slíkt leyfi. Fyrir það, að hann gat af sjálfsdáðum látið byggja lítinn fiskibát erlendis, var hann sektaður fyrir framtakið og þannig veitt verðlaun af hendi ríkisvaldsins. Ég hygg, að það sé ekki þetta skipulag eða slík röðun framkvæmda, sem sjávarútvegurinn æskir í dag. Hitt ber að viðurkenna, að eins og málum nú er komið fyrir íslenzkum sjávarútvegi, verður ekki annað sagt en að erfiðlega horfi. Útflutningsverðmæti framleiðslunnar á s. l. ári minnkaði um ⅓ og það, sem af er þessu ári, hafa nýir erfiðleikar bætzt við. Hafísinn fyrir Norður- og Austurlandi hefur valdið verulegum truflunum á vertíðinni, og tíðarfar um land allt hefur lengst af verið einkar óhagstætt. Við þetta bætist, að lítið sem ekkert hefur rætzt úr í verðlagsmálum, svo að ekki fer hjá því, að sjávarútvegurinn á við mikla örðugleika að etja, og horfast verður í augu við þá staðreynd að leita verður allra ráða til þess að tryggja reksturinn og sjá þessum höfuðatvinnuvegi farborða. Í umr. í gærkvöld kom það fram hjá einum ræðumanni Framsfl., að hann taldi, að útgerðin hefði sennilega að mestu leyti bjargazt án frekari styrkja á árinu 1968, ef hún hefði fengið að njóta gengishagnaðarins af fyrra árs framleiðslu, sem varð við gengislækkunina á s.l. hausti. Ég verð að segja, að ég varð mjög undrandi við að heyra þessa yfirlýsingu hv. þm. Í fyrsta lagi er það svo, að samkv. l. um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o.fl., sem samþ. voru á s.l. hausti, eru þar skýr ákvæði um, að öllum gengishagnaðinum skal verja til sjávarútvegsins. En enda þótt svo hefði ekki verið og óbættir þeir þættir sjávarútvegsins, sem gengishagnaðinum er ætlað að standa undir, þá fer vissulega víðs fjarri, að sú upphæð, sem hér um ræðir, hefði nægt til þess að skapa viðunandi rekstrargrundvöll fyrir sjávarútveginn.

Einn er sá þáttur í rekstri fiskiskipaflotans, sem því miður hefur allt of lengi dregizt að skipa á viðunandi hátt. Á ég þar við vátryggingu fiskiskipanna. Þó að um það megi deila og viðurkenna, að vissir ágallar séu á því vátryggingarkerfi, sem nú er stuðzt við, ber einnig að viðurkenna, að þessu vátryggingarkerfi var komið á eftir óskum útvegsmanna. Hitt er svo augljóst mál, að því verður ekki öllu lengur á frest skotið að taka allt vátryggingarkerfið til rækilegrar endurskoðunar og gera á framkvæmd þess þær breytingar, sem að gagni mega koma, að öðrum kosti hlýtur þetta mál að lenda í hreinum ógöngum, sem geta leitt til ófyrirsjáanlegs tjóns fyrir alla aðila. Ég álít, að þær ráðstafanir, sem Alþ. hefur nú til afgreiðslu til þess að koma í veg fyrir, að hreint neyðarástand skapist varðandi vátryggingarmálin, séu ekki til frambúðar, og eins og fram kom í nál. meiri hl. sjútvn. hv. Ed., er því treyst, að þegar á næsta hausti, þegar þing kemur saman, hafi endurskoðun farið fram og raunhæfar till. liggi þá fyrir um framtíðarskipun í vátryggingarmálum fiskiskipaflotans.

Eftir samfelldan góðæriskafla er íslenzka þjóðin nú í nokkrum öldudal. Engin ástæða er þó til að örvænta. Stórhuga framkvæmdir þjóðarinnar vísa veginn og bera þess glöggt vitni, að hún muni enn sækja fram. Undir framsýnni forystu mun þjóðin í enn ríkari mæli hagnýta þá orku og auðlindir, sem í landinu búa, til hagsbóta og öryggis fyrir komandi kynslóðir.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Ég mun að þessu sinni eingöngu tala um landbúnaðarmál.

Þegar 6 manna n. hóf störf á síðasta hausti, lá það fyrir, að rekstrarkostnaður landbúnaðarins hefði stórhækkað, afurðir minnkað og meðaltekjur viðmiðunarstéttanna hækkað um 22—26%. Það lá á borðinu, að verðlagningin frá haustinu 1966 skilaði bændum ekki þeim tekjum, sem lög ætlast til, ósamræmi þarna á milli aldrei verið meira. Meðaltekjur bænda árið 1966 voru meira en 33% minni en viðmiðunarstéttanna, þótt fullt tillit sé tekið til þeirra hliðarráðstafana, sem fylgdu samningunum haustið 1966. Þrátt fyrir allar þessar staðreyndir lögðu viðsemjendur bænda í 6 manna n. til, að verðlagsgrundvöllurinn yrði lækkaður til muna frá haustinu áður. Það kann að vera að almenningi sé það hulið, hvaðan þessar till. voru komnar. En ef menn virða fyrir sér framhald þessara mála og hvernig þau standa nú, þá hljóta augu manna að opnast. Svo var úrskurðurinn upp kveðinn 1. desember, 5 vikum síðar en dæmi eru til um áður. Og hver varð útkoman? Verðlagsgrundvöllurinn hækkaði um 0.23%, en hefði átt að hækka um 23% til þess að bændur næðu kaupi sínu. Í grg. þeirri, sem yfirdómnum fylgdi, er það viðurkennt, að úrskurðurinn um vinnuliðinn sé byggður á fráviki frá 4. gr. framleiðsluráðslaganna. Úrskurðurinn er því ekki byggður á gildandi lögum.

En hvernig skal dæma? Ef ekki liggja fyrir fullar upplýsingar að mati dómenda, á þá ekki að miða

úrskurði eða dóma við það, sem næst verður komizt? Á það sér hliðstæðu, að dómarar víki sér undan því að byggja dóm á lögum, en í stað þess sé ógildur samningur látinn taka gildi á ný, þó að aðstæður séu gjörbreyttar frá því að samið var? Fyrst yfirnefnd óskaði eftir breytingu á framleiðsluráðslögunum, sbr. grg. hennar, því óskaði hún ekki einnig eftir, að ákvörðun um vinnuliðinn yrði líka breytt, fyrst hún taldi sig ekki geta úrskurðað hann eftir lögunum? Hefði verið farið eftir úrtaki viðmiðunarstéttanna, sbr. eldri ákvæði l., átti vinnuliðurinn að hækka a. m. k. um 22.2%, sem þýddi 13.1% á verðlagsgrundvellinum. Eftir slíka lagabreytingu hefði ekki verið hægt að komast hjá hækkun til bænda. Það mun skýra vinnubrögðin. Dómsniðurstaðan var, að samningur, sem gerður var haustið 1966, skyldi gilda út þetta verðlagsár. Þar af leiðir, að hliðarsamningarnir, sem þá voru gerðir sem lausn á verðlagsmálum bænda það ár, hljóta að fylgja með í þessum dómi. Þeir voru hluti af tekjum bænda það ár, án þeirra hefði verðið á afurðunum orðið hærra. Verð á ull og gærum hefur fylgt heimsmarkaðsverði og verð á kjöti breytzt eftir því. Hefði verið verðlagt á réttum tíma, þurfti að flytja frá ull og gærum, vegna verðfalls erlendis, um 50 millj. á kjötið, miðað við síðasta verðlagsár. Eftir boði ríkisstj., sbr. grg. yfirnefndar, var verð á ull og gærum ákveðið eftir hinu breytta gengi krónunnar og miðað við það, að gengishagnaðurinn af útfluttum landbúnaðarvörum færi til að verðbæta þær vörur. Þó var búið að lögfesta, að allur gengishagnaður af landbúnaðarvörum ætti að fara til landbúnaðarins, en ekki til þess að greiða niður verð á kjöti á innanlandsmarkaði. En þessi ráðstöfun á gengishagnaðinum er ekkert annað.

Aukafundur Stéttarsambands bænda var haldinn í febrúarmánuði s. l. Þar var yfirdómnum harðlega mótmælt og samþ. m. a. að bera eftirfarandi fram við ríkisstj.: Að bændum verði tryggt grundvallarverð á framleiðslu yfirstandandi verðlagsárs og á þær birgðir framleiðsluvara, sem til voru við upphaf þess. Að lausaskuldum bænda verði breytt í föst lán með hóflegum vöxtum. Að gefinn verði frestur á afborgun stofnlána. Að tilbúinn áburður verði greiddur niður, þannig að hann hækki ekki frá fyrra ári. Að felld verði brott gengistrygging á stofnlánum vinnslustöðva og ræktunarsambanda. Að tollar á landbúnaðarvélum og varahlutum til þeirra verði felldir niður eða lækkaðir. Að ríkisstj. verðbæti ull og gærur af framleiðslu 1966—1967.

Við framsóknarmenn fluttum frv. og einnig till. við afgreiðslu fjárl. um flest þessi atriði, en mál landbúnaðarins hafa ekki náð eyrum valdhafanna á þessum vetri. Svar ríkisstj. til Stéttarsambandsins er dags. 23. marz og var alger synjun. Því var borið við, að ekki sé til fé aflögu í ríkissjóði til að verða við óskum bænda. Felst ekki í þessu svari ríkisstj., að hún líti á landbúnaðinn sem eins konar annars eða þriðja flokks atvinnuveg, sem ekki þurfi að líta til með, nema fé sé aflögu í ríkiskassanum frá annarri eyðslu eða þörfum annarra atvinnuvega? Þetta er sá skilningur, sem mætir bændum nú, þegar fjölmargir þeirra eru komnir í greiðsluþrot og sjá enga leið til þess að fá áburð. En ekki er langt í endalok búskapar hjá þeim, sem ekki tekst að bera á tún sín.

Þegar hér var komið, skrifaði stjórn Stéttarsambands bænda þingflokkunum bréf og óskaði eftir, að þeir reyndu í sameiningu að finna lausn á erfiðleikum landbúnaðarins. Þessu höfnuðu stjórnarflokkarnir, en Framsfl. og Alþb. tjáðu sig reiðubúin að taka þátt í slíkum viðræðum. Þar sem sýnt er, að á útflutningssjóðinn muni vanta yfir 80 millj. á þessu ári miðað við eðlilegar birgðir í landinu í lok verðlagsársins, hefur framleiðsluráð hækkað verðjöfnunargjald á kjöti upp í 3.60 á kg á innlagt kjöt á síðasta hausti og í 28 aura á mjólk frá 1. jan. s. l. að telja. Það liggur því á borðinu, að bændur ná ekki grundvallarverði á þessu ári.

Þó að verðþensla og rekstrarfjárskortur sé höfuðástæðan fyrir vandræðum landbúnaðarins, hefur einnig orðið verðfall á útfluttum landbúnaðarvörum, t. d. á gærum fast að helming og enn meiri á ull, og á sama tíma höfum við misst okkar bezta kjötmarkað. Með þetta allt í huga hafa framsóknarmenn lagt fram í Ed. frv., sem felur það í sér að draga ögn úr erfiðleikum bænda nú. Þegar Framsfl. hafði úrslitaáhrif á þessi mál, voru vextir af stofnlánum helmingi lægri en nú, lánstíminn lengri og lánin hlutfallslega hærri. Þá var enginn stofnlánasjóðsskattur, engir veltu- eða söluskattar á landbúnaðarvörum og þá var höfuðstefnan sú að halda niðri verði á rekstrarvörum landbúnaðarins og stuðla að aukinni ræktun og hagkvæmari rekstri með beinum framlögum. Þetta er einnig sú stefna, sem allar nágrannaþjóðir okkar fylgja í landbúnaðarmálum, því að landbúnaðarvörur eru mjög stór hluti af allri verzlun almennings og verð þeirra hefur því mikil áhrif á kaupkröfur neytendanna og þar af leiðandi framleiðslukostnað í viðkomandi landi.

Landbúnaður nágrannaþjóðanna hefur yfirleitt aðgang að nægu fjármagni til langs tíma með lágum vöxtum. Bændurnir þar þurfa ekki að byggja upp sína lánasjóði sjálfir með sérstökum skatti og háum vöxtum, eins og íslenzkir bændur eru látnir gera. Og víða erlendis er verðlagi á rekstrarvörum haldið niðri með beinum niðurgreiðslum og landbúnaðurinn að ýmsu öðru leyti aðstoðaður, og þó að verð á framleiðsluvörum hans sé lágt, hafa bændur þess vegna víðast hvar sæmileg kjör miðað við aðrar stéttir. Menn ættu að hafa þetta í huga, þegar þeir bera saman framleiðslukostnað hér og erlendis.

Þegar núv. ríkisstj. komst til valda var stefnunni breytt. Bændunum var sagt, að þó að vextir hækkuðu og allar rekstrarvörur, gerði það ekkert til, þeir fengju allt aftur í hækkuðu verði afurðanna. Við framsóknarmenn vöruðum við þessari stefnubreytingu og fórum ekki dult með það, til hvers hún mundi leiða. Og þessi vetur hefur verið lærdómsríkur fyrir íslenzka bændur. Nú er af-

leiðingin af viðreisnarstefnunni að koma fram, og tómlæti ríkisstj. fyrir málum landbúnaðarins hefur heldur ekki leynt sér, þrátt fyrir prestlega hugvekju séra Gunnars Gíslasonar hér í gærkvöldi. En slíkt tal dugar bændum lítið til að borga með. Það þarf meira til. Séra Gunnar sagði, að stofnlánin væru hærri nú en á árunum 1955—59. Ef hann miðar við krónutöluna, er það satt. En sé miðað við framkvæmdamáttinn, er það alrangt. Hann átaldi mjög, að því hefði verið haldið fram, að landbrh. skorti skilning á málum bænda. Þetta getur ráðh. með hjálp prestsins afsannað í verki. Til þess er gott tækifæri nú. Nú er einmitt sá tími ársins, sem ýmsum er gefið fyrir frammistöðuna á vetrinum, og nú hefur Búnaðarsamband Suðurlands gefið landbrh. sína einkunn. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Fundurinn skorar á ríkisstj. og Alþ. að endurskoða afstöðu sína gagnvart bændastéttinni, áður en algert efnahagslegt hrun fjölda bænda er skollið á. Fundurinn átelur alveg sérstaklega þá ákvörðun að neita um niðurgreiðslu á áburði.“ Og enn fremur segir í ályktuninni: „Fundurinn skorar á landbrh. að hlutast til um tafarlaust, að áburðarsalan í Gufunesi hefji nú þegar afgreiðslu á áburði án sérstakra neyðarkjara um greiðslutryggingu. Krefst fundurinn þess, að sama greiðslutrygging gildi nú eins og að undanförnu, og telur allt annað freklega móðgun við bændur.“ Og í lok ályktana sinna segja þeir, eftir að hafa mótmælt verðlagningunni í haust: „Telur fundurinn því siðferðislega skyldu hins opinbera að greiða fyrir, að þessar aðgerðir komi ekki það hart niður á bændum, að alvarlegt tjón hljótist af.“

Þetta segja sunnlenzkir bændur. Og hvað segja þá hinir, sem búa við enn erfiðari skilyrði? Ég tel, að ástandið hjá bændum sé þannig, að óverjandi sé með öllu, að Alþ. hætti störfum fyrr en viðunandi lausn er fundin á erfiðleikum stéttarinnar. Ef ekkert er að gert nú, er ekkert líklegra en af því muni hljótast þjóðfélagslegt slys, sem erfitt gæti reynzt að bæta fyrir. En sinni hæstv. ríkisstj. ekki erfiðleikum landbúnaðarins nú, eftir það sem á undan er gengið, heiti ég á alla bændur í landinu að standa saman sem einn maður og knýja fram rétt sinn. Verum þess minnug, að blómlegur landbúnaður er bezta trygging hvers þjóðfélags, þegar á reynir. — Góða nótt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar hæstv. forsrh. var um daginn að tala á móti endurskoðun stjórnarskrárinnar og sýna fram á, að ekki væri þörf á einmenningskjördæmum, sagði hann m. a., að það hefði verið svo mikil festa í stjórnarfarinu undanfarin ár, að slík festa í stjórnarfari hefði ekki þekkzt hér á landi fyrr. Mér skildist, að hann ætti við það, að svonefnd viðreisnarstjórn frá 1960 hefði nú verið 8 ár við völd. En þó að nokkrir stjórnmálamenn hafi af einhverjum ástæðum orðið svo fastir við ráðherrastóla, að þeir sitja þar lengur en sætt er, kalla ég það ekki festu í stjórnarfari. Festa í stjórnarfari er allt annað. Það hefði verið festa í stjórnarfari, ef stjórnin hefði komið hér á stöðugu verðlagi og atvinnulífinu á traustan grundvöll, eins og hún sagðist ætla að gera fyrir 8 árum. En þetta fór því miður á annan veg. Í staðinn fyrir festu í stjórnarfari hefur komið lausung í stjórnarfarið, og sú lausung fer vaxandi.

„Vakri-Skjóni hann skal heita,
honum mun ég nafnið veita,
þó að meri það sé brún.“

En í dag skal það viðreisn heita, sem stjórnin hefst að. Það hét viðreisn að banna vísitölutryggingu og það hét einnig viðreisn að leiða hana í lög á ný. Það hét viðreisn að afnema verðuppbætur og nú heitir það viðreisn að veita fé til þeirra. Það var viðreisn í júní að verndą krónuna með verðstöðvun, en í nóvember var það viðreisn að fella krónuna. Eitt árið var hófleg kauphækkun samsæri gegn þjóðarhag. Annað ár var meiri kauphækkun viðreisn. Hin breytilega viðreisn, í því fólgin að afnema það í ár, sem gert var í fyrra, og þannig á víxl, hefur verið snar þáttur í lausung stjórnarfarsins.

Látum oss draga tjaldið eina örskotsstund frá sögusviði þjóðmálanna á þessum 8 árum. Hvað sjáum við þar? Við sjáum þrjár gengisfellingar, við sjáum vísitölusúluna hækka misseri eftir misseri, eins og kvikasilfursúluna, sem mælir viðbrögð líkamans við elnandi sótt. Og þó hefur þjóðarlíkaminn í seinni tíð fengið reglulega sitt aspirín, niðurgreiðslu lífsnauðsynja í stækkandi skömmtum. Við sjáum kostnaðarverð samskonar íbúðar hlaupa úr 450 þús. upp undir 1100 þús. samkv. hagstofutölum. Við sjáum niðurstöðutölur ríkisfjárl. og þar með álögurnar fara hamförum upp á við ár frá ári, úr 1100 millj. kr. árið 1959 upp í 5000 millj. árið 1968. Við sjáum fjmrh. þann, sem var, og þann, sem kom, slá staf sínum á helluna einu sinni á hausti, einu sinni um miðjan vetur og einu sinni á útmánuðum, og í hvert sinn spretta þar upp nýir skattar. Þeirra tala er legió. Það byrjaði með söluskattinum, sem nú í ár er áætlaður 1350 millj. fyrir utan það, sem sveitarfélög fá. Núna fyrir páskana var það benzínskatturinn, þungaskatturinn og gúmmígjaldið, eftir páskana útflutningsgjald á sjávarafurðum. Við sjáum hinar 7 feitu kýr, afla- og markaðsgóðærin miklu, fara yfir sjónarsviðið og stritandi hendur keppast við að skapa verðmæti á sjó og landi. Við sjáum vaxandi peningaflóð þrengja sér inn í banka og sparisjóði og þó meira í aðrar áttir. Við sjáum það í vaxandi mæli streyma yfir í gagnslitla eyðslu, af því að lausung er í stjórnarfarinu og krónan minni í ár en í fyrra. Við sjáum innstæður og sjóði visna í dýrtíðarrokinu. Úti í löndum sjáum við hilla undir smávaxandi fúlgur af dollurum, og sterlingspundum, sem ekki hefur tekizt að eyða og er íslenzk eign. Þetta er gjaldeyrisvarasjóðurinn

okkar, sem okkur þykir mikils verður, þó að hann nægi raunar ekki nema fyrir ársfjórðungsúttekt. En erlenda gjaldeyrinn má ekki spara. Það er trúarjátning ríkisstj. Gjaldeyri skal hver hirða, sem vill og getur. Og önnur gr. Byggja má hver, sem vill, og hvað, sem hann vill, og hvað dýrt, sem hann vill, ef hann getur náð í krónur. Þetta er hið mikla sjálfræði, öðru nafni frelsi. Svo skyggir á sviðinu og magra kýrin kemur. Þessi eina magra kýr er þar nú, og hinar eru horfnar eins og í draumi Faraós. Gjaldeyrisvarasjóðurinn er á þrotum og erlendu skuldirnar komnar úr 2600 millj. í lok Alþfl.-ársins upp í 4900 millj., hvort tveggja reiknað á sama gengi. Atvinnuvegirnir verjast í vök, vinnudeilur, verkföll, og í vetur hefur víða verið talað um atvinnuleysi, en það voru kosningar í fyrra. Hér er hvert orð staðreynd, en hagskýrslum breytt í mælt mál.

Stjórnin okkar frá 1960 hefur eins og aðrar stjórnir átt þátt í æskilegri þróun á sumum sviðum. En hið góða, sem hún sagðist ætla að gera í öndverðu, hefur hún ekki gert. Kannske varð henni aflfátt, kannske fór hún skakkt að.

Í haust, sem leið flutti forsrh. þingræðu og bað um ráð. Hann sagðist vilja hlusta á góð ráð. Það var vel mælt. Bændasamtök ein á Norðurlandi tóku þetta eins og það var talað. Þau gáfu stjórnarformanninum sitt ráð, að hann skyldi segja við þingið eins og spámaðurinn forðum: Lát þú nú, herra, þjón þinn í friði fara. Hér þarf til að koma samstarf allra þingflokka. Þeir eiga að gera tilraun til að koma upp sameiginlegri landsstjórn til að leysa hinn mikla vanda, reyna að skapa um sig þjóðareiningu um stund, því að þar sem hver höndin er upp á móti annarri er ekki hægt að leysa svona mikinn vanda. Þetta vildu þeir, að ráðh. segði. En forsrh. okkar fannst þetta ekki heillaráð. Hann lét málgagn sitt hreyta skætingi í þá, sem gáfu honum ráðið af góðum hug. En þið, hv. þm. og hlustendur um land allt, hvað finnst ykkur nú?

Ég held, að við verðum að sætta okkur við orðinn hlut, að hér hefur engin stjórnarfarsleg viðreisn átt sér stað á þessum áratug. Samt hafa landsmenn víða sótt fram á leið á hinu sýnilega sviði þjóðlífsins, enda þótt við kunnum að hafa misst eitthvað af þeim verðmætum, sem hvorki verða mæld né vegin. Í skugga tveggja heimsstyrjalda hefur eitthvað af þeim gróðri bliknað, sem fyrrum var til lífgrasa talinn. Einangrunarsinnar heita þeir stundum, sem ekki vilja opna hurðir upp á gátt fyrir allra þjóða veðrum. Margur verður af öðrum api eða af aurum api. En við skulum ekki hafa hugann um of við þetta né heldur hitt, þó að eitthvað, sem hann álítur stjórnarfarslega viðreisn, hafi mistekizt. Þegar mikið er í húfi skulum við muna innan þings og utan, að við erum ekki bara flokksmenn og kannske ekki það fyrst og fremst. Það er framtíð þjóðarinnar, sem mestu máli skiptir. Þrátt fyrir mistök og áföll fyrr og síðar, þrátt fyrir misæri á landi og sjó og í viðskiptum, þrátt fyrir kal og ísavetur skal þess minnzt, sem stöðugt stendur enn. Við Íslendingar erum á sérstakan hátt rík þjóð. Við eigum margt, sem vinna kynslóðanna hefur skapað, en þó fyrst og fremst stærra og betra land en nokkur önnur þjóð í hlutfalli við mannfjölda. Það verður okkar stærsta mál á komandi tímum að tryggja okkur áfram þennan óviðjafnanlega þjóðarauð, landið, með því að halda áfram landsbyggð og búa þannig á landinu, að við glötum ekki ábúðarréttindum að dómi umheimsins. Stephan G. talaði um að hugsa ekki í árum, en öldum. Það á við enn. Við verðum að vera menn til að heyja sjálfstæðisbaráttu, eins og aðrar þjóðir. Það er léleg landvörn að syngja „Land míns föður, landið mitt“ eða „Ég vil elska mitt land“ á stórhátíðum, ef við getum ekki sýnt föðurlandsástina í verki. Það má t. d. ekki ske eftir áratug, að Ísland sé þá enn vanþróað land í vegamálum. Við þurfum að gera og framkvæma 10 ára áætlun um að ljúka fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins um land allt, að eignast þá hringbraut um byggðir landsins og milli þeirra, sem að jafnaði yrði vel fær, taka lán í bili, skila umferðinni aftur nokkru af því, sem frá henni er tekið í ríkissjóðinn. Það má ekki bæta skatti á skatt ofan án takmarks. Með lokatakmarkið og stund þess í huga skal þjóðarátak hafið, þegar þar að kemur. Þetta og fleira mun takast, ef við getum komið okkur saman um, að allar hendur njóti sín og að þjóðin og framtíðin njóti þess vel, sem unnið er. Eftirlátum fortíðinni skreytiskrum viðreisnarinnar, sem engin viðreisn var. Vormenn Íslands, ykkar bíður þetta land. — Ég þakka fyrir áheyrnina.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Skömmu fyrir páska gerðust þau tíðindi einn dag hér á Alþ., að menn heyrðu háreysti úti á götu, hróp og köll. Þustu margir þm. út að gluggum til að sjá, hvað um væri að vera. Það er ekki oft, sem hv. kjósendur í þessu landi heimsækja Alþ. til að fylgja eftir óskum sínum og nú vissu menn ekki, hvaðan á þá stóð veðrið. Það voru raunar ekki kjósendur, sem stóðu um 200 saman í Kirkjustræti utan við þinghúsið, það voru unglingar, skólabörn úr Kópavogi og Reykjavík, en þau báru fjöldann allan af kröfuspjöldum, eins og við á. Á þeim mátti lesa: „Niður með úreltar skólabækur“, „Betri kennsluaðferðir“, „Við erum ekki páfagaukar“, „Engan þurrbókarlærdóm“, „Æskan í dag er þjóðin á morgun“, og loks gaf að líta eitt kröfuspjaldið, sem á stóðu þessi orð: „Við treystum Gylfa.“ Páskabyltingu skólafólksins lauk á friðsamlegan hátt. Menntmrh. bauð hópi ungmennanna upp á skrifstofu sína og sat lengi dags og ræddi við þau. Fór vel á með ráðh. og nemendum, enda hafði framkoma unga fólksins verið hin prúðmannlegasta, og það hafði skynsamlegar og ljósar hugmyndir, sem það vildi koma á framfæri. Því fannst margt í kennslu, kennslubókum og kennsluaðferðum vera úrelt og vildi koma öllu þessu í nútímaform. Þessir atburðir eru ekki einsdæmi. Undanfarin misseri hefur mátt sjá og heyra umr. um skólakerfi okkar, margvíslega gagnrýni á

ýmsu því, sem betur má fara, og óskir um endurbætur. Mest hefur þessi hreyfing verið meðal unga fólksins, ýmist þess, sem er enn í skólum, eða hins, sem er að senda fyrstu börn sín gegnum skólana. Þessi hreyfing í skólamálum sýnir nýjan áhuga, sem er ástæða til að gleðjast yfir. Þessi hreyfing sýnir skilning á þeirri staðreynd, að lífið hefur breytzt ört í seinni tíð og skólarnir verða að breytast með því. Þessi hreyfing sýnir skilning á því, að nemendur verða að fá að taka lifandi þátt í námsstarfi, í stað þess að láta troða í sig minnisatriðum. Þessi hreyfing sýnir skilning á hinu gamla máltæki, sem segir, að „lítið lærist leiðum strák". Í hinni umdeildu bók, Nútímaljóðum, sem Ríkisútgáfa námsbóka hefur gefið út, segir eitt af ungu skáldunum: „Fáið mér dýnamít til að sprengja í loft upp öll þessi orð, sem eru að drepa okkur með lygi og leiðindum." Við skulum ekki fá æskunni dýnamít, en við skulum styðja hana með því að berjast gegn lygi og leiðindum, fyrst og fremst með því að reyna að gera skólakerfið stöðugt betra.

En hvað er þá að skólakerfinu? Flestir þeir, sem tala um þessi mál, hafa einhverjar ávirðingar íslenzkra skóla á takteinum. Þeir nefna úreltar kennsluaðferðir, eldgamlar kennslubækur, þjakaða kennara eða ofsetin skólahús. Sumir nefna dýrt framhaldsnám í dreifbýli, aðrir tala um ófullkomna skólalöggjöf, en flestir staðnæmast þó við landsprófið. Og hvað er til ráða? Þegar kemur að till. til bóta, vill oft verða lítið um úrræði, sem kalla má raunhæf, og menn skiptast í fylkingar með eða móti svo til hverri hugmynd.

Skömmu eftir að Gylfi Þ. Gíslason varð menntmrh., fyrir meira en áratug, skipaði hann 12 manna n. til að fjalla um endurskoðun fræðslulöggjafarinnar. Þegar þessir tólfmenningar höfðu setið á rökstólum á þriðja ár, skiluðu þeir áliti. Lögðu þeir til ýmsar breytingar, en töldu þá ekki ástæðu til að endurskoða sjálfa fræðslulöggjöfina. Sannleikurinn er sá, að fræðslulög eru að verulegu leyti rammalöggjöf, en nánar er kveðið á um flesta hluti í reglugerð. Þess vegna hefur skólakerfið ekki verið óbreytt síðustu 20 ár, þótt löggjöfin hafi verið það. Þvert á móti hafa átt sér stað stöðugar breytingar og framfarir, sem rúmast innan ramma laganna.

Ég hygg, að nú sé tímabært að gera aðra atrennu til endurskoðunar fræðslulöggjafarinnar. Verður að vanda mjög til þess starfs, ekki aðeins að velja til þess góða og reynda menn, heldur að tryggja þeim tíma til að vinna verkið og nauðsynlega starfskrafta til aðstoðar. Hins vegar er rétt að vara við þeirri hugmynd, að sjálf endurskoðun löggjafarinnar muni gerbreyta á svipstundu íslenzkum skólum til batnaðar. Skólarnir munu halda áfram að þróast og breytast, margvíslegum tilraunum verður haldið áfram, prófum og námsskrá verður breytt, nýjar bækur eða kennsluaðferðir koma til skjalanna, allt án tillits til endurskoðunar laga. Hins vegar verður með nýjum fræðslul. að ákveða meginatriði, eins og það, hvort æskilegt sé eða fjárhagslega mögulegt að lengja skólaskylduna um eitt ár, að hún verði 6—15 í stað 7—15 ára eins og nú er. Þá er hugsanlegt að afnema landsprófið með nýrri löggjöf, það verður ekki gert á annan hátt. Í því sambandi er rétt að gera sér grein fyrir, að l. segja aðeins, að eitt samræmt próf skuli vera til inngöngu í menntaskóla. Þótti það á sínum tíma mikil framför og er réttlætismál, að þetta inntökupróf sé hið sama um land allt. Um hitt er deilt, hvort prófið sé of þungt eða of létt, hvort það gefur rétta hugmynd um, hvaða ungmenni eiga helzt erindi í framhaldsnám og hvort það er í samræmi við okkar tíma. Ég bý yfir miklum efasemdum um landsprófið eins og það er, en ég tel ekki rétt að afnema það. Námsefni fyrir prófið verður að byggjast á einhverju fleiru en stagli og minnisatriðum, sem skilað er aftur við prófborðið rétt áður en það gleymist. Við lendum strax í vandræðum, ef við afnemum landsprófið, en við hljótum að geta endurbætt það til muna. Þar kemur raunar til kasta sérstakrar landsprófsnefndar, sem starfar algerlega sjálfstætt og er ekki bundin neinum öðrum sjónarmiðum skólayfirvalda.

Oft heyrist gagnrýni ungra og gamalla nemenda á þeim kennslubókum, sem notaðar eru í skólum okkar. Mikið af þeirri gagnrýni er á rökum reist, enda er það staðreynd, að íslenzkt námsfólk verður að sætta sig við fábreyttari bókakost á móðurmáli sínu en tíðkast hjá stærri þjóðum. Þetta er óhjákvæmileg afleiðing fólksfæðarinnar. Til að bæta úr þessu vandamáli var stofnuð Ríkisútgáfa námsbóka fyrir liðlega þremur áratugum. Er mér sagt, að það skipulag sé óþekkt meðal þjóða, sem við höfum viðskipti við. Það er alíslenzk lausn á íslenzku vandamáli. Námsbókaútgáfan starfar fyrst og fremst fyrir skyldunám skólanna og hefur gefið út um 2100 mismunandi bækur og hjálpargögn. Er algengt, að bækur séu prentaðar í 15—20 þús. eintökum og hafa farið upp í 40 þús. Að sjálfsögðu á þessi útgáfa mörg verkefni óleyst, en þá staðreynd verður að viðurkenna, að hún hefur, þegar á heildina er litið, gert mikið gagn á sínu sviði. Mun vera erfitt að finna betri íslenzka lausn á svo vandasömu máli.

Geta útgáfunnar fer að sjálfsögðu eftir því fé, sem hún fær til að starfa fyrir. Þegar Alþfl. tók við stjórn fræðslumála, voru tekjur námsbókaútgáfunnar 1,3 millj. kr. 10 árum síðar, í fyrra, voru tekjur útgáfunnar 11,3 millj. Þetta er mikil aukning úr einni millj. í ellefu, og verður ekki annað sagt en að verulegt átak hafi verið gert á þessu sviði. Um innihald bókanna verður án efa deilt, svo lengi sem þær verða notaðar. Sérstök námsbókanefnd ræður útgáfunni, en þar sitja reyndir skólamenn, og er við þá að sakast um efni kennslubókanna, sem notaðar eru í barna- og unglingaskólunum.

Enda þótt 12 manna n. 1950 hafi ekki talið tímabært að hreyfa við grundvallarlögum um skólaskyldu, hefur mikið löggjafarstarf verið unnið á Alþ. fyrir skólakerfið undanfarinn áratug. Sérstök n. hefur starfað og starfar enn að endurskoðun laga um menntaskóla, en þar fyrir utan má segja, að ný

og fullkomnari löggjöf hafi verið sett um nálega allt skólakerfið. Árið 1957 voru sett ný lög um Háskóla Íslands, en nú situr n. á rökstólum og á að gera áætlun um þróun háskólans næstu 20 ár. Það er mikið verkefni og verður þar þörf stórfelldra átaka. Í þessari viku var einmitt samþykkt hér á Alþ. ný löggjöf um Félagsstofnun stúdenta og er merk nýjung. Árið 1961 var gefin út reglugerð með nýrri námsskrá fyrir allt skyldustig fræðslukerfisins og segir þessi reglugerð, en ekki sjálf l., aðallega til um það, hvað nema skuli og kenna á hverju ári. Árið 1963 voru sett l. um Tækniskóla Íslands og þar með stigið eitt þýðingarmesta skrefið í tækniþróun þjóðarinnar. Sama ár voru samþykkt lög um kennaraskóla og kennaranám og var skólinn gerður að stúdentaskóla. Þetta er e. t. v. þýðingarmesti liður alls kerfisins, þar sem á að draga að kennarastéttinni góða krafta og búa væntanlega kennara vel undir ævistarf sitt. Árið 1965 voru sett ný lög um iðnfræðslu, sem einnig marka tímamót á því sviði. Kennslunni verður nú smám saman beint inn á nútímabrautir, vonandi með góðum árangri. Til viðbótar þessari upptalningu má nefna ný lög um tónlistarskóla, um handíða- og myndlistarskóla, húsmæðrakennaraskóla og fjölmarga aðra sérskóla, svo og sérstakar fræðslustofnanir, eins og Handritastofnunina, sjóði til náms- og fræðistyrkja og hvað eina fleira af því tagi.

Einn merkasti þátturinn í starfi menntmrh. undanfarinn áratug hefur verið stöðugar og mjög miklar hækkanir á námsstyrkjum og lánum, bæði til náms innanlands og utan, og algjörlega nýtt kerfi á því sviði. Með námslánum skila menn síðar á ævinni aftur þeirri aðstoð, sem þeir hljóta í skóla, og greiða þannig fyrir öðrum, sem eru að brjótast menntaveginn.

Hingað til hafa öðru hverju verið skipaðar n. til að fjalla um endurskoðun á grundvallaratriðum fræðslukerfisins. Hefur starf þeirra verið takmarkað vegna tímaskorts og lítillar sérfræðilegrar aðstoðar, sem þær hafa notið. Hefur um skeið verið augljóst, að hér yrði annað og betra kerfi að koma til skjalanna eins og tíðkazt hefur lengi í öðrum löndum. Í þessum efnum var flett við blaði, er menntmrh. setti á stofn skólarannsóknir sem fasta deild í rn. og réð þar til starfa sérmenntaða menn. Hefur þegar verið unnið mikið rannsóknarstarf, en er þó aðeins byrjun þess, sem þarf að verða og mun verða á komandi árum. Ýmsir tala um íslenzka skóla eins og þar ríki algjör kyrrstaða og allt sé að verða lengra og lengra á eftir tímanum. Þetta er harður dómur og rangur. Að sjálfsögðu þarf margt að breytast og mörgu að fara fram. En sannleikurinn er sá, að í fjölmörgum skólum eru gerðar ýmiss konar tilraunir með nýjungar, sem munu hafa áhrif á komandi árum. Sem dæmi má nefna, að nýi menntaskólinn við Hamrahlíð má heita samfelld tilraunastofnun, hve þar eru farnar nýjar brautir, og svo er á mörgum sviðum. Virðist vera ríkjandi mikill áhugi á þessu starfi meðal kennara og nemenda, enda þótt hið mikla skólahús sé hálfsmíðað og aðstaða þröng og frumstæð enn sem komið er, eins og oft gerist hjá frumherjum. Í mörgum barnaskólum eru gerðar tilraunir með tungumálakennslu, sums staðar er enska kennd allt niður í 10 ára aldur og danska allt niður í 11 ára. Þá er víða kennd hin nýja stærðfræði, en sjónvarpið kom þar til aðstoðar og flutti foreldrum fræðslu, svo að þeir hefðu einhverja hugmynd um, hvernig börnin eiga nú að reikna. Þetta var í fyrsta en ekki síðasta sinn, sem sjónvarpið kemur beint við sögu fræðslumála hér á landi, sjónvarpskennsla fyrir skólana er eitt af málum næstu framtíðar, en dýrt eins og flest það, sem til merkrar nýjungar telst á þessu sviði. Ýmsar aðrar tilraunir eru gerðar. Sumir skólar hafa breytt einkunnagjöf og nota jafnvel umsagnir í stað einkunna. Í öðrum er ný bekkjaskipting reynd. Þá eru valdir menn að endurskoða kennslubækur í eðlis- og efnafræði og hið sama má segja um bækur í félagsfræði. Mörg fleiri dæmi mætti nefna því til sönnunar, að það er hreyfing í skólunum okkar, það er verið að reyna ýmislegt nýtt, og fleira er á döfinni. Þetta er skylt að viðurkenna og veita kennarastéttinni hvatningu í stað þess að hafa sífellt á lofti sleggjudóma og fordæma bæði kennara og aðra skólamenn, rétt eins og þeir séu steinrunnin nátttröll, sem ekkert kunni og engan áhuga hafi á starfi sínu.

Fræðslumálin, framtíð barna okkar og framtíð þjóðarinnar eru sérstaks eðlis, og mætti ætla, að samhugur ríkti um að leggja áherzlu á framfarir skólakerfisins. Þessi mál ættu helzt að geta verið fyrir utan deilur stjórnmálaflokka; til þess eru þau allt of viðkvæm og mikilsverð að vera þar bitbein.

Samt sem áður hafa ýmsir aðilar ekki getað á sér setið að reyna að skapa sér pólitískan ávinning á þessu sviði og hafa þeir magnað ýmiss konar gagnrýni og árásir beinlínis í þeim tilgangi. Þessir menn, sem stunda slíka iðju, munu ekki reynast íslenzkum fræðslumálum til heilla heldur hið gagnstæða.

Í lok heimsstyrjaldarinnar hófst tímabil mjög mikillar fólksfjölgunar hér á landi. Frjósemin jókst og árgangar tóku að stækka. Þetta leiddi til þess, að álag á skólakerfinu fór vaxandi með miklum hraða og varð gífurlegt. Hefur þurft risavaxið átak til að byggja skóla til að taka við hinum mikla fjölda nemenda, enda eru nú um 43% allrar þjóðarinnar innan við 20 ára aldur. Þetta mikla álag kom fyrst á barnaskólastigið, en er nú í framhaldsskólunum, ekki síst menntaskólunum.

Þegar athugað er af sanngirni, hvað íslenzka þjóðin hefur reist af nýju skólahúsnæði á undanförnum árum, verður að telja það stórvirki. Sem dæmi get ég nefnt, að 1966 var fjárfesting í skólum 225 millj. kr. og í ár mun hún nálgast 300 milljónirnar. Mér kæmi ekki á óvart, þótt nú væru í smíðum um allt land skólahús, sem muni kosta í kringum þúsund milljónir króna, þegar þau verða öll fullgerð.

Þrátt fyrir svo mikið átak ár eftir ár, hafa verið þrengsli í skólunum og tvísett í þá flesta eða alla

með þeim afleiðingum, að svigrúm nemenda og kennara til náms og starfs hefur verið mun minna en æskilegt væri. Þrengslin eiga sök á ýmsum þeim meinsemdum, sem finna má í skólunum, en fjárskortur flestum hinna. Nú er svo komið, að fjölgun þjóðarinnar er nokkru hægari en verið hefur síðustu 20 árin. Þetta hefur þær afleiðingar, ef ekki verður breyting á, að fjölgun skólabarna verður ekki eins ör, en fullvaxta borgurum, sem greiða skattana, fjölgar hins vegar tiltölulega meira. Ættu því byrðar skólakerfisins að verða örlítið léttari og möguleikar skapast til að gera ýmislegt, sem við höfum því miður ekki haft ráð á undanfarin ár, enda þótt fjárveitingar til fræðslumála hafi verið mjög miklar og sífellt hækkandi.

Að lokum langar mig til að spyrja: Er ekki öllum ljóst, að í næstu framtíð verður hvert einasta skólabarn að hljóta einhvers konar sérþjálfun eða sérmenntun til að komast áfram í lífinu? Er ekki öllum ljóst, að þetta gerir fræðslumálin að þýðingarmesta verkefni þjóðarinnar, sem skiptir mun meira máli en flest allt dægurþras? Er ekki öllum ljóst, að íslenzka þjóðin hefur á undanförnum árum lyft grettistaki í skólabyggingum, er þörf á að níða þetta átak niður? Er ekki öllum ljóst, að Alþ. hefur undanfarin ár sett margþætta nýja löggjöf fyrir frumkvæði ríkisstj. og menntmrh. um flest svið fræðslumála, að nýjungar blasa alls staðar við sjónum, ef menn vilja sjá þær, og víða standa yfir tilraunir fyrir framtíðina? Okkur Alþfl.-mönnum er enn fremur ljóst, að þjóðin má ekki og mun ekki staðnæmast í sókninni til betra fræðslukerfis. Það verður enn að byggja mikið af skólahúsnæði. Það verður enn að auka leitina að nýjum og betri kennsluaðferðum, betri kennaramenntun, betri kennslubókum, betri skólum. Við erum, þegar á heildina er litið, á réttri leið, en við eigum langan veg ófarinn. Við skulum minnast þess, að leiðin að hinu fullkomna skólakerfi tekur aldrei enda. — Þökk og góða nótt.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er ekki á hverjum degi, sem íslenzkir ráðh. hefja að fyrra bragði og ótilknúðir umræður um utanríkismál, hvorki einstaka þætti þeirra né íslenzka utanríkisstefnu í heild, ef maður á að nota svo virðulegt heiti um þá fylgispekt við Bandaríki Norður-Ameríku, sem íslenzkir valdamenn hafa tamið sér. Mér þótti því bregða til nokkurrar nýlundu í útvarpsumræðunum í gærkvöldi, þegar Bjarni Benediktsson forsrh. ræddi drjúga stund þáltill. um styrjöldina í Víetnam, sem þingmenn Alþb. og Framsfl. lögðu fram hér á Alþingi fyrir röskum tveimur mánuðum. Sennilega er sú ályktun röng, að forsrh. hafi gert þetta mál að umræðuefni ótilknúinn. Það var vond samvizka ráðh., vegna furðulegra afskipta hans af þessari till., sem knúði hann til að gera dálítið yfirklór. Skv. till. þessari um Víetnammálið var ríkisstj. Íslands falið að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir þeirri stefnu, eins og í till. segir, að ríkisstj. Bandaríkjanna stöðvi þegar loftárásir á Norður-Víetnam, að þjóðfrelsishreyfingin í Suður-Víetnam verði viðurkenndur sjálfstæður aðili við samningagerðir, að stjórn Norður-Víetnams og þjóðfrelsishreyfingin í Suður-Víetnam sýni ótvíræðan vilja af sinni hálfu, þegar loftárásum linnir, að ganga til samninga og draga svo úr hernaðaraðgerðum, að leiða megi til vopnahlés. Það kom fljótlega í ljós, að meirihlutavilji var á Alþ. fyrir gerð slíkrar ályktunar sem þessarar. Emil Jónsson utanrrh. tók till. vel, og vitað var, að flokksbræður hans, sumir a. m. k., voru sama sinnis, en meðal Sjálfstfl. bar þegar á andstöðu. Fór ekki á milli mála, að ráðamenn þar þæfðust fyrir, þar eð slík ályktun kynni að verða illa séð á hærri stöðum, vestur í Washington. Þó kom þar, fyrir atbeina utanrrh., að samkomulag hafði náðst milli fulltrúa allra þingflokka um till. lítið eitt breytta, og var forsrh. sjálfur aðili að því samkomulagi, en við þetta samkomulag hefur ekki verið staðið, og á því ber forsrh. ábyrgð. Þess vegna var það, sem hann fann sig tilknúinn í gærkveldi að ræða þetta tillögumál á næsta villandi hátt. Ljúki Alþ. störfum nú, án þess að frá því heyrist nein rödd, þar sem tekið er undir kröfuna um að blóðbaðinu í Víetnam linni, kröfu, sem bergmálar frá öllum heimshornum, kröfu, sem framsýnustu stjórnmálamenn Bandaríkjanna bera ótrauðir fram, þá er meiri hl. Alþ. að gera sjálfum sér og íslenzkri þjóð vansæmd, sem seint verður afmáð. Ég trúi því ekki enn, að til þess komi.

Rétt þykir mér að staldra nokkuð við annað atriði í ræðu forsrh. í gærkvöld. Hann var þar að andmæla því, sem við stjórnarandstæðingar höfum haldið fram, að ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hefðu fyrir kosningarnar s.l. vor reynt að gera sem minnst úr erfiðleikum atvinnuveganna og versnandi horfum á sviði efnahagslífsins. Því til sönnunar, að ekkert hafi átt að fela, vitnaði forsrh. í nokkrar setningar úr ræðu, sem hann hélt á landsfundi Sjálfstfl. fyrir réttu ári. Ekki dreg ég í efa, að ráðh. hafi á landsfundinum mælt tilvitnuð orð, en þau breyta litlu um það, að grunntónninn í ræðum og ritsmíðum stjórnarliða fyrir síðustu kosningar var þessi: Við höfum fylgt svo skynsamlegri stjórnarstefnu á undanförnum árum, að ekki þarf miklu að kvíða, ef aðeins gefst tækifæri til að halda viðreisninni áfram. Í ræðu sinni í gærkvöld lét forsrh. undir höfuð leggjast að vitna til kosningastefnuskrár Sjálfstfl., sem samþ. var á umræddum landsfundi fyrir réttu ári. Á þessari stefnuskrá var síðan hamrað í blöðum sjálfstæðismanna og ræðum þeirra vafalaust um allt land. Ég vil nú bæta úr þessari gleymsku ráðh. í gærkvöld, þessari einkennilegu gleymsku liggur mér við að segja, því forsrh. er prýðilega minnisgóður maður. Fyrsta og veigamesta boðorðið í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. var stutt en efnismikið. Það hljóðaði svo: „Stefnt verði að viðtæku samkomulagi um verðlag og kaupgjald, er treysti gengi krónunnar og tryggi atvinnuvegunum samkeppnisstöðu, en launþegum batnandi kjör.“ Svo mörg voru þau orð. Ríkisstj.

hélt velli á grundvelli þessara og þvílíkra kosningaloforða, og hún hefur ráðið ferðinni síðan.

Nú, þegar fyrsta þingi eftir kosningar er í þann veginn að ljúka, má þykja tími til þess kominn, að gerð sé nokkur úttekt á efndum fyrirheita stjórnarflokkanna frá s.l. vori, hafa og ræðumenn stjórnarandstöðunnar þegar framkvæmt slíka úttekt til nokkurrar hlítar, hér í þessum umr. gefst mér ekki tóm til að bæta þar við nema fáu einu. Ég bið hlustendur að hafa vel í huga hinn stutta en gagnorða kafla úr stefnuskrá Sjálfstfl., þann sem ég las áðan, bera svo saman fyrirheitin og efndirnar. Það voru fjögur efnisatriði í þessum kafla, öll mikilvæg. Í fyrsta lagi: Stefna skyldi að víðtæku samkomulagi um verðlag og kaupgjald. Hvað segja verkamenn og aðrir launþegar um efndir þessa boðskapar, eftir að þeir hafa orðið að gera víðtækasta verkfall, sem um getur hér á landi, til að afstýra því, að holskefla nýrra verðhækkana bryti á þeim með fullum þunga? Í öðru lagi átti að treysta gengi krónunnar. Öllum er í fersku minni, hvernig það loforð var efnt í nóvembermánuði s. l. Í þriðja lagi skyldi tryggja atvinnuvegunum samkeppnisstöðu. Því miður skortir mikið á, að það hafi tekizt. Að vísu var helzta réttlæting gengisfellingarinnar sú, að hún yrði sjávarútveginum til stuðnings, en ósýnt er með öllu, hvort svo verður til nokkurrar frambúðar. Og svo var í fjórða og síðasta lagi ætlunin að tryggja launþegum batnandi kjör. Er hugsanlegt, að einhver bið verði á því? Nú skal því engan veginn neitað, að möguleikarnir til að standa við þessi og þvílík fyrirheit hafa verið minni undanfarin misseri en um langt skeið áður. Veldur því einkum tilfinnanlegt verðfall á sumum helztu útflutningsafurðum okkar og versnandi afkoma á síldveiðum vegna breyttra síldargangna. En Íslendingar höfðu um árabil átt því láni að fagna, að saman fóru aukin aflabrögð og stórbætt viðskiptakjör, og þó sitt hvað nytsamlegt væri gert fyrir þessa miklu fjármuni, verður hinu ekki með rökum neitað, að mikið fór í súginn, að gullin tækifæri til að efla atvinnuvegina til frambúðar nýttust ekki, nema að takmörkuðu leyti. Því olli öðru fremur röng stefna í efnahagsmálunum, skipulagsleysi og ótrúlegur skilningsskortur ráðamanna á nauðsyn alhliða uppbyggingar mikilvægustu atvinnuveganna. Á síðasta hausti var svo komið, að verðbólguþróunin innanlands, afleiðingin af stefnu stjórnarflokkanna og stjórnleysi í innflutningi og fjárfestingarmálum, hafði sligað útflutningsatvinnuvegina og var að stefna efnahagslífinu í algert þrot. Fram til þess tíma hafði aukið aflamagn og síhækkandi verð sjávarafurða erlendis bætt sjávarútveginum að verulegu leyti þau áföll, sem hann hlaut af völdum verðbólgunnar, en nú var máttur útgerðarinnar til að reisa rönd við afleiðingum stjórnarstefnunnar með öllu þorrinn.

Á s.l. hausti stóð ríkisstj. frammi fyrir tvöföldum vanda. Hagur ríkissjóðs fór versnandi, og það, sem enn alvarlegra var, rekstrargrundvöllur útflutningsframleiðslunnar var gersamlega brostinn. Ríkisstj. hugðist glíma við þessi vandamál í áföngum, hagsmunir ríkissjóðs skyldu sitja í fyrirrúmi, með auknum álögum og brottfalli niðurgreiðslna átti að bæta hag hans um 750 milljónir. Höfuðvandamálið, starfsgrundvöllur framleiðslunnar, skyldi hins vegar bíða. Fall sterlingspundsins olli því, að þessar ráðagerðir breyttust, og báðir áfangarnir skyldu teknir í einu með þeirri ákvörðun að lækka gengi ísl. kr. um 25%. Lífskjör almennings höfðu á árinu 1967 versnað mjög, vegna samdráttar atvinnulífs og minnkandi atvinnu. Samt var það ætlun ráðamanna, að öll alþýða tæki einnig á sig stórfellda kjararýrnun af völdum gengisfellingarinnar, algerlega bótalaust. Í því skyni voru ákvæðin um vísitölutryggingu kaupgjalds úr lögum numin. Nú skyldu allar verðhækkanir skella á launþegum með fullum þunga. Þegar hinum nýju byrðum var úthlutað, var ekki um það spurt, hverjir mest hefðu matað krókinn á verðbólgu undanfarinna ára, hverjir bezt væru færir um að taka á sig álögurnar. Nei, mælikvarðinn var fjölskyldustærðin. Það var vissulega ekki nema að vonum, að verkalýðshreyfingin snerist einhuga gegn svo harkalegum ráðstöfunum. Nokkrar bætur voru knúðar fram og kostuðu þó víðtækasta verkfall, sem um getur hér á landi. Höfuðábyrgðina á því tjóni, sem af verkfallinu hlauzt, bera ráðamenn stjórnarflokkanna, sem með skammsýnum stjórnvaldaaðgerðum neyddu alþýðu landsins til óhjákvæmilegrar varnarbaráttu. Þeir erfiðleikar á sviði íslenzks efnahagslífs, sem nú er við að etja, eiga sér margvíslegar orsakir. Verðfall á erlendum mörkuðum er vissulega ein þeirra, en þar kemur fleira til. Miklu máli skiptir, hvernig við bregðumst við þeim vanda, sem okkur er nú á höndum. En til þess að viðbrögðin geti orðið með æskilegum hætti, ber nauðsyn til að kanna orsakir vandans til hlítar. Það er óhjákvæmilegt að svara af fullri hreinskilni þeirri spurningu, hvers vegna við erum ekki betur í stakkinn búnir en raun ber vitni til að mæta nokkrum aðvífandi erfiðleikum, eftir eitthvert lengsta samfellt góðæri, sem yfir landið hefur gengið. Hér er þess enginn kostur að gera þessu margþætta máli viðhlítandi skil, á nokkur atriði skal þó drepið.

Ég leyfi mér að staðhæfa, að efnahagserfiðleikar okkar nú stafa að verulegu leyti af því, að við höfum ekki notað góðærið nægilega til að búa okkur undir framtíðina, til að treysta grundvöll útflutningsins og atvinnulífsins í heild. Af hálfu stjórnarvalda hefur það verið látið nær íhlutunarlaust, hvernig hið mikla fjármagn á góðæristímunum var notað. Skort hefur þar forustu um að beina bróðurhlutanum af þessu fjármagni til markvissrar uppbyggingar og eflingar atvinnulífsins. Í allt of ríkum mæli hafa brasksjónarmið og hreinar tilviljanir ráðið því, hvert fjármagnið rann. Nokkur dæmi um forystuleysið af hálfu stjórnarvalda skal ég nefna. Íslenzki togaraflotinn hefur á liðnum velgengnisárum verið látinn drafna niður. Í fullan áratug

hefur þar engin endurnýjun átt sér stað, en mikill hluti gamla flotans ýmist verið seldur úr landi fyrir nær ekkert verð eða liggur aðgerðarlaus. Á sama tíma hafa aðrar fiskveiðiþjóðir endurnýjað togaraflota sinn, hagnýtt nýjustu tækni og hagkvæmni í rekstri, yfirleitt með mjög góðum árangri. Ár eftir ár höfum við Alþb.-menn flutt till. og frv. hér á Alþ. um endurnýjun togaraflotans, en jafnan talað þar fyrir daufum eyrum. Fyrir nokkrum vikum var síðasta frv. okkar um kaup á skuttogurum vísað til ríkisstj. Mér er spurn: Hefðum við síðustu 10 árin endurnýjað togaraflota okkar, svo við ættum nú 40—50 vel búin skip til veiða á djúpmiðum, þar sem önnur skip en togarar fá lítt eða ekki stundað veiðar, værum við þá ekki betur á vegi staddir en raun ber vitni í dag? Væri ekki hagur frystihúsanna betri? Væri ekki atvinnulíf ýmissa útgerðarstaða álitlegra en það er? Væru ekki útflutningsverðmætin meiri? Árum saman höfum við Alþb.-menn hamrað á nauðsyn þess, að aukin væri fjölbreytni fiskiðnaðar, og þá ekki síst unnið skipulega að niðursuðuiðnaði og öflun markaða fyrir hann. Vitað er, að margvíslegar, niðursoðnar fiskafurðir hafa um langt skeið verið stór og traustur þáttur útflutnings hjá frændum okkar, Norðmönnum. Þeir selja nú niðursuðuvörur til Bretlands, Bandaríkjanna og fleiri landa fyrir hærri upphæðir, en nemur öllu útflutningsverði okkar fyrir frystan og ferskan fisk. Hér hefur þessu stórmáli verið alltof lítið sinnt og sízt með markvissum og skipulegum hætti. Möguleikarnir á þessu sviði hafa legið næstum því ónotaðir undanfarið góðæristímabil, og þeir liggja það enn, af því súpum við seyðið. Sá hluti íslenzka bátaflotans, sem hentugastur er til þorskveiða, hefur stórlega gengið úr sér á undanförnum árum. Þar hefur mjög lítil endurnýjun átt sér stað. Þetta er ein af ástæðum þess, hve öflun hráefnis til hraðfrystihúsa hefur verið stopul að undanförnu, með þeim afleiðingum, að mörg þeirra eru rekin með tapi og atvinna víða við sjávarsíðuna hefur síminnkað. Hvað eftir annað höfum við Alþb.-menn lagt áherzlu á nauðsyn þess, að komið verði upp tæknistofnun í þjónustu sjávarútvegs. Við höfum flutt till. og frv. um slíka stofnun og bent á, með sterkum rökum, að nútíma sjávarútvegur verði að styðjast við öfluga starfsemi á þessu sviði, eigi hann að fylgjast með tímanum og geta hagnýtt þá vélvæðingu og tækniþróun á farsælan hátt, sem fiskveiðar byggjast á í stöðugt ríkari mæli. Verksvið slíkrar stofnunar væri víðtækt: að framkvæma rannsóknir á hvers konar veiðitækni, fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum á því sviði, hafa frumkvæðið um prófanir þeirra við íslenzkar aðstæður og veita íslenzkum útvegsmönnum og fiskimönnum sem gleggstar upplýsingar um niðurstöður. Þessar rannsóknir þurfa að ná til stærða og gerða fiskiskipa, til alls búnaðar þeirra, til hvers konar veiðarfæra og veiðiaðferða. Á því leikur enginn vafi, að skortur á slíkri rannsókna- og upplýsingastarfsemi hefur bakað okkur stórtjón á hverju ári nú um langt skeið. Hér er um mikil verðmæti að tefla. Slík stofnun hefði getað sparað útveginum, og þar með þjóðarheildinni, mikla fjármuni og einnig aukið framleiðslugetuna verulega. Menn viðurkenna almennt nauðsyn slíkrar starfsemi, en þar við situr að mestu. Frumkvæði af hálfu stjórnarvalda hefur ekkert verið. Ég hef aðeins nefnt nokkur dæmi þess, hve illa tækifærin á velgengnisárunum hafa verið notuð til þess að efla fjölþættan sjávarútveg og fiskiðnað. Hins er naumast að vænta, að þau stjórnarvöld, sem létu tækifærin glatast, á meðan vel gekk, hafi frumkvæðið um mikla uppbyggingu sjávarútvegs, þegar að þrengir. Ljóst er og, hvert stefnir. Á Alþ. í dag flutti fjmrh. fróðlega skýrslu um framkvæmdaáætlun fyrir árið 1968. Þar vakti það athygli, að þrátt fyrir ráðagerðir um nokkuð svipaða heildarfjárfestingu og verið hefur undanfarin ár, er gert ráð fyrir, að dragi mjög úr fjárfestingu varðandi fiskveiðar og fiskiðnað. Það þýðir sennilega: Engir nýir togarar. Færri nýir fiskibátar. Engin uppbygging niðursuðuiðnaðar.

Ég hef hér einskorðað mig við nokkur atriði, sem sjávarútveginn varða, en svipaða sögu er að segja af öðrum atvinnuvegum, ekki sízt iðnaði, þar sem stjórnarstefnan hefur í ýmsum tilvikum jafnvel torveldað eðlilega uppbyggingu þátta hans á góðæristímanum. Því miður er þessi skilningsskortur ráðamanna á þróunarmöguleikum og endurnýjunarþörf mikilvægustu atvinnuveganna samur enn og verið hefur. Hann mótar stjórnarstefnuna á marga lund og kemur með ýmsu móti. Ég nefni hér eitt spánnýtt dæmi að því er sjávarútveginn varðar. Á undanfarandi árum hafa þau aflaverðmæti, sem síldveiðiflotinn flutti að landi, lagt óhemju skerf í þjóðarbúið. Síðasta síldarvertíð var mjög erfið sjómönnum og útgerðarmönnum, og kostnaðarsöm, vegna þess hve ákaflega langsótt var á miðin. Með miklu harðfengi tókst síldveiðisjómönnum þó að fiska töluvert mikla síld. Fyrir þjóðarbúið munaði ekki hvað minnst um það, að saltsíldarvertíðin bjargaðist nokkurn veginn. Hvort tveggja var, að gott verð fékkst fyrir saltsíldina, auk þess, sem auðið reyndist að halda saltsíldarmörkuðunum að þessu sinni, en það skiptir vitanlega miklu máli. En horfurnar á komandi síldarvertíð eru, því miður, ekki góðar. Hin stóru og dýru skip, sem þessar veiðar stunda, hafa flest eða öll verið rekin með stórtapi undanfarna mánuði. Frá áramótum og fram undir síðustu daga a. m. k. mun það alger undantekning, sé það ekki óþekkt með öllu, að nokkurt þessara skipa hafi fiskað fyrir tryggingu, sem kallað er, þ. e. aflahluturinn er hvarvetna lægri en kauptrygging skipverja, og er hún þó ekki nema 12 þús. kr. á mánuði. Af þessum 12 þús. kr. fara 4—5 þús. kr. í fæði. Nú er almennt búizt við því, að sækja verði síldina á fjarlæg mið í ár, ekki síður en var í fyrra. Vitað er, að verð á bræðslusíldarafurðum er enn lágt og óvíst, hvort það hækkar að sinni. Hins vegar hafa menn gert sér vonir um sæmilega hagstætt verð fyrir saltsíld. Skiptir því miklu máli, að okkur takist að afla

hennar og halda þar með þeim góðu mörkuðum, sem við höfum nokkuð lengi haft fyrir þessa vöru. Helzt voru því vonir um, að saltsíldarverðið stæði upp úr og freistaði bæði sjómanna og útvegsmanna til að búa sig undir síldveiðar, þótt við mikla erfiðleika sé að etja, ef sækja þarf síldina óraleið norðaustur í haf, en hér má vissulega ekkert út af bregða, ef kleift á að reynast að fá mannskap á skipin og gera þau út. Jafnframt er vitað, að norskir útgerðarmenn búa sig undir það, að hagnýta aðstöðumuninn, ef síldin verður í nánd við Norður-Noreg, og stórauka saltsíldarframleiðslu sína. Við þessar aðstæður dettur ríkisstj. það í hug að hækka stórlega útflutningsgjöld af ýmsum sjávarafurðum, og þá alveg sérstaklega á saltsíld. Þó var slíkt útflutningsgjald hærra hjá okkur en þekkist með nokkurri fiskveiðiþjóð, sem mér er kunnugt um. En skv. frv., sem nú er verið að gera að l., á að taka af saltsíldinni nokkra milljónatugi til viðbótar. Þetta fé er tekið af óskiptu, áður en sjómenn fá reiknaðan sinn aflahlut. Þar að auki tekur síldarútvegsnefnd 2% skatt af óskiptu saltsíldarverði, til Aflatryggingasjóðs og til síldarleitarskips rennur einnig nokkuð. Alls eru það því um 14%, sem á nú að taka í útflutningsgjöldum ýmiss konar af saltsíldinni. Hér er sennilega um að ræða töluvert yfir 200 kr. útflutningsgjöld af hverri síldartunnu. Á sama tíma er mér tjáð, að Norðmenn greiði framleiðslustyrk, sem nemur um 240 ísl. kr. á hverja saltsíldartunnu. Síðan eiga Íslendingar að keppa við Norðmenn um síldarmarkaðina. Þetta stórhækkaða útflutningsgjald raskar að sjálfsögðu þeim grundvelli, sem hlutaskiptasamningar sjómanna og útgerðarmanna byggjast á. Flestir útgerðarmenn hafa gert sér þau sannindi ljós, að þeir geta ekki byggt rekstrargrundvöll útgerðarinnar á aukinni kjaraskerðingu sjómanna. Hún er ærin orðin. En ríkisstj. virðist þetta hulið. Sannleikurinn er þó sá, að sjómenn hafa þegar orðið fyrir svo alvarlegri kjaraskerðingu vegna lækkandi verðlags, að á hana er ekki bætandi. Sízt verður það útgerðinni til hagsbóta, að hér sé enn vegið í sama knérunn. Góðan hag útgerðar er ekki hægt að byggja á lágu kaupi sjómanna. Útgerðin þarf þvert á móti að búa við rekstrargrundvöll, sem gerir henni fært að greiða sjómönnum svo rífleg laun, að sjómennska sé eftirsótt starf. Kjaraskerðing þeirra, sem erfiðustu og áhættumestu framleiðslustörfin vinna, er ekki lausn á neinum vanda, hún er ranglæti og hún er heimska. — Góða nótt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Gils Guðmundssonar um útflutningsgjald af síldarafurðum er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að allt þetta gjald rennur til sjávarútvegsins sjálfs, og er hér aðeins um millifærslu að ræða. Ég sé jafnframt ástæðu til að þakka hv. þm. tilvitnun í kosningastefnuskrá Sjálfstfl., sem glöggt sannar jákvæð viðhorf Sjálfstfl. til lífskjarabóta fyrir almenning og raunsæjar ábendingar flokksins um forsendu þeirrar þróunar.

Landbúnaðurinn á nú við margvíslega erfiðleika að stríða, eins og aðrir atvinnuvegir, en ég held, að hv. þm., Stefán Valgeirsson, hafi reist sér hurðarás um öxl, að ætla að reyna að telja bændum trú um, að núverandi hv. landbrh. standi verr í ístaðinu fyrir þá en Framsóknarfl. Það er hins vegar hér, sem á öðrum sviðum, að framsóknarmenn eru gjöfulir, þegar þeir eru ekki í ríkisstjórn. Hv. þm. Gísla Guðmundssyni vil ég segja það, að það er ekki einkenni festu í stjórnarfari að breyta aldrei um starfsaðferðir, heldur að eiga víðsýni og kjark til þess að velja þau úrræði, sem líklegust eru á hverjum tíma til að tryggja þjóðarhag. Þótt viðtæk aðild að ríkisstjórn geti verið góð, er það ekki lausnarorðið að efna til samstjórnar flokka, sem greinir enn jafnstórlega á um starfsaðferðir og núverandi stjórnarflokka og stjórnarandstöðu.

Hv. þm. Einar Ágústsson sagði í kvöld, að ráðh. hefðu ekki gert annað í sumar en sóla sig, en sagði þó um leið, að bæði fjárlagafrv. og frv. um efnahagsráðstafanir hefðu legið á borðum þm. í þingbyrjun. Ekki virðist því öllum dögum hafa verið eytt í aðgerðarleysi.

Allt frá þingbyrjun hafa stjórnarandstæðingar kvartað yfir frv.-regni ríkisstj. og óskum hennar stundum um hraða afgreiðslu vegna aðsteðjandi vandamála, og nú síðast er það harðlega átalið að ljúka þingi og reynt að gefa í skyn, að orsökin sé utanfarir ráðh. Auðvitað gætu ráðh. farið á fundi erlendis, án þess að slíta þingi, og ræður það því engu um þingslit. Það hefur ætíð verið venja að stefna að þingslitum á ákveðnum tíma. Reyna átti að ljúka þingstörfum fyrir páska, en það tókst ekki, og þá var ákveðið að miða við fyrsta laugardag eftir páska. Án ákveðinnar tímasetningar gæti þing staðið endalaust og það er ætíð svo í þinglok, að miklar annir eru á þingi, og þótt stjfrv. á þessu þingi hafi verið óvenjumörg, er tími ekki naumari til athugunar en oft áður, m.a. lagði vinstri stjórnin efnahagsfrv. fyrir þing 19. des. og krafðist afgreiðslu á því fyrir jól.

Hv. þm., Einar Ágústsson, kvartaði yfir því, að bankarnir fengju ekki að skulda Seðlabankanum, eins og 1959. Þá var ástandið slíkt einmitt af þessum sökum, að í stað gjaldeyrisvarasjóðs nú skulduðu bankarnir þá svo mikið erlendis, að frekari lán voru ekki fáanleg. Loks flutti þessi hv. þm. nokkrar mjög villandi tölur um kostnaðarauka við ýmis embætti, og reyndi að sanna óhæfilega eyðslu í fjmrn. með því að taka ekkert tillit til stóraukinna starfa þess eða eigna því stofnanir, sem hafa allt öðrum verkefnum að sinna. Ýmis nýskipan í fjmrn., m.a. stofnun hagsýslu- og fjárlagastofnunarinnar, sparar ríkinu áreiðanlega mikla fjármuni, en í rn. hefur aðeins fjölgað um tvo starfsmenn. Ef þetta og tilkoma Efnahagsstofnunarinnar er talið dæmi um sukk, tel ég ásakanir Framsfl. lofsyrði.

Þjóðin á nú við erfiðleika að stríða, sem höfuðnauðsyn er, að hún geri sér rétta grein fyrir og mætt sé á réttan hátt af hálfu stjórnarvalda og alls almennings. Það er hins vegar því miður ljóst af

þessum umr., að hv. stjórnarandstæðingar ætla ekki að leggja fram sitt lið til að skýra vandann rétt eða benda á úrræði til lausnar í stað þeirra viðbragða stjórnvalda, sem þeir fordæma, heldur halda sér við sama heygarðshornið, að reyna að slá pólitískar keilur með því að ala á óánægju með óvinsælar ráðstafanir, sem óumflýjanlegt er að gera á ýmsum sviðum, einmitt til að forða þjóðinni frá skipbroti. Þegar útflutningstekjur þjóðar, sem er svo mjög háð erlendum viðskiptum, lækka um nær þriðjung á einu ári, getur það naumast valdið undrun, þótt svo stórkostlegrar tekjurýrnunar sjái stað í afkomu margvíslegs atvinnurekstrar í landinu og í tekjum alls almennings. Útflutningsframleiðslan fær meginskellinn og jafnframt hlýtur að þrengja að ýmiss konar framleiðslu- og þjónustustarfsemi, sem blómgazt hefur í skjóli mikillar þenslu og peningaveltu. Þessi samdráttur verður á mörgum sviðum ekki umflúinn, og honum verður ekki mætt með því að dæla út fjármagni, sem ekki er til staðar, þegar sparifjársöfnun að sjálfsögðu einnig minnkar. Annaðhvort verður því að draga saman seglin um skeið eða breyta um starfsemi. Þannig skapar það t.d. járniðnaðinum mikinn vanda, þegar hin miklu verkefni við byggingu síldarverksmiðja hverfa. Vandinn verður þá sá að finna í staðinn önnur þjóðnýt verkefni fyrir þetta vinnuafl. Einmitt á þessu sviði er verið að koma upp nýrri atvinnugrein, stálskipasmíði, með víðtækri aðstoð stjórnarvaldanna. Fyrst og fremst verða fyrirtækin í viðkomandi greinum að leita allra tiltækra úrræða, og eftir atvikum getur þurft opinbera aðstoð. Einmitt á slíkum tímum veltur meira en ella á hugkvæmni atvinnurekandans bæði að fara inn á nýjar brautir og til að draga úr rekstrarkostnaði og í ýmsum tilfellum þarf að stefna að samruna eða náinni samvinnu fyrirtækja. Jafnhliða þarf að hafa vakandi auga á öllum úrræðum, til að bæta framleiðslu og koma upp nýjum framleiðslugreinum. Sambærileg vandamál er nú við að fást í flestum löndum.

Því fer auðvitað víðs fjarri, að stjórnarstefna síðustu ára hafi gert atvinnuvegunum erfiðara en ella að mæta núverandi erfiðleikum. Það er að minnsta kosti ljóst, að hefði ráðleggingum stjórnarandstæðinga verið fylgt, ríkti nú algert upplausnarástand. Stjórnarandstæðingar tala mikið um skipulag, og það eigi að vera nú allra meina bót, og óhæfilegt skipulagsleysi síðustu árin hafi valdið miklu um núverandi erfiðleika fyrirtækja að mæta þrengingunum. Hvað felst í þessum skipulagsboðskap er vandséð að vísu, þar eð þeir neita því harðlega, að þeir meini höft, því að þeir eru hræddir um, að fólk muni enn eftir þeim hörmungartímum, og formaður Framsfl. lét sig jafnvel hafa það í gærkveldi að halda því fram, að Framsókn hefði á sínum tíma verið höft ákaflega ógeðfelld. Helzt verða þessir skipulagsannmarkar skildir svo, að fé hafi verið illa notað þessi velmegunarár. Auðvitað fer mörg krónan forgörðum í peningaflóði, en á þá staðreynd er þó vert að benda, að síðustu árin og meira að segja á árinu 1967 hefur fjármunamyndun hér á landi verið hlutfallslega meiri en í flestum öðrum löndum, og sú fjármunamyndun hefur fyrst og fremst verið í atvinnuvegunum, opinberum framkvæmdum og íbúðarhúsnæði. Vafalaust geta menn sagt í dag, að eitt og annað af þessum geysilegu fjárfestingum hefði átt að vera með öðrum hætti eða alls ekki, en lætur nokkur í alvöru sér detta í hug, að einhverjar opinberar n. hefðu ráðstafað þessum fjármunum betur? Einn talsmaður Framsfl. sagði að vísu í gærkveldi, að of mörg síldveiðiskip hefðu verið keypt, og eðlilega hugsa menn ef til vill sem svo. Hefði ekki verið heppilegra að byggja færri síldarverksmiðjur? En hver hugsar svo, ef síldin kemur aftur af fullum krafti, sem við vonum að verði fyrr en seinna? Og hvað hefði verið sagt um ríkisstj., ef hún hefði ætlað að stöðva þessar framkvæmdir á síldarárunum? Menn tala líka um, að allt of mörg frystihús séu í landinu og aðeins lítill hluti afkastagetu þeirra nýttur. Rétt getur verið að loka nokkrum fiskiðjuverum um sinn til að nýta önnur á hagkvæman hátt. En er það ekki dýrmætt fyrir þjóðarbúið að eiga öll þessi framleiðslufyrirtæki, bæði frystihús og síldarverksmiðjur, til að geta tekið við auknum afla? Og það er að minnsta kosti mikils virði, einmitt á erfiðleikatímum, að geta dregið úr eða stöðvað að verulegu leyti fjárfestingu í þessum framleiðslustöðvum. Það getur verið, að stjórnarandstæðingar telji það ámælisvert að hafa ekki gefið atvinnurekstrinum færi á að safna verulegum varasjóðum á þessum velgengnitímum, og vissulega hefði það verið æskilegt. En hafa þeir ekki dyggilega undir allar kröfur tekið á hendur atvinnuvegunum á þessum árum? Þeir hafa að vísu sífellt hamrað á að dæla út meiru og meiru lánsfé, en lánsfé er ekki allra meina bót, og það hefði verið stórhættulegt fyrir efnahagsþróunina að auka lánveitingar á þessum árum. Á það má líka benda, að sumar síldarverksmiðjur græddu t.d. mikið fé og hefðu átt að hafa aðstöðu til að mæta einhverjum erfiðleikum, en eigendurnir ráku engu að síður upp neyðaróp strax á fyrsta erfiðleikaárinu, af því að þeir höfðu eytt öllum hagnaðinum. Því miður hefur sá hugsunarháttur ekki verið ráðandi í atvinnurekstrinum að leggja fé til hliðar, þegar vel árar, heldur er það jafnóðum fest. Hvað annað en reynslan getur kennt mönnum önnur vinnubrögð? Sannleikurinn er sá, að öllum arði þjóðarbúsins hefur verið ráðstafað jafnóðum undanfarin ár og komið fram í vaxandi velmegun almennings, og við það gat enginn ráðið. Þó var á margvíslegan hátt búið í haginn fyrir framtíðina með stórfelldum framkvæmdum á öllum sviðum, eigi sízt tæknilegum, og stjórnvöld beittu sjálfsögðum aðgerðum í peningamálum til að sporna gegn óhæfilegri þenslu og mynda gjaldeyrisvarasjóð, sem tryggði okkur ómetanlega aðstöðu á alþjóðlegum lánamarkaði, og er það haldreipi okkar á þessum erfiðleikatímum, að við höfum getað komizt hjá gjald-

eyrisskömmtun og haftabúskap, sem myndi eyðileggja það traust okkar út á við, sem er grundvöllur áframhaldandi uppbyggingar. Efnahagsstefna ríkisstj. hefur því ekki beðið skipbrot, heldur hefur hún þolað ótrúlega eldraun, þannig að þjóðin hefur ekki nema að litlu leyti fundið fyrir þeim stórkostlegu áföllum, sem hún hefur orðið fyrir.

Það hefur verið meginuppistaðan í gagnrýni stjórnarandstæðinga í þessum umr. að deila á ríkisstj. fyrir aðgerðir hennar í efnahagsmálum í vetur og raunar frá haustinu 1966. Það er sérstök ástæða til að vekja athygli þjóðarinnar, ekki síst hinna efnaminni, á þessu máli, því að allar þessar efnahagsráðstafanir eru mótaðar af þeirri meginstefnu, að skerða ekki lífskjör almennings fyrr en óumflýjanlegt var, og aldrei meira en brýnasta þörf krafði. Að verðstöðvunarstefnan hafi verið aðeins kosningabeita og stjórnartalsmenn hafi sagt fyrir kosningar, að allt væri í bezta lagi, á ekki við nein rök að styðjast, enda er eftirtektarvert, að ekki hefur verið vitnað í eina einustu blaðagrein eða tilteknar ræður forustumanna stjórnarflokkanna, er staðfesti þessa eftirlætisskröksögu. Vegna verðstöðvunarinnar tókst að koma í veg fyrir alla kjaraskerðingu í heilt ár. Þessar aðgerðir færði jafnvel formaður Dagsbrúnar stjórninni til dómsáfellis í ræðu sinni í gærkvöldi. Hagfræðilega má auðvitað segja að skakkt hafi verið að eyða greiðsluafgangi ríkissjóðs til að halda niðri verðlagi og láta ganga á gjaldeyrisvarasjóðinn; en skyldi þjóðin almennt telja það ámælisvert? Sama viðhorf var ráðandi við undirbúning síðustu fjárl. Ekki varð hjá því komizt lengur að rýra kjörin vegna áframhaldandi verðhruns og aflabrests, enda hafði það alltaf verið skýrt tekið fram, að fé til verðstöðvunar nægði ekki nema til haustsins 1967. Ætlunin var þó enn að reyna að komast hjá gengislækkun, heldur reynt að takmarka ríkisútgjöld, svo sem frekast var talið auðið. Við ákvörðun gengisbreytingarinnar var mönnum vel ljóst, að teflt var á yztu nöf með afkomu sjávarútvegsins, en þó vonazt til, að hægt væri að forðast nýja styrki um áramótin, ef ekki bættust við ný óhöpp. Verðhrun á Rússlandsmarkaði og lakari afkoma frystihúsanna en gert hafði verið ráð fyrir í nóvemberuppgjöri þeirra gerði þessa von að engu. Auðvitað varð að tryggja sæmilegan starfsgrundvöll sjávarútvegsins, en þó voru viðbótarstyrkir enn skornir svo við nögl, sem frekast var talið fært, allt með það í huga að leggja ekki meiri byrðar á almenning en óumflýjanlegt væri. Í þeim sama tilgangi var einnig gripið til þess ráðs að skera enn niður útgjöld nýafgreiddra fjárlaga, þar eð eðlilegt þótti, að ríkið drægi úr sínum útgjöldum samhliða skerðingu á kjörum almennings. Auðvitað varð ekki hjá því komizt að skerða ýmsar fjárveitingar til nytsamrar þjónustu og framkvæmda, en þó var leitazt við að skerða sem minnst framkvæmdafé. Mér þykir næsta kaldhæðnislegt að heyra forystumenn stjórnarandstöðunnar ráðast á ríkisstj. fyrir óhæfilega eyðslu og útgjaldahækkun ríkissjóðs, því að við afgr. síðustu fjárlaga fluttu stjórnarandstæðingar hækkunartill., er námu um 250 millj. kr., og við meðferð sparnaðarfrv. í þinginu fundu einkum talsmenn Framsfl. því flest til foráttu. Nýjasta sparnaðarbarátta Framsfl. er svo sú, að þingið eigi að standa í 10 mánuði, kaup þm. eigi að stórhækka, sjá eigi þm. fyrir ókeypis flugferðum, þegar þeir vilja. Forystumenn stjórnarandstöðunnar eigi að hafa ráðherralaun, og hver flokkur eigi að fá þrjá sérfræðinga sér til aðstoðar. Þetta kann raunar að vera stjórnarandstæðingum nauðsynlegt til að marka einhverja heillega stefnu í þjóðmálum, en naumast verður þessi ráðabreytni til sparnaðar í ríkisrekstrinum. Ríkisstj. hefur lagt á það ríka áherzlu síðustu árin að reyna að fá verkalýðshreyfinguna til samstarfs um að bæta laun þeirra lægst launuðu og sem betur fer meira áunnizt í þá átt en áður. Það er mjög ómaklegur áróður að halda því fram, að ríkisstj. hafi ekki nú viljað gera neinar ráðstafanir til að draga úr kjaraskerðingu hinna lægst launuðu. Strax í haust tjáði ríkisstj. verkalýðshreyfingunni, að hún væri reiðubúin til að íhuga öll úrræði í þá átt, er ekki settu af stað nýja verðbólguöldu eða yrðu ofviða vanmegnugum atvinnurekstri, og bætur almannatrygginga voru þá hækkaðar. Bent var m.a. á hugsanlega leið til að bæta hag barnafjölskyldna með millifærslu frá hinum efnameiri, en ekki var áhugi á þeim hugmyndum hjá verkalýðsforingjum. Því miður var efnt til verkfalls, áður en allar samkomulagsleiðir voru kannaðar. Því er haldið fram, að orsök verkfallsins hafi verið afnám lagaákvæðis um vísitölubætur á laun. Ef slíkt ákvæði hefði verið í l., hefði reynzt ókleift að bæta kjör hinna láglaunuðu svo sem gert var, því að þá hefðu allir fengið vísitölubætur, er hefðu gert þessar bætur hinna láglaunuðu að engu.

Það var broslegt að heyra form. Framsfl. halda því fram í gærkveldi, að hin furðulega till. stjórnarandstæðinga um lögfestingu verðlagsbóta hafi leitt til lausnar vinnudeilu. Það vita allir, að sú till. var flutt í allt öðrum tilgangi, enda var niðurstaða samninganna næstum algerlega í samræmi við þá sáttatill., sem sáttasemjari orðaði við deiluaðila strax í upphafi deilunnar. Og má áreiðanlega með meira sanni segja, að hún hafi að lokum leitt menn til samkomulags undir forystu velviljaðra manna frá báðum aðilum og með aðstoð ríkisstj. Sú sátt vakti áreiðanlega enga gleði í herbúðum Framsóknar og Alþb.

Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar munu einhuga hér eftir sem hingað til reyna að mæta vandamálunum í sama anda og undanfarna mánuði og láta sig köpuryrði stjórnarandstæðinga engu varða, heldur einbeita sér að því að forða þjóðarfleyinu frá áföllum. Það getur vel verið, að nýjar ráðstafanir þurfi að gera framleiðslunni til aðstoðar og endurskoða þau aftur — bæði ríkisútgjöld og aðra nýsetta löggjöf. Framleiðslan verður að ganga með eðlilegum hætti og aukast með öllum tiltækilegum ráðum, því að hún er lífæð þjóðarinnar. Hins vegar verða atvinnurekendur í öllum greinum

að gera sér ljóst, að meðan við þessa miklu erfiðleika er að fást, verða þeir að búa við þröngan kost, til þess að eigi þurfi að skerða kjör almennings nema sem allra minnst. Ríkisstj. mun leggja á það megináherzlu að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Þess vegna hefur hún m.a. ráðizt í að leita eftir stóru erlendu láni til þess að afla fjár til mikilsverðra ríkisframkvæmda og til stofnsjóða atvinnuveganna. Slík ráðstöfun er varasöm, en réttlætist eingöngu af nauðsyn þess að draga ekki úr framkvæmdum að ráði.

Það var töluvert fróðlegt að hlusta á hinn nýja form. Framsfl., sem óvenjulega gustmikill reyndi í gærkvöld að lýsa stefnu flokksins. Tókst honum að vísu litlu betur en fyrirrennara hans, en eftirtektarvert var, að flest, sem naglfesta var í í ræðu hans, var upptalning verkefna, sem ríkisstj. hefur einmitt verið að vinna að, en sem óþekkt voru í stjórnartíð framsóknarmanna. Má þar nefna framkvæmdaáætlanir, bæði um einstaka málaflokka og byggðaáætlanir, svo og aðstoð við hagræðingu á rekstri fyrirtækja. Í því efni er nú unnið af verulegum átökum í fiskiðnaði og fjár aflað í því skyni. Hagræðingarlán hafa verið veitt iðnfyrirtækjum og Framleiðnisjóður landbúnaðarins stofnaður. Þá ræddi hann um aukna hagnýtingu náttúruauðlinda sem sérstakt hugðarefni Framsóknar og jafnvel gerði gælur við álbræðsluna. Skyldi enginn hafa brosað?

Auðvitað er nýting náttúruauðlinda og efling nýrra iðngreina, jafnhliða endurskipulagningu og framleiðniaukningu í núverandi framleiðslugreinum, þjóðinni lífsnauðsyn, sem einbeita verður sér að, og því ber að fagna, ef Framsfl. hyggst í því efni taka upp ábyrgari og raunsærri stefnu.

Ræða hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar leiddi hins vegar glöggt í ljós, að kommúnistadeildin í Alþb. hefur ekkert lært og fylgir ennþá steinrunnum afturhaldssjónarmiðum, sem mundu leiða til stórfelldrar kjaraskerðingar.

Haldið verður áfram skipulegum athugunum á úrræðum til aukinnar framleiðni í ríkisrekstrinum, og vel getur orðið nauðsynlegt að draga frekar úr ýmsum ríkisútgjöldum, ef enn syrtir í álinn. Tollalækkanirnar eftir áramótin voru eins miklar og frekast var talið fært, miðað við hinar nýju kvaðir á ríkissjóð í sambandi við sjávarútveginn, en stefna þarf að enn frekari tollalækkun, þó með eðlilegri hliðsjón af hagsmunum íslenzks iðnaðar. Það er okkur brýn nauðsyn að ná viðhlítandi samningum við efnahagsbandalögin og reyna að ryðja íslenzkum framleiðsluvörum braut inn á sem flesta markaði.

Erfiðleikarnir nú geta orðið okkur holl lexía, ef við mætum þeim með réttu hugarfari. Við verðum að koma okkur saman um kjaraákvörðunarkerfi, sem ekki leiðir til nýs verðbólgukapphlaups, og við verðum að innleiða verðjöfnunarkerfi, sem jafnar óeðlilegar verðsveiflur. Við megum ekki halda áfram að skerða krónuna á nokkurra ára fresti, fólkið verður að geta treyst á stöðugleika gjaldmiðilsins, eins og hv. þm. Björn Pálsson komst að orði í gærkvöld, en þá tjóar ekki um leið að flytja kenningar, sem allar grafa undan gjaldmiðlinum. Við verðum að viðurkenna efnahagslögmál, sem flestar þjóðir og alþjóðlegar fjármálastofnanir starfa eftir nú, og ekki halda að við búum í einhverju furðuþjóðfélagi, sem lúti allt öðrum lögmálum en önnur vegna smæðar okkar. Núverandi ríkisstj. er ekki óskeikul, en ég fullyrði, að í grundvallaratriðum er stefna hennar rétt. Við skulum ekki vera svartsýn á framtíð þjóðarinnar, en það er hættulegt að gera of lítið úr erfiðleikunum, og við eigum við slíkan vanda að glíma, að jag og þref um, hverjum þetta eða hitt sé að kenna, verður að víkja fyrir raunhæfri viðleitni til þess að gera sér grein fyrir því, hvernig vandinn verði leystur á sem farsælastan hátt fyrir þjóðarheildina. Þjóðin á kröfu á því, að þeir flokkar, sem hún hefur veitt traust í síðustu kosningum, reyni að leysa vandann, en hún hlýtur á sama hátt að krefjast þess, að stjórnarandstöðuflokkarnir geri af sinni hálfu afdráttarlausa grein fyrir sínum úrræðum til lausnar vandanum, en láti ekki sitja við það eitt að fordæma allt, sem gert er.

Þórarinn Þórarinsson: Góðir áheyrendur. Á ýmsu átti ég von í þessum umr., en ekki samt því, að ég þyrfti að hefja mál mitt með því að verja Ingólf Jónsson. Í umr. í gærkvöld sagði forsrh., að bygging álbræðslunnar hefði verið algjör forsenda þess, að ráðizt yrði í Búrfellsvirkjun. Með þessu var forsrh. að reyna að ómerkja Ingólf Jónsson, en þegar l. um Búrfellsvirkjun voru hér til umr. árið 1965, lýsti Ingólfur því yfir sem orkumrh., að alveg væri þá óvíst, hvort samningar næðust við álhringinn, Búrfellsvirkjun mundi hafin eigi að síður, enda ekkert meira mannvirki en fyrsta virkjun Sogsins hefði verið á sínum tíma. Þetta eru alveg óskyld mál, sagði Ingólfur til enn frekari áherzlu. Þótt ég telji Ingólf Jónsson engan sannleikspostula, fór hann tvímælalaust með rétt mál um þetta efni vorið 1965, en forsrh. sagði ósatt í gærkvöld.

Gylfi Þ. Gíslason virðist lesa stefnu Framsfl. á sama hátt og viss persóna les Biblíuna. Hann sagði, að aðalatriðið í efnahagsstefnu Framsfl. væri að taka upp höft. Svo fjarri er þetta sannleikanum, að það er einmitt meginþáttur í stefnu Framsfl. að efla atvinnuvegina, m.a. að létta af þeim lánsfjárhöftunum, sem Gylfi Þ. Gíslason og félagar hans hafa hneppt þá í og nú eru að skapa varanlegt atvinnuleysi. Mun ég víkja nánar að þessum höftum Gylfa síðar.

Jón Árnason sagði hér áðan, að núv. ríkisstj. hefði aukið athafnafrelsi og afnumið höft. Hvað segja hinir mörgu atvinnurekendur, sem nú hrekjast milli bankanna og fá hvergi úrlausn og verða ýmist að hætta rekstri sínum eða draga hann stórlega saman? Eru þeir hrifnir af athafnafrelsinu og haftaleysinu hans Jóns Árnasonar? Áttu þeir von á, að þetta yrði árangurinn af 10 ára stjórnarforystu Sjálfstfl.?

Benedikt Gröndal lét mjög af forystu Gylfa Þ. Gíslasonar í skólamálum. Það eru langflestir sammála um, að skólakerfið sé orðið úrelt. Gylfi Þ. Gíslason hefur verið menntmrh. undanfarin 12 ár og ber því meginábyrgð á, að ekki hefur verið hafizt handa af neinni alvöru um endurskoðun skólalöggjafarinnar, þetta er einhver mesta vanræksla, sem um getur í sögu íslenzkra skólamála.

Það kom fram í ræðu Gylfa Þ. Gíslasonar, að erfiðleikar íslenzkra atvinnuvega væru einkum sprottnir af því, að valdasjúk stjórnarandstaða hafi espað launþega til að knýja fram of miklar kauphækkanir. Af þessu mun eiga að draga þá ályktun, að kaupgjald sé hærra hér en í nágrannalöndunum, og því sé íslenzk framleiðsla ekki samkeppnishæf. Vegna þess finnst mér rétt að geta þess, að norska vinnuveitendasambandið hefur nýlega birt skýrslu um kaupgjaldsmálin í Noregi, þar sem skýrt er frá því, að meðaltímakaup norskra verkamanna hafi verið 11 kr. norskar og 44 aurar á síðasta fjórðungi ársins 1967. Þetta eru 90 kr. íslenzkar. Hérlendis er nú meðaltímakaup verkamanna, reiknað með líkum hætti og í Noregi, 60—70 kr. eða 20—30 kr. lægra en í Noregi. Það sést vel á þessu, að okkur ætti að vera auðvelt að keppa við Norðmenn vegna kaupgjaldsins. Það er því allt annað en hátt kaupgjald, sem veldur nú erfiðleikum íslenzkra atvinnuvega. Ef samanburðinum við Noreg og önnur nágrannalönd er haldið áfram, kemur fljótt í ljós, að stjórnarvöldin búa allt öðruvísi og betur að atvinnuvegunum þar en hér. Til þess að finna orðum mínum stað skal ég aðeins nefna örfá dæmi.

Ég nefni fyrst lánsfjárhöftin. Aukinni tækni og hagræðingu fylgir það, að fjármagnsþörf atvinnufyrirtækjanna fer hraðvaxandi. Í nágrannalöndum okkar hafa fyrirtæki aðgang að nægum stofnlánum og rekstrarlánum með hagstæðum greiðsluskilmálum. Hér á landi eru atvinnuvegirnir hins vegar beittir hinum stórfelldustu lánsfjárhöftum, og fyrirtækin eru í stöðugri rekstrarkreppu, jafnt vegna skorts á stofnfé og rekstrarfé. Erlend iðnfyrirtæki geta með aðstoð erlendra banka lánað íslenzkum kaupmönnum varning sinn með löngum greiðslufresti, en íslenzk iðnfyrirtæki hafa enga möguleika til að veita slík lán. Þetta á ekki minnstan þátt í því, að þau verða undir í samkeppninni. Í Noregi og Danmörku geta landbúnaðarfyrirtækin fengið ótakmörkuð rekstrarlán, en hérlendis eru þessi lán nú hin sömu að krónutölu og þau voru 1959, þótt allur tilkostnaður hafi margfaldazt síðan. Líkt er að segja um sjávarútveginn. Það getur enginn, sem ekki hefur kynnzt því, gert sér þess grein, hvernig lánsfjárhöft lama og hefta framtak atvinnufyrirtækjanna, draga úr framleiðslu þeirra og gera þeim ókleift að gera þær umbætur á atvinnurekstrinum, sem myndi koma honum í samkeppnisfært horf. Þessu til viðbótar eru svo allir útlánsvextir stórum hærri hér en í nágrannalöndunum.

Ég kem þá að skattamálunum. Hér á landi hafa á seinustu árum verið lagðir á atvinnuvegina margvíslegir skattar, sem ekki þekkjast í nágrannalöndunum. Hér verða atvinnurekendur t.d. að greiða sérstakan skatt, sem nemur á annað hundrað millj. kr. á ári, til húsnæðislánakerfisins. Þá verða bændur að greiða skatt, sem nemur 20—30 millj. kr. á ári, til stofnlánasjóðs landbúnaðarins. Sjávarútvegurinn er látinn greiða sérskatt, sem nemur 30—40 millj. kr. á ári, til lánasjóða útgerðarinnar. Þessu til viðbótar var nú í vetur gerður upptækur gengishagnaður, sem nam mörgum hundruðum millj. kr., sem sjómenn og útgerðarmenn og fiskverkunarstöðvar áttu, og þetta fé lagt í umræddá lánasjóði. Iðnaðurinn verður að greiða skatt, sem nemur um 30 milljónum kr., í Iðnlánasjóð. Engir slíkir skattar þekkjast í nágrannalöndunum, því að þar er hið almenna lánakerfi látið standa undir húsnæðislánum og stofnlánum atvinnuveganna. Engir þessara skatta — menn taki eftir því — voru til fyrir tíð núv. ríkisstj. Það er satt að segja furðuleg hugvitssemi að ætla að útvega fjárvana atvinnuvegum lán með því að skattleggja þá. Ég held, að það yrði hlegið um allan heim, ef sú till. kæmi fram á vettvangi alþjóðastofnana, að þróunarlöndunum yrði útvegað lánsfé með því að skattleggja þau. Það væri hliðstætt því, sem verið er að gera hér. Þeir skattar, sem ég hef nefnt hér, eru aðeins brot af þeim sköttum, sem hafa verið lagðir á atvinnuvegina í seinni tíð. Ég skal aðeins minnast á tollana. Það þekkist varla í nágrannalöndum okkar, að iðnaðurinn þurfi að greiða toll af innfluttum vélum og hráefnum. Hér er tollur á iðnaðarvélum 25%, og tollar af hráefnum komast upp í 100%. Þetta kom minna að sök, á meðan iðnaðurinn naut verndar innflutningshafta, en veikir að sjálfsögðu mjög aðstöðu hans, síðan innflutningurinn var gefinn alveg frjáls. Orsök þess, hversu miklu lakar er búið að atvinnuvegunum af hálfu stjórnarvalda hér á landi en í nágrannalöndunum, rekur að miklu leyti rætur til stefnu núv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Hún hefur sett sér það sem megintakmark að hafa frjálsan innflutning, jafnt af óþörfum varningi sem þörfum. Til að halda þessum frjálsa innflutningi innan hæfilegra marka, telur stjórnin nauðsynlegt að halda kaupgetunni niðri, og helzta ráðið, sem hún sér í þeim efnum, er að takmarka lánsfé til atvinnuveganna og draga þannig úr atvinnu og kaupgetu almennings. Skv. l. Seðlabankans er honum ætlað að sjá um, að fjármagn í umferð sé nægilegt til að tryggja stöðuga atvinnu og fulla nýtingu atvinnuveganna. Þetta gerir bankinn þannig, að hann veitir viðskiptabönkunum lán eða aðra aðstoð, þegar þeir geta ekki fullnægt eðlilegri eftirspurn atvinnuveganna. Þessari stefnu var fylgt áður en viðreisnarstefnan kom til sögunnar. Í árslok 1959 átti Seðlabankinn inni hjá viðskiptabönkunum 920 millj. kr. eða nær tvo milljarða kr., ef reiknað er með núverandi gengi. Um seinustu áramót var þessu alveg snúið við. Þá áttu viðskiptabankarnir inni hjá Seðlabankanum um 300 milljónir kr. Þessi stórfelldi samdráttur í þjónustu Seðlabankans við viðskiptabankana og atvinnu-

vegina er höfuðorsök þeirra lánsfjárhafta, sem nú eru að sliga atvinnuvegina og leggja grundvöll að varanlegu atvinnuleysi í landinu. Sá maður, sem öðrum fremur ber ábyrgð á þessari lánsfjárhafta- og atvinnusamdráttarstefnu, er yfirmaður bankakerfisins, hæstv. bankamrh. Gylfi Þ. Gíslason, og þeir ráðunautar, sem hann hefur sér til aðstoðar. Það skortir ekki, að þetta séu allt saman sæmilega gefnir menn, en það gildir um bankamrh. og ráðunauta hans, að þeir hafa aldrei nálægt neinum atvinnurekstri komið, nær öll þekking þeirra á atvinnumálum er fengin úr erlendum kennslubókum og því hvorki þekkja þeir né skilja hin sérstöku vandamál íslenzkra atvinnuvega. Þessu til viðbótar eru þeir haldnir vantrú á íslenzka atvinnurekendur og íslenzkan atvinnurekstur, en oftrú á flest það, sem útlent er. Þeir telja það helzt til bjargar, að Ísland gangi í framandi efnahagsbandalög og útlendingar taki sem mest við forsjá atvinnumála á Íslandi. En hvort útlendir atvinnurekendur mundu reynast betur á Íslandi en íslenzkir, geta menn dæmt af því, að svissneski álhringurinn léði ekki máls á að koma hingað, ef hann ætti að sæta sama aðbúnaði af hálfu stjórnvaldanna og íslenzkir atvinnurekendur. Hann krafðist að vera undanþeginn íslenzkum skatta- og tollalögum, auk margra annarra sérréttinda. Og hvað mundu forsvarsmenn hans svo hafa sagt, ef álbræðslan hefði átt að búa við lánsfjárhöft og vaxtakjör Gylfa Þ. Gíslasonar og félaga hans?

Ég vil nota þetta tækifæri til að mótmæla sérhverri vantrú á íslenzkt framtak. Ég er rétt fimmtugur, en ég man þó vel allt annað Ísland en það, sem nú er, fátækt land að ræktun, byggingum, vegum, höfnum, verksmiðjum og vélum. Það er íslenzkt framtak, sem hefur lyft hér fleiri og stærri Grettistökum á síðari áratugum en dæmi eru til um annars staðar við sambærileg skilyrði. Þetta framtak mun duga okkur í framtíðinni, ef því er fengið í hendur ásamt þekkingunni það vopn, sem nú er vopn vopnanna, en það er fjármagn til að reka og umskapa atvinnuvegina. Við megum búast við því, Íslendingar, að hér verði við erfiðleika að etja á allra næstu árum. Menn segja, að nú séu erfiðir tímar, en ég held þvert á móti, að þetta séu venjulegir tímar, og við megum því ekki hafa of mikla trú á, að óvæntur metafli eða verðhækkanir erlendis leysi vandann. Við verðum jafnframt að gera okkur ljóst, að á næstu árum munu mörg sameiginleg útgjöld þjóðarbúsins vaxa óhjákvæmilega, eins og t.d. vegna nýs átaks, sem verður að gera í skólamálum, heilbrigðismálum og vegamálum. Við eigum ekki nema eitt öruggt ráð til lausnar þessum vanda, það er að búa þannig að íslenzku framtaki, að það fái notið sín sem bezt. Þetta gildir um framtak vísindamanna okkar og menntamanna, um framtak skálda okkar og listamanna og þó ekki sízt um framtak þeirra, sem við atvinnureksturinn fást. Afkoma okkar allra veltur á því, að atvinnuvegunum verði búin sem sambærilegust aðstaða við það, sem annars staðar er. Þetta er sameiginlegt hagsmunamál atvinnurekenda og launþega. Ef við þrengjum að atvinnuvegunum með lánsfjárhöftum og sköttum, bjóðum við kyrrstöðu og atvinnuleysi heim. Það er ekki leiðin til að sigra örðugleikana. Leiðin til þess er að hlúa hvarvetna að heilbrigðu, íslenzku framtaki og gefa því sem bezta aðstöðu til að halda áfram að breyta Íslandi í betra og byggilegra land. — Góða nótt.

Sigurður Ingimundarson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þessar umr. hafa að vonum snúizt um efnahagsmál síðustu missera. Af málflutningi stjórnarandstöðunnar má helzt ráða, að ríkisstj. hafi beinlínis staðið í stríði við allar stéttir þjóðfélagsins. Þetta má kannske til sanns vegar færa, ef einblínt er á efnahagsaðgerðirnar án samhengis og yfirlits yfir efnahagsmálin í heild, og með því að taka ekkert tillit til rúmlega 2 þús. millj. kr. tekjurýrnunar, sem yfir þjóðina hefur skollið, sem þó er kjarni þess máls, sem hér er rætt. Það er út af fyrir sig rétt, að frystihúsin fengu minni stuðning og verri lausn sinna mála en þau töldu nauðsynlegt. En það er einnig rétt, að útgerðarmenn fengu lægra fiskverð en þeir töldu sig þurfa. Efnahagsaðgerðirnar voru miðaðar við lágmark þess, sem vænta mátti að dygði til þess að halda útflutningsframleiðslunni gangandi, og sennilegt er, að nokkur hluti þessara atvinnutækja verði rekinn með tapi, ef ekki rætist úr um aflabrögð og verðlag á útflutningsframleiðslunni. Það má segja, að smátt hafi verið skammtað. En spurningin er bara, hvaða stéttir eða hvaða atvinnugreinar gátu eða vildu láta meira af hendi til þess að tryggja betri rekstur þessara atvinnutækja eða hefur stjórnarandstaðan kannske bent á þá aðila? Það er líka rétt, að kaupsýslumenn una illa þeirri álagningarlækkun, sem fylgdi í kjölfar gengislækkunarinnar, og vissulega var það skiljanlegt, að launþegar, ekki sízt þeir lægst launuðu, teldu sig ekki geta tekið byrðar á sig. Það var verið að skipta minnkandi köku milli jafnmargra og raunar heldur fleiri Íslendinga en áður. Menn verða bara að gera sér ljósan þann kjarna málsins, að baráttan stóð um það, að koma í veg fyrir stöðvun útflutningsframleiðslunnar, samdrátt og atvinnuleysi, sem hefði fljótlega komið þyngra niður á þjóðinni en nokkur önnur framvinda málsins.

Það er enginn vandi fyrir stjórnarandstöðuna að tala ljúflega í eyru frystihúseigenda í dag, útgerðarmanna á morgun og launþega hinn daginn, jafnóðum og málefni hvers og eins er sérstaklega á dagskrá. En það eru ekki mikil heilindi að vera vinur og stuðningsmaður andstæðra hagsmuna frá degi til dags í þeim tilgangi einum að torvelda lausn vandans. Það er létt verk og löðurmannlegt að æsa upp til óánægju og ala á tortryggni, þegar þjóðin hefur orðið fyrir meiri áföllum á tveim til þremur misserum en þekkzt hefur um áratugi, og þegar mest á ríður, að hún standi saman og snúist sameiginlega gegn utanaðkomandi vanda. Það hefur mátt heyra það hjá stjórnarandstöðunni í

þessum umr., og það hefur ekki þurft að lesa Þjóðviljann og Tímann ofan í kjölinn undanfarna mánuði til þess að sjá, hvert hugur þeirra stefndi, stóru fyrirsagnirnar hafa dugað. Viðbrögð kaupsýslumanna voru gleðiefnið einn daginn, verkbann frystihúseigenda annan daginn, verkföll þriðja daginn og svo mætti lengi telja.

Ég held varla, að það geti dulizt nokkrum manni, sem um þessi mál hugsar eða nokkuð fylgist með því, sem fram fer, að stjórnarandstaðan óskaði þess ekki, að lausn fyndist á vandanum. Það mátti kosta stöðvun atvinnuveganna og atvinnuleysi, aðeins ef hægt væri að koma lýðræðislega réttkjörinni ríkisstj. frá völdum. Við þessu væri raunar ekkert að segja, ef þessir aðilar hefðu eitthvað jákvætt til málanna að leggja og væru þess umkomnir að koma sér saman um stjórnarstefnu. Reynslan frá vinstri stjórninni bendir því miður ekki til, að svo sé. Þá var um heimatilbúin verðbólguvandræði að ræða, en ekki nein utanaðkomandi áhrif, en þeir báru ekki gæfu til þess að marka sameiginlega stjórnarstefnu og hrökkluðust frá völdum, eftir 2½ árs stjórnarsetu með stöðvaða útflutningsatvinnuvegi og nýfallin 17 vísitölustig. Enn virðast þeir ekki hafa annað til málanna að leggja en slagorð og óljósa dulspeki.

Sannleikurinn er sá, að efnahagsmálin verða ekki rædd af neinu viti eða í neinu samhengi, nema menn hafi í huga þær staðreyndir, sem við er að glíma og enginn getur vikið sér undan. Stjórnarandstaðan tekur ekkert tillit til þessara staðreynda í málflutningi sínum, sem þar með er úr lausu lofti gripinn, og ekki ástæða til að elta ólar við. Staðreyndirnar eru þær, að á miðju ári 1966 hefur meginhluti útflutningsframleiðslunnar orðið fyrir gífurlegu verðfalli. Þessar verðlækkanir fóru vaxandi á árinu 1967 og þar að auki var um að ræða aflabrest á mikilvægum vertíðum, og öflun síldaraflans varð óhóflega kostnaðarsöm. Þá lokaðist einnig mikilvægur skreiðarmarkaður í Nigeríu. Litið skal einnig til þess, að verðmæti útflutningsframleiðslunnar lækkaði á einu ári um 1700 millj. kr. eða 30%. Við þetta bættist svo í nóvember gengislækkun sterlingspundsins, en talsverður hluti útflutningsins er seldur í sterlingspundum. Hér er um að ræða svo einstæða samverkun margra óhappa, að fullyrða má, að þetta séu mestu efnahagslegu áföll, sem þjóðin hefur orðið fyrir síðan á kreppuárunum miklu eftir 1930, og er rétt að hafa það í huga, að allt eru þetta utanaðkomandi áföll, sem engin stjórnarvöld fá afstýrt. Nú hefði mátt búast við, og ekki verið nema eðlilegt, að þessi stórfelldu áföll hefðu haft í för með sér stórfelldan samdrátt á innanlandsmarkaði, verulegt atvinnuleysi og lækkun þjóðartekna af þeim ástæðum, er næmi jafnvel annarri eins upphæð og útflutningstapinu nam. Þessi samdráttur innanlands varð þó miklu minni en ætla mátti, vegna efnahagsaðgerða stjórnarvalda og kannske fyrst og fremst vegna mikillar atvinnu og fjármagnsinnflutnings í sambandi við hina miklu mannvirkjagerð við Búrfell og við Straumsvík. Það er saga út af fyrir sig, hvernig stjórnarflokkarnir annars vegar og stjórnarandstaðan hins vegar stóðu að því mikla þjóðþrifamáli, og mun ég víkja að því síðar. Þrátt fyrir þessa miklu blóðgjöf, mun rýrnun þjóðartekna innanlands hafa numið um eða yfir 300 millj. kr. Þjóðartekjurnar munu því alls hafa minnkað um 2000 millj. kr. eða rúmlega það. Á mælikvarða, sem öllum ætti að vera skiljanlegur, þýðir þetta það, að þjóðartekjurnar hafa rýrnað sem svarar rúmum 10 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu eða sem svarar rúmum 40 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Að ræða efnahagsaðgerðir eða erfiðleika stétta eða atvinnuvega, án þess að taka tillit til þessara staðreynda, er fullkomið blygðunarleysi í málflutningi.

Ríkisstj. hefur vissulega staðið í ströngu og orðið að framkvæma margvíslegar aðgerðir til þess að draga úr áhrifum þessara geigvænlegu áfalla, koma í veg fyrir stöðvun atvinnuveganna og atvinnuleysi. Slíkar aðgerðir eru aldrei vinsælar í augum skammsýnna manna og frá sjónarmiði stundarhagsmuna. Þær eru eigi að síður þjóðinni nauðsynlegar og engum nauðsynlegri en þeim, sem minnst hafa að bíta og brenna. Stjórnleysi, kreppa, samdráttur og atvinnuleysi kemur fyrst fram í málsverði þeirra, sem hafa hann minnstan og rýrastan fyrir. Ríkisstj. sýnir þeim mun meiri ábyrgðartilfinningu og siðferðisþrek, eftir því sem hún beitir meiri festu til nauðsynlegra aðgerða við slíkar aðstæður, án tillits til stundarvinsælda. Sé það rétt, að ríkisstj. hafi staðið í höggi við allar stéttir þjóðfélagsins, sýnir það og sannar aðeins það, að hún hefur reynt að dreifa byrðunum réttlátlega, miðað allt við það að fleyta þjóðinni yfir öldudalinn. Það er mannlegt og ákaflega skiljanlegt, að hver og einn reyni að ýta hinum beiska bikar frá sér í lengstu lög. Hitt er alvarlegra, að stjórnarandstaðan, stjórnmálamenn með fylgi helmings þjóðarinnar að baki sér, hafi notað hvert einasta tækifæri á Alþ. og í blaðakosti sínum til þess að torvelda og vekja grunsemdir á öllum nauðsynlegum og óumflýjanlegum efnahagsaðgerðum. Ég gat þess áðan, að þjóðartekjurnar hefðu rýrnað á einu ári sem svarar rúml. 40 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Því fer auðvitað víðs fjarri, að þessi tekjurýrnun hafi bitnað á almenningi sem því svarar. Strax á árinu 1966 brást ríkisstj. við þessum vanda með verðstöðvunarstefnunni. Tekjuafgangi ríkissjóðs og hinni miklu gjaldeyriseign var varið til þess að halda atvinnuvegunum gangandi og koma í veg fyrir rýrnun á kaupmætti launa. Sparnaður góðu áranna kom þannig í veg fyrir kjararýrnun á annað ár, að öðru leyti en því, að nokkur samdráttur varð á atvinnu. Það eru hins vegar marghrakin ósannindi, að stjórnarflokkarnir hafi talið sig leysa vandann með þessum aðgerðum, vandinn var allt annars eðlis en svo, að hann mætti leysa til langframa með fyrningum frá góðu árunum. Langvinnt verðfall útflutningsframleiðslunnar og gengisfelling sterlingspundsins hlaut að leiða til

nýrra aðgerða. Sannleikurinn er sá, að við búum við of einhæfa og áhættusama framleiðslu. Þjóðinni fjölgar ört, og iðnaðinn verðum við að efla. Stjórnarflokkunum hefur verið þetta ljóst, og þess vegna var ráðizt í hina miklu virkjun við Búrfell og álvinnslu í Straumsvík. Þessi mikla virkjun meira en tvöfaldar raforku landsmanna og nærri þrefaldar vatnsvirkjun eða raforku á fáum árum, en með því er stigið stærra skref til nýtingar á landgæðum þjóðarinnar en nokkru sinni fyrr hefur verið stigið. Lagður er grundvöllur að stóriðju til útflutnings, og í kjölfar hennar má vænta vaxandi smáiðju. Án þessara framkvæmda hefðu þjóðartekjurnar rýrnað á s.l. ári um mörg hundruð millj. kr. meira en raun varð á. Eðlileg afleiðing af hinum miklu áföllum sjávarútvegsins hefði bitnað á þjóðinni af fullum þunga. Þessar miklu framkvæmdir eru skýringin á því, að rýrnun þjóðarteknanna einskorðaðist nær eingöngu við rýrnun útflutningsteknanna og kom í veg fyrir alvarlegt atvinnuleysi. En hvernig stóð svo stjórnarandstaðan að þessu þýðingarmikla máli? Jú, þm. Alþb. og Framsóknar börðust hatrammlegri baráttu gegn þessum framkvæmdum. Það breytir engu, þótt þeir haldi því fram, að þeir hafi út af fyrir sig verið með Búrfellsvirkjun eða annarri virkjun. Það má öllum vera ljóst, að í þessa miklu virkjun hefði ekki verið hægt að ráðast, ef ekki hefði verið tryggð sala á miklum hluta raforkunnar. Stjórnarandstaðan mætti gjarnan íhuga það, hvernig hér hefði verið umhorfs, ef henni hefði tekizt að vinna það óhappaverk að koma í veg fyrir þessar miklu framkvæmdir og þá uppbyggingu atvinnulífsins, sem því verða samfara. — Góða nótt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. viðskmrh. flutti hér í kvöld býsna einkennilega ræðu. Hann þóttist hrekja með nokkrum orðum allan málflutning stjórnarandstæðinga, ekki er nú að spyrja að kappanum þeim. Hvað var það svo, sem hv. ráðh. sagði? Hann fullyrti, að kaupmáttur tímakaups verkamanna hefði hækkað á undanförnum árum, og bætti því síðan við, að sannleikskorn væri hins vegar í því, að kaupið hefði hækkað of mikið. Fullyrðingar ráðh. um kaupmátt tímakaupsins eru rangar, sé miðað við hreint, umsamið tímakaup, án þess að reikna sérstaklega inn í kaupið vinnutímastyttinguna. Sá kaupmáttur tímakaups, sem var 100 árið 1959, var aðeins 97.7 árið 1966. Það er svo athyglisverð yfirlýsing ráðh. Alþfl., að kaup verkafólks hafi hækkað of mikið að hans dómi. Það er sem sagt hans skoðun, að kaup, sem nemur um 120 þús. kr. á ári fyrir 8 stunda vinnu alla virka daga ársins, sé of hátt. Hæstv. viðskmrh. tók að sér að verja vaxtaokrið og lánsfjárskortinn. Hann sagði hiklaust, að eðlilegt væri, að vextir væru hærri hér en í öðrum löndum. Hann telur það sem sé eðlilegt, að ísl. útflutningsframleiðsla greiði 10—12% í vexti, þegar t.d. keppinautar okkar í Noregi greiða 3—5% í vexti.

Hæstv. viðskmrh. hefur lengi reynzt lipur í því að verja, hvað sem um hefur verið að ræða, — þannig hefur hann tekið að sér að verja hverja fjarstæðuna af annarri. Hann telur t.d. ekki eftir sér að verja innflutning á dönskum tertubotnum og segir einfaldlega, að þeir þyki góðir; og hví skyldi fólkið ekki mega kaupa góða tertubotna? Hæstv. viðskmrh. telur nauðsynlegt að lækka kaup almennings til þess að draga úr gjaldeyrisnotkun, en hann vill ekki draga úr algerlega óþörfum innflutningi, nema þá að bein framleiðslufyrirtæki eigi í hlut.

Þegar við Alþb.-menn leggjum til, að tekinn verði upp áætlunarbúskapur, þar sem reynt verði að gera sér nokkra grein fyrir því fyrirfram, hvað hagstæðast sé að framkvæma, og til hvers fjármunum þjóðarinnar eigi helzt að verja, er það kallað, að allt eigi að hneppast í fjötra. Áætlunarbúskapur hefur verið stefnumál Alþfl., en nú í íhaldsþjónustunni reynir hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, að sverta þetta stefnumál Alþfl. Það er ljóst af þessum umr., að till. sú, sem við Alþb.-menn og framsóknarmenn fluttum í vetur um lausn verkfallanna miklu, verkfallanna, sem á skullu, vegna þess að ríkisstj. felldi úr lögum vísitölutryggingu á kaup, hefur bögglazt allmjög fyrir þeim ríkisstjórnarmönnum. Nú reyna þeir að afsaka neitun sína á því að ræða till. okkar í alþjóðaráheyrn með því, að það hefði getað tafið fyrir lausn deilunnar, og bera m.a. fyrir sig álit forstjóra Vinnuveitendasambandsins, og, að því er þeir segja, forseta ASÍ. Till. okkar var um það að leysa deiluna tafarlaust á þeim grundvelli, sem þá lá fyrir, að verkalýðssamtökin vildu fallast á. Till. okkar var flutt í nánu samráði við marga helztu forystumenn verkalýðssamtakanna, enda lýsti Eðvarð Sigurðsson, formaður Verkamannasambands Íslands og jafnframt formaður stærsta verkalýðsfélagsins í landinu, því yfir í þessum umr. í gærkvöld, að hann hafi talið þessar umr. sjálfsagðar og æskilegar og tillöguflutningurinn hafi beinlínis flýtt fyrir lausn deilunnar.

Það er athyglisvert, að næstum að segja eina afsökunin, sem allir ráðh. hafa fram að færa, til réttlætingar því, hve hörmulega hefur tekizt til um framkvæmd stjórnarstefnunnar á flestum sviðum er, að á s.l. ári hafi orðið aflabrestur og verðhrun á erlendum mörkuðum. Með þessari skýringu á öll afglöp að réttlæta. Með þessari afsökun er ruglað saman óskyldum hlutum. Fyrir tveimur árum hömruðu þessir sömu ráðh. á því, að sú mikla atvinna, sem var hér á landi þá, vegna mikils fiskafla, og það tiltölulega háa kaup, sem þá fékkst, vegna hins háa verðlags á framleiðslunni, væri að þakka stjórnarstefnunni. Stjórnarstefnan þá átti auðvitað engan þátt í góðærinu, og gjaldeyrissjóðurinn, sem þá varð til, myndaðist vegna góðærisins, vegna hins mikla afla og hins góða verðlags, en ekki vegna stjórnarstefnunnar. Þetta sést bezt nú, þegar gjaldeyrissjóðurinn hrynur niður á einu ári, þrátt fyrir óbreytta stjórnarstefnu, en sem auðvitað er bein afleiðing af minni framleiðsluverðmætum. Stjórnarstefnan hefur auðvitað aldrei ráðið neinu

um fiskirí eða um verðlag á okkar afurðum á erlendum mörkuðum, en stjórnarstefnan hefur ráðið því, að hér eru okurháir vextir hvílandi á okkar framleiðslu. Stjórnarstefnan hefur ráðið því, að lánstími stofnlána hefur verið styttur. Stjórnarstefnan hefur ráðið því, að hér hafa verið lögð á óheyrilega há útflutningsgjöld. Stjórnarstefnan hefur ráðið því, að allt verðlag hér innanlands hefur farið ört hækkandi, vegna hins svo nefnda viðskiptafrelsis, og stjórnarstefnan hefur ráðið því, að við höfum sóað óhæfilegum fjármunum í skipulagslausa fjárfestingu. Það er þessi ranga stefna, sem verður ekki afsökuð með því, að afli hafi minnkað eða verðlag hafi fallið á erlendum mörkuðum.

Í umr. í gærkvöld sagði hæstv. sjútvmrh. að leggja þyrfti ríka áherzlu á það, að vinnufriður gæti haldizt, sérstaklega við framleiðslustörfin. Hann sagði, að vinna yrði að því, að aukið traust milli sjómanna og verkafólks annars vegar gæti skapazt og atvinnurekenda í framleiðslunni. Og hvaða ráð ætlar svo þessi hæstv. ráðh. að hafa til þess að tryggja vinnufrið og skapa hið æskilega og gagnkvæma traust? Jú, hans leið er sú að knýja fram á Alþ. lög um hækkun á útflutningsgjöldum á sjávarafurðum og raska þannig umsömdum launagrundvelli um kjör sjómanna. Ráðh. er einmitt nú þessa dagana að knýja fram beina kauplækkun síldveiðisjómanna með því að lækka síldarverðið, en það verður óhjákvæmileg afleiðing af stórkostlegri hækkun útflutningsgjaldanna. Samtök síldveiðisjómanna hafa harðlega mótmælt þessari lagasetningu og varað við afleiðingum hennar. Ráðh. hlustar ekki á slíkar aðvaranir, en segist hins vegar vænta þess, að vinnufriður haldist og traust fari vaxandi á milli sjómanna og útgerðarmanna. Heldur ráðh. virkilega, að nokkur maður taki svona ræðuhöld alvarlega, þegar þannig er staðið að málum? Hér er á ferðinni sams konar leikur og leikinn var í vetur í málefnum verkafólks. Þá felldi ríkisstj. úr lögum ákvæði um vísitölubindingu á launum og skellti jafnframt yfir stórfelldum verðhækkunum. Síðan þóttist stjórnin alsaklaus og sagði að málið yrði að gerast upp af aðilum á vinnumarkaðinum. Sú ríkisstj., sem þannig hagar sér gagnvart verkafólki og sjómönnum, getur varla búizt við því, að vinnufriður haldist.

Í umr. í gærkvöld vék hæstv. forsrh. nokkuð að byggingarframkvæmdunum í Breiðholti og samningum þeim, sem ríkisstj. gerði við verkalýðsfélögin um þau mál. Hæstv. ráðh. sagði, að ríkisstj. hefði staðið við alla samninga í þessum efnum. Samningar um þessar byggingar voru gerðir í júlí 1965 í lok verkfalls. Loforð ríkisstj. var, að byggðar skyldu, skv. sérstakri áætlun, 250 íbúðir á ári í næstu 5 ár eða alls 1250 íbúðir með mjög hagstæðum kjörum. Nú hefur verið upplýst á Alþ., að enn hafi ekki verið byrjað á nema rúmlega 300 íbúðum, skv. þessari byggingaráætlun, og að ekki verði byrjað á næsta áfanga fyrr en á næsta ári. Ef staðið hefði verið við samkomulagið, hefði átt að vera búið að byggja 750 íbúðir í árslok þessa árs, en ekki 300, svo augljóst er, að því fer víðs fjarri, að staðið hafi verið við samkomulagið, eins og ráðh. þó fullyrti. Þá veit forsrh. vel, að ríkið hefur sáralítið fé lagt fram til þessara bygginga, annað en það, sem tekið hefur verið úr hinu almenna byggingarlánakerfi, en það hefur leitt til þess, að það hefur ekki getað sinnt lánabeiðnum frá hundruðum aðila. Það er því fullkomlega rétt, sem Karl Guðjónsson sagði hér í umr., að ríkisstj. hefur ekki staðið við þann samning, sem hún gerði um þessar byggingarframkvæmdir.

Eldhúsumr. þessum er nú að verða lokið. Þær hafa leitt í ljós á ótvíræðan hátt, að lengur er raunverulega ekki um að tala neina samfellda stefnu ríkisstj. í atvinnu- og efnahagsmálum. Gamla viðreisnarstefnan er að fullu og öllu komin í strand. Enginn treystir sér lengur að halda fram grundvallarkenningum þeirrar stefnu. Allir vita, að enn, eftir 8 ára viðreisn, eru atvinnuvegirnir reknir með miklum styrkjum og útflutningsuppbótum og öðru millifærsluformi. Allir vita, að ekki hefur tekizt að skapa traust verðgildi íslenzkra peninga og að ekki hefur tekizt að koma hér á stöðugu verðlagi. Reynslan hefur sýnt, að frjáls verðlagning leiðir til hækkandi verðlags og aukins milliliðakostnaðar. Reynslan hefur sýnt, að frjáls verðlagning hefur leitt til stórkostlegrar verðmætasóunar og eyðslu. Reynslan hefur sýnt, að skipulagsleysið hefur leitt til óæskilegrar þróunar í uppbyggingu atvinnulífsins og til aukinna erfiðleika fyrir útflutningsframleiðsluna. Í dag, eftir 8 ára viðreisn, stendur sjálf viðreisnarstjórnin gjörsamlega ráðþrota og úrræðalaus gagnvart nýjum og margvíslegum vandamálum atvinnulífsins. Viðbrögð ríkisstj. í atvinnu- og efnahagsmálum á s.l. vetri eru gott dæmi um þetta úrræðaleysi. Í októberbyrjun lagði stjórnin fyrir Alþ. till. sínar um sérstakar efnahagsaðgerðir, til þess, eins og hún sagði þá, að koma í veg fyrir gengislækkun. Áður en þessar till. voru að fullu afgreiddar á þingi, hafði stjórnin lagt fram till. um stórfellda gengislækkun, ekki þó í staðinn fyrir efnahagsráðstafanirnar, heldur til viðbótar við þær. Nokkru eftir, að ákvörðunin um gengislækkunina var ákveðin, lýsti stjórnin því yfir, að hún myndi lækka tolla, sem næmi 250—270 milljónum kr. Hún varð að víkja frá þessu loforði eftir örfáa daga. Þegar gengislækkunin var ákveðin, hélt stjórnin því fram, að með henni skapaðist grundvöllur til þess, að útflutningsframleiðslan yrði rekin án styrkja og uppbóta. Nokkrum vikum síðar varð hún þó að semja um sérstaka styrki til útgerðarinnar, sem nema 320 millj. kr. á ári. Þannig hefur verið hlaupið úr einu í annað, og flestar ráðstafanir stjórnarherranna hafa borið þess glöggt vitni, að þeir vissu harla lítið um ástandið í efnahagsmálunum.

Í febrúarbyrjun flutti ríkisstj. frv. um nokkurn sparnað í ríkisútgjöldunum, og þó var það frv. meir um frestun á ýmiss konar greiðslum skv. fjárl. Þessu

frv. fylgdu þær skýringar, að stjórnin teldi nauðsynlegt að fara þessa leið þrátt fyrir nýlega afgreidd fjárlög, vegna þess að ekki væri tiltækilegt eins og komið væri efnahagsástandi þjóðarinnar að leggja á nýja skatta. Rétt um það leyti, sem þetta frv. ríkisstj. var samþ. á Alþ., lagði hún þó fram annað frv., sem fól í sér nýja skatta, sem nema um 200 millj. kr. á ári og sérstaklega eiga að bitna á umferðinni í landinu. Þannig hefur algert stefnuleysi og fálm einkennt flest viðbrögð ríkisstj. í efnahagsmálum á þessum vetri. Sannleikurinn er sá, að hvorki ríkisstj. né ráðgjafar hennar í efnahagsmálum vita orðið sitt rjúkandi ráð. Ráð þeirra hafa flest reynzt óráð og afleiðingarnar orðið eftir því.

Núv. ríkisstj. hefur lengst af fleytt sér áfram á miklu góðæri. Nú hefur þetta góðæri hins vegar snúizt upp í allmikla erfiðleika. Nú hefur því reynt á stefnu hennar í efnahagsmálum, en reynslan hefur líka orðið mönnum dýrkeypt. Núv. ríkisstj. hefur því glatað trausti þjóðarinnar. Hún á því að víkja sem allra fyrst, ef ekki á illa að fara. — Góða nótt.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. 11. þm. Reykv., Einar Ágústsson, lýsti fagurlega hér í kvöld farsælli forystu vinstri stjórnarinnar sælu í efnahagsmálum. Þá var blómi í búi að áliti hv. þm. En hvers vegna sagði þessi frábæra ríkisstj. þá af sér á miðju kjörtímabili, ef allt var með ágætum í þjóðfélaginu? Það er hin mikla krossgáta enn þann dag í dag.

Hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, sagði í gærkvöld, að hæstv. forsrh. „þyrði ekki" að stuðla að friði í Víetnam. Ég hef alltaf vitað, að Lúðvík Jósefsson hefur mikið álit, og raunar dulda aðdáun, á Bjarna Benediktssyni. Nú er hann nokkurn veginn viss um, að forsrh. gæti komið á friði í Víetnam, ef hann aðeins ærðdi að taka málið í sínar hendur! Það er slæmt fyrir þá Ho-chi-min og Johnson Bandaríkjaforseta, að forsrh. Íslands skuli vera svona hlédrægur. En þrátt fyrir það hafa vonir vaknað um friðsamlega lausn Víetnam-deilunnar, eftir yfirlýsingar Bandaríkjaforseta 31. marz s.l. og jákvæðar undirtektir stjórnar Norður-Víetnam. Þess vegna eru viðhorfin gerbreytt þar eystra frá því, sem var fyrir nokkrum vikum.

Annars verður að segja það, að friðaráhugi Lúðvíks Jósefssonar og hans manna virðist vera meiri nú en árið 1945, þegar þeir vildu, að Ísland segði tveimur stórveldum stríð á hendur. Um þátt hæstv. forsrh. í utanríkismálum má svo hiklaust segja það, að hann hafði farsæla forystu um það á sínum tíma, sem utanrrh., ásamt Ólafi heitnum Thors og í góðri samvinnu við ýmsa leiðtoga Alþfl. og Framsfl., að marka íslenzka utanríkisstefnu, sem lýðræðisflokkarnir þrír hafa síðan framkvæmt, hverjir sem farið hafa með völd í landinu. Var með þeirri samvinnu stigið mikið gæfuspor, sem lýðræðissinnað fólk á Íslandi fagnar og þakkar.

Situr það á hv. 6. þm. Reykv., Magnúsi Kjartanssyni, að tala hér um andlegt ósjálfstæði í utanríkismálum? Hvenær hefur þessi hv. þm. markað sjálfstæða, íslenzka stefnu í þessum þýðingarmiklu málum? Aldrei. Hann hefur alltaf talið það hlutverk sitt og helga skyldu að mæna í austurátt og snúast við minnsta goluþyt úr þeirri átt eins og vindhani á bæjarburst. Hefur hann t.d. mótmælt fangelsun rithöfunda og skálda þar eystra?

Hið mikla skáld og eldhugi í upphafi baráttunnar fyrir hagnýtingu auðlinda Íslands, Einar Benediktsson, komst á einum stað í ljóðum sínum að orði á þessa leið:

„Því dáð hvers eins er öllum góð,
hans auðna félagsgæfa
og markið eitt hjá manni og þjóð,
hvern minnsta kraft að æfa."

Boðskapur skáldsins í þessum ljóðlínum er fyrst og fremst sá, að dugnaður og framtak einstaklingsins sé öllum til gagns. Af því leiðir félagsgæfu, það er allra farsæld. Vonandi greinir okkur ekki á um það, jafnvel hér í reyk eldhúsumr., að þessi boðskapur eigi ekki síður erindi til íslenzkrar þjóðar nú en fyrir 70 árum, þegar stórskáldið felldi hann í rím. Þennan einfalda sannleika er því hollt að hafa í huga, þegar reikningarnir eru gerðir upp við vertíðarlok á Alþ.

Það þing, sem nú er að ljúka störfum, hefur setið rúmlega 5½ mánuð. Löggjafarstörf þess hafa fyrst og fremst mótazt af harðri varnarbaráttu gegn afleiðingum stórfelldra og einstæðra efnahagsáfalla á undanförnu 1½ ári. Ég hika ekki við að fullyrða, að mikill árangur hefur náðst í þessari baráttu, margur vandi er að sjálfsögðu enn óleystur, en með efnahagsaðgerðum ríkisstj. hefur þó tekizt að koma í veg fyrir stöðvun framleiðslutækjanna og bægja frá hættunni á stórfelldu atvinnuleysi og samdrætti í atvinnulífi landsmanna. Fádæma erfitt veðurfar og misjöfn aflabrögð í vetur hafa að vísu skapað ný vandkvæði. En meginmáli skiptir, að ábyrgur þingmeirihl. og ríkisstj. hefur ekki hikað við að snúast gegn erfiðleikunum af festu og raunsæi. Óhætt mun einnig að fullyrða, að mikill meiri hl. þjóðarinnar hafi mætt erfiðleikunum af kjarki og manndómi. Það er auðvitað auðvelt að slá á útlöku- og óánægjustrengi, þegar þrengir í búi hjá öllum almenningi, þótt af óviðráðanlegum orsökum sé. Í allri lífsbaráttu Íslendinga hafa skipzt á skin og skúrir. En þjóðin hefur sigrazt á erfiðleikunum og sótt á ný fram til betra og bjartara lífs. Mun svo enn fara.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa sagt, að auðvelt sé að sigrast á öllum erfiðleikum með því einu að breyta um stefnu. En þeir hafa ekki fengizt til að skýra frá því, í hverju sú stefnubreyting eigi að vera fólgin. Sagði Lúðvík Jósefsson, hv. 4. þm. Austf., frá því hér í ræðu sinni á undan mér? Nei, það varð ekki af því.

Framsóknarmenn segja að vísu, að það eigi að lækka vexti til þess að létta erfiðleika útgerðarinnar. Vitanlega væri það æskilegt. Útgerðin þyrfti á

því að halda. En hver hefur heyrt þess getið, að nokkur þjóð hafi mætt hliðstæðum erfiðleikum og við eigum nú við að etja með vaxtalækkun? Ýmsar af ríkustu þjóðum heimsins hafa hins vegar verið að hækka vexti undanfarið í baráttunni við verðbólgu og erfiðleika í peningamálum. Flestum Íslendingum mun enn í fersku minni, hvernig vinstri stjórnin sáluga framkvæmdi þá „stefnubreytingu", sem hún hafði lofað á sínum tíma. Hún átti engin önnur ráð en „gömlu íhaldsúrræðin", eins og einn ráðh. hennar kallaði það. Hún lét sig meira að segja ekki muna um það að taka af launþegum aftur launahækkun, sem knúð hafði verið fram fyrir valdatöku hennar. Hún lagði á hærri opinberar álögur en nokkur ríkisstj. hefur nokkru sinni gert fyrr eða síðar og gafst síðan upp fyrir þeirri óðaverðbólgu, sem skapazt hafði á hinu stutta valdatímabili hennar. Þessu mundi hv. þm. Þórarinn Þórarinsson ekki eftir hér áðan, þegar hann ræddi um skattamálin.

Núv. hæstv. ríkisstj. hefur mætt vandanum, en ekki hlaupizt frá honum. Hún hefur sagt þjóðinni sannleikann um eðli vandamálanna, en ekki reynt að dylja hann. Hún hefur sagt fólkinu hreinskilnislega, að kjaraskerðing væri óhjákvæmileg í bili vegna stórfellds afurðaverðfalls og erfiðleika bjargræðisveganna.

Þetta skilur allur almenningur í landinu. Vitanlega fagnar enginn kjaraskerðingu. Margir þurfa þvert á móti að bæta hag sinn. Eitt af höfuðverkefnum í íslenzkum efnahagsmálum á næstu árum hlýtur þess vegna að verða að finna nýjar leiðir til þess að tryggja og bæta aðstöðu hinna lægst launuðu.

Ég sagði áðan, að varnarbaráttan gegn efnahagserfiðleikunum hefði mótað svip þessa þings. En annað höfuðeinkenni þess hefur verið viðleitni hv. stjórnarandstæðinga til þess að sniðganga úrslit alþingiskosninganna í fyrrasumar. Framsfl. og Alþb. hafa gert hverja stórárásina á fætur annarri á ríkisstj. til þess að torvelda störf hennar og freista þess að koma henni frá völdum. Stjórnarandstæðingar hafa ekki viljað una dómi þjóðarinnar, sem kveðinn var upp í frjálsum og lýðræðislegum kosningum. Þeir geta að sjálfsögðu ekki afneitað þeirri staðreynd, að ríkisstj. hlaut verulegan meiri hl. meðal þjóðarinnar og hefur starfhæfan meiri hl. á Alþ. Engu að síður töldu leiðtogar Framsfl. og Alþb., sem undir urðu í kosningunum, að þeirra augnablik væri nú runnið upp, ef þeim aðeins tækist að gera ríkisstj. ókleift að ráða fram úr aðsteðjandi vandamálum. Þetta atferli hv. stjórnarandstæðinga hefur verið ljótur leikur og ekki ýkja lýðræðislegur. Mér hefur alltaf fundizt það til fyrirmyndar hjá Bretum og fleiri lýðræðisþjóðum að launa leiðtoga stærsta stjórnarandstöðuflokksins eins og ráðh. Hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, hefur nýlega stungið upp á því, að svipaður háttur verði upp tekinn hér á landi. Er það til athugunar. Vafalaust brestur þó ýmsa trú á það, að þessi fyrrv. form. Framsfl. hefði gengið frekar fram í lýðræðislegum þroska og ábyrgðartilfinningu, þótt þannig hefði verið við hann gert á þeim tveimur kjörtímabilum, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur farið með völd. Ég held líka, að það sé mjög hæpið að ákveða það í eitt sinn fyrir öll, að Alþ. skuli að jafnaði sitja í 8 mánuði á ári eins og hv. fyrrv. formaður Framsfl. stakk upp á í annars athyglisverðri þingræðu fyrir skömmu. Mestu máli skiptir, að skaplega sé séð fyrir starfsaðstöðu Alþ., þannig að það geti lokið störfum sínum á hæfilegum tíma við venjulegar aðstæður.

Ekkert er eðlilegra en að þessar umr. hafa að verulegu leyti snúizt um starf og stefnu ríkisstj. og viðbrögð hennar við aðsteðjandi vandamálum. En hitt er einnig nauðsynlegt, að horft sé fram á veginn og reynt að gera sér grein fyrir helztu verkefnum íslenzkra stjórnmála á næstu árum. Engum Íslendingi kemur til hugar að leggja árar í bát, þótt þunglega hafi blásið um skeið. Mestu máli skiptir, að menn glúpni ekki fyrir erfiðleikunum, heldur ráðist gegn þeim. Það hefur hæstv. ríkisstj. gert. En að sjálfsögðu er ekki unnt að gera allt í einu. Hins vegar er nauðsynlegt að marka raunhæfa og víðsýna stefnu í helztu hagsmunamálum þjóðarinnar.

Meðal stærstu verkefna, sem fram undan eru, er áframhaldandi uppbygging bjargræðisveganna og efling einstaklings- og félagsframtaks. Grundvöllur íslenzks atvinnulífs er enn mikils til of óstraustur. Hallarekstur er uggvænlega áberandi og fyrirtækjum einstaklinga og félaga hefur ekki tekizt að treysta nægjanlega fjárhagsgrundvöll sinn til þess að geta byggt upp atvinnutækin og skapað almenningi þar með nauðsynlegt atvinnuöryggi. Útflutningsframleiðsla okkar er of einhæf og háð verðsveiflum á heimsmörkuðum. Þess vegna ríður okkur lífið á að gera atvinnuvegi okkar fjölbreyttari. En höfuðverkefnið er að bæta aðstöðu sjávarútvegsins, sem verður enn um langt skeið aðalbjargræðisvegur okkar og gjaldeyrislind. Þess vegna verður nú að leggja höfuðáherzlu á hagræðingu í íslenzkum fiskiðnaði og fullvinnslu hér heima á íslenzkum sjávarafurðum. Við verðum að taka hin hagnýtu vísindi og tækni í vaxandi mæli í þágu atvinnulífs okkar. Uppbygging nýrra stóriðjufyrirtækja í öllum landshlutum ásamt nýjum raforkuverum og bættum vegum er aðkallandi nauðsyn. Andstaða hv. stjórnarandstæðinga gegn hagnýtingu erlends fjármagns til uppbyggingar stóriðju í landinu sýnir óskaplega skammsýni og raunar svartasta afturhald. Þá ber og brýna nauðsyn til þess að efla Atvinnujöfnunarsjóð og ljúka hið fyrsta gerð þeirra landshlutaáætlana, sem í undirbúningi eru og átt geta mikinn þátt í sköpun aukins jafnvægis í efnahags- og menningarlífi þjóðarinnar. Hefur núv. ríkisstj. haft merka forystu og frumkvæði í þeim efnum. Efling verzlunarflota okkar og alþjóðlegrar flugþjónustu er einnig þýðingarmikið verkefni. Er þjóðin þegar farin að hafa verulegar gjaldeyristekjur af flutningastarfsemi fyrir aðrar þjóðir. Á því sviði gætum við margt lært af frændum okkar, Norðmönnum, sem eiga einn

stærsta verzlunarflota heims, er dregur gífurlegar gjaldeyristekjur í þjóðarbú þeirra.

Á sviði flugmála hafa íslenzku flugfélögin þegar lyft Grettistaki. Nátengdar siglingum og flugsamgöngum eru heimsóknir erlendra ferðamanna til Íslands. Eru gjaldeyristekjur af þeim nú orðnar um 130 millj. kr. á ári. En þessar tekjur er hægt að margfalda og byggja jafnframt upp atvinnuvegi í landinu, sem skapað geta fjölda fólks arðvænlega atvinnu. Einnig í þessum efnum getum við litið til Norðmanna. Til Noregs koma um 3—4 millj. erlendra ferðamanna á ári hverju. En við verðum að gera okkur það ljóst, að erlendir ferðamenn heimsækja ekkert land í góðgerðaskyni. Af þeim er því aðeins hægt að hafa tekjur, að skapleg aðstaða sé til þess að taka á móti þeim, ekki aðeins í höfuðborginni, heldur víðs vegar um okkar fagra og svipmikla land.

Kjarni málsins er sá, að við getum ekki tryggt þessari örfámennu þjóð afkomuöryggi nema með því að gera atvinnuvegi okkar fjölbreyttari. Við verðum einnig að taka þátt í alþjóðlegri efnahagssamvinnu með einum eða öðrum hætti. Ella er stórkostleg hætta á því, að við einangrumst viðskiptalega og bjargræðisvegir okkar bíði við það stjórtjón. Í þessu sambandi ber einnig að minna á það, að nauðsyn ber til þess, að við miðum utanríkisþjónustu okkar meira við þarfir útflutningsatvinnuveganna en við höfum gert til þessa. Einskis má láta ófreistað til þess að afla íslenzkum afurðum nýrra markaða.

Fræðslulöggjöf okkar verðum við að endurskoða og samhæfa hana sem bezt kröfum hins nýja tíma. Skólalöggjöf okkar er að ýmsu leyti úrelt. Á það hefur verið bent með gildum rökum af hinum fróðustu mönnum. Við megum ekki hika við að gera nauðsynlegar breytingar á landsprófi og gera aðrar ráðstafanir til þess að hleypa nýju lífi í hinn íslenzka skóla, allt frá barnaskóla til háskóla. Stofnun menntaskóla fyrir vestan og austan, sem lög hafa verið sett um fyrir frumkvæði núv. ríkisstj. og fé veitt til, má ekki dragast lengi.

Við eigum í dag heilbrigðari og glæsilegri æsku en nokkru sinni fyrr. Miklu fé hefur verið varið til uppbyggingar nýrra skóla og menningarstofnana. Engu að síður brestur mikið á, að nægilega hafi verið gert í þessum efnum. Æskan er fjöregg þessarar þjóðar. Hún er ókomna tímans von. Og íslenzk æska er dugleg að læra og dugleg að vinna. Hana má ekki bresta verkefni. Við höfum ekki efni á því að missa einn einasta æskumann til langdvalar í framandi löndum. Mitt í þrasi okkar um dægurmálin hér á hv. Alþ. megum við ekki missa sjónar á því, að með nýrri kynslóð er að renna upp nýr tími í landi okkar. Það er tími mikilla möguleika og fyrirheita, ef rétt er á haldið.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Að lokum þetta: Sættir vinnu og fjármagns, verkalýðs og vinnuveitenda er eitt af frumskilyrðum þess, að okkur takist að hagnýta starfskrafta þessarar athafnasömu og framsæknu þjóðar. Við erum þegar svo vel á veg komnir með jöfnun lífskjara og sköpun félagslegs öryggis, að verkföll eða verkbönn eru að verða úrelt tæki í kjarabaráttu fólksins. Engum kemur þó til hugar að hagga við hinum svokallaða verkfallsrétti. En óhjákvæmilegt er að gera ráðstafanir til þess að vernda samfélagið gegn ábyrgðarlausum átökum, sem engra kjör geta bætt, en þvert á móti valdið gífurlegu tjóni, sem oft bitnar harðast á þeim, sem sízt mega við því. Með bættri sambúð verkalýðs og vinnuveitenda hlýtur hættan á pólitískri misnotkun almenningssamtaka einnig að þverra.

Við sjálfstæðismenn höfum á liðnum tíma bent á ýmsar leiðir, sem stuðlað gætu að sáttum vinnu og fjármagns, þ. á m. arðskipti og hlutdeildafyrirkomulag í atvinnurekstri, stofnun almenningshlutafélaga og nánari samvinnu fulltrúa hinna ýmsu stétta um upplýsingastarfsemi og kjararannsóknir. Takmarkið með öllum þessum ráðstöfunum á að vera sú „félagsgæfa“, sem aðeins getur skapazt í skjóli frjálsra og dugmikilla einstaklinga. Það þýðir ekki frelsi til þess að kúga þann minni máttar, heldur til hins að auðjafna upp á við og skapa farsæla og hamingjusama íslenzka þjóð í rúmgóðu og réttlátu þjóðfélagi. — Lifið heil. Góða nótt.

II. Framkvæmd vegáætlunar 1967.

Á 30. fundi í Sþ., 26. jan., var tekin á dagskrá:
Skýrsla samgmrh. um framkvæmd vegáætlunar 1967 (A. 197).

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Skýrsla sú, sem hér um ræðir, var lögð fram áður en þingi var frestað fyrir jól. Í vegalögunum er gert ráð fyrir, að skýrslan sé rædd fyrir árslok og lögð fram það snemma á haustinu, að til þess gefist tími. Mér finnst þetta vera nokkur galli á vegalögunum, því vitanlega er ekki hægt að gefa tæmandi skýrslu um vegaframkvæmdir á liðnu ári fyrr en í árslok, og það kemur fram í þessari skýrslu, að árið var ekki að fullu liðið, þegar skýrslan var samin, og þess vegna eru nokkrir liðir á skýrslunni byggðir á áætlunum, og enn hefur Vegagerðin núna í janúarmán. ekki lokið uppgjöri eða reikningum um framkvæmdir liðins árs, sem ekki er von til. En skýrsla þessi hefur legið á borðum hv. þm. og er eins ýtarleg og unnt var að hafa hana miðað við þann tíma, sem hún var samin, og gefur skýrslan ýtarlegt yfirlit yfir framkvæmdir í vegamálum á s. l. ári.

Á skýrslunni má sjá, að við vegáætlunina hefur verið staðið um allar framkvæmdir, og framkvæmdir á árinu 1967 hafa verið með meira móti. Það er eins og kunnugt er gert ráð fyrir því, að samin verði ný vegáætlun á næsta þingi, næsta hausti, sem verði tilbúin fyrir árslok þ. á., ef mögu-

legt er, eða þá í síðasta lagi á fyrstu mánuðum ársins 1969. Gildandi vegáætlun var endurskoðuð, eins og heimild er til, á síðasta þingi, og er því unnið eftir endurskoðaðri áætlun á árinu 1967 og 1968. Það var gert ráð fyrir því, að nokkur afgangur yrði til ráðstöfunar tekna á árinu 1967, eða 18,2 millj. kr., en þetta reyndist vera minna, eða aðeins um 11 millj. kr. Heildarútgjöld Vegasjóðs urðu nokkru meiri heldur en gert var ráð fyrir, sem liggur eingöngu í því, að vegaviðhaldið var meira. Þá var meira fé varið til snjómoksturs heldur en gert var ráð fyrir, og það urðu ýmis spjöll af náttúruvöldum, sem var ófyrirséð, en sem varð að bæta úr. Þess vegna hefur orðið á árinu 1967 nokkur umframeyðsla, eins og segir í skýrslunni á bls. 2. S.l. vetur var óvenju snjóþungur um allt land og varð þess vegna að eyða meiru í snjómokstur heldur en gert var ráð fyrir. Þá segir hér einnig frá því, að stórfelldar skemmdir hafi orðið á vegum og brúm vegna vatnavaxta í janúar 1967, eins og greint hefur verið frá, og þess vegna var umframeyðsla, sem nemur um 4 millj. kr., — eingöngu þess vegna. Það segir hér í skýrslunni, að það hafi valdið nokkrum erfiðleikum, að þegar vegáætlunin var endurskoðuð, þá hafi ekki verið reiknað með hækkuðum kostnaði vegna hækkaðrar vísitölu úr 185 stigum í 188 eins og hún var á s.l. ári. Nokkrum erfiðleikum, en þó ekki þeim, að ekki væri mögulegt að standa við áætlunina. En verðbreytingar á s. l. ári urðu vitanlega minni fyrir það, að verðstöðvunin var, og kom það til bjargar þeirri vísitöluhækkun, sem varð í nóv. 1966 til marz 1967. Það hefur farið fram umferðartalning á vegum á árinu og sýnir hún eðlilega aukna umferð, þar sem bílunum er stöðugt að fjölga, en mest er umferðaraukningin á vegunum hér út frá Reykjavík, á Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi.

Þá er hér yfirlit um innheimtu tekna og greiðsluyfirlit. Eins og sjá má í greinargerð um tekjuáætlun Vegasjóðs af benzínskatti fyrir yfirstandandi ár er benzínsala á tekjuáætlun nóv. — okt. áætluð 71 millj. lítra, og er það 2,8% aukning frá árinu á undan. Á tímabilinu nóv. 1966 til sept.-loka 1967 hefur benzínsala aukizt um 3 millj. lítra, eða 4,7% miðað við sama tímabil áður. Þar sem hér er um að ræða 11 af 12 tekjumánuðum Vegasjóðs af benzínsölu, má gera ráð fyrir, að heildartekjur af benzínskatti á árinu verði um 4 millj. kr. hærri en áætlað var. Þetta er sagt í okt. eða byrjun nóv., þegar þessi skýrsla er samin, en heildarniðurstöður hef ég ekki enn, en vegamálastjóri hefur sagt mér, að tekjur af benzíninu hafi orðið nokkru meiri heldur en hér var áætlað. Eins og ég minntist á áðan, þá voru eftirstöðvar tekna frá fyrra ári 11,2 millj. í staðinn fyrir 18,2 millj., af ástæðum, sem ég áðan minntist á. Þá segir hér á bls. 3, að samkv. framansögðu megi búast við, að innheimta tekna verði eins og þar segir: Áætlaðar tekjur af benzínskatti 239,4 millj., en samkv. áætlun var gert ráð fyrir, að þær yrðu 243,4, en verða sennilega 246 millj. Þungaskattur var áætlaður 70,5 millj., en var áætlaður á s.l. hausti 72,1, gæti orðið aðeins meiri. Gúmmígjald var áætlað 13,2, en var áætlað á s.l. hausti, að yrði ekki nema 11,5, en sennilega verður það um 12 millj. Ríkisframlag 27 millj. áætlað og varð það í reynd, en eftirstöðvar tekna voru áætlaðar 18,2, urðu 11,2. Niðurstaðan er því sú samkv. þessari áætlun, að innheimtar tekjur væru aðeins 365,2 millj. í staðinn fyrir 368,3, en eftir því sem vegamálastjóri heldur fram nú, þá munu þessar tekjur standast nokkurn veginn áætlun, kannske ríflega það. Það er ekki það, sem skiptir miklu máli, því að í sambandi við þessa áætlun þá var ekki um svo stóra fjárhæð hér að ræða, en það er samandregið hér á sömu bls.: Útgjöld áætluð 368,3 millj., kostnaður við vegaviðhald umfram áætlun var 5 millj., halli á Reykjanesbraut vegna gengisbreytingar áætlaður 2,7 millj., umframgreiðslur vegna smábrúa 0,5 millj. Þetta gerir 376,5 millj. í áætluð útgjöld samkv. áætlun vegamálastjóra. Svo segir enn fremur: Þar sem horfur eru á, að tekjur Vegasjóðs verði ekki nema 365,2 millj. kr. á árinu, má gera ráð fyrir, að greiðsluhalli Vegasjóðs verði 11,3, en eins og áður segir þá munu þær verða nokkru minni en áætlað var hér á s.l. hausti í okt.—nóv.

Þá kemur hér yfirlit um föst lán til vegaframkvæmda. Með heimild í 3. kafla vegáætlana 1967 hefur rn. í samráði við framkvæmdaáætlun ríkisstj. og Vestfjarðaáætlun aflað fastra lána til lagningar nokkurra þeirra vega, sem tilgreindir eru í 3. kafla vegáætlunar í ár. Til einstæðra vegaflokka nema lán þessi eftirtöldum upphæðum: Hraðbrautir 24,2 millj., þjóðbrautir 30,4 millj. og landsbrautir 3 millj. Þetta eru samtals 57,6 millj. kr. lán, sem eru tekin á árinu. En það væri eðlilegt að gefa skýringar á því, til hvaða vega þessi lán hafa farið. Það er þá fyrst að nefna Reykjanesbraut 24,2 millj. Þetta lán hefur að nokkru farið til vaxta og afborgana og að nokkru til framkvæmda á veginum fyrir ofan Hafnarfjörð, sem var malbikaður og lokið var við að fullgera á s. l. ári. Einnig var lokið við að fullgera tengingu frá Njarðvíkum að vegarendanum á s.l. ári, en til þess að standa í skilum með eldri lán voru einnig tekin meiri lán til vegarins, og þau nema alls 24,2 millj. Þá eru það þjóðbrautir: Það er Siglufjarðarvegur 17,5 millj., Múlavegur 2,4, Suðurfjarðavegur um Vattarnes 3,7, Vestfjarðavegur á Breiðadalsheiði 5,7, Vestfjarðavegur sunnan Þingmannaheiðar 1,1; samtals 30,4. Landsbrautir: Heydalsvegur 0,2, Djúpvegur 0,8, Bolungarvíkurvegur 3 millj.; 57,6 millj.

Þá er eðlilegt, að þm. vildu vita um skiptingu heildarlána eins og þau voru í árslok 1967 til vegaframkvæmda. Það er þá fyrst hraðbrautir: Reykjanesbraut 231,6 millj., sem hvílir á þeim vegi. Austurvegur 4,9 millj.; samtals 236,5 millj. Þjóðbrautir: Siglufjarðarvegur 51 millj., Múlavegur 11,3 millj., Ólafsvíkurvegur 4,5 millj., Suðurfjarðavegur um Vattarnes 6,5 millj., Vestfjarðavegur á Breiðadalsheiði 10,2 millj., Vestfjarðavegur sunnan Þingmannaheiðar 2,4 millj.; samtals 85,9

millj. Landsbrautir: Heydalsvegur 1,1 millj., Örlygshafnarvegur 0,5, Rauðasandsvegur 0,2, Bíldudalsvegur 3,4, Flateyrarvegur 0,5, Bolungarvíkurvegur 4,1, Djúpvegur 2,8; samtals 12,6 millj. En föstu lánin eru samtals 335 millj., þar af eru Austurvegur og Reykjanesbraut með 236 millj. og Siglufjarðarvegur með 51 millj., og svo er Vestfjarðaáætlunin með talsverðan hluta af þessu, þannig að Reykjanesbraut, Vestfjarðaáætlun og Siglufjarðarvegur eru með mestan hluta af þessum lánum.

En svo eru það bráðabirgðalán til vegaframkvæmda, sem tekin hafa verið eftir óskum sveitarfélaga og sýslufél. á s. l. ári. Það hefur verið gert að þessu sinni, eins og oftast áður, en aðeins með því skilyrði, að það væri á vegáætlun næsta árs fé til þess að greiða þetta bráðabirgðalán. Lán í þessu skyni eru aðeins lægri 1967 heldur en 1966 og hafa farið nokkuð minnkandi síðustu árin. Ég minntist áðan á skemmdir vegna vatnavaxta í janúar 1967, en geta má þess, að þessi stórflóð voru á Suður-, Vestur- og Norðurlandi og tjón af þessum skemmdum við endurskoðun í marz var lauslega áætlað um 4 millj., og mun láta nærri, að kostnaður við viðgerðirnar hafi numið þeirri upphæð.

Þá er hér talað um vegamerkingar skv. umferðarlögunum, að fjárveiting til þess hafi verið 1,2 millj. kr., og var sú fjárveiting vitanlega notuð, en þó hefði kannske mátt gera nokkuð meira af því, en vegna H-nefndar og hægrihandarumferðar, sem tekur gildi næsta ár, þá er gert nokkuð minna af þessu nú heldur en áður, að öðru leyti en því, sem passaði við hægrihandarumferðina.

Það er rétt að minnast aðeins á, hvað hefur verið aðallega gert í hraðbrautum á árinu. Það er Reykjanesbraut við Breiðholt, hér var verið að ræða áðan um byggingarframkvæmdir í Breiðholti, en Reykjanesbraut við Breiðholt liggur frá Elliðaánum út á Reykjanesbraut og telst þess vegna til þjóðvegakerfisins, en ekki til gatna innan bæjarins, og í framkvæmdaáætlun ríkisstj. á árinu 1967 voru áætlaðar 8 millj. kr. í þessu skyni. Ekki mun nú hafa verið unnið fyrir alla þá upphæð, en þegar þessi vegur er kominn, þá léttir hann ákaflega mikið á umferðinni um Hafnarfjarðarveg og Kópavog. Þá er það Þrengslavegur, þar var jú unnið nokkuð og borið ofan í veginn, en hluti af fjárveitingunni var notaður til almennra vegaframkvæmda; 3,2 millj. kr. Þá er það undirbúningur hraðbrautaframkvæmda. Það er eins og kunnugt er starfandi hraðbrautanefnd. Í þeirri n. eiga sæti 4 menn, þ.e. ráðuneytisstjórinn í samgmrn., Jónas Haralz forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og vegamálastjóri. Í samráði við þessa menn hefur rn. gert áætlun um undirbúning að hraðbrautagerð. Kostnaður við þennan undirbúning var á s. l. ári um 7 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir að verja allt að 20 millj. kr. til undirbúnings hraðbrauta á þessu ári, og er þá miðað við það, að undirbúningi verði komið það langt, að unnt verði að bjóða út ákveðin verk, ákveðna áfanga í hraðbrautum, í árslok eða byrjun næsta árs, miðað við það, að hefjast mætti handa um lagningu hraðbrauta á næsta ári. Það munu ýmis segja: Þetta er mikið fé að eyða 7 millj. kr. á s. l. ári og ætla sér að verja allt að 20 millj. kr. á þessu ári í þessu skyni. En undirbúningur að þessu er umfangsmikill, og til þess að þetta sé hægt að gera, þurfa margir sérfræðingar að koma við sögu, og þetta verður svona dýrt. Ég hygg að allir hv. alþm. séu samþykkir því, að þessi undirbúningur sé hafinn, sem sé forsenda þess, að byrjað verði á því að gera hraðbrautir með varanlegu slitlagi í landinu.

Í sambandi við hraðbrautaáætlunina, þá segir hér í skýrslunni, að það hafi verið gerð frumáætlun fyrir kaflann Elliðaár — Korpúlfsstaðaá — Leirvogur. Til undirbúnings lokaáætlunar hefur verið gerð jarðvegskönnun á báðum þessum köflum, svo og grunnmælingar allar, og lokið er gerð loftmyndakorta af fyrri kaflanum. Á Suðurlandsvegi hefur verið gerð frumáætlun um kaflann Lækjarbotnar — Svínahraun, og verið er að hefja gerð frumáætlunar um kaflann Blesugróf — Rauðhólar. Til undirbúnings frekari áætlunargerð hefur verið gerð jarðvegskönnun frá Blesugróf um Hellisheiði að Selfossi. Grunnmælingar hafa verið gerðar á allri þessari leið, og gerð loftmyndakorta átti að hefjast um áramót. Þá segir hér einnig, að verið sé að vinna að gerð frumáætlunar um kaflann Miklabraut — Breiðholt og Breiðholt — Fífuhvammur, jarðvegskönnun verið gerð á þeim kafla og sömuleiðis frummælingar og gerð loftmyndakorta af sama kafla langt komin. Hafnarfjarðarvegur: Gerð frumáætlun fyrir kaflann Hlíðarvegur í Kópavogi — Engidalur og gert ráð fyrir, að því yrði lokið um síðustu áramót. Jarðvegskönnun og grunnmælingar er lokið við að gera, og verið er að vinna að gerð loftmyndakorta, þannig að sjá má, að byrjað er á ýmsu í samb. við þetta, þó að því sé ekki lokið.

Svo er hér í þessari skýrslu gerð ýtarleg grein fyrir því, hvað unnið hefur verið við þjóðbrautir, og vegirnir nefndir með nöfnum.

Í sambandi við stórframkvæmdir á þjóðbrautum mun rétt að geta þess, að Siglufjarðarvegi og Strákagöngum var lokið á árinu, eins og kunnugt er, og sá vegur tekinn í notkun. Fjárveiting til vegarins á s.l. ári var 4.5 millj. Framkvæmdalán var tekið 17.5 millj. Til afborgana af lánum fóru 3 millj. kr. Þá er getið hér um það, að jarðgöngin hafi verið fóðruð og styrkt á 240 m kafla og gólf steypt í þau. Hins vegar hefur það komið fram, og ýmsir talið nauðsynlegt, að styrkja þurfi göngin öll, loftið, vegna þess að nokkur hætta geti stafað af grjóthruni. Það eru vitanlega verkfræðingarnir og vegamálastjóri, sem gera tillögur um það, ef nauðsyn ber til, en því mun auðvitað fylgja nokkur aukinn kostnaður, a. m. k. 1 til 2 millj. á áætlun, en í það dugar ekki að horfa, ef það er álitið nauðsynlegt. Þetta verk er merkilegt að mörgu leyti, og fyrstu jarðgöngin, sem hér hafa verið gerð, og má

segja, að það hafi gengið vel að vinna þetta og lofi góðu um það, að hér á landi megi fleiri jarðgöng koma, þegar tímar líða og fé er til þess og ástæður fyrir hendi.

Þá er getið um það, að við girðingar og uppgræðslu með vegum hafi verið unnið, eins og efni stóðu til og veitt var fé til. Fjárveitingin var 3 millj. 176 þús. Þessi uppgræðsla er nauðsynleg, en það er stutt síðan farið var að veita fé í þessu skyni, og það verð ég að segja, að það er ákaflega mikill munur að sjá það, þegar sáð hefur verið í sárin meðfram vegunum og þau grædd upp, miðað við það sem áður var, þegar allt var skilið eftir í moldarflagi, og var stundum upphaf að frekari uppblæstri, auk þess sem það er mjög ljótt fyrir augað.

Þá er hér skýrt frá, hvernig farið hefur verið með reiðvegi, hverju varið hefur verið til ferjuhalds, og skýrir það sig sjálft.

Á s.l. ári voru gerðar 5 stórbrýr, sem eru mikil mannvirki hver fyrir sig. Þær eru: brúin á Jökulsá á Breiðamerkursandi, brúin hjá Spóastöðum í Biskupstungum, brú á Fnjóská við Hrísgerði, brú á Eldvatn hjá Ásum og á Jökulsá á Sólheimasandi. Þessar brýr munu vera um 450 m, mig vantar lengdina á einni brúnni, en þær munu vera 450—460 m þessar 5 stórbrýr. Þá eru brýr lengri en 10 m, 9 að tölu, og smábrýr 24. Þannig að við brúargerð hefur verið unnið á s.l. ári meira en oftast áður.

Þá er það til sýsluvegasjóða. Eins og sjá má hafa sýsluvegirnir fengið meira fé til ráðstöfunar síðan nýju vegal. voru sett, heldur en áður var, og er stundum sagt, að sýsluvegirnir hafi nú í mörgum tilfellum orðið betri en ýmsir þjóðvegir, vegna þess að þeir hafa tiltölulega meira fjármagn, og út af fyrir sig er ekki nema gott um það að segja, en vitanlega verður þá að viðurkenna um leið, að það væri æskilegt, að hægt væri að gera eins vel eða jafnvel enn betur við landsbrautirnar og ýmsa þjóðvegi.

Þá er til vega í kaupstöðum og kauptúnum framlag samkvæmt 32. gr. vegalaga, þ.e. 12½% af áætluðum heildartekjum Vegasjóðs 1967, sem voru áætlaðar 315.1 millj., þetta gerir 43 millj. 762 þús., og hefur það vitanlega haft mikla þýðingu fyrir kaupstaði og kauptún að fá þetta fjármagn, og í ýmsum kauptúnum hafa verið malbikaðar götur einmitt vegna þess, að framlag fékkst úr Vegasjóði til þess, en það eru vitanlega öll kauptún, sem leggja áherzlu á það að bæta göturnar og losna við moldarvegi og bleytupolla, sem einkennt hafa margar götur í kauptúnum fram að þessu.

Áherzla hefur verið lögð á það að endurnýja vélakost Vegagerðarinnar, eftir því sem mögulegt hefur verið, og hafa verið keyptar vélar á árinu fyrir 12 millj. kr., 2 millj. hafa verið lagðar í byggingu áhaldahúss og í bókasafn verkamanna 30 þús. kr. Enda þótt nú síðari ár hafi nokkuð verið bætt úr vélakosti Vegagerðarinnar, þær endurnýjaðar og auknar, þá er það alveg ljóst, að það þyrfti að gera stærra átak í þessum efnum. Enn er Vegagerðin með ýmsar gamlar vélar, sem bezt væri að taka úr notkun, og losa sig þannig við viðgerðakostnað, og enn þyrfti meiri fjölbreytni í vélakosti heldur en enn hefur verið fært að gera. En þetta stendur vonandi allt til bóta.

Tilraunir hafa verið gerðar með því að reyna ódýrt slitlag úr asfalti, og hafa ýmsir vegfarendur tekið eftir því, að slitlag var lagt úr asfaltblöndu á 0,3 km kafla á Suðurlandsvegi í Svínahrauni til samanburðar við olíumalarkafla, sem lagður var þar 1966. Sams konar slitlag var lagt á 1.2 km kafla á Suðurlandsvegi austan við Selfoss, og 400 m kafla á Álftanesvegi. Tæknifræðingar Vegagerðarinnar fóru stutta ferð til Skotlands til þess að kynna sér slitlagagerð þessa. Kostnaður við þessa framkvæmd er áætlaður 1 millj. 850 þús. Það er stutt síðan farið var að gera þessar tilraunir, og ég býst við, að það sé of snemmt að fullyrða um árangur af þeim, en ýmsir eru undrandi á því, hvað kaflinn í Svínahrauni, sem olíumöl var sett á 1966, hefur staðið sig vel í þeirri miklu umferð, sem þar er. Það er líka mál, að undirbyggingin á Svínahraunsveginum er eins góð og vera má og traust, og það er náttúrlega höfuðskilyrðið til þess að slitlagið þoli vel, að undirbyggingin sé góð, en sérfræðingar halda því fram, að þrátt fyrir þetta, sem sýnist lofa góðu í Svínahrauni, þá geti það ekki staðizt, að olíumöl nægi á Vesturlandsvegi eða á Suðurlandsvegi, til þess sé umferðin of mikil. Olíumölin geti gagnað, þar sem dagleg umferð er ekki yfir 500 bílar, eins og í Svíþjóð, þeir nota olíumöl á ýmsa hliðarvegi, sem ekki eru fjölfarnir, með góðum árangri. En hér á Vesturlandsvegi og Suðurlandsvegi er of mikil umferð, til þess að olíumölin geti dugað, að því að sérfróðir menn fullyrða. Mér sýnist, að aðrar asfaltblöndurnar, sem hafa verið settar á vegi, bæði í Svínahrauni og eins fyrir austan Selfoss, reynist miklu verr heldur en olíumölin, þannig að það sé nú nokkurn veginn ljóst, að á þessum fjölförnu vegum sé tæpast um annað að ræða en steinsteypt lag eða þá fullkomið asfaltlag. Þá hefur Vegagerðin haft með höndum nokkrar rannsóknir á möl til mannvirkjagerðar og rannsóknir á burðarþoli vega.

Ég gat um það áðan, að það hafi verið byggðar nokkuð margar brýr, og ég sé, að ég hef hérna yfirlit nokkuð sundurliðað um vega- og brúarframkvæmdir á s. l. ári. Það er hér í sambandi við hraðbrautir: Undirbyggðir vegir 0.9 km — það þykir víst ekki mikið — og lagt slitlag á 0.9 km, það er á Reykjanesbrautinni. Þjóðbrautir: Undirbyggðir vegir 51.3 km, lagt slitlag á 54.3 km. Stórbýr: 2 brýr, 209 m, brýr 10 m og lengri á þjóðbrautum eru 4, samtals 52 m, og smábrýr á þjóðbrautum 5, samtals 25 m. Landsbrautir: Undirbyggðir vegir 57 km, lagt slitlag á 64 km. Stórbrýr á landsbrautum eru 2, samtals 174 m; brýr 10 m og lengri á landsbrautum eru 3, samtals 64 m; smábrýr 14, samtals 83 m. Á sýsluvegum: Brýr 10 m og lengri eru 2, samtals 62 m; 5 smábrýr, 30 m. Þá er hér einnig tekið saman um lengd akfærra þjóðvega, að í gildandi vegáætlun eru þjóðvegir taldir alls 9381.5 km, en í árslok 1967 hafi verið akfærir 8907 km. Vitan-

lega eru stórir kaflar af þessum vegum, sem eru taldir akfærir, en ekki eru akfærir nema kannske nokkra mánuði á árinu, vegna þess að þeir hafa ekki verið uppbyggðir eins og vera ber, en það er samt talið akfært, ef vegurinn er nothæfur og bílfær svo til allt árið.

Ég geri mér ljóst af því, sem ég hér hef sagt í sambandi við skýrsluna um framkvæmdir í vega- og brúamálum á s.l. ári, að mjög hefur verið stiklað á stóru, og það er sennilegt, að það sé ýmislegt, sem hv. alþm. vilja spyrja um og fá útskýringar á, og er náttúrlega sjálfsagt að verða við því, eftir því sem mögulegt er. En í sambandi við vegaframkvæmdir, er ekki annað að segja en það, eins og öllum er ljóst, að til þess að geta unnið að vegamálunum eins og við allir viljum, þyrfti meira fé. Það þyrfti meira fjármagn. Við getum verið sammála um það, að með nýju vegal. hefur ýmislegt áunnizt, bæði með því, að fjármagnið var aukið til Vegagerðarinnar, og því, að með nýju vegal. voru tekin upp ný og betri vinnubrögð, með því að vinna verkin í stærri áföngum og ljúka vissum áföngum, en vinna síður að litlum verkum á mörgum stöðum, þar sem fjármagnið notast síður, allt of mikið fer í flutningskostnað og ferðir þeirra, sem að vegagerðinni vinna, en með því að vinna í stærri áföngum nýtist fjármagnið betur. Þá er enginn vafi á því, að fjármagnið hefur notazt betur fyrir það, að tæki og vélar Vegagerðarinnar hafa verið endurnýjuð mun meira heldur en oft áður, — enda þótt þar sé ekki fullu takmarki náð og ekki nálægt því, — og það hefur notazt betur það fé, sem Vegagerðin hefur haft, fyrir það að tæki eru betri og fullkomnari heldur en áður voru. Allt þetta er vitanlega til bóta, enda þótt við getum verið sammála um, að æskilegt væri, að meira væri til ráðstöfunar og lengra væri hægt að ganga í því að uppfylla óskir manna um bætta vegi. Nú lýkur gildandi vegáætlun á þessu ári, og þá er verkefnið á næsta hausti að semja nýja vegáætlun fyrir árin 1969—1973. Ekki ætla ég að spá neinu um það, hversu vel gengur að afla fjár í næstu vegáætlun, en vitanlega stendur hugur okkar allra til, að það geti orðið. Og verkefnin eru fram undan og blasa við og með því að undirbúa hraðbrautir og verja til þess 7 millj. kr. á s. l. ári og 20 millj. á þessu ári reikna flestir með því, að gerð hraðbrauta með varanlegu slitlagi hefjist með næstu vegáætlun. Erfiðleikarnir verða vitanlega að útvega fjármagn, og ef við tölum um það á raunhæfan hátt, verður það erfitt, hverjir sem með þessi mál fara. En ráð þarf til þess að finna. Ég hef heyrt þetta sagt hér úr þessum ræðustól, og það oft: Vegirnir eiga að fá allar tekjur af umferðinni. Þetta er gott og blessað. Það væri mjög æskilegt, að vegirnir gætu fengið það, sem því svarar. En þá komum við alltaf að þessu sama, að ríkissjóður verður þá að fá í staðinn sömu upphæð einhvers staðar frá. Einhvers staðar frá verður ríkissjóður þá að fá þessa upphæð í staðinn, og hvort fjárins er aflað til vegagerðarinnar eða ríkissjóðs getur náttúrlega orðið alveg jafnerfitt. Ef Vegasjóður fengi við skulum segja 400 millj., sem sumir telja, að séu tekjur af umferðinni, þótt aðrir telji, að það séu 600, þá þyrfti að afla ríkissjóði tekna í staðinn. En ég ætla nú ekki að fara lengra út í það að þessu sinni, því að þetta er skýrsla um vegaframkvæmdir á s. l. ári, enda þótt hugur okkar allra, um leið og við tölum um framkvæmdir á s. l. ári, hljóti að beinast að því, hvað verður í framtíðinni. Og þegar við tölum um hraðbrautir, sem allir eru sammála um, að þurfi að hefja framkvæmdir á, er okkur ljóst, að þó að við höfum fyrirheit um lán frá Alþjóðabankanum, allt að 40% af stofnkostnaði, er það mikið fjármagn, sem þarf að útvega að auki til þess að geta lagt hraðbrautir á fjölförnustu vegina á næstu árum, auk þess sem kröfur verða vitanlega uppi frá þm. víðs vegar að af landinu, að eitthvað verði gert, kannske meira heldur en fyrr, í hinum ýmsu vegum víðs vegar um landið.

Herra forseti. Ég ætla þá að sinni að láta máli mínu lokið, um leið og ég segi það, að ég tel eðlilegt, að ég, eftir því sem efni standa til, svari fsp. og gefi upplýsingar, sem óskað er eftir frekar í sambandi við þessa skýrslu.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Við umr. um vegaskýrsluna fyrir 1967 er full ástæða til að skyggnast dálítið um og reyna að gera sér grein fyrir, hver muni verða þróunin í vegaframkvæmdum á næstu missirum. Skýrslan veitir að sjálfsögðu ýmsar vísbendingar í þessa átt, en samt skortir mjög á það, að hún veiti þm. fullnægjandi svör við ýmsu, sem þeir kynnu að vilja vita og ættu að vita. Í umr. um vegaskýrslur á undanförnum árum hef ég stundum leitað ýmissa upplýsinga hjá hæstv. samgmrh. um vegaframkvæmdir og vegamál, en mér hefur fundizt stundum, að svör hæstv. ráðh. væru ekki fullnægjandi, og það er ekkert merkilegt. Það er alls ekki á færi hæstv. ráðh. að hafa á reiðum höndum svör við hvers konar fsp., sem kunna að vera fram bornar og hann veit ekkert um fyrirfram. Ég tel þess vegna, að það mætti ráða bót á þessu, og tel rétt, að sá háttur yrði upp tekinn, að umr. um vegaskýrsluna færu fram á tveimur þingfundum, þ. e. a. s. þannig, að nokkur tími, — þó ekki langur, — liði frá fyrri hluta umr. til hins síðari hluta, og þá gætu þm. leitað hvers konar upplýsinga hjá hæstv. ráðh. við fyrri hluta umr., en fengið svör, og þau sem ýtarlegust, hjá hæstv. ráðh. við síðari hluta hennar. Það er ekki nema eðlilegur hlutur, að hæstv. ráðh. þurfi að bera sig saman við vegamálastjóra og afla sér gleggri vitneskju en hann getur haft í höfðinu, ef á að demba umr. af á einum fundi. Ég beini þessu til hæstv. ráðh., hvort hann vilji ekki beita sér fyrir því, að nú þegar verði þessi háttur upp tekinn að skipta umr. þannig í tvennt, í fyrsta lagi, til þess að hann geti svarað hvers konar fsp., sem fram eru bornar, sem bezt, og hins vegar, til þess að þm. geti fengið sem gleggstar upplýsingar, ef þeir á annað borð biðja um þær.

Ég skal víkja hér að örfáum atriðum, sem snerta þessi mál. Stærsti útgjaldaliður Vegasjóðs er, eins

og menn vita, viðhald þjóðveganna. Þessi fjárveiting hefur verið aukin verulega að krónutölu á undanförnum árum. En þrátt fyrir það býst ég við, að flestir séu sammála um, að það skorti mjög á það, að vegaviðhaldið sé viðunandi. Ég geri ráð fyrir því, að þm. hafi æði oft rekið sig á það á ferðalögum víðs vegar um landið, að menn kvarta undan ástandi veganna, og það ekki að ástæðulausu, og þá er oft spurt t.d. þannig: Hvað var miklu viðhaldsfé varið í þennan veg á árinu í fyrra? Og það er ekkert óeðlilegt, þó að svona sé spurt. En það mun vefjast fyrir þm. að svara þessu, af því að það er ekkert yfirlit um það í vegaskýrslunni, hvernig viðhaldsféð skiptist á milli hinna einstöku vega í landinu. Ég hef óskað eftir því á undanförnum þingum, að slíkt yfirlit yrði birt í hinni árlegu vegaskýrslu, en það hefur engan árangur borið. Þegar við sjáum það, að varið er til vegaviðhaldsins meira en helmingi hærri upphæð en til nýbyggingar vega úr Vegasjóði er það ósköp eðlilegt, að menn hafi ekki síður áhuga á að vita það, hvernig viðhaldsfénu er skipt en nýbyggingarfénu, þegar það er meira en helmingi hærri upphæð. Ég tel þetta galla á vegaskýrslunni, — þ. e. a. s. þessum árlegu vegaskýrslum, ekki frekar þessari en á undanförnum árum, — að þetta yfirlit felst ekki í henni og ekkert er um það sagt, hvernig viðhaldsfénu er skipt á milli veganna. Ég beini því til hæstv. ráðh., hvort hann geti ekki látið okkur í té slíkt yfirlit, annaðhvort í sambandi við þessa umr. núna eða þá síðar á þessu þingi. Ég efast alveg um, að hann hafi það í höndunum nú. Þess vegna er ég að mælast til þess, að svona umr. sé skipt í tvennt, svo að við gætum fengið t.d. þetta yfirlit við síðari hluta umr.

Í viðhaldskostnaði þjóðvega er innifalinn kostnaður af snjómokstri á vegum, og sá kostnaður reyndist um 29 millj. á árinu sem leið. Nú er snjómokstur ekkert vegaviðhald, og á alls ekki heima undir þessum kostnaðarlið Vegasjóðs. Hið raunverulega viðhaldsfé veganna er því þeim mun minna, sem snjómokstrinum nemur. Í þessari skýrslu segir, að settar hafi verið nýjar reglur um snjómokstur, og að með þeim hafi lengzt um helming þeir þjóðvegir, þar sem ríkissjóður borgar snjómokstur að fullu. En það er ekkert orð um það í skýrslunni, hvernig þessar reglur eru, og þó eru þær nýjar. Það má nú varla minna vera en þm. fái nú eitthvað frekari upplýsingar um þessar nýju reglur. Eða hverju eiga þm. að svara, ef íbúar einhvers héraðs spyrja þá: Greiðir Vegasjóður snjómokstur á fjallveginum hérna yfir til næsta byggðarlags? Eiga þeir þá að svara því, að þeir viti bara ekki nokkurn skapaðan hlut um það? Ég veit ekki til, að þeir geti svarað öðru. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh.: Hvaða þjóðvegir eru það, þar sem Vegasjóður greiðir snjómokstur að fullu, hvar greiðir Vegasjóður snjómokstur að nokkrum hluta og þá hve miklum hluta, og loks, hvernig skiptist kostnaður af snjómokstri á hina einstöku vegi árið 1967?

Við upphaf núgildandi vegáætlunar fyrir þremur árum var hæstv. ríkisstj. heimiluð erlend lántaka til að bæta nokkuð úr ástandi þjóðveganna á Vestfjörðum. Þetta lánsfé var fyrirfram tryggt samkv. yfirlýsingu ríkisstj., var handbært, áður en til framkvæmda kom, a. m. k. til hverrar framkvæmdar, sem átti að vinna á því ári. Fyrstu tvö árin, 1965 og 1966, er unnið að vegagerð vestra fyrir það lánsfé, sem er tilgreint í vegáætlun. En í fyrra, á árinu 1967, bregður nokkuð út af þessu. Þá vantar 2.3 millj. kr. á það lánsfé, sem ákveðið var í vegáætlun. Og þetta bitnar allt á einum vegarkafla, Vestfjarðavegi sunnan Þingmannaheiðar. En sá vegur er eins og menn kannske vita til þess ætlaður, að leggja megi niður að fullu ruðningsveginn yfir Þingmannaheiði, sem er einn af verstu þröskuldunum í vegakerfi Vestfjarða. Nú hefur það oft komið fyrir, að frestað hefur verið um eitt ár eða svo að vinna fyrir fjárveitingu í einhverjum vegi, en féð aftur á móti lánað í annan veg til þess að ljúka þar áfanga, til þess að vegabæturnar komi sem fyrst í gagnið. Þetta er oft mjög hagkvæmt og að mínum dómi alveg réttmæt ráðstöfun. En þessu var ekki til að dreifa þarna í fyrra, hvað snertir Vestfjarðaveginn sunnan Þingmannaheiðar. Þessar 2.3 millj. kr., sem vantaði af lánsfénu í þennan Vestfjarðaveg í fyrra, munu ekki hafa verið lánaðar í neinn annan veg á Vestfjörðum. Og þetta kemur mér dálítið einkennilega fyrir sjónir að því leyti, að þarna átti féð að vera handbært og ekki standa á því, svo að ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvernig standi á því, að lánsféð í fyrrnefndan veg varð ekki nema 1.1 millj. í staðinn fyrir 3.4 millj. eins og tilgreint er í vegáætluninni. Og ég vil jafnframt spyrja hann að því, hvort þessum 2.3 millj. verður þá bætt við lánsfé, sem þessi vegakafli á að fá á þessu ári. Ef það verður gert, tel ég að fullu úr þessu bætt og ekkert við það að athuga. En ef það verður ekki gert, tel ég það slæmt. Á undanförnum þingum hefur hæstv. ríkisstj. flutt till. og fengið samþykktar hér á hv. Alþ. um heimildir sér til handa til þess að taka lán til nýbyggingar þjóðvega. Árin 1965 og 1966 er unnið fyrir það lánsfé, sem tekið var upp í vegáætlun fyrir þau ár. En í fyrra, 1967, bregður mjög út af þessu. Í vegáætlun fyrir það ár er lánsféð 138.2 millj. kr. til hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta. En nú segir í þessari vegaskýrslu, að notað lánsfé á árinu hafi aðeins numið 57.6 millj. M. ö. o., það er 80.6 millj. kr. minna en vegáætlunin tilgreinir. Hér er að sjálfsögðu ekki meðtalinn hinn svokallaði kísilgúrvegur, enda fellur hann ekki inn í þjóðvegakerfið, og það er ekkert á hann minnzt í þessari vegaskýrslu, sem hér er til umr. Mér finnst þetta nokkurs konar ráðgáta, að í vegáætlun, sem afgreidd er seint í apríl í fyrra, þ. e. a. s. fyrir rúmum 9 mánuðum, eru 138 millj. ráðgerðar í lánsfé til nýbyggingar vega, en á sumrinu eru svo ekki notaðar nema 57.6 millj. Hvað kom fyrir, sem veldur því, að fyrirhugað lánsfé til nýbyggingar þjóðvega varð meira en 80 millj. kr. minna en áætlað var í vegáætluninni, alveg nýgerðri vegáætlun? Ég vona, að hæstv. ráðh. geti upplýst okkur um þetta. Nú er öllu lánsfé til vega skipt niður á ákveðna tilgreinda

vegi í vegáætluninni, og menn vilja gjarnan mega treysta því, að það verði unnið fyrir þetta lánsfé, sem þar er tilgreint, alveg eins og fjárveitingar úr Vegasjóði. En þegar svona mikið ber út af, að ekki er unnið nema fyrir tiltölulega lítinn hluta af því, sem stendur í vegáætluninni, þá hljóta einhverjar sérstakar ástæður að vera fyrir því, og þá fer lítið að verða að marka þessa vegáætlun hvað lánsfé snertir, ef ekki má treysta á það. Því var nokkuð haldið á lofti s. l. vor, að á árinu mundi verða varið til vegamála í heild um 600 millj. kr., það mun margur maðurinn hafa búizt við miklum framkvæmdum fyrir svo ríflega upphæð og það eðlilega. En bráttóupphæð vegáætlunarinnar 1967 var 427.6 millj. og lánsheimildirnar, eins og ég nefndi, 138.2 millj. Þetta er há upphæð, þetta eru um 566 millj. En það skortir ansi mikið á, að þetta hafi komið til framkvæmda á árinu, og væri mjög rangt að halda því fram, þó að það hafi nú kannske verið gert. Í fyrsta lagi voru 59.3 millj. af þessu greiðsla upp í gamla skuld, halla á Vegasjóði frá fyrri árum, eins og stendur í vegáætluninni sjálfri, og ekki var framkvæmt neitt fyrir þá upphæð, þá vantar, eins og ég nefndi áðan, meira en 80 millj. upp á lánsfé. Ekkert var framkvæmt fyrir þá upphæð. Loks eru það vextir og afborganir af lánum, sem mér sýnist, að hafi verið einhvers staðar á milli 50 og 60 millj. Og svo kemur auk þess greiðsla á bráðabirgðalánum. Það eru a. m. k. einar 200 millj. af þessari háu upphæð, sem ekki koma til neinna framkvæmda á árinu, þó að þær tilheyri vegamálum, þessar upphæðir.

Í þessari vegaskýrslu er ekkert yfirlit yfir það, hvað afborganir af lánum hafi numið mikilli upphæð í heild á árinu, og ekki heldur, hvað vaxtagreiðslur af föstum lánum hafi numið miklu. Ég tel þetta verulegan galla á skýrslunni. Það skiptir þó miklu máli, hvað þetta nemur miklu, því að allar þessar upphæðir dragast frá nýbyggingarfé til hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta. Hins vegar er þess getið í þessari skýrslu, að vextir og afborganir af lánum vegna Reykjanesbrautar einnar hafi numið 41.4 millj., en það er mjög nálægt því, að mér sýnist, 18% af eftirstöðvum lánsfjár til þessa eina vegar, eins og þær eftirstöðvar voru í ársbyrjun 1967. Þar með er ekki sagt, að vextir og afborganir á hverju ári verði um 18% af heildarlánunum í ársbyrjun hvert ár. Þetta fer allt eftir lánskjörum á hverju einstöku láni, og ekki síður eftir því, hve langt er komið að greiða þau niður. Nú segir í þessari skýrslu, að föst lán í ársbyrjun 1967 hafi numið samtals um 307.3 millj. kr. Ef vextir og afborganir af þessum lánum í heild væri nú hlutfallslega svipað og af Reykjanesbraut, ætti upphæðin í heild á árinu 1967, afborganir og vextir, að hafa numið 55—56 millj. kr. En ég fullyrði ekkert um það, hvort það hafi verið um 18% eða ekki. En mér þykir þó sennilegt, af því, sem ég get fengið út úr þessari skýrslu, að þessi upphæð, vextir og afborganir, hafi e. t. v. verið eitthvað lægri, kannske 53—54 millj. En um það óska ég nú upplýsinga hjá hæstv. ráðh., hvað þetta hefur numið mikilli fjárhæð. En þá kemur spurningin, hvað verða afborganir og vextir af föstum lánum 1968 há upphæð? Sú upphæð hlýtur að dragast frá nýbyggingarfénu. Um síðustu áramót voru föst lán til vega 335 millj., eins og stendur í þessari skýrslu. En svo bætist við þessa upphæð tæpar 33 millj., sem lán vegna Reykjanesbrautar hækkar vegna gengislækkunarinnar, lán, sem tekið var í dollurum. Nú veit ég ekki, hvað mikið af öðrum lánum hefur verið tekið erlendis, einhver hafa þau verið tekin, a.m.k. til Vestfjarðaveganna, og auk þess munu hafa verið tekin innlend lán með vísitöluákvæðum, þannig að afborganir og vextir hækka sjálfkrafa með vaxandi dýrtíð. Mér sýnist því vera mjög líklegt, að afborganir og vextir af föstum lánum geti orðið um 64—67 millj. kr. á árinu 1968, enda eru vaxtagreiðslurnar einar af vegalánum samkv. fjárl. fyrir þetta ár áætlaðar um 28 millj. Þetta er reyndar ágizkun hjá mér, að þessi upphæð verði svona há, en ég vil mælast til þess, að hæstv. ráðh. láti okkur í té upplýsingar um það, hvað vegamálastjórnin áætlar þessa upphæð, vexti og afborganir af lánum á árinu 1968. En ég vil ekki byggja á neinum ágizkunum frá mér, ég hef ekki full gögn í höndum til að geta sagt neitt nákvæmt um þetta. En ef þessi ágizkun reyndist nú rétt, eða eitthvað nálægt sanni, að vextir og afborganir á þessu ári verði um 64—67 millj. kr., þá er sem svarar því allt nýbyggingarfé, sem nú er á vegáætlun til hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta, farið í vexti og afborganir af lánum og dugar ekki til. Þá verður ekki um annað nýbyggingarfé að ræða en það, sem fengið er með lánum. Þetta vil ég kalla ískyggilegar horfur, þegar svo er komið, að vextir og afborganir af lánum eru farin að verða hærri upphæð en hægt er að veita í nýbyggingar hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta. Nú viðurkenna menn almennt, að það þurfi að stórauka viðhaldsféð til þess að bæta vegina, en það mun varla vera um það mikill ágreiningur. Í öðru lagi er almennur áhugi og þörf á því að koma á hringveg um landið. Í þriðja lagi er orðið mjög aðkallandi, eins og hæstv. ráðh. nefndi hér áðan, að gera fjölförnustu vegina úr varanlegu efni. Og loks eru enn til byggðarlög í landinu, sem búa við ófullnægjandi ruðningsvegi eða jafnvel enga vegi, til eru dæmi um það. Þótt áfram verði nú væntanlega haldið að taka lán til vega, verður þetta allt, sem ég nefndi, ekki gert fyrir lánsfé eingöngu, og meira að segja, þótt það yrði gert allt fyrir lánsfé, mundi árleg vaxta- og afborganabyrðin vaxa svo ört að auka yrði í stórum stíl fjárveitingar til þess að standa undir henni einni, því að ég býst varla við, að menn hugsi sér að taka lán bæði til allra nýbygginga og líka til að greiða vexti og afborganir af þeim lánum. Það sjá allir, hvar það mundi lenda.

Hæstv. ráðh. vék einmitt að þessum vanda hér áðan og nefndi það réttilega, að þörfin væri ákaflega mikil fyrir meira fé til vegamálanna. Nú er þetta síðasta ár vegáætlunarinnar. Á næsta þingi ber að semja vegáætlun til næstu fjögurra ára, og

það verður ekki vandalaust verk að gera hana vel úr garði að óbreyttum tekjustofnum Vegasjóðs. Fyrir rúmum 4 árum tókst samkomulag allra flokka hér á hv. Alþ. um ný vegalög og verulega aukningu á fé til vegamála. Mér sýnist nú ekki minni þörf á því nú, að leitað verði eftir slíku samkomulagi allra flokka, til að leitast við að fullnægja fjárþörf vegamálanna í landinu. Ég tek undir það með hæstv. ráðh., að við erum allir sammála um þörfina á þessu, að bæta þjóðvegakerfið, og til þess þarf ákaflega mikið fjármagn. En þótt jafnvel væri ekki farið út í nýjar framkvæmdir í hraðbrautum, eins og hann var að segja, að nú væri verið að undirbúa, þó að ekki verði einu sinni farið út í það, heldur þjóðbrautir og landsbrautir og vegaviðhald bætt mikið frá því, sem er, verðum við að auka tekjustofna Vegasjóðs að miklum mun.

Ég skal ekki hafa þetta lengra að þessu sinni, en ég endurtek þau tilmæli mín til hæstv. ráðh., að það verði ekki sleginn botn nú í þessa umr. nema þá aðeins, að hann hafi á reiðum höndum svör við því, sem ég hef farið fram á að fá upplýsingar um. Það ætti ekki að þurfa að spilla neitt þessum umr., þó að þessari umr. yrði lokið eftir nokkra daga hér í Sþ., og við gætum þá fengið t. d. þau yfirlit, sem ég hef nefnt, og þær upplýsingar, sem ég bað hæstv. ráðh. um.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan taka undir þau tilmæli frá hv. 1. þm. Vestf., að þessari umr. verði ekki lokið núna í kvöld. Ég hefði gjarnan viljað spyrja nánar út í ræðu hæstv. ráðh. heldur en ég hef haft tækifæri til að forma, og þessi mál eru þannig vaxin, a. m. k. hvað varðar okkur þm. utan af landsbyggðinni, að þau eru mjög á dagskrá á okkar slóðum, og við erum mjög spurðir í þaula um þau. Fyrir okkur a. m. k. væri það nokkuð þýðingarmikið að fá sem allra fyllstar upplýsingar og jafnframt tækifæri til nokkuð ýtarlegra viðræðna við hæstv. ráðh. um vegamálin.

Það er vissulega svo, að í skýrslunni eins og hún var lögð hérna fyrir er mikinn fróðleik að finna, en samt eru það, eins og hv. 1. þm. Vestf. benti á, mjög mörg atriði fleiri, sem æskilegt væri að fá upplýst.

Það er auðvitað gott eitt um að segja alla viðleitni til umbóta á þessu sviði, eins og t. d. það nýmæli að græða sárin meðfram vegunum og einnig um þær tilraunir, sem gerðar hafa verið með slitlög úr mismunandi efnum, og ýmsar aðrar nýjungar í vegagerð. Það er vafalaust rétt, að Vegagerðin hefur smátt og smátt eignazt fleiri og betri tæki, þó að mjög skorti enn á, að hún sé eins vel tækjum búin og nauðsynlegt væri og hæfði hennar stóra verkefni. Það er sjálfsagt einnig unnið að því að koma betra skipulagi á framkvæmdir og að beita betri vinnubrögðum að ýmsu leyti. Hörpun eða flokkun þess efnis, sem notað er í ofaníburð, er t.d. mjög til bóta. En bara það eitt út af fyrir sig breytir mjög til hins betra árangri viðhaldsvinnunnar.

Því miður er það þó svo, að ástand veganna víðs vegar um landið eins og það er í dag vitnar ekki um mikla framför í heild. Og það er auðvitað af því fyrst og fremst, að það er allt of lítið fjármagn, sem til þessara mála er varið og m.a., og sérstaklega í vegaviðhaldi. Og ég hygg að margir fleiri en ég hafi orðið fyrir töluverðum vonbrigðum við framkvæmd fjögurra ára áætlunarinnar, telji að hún hafi ekki gefið það í aðra hönd, ekki gefið þær framfarir í vegagerðinni, sem menn höfðu gert sér vonir um.

Ég vildi alveg sérstaklega vekja athygli á tveimur atriðum í sambandi við skýrsluna. Annars vegar er það, sem einnig kom fram hjá hv. 1 þm. Vestf., hversu gífurlegur er orðinn sá þungi vaxta og afborgana af eldri lánum, sem nú hvílir á Vegasjóði og skerðir alveg stórkostlega möguleika hans til þess að standa straum af nýbyggingunum. Nýbyggingar hljóta að dragast saman af sjálfu sér, ef þessu heldur áfram, þ. e. a. s. ef það þykir ekki fært að mæta þessum greiðslum með meira fjármagni, meiri beinum tekjum sumpart, og sumpart með nýjum og stórum lántökum til lengri tíma. Hins vegar er svo vegaviðhaldið sjálft. Það hefur komið fram og var vitað, að fé til viðhalds hefur hækkað nokkuð að krónutölu. En því fer þó fjarri, að sú hækkun hafi svarað til hvors tveggja, aukins álags á vegunum og þeirrar verðþenslu, sem orðið hefur ár frá ári, því fer áreiðanlega fjarri. Álagsþunginn á fjölfarnari vegunum hefur á síðustu árum verið alveg gífurlegur, ef miðað er við raunverulegt burðarþol þeirra. Bæði er það, að bílafjöldinn vex stöðugt og bílarnir stækka og þyngjast, og á ýmsum stöðum hafa komið til ný verkefni, sem áður voru ekki fyrir hendi, og aukið álagið stórkostlega. Mér er t. d. alveg sérstaklega í huga Út-Héraðsvegur á Fljótsdalshéraði, sem var í upphafi eins og aðrir vegir á þeim árum byggður af vanefnum og eingöngu gerður fyrir flutninga bændanna á þessu svæði að og frá heimilunum, að viðbættri umferðinni til og frá Borgarfirði, sem þá var a. m. k. engin veruleg þungaflutningaleið. Borgfirðingar, eins og aðrir Austfirðingar, fá yfirleitt sína þungaflutninga af sjó, og sérstaklega fengu það þá. En síðan hefur það gerzt á þessum slóðum til viðbótar hinu almenna aukna álagi, að nú er tekið að sækja mjög mikinn hluta af byggingarefnum, ekki einasta þorpsins á Egilsstöðum, heldur einnig sumra kaupstaða og kauptúna við sjóinn, út á sandana við Héraðsflóa eftir þessum vegi. Af þessu leiðir, að þessi Út-Héraðsvegur hefur engan veginn og alls ekki þolað álagið. Og þar hygg ég, að ófæran að vori hafi komizt lengst, því að mér er kunnugt um það, að menn hafi orðið að hætta að nota traktora í mjólkurflutningana og orðið að taka upp jarðýtuflutninga eftir lögðum veginum á auðri jörð.

Mér finnst full ástæða til að vekja athygli á því, hvernig framkvæmd vegaviðhaldsins er komið, a. m. k. í sumum héruðum, já í stórum landshlutum. Þeir, sem að vegamálum vinna, neyðast til þess að nota svo til allt og stundum allt viðhaldsfé til þess

að gera vegina færa að vorinu, m. ö. o., allt viðhaldsfé er notað á þeim tíma, þegar árangurinn verður allra minnstur, sem hann getur orðið. Hver ökuferð með hlass um þá kafla, sem uppi hanga, kostar þá það, að þeir kaflar stórskemmast, því að vegurinn allur er svo veikur, að hann þolir ekki umferðina. Þegar hlassið er komið á ákvörðunarstaðinn, í eitthvert fenið, blandast það og hrærist saman við forina og verður að margfalt minni notum heldur en yrði, ef hægt væri að framkvæma mölburðinn á þeim tíma, þegar vegirnir þola umferðina og geta tekið við ofaníburði á eðlilegan hátt. Það kemur svo til viðbótar þessu, að hver vagn, hver bíll, sem notaður er í viðhaldsvinnunni, fer margfalt færri ferðir heldur en hann mundi fara á þeim tímum, þegar vegirnir eru þurrir og harðir. Þarna er vegaviðhaldið komið í algera sjálfheldu. Viðhaldsféð hrekkur ekki fyrir meiru heldur en því, að gera vegina færa til umferðar að vorinu. Þörfin kallar, og þeir, sem framkvæma verkið, neyðast til þess að vinna það undir þessum kringumstæðum. Ég get ekki komið auga á, að út úr þessari sjálfheldu sé önnur leið heldur en að fá að einhverju leyti aukið fé í viðhaldið á þessum stöðum, sem hægt væri þá að nota til mölburðar, annaðhvort að sumrinu, þegar vegir eru þurrir og þola umferðina, ellegar þá jafnvel, eða a.m.k. að einhverju leyti, að hausti eða vori, þegar frost er komið í vegina og þeir þola þungaumferð bezt. Mér er kunnugt um, að þetta hefur verið gert við vegarkafla, sem var orðinn mjög slakur og ófær á hverju vori, hann fékk svona yfirferð eftir að fraus að haustinu, og ástand hans gerbreyttist næstu árin á eftir. Það er áreiðanlega víst, að þeir vegir, sem lengst þurfa að bíða uppbyggingar, og auðvitað er heildaruppbygging þjóðvegakerfisins langtímamál, þeir verða gífurlegt vandamál á þeim tíma, sem líður, þar til að uppbyggingu þeirra kemur, ef allt situr við sama um framkvæmd viðhaldsins. Og mér finnst það mæla með því, að menn reyni nú fyrr en síðar, líkt og lagt er til í þáltill., sem nú liggur fyrir sameinuðu þingi, ráðizt í það fyrr en síðar að gera heildaráætlun um uppbyggingu þjóðvegakerfisins alls. Það er almenn nauðsyn að raða framkvæmdunum fyrirfram, gera sér grein fyrir, hver sé æskileg eða eðlileg röðun á nýbyggingarframkvæmdunum sjálfum. Og það er óhjákvæmilegt að gera átak til að koma í veg fyrir algert neyðar- og vandræðaástand á sumum þeirra þjóðvega, sem lengst mundu þurfa að bíða eftir uppbyggingu.

Það var gert ráð fyrir því í endurskoðaðri vegáætlun, að á s. l. ári yrði tekið nokkurt lán til vegaframkvæmda á Austurlandsvegi á leiðinni frá Möðrudal og austur eftir, ég hygg um 3 millj. kr. Mér skilst, að þessi heimild hafi ekki verið notuð. Ég vildi því leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort þess megi þá vænta, að þessi lánsheimild verði notuð á næsta ári. Ég þarf ekki að lýsa því, að það urðu Austfirðingum mikil vonbrigði, að þessar lánsheimildir voru ekki notaðar, því að þessi vegur er mjög þýðingarmikil tengileið og raunar eina leiðin á landi frá Austfirðingafjórðungi til annarra fjórðunga. Austfirðingar telja sig hafa verið mjög sniðgengna með notkun lánsfjár til langtíma til vegaframkvæmda á undanförnum mörgum árum. Hlutur þeirra er aðeins örlítið brot af heildarupphæð lánsfjár til vegagerðar. Og er það þó ekki af því, að þar sé þörf minni fyrir vegaframkvæmdir en í öðrum landshlutum, síður en svo.

Í sumar var haldinn fundur á Egilsstöðum að undirlagi Jónasar Haralz, forstjóra Efnahagsstofnunarinnar, þar sem hann ræddi við alþm. kjördæmisins, þá, sem til náðist, svo og stjórn Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, um vegamálin og hvað fram undan væri í þeim efnum. Hann sagði okkur, að það væru uppi ráðagerðir um mjög verulegar nýjar lántökur til vegagerðar í landinu á næstu árum. Því lánsfé mundi að mestu varið til þeirra vega, sem þyngsta bera umferðina, þ. e. veganna út frá höfuðstaðnum, en einnig að nokkru til vega annars staðar. Það hefði verið mjög fróðlegt, ef hæstv. ráðh. hefði getað gefið einhverjar upplýsingar um það, hvað hæstv. ríkisstj. hyggst fyrir í þessum efnum.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh. liggur nú fyrir að vinna að því að gera nýja vegáætlun þegar á þessu ári, því að hún ætti að taka gildi við n. k. áramót. Þarna er vitanlega um mikið verkefni að ræða. Það er ekki einasta það að raða vegunum með tilliti til þess, í hvaða röð verkin verði unnin. Það verður vafalaust einnig við þessa áætlunargerð rætt um skipulagningu framkvæmdanna að ýmsu öðru leyti. Og í þriðja lagi þá um það, á hvern hátt verði staðið að öflun fjármuna til framkvæmda næstu 4 árin eða hvað það nú verður langur tími, sem næsta áætlun verður látin ná til.

Ég vildi að lokum aðeins spyrjast fyrir um það, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að standa að þessu verki, að undirbúningi hinnar nýju áætlunar, hvort hún hugsar sér, að alþm., og þá auðvitað bæði stjórnarlið og stjórnarandstaða, fái beina aðild að því starfi.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Mér skildist á ræðu hæstv. samgmrh., að í vegamálum væri farið eftir þremur áætlunum. Það er í fyrsta lagi farið eftir vegáætlun að því er varðar fjárveitingar til vega. Í öðru lagi, þegar um lánsheimildir er að ræða, skilst mér, að það sé ekki nema í sumum tilfellum, sem vegáætlun gildir, en það sé framkvæmdaáætlun ríkisins, sem þar ræður meiru um, þ. e. a. s. að þeir vegir, sem teknir eru inn á vegáætlun með lánsheimildir, þá gildir ekki heimildin nema gert sé ráð fyrir henni á framkvæmdaáætlun ríkisins, það sé unnið fyrir þær fjárhæðir, sem þar standa, en aðrar ekki. Í þriðja lagi minntist ráðh. nokkuð á vegagerð samkv. Vestfjarðaáætlun. Þess vegna er það, að ég vildi minnast á tvo vegi, sem teknir eru á vegáætlun, 1967 og 1968 með lánsheimildum, þ. e. Heydalsvegur, sem hefur 4.7 millj. kr. lánsheimild á þessum tveimur árum, og Klofnings- og Skarðsstrandarvegur með 2½ millj. á þessu

sama tímabili. Nú vildi ég vita um það og fá skýr svör við því hjá hæstv. samgmrh., hvort svo hafi verið ráð fyrir gert nú á þessu ári, að þessar lánsheimildir séu teknar inn á framkvæmdaáætlun ríkisins, þannig að vænta megi þess, að á þessu ári verði unnið fyrir heimildarlán. Ég ætla mér ekki að fjölyrða um nauðsyn þess, að unnið sé í þessum vegum, því að þau mál hefur oft borið á góma hér á hv. Alþ., og ég ætla, að hæstv. ráðh. sé vel ljóst, hve mikil þörf er á því að hraða vegagerð í báðum þessum tilfellum. Ég er sammála því, sem hæstv. ráðh. minntist á, að ráð þarf að finna til að afla meira fjár í vegi. Á það hefur oft verið bent, hverjar leiðir skyldi fara í þeim efnum, en ráðh. ekki aðhyllzt þær leiðir, en ég vænti þess, að sú endurskoðun, sem fram fer á vegáætlun á þessu ári, komi hæstv. ráðh. í skilning um það, hvaða leiðir eru heppilegastar, og að miklu meira fjármagni verði varið til nýbyggingar þjóðvega í landinu í framtíðinni heldur en unnt hefur verið á undanförnum árum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það má vera, að það sé vegna þess, hversu fáir hv. þm. eru viðstaddir, að ekki hafa fleiri kvatt sér hljóðs. En hér hafa tveir hv. þm. borið þá ósk fram, að umr. verði ekki lokið í kvöld. Ég tel alveg sjálfsagt að verða við þeirri ósk, og ég tel þess vegna ekki ástæðu til þess, að ég fari nú að svara þeim fsp., sem fram hafa verið bornar og ég hef skrifað hér, enda þótt ég reikni með því, að ég hafi ekki skýrari svör eftir næstu helgi en ég hef hér í kvöld. En ég held, að ef við ætlum að vinna dálítið með því að fresta umr., sé nauðsynlegt, að hv. þm. komi fsp. til mín, við skulum segja einum degi áður heldur en umr. hefst hér á ný. (**SE:** Líka þessa, sem við vorum með?). Nei, það hef ég skrifað niður og því held ég, að ég gæti nú svarað, a. m. k. að mestu, en ég get ekkert ábyrgzt, hversu skýr þau svör eru, en ég efast um, að þau verði skýrari á næsta fundi, þegar málið verður tekið til umr. En mér finnst alveg sjálfsagt, að þóknast hv. þm. með því að láta umr. ekki verða lokið núna. Úr því að tveir hv. þm. hafa óskað eftir því, er sjálfsagt að verða við því, og þá verður umr. haldið áfram væntanlega á næsta fundi í Sþ., og þá vænti ég, að það verði fleiri fsp., sem komnar verða í mínar hendur, heldur en þær, sem ég nú hef fengið og þá nær frestunin tilgangi sínum.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Sþ., 30. jan., var umr. fram haldið.

Hjalti Haraldsson: Herra forseti. Mig langar til að skjóta hér að tveim fsp. til hæstv. ráðh., áður en hann svarar því, sem hann á ósvarað.

Og þá er í fyrsta lagi það, hvort nokkrar rannsóknir hafi átt sér stað í sambandi við endurbyggingu vegarins frá Akureyri til Dalvíkur. En mér er kunnugt um það, að þegar fulltrúar Efnahagsstofnunarinnar á vegum svokallaðrar Norðurlandsáætlunar voru á ferðinni fyrir norðan, töldu þeir, að eitt mikilsverðasta verkefnið og sennilega það fyrsta, sem í þyrfti að ráðast, væri einmitt endurbygging vegarins frá Akureyri til Dalvíkur. Þá langaði mig í öðru lagi til að spyrja hann að því, hvað gert hafi verið í sambandi við samþykkt till. þeirrar, sem samþykkt var hér á síðasta Alþ., borin fram af Hirti Þórarinssyni á Tjörn, og er þannig, með leyfi forseta: „Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að fela Vegagerð ríkisins að láta svo fljótt sem unnt er fara fram ýtarlegar rannsóknir og tilraunir í því skyni að leiða í ljós, hvers konar tækni og tæki henta bezt til þungaflutninga hér á landi, þegar fannalög og óstöðug vetrartíð gera venjuleg samgöngutæki óvirk."

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Umr. um skýrslu yfir framkvæmdir s. l. árs var frestað s. l. föstudag, vegna þess að tveir hv. alþm. óskuðu eftir því, og töldu, að það færi betur á því, að umr. færi fram á tveimur dögum. Það gæfist þá betri tími til þess að átta sig á ýmsum atriðum, og ég fengi þá einnig betri tíma til þess að átta mig á því, hvernig ég gæti bezt leyst úr spurningum hv. þm. Það var vitanlega sjálfsagt að verða við þessari ósk þm. um það að fresta umr., en ég tók það fram, að það væri alveg óvíst, að svör mín yrðu nokkuð betri eða gleggri fyrir það, þótt þessi frestur yrði gefinn. Ég hef eigi að síður, til þess að svörin gætu verið eins og bezt mætti verða, talað við vegamálastjóra og spurt hann um sumt af því, sem hér er um að ræða.

Ég held, að það hafi verið hv. 1. þm. Vestf., sem helzt fann að því, að það væri engin sundurliðun og sæist ekki, hvað mikið fjármagn hefði farið í hvern veg í sambandi við vegaviðhaldið á s. l. ári. Ég spurði vegamálastjóra að þessu. Það er rétt. Þetta ei ekki í skýrslunni, en svarið, sem ég fékk, var það, að hann gæti ekki enn þá svarað þessu, því að það væri ekki búið að gera upp s. l. ár. Hins vegar sagði hann, að það væri prentuð skýrsla, eða væri til skýrsla um það, hvað mikið viðhaldsfé hefði farið í hverja sýslu á árinu 1966. Sú skýrsla var send ríkisendurskoðuninni í því skyni, að hún yrði prentuð með ríkisreikningnum. Sú skýrsla er til, og skýrsla yfir þetta kemur vitanlega einnig 1967. Nú er ekki víst, að þessi skýrsla verði prentuð með ríkisreikningnum, ég efast um það, en hún er til, og það er vitanlega hægt að fá hana, þótt ég hafi hana nú ekki í höndum. Hún var ekki til fjölrituð á vegamálaskrifstofunni, en þetta er vitanlega ekkert leyndarmál, og þeir þm., sem þess óska, geta fengið upplýsingar um það, hversu mikið vegafé fer til viðhalds í hverri sýslu, en það er að mestu leyti á valdi verkstjóranna, hversu mikið af þessu fjármagni fer í hvern veg. Og það er vitanlega mjög breytilegt frá ári til árs, eftir því í hvaða ástandi vegirnir eru. Ég vænti þess, að hv. 1. þm. Vestf. láti sér nægja þetta. Þessi skýrsla er til á vegamálaskrifstofunni, hún er til í ríkisendurskoðuninni, og það er velkomið, ef með þarf, að vera milligöngumaður í því að útvega

hana. Og þá eins fyrir árið 1967, þegar hún er tilbúin, sem hún er ekki núna.

Í sambandi við reglur um snjómokstur kemur það fram í skýrslunni, að þær hafa verið rýmkaðar nokkuð á s. l. ári. Þær hafa verið rýmkaðar að því leyti, að það er heimilt að annast mokstur á fleiri vegum heldur en áður var. En reglurnar eru ekki það ýtarlegar, að af rn. hálfu sé sagt, hvenær eigi að moka og hvenær ekki. Á árinu 1967 var varið 20 millj. kr. í snjómokstur, og það er vitanlega alltaf takmarkað fjármagn, sem til er að láta í snjómokstur. Veturnir eru misjafnlega snjóþungir og það fellur misjafnlega mikill snjór á einstaka landshluta. Þetta verður þess vegna að vera framkvæmdaratriði í höndum vegamálastjóra að langmestu leyti, og hann verður að haga framkvæmdinni eftir því, sem skynsamlegast er. Það getur verið, að það falli meiri snjór á Vestfjörðum 1968 heldur en nokkurn tíma áður, og þá verður að láta meira fé í snjómokstur þar heldur en fyrr. Það getur orðið meiri snjór á Austurlandi heldur en nokkru sinni áður, þá verður vitanlega að láta meira fé í snjómokstur þar. Og þannig getur þetta breytzt frá ári til árs með hina ýmsu landshluta. Á aðalvegunum, þeim sem við getum kallað aðalvegi, þar er ríkinu heimilt að kosta mokstur að öllu leyti, en hliðarvegirnir eru ekki kostaðir nema að nokkru leyti af ríkinu og að nokkru leyti af sveitarfélögunum. Og nú verður það að vera eftir mati vegamálastjóra, sem á að sjá um framkvæmdirnar og sem hafi fengið sér heildarlínur um reglur fyrir snjómokstrinum, hvernig framkvæmdin er. Upplýsingar um þetta nánar getur hann bezt gefið, þar sem hann hefur reynsluna og á að sjá um framkvæmdina á því. En það, sem rn. hefur gert, er að heimila að annast mokstur á talsvert lengri vegalengd heldur en áður var.

Hv. 1. þm. Vestf. talaði um það, að það hefði vantað allt að 3 millj. kr., held ég hann hafi sagt, til þess að staðið væri við Vestfjarðaáætlunina í vegagerð, 2.3 millj. var það. (Gripið fram í.) Jæja, en þetta var 2.1 millj. kr., og það var aðallega á Þingmannaheiðinni, sem þetta var látið vanta. En ástæðan fyrir því, að þetta var, var ekki vegna þess, að það væri ekki staðið við Vestfjarðaáætlunina. Það varð að útvega alveg nákvæmlega jafnmikið fé til Vestfjarðaáætlunarinnar eins og fyrirhugað var, þegar Vestfjarðaáætlunin var ákveðin. Það var tekið að láni í Evrópusjóðnum, 500 þús. dollarar. En Vestfjarðaáætlunin ætlar að reynast nokkuð dýrari heldur en hún var fyrst, þegar hún var gerð, og þess vegna hefur jafnvel verið talað um það, að Vestfjarðaáætlunin yrði ekki 4 ára áætlun heldur gæti svo farið, að hún yrði 5 ára áætlun, eða a. m. k. það þarf að útvega eitthvað meira fjármagn heldur en ætlað var í fyrstu til þess að ljúka þeim verkum, sem í Vestfjarðaáætluninni eru. Og í tilefni af því, að hv. þm. talaði um, að það gerði nú ekkert til, þó þessa peninga hefði vantað á s. l. ári, ef þeir kæmu til nota á næsta ári, þá vil ég segja það, að mér dettur ekki annað í hug en að staðið verði við Vestfjarðaáætlunina eins og hún var útbúin í fyrstu. Og mér þykir ákaflega vænt um það, að nú er ekki lengur deilt um það, hvort Vestfjarðaáætlunin er til, en það var gert í fyrra, og hv. 1. þm. Vestf. virtist þá ekkert vita, hvað Vestfjarðaáætlunin væri. En nú talar hann um Vestfjarðaáætlunina sem staðreynd og tekur eftir því, að það vantaði 2.3 millj. kr., sagði hann, sem er ekki nema 2.1, til þess að fullnægja því, sem í áætluninni felst. Satt að segja, þá var ég nú undrandi í fyrra, þó að ég legði ekki orð í belg, þegar þm. hafði ekki komið auga á þetta mikla hagsmunamál Vestfjarða, því að þetta er ekkert lítið atriði fyrir Vestfirði að fá allt þetta fé í vegina, í hafnirnar og í flugvellina til þess að bæta samgöngurnar og til þess að bæta aðstöðuna til búsetu í þessum landshluta. Og ég var ekki í nokkrum vafa um það, þegar Vestfjarðaáætlunin kom til umr., að þetta væri mjög nauðsynleg framkvæmd. Og ég efast ekkert um það, að hv. þm. hefur frá því fyrsta verið alveg samþykkur því, þótt hann teldi hér í fyrravetur, svona rétt fyrir kosningarnar, ekki ástæðu til að vera að tala um Vestfjarðaáætlunina sem eitthvert stórafrek, af því að hann hafði ekki sjálfur komið svo mikið við sögu, þegar var verið að koma þessu máli af stað.

Hv. 1. þm. Vestf. undraðist það, að það hefðu ekki verið tekin eins mikil lán til framkvæmda á s. l. ári eins og heimilt var að gera skv. vegáætluninni. Hv. þm. veit, að það voru samþykktar ýmsar brtt. til lántökuheimildar í vegáætluninni, án þess að það væri nokkurt loforð fyrir því af stjórnarinnar hálfu að nota þessar heimildir. Og það þarf hv. þm. ekkert að undrast, þó að heimildirnar væru ekki allar notaðar. Framkvæmdir á s. l. ári í vegamálum, bæði fyrir það fé, sem var veitt beint, og lántökur á því ári til vegamála, voru miklar og meiri heldur en áður. Og þótt það væri heimild til þess að taka lán til ýmissa framkvæmda, þá lá það aldrei fyrir að nota allar þær heimildir. Það var vitanlega matsatriði, hvað væri hægt að ganga langt í lántökum, enda þótt hv. þm. og fleiri gætu fært rök að því, að það væri æskilegt að koma þeim málum fram, sem heimilt var að taka lán til.

Hv. þm. fann að því, að ekki var yfirlit í skýrslunni um vaxtagreiðslur og afborganir til ýmissa véla. Það er rétt, þetta er ekki prentað í skýrslunni, en það hefði gjarnan mátt gera. En þetta liggur vitanlega alveg ljóst fyrir, og verstar vaxtagreiðslur eru til Reykjanesbrautar, vegna þess að það er stærsta lánið, sem á henni hvílir, eins og kemur fram í skýrslunni. Á árinu 1968 er gert ráð fyrir, að vextir af Reykjanesbraut nemi 18.9 millj. kr., og reyndar meira, ef nýi vegurinn í Breiðholti er reiknaður með. Þá eru þetta um 19.7 millj. kr. vaxtagreiðslur á næsta ári, og það er lang stærsti pósturinn af þeim vöxtum, sem verður að greiða vegna lántöku í vegi. Hv. þm. gaf það í skyn, að þessi vaxtabyrði væri til þess að draga úr framkvæmdafé til vegagerðar. En vaxtagreiðslurnar til Reykjanesbrautar hafa aldrei verið teknar af fram-

kvæmdafénu. Það dregur ekkert úr framkvæmdafénu. Það hefur verið varið 10 millj. kr. til hraðbrauta, og svo eru tekjur af Reykjanesbrautinni, og svo hafa lánin til Reykjanesbrautarinnar verið raunverulega lengd með því að taka ný lán til þess að borga afborganir af eldri lánum, og þannig lækka lánin á Reykjanesbraut ekki eins ört og ætla mætti. Þetta vildi ég, að kæmi hér fram, vegna þess að hv. 1 þm. Vestf. talaði um, að þessar vaxtagreiðslur væru til þess að draga úr framkvæmdafé, framkvæmdum til annarra vega. Ef við tökum vaxtagreiðslur til þjóðbrauta, þá eru þær áætlaðar á árinu 1968, til Siglufjarðarvegar 4 millj. 383 þús., til Ólafsfjarðarvegar 1 millj. 100 þús., til Ólafsvíkur 550 þús., til Suðurfjarðavegar 543 þús., og svo er það Vestfjarðavegur, sunnan Þingmannaheiðar 210 þús. og Breiðadalsheiði 893 þús. Ef við tökum afborganirnar, þá eru afborganir á Reykjanesbraut áætlaðar á árinu 1968 34 millj. og þjóðbrautum, þ.e. Siglufjarðarvegur 4 millj. 869 þús., Ólafsfjarðarvegur 833 þús., Ólafsvík 493 þús., Suðurfjarðavegur 611 þús. Sams konar yfirlit er hér líka yfir landsbrautirnar, sem er miklu minna, á landsbrautum eru vextir samtals á næsta ári 1.1 millj. og afborganir 89 þús.

Ég vona, að hv. þm. láti sér þessar upplýsingar nægja í sambandi við vaxta- og afborganagreiðslur. Ég held, að það hafi verið hv. 1. þm. Vestf., sem dvaldi nokkuð við Reykjanesbrautina og hallann af henni, en ég hef ekkert að segja um það, umfram það, sem kemur hér fram í skýrslunni, sem gerir ýtarlega grein fyrir því og skýrir það að öllu leyti.

Hv. 5. þm. Austf. talaði um, að það væri ekki sá árangur af vegáætluninni, sem hann hefði vænzt, þ. e. a. s. um framkvæmdir. Og hann minntist á það, að það væri lántökuheimild til Austurlandsvegar, það voru þrjár millj. kr., sem ekki var notuð, og nú spurði hann að því, sem í sjálfu sér var ekkert óeðlilegt, hvort þess mætti vænta, að þessi lánsheimild yrði notuð á þessu ári. Ég get ekkert sagt um það enn þá, vegna þess að framkvæmdaáætlun ríkisstj. er enn ekki fullgerð. Ef á að nota þessa lántökuheimild verður þessi upphæð að komast inn í framkvæmdaáætlunina, en janúar er ekki enn liðinn, svo það er ekki að búast við því, að framkvæmdaáætlunin fyrir árið liggi fyrir. Þessi sami hv. þm. talaði um vaxtaþungann, að hann skerti framkvæmdafé, en ég held, að hv. þm. geri of mikið úr þessu og geri minna úr því eftirleiðis, þegar þeir átta sig á því, að aðalupphæðin, sem er á Reykjanesbraut, er ekki með í þessu. Þá spyr hv. þm. að því, hvernig sé hugsað að standa að næstu vegáætlun og undirbúningi vegna hennar. Það má nú segja, að það væri eðlilegt, að það svar lægi á lausu, þar sem það ber að semja nýja vegáætlun á næsta vetri og leggja hana fram helzt í byrjun næsta þings. En ef ég á að segja hreinskilnislega, er ekki farið að undirbúa þessa áætlun enn. Það liggur ekki fyrir, og ég get þess vegna ekki sagt um það, hvernig með það verður farið. Hitt er annað mál, að ég get látið þá skoðun mína í ljós nú strax, að ég óska eftir sem beztu samkomulagi um það, þegar að því kemur.

Hv. 1. þm. Vesturl. talaði einnig um lántökur, og minnti á það, að það hefði verið lántökuheimild til Heydalsvegar og Klofnings- og Skarðsstrandarvegar, lánsheimild, sem ekki var notuð, og þm. var ekki ánægður með það, en ekkert er annað að segja um þetta en það, sem ég hef áður sagt, að það hafði aldrei verið gefið fyrirheit um að nota þessa heimild, þótt hún væri tekin inn í áætlunina, og um það, hvort hún verði notuð á þessu ári, hef ég ekki annað svar en það, að ég get ekkert um það sagt, vegna þess að framkvæmdaáætlunin er ekki til, og ég efast ekki um, að það er rétt, sem hv. þm. sagði hér áðan, að þessir vegir eru nauðsynlegir, og mikil samgöngubót að því, ef það væri hægt að vinna mikið í þeim og gera þá góða. En ég get ekkert um það sagt, hvort mögulegt verður að taka inn í framkvæmdaáætlunina svo og svo mikið af lánsfé til þessara eða annarra vega. Það liggur ekki fyrir enn, og verður vitanlega að fara eftir því, hverjir möguleikar á því verða, þegar farið verður að semja framkvæmdaáætlunina og ganga frá henni.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að geta þess fyrst, að ég átti þess ekki kost að vera staddur á fundi, þegar vegaskýrslan var tekin fyrir hér í Sþ. s. l. föstudag. En þannig stóð á því, að um það leyti, sem umr. átti að hefjast um vegáætlunina, var ég ásamt nokkrum þm. öðrum kvaddur á nefndarfund, og sá nefndarfundur stóð allan tímann, sem fundur stóð um þann dag. Þar var tekið til meðferðar mál, sem formaður n. og sjálfsagt fleiri töldu að lægi mjög mikið á að afgreiða úr n., Nd.-mál, og vildi afgreiða á þeim fundi eftir að undirbúningsvinna hafði farið fram, sem og var gert. Og við töldum okkur þess vegna ekki fært, nm., annað en að mæta og vera til staðar. Reyndin hefur hins vegar orðið sú, að það er enn ekki búið að skila nál. frá þeirri n., þannig að þetta hefur ef til vill ekki verið svo aðkallandi sem talið var, en ég nefni þetta, bæði til þess að skýra það, að ég var ekki viðstaddur á þessum fundi, og eins vegna þess, að ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, að hann eigi hlut að því við nefndarformenn og sjái um, að deildarforsetar eigi hlut að því við nefndarformenn, að n.-fundir um áríðandi mál séu ekki boðaðir á þeim tíma, þegar þm. þurfa að vera staddir á fundum í Sþ. eða á deildarfundum, enda virðist það óþarft. Jafnframt vildi ég þá nota tækifærið til að beina því til hæstv. forseta, að mér sýnist, að afgreiðsla mála í Sþ. gangi mjög hægt að þessu sinni, eins og hún hefur raunar stundum gert áður í seinni tíð. Það er ekki nema lítill hluti af málum, að ég ætla, af þeim sem lögð hafa verið fyrir Sþ., sem búið er að afgreiða til n. enn, þó að töluvert sé nú liðið á þing. Ég veit, að undir þetta mundu margir hv. þm. vilja taka, sem flutt hafa mál. Þetta er í sjálfu sér ástand, sem ekki er viðunandi. Svo sýnist það a. m. k. óþarfi að hafa ekki fund á virkum dögum í Sþ. eða d., á meðan fjöldi mála liggur þar óafgreiddur. Um

þetta atriði í sambandi við vinnubrögð þingsins skal ég nú ekki hafa fleiri orð, en þetta, sem ég nefndi áðan, var ástæðan til þess, að ég heyrði ekki ræðu hæstv. samgmrh. á síðasta fundi, þegar hann gerði grein fyrir skýrslunni, og ekki heldur þær umræður aðrar, sem þá fóru fram. Má því vera, að ég endurtaki eitthvað af því, sem þá hefur verið sagt og væri þess vegna óþarfi að vera að tala um, og þóttist ég reyndar heyra það af svörum hæstv. ráðh. áðan, að eitthvað af því hefði verið nefnt, sem ég hafði hugsað mér að minnast á. Eigi að síður mun ég nú gera það, lauslega a. m. k.

Ég vil í því sambandi byrja á að vekja athygli á því eða minna á það, að ég tók ekki eftir, að hæstv. ráðh. svaraði fsp., sem fram komu áðan á fundinum, frá hv. 4. þm. Norðurl. e. Það var spurning hans um það, hvort nokkuð hefði verið gert í sambandi við veginn á milli Akureyrar og Dalvíkur, og vitnaði hann í því sambandi til fundar, sem umboðsmenn Efnahagsstofnunarinnar héldu fyrir tveim árum með sveitastjórnum á Norðurlandi. Ég mundi þá einnig vilja bæta við sams konar eða hliðstæðri fsp. varðandi Þingeyjarsýslubraut, því að á þessum fundum fulltrúa Efnahagsstofnunarinnar með sveitarstjórnum á Norðurlandi var einnig allmikið rætt af þeirra hálfu um nauðsyn þess að byggja upp Þingeyjarsýslubraut. Hin fsp., sem hv. þm. gerði, var varðandi ályktun Alþ. um þungaflutning í snjó, sem samþykkt var eftir till. hv. fyrrverandi þm., Hjartar Þórarinssonar, og sem við töldum margir þm. á þeim tíma, að væri aðkallandi mál, að athuganir og rannsóknir færu fram á þessu sviði, varðandi þungaflutninga í snjó, og það var vakin athygli á því þá, ef ég man rétt, af flutningsmanni till., að ætla mætti, að erlendis, í þeim löndum þar sem snjóalög eru mikil, þ. e. a. s. í norðlægari löndum, og einnig hjá þeim aðilum, sem eru athafnasamir í suðurheimskautslandinu, mundi vera ýmislegt nýtt á tæknisviðinu.

Ég ætla svo næst að minnast á það, sem mér skilst, að hafi borizt í tal hér áður um sundurliðun vegaviðhaldsins. Í þeirri skýrslu, sem hæstv. ráðh. hefur lagt fram, er vegaviðhald ársins 1967, eða kostnaður við vegaviðhald ársins 1967, tilgreint í einu lagi, og það er sami hátturinn eins og hefur verið, að ég ætla, í vegaskýrslum undanfarin ár, að tilgreina þennan kostnað í einu lagi. Ég þykist heyra, að það hafi verið spurt að því, hvort ekki væri hægt að tilgreina kostnaðinn sundurliðaðan, þ.e.a.s. kostnað við einstaka vegi. Og hæstv. ráðh. sagði í því sambandi, að það væri ekki hægt, eins og sakir stæðu, en að í fórum Vegamálaskrifstofunnar mundu vera sundurliðunartölur um árið 1966, ef ég hef tekið rétt eftir, og að þær mundu verða prentaðar síðar. Þær tölur væru um einstakar sýslur en ekki um einstaka vegi. Nú vil ég fyrir mitt leyti leggja töluverða áherzlu á það, að úr þessu verði, að skýrsla um viðhaldið væri birt sundurliðuð, og vildi spyrjast fyrir um það, hvort ekki sé hægt að gera það, þó það sé ekki gert nú í sambandi við þessar umr., þá síðar á þingi, að birta skýrslu um viðhaldið sundurliðaða eftir vegum. Hæstv. ráðh. var eitthvað að tala um það hér áðan, að þingið gæti ekki við áætlunargerð sundurliðað kostnaðinn, og það er auðvitað alveg rétt, og mér sýnist, að það sé alveg rétt, það geti þingið ekki gert, eða að minnsta kosti eigi erfitt með að gera það, en þó vegaviðhaldinu sé ekki skipt í sjálfri vegáætluninni, þá á það auðvitað ekki að koma í veg fyrir, að hægt sé að gera um það sundurliðaða skýrslu eftir árið, þ.e. um kostnaðinn. Og þó ég kæmist svo að orði áðan, að það mundi örðugt að tilgreina fyrirfram í vegáætlun þær upphæðir, sem ættu að fara í einstaka vegi til viðhalds, þá kann nú að vera, að það sé þó unnt að tilgreina einhverjar tölur í vegáætlun, þannig að auk þeirra upphæða, sem veittar væru í einstaka vegi til viðhalds, þá væri ein allsherjarupphæð, sem væri heimilt að nota almennt í vegina. En ég er ekki að ræða um það í sjálfu sér, heldur hitt, að sundurliðun á kostnaðinum liggi fyrir eftir á, þegar viðhaldið hefur farið fram. Það er það, sem ég tel æskilegt. Ég vildi þá jafnframt minnast lítils háttar á snjómoksturinn, sem mér skilst að á árinu sem leið hafi farið upp í 20 millj. kr. Það er ekki fjarri þeirri upphæð. Í viðhaldið er síhækkandi upphæð og komin nokkuð á annað hundrað millj. Það er eiginlega upplýst, að til sé einhvers konar reglugerð um snjómokstur. Þó er það ekki staðfest og útgefin reglugerð, a. m. k. ekki útgefin, en talið er, að þessum reglum um snjómokstur hafi verið breytt nýlega. Reglurnar munu fjalla um það, hvaða vegum megi halda opnum sem kallað er, og hve oft, á kostnað Vegasjóðsins, t. d. einn dag í viku eða einn dag í mánuði, eitthvað þess háttar, en að öðru leyti mun það vera svo, að þegar nauðsyn er talin á því að opna veg, t. d. vegna vöruflutninga, greiðir Vegasjóður a. m. k. oft helming kostnaðarins, en hinn hlutann verður að greiða af öðrum aðilum, einhverjum aðilum í héraði, sveitarsjóði eða sýslusjóði eða aðilum, sem þurfa á þungaflutningunum að halda. Um þetta allt munu vera einhverjar reglur einhvers staðar skráðar, og ég vil minnast á það hér, að ég fæ ekki séð, hvers vegna ekki hentar að birta þessar reglur. Mönnum er ekki alveg sama, hvernig þessar reglur eru, og það skiptir nokkuð miklu, að þær séu réttlátar. Ég vildi gjarnan heyra álit hæstv. ráðh. um það, hvort hann telur nokkuð því til fyrirstöðu, að þessar reglur séu gerðar kunnar. Það má vera, að eitthvað sé því til fyrirstöðu, en það verður þá væntanlega upplýst, ef um það er að ræða.

Eins og hér var eitthvað vikið að áðan, þá voru í vegáætluninni, hinni endurskoðuðu vegáætlun fyrir árin 1967 og 1968, nokkrar heimildir um lántöku til vega. Þar er átt við föst lán eins og þau, sem tekin hafa verið til vega undanfarið, en ekki við þau bráðabirgðalán, sem hafa oft verið tekin og endurgreidd af fjárveitingu á næsta ári. Í vegaskýrslunni, sem hér liggur fyrir, er bæði gerð grein fyrir því, hvað mikið hafi verið notað á árinu, og einnig í sambandi við einstaka vegi skýrt frá því, hve mikið

af föstum lánum hvíli á hverjum vegi í árslok. Það eru ekki nema tiltölulega fáir vegir, sem föst lán hafa verið tekin til eins og kunnugt er. Nú vil ég minna á það í þessu sambandi, sem sérstaklega snertir kjördæmi, að í vegáætluninni fyrir árið 1967 voru tvær heimildir, sem ég get ekki séð, að hafi verið notaðar, til þess að taka fast lán. — Ég get ekki séð það. Það getur verið, að það hafi verið gert, en ég get ekki séð það í þeirri skýrslu, sem liggur fyrir. — Þetta voru ekki stórar upphæðir, það var heimild til þess að taka eina millj. að láni vegna Ólafsfjarðarvegar hjá Dalvík, og heimild til þess að taka 1 millj. kr. lán í aðra þjóðbraut, til Þingeyjarsýslubrautar í Aðaldal. Ég vil geta þess um Dalvíkurveginn, sem fram kom í umr. í fyrra, að sú framkvæmdaþörf er þannig til komin, að þegar búið er að leggja að mestu svokallaðan Múlaveg milli Ólafsfjarðar og aðalþjóðbrautarinnar við Eyjafjörð, eykst mjög umferð um aðalgötuna í Dalvík, og það er ekki sú gatnagerð þar, að hún megi við því að taka þeirri umferð, og er því óþægilegt, að hún komi þar. Þess vegna hefur verið gert ráð fyrir sérstöku vegamannvirki hið næsta Dalvík, sem mun kosta um 2 millj. kr., því var einnig heimilað að taka 1 millj. kr. að láni árið 1968. Á árinu 1968, þ.e.a.s. á yfirstandandi ári, var einnig heimilað að taka hálfa millj. kr. að láni í viðbót til Þingeyjarsýslubrautar í Aðaldal og hálfa millj. til byggingar sömu brautar milli Jökulsár og Þórshafnar í N-Þingeyjarsýslu. Nú kemur það fram í því, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að þetta, sem á vantar heimildarupphæðina í vegáætluninni, eru heimildir, sem ekki hafa verið notaðar á árinu. Og hæstv. ráðh. sagði, að þessar heimildir, a. m. k. einhverjar af þessum heimildum, væru ekki í framkvæmdaáætlun ríkisstj. Þær voru bara settar í vegáætlunina, en þær voru ekki settar í framkvæmdaáætlunina. Nú er svo ákveðið í vegalögum, ef ég man rétt, að vegáætlun sé tvenns konar, það sé áætlun um framkvæmdir, sem unnar væru fyrir fé úr Vegasjóði, og það sé áætlun um framkvæmdir, sem unnar séu fyrir lánsfé. Ég hef litið svo á, að það eigi að fara eftir þessari áætlun, hvort sem þar er um fyrsta eða annan kafla að ræða, en þó að sjálfsögðu með þeim fyrirvara, að hæstv. ríkisstj. geti fengið þau lán, sem þar er um að ræða. Hún verður að geta fengið lán. En ég vildi spyrja hæstv. ráðh., hvort hann teldi ekki, að vegáætlunin, sem gerð er af Alþ. samkv. lögum, hvort það sé ekki litið svo á, að hún sé nokkuð rétthá, hvort hann líti ekki svo á, að ef ríkið gerir einhverja sérstaka framkvæmdaáætlun eða sú ríkisstj., sem situr að völdum, beri henni nú eiginlega að taka þá vegáætlun, sem Alþ. hefur samþykkt, inn í framkvæmdaáætlun ríkisins eða hvort svo sé litið á, að þetta sé öfugt, að vegáætlunin, sem samþ. er af Alþ., eigi að víkja fyrir vilja þeirra, sem setja saman á einhverjum tíma framkvæmdaáætlun ríkisins? Þetta finnst mér nú fróðlegt að fá upplýst, hvernig hæstv. ráðh. lítur á það mál, því að það er auðvitað mál, sem okkur öll varðar og þm. er nauðsynlegt að vita, hvaða skilning hæstv. ríkisstj. hefur á þessu atriði til þess, að þeir geti gert sér grein fyrir, hvort þeir sætta sig við þann skilning eða vilja koma í veg fyrir, að sá skilningur verði áfram.

Það er talið í vegaskýrslunni, að skuldir Vegasjóðs, þ. e. a. s. föst lán, sem hvíla á Vegasjóði, hafi verið í árslok 1967 sem næst 330 millj. kr. Ég hygg, að það sé rétt athugað samkv. skýrslunum. En þess er jafnframt getið, að sú upphæð sé miðuð við gamla gengið á erlendum gjaldeyri, þannig að ef ýmsar þessar upphæðir, sem eru í erlendum gjaldeyri, væru umreiknaðar eftir gengisbreytinguna, mundi hér vera um nokkuð hærri upphæð að ræða, og mætti ætla, að hún yrði þá e. t. v. nálægt 400 millj. En þetta er ekki nánar tilgreint í skýrslunni nema í sambandi við lánið til Reykjanesbrautar, þar sem sagt er, að vegna gengisbreytingarinnar hækki skuldin á Reykjanesbraut úr 231.6 millj. upp í 264.2 millj. og að það lán sé í dollurum. Þessar skuldir, sem nú hvíla á Vegasjóðnum, eru allar vegna nokkurra vegaframkvæmda, sem taldar höfðu verið aðkallandi og nauðsynlegar, en á vegafjárveitingunum eða nýbyggingarfjárveitingunum hvílir svo önnur tegund af lánum, bráðabirgðalánin, sem eru eitthvað 12—13 millj. kr. í árslokin, sem menn hafa venjulega útvegað í héraði og eiga að greiðast á næstu fjárveitingum.

Nú upplýsti hæstv. ráðh. það, að sú aðferð hefði verið viðhöfð, sem ég vil ekki átelja á neinn hátt, að standa straum af afborgunum og vöxtum af þessum föstu lánum í einstaka vegi með því að taka ný lán. En eins og sakir standa og áður en breyting er á því gerð, verður sjálfsagt þannig litið á, að öll þessi föstu lán, 400 millj. kr. eða svo, hvíli á Vegasjóðnum. Ég er því út af fyrir sig engan veginn mótfallinn nema síður sé, að tekin séu föst lán til vegagerðar hér á landi, en ég tel það ekki færa leið til frambúðar að ætla Vegasjóðnum að greiða vexti og afborganir af þessum föstu lánum. Það fé, sem til nýbygginga er ætlað á vegum, þ. e. a. s. á þjóðvegum ár hvert um þessar mundir, er ekki nema í kringum 60 millj., svona frá 50—70 millj., eða hefur verið undanfarin ár, og af þessu fé er auðvitað ekki hægt að taka fé til þess að greiða vexti og afborganir af hækkandi föstum lánum. Það verður að standa straum af þeim á annan hátt, og ég hef rætt það nokkuð í sambandi við annað mál, sem ég á þátt í að flytja hér í Sþ. En ég vil einnig benda á annað í sambandi við þessar lántökur. Það er sjálfsagt ekki ágreiningur um það, að þau verk, sem unnin hafa verið fyrir lánsfé, t. d. Reykjanesbrautin, sem kostar um 300 millj., Siglufjarðarvegurinn o. fl., að það séu hinar þörfustu framkvæmdir, og fyrir öllum þessum framkvæmdum hefur verið mikill áhugi, bæði í hlutaðeigandi landshlutum og eins hér á hinu háa Alþ. En þó lít ég svo á, að í framtíðinni verði að fara öðru vísi að í þessum málum. Það er ekki aðferð til frambúðar að taka út úr eins og eina framkvæmd einhvers staðar á landinu, sem einhverjir menn hafa áhuga fyrir og ríkisstj., sem þá situr, kannske sýnist, að eigi að ganga fyrir öðru, og

taka til hennar föst lán eða verja til hennar stórfé á annan hátt. Uppbygging þjóðvegakerfisins verður að gerast þannig, að menn hafi fyrir fram yfirlit um það heildarverkefni, sem þarf að vinna, sem þjóðin á fyrir höndum á komandi árum. Og ég mundi álíta það heppilegt áður en áfram er haldið á þeirri braut að verja mjög háum fjárhæðum, kannske eins háum eins og öllu því, sem varið er til allra nýbygginga á landinu úr Vegasjóði á einu ári í eina framkvæmd eða svo einhvers staðar á landinu, hvar sem það er, þá eigi að fá þetta yfirlit. Það eigi að gera þessa heildaráætlun um byggingarþörfina, og með tilliti til hennar og í samræmi við þá heildaráætlun, sem gerð yrði, eigi að vinna að fjáröflun til þessara mála ár hvert. Þetta vil ég segja, af því að verið er að ræða þetta mál, ekki beint í tilefni af þeirri skýrslu, sem hæstv. ráðh. hefur lagt fyrir þingið — hún gefur ekki út af fyrir sig beint tilefni til þess, — en af því að þetta mál er hér til umr., vegagerðin á árinu 1967 og einstakir þættir vegagerðarinnar á undanförnum árum, sem koma inn í þessa mynd.

Ég held, að það sé nú ekki fleira, sem ég tel ástæðu til þess að minnast á að svo stöddu, en geri það e.t.v. síðar í umr., ef þær halda áfram og tilefni verður til.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það var nú fyrir mér líkt og síðasta hv. ræðumanni, að ég gat af sérstökum ástæðum ekki heyrt alveg alla ræðu hæstv. samgmrh., þegar hann talaði fyrir vegaskýrslunni, svo að það má vel vera, að hann hafi komið inn á það, sem ég ætla að spyrja um, en ég verð nú samt að minnast aðeins á nokkur atriði.

Þessi atriði, sem ég ætlaði að minnast sérstaklega á, eru í sambandi við Suðurland, og eru nokkrar fsp. til hæstv. samgmrh. Í vegaskýrslunni kemur það fram, að Þrengslavegur hefur haft 3.2 millj. kr. fjárveitingu og af þessari fjárveitingu hefur 2.4 millj. verið ráðstafað til almennrar fjáröflunar til vegaframkvæmda samkv. framkvæmdaáætlun ríkisstj., en 0.8 millj. til greiðslu vaxta og afborgana af lánum til Suðurlandsvegar frá 1966. Nú langaði mig að spyrja um það, hvenær vænta megi, að Þrengslavegur fái þetta fé aftur endurgreitt. Ég veit, að vegurinn þarf mjög á því að halda. Það vantar enn þá nokkuð á, að uppbyggingu hans sé lokið, og nú hin síðustu misserin hefur þessi vegur verið mjög mikið notaður, sérstaklega að vetrinum til, síðan hætt var að moka snjó af Hellisheiði. Það má segja, að Þrengslavegur sé farinn allan veturinn, og þá fer það nú svo, að vegna þess sérstaklega, að hann er ekki að öllu leyti fullgerður, verður hann stundum allslæmur yfirferðar. Honum veitti því sannarlega ekki af því að fá talsverðar umbætur, og ég geri ráð fyrir, að þetta fé mundi ekki einu sinni duga til þess, og þess vegna vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. um það, hvenær vænta megi þess, að hann fái þetta fé og haldið verði áfram framkvæmdum við hann.

Þá langar mig enn fremur til þess að vita, hvað skuldin er mikil, sem hvílir á Suðurlandsvegi. Ég sé, að þarna er varið af þessu fé, sem Þrengslavegurinn átti að fá, 0.8 millj. til greiðslu á afborgunum og vöxtum frá 1966. Þá eru á vegáætlun verulegar lántökuheimildir til vega á Suðurlandi. Það er þá fyrst að geta um Suðurlandsveginn sjálfan, að þar er lántökuheimild á árinu 1967 upp á 17½ millj. kr. Ég sé, að það hefur ekki verið notað eða það sést ekki í áætluninni, að þessi upphæð hafi verið notuð, heimildin hafi verið notuð. Að vísu er sagt hér í áætluninni, að það hafi verið gerð frumáætlun um kaflann Lækjarbotnar—Svínahraun, og um Blesugróf—Rauðhóla og það hafi verið gerðar undirbúningsathuganir og áætlunargerðir og jarðvegskönnun frá Blesugróf um Hellisheiði að Selfossi og grunnmælingar á þessari leið og gerð loftmyndakorta sé nú að hefjast. Sjálfsagt hefur þetta allt kostað nokkurt fé, og mig langar til þess að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðh., hvað þessar undirbúningsframkvæmdir, sem þarna hafa verið gerðar, hafi kostað mikið fé.

Ég veit, að hæstv. ráðh. hefur ekki síður áhuga heldur en ég á því, að bæta samgöngur austur um Suðurlandsundirlendið. Ég hef oft heyrt hann tala um það fyrr og síðar, hversu það væri nauðsynlegt, og heyrt hann tala um það, að þetta verk yrði að gera með lántöku. Ég er honum alveg sammála um það, að þetta verk verður ekki framkvæmt öðru vísi heldur en með lántöku. Umferðin hefur aukizt alveg gífurlega á þessum vegi, og við vitum það, sem ferðumst um þennan veg, sérstaklega á sumrin, hvað hann er þá vondur, þegar ofaníburðurinn rýkur úr honum og eftir verður aðeins grjótið og undirstaðan. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að hefja sem allra fyrst framkvæmdir í því að gera hér varanlegan veg frá Reykjavík austur að Selfossi, og ég vil segja, að sá vegur, þær varanlegu framkvæmdir, þurfi að ná austur að Hvolsvelli alla leið, það sé alveg lágmark að koma varanlegum vegi þangað. Þessar 17½ millj. kr., sem var lántökuheimild fyrir, hafði ekki verið notuð, og nú vildi ég spyrja hæstv. ráðh., hvað er nú fyrirhugað að gera á þessu ári. Er nú fyrirhugað að ráðast í einhverjar verulegar framkvæmdir á þessu ári og nota þær lántökuheimildir, sem fyrir hendi eru til þess? Ég álít, að hér þurfi sem fyrst að bregðast vel og hraustlega við í þessum efnum og taka þarna til starfa, og ég veit það, að hæstv. samgmrh. hefur áhuga fyrir því. Þá voru smávegis lántökuheimildir til nokkurra annarra vega á Suðurlandi, það var Gullfossvegur, Eldhraunsvegur og Mýrdalsvegur, það var ½ millj. kr. í hvern þessara vega, veitt lántökuheimild á s. l. ári, og í Þykkvabæjarveg 200 þús. kr. lántökuheimild. Þetta hefur ekki, sýnist mér, verið notað, og ég hefði hug á því að fá að vita, hvað sé nú hugsað að gera á þessu ári, hvort hugmyndin sé sú að nota þessar lántökuheimildir og leggja þarna í framkvæmdir. Ég veit, að Sunnlendingar hafa yfirleitt mikinn áhuga, eins og yfirleitt allir landsmenn, á því að fá bættar samgöngur. Mér dettur ekki í hug að ætlast til þess, að það sé

hægt að gera allt í einu, hvorki hjá okkur Sunnlendingum né öðrum, en mér finnst vera til lítils að vera að samþykkja hér á hinu háa Alþ. heimildir til handa ríkisstj. um lántökur til nauðsynlegra framkvæmda, þegar lítið sem ekkert af þessum heimildum er notað, og það vekur óneitanlega þá spurningu í hugum manna, hvort ríkisstj. hafi ekki lánstraust, hvort hún hafi ekki getað fengið þessi lán, því að ég er ekki í neinum vafa um það eins og ég hef sagt áður, að það vantar ekki áhuga fyrir framkvæmdum hjá henni.

Nú finnst mér, að þurfi eiginlega í raun og veru að leggja kannske enn ríkari áherzlu á það að nota þessar lántökuheimildir líka með tilliti til atvinnuspursmálsins. Nú hefur, eins og kunnugt er, þrengzt um á atvinnusviðinu og þá væri nú e.t.v. rétt að nota tækifærið og reyna að lífga atvinnulífið upp með því að leggja í ýmsar framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru, eins og t. d. í samgöngumálum, nýjar vegagerðir og endurbætur á vegakerfinu.

Ég held, að ég sjái ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, vonast til þess, að hæstv. ráðh. veiti þær upplýsingar, sem ég bað um.

Umr. frestað.

Á 32., 34., 38., 40., 41., 43. og 44. fundi í Sþ., 31. jan., 7., 14., 21., 28. febr. og 6. og 13. marz, var skýrslan tekin til frh. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 20. marz, var umr. um skýrsluna enn fram haldið.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er orðið nokkuð langt um liðið síðan vegaskýrslan 1967 kom til umr. hér í Sþ. Það var 26. jan., sem hæstv. samgmrh. fylgdi málinu úr hlaði. Ég bar þá fram nokkrar spurningar fyrir hæstv. samgmrh. um framkvæmd vegamálanna 1967. Ég óskaði jafnframt eftir því, og það gerðu reyndar fleiri þm., að umr. færi fram á tveimur þingfundum með stuttu millibili, svo að hæstv. ráðh. gæfist kostur á að hafa handbærar þær upplýsingar, sem spurt var um á hinum fyrra fundi. Við þessu var orðið. Var málið svo til umr. í annað sinn 4 dögum síðar eða 30. janúar. En það var ekki útrætt þá, og síðan eru nú liðnar 7 vikur. 7 sinnum hefur málið verið á dagskrá og 7 sinnum hefur það verið tekið út af dagskrá án umr. Ég veit ekki af hverju þetta hefur stafað. Mér þykir líklegt, að ef hæstv. samgmrh. hefði haft áhuga á að ræða málið, mundi hann hafa ýtt á það. Ég kemst ekki hjá að rifja upp í fáum orðum það helzta úr spurningum þeim, sem fyrir hæstv. ráðh. voru lagðar, og þeim svörum, sem hann gaf.

Ein af þeim spurningum, sem ég lagði fyrir hæstv. ráðh., var sú, hvernig á því stæði, að ekki hefði verið unnið fyrir nema nokkurn hluta þess lánsfjár, sem samkv. vegáætlun var ætlað Vestfjarðavegi sunnan Þingmannaheiðar, þrátt fyrir það, að féð var handbært. Og ég spurði jafnframt, hvort þessu fé, sem ekki var unnið fyrir þá, yrði ekki bætt við það fé, sem vegurinn ætti að fá á þessu ári. Síðara atriðinu svaraði hæstv. ráðh. á fullnægjandi hátt, á þann veg, að það kæmi ekki annað til mála en vegurinn fengi það fé á þessu ári, sem ekki var unnið fyrir í fyrra. Mér líkar þetta vel, þykir gott að heyra það og vil treysta því, að það skorti ekkert á það fé, sem þessi vegur á að fá samkv. ákvæðum vegáætlunarinnar á því fjögurra ára tímabili, sem rennur út með þessu ári. En með þessum vegarkafla er ætlazt til þess að leggja að fullu niður hina illfæru leið um Þingmannaheiði, sem mörgum er kunnugt um, og það er því full nauðsyn á að notfæra sér þá peninga, sem til eru, til að ná því marki.

Um hitt atriðið, hvers vegna ekki var unnið í veginum í fyrra fyrir það handbæra fé, sem þá var til, verð ég að segja það, að ég skil ekki skýringar hæstv. ráðh. á því fyrirbrigði. Hann segir, að vegagerðin hafi reynzt dýrari en áætlað var. Ég sé ekki, að það komi neitt þessu máli við. Vegáætlun er ekki um það, hversu langa vegi eigi að leggja á hverju ári, heldur er hún aðeins um hitt, hversu miklu fé á að verja í hvern veg, og verði einhver vegur dýrari en hann hefur verið áætlaður, er nauðsynin þeim mun meiri að nota peningana, sem til eru, til að vinna í veginum. Þá sagði hæstv. ráðh., að ráðagerðir væru uppi um það að breyta fjögurra ára áætlun í fimm ára áætlun, og ég skildi hann svo, að hann væri þarna að tala aðeins um Vestfjarðavegina. — Ég er ekki alveg viss um það. Það er hugsanlegt, að hann hafi átt við þjóðvegina yfirleitt í landinu, og væri þá gott að fá vitneskju um það. En ég átta mig ekki á þessari ráðagerð, hvernig fjögurra ára vegáætlun verður nú breytt í fimm ára áætlun, þar sem ný fjögurra ára vegáætlun tekur við af þeirri, sem nú er að renna út með þessu ári samkv. ákvæðum vegal. En hafi hæstv. ráðh. átt þarna við 5 ára áætlun um vegagerð í landinu, skil ég það svo, að nú eigi að koma eins árs vegáætlun næst, í staðinn fyrir fjögurra ára. En til þess þarf breytingu á vegal. Ég átta mig þess vegna ekki fyllilega á þessum hugleiðingum um að breyta fjögurra ára áætlun í fimm ára.

Þá gerði hæstv. ráðh. að umtalsefni og það alveg að tilefnislausu, að nú hefði ég þó loksins komið auga á Vestfjarðaáætlunina. Já, ég hefði nú loksins komið auga á hana, sem ég hefði ekki séð í fyrra, þegar þetta mál bar á góma hér í hv. Alþ. Þó að ég hafi gagnrýnt það, að Vestfjarðaáætlunin væri ekki lögð fram hér á Alþ., var ég ekki að kvarta um að hafa ekki fengið að sjá hana hjá hæstv. ráðh. Nei, hann fer þarna húsavillt. Það var annar hv. þm., sem gerði þetta að umtalsefni í þessum ræðustól fyrir réttum 11 mánuðum síðan. Það var hv. þm. Hannibal Valdimarsson. Hannibal Valdimarsson gerði þetta að sérstöku umtalsefni hér í fyrra, og hélt þá um það mjög athyglisverða og skemmtilega ræðu, sem enginn hæstv. ráðh. bar við að mótmæla í einu eða neinu. Og til þess nú að minna hæstv. samgmrh. á þetta, hver þetta var og hvað hann sagði, ætla ég aðeins með leyfi hæstv. forseta að minna hér á kafla úr ræðu hv. þm. frá því í fyrra. Hann segir:

„Vestfjarðaáætlunin hefur áður dregizt inn í umr. hér á hv. Alþ. og í skýrslu ríkisstj. hefur hún stundum verið nefnd, og þá ekki verið annað að heyra en hún væri fullgerð og eiginlega að mestu leyti komin til framkvæmda, og mætti a. m. k. ætla, að ef hún er fullgerð og verið að framkvæma hana, væri hún a. m. k. kunnug í heild og í einstökum atriðum þm. Vestf." Ég þarf varla að taka það fram, að hv. þm. var þá þm. Vestf. „En það hefur gerzt nokkrum sinnum, þegar þessi áætlun hefur borizt í tal hér á hv. Alþ., að ég hafi gengið mig upp í Efnahagsstofnun og óskað eftir sem Vestf.-þm. að fá áætlunina í hendur. En alltaf hefur það farið svo, að ég hef farið áætlunarlaus til baka og með þær upplýsingar, að áætlunin væri ekki til og hana væri ekki hægt að afhenda. Einu sinni man ég það, að mér var sagt, að það væru að vísu til drög að samgöngumálaþætti hennar á norsku, en það væri ekki búið að þýða hana, þennan kafla enn þá. Ég sagðist kunna dálítið í norsku og mér mundi notast þessi kafli, ef ég fengi hann óþýddan. En þá bar það þriðja að, að það væri ekki hægt, en þá bara af því að það var ekki talið ráðlegt að gera það að sinni, en það skyldi athugað síðar. Núna í desember, rétt fyrir jólafrí þingsins, barst Vestfjarðaáætlunin í tal hér á þingfundi, ég held, að það hafi verið af tilefni hæstv. fjmrh. í sambandi við fjárlög eða einhverja skýrslu, sem hann gaf þinginu, og hann talaði um Vestfjarðaáætlunina sem plagg, sem Norðurlandsáætlunin mundi að einhverju leyti miðuð við og byggð á. Þarna væri komin reynsla í sambandi við Vestfjarðaáætlunina. Ég hringdi því í Efnahagsmálastofnunina í desember í haust og bað í símann um þann mann í stofnuninni, sem hefði sérstaklega með Vestfjarðaáætlunina að gera. Stúlkan, sem svaraði í símann, sagði: Já, það er hann Bjarni Einarsson. Ég gef yður samband við hann. Og ég fékk samband við Bjarna Einarsson. Ég sagði honum, hver ég væri, og óskaði eftir, að ég fengi nú í hendur Vestfjarðaáætlunina, sem unnið hefði verið að í nokkur ár og oft dregizt inn í opinberar umr. Já, því miður, hún er nú ekki tilbúin, og auk þess höfum við fengið fyrirmæli frá ríkisstj. um það að afhenda hana engum. Ekki einu sinni þm. kjördæmisins? spurði ég. Nei, engum. Og til þess að það verði gert, verðið þér að fá heimild ríkisstj. sérstaklega. Svo ræddum við nokkuð um þetta mál, og hann vildi fáar upplýsingar gefa, en sagði: Það er bezt, að ég gefi þér samband við forstöðumann stofnunarinnar, Jónas Haralz. Já, það er ágætt, sagði ég. Og ég fékk síðan samband við forstöðumanninn.

Já, um Vestfjarðaáætlunina. Það hefur ekki verið samin nein Vestfjarðaáætlun, segir hann. Það hefur ekki verið samin nein Vestfjarðaáætlun, segir hann, nema þáttur um vissa þætti samgöngumála, þ. e. a. s. um flugvelli og vegi. Ekki alla þætti samgöngumálanna? spurði ég. Ekki um samgöngur á sjó? Nei, ekkert slíkt snert. Og það er eiginlega ekkert til um þetta annað en þau drög að áætlun, sem norsku sérfræðingarnir gerðu, sem ferðuðust um hér fyrir nokkrum árum til athugunar á undirbúningi á vissum þáttum Vestfjarðaáætlunarinnar. Og hefur ekki verið unnið að áætluninni nú upp á síðkastið? spurði ég. Nei, ekkert síðan 1965, sannast sagna. Þá höfðum við engan vinnukraft til þess að sinna þessu verkefni hérna í stofnuninni. Þetta skrifaði ég niður hjá mér þarna jafnóðum og símtalið fór fram og á það minnisblað í fórum mínum, þótt ég hafi það ekki hér við hendina. En ég hef nokkrum sinnum litið á þetta furðublað og held þess vegna, að ég fari nokkurn veginn rétt með það, sem á því stendur. Þessir þættir samgöngumálanna. Búið er þá eitthvað að vinna og setja á blað? segi ég. Hvað eru meginþættirnir í því? Jú, það er í raun og veru ekkert annað en lántakan og það að verja þessari lántöku eða ákveðnum hluta til flugvallar á Patreksfirði, í Sandodda, og við Ísafjörð og til vegalagningarinnar á milli þessara flugvalla. Það er þátturinn um samgöngurnar, sem unninn hefur verið, og annað felst ekki í honum en þetta. Hinn þátturinn, sem einnig varðar samgöngumálin og atvinnumálin, það er að nokkrum hluta eða réttara sagt, að erlenda láninu hefur að öðru leyti verið varið til hafnarbóta á Vestfjörðum, þ. e. a. s. til Patreksfjarðarhafnar, til Þingeyrarhafnar og til Suðureyrarhafnar. Og núna á s. l. sumri var unnið fyrir þetta lánsfé í Bíldudalshöfn, og til stendur á næsta ári að vinna í Flateyrarhöfn. Hafið þér ekkert meira að upplýsa um þetta? spurði ég. Nei, það er ekkert annað. Vestfjarðaáætlunin, — það, sem til er af henni, — er þetta. Það er hin erlenda lántaka, það eru drög að till. norsku sérfræðinganna og síðan ákvarðanir, sem hafa verið teknar um að verja þessu lánsfé til flugvallanna, vegagerðarinnar á milli þeirra og til nokkurra hafna. Verður unnið að áframhaldi áætlunarinnar? spurði ég. Það var einmitt þá, sem hann svaraði: Nei, við höfum engan vinnukraft til þess, og við þessu verkefni hefur ekki verið snert síðan 1965. Ég fékk ekki þessi slitur af samgöngumálaþætti áætlunarinnar þrátt fyrir það, þó að ég óskaði þess eindregið, og var sagt, að það, sem Bjarni Einarsson hefði um það sagt, væri rétt. Ríkisstj. hefði bannað að afhenda þetta, það litla, sem til væri af drögum að áætlun. Ég verð að segja það, að mér finnst það furðulegt, að það skuli vera árum saman búið að tala um Vestfjarðaáætlunina sem einhverja staðreynd, vitnað til hennar af þm. og ráðh. og meira að segja í opinberum skýrslum til þingheims, og svo skuli það sannast og reynast, að engin slík áætlun er til."

Þetta var kaflinn úr ræðu hv. þm., Hannibals Valdimarssonar, sem ég vitnaði núna í til sannindamerkis um það, að hæstv. ráðh. hefur ekki beint ástæðu til þess að saka mig um, að ég hafi ekki verið búinn að koma auga á þessa Vestfjarðaáætlun í fyrra. Við sjáum nú, hvernig þetta hefur gengið hjá þessum hv. þm. og enginn hefur vefengt eitt einasta orð, sem hann hefur sagt í þessari ræðu. Já, svona fór nú um sjóferð þá hjá hv. þm., Hannibal Valdimarssyni, þegar hann fór á stúfana að reyna

að fá að sjá hjá valdhöfunum Vestfjarðaáætlun. Allir vita, að hún hefur ekki verið birt Alþ. enn, og af einhverjum ástæðum má sennilega ekki birta hana, nema þá hvað snertir lánsfé til veganna. Hún er sennilega nokkurs konar einkaeign og á þess vegna að notast þannig, vera til einkanota. Það hefur hins vegar verið rækilega auglýst, hversu feiknamiklu lánsfé hafi verið varið til vegagerðar á Vestfjörðum, m.a. í vegáætluninni, og rétt er það, mikil bót var af því fyrir Vestfirðinga að fá það lánsfé í vegi, sem fékkst, hvort sem það er kölluð Vestfjarðaáætlun eða ekki, eftir að við Hermann Jónasson voru búnir að berjast fyrir því í 5 ár. En hinu vil ég vekja athygli á, að það er fjarri því, að Vestfirðir hafi sogað til sín mestan hluta af því lánsfé, sem varið hefur verið eða ákveðið hefur verið til þjóðvega. Á því fjögurra ára tímabili, sem núv. vegáætlun hefur gilt, er ráðgert lánsfé samkv. henni, til hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta, samtals 460.9 millj. kr. Af því á að fara til Vestfjarða 35.9 millj. eða tæplega 7.8% af heildarupphæðinni. Og hér er um landshluta að ræða, sem búið hefur við lakasta vegakerfi í landinu, svo að mér sýnist, að hér sé alls ekki um neina ofrausn að ræða, þó að sjálfsögðu sé mikils virði að fá það, sem enn hefur þó fengizt.

Í upphafi þessara umr. spurði ég hæstv. ráðh., hvernig viðhaldsfé þjóðvega skiptist á einstaka vegi 1967. Hæstv. ráðh. svaraði því, að viðhaldsféð væri ekki uppgert fyrir árið 1967, og væri þess vegna ekki hægt að svara þessu. Mér kemur þetta dálítið einkennilega fyrir eyru, vegna þess að hæstv. ráðh. segir sjálfur í þessari vegaskýrslu, sem hér er til umr., á bls. 4, að fjárveiting til vegaviðhalds hafi verið 134 millj. kr. á árinu sem leið, og á bls. 3 segir hann, að viðhaldið hafi farið 5 millj. kr. fram úr áætlun. Ég get ómögulega fengið annað út úr þessu en viðhaldið hafi þá kostað 139 millj., og af þeirri upphæð eru 20 millj. í snjómokstur. Hvernig var nú hægt að fá þessa heildarniðurstöðutölu, ef viðhaldskostnaðurinn var óuppgerður? Auðvitað hefur hann verið uppgerður, eins og bezt var vitað á þessum tíma, þegar skýrslan er gerð. Því aðeins er hægt að segja frá heildarkostnaðinum, og þá hefur líka auðvitað verið uppgerður í öllum aðalatriðum kostnaðurinn á hverjum vegi fyrir sig. Í svari hæstv. ráðh. finnst mér því, að það felist ekkert annað en það, að hann telji ekki þörf á því að láta þm. í té þessar upplýsingar. Ég spurði hæstv. ráðh. einnig að því, hvernig kostnaður af snjómokstri skiptist á einstaka vegi 1967. Þessu svaraði hann bókstaflega engu. Þá spurði ég að því, hvernig væru þessar nýju reglur, sem hæstv. ráðh. hefur sett um snjómokstur, þ. e. a. s. ég spurði að því, á hvaða vegum Vegasjóður borgar nú snjómokstur að fullu, og á hvaða vegum hann borgar hann að hálfu. Svör hæstv. ráðh. við þessu voru efnislega á þá leið, að tíðarfar á Íslandi væri með þeim hætti, að snjóþyngsli yrðu mjög misjafnlega mikil frá ári til árs og það væri ekki hægt að setja neinar reglur fyrirfram um það, hversu oft þyrfti að moka á hverjum vegi fyrir sig. Mér finnst þetta ekki beinlínis neinar fréttir fyrir þm. A. m. k. snertir þetta ekkert það, sem ég var að spyrja um. Mér fannst, að það væri ákaflega auðvelt að svara þessu, á hvaða vegum Vegasjóður borgi snjómokstur að fullu, og á hvaða vegum borgað er að hálfu, samkv. þessum nýju reglum, sem hæstv. ráðh. hefur sett. Það kemur harla lítið hinu við, hversu oft þarf að moka af þessum og þessum vegi eða hvort það snjóar mikið eða lítið. Niðurstaðan um snjómoksturinn er því alveg sama og um vegaviðhaldið, hæstv. ráðh. telur auðsjáanlega ekki nauðsynlegt að láta þm. í té upplýsingar um, hvernig þetta skiptist á einstaka vegi, og heldur ekki, hvernig þessar reglur eru, sem settar hafa verið um greiðslu á snjómokstri. Þá spurði ég, hvernig á því stæði, að í vegáætluninni 1967 var gert ráð fyrir lánsfé til nýbyggingar þjóðvega 138.2 millj. kr., en svo hefur ekki verið unnið nema fyrir 57.6 millj. í sumar sem leið. Þarna vantaði yfir 80 millj. Hæstv. ráðh. svaraði því, að ríkisstj. hefði aldrei lofað neinu um það að nota að fullu þær lánsheimildir, sem Alþ. hefði samþykkt með vegáætlun. Ég held, að þarna gæti allmikils misskilnings. Í vegáætlun felst engin lántökuheimild, enda hefði slík heimild ekkert gildi í þál. Lántökuheimildir verður að samþykkja með sérstökum l. og þetta hefur verið gert. Lánsfjárupphæðir til einstakra vega í núgildandi vegáætlun eru aðeins úthlutun Alþ. og ríkisstj. á þeim lánum, sem hæstv. ríkisstj. hafði áður fengið lánsheimild til með l. og sem hún sjálf hafði flutt frv. um. Í þessum efnum ætla ég, að Alþ. hafi ekki samþ. neitt annað en það, sem hæstv. ríkisstj. hafði áður verið búin að ákveða, fengið heimildir til, og féllst á undir meðferð mála hér á Alþ.

Ég tel því, að ég hafi ekki fengið skýringar á því, að s. l. vor, þegar þessar umr. fóru fram, eða þegar verið var að ganga frá viðbótarvegáætluninni fyrir 1967—1968, að þá segist ríkisstj. í till. sínum ætla að verja yfir 130 millj. kr. lánsfé til nýbyggingar vega. Þannig voru hennar eigin till., sem hún flutti hér í þinginu. En svo kemur það á daginn í fyrra sumar, að það er ekki unnið fyrir nema rúmar 57 millj. Ég tel það enga frekju, þótt spurt sé, hvernig á þessu standi. Hvað gerðist þarna á milli, að þessar 130—140 millj. voru samþykktar og þangað til farið var að framkvæma vegagerðina í landinu á s.l. ári?

Ég hef rifjað upp helztu atriðin, sem ég hreyfði á þeim síðasta fundi, sem þetta mál var rætt, og þau svör, sem hæstv. ráðh. lét í té og ég tel næsta ófullnægjandi að undantekinni einni spurningunni, sem ég fékk svarað að fullu. Ég veit ekki, hvernig stendur á þessu, að hæstv. ráðh. er svo tregur til að láta þinginu í té svona upplýsingar að því leyti, sem það er hægt, og ég álít, að það hafi verið hægt að láta þær í té flestar. Kannske eigi að skilja þetta svo, að það sé bezt fyrir okkur að flytja skriflegar fsp. samkv. þingsköpum og þá fái maður svörin. Það er sjálfsagt að athuga það.

Þá gerði ég í upphafi þessara umræðna að um-

talsefni horfurnar í vegamálunum og taldi, að þær væru vægast sagt heldur óglæsilegar. Fjárveitingar úr Vegasjóði á yfirstandandi ári til nýbyggingar hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta eru samtals 57½ millj. kr., voru ofurlítið hærri í fyrra. En vextir og afborganir af lánum, eftir því sem næst verður komizt, á þessu ári munu verða milli 60 og 70 millj., eða nokkru hærri en allt nýbyggingafé. Viðhald þjóðveganna er nú eins og allir vita og ekki er neinn ágreiningur um, óviðunandi, enda er það vel skiljanlegt, þegar þess er gætt, að bifreiðum hefur fjölgað í landinu á s. l. 5 árum um 17000, eða 67%. Og í ofanálag lengdust vegirnir verulega með setningu vegalaganna 1963, og mætti reyndar bæta því við, að vöruflutningar á landi hafa stórkostlega aukizt, og ég held, að ekkert reyni svo á vegina sem þessir þungu og stóru vörubílar. Mér finnst því, að horfurnar séu þannig, að það verði varla mikið um steypta eða malbikaða vegi núna á næstunni, og það getur orðið æði mikil bið á því, að menn fái hringveg um landið, ef þessu verður haldið áfram eins og nú horfir um fjármál Vegasjóðs. Ég tel því, eins og ég sagði, að horfurnar séu mjög óglæsilegar og það verði ekki við þetta unað, nema með verulega auknum tekjum Vegasjóðs til nýbyggingar vega. Eða fyrir hvaða fé á að byggja nýja vegi, þegar vextir og afborganir af lánunum eru hærri upphæð en allt nýbyggingafé? Og ég veit ekki til, að það sé hægt að borga afborganir og vexti með öðru fé en fjárveitingunum úr Vegasjóði til nýbyggingar vega? Ég gerði þetta að umtalsefni um daginn, og þetta tel ég náttúrlega langsamlega alvarlegasta málið og höfuðatriðið í þessum umræðum, verð ég að segja. Mér fannst hæstv. samgmrh. taka þetta nokkuð létt. Hann virtist eiginlega ekki hafa áhyggjur af þessu. Það getur verið misskilningur minn. Hann sjálfsagt getur haft þær, þótt hann láti ekki á því bera. En út af þessu, að vextir og afborganir eru orðnar hærri en fjárveitingin til nýbyggingar veganna, þá held ég, að hann hafi sagt eitthvað á þá leið, að þó að þurfi að taka lán vegna afborgana og vaxta, sé það ekki alvarlegt, því að það sé í raun og veru jafngilt því og að lengja lán, lengja eldri lán. Ég hef ekki skilið það svo, þegar verið er að lengja lán, að það sé sama og nýjar lántökur. Þegar lengd eru lán, þá skil ég það svo, að lántakandinn fær að greiða lánið upp á lengri tíma. Hann fær ekkert nýtt lán fyrir það. En ef á að líta svona á slíkar lántökur vegna vaxta og afborgana, sem saklausa lengingu eldri lána, er ég hræddur um, að þessi lán geti orðið nokkuð löng á endanum. Að minnsta kosti ætti mönnum að vera það ljóst, að skuldabyrði Vegasjóðs vex ákaflega ört með þessum hætti. Vegaskuldirnar voru á síðustu áramótum samkv. þessari vegaskýrslu um 368 millj. kr. og ráðgerðar lántökur í nýbyggingu vega á yfirstandandi ári samkvæmt vegáætluninni eru 150 millj. Þessar skuldir ættu þá samkvæmt þessu, ef lánin verða tekin, að verða um 518 millj. Mér telst svo til, að ef þessi lán væru öll til 10 ára og vextirnir væru að meðaltali ekki nema svona 7½%, yrði vaxta- og afborganagreiðslan orðin 85—90 millj.; og með hverju á að borga það? Ég veit ekki um neitt annað en nýbyggingafé. Og ég er hræddur um, að það verði ansi erfitt fyrir þann gjaldkera, sem á að fjalla um þessi mál, að borga 85—90 millj. með 60 millj. kr. tekjum. Hins vegar eru lántökur til nýbyggingar vega oft réttmætar og nauðsynlegar og hafa komið að miklu gagni. Það er fjarri því, að það þurfi að mínum dómi að hverfa frá því að taka lán til nýbyggingar vega. En ég lít svo á, að árlegar vaxta- og afborganagreiðslur af lánum megi aldrei verða meiri en einhver hluti af nýbyggingarfénu, svo að það sé í raun og veru hægt að byggja nýja vegi, jafnframt því sem borgað er af hinum eldri lánum. Ef þess er ekki gætt, verður afturför í vegagerð í landinu. Og ástandið eins og það er núna stefnir mjög í þá átt. Ég hef viljað gera þetta að umtalsefni vegna þess, að vegáætlun til 4 ára, á að koma fyrir næsta þing, og það er mikils virði, að hún sé svo undirbúin, fjáröflun, tekjustofnar séu undirbúnir fyrir Vegasjóð, að áframhaldandi þróun og vöxtur geti orðið í uppbyggingu vegakerfisins í landinu. Ég held, að það hefði ekki verið nein vanþörf á því að hefjast strax handa um þetta viðfangsefni, það er svo stórt og mikilsvert.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það er nú langt um liðið síðan umr. um þessa skýrslu hæstv. samgmrh. um framkvæmd vegagerðar á síðastliðnu ári hófust hér í Sþ. Um það er ekkert að sakast, en ég verð að segja, að mér finnst það mjög eðlilegt, að um þessa skýrslu verði töluverðar umr. Þetta er vissulega mál, sem alla varðar. Ástand veganna og vegamálanna er þannig, að það er ekki hægt að komast hjá því að gera þar stærri átök. Það er búið að benda á það í þessum umr., að hér gerist allt í senn á fáum árum. Bílafjöldi vex stórkostlega og þungaflutningar um vegakerfið vaxa mjög. Það er ekki heppileg þróun, að þungavöruflutningar færast svo mjög yfir á okkar veika vegakerfi eins og orðið hefur. Og það er alls ekki óhjákvæmileg þróun, sem ómögulegt er að snúa við, heldur er sú þróun að nokkru leyti heimatilbúin með því, hvernig búið hefur verið að strandsiglingunum umhverfis landið. Það hefur verið látið undir höfuð leggjast til margra ára að búa að þeim málum þannig, að unnt sé að reka strandsiglingar við Ísland á eðlilegan hátt í samræmi við breytta tíma. Við erum hér með gömul skip, sem löngu eru orðin úrelt, og við höfum enga aðstöðu hér við höfnina í Reykjavík til þess að veita eðlilega fyrirgreiðslu og eðlilega þjónustu. Og úti á landi er sama sagan, það vantar svo sannarlega alla aðstöðu til þess að vöruflutningar með skipum geti gengið með nýtízkulegum hætti. Ég ætla ekki að fara að ræða um þessi mál nú í einstökum atriðum, en þetta er ein af orsökunum fyrir því, hversu vegakerfið hefur á síðustu árum allt að því brotnað niður — og algerlega brotnað niður á sumum stöðum — og viðhald reynzt með öllu ófullnægjandi. Það mætti nefna um það mörg dæmi og leiða að því mörg rök,

hversu ástandið er óviðunandi. Ég ætla ekki að fara langt út í það. Ég minni rétt á það, að endurbygging aðalsamgönguæðar Fljótsdalshéraðs, sem um leið er partur í hringvegi umhverfis landið, er í aðalleið, var hafin fyrir mörgum árum. En það hægir alltaf á framkvæmdum við þetta verk, það þokast áfram um nokkur hundruð metra á hverju ári, og er þetta þó einhver allra brýnasta og nauðsynlegasta samgönguleið í Austfirðingafjórðungi. Ég skal aðeins nefna eitt eða tvö dæmi önnur um það, hversu hægt gengur og þunglega horfir. Allir, sem ferðast hafa um Austurland, vita það, hversu vegurinn umhverfis Berufjörð er bágborinn, en þar hefur það gerzt, að fyrir 15 árum eða um það bil, var formað fyrir nýjum vegi og grafinn vegarskurður á 6—7 km kafla. En það hefur ekki þótt fært enn í dag að hefja aðrar framkvæmdir á þessum slóðum. Þetta er einhver allra veikasti hlekkurinn í leiðinni frá Reykjavík norður og austur um til Hornafjarðar og er þetta þó mjög þýðingarmikil leið einnig heima fyrir, og m. a. að því leyti, að læknir þarf að fara um þessa leið. Þannig er það einnig, ef farið er út fyrir aðalleiðir, nema þar er kannske enn þá verra ástand vegarins. Og með svipuðu áframhaldi og verið hefur að undanförnu sjáum við fram á óralanga bið, að vegur komi á ýmsa þá staði, sem eru út úr aðalleið, en þó þannig settir, að enginn vill stefna að því að leggja þar niður byggð. Mér kemur þar sérstaklega til hugar vegur um Efra-Jökuldal. Ég fór þann veg í vor, í júní, og ég trúi, að það hafi verið komið langt fram í júní, þegar nokkur tiltök voru að flytja áburð upp á Efra-Dal. Það var ekki hægt að sjá, að í þeim vegi væri nokkur möl heldur var hann eitt moldarsvað að undanskildum tiltölulega stuttum köflum, sem búið er að byggja upp, og það er ægileg tilhugsun, hvað manni sýnist það verði langt þangað til, með sama áframhaldi og verið hefur, að hægt sé að sinna vegum eins og þessum, sem er þó auðvitað ekkert einsdæmi. Þó að ég nefni hann sem dæmi, þá er það aðeins eitt af mörgum.

Ég held, að ég hafi, þegar ég talaði í þessu máli áður, minnzt á vandamál viðhaldsins. En ég man ekki til þess, að það kæmi fram í ræðu hæstv. ráðh., að hann hefði gefið gaum að þeim orðum, sem ég lét falla í sambandi við það mál. Það er sjálfsagt mismunandi eftir landshlutum og eftir héruðum, hvernig viðhaldi vega er háttað. En ég er nákunnugur í stórum landshluta, og ég veit, að þegar vegir voru orðnir þurrir, svona þegar kom fram í miðjan júlí, var svo til alveg búið að nota allt viðhaldsfé, sem ætlað var til ársins í báðum Múlasýslum, sem mun hafa verið liðlega 8 millj. kr. Ég veit ekki, hvort hv. þm., sem mál mitt heyra, er yfirleitt ljóst, hvað þarna hefur gerzt. Þarna gerist það í örfáum orðum sagt, að þessari miklu fjárfúlgu er varið við skulum segja af óhjákvæmilegri nauðsyn til þess að gera mönnum fært að komast um vegina svo fljótt sem mögulegt var, með alls konar nauðsynlega umferð. Allri þessari fjárfúlgu er sem sagt varið á þeim tíma, þegar raunverulega er ómögulegt að vinna með nokkrum viðunandi árangri að vegagerð. Henni er sökkt ofan í botnlaust forarsvaðið á þjóðvegunum eystra. Það gerist allt í senn, þegar unnið er undir þessum skilyrðum, að umferðin um þá kafla vegarins, sem uppi hanga, stórskemmir vegina, að bíll með hvert malarhlass er ekki tvisvar sinnum lengur, heldur mörgum sinnum lengur að fara með hvert hlass heldur en hann væri á þeim tíma, þegar vegurinn er í ökufæru ásigkomulagi, og í þriðja lagi, að í stað fyrir að mölinni, sem ekið er í veginn, myndi samfellt og nokkuð varanlegt burðarlag, hverfur hún ofan í forina. Og sama sagan endurtekur sig svo aftur á næsta ári á sama stað. Þetta álít ég svo alvarlegt ástand og svo mikla sjálfheldu, sem viðhaldsframkvæmdirnar eru komnar í, að menn verði að horfast í augu við þetta og leitast við að finna leiðir til að komast út úr þessari sjálfheldu, og á þann hátt, að afla sérstaks fjár til þess að vinna að viðhaldi að nokkrum hluta á þeim tíma, þegar eitthvað verulegt sést eftir það fé sem notað er. Ég vildi enn vekja athygli á þessu vandamáli og af því tilefni, að mér virtist hæstv. ráðh. ekki gefa þeim orðum gaum, sem ég lét falla um þetta efni fyrr við þessar umr.

Það eru vissulega stórar fúlgur, sem varið er til viðhalds veganna, þó að þær séu ekki nægilega háar, til þess að vegakerfið sé í sæmilegu ásigkomulagi. En þær eru a. m. k. nægilega háar til þess, að það væri ástæða til þess, að mínum dómi, að gera hv. Alþ. nokkuð gleggri grein fyrir skiptingu þess fjár heldur en gert er í þeirri skýrslu, sem lögð hefur verið fyrir og hér hefur verið til umr. Það er sjálfsagt rétt, að það er erfitt og kannske ekki framkvæmanlegt að skipta viðhaldsfénu upp í áætlun, enda hygg ég, að ekki hafi verið farið fram á það, en það breytir ekki hinu, að það á að vera hægt, það er eðlilegt, að upplýsingar séu gefnar um það, hvernig viðhaldsféð skiptist, þegar upp er gert að árslokum. Okkur hefur verið sagt, að ákveðnar reglur gildi um snjómokstur, a. m. k. að vissu marki, og það séu ákveðnir vegir, þar sem snjómokstur sé greiddur að fullu af ríkissjóði, en aftur aðrir, þar sem önnur tilhögun er á þeim málum höfð. Það hefur ekki svo ég viti til komið fram eða verið upplýst í þessum umr., hvaða reglum er fylgt að þessu leyti. En ég held, að það væri mjög æskilegt að fá það hreinlega upplýst, eftir hvaða reglum er farið, þegar það er ákveðið, hvaða vegi er heimilt að moka fyrir ríkisfé að fullu. Ég held, að það sé heppilegt, að þetta sé upplýst og það geti eytt tortryggni, sem e. t. v. kann að vera ástæðulaus.

Hv. 1. þm. Vestf. ræddi hér nokkuð um lánsheimildirnar í hinni endurskoðuðu vegáætlun og hversu þær hafa verið notaðar, og ég get alveg tekið undir það, sem hv. þm. sagði um þetta efni. Alþ. hefur sett ákveðna áætlun um framkvæmdir í vegagerð, áætlun, sem á að gilda til fjögurra ára, þar sem verkefnum er raðað upp af mikilli nákvæmni, síðan setur Alþ. við endurskoðun þessarar áætlunar að hálfnuðum þeim tíma, veitir Alþ. heimildir til lántöku í marga vegi víðs vegar á

landinu. Það er varla hugsanlegt, að það sé tilgangur Alþ., eftir að hafa raðað verkefnum í vegagerð í heildaráætlun, að veita síðan heimildir til lántöku í marga vegi. Það er varla hugsanlegt, að það sé tilgangur Alþ. með þessu, að síðan skuli ríkisstj. nota þessar heimildir algerlega eftir sínum geðþótta. Það hlýtur að vera tilgangur Alþ. með þessari lagasetningu, að ríkisstj., leitist nú við að nota lánsheimildina. Og að ég nú ekki tali um það, hvers fólkið, sem á að búa við vegina, væntir af svona lagasmíð, og hver þörfin er í raun og veru í vegakerfinu, því að það er hvort tveggja alveg ótvírætt. Þetta var hins vegar ekki gert. Það voru notaðar nokkrar af þessum heimildum, en ekki nema örfáar og það hefur ekki, svo að ég hafi tekið eftir, komið hér fram, eftir hvaða forsendum er valið úr heimildunum. Það hefur ekki komið fram, og það hefði þó verið full ástæða til þess, að hæstv. ráðh. hefði gert ýtarlega grein fyrir því, hvers vegna þessi heimildin var notuð og hvers vegna hin ekki. Ég held, að ég hafi spurzt fyrir um það hér áður, hvað fyrirhugað væri hjá hæstv. ríkisstj. varðandi áminnztar heimildir, hvað fyrirhugað væri annars vegar um heimildir, sem sérstaklega eru bundnar við árið í ár 1968, hvort hún hygðist nota þær yfirleitt, ef fé fengizt að láni, og hins vegar, hvað hugsað er um þær heimildir, sem ónotaðar voru fyrir s.l. ár, 1967, hvort ríkisstj. telur þær enn í gildi, telur sér enn heimilt að taka lán eftir þeim og hvort hún hyggst gera það að einhverju leyti. Ég vil leyfa mér að árétta þessar spurningar og vænti þess, að hæstv. ráðh. treysti sér til að gefa svör við þeim.

Ég hafði vænzt þess, að í þessum umr. kæmi eitthvað fram um það, hvað framundan er, og hvað fyrirhugað er að gera af hálfu hæstv. ríkisstj. í fjármögnun vegagerðarinnar á næsta áfanga. Það hefur enn ekki neitt komið fram um það efni, en e. t. v. kemur það að einhverju leyti í dagsljósið við lokaumr. þessa máls. Það er þegar búið að taka nokkur lán og lántökurnar auðvitað flýta fyrir vegagerðinni, en hitt er jafnljóst, að síðan þarf að afla fjár til að standa undir greiðslum af þeim. Og alla vega lagað er þarna mikill vandi framundan. Ég spurðist fyrir um það einnig, þegar ég talaði í þessu máli áður, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsaði sér að vinna að undirbúningi nýrrar vegáætlunar. Hæstv. ráðh. sagði, að hann óskaði góðs samstarfs um það mál og það er auðvitað gott út af fyrir sig. Það er á valdi hæstv. ríkisstj. að forma það samstarf með ýmsu móti. Og það er hægt að stofna til þess þannig, að þar verði um að ræða raunverulegt samstarf milli stjórnarliðs og stjórnarandstöðu, og einnig á hinn bóginn, að það sé ekki nema til málamynda. Mér þætti vænt um að heyra það frá hæstv. ráðh., hvort hann hefur hugsað sér, að t.d. beita sér fyrir því, að sett verði samstarfsnefnd í málið ellegar haft eitthvert annað form, sem gæfi stjórnarandstöðunni kost á því raunverulega að fylgjast með við undirbúning og gerð nýrrar fjögurra ára áætlunar. Mér virðist, að þessar umr., sem fram hafa farið um skýrslu samgmrh. um vegaframkvæmdir, staðfesta það alveg afdráttarlaust og eindregið, að það er nauðsynlegt að gera heildaráætlun um uppbyggingu vegakerfisins alls, jafnframt því sem gerðar eru framkvæmdaáætlanir til færri ára. Mér virðist það nánast óhugsandi að láta alveg skeika að sköpuðu um þá vegakafla, sem fyrirsjáanlegt er, að lengst þurfa að bíða uppbyggingar. Mér virðist það alveg óhugsandi að láta skeika að sköpuðu um þá kafla, heldur að verði að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að þeir haldist þó nothæfir á meðan þeir þurfa að bíða eftir uppbyggingu. Og mér virðist það einnig vera algerlega óviðunandi handahófsaðferð, sem beitt var á s. l. ári við notkun lánsheimilda vegna vegagerðar, svo sem mikið hefur verið að hér áður.

Ég held, að ég hafi þessi orð svo ekki fleiri, en ég vil segja það að lokum og leggja áherzlu á það, að ég tel það töluvert mikið atriði, að þm. stjórnarandstöðunnar verði gefinn kostur á því að fylgjast með og vinna að undirbúningi nýrrar vegáætlunar. Ég tel það mjög mikilvægt atriði.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 27. marz, var skýrslan enn tekin til frh. umr.

Enginn tók til máls.

III. Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun 1968.

Á 54. fundi í Sþ., 18. apríl, var tekin á dagskrá:

Skýrsla fjmrh. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1968.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fyrir réttu ári síðan flutti ég Alþ. skýrslu um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1967. Gerði ég þá grein fyrir þeim miklu umskiptum í efnahagsmálum, sem átt höfðu sér stað á árinu 1966 og þeim viðhorfum, sem virtust blasa við á árinu 1967, að því er þá varð bezt séð. Ekki væri lengur um að ræða þann öra vöxt þjóðarframleiðslu og þjóðartekna, sem staðið hefði um allmargra ára skeið, áhrifa verðfalls útflutningsafurða mundi gæta að fullu á árinu og þær þjóðartekjur, sem til ráðstöfunar yrðu, mundu verða frekar minni en meiri en þær voru á árinu 1966. Þetta mundi gerast, þrátt fyrir þau áhrif, sem framkvæmdirnar við Búrfell og í Straumsvík mundu hafa, en við þær aðstæður, sem nú hefðu skapazt, mundu þær styrkja efnahagslíf landsins og draga úr því áfalli, sem það hafði orðið fyrir. Ég benti á, að sá mikli vöxtur neyzlu og fjármunamyndunar, sem haldizt hefði svo lengi og enn sett svip sinn á árið 1966, hvorki mætti né gæti haldizt. Þýðingarmikið væri, að aðgerðir opinberra aðila í peninga- og fjármálum, og sú stefna, sem tekin væri varðandi opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra, styddi myndun nýs jafnvægis, án þess þó, að

beinlínis leiddi til rýrnunar atvinnu eða til stöðvunar þýðingarmikilla framkvæmda.

Ég lýsti síðan, hvernig þessi viðhorf hefðu mótað almennt sjónarmið í sambandi við fyrirætlanir um opinberar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra og til fjárfestingarlánasjóða á árinu 1967. Lögð hefði verið áherzla á, að framkvæmdir héldust innan eðlilegra marka efnahagsjafnvægis og að innlendur sparnaður væri hagnýttur til fjáröflunar. Jafnframt hefði þó orðið að taka mikið tillit til þess, að flestar þeirra opinberu framkvæmda, sem unnið væri að, væru á því stigi, að þeim yrði ekki frestað, án þess að tjón hlytist af, og þær sinntu þörfum, sem vart fengju beðið. Hér hefur því verið um að ræða erfitt mat mismunandi sjónarmiða. Ég gerði loks grein fyrir fyrirætlunum ríkisstj. um framkvæmdir og fjáröflun í einstökum atriðum og fyrir væntanlegri fjármunamyndun á árinu 1967, eins og sennilegt mætti teljast að hún yrði. Myndin, sem þannig var dregin upp, var í aðalatriðum sú, að jafnhliða nokkurri minnkun þjóðartekna myndi fjármunamyndun halda áfram að aukast. Jafnvel þó ekki væri tekið tillit til framkvæmdanna við Búrfell, né í Straumsvík. Var gert ráð fyrir, að aukningin mundi nema 4% fyrir utan þessar framkvæmdir, en 16% að þeim meðtöldum. Jafnframt var búizt við, að aukningin mundi koma fram í íbúðarhúsabyggingum og opinberum framkvæmdum, en fjármunamyndun í atvinnuvegunum mundi hins vegar lítið breytast. Þessi áframhaldandi aukning fjármunamyndunar, samfara því, að vöxtur þjóðarteknanna stöðvaðist eða snerist til minnkunar, hlaut að skapa erfiðleika í greiðslujöfnuði landsins út á við og hættu og spennu í efnahagsmálum innanlands, og gerði ég sérstaklega grein fyrir, að frá sjónarmiði efnahagsjafnvægis hefði tvímælalaust verið æskilegt, að framkvæmdir hefðu getað orðið minni en líkur bentu til, að þær mundu verða. Það leið ekki langur tími frá því, er ég gaf þá skýrslu hér á Alþ., sem ég hef nú lýst, þar til ljóst var, að þróun efnahagsmála á árinu 1967 mundi verða miklum mun óhagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir, þegar skýrslan var samin og fyrirætlanir ríkisstj. um stefnuna í efnahagsmálum og um framkvæmdir og fjáröflun mótaðar. Reyndist þróunin æ óhagstæðari því lengra sem á árið leið, aflabrestur varð á hverri vertíðinni á fætur annarri, afurðaverð hélt áfram að lækka á flestum afurðum og skreiðarmarkaðurinn í Nígeríu lokaðist með öllu vegna borgarastyrjaldar þar í landi.

Enda þótt lokatölur liggi enn ekki fyrir um öll atriði efnahagsþróunar þessa einstæða árs, er þó unnt að mynda sér nú glögga yfirsýn um hana í aðalatriðum. Framleiðsla sjávarafurða til útflutnings minnkaði á árinu um 20% að magni og um 30% að verðmæti. Heildarfiskaflinn varð um 895 þús. tonn, eða 345 þús. tonnum minni en árið áður. Stórfelldust varð minnkun síldaraflans, 310 þús. tonn, eða um 40%. Loðnuaflinn minnkaði um 28 þús. tonn, eða rúm 22%, þorskafli minnkaði um rúm 6 þús. tonn, eða tæp 2%. Þó áhrif þessarar aflaminnkunar, bæði á sjávarútveginn sjálfan og þjóðarbúskapinn allan, væru ærin, bættust við það áhrif aukins úthaldskostnaðar vegna veðurhörku og sóknar á fjarlægari mið en áður. Verðfall frystra fiskflaka nam 16%, síldarlýsis 20% og síldarmjöls um 15% frá ársmeðaltali 1966 til ársmeðaltals 1967. Í heild lækkaði verð útflutningsafurða um 12%. Aðrir atvinnuvegir áttu einnig erfitt uppdráttar. Þrátt fyrir mjög mikla fjárfestingu í þessum atvinnuvegum um margra ára skeið, jókst landbúnaðarframleiðslan um aðeins 1% og iðnaðarframleiðsla var talin hafa staðið í stað. Hins vegar jukust byggingastarfsemi og mannvirkjagerð um allt að 10%. Komu hér til áhrif framkvæmdanna við Búrfell og í Straumsvík.

Þjóðarframleiðslan í heild minnkaði um 1½%, að því er nú verður bezt vitað. En vegna mikillar versnunar viðskiptakjara minnkuðu þjóðartekjur um hvorki meira né minna en 8%. Þau umskipti í þróun efnahagsmála, sem hófust á árinu 1966 og máttu heita algjör á árinu 1967, sjást greinilegast með því að bera saman vöxt þjóðarframleiðslu og þjóðartekna á mann. Á árinu 1962—1965 óx þjóðarframleiðsla á mann um 4½% á ári að jafnaði, en þjóðartekjur á mann til muna meira, eða um 6% á ári, vegna batnandi viðskiptakjara. Vaxtahraðann hægði mjög á árinu 1966, en framleiðsla og tekjur á mann uxu um nálægt 2% og á árinu 1967 varð, eins og ofan greinir, minnkun framleiðslu, sem nemur 3% á mann, og minnkun þjóðartekna á mann um 9½%. Hin mikla minnkun þjóðartekna á árinu 1967 kom ekki svo teljandi væri fram sem minnkun raunverulegra tekna almennings á árinu. Að vísu gæti nokkurs samdráttar í atvinnu. Er þannig talið, að vinnutími verkamanna í Reykjavík hafi verið 3—4% styttri á fyrra árshelmingi 1967, en á sama tíma 1966. Tekjur síldveiðisjómanna rýrnuðu einnig mjög vegna aflabrests og verðfalls. Á hinn bóginn hækkaði kaupgjald nokkuð frá ársmeðaltali 1966, til ársmeðaltals 1967, en verðlag hélzt stöðugt frá ágúst 1966 allt fram á síðustu mánuði ársins 1967. Um endanlegar niðurstöður þessarar þróunar verður ekki sagt með fullri vissu, fyrr en unnið hefur verið úr skattframtölum, en bráðabirgðaathugun þeirra framtala og önnur gögn, er nú liggja fyrir, benda til þess, að raunvirði ráðstöfunartekna einstaklinga hafi verið u.þ.b. hið sama 1967 og það var 1966. Í samræmi við þetta er talið, að einkaneyzla hafi ekki minnkað, heldur aukizt um 1—2%, en það jafngildir því, að einkaneyzla á mann hafi staðið í stað. Minnkun þjóðartekna leiddi heldur ekki til minnkunar þeirrar þjónustu, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra veita borgurunum, hinnar svokölluðu samneyzlu. Samneyzlan hefur á undanförnum árum vaxið með mjög svipuðum hraða og þjóðartekjur, eða um 6—7% á ári. Á árinu 1967 dró aðeins lítið eitt úr þessum vexti og er hann talinn hafa numið 5%. Enn síður gætti minnkunar þjóðartekna í fjármunamyndun. Er hún talin hafa aukizt um 12% á árinu og hafa numið 33% af þjóðarframleiðslu. Að sjálf-

sögðu munar hér mikið um framkvæmdirnar við Búrfell og í Straumsvík, að þeim frátöldum er aukning fjármunamyndunar um 1% og fjármunamyndunin um 30% þjóðarframleiðslu, sem er talsvert hærri hlutfallstala en verið hefur á undanförnum árum. Þróun fjármunamyndunar var mjög svipuð því og gert hafði verið ráð fyrir í þeirri skýrslu, sem ég flutti hér fyrir ári. Þó varð nokkur seinkun framkvæmda við Búrfell og í Straumsvík frá því, sem búizt hafði verið við. Fjármunamyndun í atvinnuvegum var einnig lítið eitt minni en gert hafði verið ráð fyrir. Á hinn bóginn mun fjármunamyndun í íbúðarhúsum hafa reynzt lítið eitt meiri en búizt var við, en fjármunamyndun í opinberum framkvæmdum öðrum en Búrfellsvirkjun og Straumsvíkurhöfn mjög svipuð því, er gert hafði verið ráð fyrir.

Eins og hér að framan hefur verið lýst, kom minnkun þjóðartekna á árinu 1967 hvorki fram í minnkun raunverulegra tekna almennings né í ráðstöfun verðmæta til neyzlu og fjárfestingar. Á hinn bóginn kom minnkunin fram í stórlega versnandi fjárhag atvinnufyrirtækja og opinberra aðila og þá ekki sízt ríkissjóðs. Auknir opinberir styrkir og mikið útstreymi fjár úr bönkum og fjárfestingarsjóðum til atvinnufyrirtækja gerði þeim kleift að halda uppi starfsemi sinni. Á hliðstæðan hátt stóð fjárstreymi úr bankakerfinu undir halla ríkissjóðs og annarra opinberra sjóða. En til útstreymis fjár í bankakerfinu umfram innstreymi svarar hallinn á heildargreiðslujöfnuði landsins og minnkun gjaldeyrisforðans. Á sama tíma og útflutningur vöru minnkar um 28% á árinu 1967 jókst innflutningur vöru um 6% og stóð að heita mátti í stað, sé innflutningur skipa og flugvéla og innflutningur vegna framkvæmda við Búrfell og í Straumsvík undanskilinn. Halli á viðskiptajöfnuði fyrir vörur og þjónustu varð 2350 millj. kr., en hafði verið 321 millj. kr. á árinu 1966. Innstreymi erlends fjármagns umfram endurgreiðslur lána varð jafnframt óvenju mikið vegna framkvæmdanna við Búrfell og í Straumsvík og mikils skipa og flugvélainnflutnings. Í heild var greiðslujöfnuðurinn óhagstæður um 1070 millj. kr. Var þetta í fyrsta skipti síðan árið 1959, að heildargreiðslujöfnuður reyndist óhagstæður. Gjaldeyrisstaða bankanna var í ársbyrjun 1915 millj. kr. miðað við gamla gengið, en reyndist í árslok 1.041 millj. kr. miðað við nýja gengið.

Það má því í stuttu máli draga saman niðurstöður efnahagsþróunar ársins 1967 með því að segja, að komizt hafi verið hjá því, að hið mikla áfall, sem þjóðarbúskapur varð fyrir vegna aflabrests og verðfalls, leiddi til minnkandi rauntekna almennings og til minnkaðrar neyzlu og fjárfestingar. Í stað þess hafi áfallið sorfið að fjárhag atvinnufyrirtækja og opinberra aðila, og skapað gífurlegan halla á greiðslujöfnuði landsins út á við, sem gleypt hafði meira en helming gjaldeyrisforðans. Að verulegu leyti varð sú þróun, sem hér átti sér stað, beinlínis sú, sem að var stefnt með aðgerðum stjórnvalda allt frá sumrinu 1966, þegar hinna breyttu viðhorfa í efnahagsmálum tók fyrst að gæta, og með þeim fyrirætlunum um fjármunamyndun og fjáröflun, sem ég gerði grein fyrir hér á Alþ. fyrir ári síðan. Það var eðlilegt, að þess væri freistað í lengstu lög að draga úr áhrifum áfallsins á kjör almennings og fjármunamyndun, en atvinnufyrirtæki og opinberir sjóðir tækju fyrsta skellinn með þeim afleiðingum, að gjaldeyrisforðinn rýrnaði. Á hinn bóginn hlaut það að vera ljóst, enda á það lögð rík áherzla, að því voru þröng takmörk sett, hversu langt þessi þróun mætti ganga, og sú stefna, sem mörkuð hafði verið, byggðist í raun og veru á þeirri von, að aflabrögð og verðlagsþróun mundu snúast til betri vegar áður en langt um liði.

Þegar aflabresturinn varð meiri en nokkur hafði búizt við, verðfallið hélzt, æ meira kreppti að atvinnufyrirtækjum, halli ríkissjóðs fór sívaxandi og rýrnun gjaldeyrisforðans var miklu meiri en gert hafði verið ráð fyrir, var ljóst, að nýrra og róttækari aðgerða í efnahagsmálum var þörf.

Við gengisfellingu sterlingspundsins 18. nóv. s.l. tók steininn úr og varð hún ásamt undangenginni þróun aflabragða og afurðaverðs tilefni nýrrar gengisskráningar íslenzku krónunnar. Hið nýja gengi, sem tilkynnt var 24. nóv., er eins og kunnugt er 57 kr. hver bandarískur dollar, og svarar það til gengisfellingar um 24.6% gagnvart dollar, en um 12% gagnvart sterlingspundi.

Eins og ég hef lýst hér að framan, blasti það þannig við síðari hluta ársins 1967, að aðlögun ráðstafanatekna almennings, neyzlu og fjármunamyndunar, að lækkuðum þjóðartekjum mætti ekki dragast lengur. Slíkur dráttur mundi geta sorfið svo að atvinnufyrirtækjum, að almenn rekstrarstöðvun væri á næsta leiti. Jafnframt því, sem aðstaða landsins út á við versnaði svo, að trú á greiðslugetu þess var í hættu. Á hinn bóginn skipti það enn sem fyrr miklu máli, að þessar nauðsynlegu breytingar á efnahagsmálum landsins yrðu ekki þess valdandi að alvarlegt atvinnuleysi skapaðist og þær gengju ekki nær lífskjörum almennings en brýna nauðsyn bæri til.

Við ákvörðun hins nýja gengis í nóvembermánuði s.l. var tillit tekið til þessara tveggja sjónarmiða. Annars vegar miðaði gengisfellingin sjálf að því að bæta rekstrarstöðu atvinnufyrirtækja og örva framleiðslu, jafnframt því sem hún dró úr neyzlu og fjármunamyndun. Hins vegar var stefnt að því að stilla gengislækkuninni eins mikið í hóf og frekast var kostur og draga úr áhrifum hennar á lífskjörin með lækkun tolla og hækkun á bótum almannatrygginga. Þessara sömu sjónarmiða hefur enn gætt við undirbúning framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ársins, sem staðið hefur yfir undanfarna mánuði. Annars vegar hefur orðið að viðurkenna nauðsyn þess, að heildarfjármunamyndun í landinu minnkaði á árinu. Hins vegar hefur verið stefnt að því, að þessi minnkun yrði ekki stórvægileg, og umfram allt, að hún leiddi ekki til atvinnuleysis. Jafnframt hefur að sjálfsögðu einnig

verið reynt að komast hjá frestun framkvæmda, sem komnar eru langt áleiðis, og ekki unnt að fresta, án þess að tjón hljótist af. Þann erfiða vanda, sem skapast vegna þessara tveggja tillita, hefur verið reynt að leysa við undirbúning áætlunarinnar með því að freista þess að útvega til hennar verulegt erlent lánsfé í fyrsta sinn í mörg ár, jafnframt þeirri fjáröflun innanlands, sem frekast er talin möguleg með hliðsjón af vaxandi þrengingum á peningamarkaðnum.

Síðan hinir miklu efnahagsörðugleikar skullu á fyrir tæpum tveimur árum síðan, hefur, eins og ég hef lýst hér að framan, á hverjum tíma verið kappkostað að ganga eins skammt og frekast er unnt í aðgerðum til leiðréttingar þess misræmis, á milli þjóðartekna og verðmætaráðstöfunar, sem örðugleikarnir sköpuðu. Af þessu hefur svo aftur á móti leitt, að þegar örðugleikarnir sjálfir hafa sífellt farið vaxandi, hafa ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, reynst ónógar áður en langt um leið, og nýjar ráðstafanir hafa orðið að fylgja í kjölfar þeirra. Þannig kom verðstöðvunarstefnan, sem fylgt var frá haustinu 1966 fram á haust 1967, í veg fyrir áframhaldandi aukningu tekna og neyzlu á sama tíma og þjóðartekjur minnkuðu. En þetta var ekki nægilegt, þegar enn jók á verðfall og aflabrest síðari hluta árs 1967. Ráðstafanir til að leiðrétta þann halla, sem auknar niðurgreiðslur og aðrar ráðstafanir til aðstoðar atvinnuvegunum höfðu skapað hjá ríkissjóði, reyndust heldur ekki nægjanlegar, þegar gengisfelling sterlingspundsins kom til og verðfallið hélt enn áfram.

Á hliðstæðan hátt reyndist gengisfellingin í nóvember ekki sú stoð fyrir sjávarútveginn, sem ætlazt hafði verið til, þegar nýtt verðfall átti sér stað á freðfiskmarkaðnum í Sovétríkjunum og enginn minnsti bati varð á verði mjöls og lýsis. Á það er sízt ástæða að draga dul, að sams konar þróun getur enn endurtekið sig síðar á þessu ári. Bregðist afli enn og breytist verðlag þýðingarmikilla afurða ekki að neinu leyti til batnaðar, getur reynzt óumflýjanlegt að gera nýjar ráðstafanir, bæði til aðstoðar sjávarútveginum og til lagfæringar á óhagstæðum greiðslujöfnuði. Það er auðvitað engin æskileg mynd af stjórn efnahagsmála, þegar gripið er til slíkra aðgerða æ ofan í æ, en það er nauðsynlegt að gera sér ljóst, að þessi vinnubrögð eru ekki viðhöfð vegna skorts á yfirsýn yfir vandamálin né á þreki til að takast á við þau, heldur vegna þess, hversu þýðingarmikið það hefur verið talið að ganga ekki lengra á hverjum tíma en brýnasta nauðsyn hefur verið talin.

Við undirbúning framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ársins hefur verið gengið út frá forsendum um þróun þjóðarframleiðslu og þjóðartekna á árinu, sem eru mun svartsýnni en þær, sem gert var ráð fyrir á síðustu mánuðum ársins 1967, en verða þó að teljast allbjartsýnar, eins og nú horfir við. Þessar forsendur fela í sér lítils háttar aukningu þjóðarframleiðslu á árinu, fyrst og fremst vegna nokkurs bata í aflabrögðum frá árinu 1967, á hinn bóginn gera þær ekki ráð fyrir neinni teljandi hækkun útflutningsverðlags frá því lága verði, sem nú er ríkjandi. Jafnframt er búizt við, að lítils háttar aukning verði á landbúnaðarframleiðslu, en nokkru meiri í iðnaðarframleiðslu, og stefnt er að því, að atvinna haldist svipuð og á árinu 1967. Sú þróun kaupgjalds og verðlags, sem gera má ráð fyrir á grundvelli þeirra kjarasamninga, sem nú er nýlokið, ásamt þeim forsendum um atvinnu og framleiðslu, sem áður er lýst, felur það í sér, að nokkur lækkun muni verða á raunvirði ráðstöfunartekna á árinu, gagnstætt því, sem var á s. l. ári. Má búast við, að einkaneyzla muni einnig dragast saman í samræmi við þetta. Á það er þó vert að leggja áherzlu, að þessi minnkun einkaneyzlu mun verða minni en svarar til þeirrar minnkunar þjóðartekna, sem átt hefur sér stað vegna aflabrests og verðfalls. Verulega mun draga úr aukningu samneyzlu á árinu, enda þótt þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til sparnaðar í opinberum rekstri, hafi ekki enn getað komið í veg fyrir nokkra aukningu þessarar neyzlu. Fjármunamyndunin mun hins vegar væntanlega minnka talsvert, eins og ég mun víkja nánar að í einstökum atriðum hér á eftir. Minnkun einkaneyzlu og fjármunamyndun mun draga talsvert úr hallanum á greiðslujöfnuði miðað við árið 1967. Því er hins vegar ekki að leyna, að mikil hætta er á, að þessi halli verði áframhaldandi mikill og meiri en nemi innstreymi fjármagns umfram afborganir, þannig að enn geti gengið á gjaldeyrisforðann. Því eru hins vegar miklu þrengri takmörk sett en áður, hversu lengi slík þróun má halda áfram. Á undanförnum árum hefur fjár til framkvæmdaáætlunarinnar fyrst og fremst verið aflað á innlendum vettvangi. Annars vegar með sölu verðtryggðra spariskírteina og hins vegar með samningi við bankana um, að hluti innstæðuaukningar gangi til þessara þarfa. Var sú stefna að takmarka fjáröflunina sem mest við innlendan sparnað og forðast erlendar lántökur í þessu skyni eðlileg og sjálfsögð meðan spenna ríkti í efnahagsmálum innanlands, greiðslujöfnuður var hagstæður og gjaldeyrisforði nægur. Dregið hefur verulega úr innlendum sparnaði vegna hins breytta ástands í efnahagsmálum. Innstæðuaukning í bönkum hefur minnkað, og ekki er unnt að selja jafnmikið magn spariskírteina og áður. Kom þessi breyting þegar fram á s. l. ári og gerði það að verkum, að fjáröflun reyndist nokkru minni en áætlað hafði verið. Ef byggja hefði átt að mestu á innlendri fjáröflun, eins og á undanförnum árum, hefði fjáröflunin aðeins getað orðið rúmur helmingur þess, sem hún varð á s. l. ári, og hefði þetta leitt til þess, að draga hefði orðið úr starfsemi fjárfestingarlánasjóða og úr opinberum framkvæmdum að sama skapi. Með tilliti til þeirra viðhorfa, sem nú hafa skapazt í efnahagsmálum, þar sem spenna á vinnumarkaðinum er horfin og hætta á, að atvinna reynist ónóg, jafnframt því að greiðslujöfnuður er óhagstæður, taldi ríkisstj. og Seðlabankinn hins vegar réttlætanlegt að freista þess að afla nú verulegs

erlends lánsfjár til áætlunarinnar. Hefur nokkur undirbúningur þegar farið fram í þessu skyni, og er gert ráð fyrir, að þessi viðbótarfjáröflun geti numið allt að 275 millj. kr. Í viðbót við þetta verður svo aflað sérstaks erlends lánsfjár vegna Vestfjarðaáætlunar, eins og á undanförnum árum um 28 millj. kr., og gert er ráð fyrir, að svipuð upphæð mótvirðisfjár samkvæmt vörukaupasamningi við Bandaríkin verði til ráðstöfunar eins og s. l. ár, eða um 46 millj. kr. Innlend fjáröflun til áætlunarinnar verður sama eðlis og á undanförnum árum, en upphæðirnar lægri. Gert er ráð fyrir, að framlag bankanna, sem nú standa yfir samningar um, muni eins og áður nema 10% af innlánsaukningu, og er sú upphæð nú áætluð 50 millj. kr. í stað 70 millj. á s. l. ári. Ekki er gert ráð fyrir, að sala spariskírteina muni nema meira en 75 millj. á þessu ári, samanborið við 125 millj. kr., sem áætlaðar voru á s. l. ári. Þá er fé, er fæst af endurgreiðslu spariskírteinalána á þessu ári, einnig áætlað nokkru lægra nú en á s. l. ári, 50 millj. kr. í stað 61 millj., og endurgreiðslur af brezka láninu, sem komu inn áður en afborganir af því láni hófust og námu 25 millj. kr. á s. l. ári, falla nú niður, þar sem afborganir af því láni munu hefjast á þessu ári. Eigið fé Framkvæmdasjóðs rennur eins og á s. l. ári til áætlunarinnar, en það verður nú talsvert minna en á s. l. ári, vegna þess fyrst og fremst, að afgreiða þarf nú lán, er veitt voru á árinu 1967 samkvæmt áætlun þessa árs, en ekki reyndist þá unnt að afgreiða vegna fjárskorts. Loks hverfur nú þýðingarmikill liður, er var í fjáröfluninni á s. l. ári, framlag af greiðsluafgangi ríkissjóðs frá árinu 1966 að upphæð 53 millj. kr., er gekk til vegagerðar, skóla og sjúkrahúsa innan áætlunarinnar. Í heild nemur hin áætlaða fjáröflun nú 575 millj. kr., samanborið við 521 millj. á s. l. ári. Eru 60% af þessari fjáröflun, eða 335 millj. kr., af erlendum uppruna, samanborið við innan við 10% á s. l. ári.

Í skýrslu þeirri, er ég flutti hér fyrir ári, gerði ég grein fyrir því þýðingarmikla hlutverki, sem Framkvæmdasjóður Íslands mundi framvegis gegna í sambandi við áætlunargerð og fjáröflun vegna fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja. Í rauninni má telja, að með þeirri skipan, sem þá var upp tekin, sé um tvær framkvæmda- og fjáröflunaraðferðir að ræða. Annars vegar er áætlun um starfsemi fjárfestingarlánasjóða og fjáröflun vegna hennar, sem Framkvæmdasjóður og Seðlabankinn undirbúa og stjórn Framkvæmdasjóðs staðfestir. Hins vegar er áætlun um opinberar framkvæmdir utan fjárlaga og fjáröflun vegna þeirra, sem fjmrn. og Efnahagsstofnunin undirbúa og Alþ. staðfestir með sérstakri lagasetningu. Þessar tvær áætlanir tengjast síðan, að því leyti sem fjáröflunin er hin sama, og fénu er skipt á milli þeirra. Til þess hluta fjáröflunaráætlunarinnar, sem um fjárfestingarlánasjóðina fjallar, gengur eigið fé Framkvæmdasjóðs og lánsfjáröflun frá bönkunum. Sömuleiðis ganga til hans 113 millj. kr. af hinu væntanlega erlenda lánsfé. Þá gengur erlenda lánsfé til samgöngumála á Vestfjörðum einnig í gegnum Framkvæmdasjóð. Samtals nemur þessi hluti fjáröflunarinnar 245 millj. kr., samanborið við 212 millj. kr. á s. l. ári. Langmestur hluti þess fjár, sem þannig er aflað, gengur til fjárfestingarlánasjóðanna og kemur það til viðbótar eigin ráðstöfunarfé þeirra. Þessir fjárfestingarlánasjóðir eru 8 að tölu, eins og á s. l. ári, og eru þeir þessir: Stofnlánadeild landbúnaðarins, veðdeild Búnaðarbankans, Fiskveiðasjóður, Iðnlánasjóður, Lánasjóður sveitarfélaga, Ferðamálasjóður, Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja og Byggingarsjóður verkamanna. Að auki ganga sérstakar upphæðir til Fiskveiðasjóðs vegna framkvæmda við dráttarbrautir, til Byggingarsjóðs ríkisins vegna byggingaráætlunar ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar og til Sementsverksmiðju ríkisins.

Lánveitingar þessara 8 fjárfestingarlánasjóða eru áætlaðar rúmar 640 millj. kr. á þessu ári, fyrir utan lán til dráttarbrautanna, og er það rétt um 100 millj. kr. hærri upphæð en á s. l. ári. Er þessi hækkun að langmestu leyti hjá Fiskveiðasjóði, en lánveitingar hans munu aukast mjög á árinu. Stafar þetta af því, að vegna mikils skipainnflutnings á árinu 1967 hækka samningsbundnar greiðslur vegna innfluttra skipa verulega, auk þess sem gera verður ráð fyrir allverulegri aukningu á lánum vegna skipasmíða innanlands. Þá koma einnig til ný lán vegna gengismunar á erlendum skipalánum og lán vegna endurskipulagningar frystiiðnaðar, en fjár til þessara þarfa er aflað sérstaklega. Hjá öðrum fjárfestingarlánasjóðum munu verða litlar breytingar á lánveitingum frá árinu 1967, og er yfirleitt stefnt að sömu útlánafjárhæðum og í áætlun ársins 1967. Gert er ráð fyrir, að stofnlánadeild landbúnaðarins geti á þessu ári veitt jafnmikil lán og áætlað var að hún veitti undanfarin tvö ár, þ. e. 130 millj. kr. Má búast við, að lánsfjárþörf vegna framkvæmda bænda verði nú nokkru minni en að undanförnu. Á hinn bóginn er mikil þörf aukins lánsfjár til vinnslustöðva og þá einkum sláturhúsa, og er þýðingarmikið, að stofnlánadeildin geti sinnt þeirri lánsfjárþörf í vaxandi mæli. Eigið fé fjárfestingarlánasjóða fer vaxandi frá ári til árs. Þó reyndist fjárhagur þeirra lakari 1967 en áætlað var vegna erfiðrar innheimtu. Vonir standa til, að á þessu ári verði að nýju breyting til batnaðar, og byggist sú aukning á væntanlegum útlánum sjóðanna, sem hér að framan hefur verið gerð grein fyrir, fyrst og fremst á aukningu ráðstöfunarfjár, en ekki á aukinni lánsfjáröflun. Á árinu 1968 verður einhver veruleg aukning á eigin ráðstöfunarfé Fiskveiðasjóðs og Iðnlánasjóðs. Auk þeirrar lánsfjáröflunar til hinnar venjulegu starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna, sem að framan er lýst, mun verða aflað lánsfjár til dráttarbrautaframkvæmda að upphæð 15 millj. kr. Ekki er um að ræða lánsfé til áframhalds á þeim miklu framkvæmdum í þessari grein, sem staðið hafa nú um allmargra ára skeið. Mun framkvæmdum við dráttarbrautirnar á Akranesi, í Njarðvík og í Neskaupstað, sem komnar

eru mjög langt áleiðis, ljúka að fullu á þessu ári. Þá mun framkvæmdum við dráttarbrautina á Akureyri, sem hófust á s. l. ári, einnig verða að miklu leyti lokið á þessu ári. Enda þótt framkvæmdum sé lokið, eru fjárhagserfiðleikar dráttarbrautanna þar með síður en svo úr sögunni. Fjárfestingarkostnaður við brautirnar er orðinn mjög mikill. Eru tekjur þeirra ekki í neinu eðlilegu hlutfalli við þann kostnað og engin von til þess, að þær geti risið undir honum, nema unnt verði að auka rekstrartekjur þeirra.

Þá er gert ráð fyrir, að Framkvæmdasjóður láni Byggingarsjóði ríkisins 20 millj. kr. vegna byggingaráætlunar ríkisins og Reykjavíkurborgar. Kemur sú lánveiting til viðbótar lánveitingu Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem væntanlega mun ekki nema lægri upphæð en á s. l. ári, þ. e. 30 millj. kr. Miðar þessi lánsfjáröflun að því, að byggingaráætlunin dragi sem minnst úr lánveitingum Byggingarsjóðs ríkisins til annarra þarfa. Sementsverksmiðja ríkisins hefur að undanförnu staðið í miklum framkvæmdum, sem nú eru komnar langt áleiðis og ætlunin er að ljúka á þessu ári. Er hér fyrst og fremst um að ræða mannvirki við Ártúnshöfða í Reykjavík til fermingar og affermingar á lausu sementi og geymslu þess. Enn fremur er um að ræða tæki til að vega og ferma laust sement á Akranesi og kaup stórra flutningabifreiða. Kostnaður við þessar framkvæmdir mun fara langt fram úr því, sem rekstrarafgangur verksmiðjunnar getur staðið undir. Er því þörf öflunar verulegs lánsfjár til langs tíma, og er gert ráð fyrir, að 8 millj. kr. gangi til þessara þarfa af því fé, sem aflað er innan fjáröflunaráætlunar ársins.

Fjáröflun til opinberra framkvæmda nemur að þessu sinni 330 millj. kr. Tæpur helmingur þessarar fjárhæðar, eða 147 millj. kr., mun koma frá hinu væntanlega erlenda láni. En að öðru leyti eru það spariskírteinalán og mótvirði bandarískra vörukaupalánsins, sem ganga til þessa hluta áætlunarinnar, eins og á undanförnum árum. Fjáröflun til opinberra framkvæmda er nokkru hærri í áætlun þessa árs en hún var á síðastliðnu ári, en þá nam hún 309 millj. kr. Þetta felur það jafnframt í sér, að hún er hærri en hún hefur nokkru sinni verið áður. Byggist þetta að sjálfsögðu á þeirri erlendu lánsfjáröflun, sem fyrirhuguð er. Þegar fjáröflunaráætlun ársins var fyrst undirbúin á s. l. hausti í sambandi við undirbúning fjárlaga, var ætlunin að taka aðra stefnu í þessum málum en nú hefur verið valin. Ljóst var þá, að innlend fjáröflun með sölu spariskírteina og öðrum hætti mundi vera miklum annmörkum háð. Var því reynt að lækka sem mest fjárþörf til opinberra framkvæmda innan áætlunarinnar með því að auka fjárveitingar í fjárl. Var þannig ætlunin að sjá fyrir þörfum almennra hafnagerða, skóla, sjúkrahúsa og annarra opinberra bygginga að öllu leyti innan ramma fjárlaga og takmarka fjáröflun til opinberra framkvæmda innan áætlunarinnar við raforkumál, landshafnir, vissar vegaframkvæmdir og flugmál. Þegar hins vegar reyndist nauðsynlegt að framkvæma verulega lækkun útgjalda fjárl. eftir áramótin, var ákveðið að flytja hluta framkvæmda við skóla og sjúkrahús, að upphæð 62.2 millj., frá fjárl. yfir á framkvæmdaáætlunina, jafnframt því sem ákveðið var að reyna að auka þá fyrirhuguðu erlendu lántöku, sem þá þegar var í undirbúningi. Það hefur því nú, eins og einnig á undanförnum árum, verið undir ýmsum atvikum komið, að hve miklu leyti opinberar framkvæmdir falla undir fjárlög, og að hve miklu leyti fjár til þeirra er aflað innan ramma framkvæmda- og fjáröflunaráætlunarinnar. Eins og ég vík að hér á eftir í sambandi við fyrirhugaðar breytingar á áætlunargerð yfirleitt, tel ég rétt að stefna að því, ekki sízt með tilliti til hinnar breyttu fjárlagagerðar, sem nú hefur verið tekin upp, að hin árlega framkvæmda- og fjáröflunaráætlun verði framvegis hluti fjárlaga, að því er tekur til opinberra framkvæmda. Um starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna mundi þá eftir sem áður verða samin sérstök árleg áætlun á vegum Framkvæmdasjóðs og Seðlabankans.

Verulegar breytingar verða á skiptingu fjáröflunar á milli einstakra greina opinberra framkvæmda frá því, sem var á s. l. ári. Veruleg aukning verður í einstökum greinum eða til einstakra verka vegna óhjákvæmilegra skuldbindinga. Þannig eykst fjáröflun til Búrfellsvirkjunar úr 25 millj. kr. á s. l. ári í 75 millj. kr. á þessu ári. Þá kemur í fyrsta sinn til sögunnar fjáröflun til nýs og mikils verks, sem nú er að hefjast, Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi. Fjáröflun vegna jarðborunar á Reykjanesi og byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík eru nýir liðir í áætluninni. Þá hefur fjáröflun til skóla og sjúkrahúsa einnig aukizt verulega frá s. l. ári vegna lækkunar fjárveitinga til þessara greina. Gegn þessum hækkunum hefur orðið að koma nokkur lækkun fjáröflunar til raforkumála, vegamála og flugmála. Fjáröflun til almennra hafnagerða hverfur nú af áætluninni vegna þeirrar miklu hækkunar fjárveitinga á fjárl., sem leiðir af framkvæmd hinna nýju hafnalaga.

Í heild nema framkvæmdir þær, er fjáröflunin gengur til, mjög svipaðri upphæð og á s. l. ári, eða 484 millj. kr., samanborið við 475 millj. þá. Á hinn bóginn nema skuldagreiðslur, sem afla verður fjár til, miklu hærri upphæð en á s. l. ári, eða 156 millj. kr., samanborið við 80 millj. kr. þá. Eru þessar skuldagreiðslur að mestu leyti vegna vegaframkvæmda og skiptir Reykjanesbrautin þar langmestu máli. Nokkur lækkun verður á skuldagreiðslum vegna hennar á næsta ári, en þó verður þess langt að bíða, að fjármál þessara framkvæmda verði komin í eðlilegt horf.

Allmikið er og um aukningu á greiðslu lausaskulda vegna þess, að framkvæmdir við suma vegi, hafnir og flugvelli fóru fram úr áætlun á s. l. ári.

Síðar í þessari skýrslu mun ég gera nánari grein fyrir opinberum framkvæmdum á árinu 1968 yfirleitt og þá jafnframt víkja að einstökum greinum og

verkum innan framkvæmdaáætlunar ársins.

Ég hef hér að framan vikið að tengslunum á milli fjárlaga og hinnar árlegu framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar og lýst þeirri skoðun minni, að stefna beri að því að fella allar áætlanir um opinberar framkvæmdir undir ramma fjárlaga. Þetta atriði er að sjálfsögðu liður í fyrirætlun um framtíð áætlunargerðar hér á landi yfirleitt. Í þeirri skýrslu, er ég gaf á Alþ. fyrir ári, lýsti ég nokkuð hugmyndum ríkisstj. í þessu efni, jafnframt því sem ég skýrði frá því, að ríkisstj. hefði ákveðið að leggja ekki að svo stöddu fram nýja þjóðhags- og framkvæmdaáætlun til 4 ára við lok áætlunartímabilsins 1963—1966. Síðan þessi skýrsla var flutt, hefur stjórn Efnahagsstofnunarinnar framkvæmt sérstaka athugun á framtíð áætlunargerðar hér á landi og nú fyrir skömmu skilað tillögum og áliti um þetta efni til ríkisstj. Í sambandi við þessa athugun Efnahagsstofnunarinnar kom sérfræðingur Alþjóðabankans í áætlunargerð hingað í heimsókn á s. l. sumri. Tók hann þátt í ráðstefnum og fundum um áætlunargerð og átti ýtarlegar viðræður um þessi mál við ríkisstj. og stjórnarstarfsmenn Efnahagsstofnunarinnar. Í nóvember s. l. gekk hann frá skýrslu um niðurstöðu heimsóknar sinnar, er hann nefnir „Tillögur um áætlunargerð á Íslandi", og hefur stjórn Efnahagsstofnunarinnar haft hana til hliðsjónar við samningu álits síns og tillagna. Skýrsla sérfræðingsins og álit og tillögur Efnahagsstofnunarinnar hafa fyrir skömmu verið ræddar í Hagráði og hafa nú einnig verið sendar alþm. Ég vil nota það tækifæri, sem mér býðst hér í dag, til þess að skýra frá því, að ríkisstj. er í öllum meginatriðum sammála þeim sjónarmiðum, sem fram koma, bæði í skýrslu sérfræðingsins og áliti og tillögum stjórnar Efnahagsstofnunarinnar. Í samræmi við þetta telur ríkisstj., að á næstu árum beri að halda áfram á þeirri braut, sem íslenzk áætlunargerð hefur beinzt inn á að undanförnu, þ. e. a. s. að leggja megináherzlu á gerð árlegra áætlana annars vegar og gerð áætlana til langs tíma um einstakar atvinnugreinar og einstakar greinar opinberra framkvæmda hins vegar. Jafnframt sé haldið áfram að bæta undirbúning og mat einstakra verka. Er hér raunar einmitt um sömu atriði að ræða og ég nefndi sérstaklega í skýrslu þeirri, er ég flutti hér fyrir ári síðan.

Þar sem þm. hafa þær skýrslur, sem hér um ræðir, undir höndum, er ástæðulaust að rekja einstök atriði þessara fyrirætlana nánar en ég hef nú gert. Endurbætur í áætlunargerð eftir þeim leiðum, sem hér er lagt til, skipta miklu máli, og geta tvímælalaust stuðlað að því að létta þá erfiðleika, sem við mun verða að glíma í íslenzkum efnahagsmálum á næstunni. Á hinn bóginn væri ekki raunhæft að gera ráð fyrir, að unnt sé að hrinda öllum þessum endurbótum í framkvæmd á skömmum tíma. Framkvæmd þeirra krefst endurskipulagningar hjá ráðuneytum og stofnunum, sem óhjákvæmilega mun taka sinn tíma. Áætlunargerð, sem er annað en nafnið tómt, krefst einnig fjölmenns og vel þjálfaðs starfsliðs hjá öllum þeim mörgu ráðuneytum og stofnunum, sem hér koma við sögu. Er það starfslið nú ekki til nema að litlu leyti, og það mun ekki verða til nema hægt og hægt, allra sízt á tímum, sem krefjast hins strangasta aðhalds í opinberum útgjöldum og þá ekki sízt útgjöldum vegna mannahalds.

Í því yfirliti, sem ég gaf hér að framan um viðhorfin í efnahagsmálum á árinu 1968, lýsti ég því, hvernig nauðsynleg aðlögun þjóðarbúskaparins að nýjum og erfiðum aðstæðum hlyti að eiga sér stað með minnkun á ráðstöfun verðmæta, þ. e. a. s. fyrst og fremst með minnkun á neyzlu og fjárfestingu. Þessi aðlögun hefur ekki hafizt af alvöru fyrr en á þessu ári. Og svo framarlega sem ekki verður von bráðar mikil breyting til hins betra á aflabrögðum og útflutningsverðlagi, sem engar líkur benda til, verður að gera ráð fyrir, að hún standi um nokkurra ára skeið.

Eins og ég hef lýst hér að framan, hlýtur það að vera stefna stjórnvalda við þessar aðstæður að stuðla að því, að þessi samdráttur eigi sér stað, án þess að til atvinnuleysis komi og án þess að þær framkvæmdir stöðvist eða tefjist, sem mesta þýðingu hafa fyrir framtíðarþróun þjóðarbúskaparins og velferð almennings. Að þessu hefur verið stefnt í undirbúningi þeirra framkvæmda- og fjáröflunaráætlana ársins, sem ég hef lýst hér að framan, með því að stuðla að því með lánsfjáröflun, að þeir fjárfestingarlánasjóðir, sem styðja að fjármunamyndun í atvinnuvegum og íbúðarhúsabyggingum, geti haldið áfram starfsemi sinni af fullum krafti og þannig að nokkru vegið á móti áhrifum hinna miklu fjárhagsörðugleika atvinnuveganna. Að þessu hefur einnig verið stefnt með aukinni lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda, þannig að erfiður fjárhagur ríkissjóðs og aukinn stuðningur hans við atvinnuvegina hafi ekki þurft að leiða til mikillar lækkunar verklegra framkvæmda. Þrátt fyrir þetta mun að sjálfsögðu eiga sér stað veruleg minnkun fjármunamyndunar á þessu ári, enda er sú minnkun forsenda þess, að takast megi að draga úr hinum mikla halla greiðslujafnaðarins og eyðingu gjaldeyrisforðans. Ég mun nú gera nokkra grein fyrir þeirri þróun fjármunamyndunar í einstökum atriðum, sem búast má við á árinu. Að því er bæði atvinnuvegina og íbúðarhúsabyggingar snertir, er hér að sjálfsögðu um verulega óvissu að ræða, og gildir þetta raunar einnig um opinberar framkvæmdir, að því leyti sem þær eru komnar undir ákvörðunum og eigin fjáröflun sveitarfélaga. Eigi að síður má gera ráð fyrir, að þær áætlanir, sem með fjármunamynduninni eru gerðar, sýni í aðalatriðum þá þróun, sem muni eiga sér stað, og hefur sú verið reynslan á undanförnum árum.

Gert er ráð fyrir, að fjármunamyndunin í heild nemi á árinu 1968 rúmum 7600 millj. kr., samanborið við tæpar 7900 millj. á árinu 1967. Er þetta hvort tveggja reiknað á verðlagi ársins 1967. Mundi hér vera um 3% minnkun að ræða um það bil. Eigi að síður mundi þessi fjármunamyndun vera meiri

en á nokkru öðru ári, að árinu 1967 einu undanskildu, og mundi nema mjög svipuðu hlutfalli á þjóðarframleiðslu og á því ári, eða rétt um 33%. Að sjálfsögðu er þessi þróun fjármunamyndunar mjög undir áhrifum aukningar framkvæmda við Búrfell og í Straumsvík. Fyrir utan þær framkvæmdir er gert ráð fyrir fjármunamyndun að upphæð rúmlega 6000 millj. kr., samanborið við rúmlega 7100 millj. á árinu 1967, hvort tveggja á verðlagi þessa árs. Mundi hér vera um 15% lækkun að ræða eða um það bil. Miðað við þjóðarframleiðslu mundi lækkunin verða úr 30% um það bil á árinu 1967 í 26% á árinu 1968. Þrátt fyrir minnkunina mundi hér verða um að ræða meiri fjármunamyndun fyrir utan framkvæmdir við Búrfell og í Straumsvík en nokkru sinni áður, að hinu mikla fjárfestingarskeiði 1964—67 undanskildu. Eins og við er að búast mun minnkun fjármunamyndunar verða mest í atvinnuvegunum. Þar hefur aukningin verið örust á undanförnum árum. Þar er lokið ýmsum þeim verkefnum, sem fjármunamyndunin hefur beinzt að um skeið, og þar hefur hin óhagstæða þróun efnahagsmála skapað fjárhagsörðugleika og óvissu um framtíðarhorfur, sem hljóta að draga mjög úr viðleitni til fjármunamyndunar. Mest mun lækkunin verða í kaupum fiskiskipa og í kaupum ýmissa véla og tækja, en einmitt þessi kaup hafa verið gífurlega mikil á undanförnum árum og þó allra mest á árinu 1967. Einnig má gera ráð fyrir, að nokkur minnkun fjármunamyndunar eigi sér stað í landbúnaði, í vinnslu sjávarafurða, í iðnaði, séu framkvæmdir við álbræðsluna ekki taldar með, og í verzlun. Þrátt fyrir þá minnkun, sem hér er gert ráð fyrir, mundi fjármunamyndun í atvinnuvegunum, að undantekinni fjármunamyndun í álbræðslunni, vera meiri en hún hefur nokkru sinni verið hér á landi, að undanteknu tímabilinu 1963—67, sem sker sig úr með einstaklega háa fjármunamyndun á þessu sviði.

Þýðingarmikið er, að það lát, sem nú hlýtur að verða um skeið á örri uppbyggingu atvinnuveganna, sé af hálfu þeirra sjálfra og af hálfu þeirra opinberu aðila, sem hér koma við sögu, notað til að búa sem bezt í haginn fyrir nýtt uppbyggingartímabil. Það hefur komið í ljós, að talsverður hluti þeirrar fjárfestingar, sem framkvæmd hefur verið í atvinnuvegunum á undanförnum árum, hefur ekki verið eins vel undirbúin og ekki eins vel ráðin og æskilegt hefði verið. Þessi fjárfesting ber einnig vott um þröngan sjóndeildarhring þeirra, sem um fjárfestingarákvarðanir fjalla, er kemur fram í ríkri tilhneigingu til þess, að margir aðilar ráðast í sams konar framkvæmdir á sama tíma. Fyrirtæki ættu að geta náð betri árangri í þessu efni en hingað til með því að temja sér vandlegri undirbúning verka og beita strangara arðsemismati en þau hafa gert. Í þessu efni ber bönkum og fjárfestingarlánasjóðum að veita þeim aðstoð og aðhald. Aukin áætlunargerð á sviði atvinnuveganna í samvinnu milli þeirra eigin samtaka og opinberra aðila gæti hér einnig orðið að liði. Gert er ráð fyrir, að íbúðarhúsabyggingar verði á árinu 1968 mjög svipaðar því, sem þær hafa verið á árinu 1967. Er búizt við fjármunamyndun að upphæð 1800 millj. kr., miðað við verðlag ársins 1967, en 2000 millj. kr. miðað við verðlag ársins 1968. Mundi þetta fela í sér um 5% minnkun fjármunamyndunar í íbúðarhúsbyggingum frá metárinu 1967, en þá var fjármunamyndunin talin 1900 millj. kr. á verðlagi þess árs. Að sjálfsögðu er þó þessi tala verulegri óvissu undirorpin, enda þótt mikill stuðningur komi til íbúðarhúsabygginga gegnum starfsemi opinberra sjóða. Íbúðarhúsabyggingar hafa á undanförnum árum verið ríflega miðaðar við áætlaðar þarfir, og mun svo enn verða á þessu ári. Efnahagsstofnunin hefur áætlað íbúðaþörfina um 1600 íbúðir árið 1967, 1700 hvort áranna 1968 og 1969 og 1800 hvort áranna 1970—71. Í reynd er talið, að fjármunamyndun umreiknuð í fullgerðar íbúðir hafi verið um 1800 árið 1966 og 1900 árið 1967 og muni verða um 1800 á árinu 1968. Íbúðarhúsabyggingar á árinu 1966—68 eru því nær því að samsvara þörfum áranna 1970—71 en þessara ára sjálfra. Tala fullgerðra íbúða hefur verið lítið eitt lægri en þetta eða um 1700 á árinu 1966, tæpar 1800 á árinu 1967 og er áætluð 1700 á árinu 1968. Gert er ráð fyrir, að á árinu 1968 muni fjármunamyndun í byggingum og mannvirkjum hins opinbera aukast úr 2490 millj. í 2750 millj. kr., hvort tveggja reiknað á verðlagi ársins 1967, eða um 10%. Stafar þessi aukning af væntanlegri aukningu framkvæmda við Búrfellsvirkjun og Straumsvíkurhöfn, um 465 millj. kr. Aftur á móti er gert ráð fyrir því, að aðrar opinberar framkvæmdir muni dragast saman um 205 millj. kr., eða sem næst 10%. Þrátt fyrir þetta mundi fjármunamyndun í byggingum og mannvirkjum hins opinbera að undanteknum framkvæmdum við Búrfellsvirkjun og Straumsvíkurhöfn verða meiri en hún hefur nokkru sinni verið áður, miðað við fast verðlag, að undanteknum árunum 1966 og 1967. Sú minnkun framkvæmda, sem hér um ræðir, mun fyrst og fremst eiga sér stað í vega- og brúagerð, hafnagerð, flugvallagerð og í framkvæmdum Pósts og síma. Aftur á móti er ekki gert ráð fyrir, að nein minnkun eigi sér stað í skólabyggingum og nokkur aukning muni verða í hitaveitu- og vatnsveitufram kvæmdum.

Mun nú nánar vikið að einstökum greinum opinberra framkvæmda. Mikil aukning mun verða í framkvæmd við Búrfellsvirkjun á þessu ári, enda er það ár, sem þær framkvæmdir ná hámarki. Er gert ráð fyrir, að framkvæmdaaukningin nái 940 millj. kr. miðað við verðlag ársins 1968, en 780 millj. kr. miðað við verðlag ársins 1967. Framkvæmdaupphæð s. l. árs nam 380 millj. kr. á verðlagi þess árs. Áætlað er, að aðrar raforkuframkvæmdir en Búrfellsvirkjun muni nema um 260 millj. kr. á árinu 1968. Er þetta mjög svipuð upphæð og á árinu 1967, en þá var fjármunamyndun í þessum framkvæmdum um það bil 250 millj. kr. Eru þá báðar upphæðirnar taldar á verðlagi ársins 1967. Allmiklar breytingar verða þó

í ýmsum liðum þessara framkvæmda. Þannig verður veruleg aukning á framkvæmdum Landsvirkjunar, öðrum en Búrfellsvirkjun, vegna byggingar gufuaflsstöðva. Á hinn bóginn verður veruleg minnkun á framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins. Stafar þetta bæði af erfiðum fjárhag þessa fyrirtækis og þeim almennu erfiðleikum, sem eru á lánsfjáröflun á þessu ári, en einnig af því, að þörf fyrir aukningu dísilrafstöðva, sem verið hefur mikil á undanförnum árum, er nú að mestu horfin. Framkvæmdir rafmagnsveitna sveitarfélaga, bæði Rafmagnsveitna Reykjavíkur og annarra, verða svipaðar og áður. Mjög mikil þörf er aukinna raforkuframkvæmda í ýmsum landshlutum á næstu árum. Hefði raunar verið æskilegt, að unnt hefði verið að veita verulegum upphæðum af fjáröflun ársins í ár til þessara þarfa. Vegna framkvæmda í öðrum greinum, sem komnar eru langt áleiðis og nauðsynlegt er að ljúka sem fyrst, hefur þetta þó ekki reynzt kleift nema að mjög takmörkuðu leyti. Athugun á væntanlegri Laxárvirkjun og hagkvæmustu leiðum til að sjá fyrir raforkuþörf Austurlands og svæðis Húna- og Skagafjarðarveitna er nú að mestu lokið, og mun unnt að taka ákvarðanir á grundvelli þeirra athugana innan skamms. Í sambandi við þessar athuganir er í ráði að reisa á þessu ári litla gufuaflsstöð í Námaskarði til reynslu. Jafnframt mun haldið áfram undirbúningi að Laxárvirkjun. Þá hafa Rafmagnsveitur ríkisins hug á að hrinda í framkvæmd virkjun Smyrlabjargaár í Austur-Skaftafellssýslu, en þeirri virkjun var frestað á sínum tíma, eftir að vélar og leiðslur höfðu verið keyptar, vegna óvissu um, hvort nægilegt vatnsmagn væri til staðar. Einnig hafa Rafmagnsveitur ríkisins áhuga á byggingu línu frá Laxárvirkjun til Raufarhafnar og frá Þverárvirkjun til Búðardals. Allar mundu þessar framkvæmdir stefna að því að draga úr dísilaflsþörf rafmagnsveitnanna og bæta rekstrarafkomu þeirra.

Gert er ráð fyrir, að framkvæmdir við hitaveitur og vatnsveitur aukist úr 170 millj. kr. á ári árið 1967 í 190 millj. kr. á árinu 1968, hvort tveggja reiknað á verðlagi ársins 1967. Munar hér langmestu um mikla aukningu framkvæmda við vatnsveitu í Vestmannaeyjum, en þær framkvæmdir ná hámarki á þessu ári. Einnig er gert ráð fyrir nokkurri aukningu vatnsveituframkvæmda í Reykjavík og á hinn bóginn munu framkvæmdir við Hitaveitu Reykjavíkur, sem verið hafa miklar á undanförnum árum, fara nokkuð lækkandi á þessu ári.

Framkvæmdir við vega- og brúargerð jukust verulega á árinu 1967 samanborið við árið 1966. Byggðist þessi aukning fyrst og fremst á framlagi á tekjuafgangi ríkissjóðs frá árinu 1966, sem gekk aðallega til endurbyggingar brúa. Á þessu ári er mikill vandi á höndum í sambandi við fjármál vega- og brúagerðar, sem ekki er lengur hægt að leysa á þann auðvelda hátt, sem gert var á síðastliðnu ári. Í fyrsta lagi hafa tekjur Vegasjóðs, sem eru fast gjald af benzíni og gúmmíi, ásamt föstum þungaskatti af bifreiðum, ekki aukizt í samræmi við hækkandi kostnað undanfarinna ára. Í öðru lagi hefur viðhaldskostnaður vega reynzt mjög mikill á undanförnum tveimur árum vegna slæms tíðarfars. Í þriðja lagi hafa allmikil lán verið tekin til einstakra vegaframkvæmda á undanförnum árum og þá einkum til lagningar Reykjanesbrautar. Í vegáætlun hefur hins vegar ekki verið séð fyrir nægilegu fé til að standa straum af greiðslu vaxta og afborgana af þessum lánum. Hafa því greiðslur vaxta og afborgana utan vegáætlunar farið ört vaxandi. Í fjórða lagi hafa sumar vegaframkvæmdir, sem unnið hefur verið að á undanförnum árum, orðið mun dýrari en upphaflega var gert ráð fyrir. Gildir þetta fyrst og fremst um byggingu Siglufjarðarvegar. Loks má nefna, að undirbúningur hraðbrautarframkvæmda, sem hófst á s. l. ári, er kostnaðarsamur, þar sem hvort tveggja kemur til, að þessar framkvæmdir eru miklar, og ætlunin er að taka til þeirra erlend lán. Þarfnast þær því nákvæmari undirbúnings en yfirleitt hefur tíðkazt hér á landi, nema í sambandi við raforkuframkvæmdir.

Af þeim sökum, sem hér hefur verið lýst, var það ljóst, að um mikla minnkun vegaframkvæmda hlyti að verða að ræða á árinu, nema gripið væri til sérstakra fjáröflunarráðstafana. Slík minnkun gat hins vegar varla komið til mála, bæði vegna þess, að þá hefði orðið að víkja mjög frá þeim fyrirætlunum, sem 4 ára vegáætlunin nú á síðasta ári fól í sér, og vegna þess, að flestar þeirra vegaframkvæmda, sem nú er unnið að utan vegáætlunar, eru mjög langt komnar og samningabundnar við verktaka þær þýðingarmestu þeirra. Eins og kunnugt er, var því sú leið valin að hækka verulega fjáröflun til vegamála með vegagjöldum. Jafnframt er með þeirri aukningu gjalda lagður fjárhagslegur grundvöllur að lagningu hraðbrauta og annarri aukningu vegaframkvæmda á næstu árum. Þrátt fyrir þessa auknu fjáröflun munu framkvæmdir vega- og brúagerða dragast nokkuð saman á árinu 1968 miðað við árið 1967, eða í 175 millj. kr. samanborið við 210 millj. árið 1967, reiknað á verðlagi þess árs. Kemur hér til, að hin aukna fjáröflun er ekki í gildi allt árið, að viðhaldskostnaður er mikill, að skuldagreiðslur vegna vegaframkvæmda eru mjög miklar og meiri en áður, og hið sérstaka framlag, er greitt var á síðastliðnu ári til Vega- og brúasjóðs af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1966, fellur nú niður.

Á þessu ári mun verða lokið framkvæmdum við tvo vegi, sem unnið hefur verið að nokkru undanfarin ár með sérstakri fjáröflun utan vegáætlunar. Þetta eru Siglufjarðarvegur og Suðurfjarðavegur um Vattarnes. Ekki þarf að orðlengja þýðingu Siglufjarðarvegar fyrir Siglfirðinga og Fljótamenn. Því miður hefur þessi vegur þó reynzt margfalt dýrari en vonazt hafði verið til. Stafar þetta fyrst og fremst af því, að aðstæður við gerð jarðganga reyndust einstaklega erfiðar, og spáir sú reynsla ekki góðu um gerð jarðganga hér á landi yfirleitt. Þó að framkvæmdum við sjálfan Siglufjarðarveginn verði nú lokið, er enn eftir að byggja upp gamla

veginn í Fljótum á milli Ketiláss og Haganesvíkur, svo að fullt gagn verði af þessu verki. Þá mun einnig þurfa að standa undir miklum skuldagreiðslum vegna þessara vega á næstu árum. Lagning Suðurfjarðavegar um Vattarnes mun greiða mjög fyrir traustum samgöngum allt árið á milli Egilsstaða og Reyðarfjarðar annars vegar og suðurfjarða hins vegar, eins og þegar hefur komið í ljós á þessum vetri. Er hér um mikla samgöngubót að ræða, sem jafnframt mun stuðla að viðgangi Egilsstaða sem miðstöðvar fjórðungsins. Þá mun á þessu ári einnig ljúka lagningu vegar á milli Mývatnssveitar og Húsavíkur, sem framkvæmdir voru hafnar við á s. l. ári. Er hér um að ræða mikið verk, sem nauðsynlegt var að framkvæma vegna starfsemi kísiliðjunnar, en er einnig þýðingarmikil samgöngubót fyrir héraðið allt. Framkvæmdir munu halda áfram á þessu ári við tvo aðra vegi, sem nokkuð hefur verið unnið að á undanförnum árum með sérstakri fjáröflun, en þeir eru Austurlandsvegur á Möðrudalsöræfum og Heydalsvegur í Hnappadalssýslu. Það fé, sem unnt verður að láta ganga til þessara verka á þessu ári, er þó af of skornum skammti til þess, að nokkur gagnlegur áfangi geti þar náðst. Heimildir til lántöku í vegáætlun hafa á sínum tíma verið ákveðnar án vitneskju um það fjármagn, sem kann að verða til ráðstöfunar, og fela slíkar heimildir að sjálfsögðu ekki í sér neinar skuldbindingar um lánsfjáröflun. Lánsfjáröfluninni verður síðan á hverjum tíma að reyna að beina til að ljúka framkvæmdum eða ná þýðingarmiklum áföngum verka, í stað þess að dreifa fénu á marga staði án þess að nokkur skynsamlegur áfangi náist neins staðar. Á undanförnum árum hefur verið reynt að bæta vinnubrögð opinberra framkvæmda í þessu efni, og hefur umtalsverður árangur náðst í þá átt. Því miður gætir þó þröngra héraðssjónarmiða enn helzt til mikið í þessum málum. Þá munu á þessu ári hafnar framkvæmdir við Hafnarfjarðarveg í Kópavogi, en til þess verks mun aflað verulegs lánsfjár samkvæmt sérstöku samkomulagi á milli Kópavogskaupstaðar og samgmrn. Á þessu og næsta ári er ætlunin að ljúka áfanganum norðanmegin á Digraneshálsi á mótum Nýbýlavegar, Kársnesbrautar og Hafnarfjarðarvegar. Að þessum áfanga loknum mun umferðin til Kópavogs og úr honum geta farið greiðlega um þessi vegamót, jafnframt því sem mjög mun létta á umferð um Digraneshálsinn sjálfan.

Eins og áður er sagt, mun á þessu ári haldið áfram undirbúningi framkvæmda við lagningu hraðbrauta og aukningu annarra vegaframkvæmda á næstu árum. Hér er að nokkru leyti um að ræða verkfræðilegan undirbúning einstakra verka og að nokkru leyti almenna áætlunargerð um samgöngumál yfirleitt með sérstakri áherzlu á vegamálin, jafnframt því sem ný fjögurra ára vegáætlun verður undirbúin. Efnahagsstofnunin mun á þessu ári í samráði við samgmrn., vegamálastjórn, hafnarmálastjórn og flugmálastjórn vinna að athugun á samgöngumálum og áætlunargerð um þau til langs tíma. Er ætlunin, að erlend verkfræðifyrirtæki aðstoði við þessa samgöngumálaathugun, og mun skýrsla þessi lögð fyrir Alþjóðabankann eða aðra erlenda lánveitendur, sem sótt verður um lán til vegna hraðbrautaframkvæmda. Vonir standa til, að þessar framkvæmdir gætu hafizt ekki síðar en á árinu 1970, eða þegar eftir að framkvæmdum við Búrfell og í Straumsvík lýkur.

Gert er ráð fyrir, að svipaðri fjárhæð verði varið til gatna- og holræsagerðar á þessu ári eins og á s.l. ári. Verðhækkanir gera það þó að verkum, að fjármunamyndunin verður ívið lægri en á því ári, reiknuð á föstu verðlagi, eða 310 millj. kr. samanborið við 330 millj. kr. á s. l. ári, hvort tveggja miðað við verðlag ársins 1967. Hafa framkvæmdir við gatna- og holræsagerðir, eins og kunnugt er, aukizt gífurlega á undanförnum árum og meira en nokkur önnur grein opinberra framkvæmda.

Hafnaframkvæmdir munu haldast að heita má óbreyttar á þessu ári frá árinu 1967, 245 millj. kr. samanborið við 240 millj., reiknað á verðlagi ársins 1967. Hér kemur þó til greina mikil aukning í framkvæmdum við Straumsvíkurhöfn, eða úr 40 millj. kr. árið 1967 í 105 millj. kr. á þessu ári. Framkvæmdir við aðrar hafnargerðir munu dragast saman á árinu. Mestu munar þó hér um minnkun framkvæmda við Sundahöfn í Reykjavík, sem nú er komin langt áleiðis. Framkvæmdirnar við landshafnirnar á Rifi, í Keflavík — Njarðvík og í Þorlákshöfn munu einnig verða nokkuð minni á þessu ári en á s.l. ári. Eigi að síður er stefnt að því að ljúka nú framkvæmdum við landshafnirnar í Keflavík — Njarðvík og í Þorlákshöfn, þannig að báðar þessar hafnir komist í fulla notkun. Frekari framkvæmdum við Rifshöfn verður hins vegar frestað að sinni. Miklu máli skiptir, að framkvæmdum við hinar landshafnirnar tvær verði lokið eins og áætlað er, og hefur fjárveiting til þessara hafna innan fjáröflunaráætlunarinnar verið aukin verulega í þessu skyni, og einnig til þess að unnt sé að greiða skuldir frá fyrri árum. Báðar þessar hafnarframkvæmdir hafa reynzt miklu dýrari en ráð hafði verið fyrir gert. Báðar þeirra, og þó einkum Þorlákshöfn, eru dæmi þess skorts á nægilega góðum tæknilegum og fjárhagslegum undirbúningi verka, sem allt of oft hefur viljað brenna við í opinberum framkvæmdum hér á landi. Það er einnig dæmi um það, hversu lítill gaumur því oft hefur verið gefinn hér á landi, að hagsbætur verka standi í eðlilegu hlutfalli við kostnað þeirra. Eigi að síður eru þessi verk nú komin svo langt áleiðis, að miklu máli skiptir nú að ljúka þeim hið fyrsta, svo hið mikla fjármagn, sem í þeim er bundið, geti farið að skila einhverjum arði. Jafnframt er þýðingarmikið, að sams konar vinnubrögð verði ekki endurtekin framvegis, en að því marki stefna þær lagfæringar á undirbúningi opinberra framkvæmda, sem nú er verið að vinna að. Gert er ráð fyrir, að framkvæmdir við almennar hafnargerðir, þ. e. a. s. aðrar hafnargerðir en landshafnirnar, Reykjavíkurhöfn og Straumsvíkurhöfn, verði

svipaðar á þessu ári og s.l. ári, en þó nokkru lægri reiknað á föstu verðlagi. Fjár til þessara hafnargerða er aflað með fjárveitingum, sem mjög hafa verið hækkaðar í samræmi við nýju hafnal. og nema 43 millj. kr. á ári. Þá munu, eins og á undanförnum árum, ganga til þessarar hafnargerðar lánveitingar úr Atvinnuleysistryggingasjóði að upphæð 20 millj. kr. og lán samkvæmt Vestfjarðaáætlun að upphæð 9.8 millj. kr., og að öðru leyti munu hlutaðeigandi hafnarsjóðir og sveitarfélög sjálf sjá um fjáröflunina. Miklir fjárhagsörðugleikar munu hins vegar verða hjá mörgum þessara hafnargerða vegna þess, að þær eru ekki færar um að standa undir vöxtum og afborgunum af lánum og eru þegar í vanskilum við Ríkisábyrgðasjóð. Samkvæmt nýju hafnal. var ætlunin, að Hafnabótasjóður gæti komið þessum hafnargerðum til aðstoðar. Þar sem ákvæði hins upphaflega frv. um sérstaka fjáröflun til Hafnabótasjóðs í þessu skyni voru felld niður, hefur Hafnabótasjóður hins vegar ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að leysa þetta hlutverk af hendi nema að takmörkuðu leyti. Sérstök athugun fer nú fram á þessu fjárhagslega vandamáli. Svo mikið hefur verið unnið í hafnargerðum víða um land á undanförnum árum, að unnt ætti að reynast á nokkrum árum að koma öllum þeim höfnum, sem þýðingu hafa fyrir samgöngur og fiskveiðar í viðunandi horf. Mun gerð áætlana um þetta verða einn liður þeirrar athugunar á samgöngumálum, sem unnið verður að á þessu ári. Jafnhliða þessu verða hlutaðeigandi sveitarfélög í samvinnu við aðra opinbera aðila að stuðla að því að koma fjármálum hafnanna í viðunandi horf.

Flugvallarframkvæmdir, sem verið hafa miklar á árunum 1965—1967, munu dragast saman á þessu ári. Stafar þetta fyrst og fremst af því, að framkvæmdum, sem staðið hafa yfir við endurbætur farþegaafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli, er nú lokið, og lagfæringu flugbrauta á Reykjavíkurflugvelli og malbikun flugbrautar á Akureyri að mestu lokið. Á þessu ári munu framkvæmdir halda áfram við lagningu flugbrautar í Vestmannaeyjum, við byggingu flugskýlis á Ísafirði og Egilsstöðum og við malbikun á Akureyrarflugvelli, auk ýmissa minni háttar framkvæmda við aðra flugvelli. Endurbótum á öryggiskerfinu mun haldið áfram með sama hætti og á undanförnum tveimur árum. Þörf er verulegra framkvæmda á næstu árum á flugvöllum utan Reykjavíkur, auk nokkurrar lagfæringar á austur- og vesturbraut Reykjavíkurflugvallar. Röðun þessara verka og leiðir til aukinnar fjáröflunar til framkvæmda í þessari grein, munu verða meðal þeirra atriða, sem tekin verða til yfirvegunar í þeirri athugun á samgöngumálum, sem framkvæmd verður á þessu ári og ég hef þegar minnzt á.

Framkvæmdir á vegum Pósts og síma, hljóðvarps og sjónvarps hafa verið mjög miklar á undanförnum árum, og jukust hvað mest á árinu 1966 og 67. Að því er framkvæmdir símans snertir, er fjár til þeirra aflað að mestu leyti á rekstrarafgangi stofnunarinnar og að nokkru leyti með erlendum lánum til fárra ára vegna tækjakaupa. Ætlunin er, að afnotagjöld símans verði ekki hækkuð á þessu ári. Mun rekstrarhagnaður minnka sem þessu svarar og fjárfesting dragast saman í samræmi við þetta. Gert er ráð fyrir, að fjármunamyndun í þessum flokki lækki úr 220 millj. kr. 1967 í 160 millj. kr. 1968, hvort tveggja reiknað á verðlagi ársins 1967.

Skólabyggingar eru ásamt hita- og vatnsveitum eina grein opinberra framkvæmda, sem ekki er gert ráð fyrir að dragist saman á árinu. Er búizt við, að framkvæmdir við skólabyggingar nemi 295 millj. kr. á árinu 1968 samanborið við 290 millj. kr. á árinu 1967, hvort tveggja reiknað á verðlagi ársins 1967. Eru framkvæmdir þessara tveggja ára við skólabyggingar miklu meiri en nokkru sinni hafa verið áður hér á landi.

Gert er ráð fyrir, að sömu fjárhæð sé varið til byggingar sjúkrahúsa á þessu ári og á s.l. ári. Vegna verðhækkana minnkar þó fjármunamyndunin á föstu verðlagi úr 150 millj. 1967 í 135 millj. á þessu ári, hvort tveggja reiknað á verðlagi ársins 1967. Þýðingarmestu verkin, sem hér er um að ræða, eru eins og áður bygging Borgarsjúkrahússins í Reykjavík og stækkun Landspítalans ásamt byggingu eldhúss fyrir þann spítala. Á hinn bóginn hefur byggingu þvottahúss við Landspítalann verið frestað, og er nú verið að athuga aðra lausn á þvottahúsþörfinni í samvinnu við Reykjavíkurborg.

Ekki er gert ráð fyrir breytingu fjárhæða í sambandi við félagsheimili frá því, sem var á s.l. ári, en þó með ívið minnkandi framkvæmdum miðað við fast verðlag. Í sambandi við aðrar opinberar byggingar er heldur ekki gert ráð fyrir breytingum fjárhæða, en hins vegar nokkurri lækkun fjármunamyndunar miðað við fast verðlag. Framkvæmdir við tollstöðvarbyggingu í Reykjavík munu nokkuð dragast saman, og byggingu Norræna hússins er nú að mestu lokið. Á hinn bóginn mun verða nokkur aukning framkvæmda við byggingu lögreglustöðvar í Reykjavík og ýmsar byggingar Reykjavíkurborgar. Í þessum flokki eru einnig taldar byggingar rannsóknastofnana atvinnuveganna. Byggingu annarrar álmu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Keldnaholti er nú lokið og rannsóknastofnunin flutt þangað. Á þessu ári er ætlunin að byggja hús fyrir starfsemi Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins einnig á Keldnaholti. Þegar því verki er lokið, er næst fyrir hendi að leysa húsnæðisþörf Rannsóknastofnunar iðnaðarins, en hún er enn til húsa í gamla atvinnudeildarhúsnæðinu, sem fyrirhugað hefur verið, að Háskólinn fái til afnota.

Ég vil einnig nota það tækifæri, sem hér býðst, til að gera sérstaka grein fyrir framkvæmdum í samgöngumálum á Vestfjörðum, samkvæmt Vestfjarðaáætlun. Þær framkvæmdir hófust fyrir 3 árum síðan. Var áætlunin byggð á undangenginni athugun á samgöngumálum og öðrum aðstæðum á

Vestfjörðum í heild, og miðað að því að einbeita framkvæmdum að því að koma á góðu vegasambandi innan Vestfjarða við tvær miðstöðvar byggðarinnar, Ísafjörð og Patreksfjörð, jafnframt því að góðum flugsamgöngum væri komið á frá þessum tveimur stöðum. Á þessum grundvelli reyndist kleift að afla verulegs erlends fjármagns til framkvæmdanna, eins og kunnugt er. Þessum framkvæmdum er nú svo langt komið að sjá má fyrir enda þeirra á næsta ári. Þær hafa orðið nokkuð dýrari en við hafði verið búizt, enda var verkfræðilegum athugunum ekki lokið, þegar upphaflega áætlunin var gerð, og nánari athuganir hafa leitt í ljós, að varla komi til greina að ráðast í einn lið framkvæmdanna, jarðgöng í Breiðadalsheiði, kostnaðar vegna. Að öðru leyti verður að telja, að framkvæmdirnar hafi gengið mjög vel, og jákvæður árangur þeirra sé þegar farinn að koma í ljós. Koma hér ótvírætt fram kostir skipulegra vinnubragða í undirbúningi framkvæmda og fjáröflunar og einbeitingar framkvæmda á tilteknum og vel völdum verkefnum. Vil ég hér í stuttu máli gera grein fyrir einstökum verkum innan þessarar áætlunar: Framkvæmdum við flugvellina á Ísafirði og Patreksfirði er nú lokið fyrir nokkru, nema byggingu flugskýlis á Ísafirði, sem nú stendur yfir, og malbikun flugvallar á Ísafirði, sem mun frestast um sinn. Hafnargerðum er lokið eða að mestu lokið á Patreksfirði, Þingeyri, Bíldudal, Flateyri og Suðureyri. Framkvæmdir í Súðavík munu hefjast á þessu ári. Ætlunin var að hefja einnig framkvæmdir við Ísafjarðarhöfn á þessu ári, en vegna skemmda á Bolungarvíkurhöfn í vetur hefur nú komið til álits að láta framkvæmdir við þá höfn ganga fyrir, og fresta framkvæmdum við Ísafjarðarhöfn til næsta árs, enda mundu þær ekki hafa skapað bætta hafnaraðstöðu þar á þessu ári hvort sem var. Lagning vegar frá Patreksfirði til Bíldudals um Hálfdan er lokið fyrir 2 árum, sömuleiðis lagningu vegar til flugvallarins á Patreksfirði og að mestu til flugvallarins á Ísafirði. Lagningu vegar um Breiðadalsheiði á milli Flateyrar og Ísafjarðar mun ljúka á þessu ári, að undanteknum göngunum, sem áður er minnzt á, en tæknileg athugun fer nú fram á því vandamáli. Þá mun um helmingi framkvæmda við Súgandafjarðarveg ljúka á þessu ári og sömuleiðis rúmlega helmingi verks sunnan Þingmannaheiðar. Þá mun einnig drjúgum hluta af Bolungarvíkurvegi lokið á þessu ári. Á næsta ári mun þessum vegaframkvæmdum lokið að fullu, og einnig veginum yfir Gemlufallsheiði milli Þingeyrar og Flateyrar. Mun þá í öllum aðalatriðum náð þeim árangri, sem stefnt var að með samgönguáætluninni fyrir Vestfirði.

Við Íslendingar höfum á undanförnum árum lifað eitt mesta velgengnisskeið í sögu okkar. Þjóðarframleiðslan óx ört, og þjóðartekjurnar jukust meir en við höfum yfirleitt átt að venjast áður og meir en í flestum öðrum löndum á sama tíma. Þjóðartekjurnar á mann voru að verða á borð við það, sem bezt gerist í þeim löndum, sem lengst eru komin á þróunarbraut, og tekjuskipting sennilega jafnari en í nokkru öðru landi. Sparnaður og fjármunamyndun var meiri en nokkru sinni áður og meiri en yfirleitt gerist með öðrum þjóðum. Greiðslujöfnuður landsins varð hagstæður árum saman, gjaldeyrisvarasjóður fyllilega á borð við það, sem aðrar þjóðir telja nægilegt, og lánstraust landsins betra en nokkru sinni áður. Við höfðum sjálfir trú á því, að enda þótt framfarirnar gætu ekki alltaf orðið eins örar og þetta, stæði velmegunin traustum fótum, nútímatækni í fiskileit og við veiðar mundi stórlega draga úr hættunni á aflaleysi og blómlegur efnahagur annarra þjóða og vaxandi alþjóðaviðskipti auka eftirspurn eftir útflutningsafurðum okkar og treysta verðlag þeirra. Reynsla undanfarinna tveggja ára hefur fært okkur heim sanninn um það, hversu mjög við erum enn háð þeim náttúruöflum, sem við hvorki skiljum til hlítar eða ráðum við. Þessi 2 ár hafa einnig fært okkur heim sanninn um það, hversu háð við erum efnahagsþróun í heiminum yfirleitt og atburðum í hinum fjarlægustu löndum, og sýnt okkur, hversu langt það á í land, þrátt fyrir þær miklu framfarir, sem orðið hafa í þessu efni, að þjóðir heimsins hafi náð fullu valdi á stjórn efnahagsmála sinna og þróað með sér þá samvinnu, sem geti komið í veg fyrir alvarlegar truflanir alþjóðaviðskipta. Þetta er mikill og gagnlegur lærdómur, ef menn kunna að færa sér hann í nyt, en á það mun nú reyna hjá okkur ekki síður en hjá öðrum þjóðum. Eins og nú horfir við, verðum við að gera ráð fyrir áframhaldandi erfiðleikum á útflutningsmörkuðum og megum ekki búast við skjótum bata aflabragða. Við verðum m. ö. o. að búa okkur undir, að núverandi aðstaða í efnahagsmálum muni haldast um nokkurt skeið og geti jafnvel enn farið versnandi, a. m. k. í sumum atriðum. Þetta felur í sér, að við komumst ekki hjá því að laga líf okkar að nýjum aðstæðum, að reynsla okkar sem einstaklinga og sem samfélagsþegna verður að færast til samræmis við lægri tekjur og framkvæmdir til samræmis við minnkaðan sparnað. Þetta eru mikil umskipti og meira en nokkur nágrannaþjóð okkar mun þurfa að þola, og eiga þær þó margar við mikla erfiðleika að etja. Þessi umskipti verða síður en svo sársaukalaus, en þau eru þó ekki stórvægilegri en svo, að við munum að þeim loknum geta lifað við betri lífskjör en við höfum nokkru sinni áður notið, þar til fyrir 2—3 árum, og haldið uppi meiri framkvæmdum í landinu en við nokkru sinni áður höfum gert, að allra síðustu árum undanteknum. Á undanförnum 2 árum hafa stjórnarvöld landsins leitazt við að sýna fram á nauðsyn þessarar aðlögunar, og búa í haginn fyrir, að hún geti orðið smám saman, án þess að snöggur samdráttur yrði í framleiðslu og framkvæmdum og atvinnuleysi myndaðist. Eftir því sem erfiðleikarnir hafa vaxið, hefur orðið að herða á þessari viðleitni með nýjum og öflugri aðgerðum. Með þeirri framkvæmd á fjáröflunaráætlun fyrir árið 1968, sem ég hef gert grein fyrir í þessari skýrslu, er stefnt að þessu sama markmiði að stuðla

að nauðsynlegum breytingum til samræmis við lækkaðar þjóðartekjur, jafnframt því sem komizt sé hjá atvinnuleysi og reynt að leggja sem traustastan grunn að framtíðarþróun efnahagslífsins. Miklu máli skiptir, að í þessu efni takist vel til. Skortur skilnings á eðli vandans og gildi þeirra tækja, sem unnt er að beita við lausn hans, má ekki verða til þess að gera umskiptin sársaukafyllri en brýnustu nauðsyn ber til, og torvelda nýja framþróun, þegar hagstæðari skilyrði verða aftur fyrir hendi. Enn síður má skammsýnt tillit til stéttarhagsmuna og stjórnmálaávinnings valda slíkri ógæfu. Það er ósk ríkisstj., að sem mestur skilningur megi verða á þessum málum og sem mest samstaða við lausn þeirra. Í þeim anda hefur sú áætlun um framkvæmdir og fjáröflun ársins 1968 verið undirbúin, sem ég hef nú gefið skýrslu um.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til þess að benda á, hvílík fjarstæða meðferðin á þessu málefni er. En áður en ég kem að því, vildi ég segja, að auðvitað gæti verið ástæða til þess að gera aths. við æðimargt af þeim ályktunum, sem koma fram í því plaggi, sem hæstv. ráðh. las, og raunar líka upplýsingarnar. En ef út í það væri farið núna, yrði það endurtekning að verulegu leyti á því, sem áður hefur verið sagt hér á hv. Alþ., sumt af því oftar en einu sinni, í sambandi við meðferð ýmissa mála undanfarið. Ennfremur yrði það að nokkru leyti, og sjálfsagt jafnvel að mestu leyti, endurtekning á því, sem sett verður fram í þeim almennu stjórnmálaumr., sem fara fram á hv. Alþ. þessa dagana. Mun ég sleppa því að ræða almennt um þessi málefni, en benda þó á það, sem mér fannst einna merkast í því, sem þarna kom fram og hafði raunar komið fram áður í sambandi við önnur þingmál, eða annað þingmál sérstaklega, en það er þetta, að nú er svo komið, að hæstv. ríkisstj. telur ekki fært að halda uppi almennum opinberum framkvæmdum nema með stórfelldum erlendum lántökum. Þ. á m. framkvæmdum, sem ég hygg, að engum hefði dottið í hug að sækja erlend lán til fyrir nokkru. Þetta er ástæða til þess að strika undir enn, og ræði ég það ekki nánar.

Það er mjög erfitt að átta sig á því, hvernig þær framkvæmdir sem hér eru fyrirhugaðar, muni duga til þess að halda uppi fullri atvinnu í landinu. Það er ákaflega erfitt að átta sig á því, en ég vil leggja áherzlu á, að stefnan þurfi að vera sú að halda uppi fullri atvinnu, og ef það sýnir sig á næstunni, að þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir í þessari áætlun og ákvörðunum, sem teknar hafa verið fram að þessu, — ef það sýnir sig, að þær reynast ekki megnugar þess að halda uppi fullri atvinnu, þá vil ég leggja áherzlu á, að það verði ráðizt í viðbótarframkvæmdir og það svo að því marki verði að fullu náð.

Ég vil í því sambandi alveg sérstaklega benda á þann kvíða, sem herjar á marga varðandi atvinnu fyrir unga fólkið, unglingana, á því sumri, sem í hönd fer. Það er verkefni, sem þyrfti að taka til sérstakrar skoðunar, og er í raun og veru eitt af því, sem orðið hefur útundan á þessu Alþ. að finna tök á. Er raunar eitt af því, sem hefði þurft að vinna að áfram á þessu þingi, ásamt ýmsum ráðstöfunum fyrir atvinnuvegina, sem enn eru ógerðar og till. liggja fyrir um sumar hverjar. Ég legg áherzlu á þetta atriði.

Ég geri ekki ráð fyrir, að það sé þægilegt fyrir hv. þm. að átta sig á þessu, sem hér er borið fram. T.d. eru í þessari framkvæmdaáætlun í raun og veru innifaldar áætlanir um starfsemi allra fjárfestingarsjóðanna. Og mér er sérstaklega kunnugt um það, af því ég á sæti í stjórn Framkvæmdasjóðs, að þessar áætlanir, sem hér eru innifaldar um lánveitingar einstakra sjóða, eru sumar mjög knappar, þannig að þar er gert ráð fyrir því, að ekki verði unnt að sinna ýmsum mjög mikilsverðum verkefnum.

Í því sambandi vil ég t. d. nefna stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem nú heitir aftur Fiskveiðasjóður eins og áður, að mér sýnist af þeim áætlunum, sem ég hef getað kynnt mér varðandi þá stofnun, að þar verði mjög knappt um lánsfé, og ég nefni tvö dæmi um það, sem getur orðið út undan, þegar þannig er ástatt. Ég veit dæmi þess, að hægt væri að koma á stórfelldri hagræðingu í atvinnurekstri, ef unnt væri að fá lánsfé í stofnkostnað til að hrinda slíku í framkvæmd. Ég nefni sem sé tvö dæmi og þau bæði úr fyrirtækjum, sem ég er kunnugur, af því ég sit í stjórn þeirra.

Annað dæmið er um niðursuðuverksmiðju ríkisins, sem hefur stundað niðurlagningu um nokkur ár. Það hefur ekki verið mögulegt að fá fjármuni þar til þess að búa verksmiðjuna í verjandi horf. Þó er þetta tilraunaverksmiðja, sem Íslendingar eiga stórkostlega mikið undir, hvernig farnast. Það hefur ekki verið hægt að fá smálán til þess að koma þessu fyrirtæki sæmilega á laggir. T. d. þyrfti að fá 5—6 millj. í þetta fyrirtæki til þess að byggja geymslu fyrir hráefnið, en öll starfsemi þess er verulega lömuð vegna þess að hráefnisgeymslurnar eru ekki í lagi, en það verkar á alla afkomu fyrirtækisins og alla framleiðslu. Þetta hefur ekki fengizt, og það eru helzt horfur á því, að þetta fáist ekki enn frá stofnlánakerfinu. Svona knappt er skorið í þessum áætlunum, þó hér sé gert ráð fyrir stórfelldum erlendum lántökum í almennar framkvæmdir.

Ég nefni annað dæmi, sem er líka á vegum fyrirtækis, sem ég á þátt í að stjórna, það eru Síldarverksmiðjur ríkisins. Þar væri hægt að koma við núna verulegum sparnaði í rekstrinum, sem gæti haft áhrif á hráefnisverðið, ef hægt væri að fá nokkra milljónatugi til þess að leggja þar í framkvæmdir til hagræðingar. En það eru helzt horfur á því í dag, að þetta sé með öllu ófáanlegt.

Þetta er dæmi um tvö fyrirtæki, sem ég þekki til og svo stendur á um, að ég sit í stjórn þeirra, og það má nærri geta, að það úir og grúir af svona dæmum í öllum atvinnurekstri landsmanna. En það fæst ekki úr bætt fyrir skort á lánsfé, og hér er það svo

knappt skorið, að nálega engin átök verður mögulegt að gera í þessu mikilsverða efni.

Það sama mætti segja um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Mér er kunnugt um, að þar er áætlunin svo knöpp, að það verður með engu móti mögulegt að sinna sumum af þeim allra brýnustu verkefnum, sem sú lánadeild þyrfti að styðja, ekki sízt í sambandi við ýmiss konar fyrirtæki, sem vinna á vegum landbúnaðarins.

Veðdeild Búnaðarbankans er ætlað, ef ég man rétt, allt að því helmingi minna fé heldur en á því ári, sem nú er að líða, og hefur þó mörgum fundizt *nóg um, hvernig þar hefur gengið um lánveitingar*, og má fara nærri um, hvað framundan er, miðað við slíkar áætlanir.

Þannig mætti halda áfram að telja, en allir þessir áætlunarliðir eru inni í þessum frumskógi, sem menn fengu ofurlitla hugmynd um af því langa máli, sem hæstv. ráðh. las. Það er alveg augljóst öllum þeim, sem hafa haft eitthvert tækifæri til að kynna sér þessi mál, að það vantar stórlega fjármuni í ýmislegt af því brýnasta, og þyrfti að leggja meira lánsfé fram en gert er. Ég nefni þetta aðeins til ábendingar. Hér er ekki um þingmál að ræða, því hvorki er hér þáltill. né lagafrv. Búið er að ganga frá þeim lagaheimildum, sem hæstv. stjórn vill fá í þessu sambandi, en samt vildi ég benda mönnum á þetta.

Ég hef hreyft þessum málum, sem ég er að ræða hér, nokkuð í stjórn Framkvæmdasjóðs, og skal ekki segja, hvort þar fást einhverjar undirtektir við að reyna að útvega meira fé en gert er ráð fyrir í þeim plöggum, sem enn liggja fyrir. Það er ekki búið að taka ákvarðanir um það, en ég vildi koma þessum bendingum hér á framfæri til þess að sýna mönnum, hversu margþætt þetta mál er og yfirgripsmikið, og hversu erfitt er fyrir hv. alþm. að átta sig á því, sem er að gerast.

Þá vil ég koma að því, sem var ekki sízt erindi mitt hingað, en það var að finna að því, hvernig á þessu máli er haldið. Ég sagði áðan, að mér fyndist það hrein fjarstæða. Í raun og veru ætti þetta mál, þ. e. a. s. framkvæmdaáætlun, sem er nú mest áætlun um opinberar framkvæmdir, að fylgja frv. ríkisstj. um lánamálin, lánafjárl. sem ég hef kallað, og það er algjör afturfótafæðing að láta það frv. ganga á undan, keyra það í gegnum þingið fyrst og koma síðar fram með þessar upplýsingar, sem í raun og veru er grg. fyrir lánafrv.

Þann hátt ætti einnig að taka upp í þessu efni að láta frv. um lántökuheimildirnar annaðhvort fylgja fjárl.frv. eða í allra síðasta lagi koma fram í beinu framhaldi af fjárl., og því frv. ætti að fylgja grg. af því tagi, sem hæstv. ráðh. hér flutti og hann kallaði framkvæmdaáætlun fyrir 1968.

Ég vil vona, að Alþ. verði ekki oftar boðið upp á vinnubrögð af þessu tagi, — hreinlega ekki, því vitaskuld er þetta móðgandi. Það er hreinlega móðgandi að haga þessu á þessa lund. Maður skilur ekki, hvers vegna ekki er hægt að koma þessu öðruvísi fyrir. Hvers vegna í ósköpunum var ekki a. m. k. hægt að leggja þetta, sem hér er nú verið að lesa, fyrir þm., áður eða a. m. k. um leið og lánafrv. kom fram seint og um síðir? Það hefði þó verið viðleitni, gengið í áttina til þess að sýna Alþ. hæfilega virðingu. En þó hefði það ekki verið fullnægjandi, heldur eingöngu hitt, að þetta hefði komið allt fram fyrr og tengzt fjárl.

Ég hef nú heyrt yfirlýsingar frá hæstv. fjmrh. í þá átt, að hann vilji bæta úr þessu, og ég vil treysta því, að hann leggi sig fram um það, ef hann verður eitthvað áfram við þetta, að hann vilji þá leggja sig fram um að fá úr þessu bætt. Ég vil einnig benda hæstv. ráðh. á það, að það væri miklu eðlilegra að prenta þessa áætlun, og láta útbýta henni til þm. og væri hún síðan tekin á dagskrá, og hæstv. ráðh. gerði þá grein fyrir henni í ræðu eða legði út af henni. Þá væri kannske hægt að ætlast til þess, að þm. gætu rætt um þetta af einhverju yfirliti og komið fram með það, sem þeir raunverulega vildu segja. En eins og á þessu er haldið er það með öllu óhugsandi, enda gefur það auga leið, að hæstv. ráðh. tókst nálega að tæma þingsalinn, þó hann væri að lesa upp hvorki meira né minna en framkvæmdaáætlun ársins 1968. Ég veit ekki, hvort menn fara út í mótmælaskyni eða hvers vegna eða hreinlega vegna þess, að það er enginn vegur fyrir nokkurn mann að botna nokkurn skapaðan hlut í þessu, eins og þetta er látið bera að. Og ég hygg, að það hafi verið fyrst og fremst þetta síðara sem olli því að hæstv. ráðh. tókst að ryðja salinn, en ekki hitt, að menn hafi ekki brennandi áhuga fyrir því, hvað á að gera.

Ég vil ekki fara að ræða hér almennt um efnahagsmálastefnuna, ekki eyða tíma í að endurtaka það, sem er verið að segja um það efni í öðrum umræðum, en einvörðungu láta við þetta sitja, benda á þessi fáu atriði og sérstaklega finna að málsmeðferðinni og eggja hæstv. ráðh. á að bæta úr þessu.

Það er svo líka táknrænt fyrir þetta allt, að þegar við vorum að setjast niður til þess að hlusta á hæstv. ráðh., þá liggur hér þykkt, gult umslag á borðinu, bréf frá Efnahagsstofnuninni, dags. 18. apríl, og þar eru till. sérfræðings Alþjóðabankans um áætlunargerð á Íslandi og till. Efnahagsstofnunarinnar um fyrirkomulag þeirra mála í framhaldi af þessum bendingum. Þetta er allt lagt fyrir um leið og hæstv. ráðh. er að hefja mál sitt, í stað þess að þetta hefði átt að vera komið til manna fyrir nokkrum dögum, svo menn hefðu getað lesið þetta, þótt annríki væri mikið, og hér hefðu þá getað farið fram skynsamlegar umræður um þessi málefni, sem hefðu verið virðingu Alþ. samboðnar, en því er nú ekki að heilsa.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þær aðfinnslur, sem hér hafa komið fram í sambandi við það, hvernig þetta mál er lagt hér fyrir Alþ., á hvaða tíma og hvernig. Ég hef gert sams konar athugasemdir hér árlega í nokkur ár, og þá farið fram á það, að þessar skýrslur fjmrh.,

sem um þetta mikilvæga málefni fjalla, verði fluttar á öðrum tíma en rétt aðeins í bláþinglokin, eins og gert hefur verið nú æ ofan í æ, og það verði veittur einhver tími til þess, að hægt sé að ræða þessi mikilvægu mál, sem skýrsla ráðh. vissulega fjallar um. En það hefur sem sagt ekki tekizt betur til nú en hin fyrri árin og jafnvel öllu lakara í þetta skiptið, því það má segja það, að það sé nokkurn veginn útilokað, að hér gefist tími til að ræða þetta mál eða að þm. fái í rauninni aðstöðu til þess að lesa þau gögn, sem er verið að leggja fram, áður en þingi lýkur, og það er vitanlega með öllu ósæmilegt. Lágmarkið hefði auðvitað verið það, að hæstv. fjmrh. hefði flutt þessa skýrslu sína með því frv., sem hann lagði fyrir þingið rétt fyrir páskahátíðina, um lántökuheimild, og þar sem einnig var þá gerð grein fyrir framkvæmdaáætlun ársins 1968. Sú skýrsla, sem hæstv. ráðh. flutti nú á þessum fundi, þurfti að sjálfsögðu að fylgja því máli sem eðlileg grg. með því, en þar auðvitað skorti stórkostlega á, þegar það mál var lagt fram, að nægar upplýsingar fylgdu því. En auðvitað kom það mál, eins og hér var bent á áður, fram óeðlilega seint, það hefði helzt af öllu átt að koma fram um leið og afgr. fjárl. fór hér fram á þinginu, og það ber auðvitað að stefna að því, að þessi mál verði tekin hér til umr. og afgr. um sama leyti, eins og hæstv. ráðh. tók hér fram í sinni ræðu, að hann vildi stefna að, og því vil ég fagna út af fyrir sig. En þessi vinnubrögð, sem hér eru á höfð í þessum efnum, eru alveg forkastanleg. Og það er eins og hér hefur verið sagt, að núna skuli berast hér á borðið til hv. þm. bréf frá forstöðumanni Efnahagsstofnunarinnar, bréf, sem dags. er 18. apríl, þ. e. a. s. í dag, þykk bók og langar skýrslur með miklu af tölum, og tekið síðan til umr. á þingfundi, auðvitað áður en nokkur þm. hefur haft aðstöðu til að lesa þessi plögg, það er vitanlega algjörlega ósæmilegt að bjóða þm. upp á þetta, og ég undrast það mikið, að hæstv. ráðh. skuli ekki biðjast afsökunar á því að standa að jafnmikilvægu máli og þetta er á þennan hátt. Það væri betur, að hér yrði breyting á vinnubrögðum.

Ég mun ekki heldur ræða þetta hér í löngu máli, hvorki skýrslu hæstv. ráðh. né þau plögg, sem hér hafa verið lögð fyrir, til þess er í rauninni ekki aðstaða á þessum fundi, en þó vildi ég gera hér nokkrar athugasemdir og þá einkum um þau atriði, sem ég tel mikilvægust, og þar sem skoðanir mínar fara mest á aðra lund en þær, sem fram komu hér í ræðu hæstv. ráðh. varðandi þessi mál. Í þessum gögnum, sem hér eru lögð fram, er m.a. gert ráð fyrir því, hver muni verða fjármunamyndunin í þjóðarbúskapnum á árinu 1968. Um það atriði hefur hæstv. ráðh. fjallað hér í skýrslu sinni, en ég efast um það, að hv. þm. hafi allir áttað sig á því, ég áttaði mig ekki á því, a. m. k. ekki að fullu, hver voru hér aðalatriðin í sambandi við það að hlusta á hans skýrslu, en nokkrum mikilvægum einstökum atriðum hef ég þó glöggvað mig á með því að lesa þessi fylgigögn, sem hér eru með, og ég vil vekja sérstaka athygli á því, sem ég hef lesið út úr þessum tölum. Það er sem sagt augljóst mál, að það er gert ráð fyrir því á árinu 1968, að mjög veruleg tilfærsla verði í framkvæmdum í landinu frá því, sem verið hefur, og talsverður samdráttur einnig, þegar á heildina er litið. Það er sérstaklega gert ráð fyrir því, að hér verði um miklu minni fjármunamyndun að ræða í öllum helztu greinum atvinnulífs landsmanna. Það er t. d. gert ráð fyrir því, að fjármunamyndun í landbúnaði dragist saman á sambærilegu verðlagi við árið 1967 sem nemur 55 millj. kr. Fjármunamyndun í fiskveiðum dragist saman um 365 millj. kr., minnki um meira en helming. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að fjármunamyndun í vinnslu sjávarafurða dragist saman um 50 millj. kr. Þetta eru nokkur dæmi. Það er gert ráð fyrir því, að talsvert verði minna um fjármunamyndun í vega- og brúargerð, en lækkunin þar nemur um 35 millj. kr., í gatna- og holræsagerð um 20 millj. kr., í almennri hafnargerð í landinu um 60 millj. kr., þegar framkvæmdirnar í Straumsvík eru ekki taldar með, en þær eru alveg sérstaks eðlis og geta ekki með neinum hætti talizt undir almennar hafnarframkvæmdir, sem tilheyra atvinnulífi landsmanna.

Nokkur annar samdráttur er áætlaður hér í framkvæmdum í atvinnulífi landsmanna, en á móti þessu kemur aftur það, að um verður að ræða allverulega aukningu í fjármunamyndun í sambandi við framkvæmdirnar við Búrfell og í Straumsvík, eða sem nemur í kringum 885 millj. kr. aukningu. Það er nauðsynlegt, að menn átti sig fyllilega á því, hvað þetta þýðir í raun og veru. Ég efast fyrir mitt leyti ekki um það, hvað þetta þýðir, þetta þýðir mjög hættulega tilfærslu á vinnuafli í landinu og þetta getur komið óþyrmilega niður í sambandi við atvinnurekstur landsmanna, hinn almenna og venjulega atvinnurekstur landsmanna, fyrir utan sjálfar stórframkvæmdirnar. Ég tók líka eftir því, að hæstv. fjmrh. sagði, að það væri gert ráð fyrir því í þessum áætlunum, að það minnkaði allverulega fjármunamyndunina í atvinnuvegunum, og hann lét orð falla eitthvað á þá leið, að það myndi ekki koma svo mikið að sök, vegna þess að þar væri ekki nú um aðkallandi framkvæmdir að ræða. Í þessum efnum hef ég allt aðra skoðun, ég tel, að megingreinar okkar atvinnulífs séu einmitt þannig á vegi staddar nú, að þar sé eftir að takast á við stærstu og þyngstu verkefnin, ef okkar atvinnuvegir eiga að duga á komandi árum. Það er kannske ein grein, þar sem við gætum hugsað okkur, að nokkuð yrði dregið úr þeim hraða, sem verið hefur í uppbyggingunni, það er í sambandi við kaup á hinum stærri fiskiskipum, sem aðallega hefur verið beitt til síldveiða, en hvað hefur t. d. verið gert í því að byggja upp íslenzkan fiskiðnað á breiðari grundvelli, hvað hefur verið gert til þess að reyna að koma hér upp t. d. niðursuðuiðnaði, sem ég hygg þó að allir landsmenn viðurkenni, að við verðum að stefna að, við getum ekki látið það verkefni liggja endalaust. Það er engu líkara en þeir, sem gert hafa þessa áætlun og tekið hafa ákvarðanir um það, í hvað það fjármagn skuli

ganga, sem þjóðin ræður yfir, telji, að t. d. sá þáttur okkar atvinnulífs, sem byggist á auknum fiskiðnaði, sé með öllu útilokaður okkur Íslendingum, við eigum ekki um hann að hugsa, við getum ekki í hann ráðizt.

Ég vil t. d. víkja að enn fleiri þáttum. Hvað er að segja um íslenzka togaraútgerð, hefur sú uppbygging þessa atvinnuþáttar, hefur hún farið fram, er hún búin, þarf ekki frekar að hugsa fyrir henni? Auðvitað eru þar stór verkefni fyrir höndum, sem hafa dregizt óeðlilega úr hömlu, og okkur ber skylda til þess, ef við viljum hugsa eitthvað um framtíðina, að sjá um það, að nokkru af því fjármagni, sem við ráðum yfir, hvort heldur það kemur frá innlendum aðilum eða við öflum þess með erlendum lántökum, verði varið til þess að byggja upp þá atvinnugrein.

Það eru ekki aðeins þessar greinar, heldur er um miklu fleiri greinar að ræða. Það er mikið talað um það, að við þurfum að reyna að gera okkar atvinnuvegi fjölbreyttari en þeir hafa verið, það er rétt, við þurfum að eignast fleiri útflutningsatvinnuvegi heldur en aðeins okkar sjávarútveg. Það er hægt að koma hér upp vissum útflutningsiðnaði, en þá þarf líka að áætla fjármagn í því skyni, það þarf að reyna að byggja upp þær atvinnugreinar. En það hefur ekki verið gert.

Hæstv. ráðh. minntist á það í ræðu sinni, að það mikla tekjufall, sem hefði orðið á s. l. ári vegna minnkandi sjávarafla og lækkaðs verðs á erlendum mörkuðum, hafi bitnað að langmestu leyti á atvinnuvegunum. Jú, það er enginn vafi á því, að þetta tekjutap hefur bitnað með allmiklum þunga á ýmsum atvinnufyrirtækjum. En hvað hefur þá verið gert til þess að rétta þessum atvinnufyrirtækjum höndina til hjálpar? Sú atvinnugreinin í þessum efnum, sem hefur orðið fyrir hörðustu eða mestu áfalli, er atvinnufyrirtæki í okkar síldarútvegi. Fyrir þessa grein hefur beinlínis ekkert verið gert, a. m. k. ekkert, sem getur komið að fullu gagni fyrir þessa atvinnugrein. Það má segja, að hún njóti nokkurra bóta í sambandi við gengisfellingu, en það er þó um tiltölulega mjög litlar bætur að ræða vegna þess, hvernig ástatt er með sölumarkaði þeirrar framleiðsluvöru, sem fer inn á hina óhagstæðari markaði, en aftur er um hitt að ræða, hvernig háttar innkaupum á rekstrarvörum þess iðnaðar, sem kemur aftur frá þeim mörkuðum, þar sem gengisbreytingin varð miklu meiri. Fyrir þessi atvinnufyrirtæki hefur því sáralítið sem ekkert verið gert annað en þá það helzt, að hæstv. ríkisstj. sér ástæðu til að koma hér fram með frv. um það, að leggja auknar byrðar á þessa framleiðslu, sem orðið hefur fyrir þessum miklu áföllum. Og það eru ekki aðeins þessi atvinnufyrirtæki, sem orðið hafa fyrir áföllunum, heldur einnig starfsfólk þessara atvinnugreina. Sjómennirnir á síldveiðiflota okkar hafa tvímælalaust orðið fyrir gífurlegu áfalli á s. l. ári. Það er talið af Fiskifélagi Íslands, að hrein tekjulækkun íslenzkra sjómanna muni hafa numið á s. l. ári um 400 millj. kr. Það er engin smáræðis tekjulækkun, og það leikur enginn vafi á því, að það fólk, sem vinnur við fiskvinnsluna í landi, það hefur einnig orðið fyrir hliðstæðri tekjulækkun, kannske ekki alveg eins mikilli, en þó mjög verulegri. Boðskapur hæstv. ríkisstj. í sambandi við þessa áætlun, sem hér liggur fyrir, gagnvart þessum aðilum, sem ég nú hef verið að víkja að, er í stuttu máli sá, að það er t. d. sagt við þá, sem orðið hafa fyrir hinum miklu áföllum í sambandi við minnkandi afla og lækkandi verðlag, það er sagt við þau fyrirtæki: Þið skuluð bera ykkar bagga sjálf, þið fáið enga aðstoð, að vísu ætlum við að leggja á ykkur nokkru meiri gjöld en áður. Og það er sagt við það fólk, sem vinnur við þessi fyrirtæki: Þið verðið sjálf að taka á ykkur þann vanda, sem breyttar aðstæður hafa í för með sér, en hins vegar ætlum við — er raunverulega sagt í þessari áætlun — að auka nokkuð vinnu við Búrfell og í Straumsvík. Hefur kannske hæstv. ríkisstj. hugsað sér, að það sé hægt að komast út úr þeim vanda, sem hér er við að glíma, á þann hátt, að þeir, sem orðið hafa fyrir þessum áföllum, ættu að snúa sér að framkvæmdunum í Straumsvík og við Búrfell og gefa þá hitt upp á bátinn? Ég er hræddur um það, að ef viðbrögð manna yrðu þau, þá yrði heldur þunnt um tekjur í ríkiskassanum á eftir.

Það er enginn vafi á því, að það hefur legið fyrir, að það mundi verða nokkru meiri fjármunamyndun á árinu 1968 við framkvæmdirnar, sem standa yfir við Búrfell og í Straumsvík, þetta hefur legið fyrir að mundi verða, og ég er ekki fyrir mitt leyti að finna að því, það er bara aðeins eðlilegur hlutur, eðlileg afleiðing af því, sem áður hafði verið ákveðið. En ég finn að því, að það skuli vera gert ráð fyrir því, að sú aukning, sem þar er um að ræða í framkvæmdum, geti komið í staðinn fyrir það, sem þurfti að gera til eflingar okkar atvinnuvegum, og þá ekki sízt þeim atvinnugreinum okkar, sem orðið hafa fyrir hörðustu og mestu áfalli vegna aflabrestsins og lækkaðs verðs á s. l. ári. Ég tel fyrir mitt leyti, að þessi þróun, sem hér er gert ráð fyrir, sé stórkostlega háskasamleg. Ég tel einnig, að full ástæða hefði verið til þess, að það erlenda lánsfé, sem nú hefur verið tekið, hefði sérstaklega verið notað til þess að styðja við bakið á þeim fyrirtækjum, sem við álítum þýðingarmikil í okkar framleiðslulífi og orðið hafa fyrir áföllum, og til þess að efla hér nýjar greinar í undirstöðuframleiðslu okkar á þeim svæðum, þar sem þörf er á að auka við framkvæmdir, m. a. vegna þess samdráttar, sem þar hefur orðið af öðrum ástæðum. En eftir því sem fram kemur hér í þeim fylgigögnum, sem hér hafa verið lögð fram, og í ræðu hæstv. ráðh., þá er beinlínis gert ráð fyrir því, að hin erlendu lán verði notuð jafnvel til aukinna framkvæmda hér á því svæði, þar sem ástandið ætti eðlilega að vera bezt, vegna hinna stóru framkvæmda við Búrfell og í Straumsvík.

Það voru ýmis önnur atriði, sem fram komu í ræðu hæstv. ráðh., sem voru þess efnis, að þau hefðu vissulega gefið tilefni til umr., en ég mun ekki

fara langt út í það að sinni. Hann drap hér t. d. á það, að íslenzk atvinnufyrirtæki eða þeir, sem fyrir þeim standa, þyrftu að athuga betur en þeir hefðu gert til þessa, um arðsemismöguleika í rekstri fyrirtækjanna, og að allar áætlanir væru betur gerðar en þær hafa verið til þessa um framkvæmdakostnað. Út af fyrir sig get ég tekið undir orð eins og þessi hjá hæstv. ráðh., það er vissulega mikil þörf á því, að þeir, sem með stjórn atvinnufyrirtækja hafa að gera, athugi vel hvaða möguleikar eru fyrir hendi til þess að láta fyrirtækin bera sig. En þeir, sem stjórna eða hafa á hendi yfirstjórn í landinu, þeir verða þá ekki síður að gera sér grein fyrir því, að þeir verða að haga málunum þannig, að þeir, sem með atvinnurekstrinn síðan hafa að gera, geti byggt áætlanir sínar og ráðagerðir sínar á einhverju föstu, en það hefur komið fyrir hvað eftir annað, að þær áætlanir, sem gerðar hafa verið fyrir hin einstöku fyrirtæki og voru raunhæfar á sínum tíma, stóðust ekki eftir örstuttan tíma, vegna þess að þá hafði ríkisvaldið gripið inn í og sett löggjöf um það að hrifsa góðan hluta af tekjunum til sín, þetta hefur gerzt hvað eftir annað og það er ekki gott að átta sig á því, þegar þannig er á málum haldið, út í hvaða framkvæmdir á að ráðast og hverjar ekki.

Ég skal ekki hafa þessar athugasemdir mínar lengri að sinni, en vil endurtaka það, sem var aðalatriðið í því, sem ég vildi segja hér um þessa skýrslu nú, en það var, að ég tel óverjandi með öllu að halda áfram þeim vinnubrögðum, sem hér eru viðhöfð í sambandi við skýrslugjöf eins og þessa. Hér verður að gera á verulega breytingu, og síðan hlýtur það að vera gagnlegt, að hér geti farið fram á Alþ. umr. um þessi mikilvægu mál með eðlilegum hætti. En það er ekki hægt við þær aðstæður, sem hér er boðið upp á.

IV. Skýrsla utanrrh. um Atlantshafsbandalagið og varnarsamninginn.

Á 56. fundi í Sþ., 19. apríl, var tekin á dagskrá:
Skýrsla utanrrh. um Atlantshafsbandalagið og varnarsamninginn við Bandaríkin.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 425 báru þrír hv. Alþb.-menn fram till. til þál. um að skora á utanrrh. að gera Alþ. grein fyrir afstöðu ríkisstjórnarinnar til hervarnarsamningsins við Bandaríkin og enn fremur að gera hliðstæða grein fyrir afstöðu ríkisstj. til Atlantshafsbandalagsins. Till. er svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að fela utanrrh. að gera Alþ., munnlega eða skriflega, ýtarlega grein fyrir afstöðu ríkisstj. til herverndarsamningsins við Bandaríkin með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa á alþjóðamálum og hernaðartækni, síðan samningurinn var gerður. Einnig ályktar Alþ. að fela utanrrh. að gera hliðstæða grein fyrir afstöðu ríkisstj. til Atlantshafsbandalagsins og aðildar Íslands að því."

Þó að þessi till. hafi ekki hlotið venjulega þinglega meðferð né samþykki Alþ., þykir rétt að verða við þessari ósk. En þar sem nú er komið að þinglausnum, verður þessi grg. mín styttri en ella mundi og mun snúast að mestu leyti um þau tvö atriði sem beðið er um, en fleiri atriði varðandi utanríkismál hefði þó mátt minnast á, en það verður að bíða betri tíma. Erlendis víða mun það vera tíðkanlegt að ræða utanríkismál á þjóðþingum, þó að ekki sé annað tilefni en að ríkisstj. gefi skýrslu um gang þeirra og geri grein fyrir afstöðu sinni. Þetta hefur ekki tíðkazt hér, svo að ég muni eftir a. m. k. Hins vegar hafa verið ræddar stórpólitískar ákvarðanir í utanríkismálum, sem teknar hafa verið, eins og t. d. þátttaka í NATO og fleira þess háttar, enn fremur þáltill., sem fram hafa verið bornar af þm., en einhvern veginn hefur það líka atvikazt svo, að sambandið milli ríkisstj. og Alþ. hefur ekki verið mjög náið, sem þó þyrfti að vera, og ætti ekki fyrst og fremst að mótast af því, að þm. væru fylgjandi ríkisstj. á hverjum tíma eða hið gagnstæða. Afstaðan til utanríkismála á að mótast af málefninu sjálfu og engu öðru.

Ég er fyrir mitt leyti fylgjandi því, að umr. um utanríkismál verði hér upp teknar. Ég hef reynt að undirbúa þetta lítillega, í fyrsta lagi með því, að stjórnarandstaðan fái tækifæri til að senda fulltrúa á þing Sameinuðu þjóðanna, og með því, að fundir væru upp teknir á ný í utanrmn., hvort tveggja í trausti þess, að unnið verði á þessum vettvöngum báðum lojalt og af heilum hug, og ég vil vona, að svo verði.

Íslenzk utanríkisþjónusta er ekki gömul. Hún hefst raunverulega ekki fyrr en sambandið við Danmörku rofnar 1940. Það er því ekki að undra, þó að starfið þar sé ekki að öllu leyti eins fast mótað og þyrfti að vera. Kemur þar einnig til féleysi og ýmislegt fleira, sem væntanlega stendur til bóta. Þó vildi ég láta það koma fram, að utanrrn. hefur í þjónustu sinni ýmsa ágætismenn, sem inna af höndum mjög gott starf.

Nú hefur verið samþykkt hér þáltill. um að endurskoða lög um utanrrn., og fer sú endurskoðun fram í sambandi við þingflokkana, væntanlega fljótlega.

Ég skal þá leyfa mér að fara nokkrum orðum um afstöðu utanrrn. til þessara tveggja mála hér á Alþ., sem óskað hefur verið eftir að rædd væru. Skal ég þá fyrst nefna til þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafsbandalaginu.

Íslendingar höfðu 1918 í sambandi við fullveldissamninginn við Dani lýst yfir ævarandi hlutleysi, en menn höfðu þá enn trú á því, að hlutleysið yrði virt, þó að til styrjaldarátaka kæmi. Allir vita nú, hvers virði hlutleysisyfirlýsingar eru og voru í

heimsstyrjöldunum báðum og þó alveg sérstaklega í þeirri síðari. Hlutleysi var því aðeins virt, að hægt væri að tryggja það með vopnavaldi. Þannig komust Svíar og Svisslendingar hjá því að verða hernumdir af styrjaldaraðila, en hinir, sem ekki höfðu nægilegan herafla til varna, voru herteknir. Það var því eðlilegt, að Íslendingar, sem voru vopnlausir með öllu og höfðu enga möguleika til að verja sig, ef á þá yrði ráðizt, væru áhyggjufullir um framtíð þjóðarinnar, ef til átaka kæmi á ný. Þessi sama hugsun kom einnig fram hjá mörgum Evrópuþjóðum öðrum, þó að þeir hefðu í landi sínu nokkurn herafla. Hugmyndin um varnarbandalag þjóðanna um Norður-Atlantshaf mun þó fyrst frá Kanadamönnum komin. Þessari hugmynd óx fljótlega fylgi, og 1948 var málið komið á fastan rekspöl, og var þetta bandalag síðan stofnað 4. apríl 1949. Slíkt svæðisbandalag var í fyllsta samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem einmitt gerir ráð fyrir því, að efla megi friðarvonir með slíkum samtökum. Tilraunir Norðurlanda um myndun slíkra svæðissamtaka fyrir sig höfðu um þetta leyti mistekizt þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir rétt áður, og gripu þá Danmörk og Noregur tækifærið, þegar það gafst, og gerðust aðilar að Norður-Atlantshafsbandalaginu.

Meginatriðið í þessum samningi er að árás á eina bandalagsþjóð skoðast sem árás á þær allar, og ber þá hinum að koma til aðstoðar. Seint á árinu 1948 var Íslandi boðin þátttaka í þessum samtökum, og var hún samþykkt á hinum sögufræga þingfundi 30. marz 1949.

Ísland gerðist síðan aðili að bandalaginu á stofnfundi þess 4. apríl sama ár, þó með fyrirvara um sérstöðu landsins, þ. e. að viðurkennt væri af aðildarríkjunum, að ekki þyrfti hér að stofna til vígbúnaðar og hers af Íslands hálfu. Auk þess var því lýst yfir í undirbúningsviðræðunum við Bandaríkin, að ekki yrði hér her á friðartímum og að ef til ófriðar kæmi, mundu bandalagsþjóðirnar óska eftir svipaðri aðstöðu á Íslandi og var í síðasta stríði, en það væri algerlega á valdi Íslendinga sjálfra, hvenær sú aðstaða yrði veitt.

Í samningnum var gert ráð fyrir, að ef aðildarríkin óskuðu eftir að hætta þátttöku í bandalaginu, væri það heimilt, eftir að 20 ár væru liðin frá undirskrift samnings, með eins árs uppsagnarfresti. Þessi 20 ár eru nú liðin á næsta ári, og er þá þessi möguleiki fyrir hendi fyrir hvaða aðildarríki sem er. Sá orðrómur hefur gengið bæði hér og annars staðar, að Frakkar a. m. k. mundu nota þetta tækifæri í framhaldi af því, að þeir hafa dregið her sinn undan hinni sameiginlegu yfirstjórn bandalagsins. En hvergi hef ég orðið þess var, að Frakkar stefni að þessu marki, og ég vildi bæta því við, að samheldni hinna 14 ríkjanna hefur, að talið er, aldrei verið meiri. En hver hefur þá orðið árangurinn af stofnun og starfsemi Norður-Atlantshafsbandalagsins þessi 19 ár, sem liðin eru frá stofnun þess?

Ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir, að bandalagið er varnarbandalag og hefur þann eina tilgang að styrkja það aðildarríki, sem ráðizt kynni að vera á. Þetta hefur tekizt. Svæðið, sem Atlantshafsbandalagið tekur til, hefur verið blessunarlega laust við öll vopnuð átök á þessu tímabili, og ég vildi mega trúa því, að það sé fyrst og fremst tilveru NATO að þakka. Valdajafnvægi hefur komizt á með tilvist bandalagsins. Íslenzka ríkisstj. hefur ekki heldur haft uppi neina tilburði til að segja sig úr bandalaginu, enda hefur Ísland fengið með aðild sinni að því hið ákjósanlegasta öryggi fyrir sjálfstæði landsins og tilveru, sem óvarið hlutleysi væri allsendis ófært um að tryggja.

Þó að hernaðarátök hafi ekki nein orðið í Evrópu, hafa þau orðið annars staðar, bæði í Afríku og Asíu, þar sem litlu hefur mátt muna, að átökin breiddust út og yrðu að miklu stærra báli. Á meðan svo er, að spennan er fyrir hendi og átökin í Asíulöndum, bæði nær og fjær, er óhjákvæmilegt, að hafður sé nauðsynlegur viðbúnaður hér, og kem ég þá að öðru atriði, sem um var spurt, dvöl varnarliðsins hér nú.

Í lok seinni heimsstyrjaldarinnar héldu herir Sovétríkjanna inn í Norður-Kóreu, en Bandaríkjamenn inn í suðurhlutann. Ekkert samkomulag tókst um bráðabirgðastjórn fyrir allt landið. Fóru kosningar fram í suðurhlutanum undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna, og var þar myndað lýðveldi. Í sama mund var myndað alþýðulýðveldi í norðurhlutanum, og voru mörkin milli ríkjanna sett við 38. breiddarbaug.

Það næsta, sem skeði, var það, að vopnuð átök hófust milli ríkjanna árið 1950 með innrás norðanmanna á suðurhlutann. Þessi innrás var þegar tekin fyrir og rædd í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Komst öryggisráðið að þeirri niðurstöðu, að Norður-Kóreumenn hefðu rofið friðinn, og skyldi gripið til hernaðarlegra gagnráðstafana. Var skorað á þjóðir bandalagsins að koma Suður-Kóreu til aðstoðar við að hrekja innrásaraðilann úr landi. Kóreustríðið var nú í fullum gangi, og komu margar hinna Sameinuðu þjóða með Bandaríkin í fararbroddi Suður-Kóreu til aðstoðar. Þær þjóðir, sem ekki áttu sæti í öryggisráðinu, gáfu margar út yfirlýsingar um, hvort þær væru samþykkar gerðum ráðsins eða ekki. Var fjöldi þeirra, sem studdu ákvörðun öryggisráðsins um hernaðarlegar refsiaðgerðir, yfirgnæfandi meiri hluti samtakanna. Ríkisstj. Íslands gaf einnig út yfirlýsingu um, að Ísland væri samþykkt gerðum öryggisráðsins, aðeins tæpum hálfum mánuði eftir að átökin hófust.

Strax í byrjun átakanna í Kóreu var talin mikil hætta á, að styrjöldin gæti breiðzt út, og þegar friðarhorfur höfðu versnað svo, var augljóst, að Ísland gæti ekki verið varnarlaust með öllu, og skömmu eftir áramótin 1950—1951 hófust viðræður milli íslenzkra og bandarískra yfirvalda um varnir Íslands samkv. ósk Atlantshafsbandalagsins. Samningurinn milli þessara aðila var undirritaður 5. maí 1951 og var staðfestur á Alþ. um haustið. Samkomulagið var gert á vegum Atlantshafs-

bandalagsins, og starfa Bandaríkjamenn að vörnum Íslands á vegum þess og í umboði þess. Eins og spennan var mikil í heiminum um þetta leyti og hætta á, að Kóreustyrjöldin breiddist út, var talið óforsvaranlegt, að Ísland yrði óvarið með öllu. Yfirgnæfandi meiri hl. alþm. greiddi atkv. með samningnum um haustið 1951, og raunverulega voru kommúnistar einir á móti. Efni samningsins er óþarft að rekja. Aðalatriðið er, að Bandaríkin taka að sér fyrir hönd Norður-Atlantshafsbandalagsins varnir Íslands með ýmsum skilyrðum, sem nánar eru tilgreind í samningnum. Keflavíkursamningnum frá 1946 var um leið sagt upp, en í honum voru heimildir fyrir Bandaríkjamenn til nokkurrar aðstöðu eða afnota af Keflavíkurflugvelli. Þá voru í samningnum ákvæði um endurskoðun og uppsögn. Gert er ráð fyrir, að umr. um endurskoðun geti tekið allt að 6 mánuði og ef ekki næst þá samkomulag um endurskoðun, sé hægt að segja honum upp með eins árs fyrirvara. Í samræmi við þennan samning komu svo Bandaríkjamenn hingað 1951.

Leið nú og beið fram til ársins 1956. Hinn 28. marz 1956 var samþ. á Alþ. ályktun, sem að vísu sló því föstu, að stefna íslenzku þjóðarinnar skyldi vera sú í utanríkismálum að tryggja sem bezt sjálfstæði og öryggi landsins, vinsamlega sambúð við allar þjóðir og að Íslendingar ættu samstöðu um öryggismál sín við nágrannaþjóðir sínar, m. a. með samstarfi í Atlantshafsbandalaginu. Síðan sagði svo í þáltill.: Með hliðsjón af breyttum viðhorfum, síðan varnarsamningurinn frá 1951 var gerður, og með tilliti til yfirlýsinga um, að eigi skuli vera erlendur her á Íslandi á friðartímum, skyldi þegar hafin endurskoðun varnarmálasamningsins. Fengist ekki samkomulag um, að varnarliðið hyrfi úr landi, skyldi málinu fylgt eftir með uppsögn samningsins. — Um þetta leyti gegndi ég störfum utanrrh. í veikindaforföllum Guðmundar Í. Guðmundssonar, í stjórn Hermanns Jónassonar, vinstri stjórninni svokölluðu. Varð það að samkomulagi, að ég færi á fund John Foster Dulles, sem þá var utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og ræddi við hann um málið. Kom okkar tal þar niður, að hafnar skyldu samningaumr. á milli aðila um endurskoðun og færu þær viðræður fram í Reykjavík. Þessar viðræður voru síðan upp teknar hér undir forustu Guðmundar Í. Guðmundssonar, að ég ætla í nóvembermánuði, en þá hafði hann aftur tekið við störfum sem utanrrh.

Um svipað leyti hófst uppreisnin í Ungverjalandi, og ástandið í heimsmálunum var talið mjög ótryggt að nýju, svo ótryggt, að ekki var talið forsvaranlegt, að varnarliðið yrði sent úr landi. Samningaviðræðum hér lauk með því, að þeim skyldi frestað, og var ekki annað vitað en ríkisstj., vinstri stjórnin, sætti sig við það.

Síðan hefur samningurinn ekki verið til umr. á þeim grundvelli, að samningnum við Bandaríkin yrði sagt upp. Ástandið í heiminum hefur verið ótryggt. Stórorrustur hafa verið háðar víða, og má þar sérstaklega nefna til styrjöldina í Víetnam. Ein af meginástæðunum fyrir því, að leitað hefur verið samkomulags þar um stöðvun átakanna, hefur verið talin sú, að mikil hætta væri á því, að styrjöldin í Víetnam gæti breiðzt út og orðið að þriðju heimsstyrjöldinni. Ástandið hefur verið mjög ótryggt og talið, að varlegast væri að vera við öllu búinn. Þó að allt hafi verið með kyrrum kjörum í Evrópu, síðan Atlantshafsbandalagið kom til sögunnar, gætu átökin í heiminum annars staðar en í Evrópu orðið sá neisti, sem orðið gæti að stóru báli.

Annað hættusvæði, þar sem komið hefur til stórátaka, er í Austurlöndum nær. Átökin milli Ísraels og Arabaríkjanna hafa brotizt út í ljósum loga, og er ástandið þar enn mjög ótryggt, svo ótryggt, að hvenær sem er virðist möguleiki á því, að stórátök með ófyrirsjáanlegum afleiðingum geti hafizt. Á meðan þessi mál eru óleyst, er bezt að vera við öllu búinn, og sýnilegt, að varnarliðið á Keflavíkurvelli getur haft úrslitaþýðingu, og kemur þá varla til mála, að það fari burt á meðan.

Ég gat þess áður, að ríkisstj. hefði ekki neinar fyrirætlanir uppi um að segja Ísland úr NATO, og ég tel, að sama gildi um varnarsamninginn við Bandaríkin, tími til uppsagnar sé ekki fyrir hendi nú, ástandið í heiminum megi mjög breytast, áður en til þess komi. Þessi mál hafa ekki verið til umr. í ríkisstj. nýlega, en ég tel mig mega fullyrða, að ríkisstj. hafi ekki hug á, eins og stendur a. m. k., að segja upp þessum tveimur samningum. Ástæðurnar, sem bornar hafa verið fram af þeim, sem vilja uppsögn samningsins við Bandaríkin, fyrir uppsögninni eru aðallega tvær, að mér hefur skilizt. Hin fyrri er, að ástandið í Evrópu sé nú orðið svo friðsamlegt, að engin þörf sé á því að hafa varnarlið í landinu. En hin ástæðan er, að varnarliðið sé ekki þess megnugt að veita nokkurt viðnám, ef til átaka kemur.

Um fyrri ástæðuna vil ég aðeins vísa til þess, sem ég hef áður sagt, að þó að friðsamt sé í Evrópu eiga sér samt stað annars staðar í heiminum átök, sem gætu áður en varir breiðzt út, og þess vegna er nauðsynlegt að hafa hér varnarlið, á meðan stríðshættan er yfirvofandi. Um hina ástæðuna vil ég aðeins segja það, að því hefur verið lýst yfir af forsrh. nú s. l. haust, að ríkisstj. muni vinna að því, að íslenzkur aðili, maður eða menn, verði sérmenntaður til þess að geta skorið úr um þetta. Eins og er, telur ríkisstj. rétt að hafa hér varnarlið, á meðan ástandið í heiminum er eins ótryggt og ískyggilegt og raun ber vitni.

Fleira tel ég raunar ekki ástæðu til þess að segja nú á þessu stigi, en vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ég hef ekkert á móti því að taka til umr. utanríkisstefnu ríkisstj. hér á Alþ., þ. e. á næsta þingi, og síðan eftir því sem ástæða þykir til í sambandi við utanríkismálin.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu þá, sem hann hefur nú gefið. Það er sérstök ástæða til þess að þakka honum fyrir

hana, vegna þess að hann gefur hana í tilefni af þáltill., sem við flytjum saman, þrír Alþb.-menn og verður við tilmælum okkar í þessari till., án þess þó að till. hafi verið samþ. Hins vegar verð ég að segja, að skýrsla hæstv. ráðh. veldur mér nokkrum vonbrigðum. Á endurskoðun þá, sem til stendur samkv. yfirlýsingu hæstv. forsrh. í haust, er varla minnzt í þessari skýrslu. En hvað um það, nú er eðlilegt, að upphæfust miklar umr. um málið, margir kveddu sér hljóðs og fluttar yrðu langar ræður, eins og stundum ber við hér á Alþ., þegar ýmis mál, hvergi nærri eins þýðingarmikil og þetta, eru til umr. En því miður, ríkisstj. virðist ekki telja neina þörf á slíku. Þessi fundur, sem haldinn er á næstsíðasta degi þingsins, hófst kl. 5, og honum mun eiga að ljúka kl. 7, þannig að okkur eru ætlaðir tveir tímar og af þessum tveimur tímum hefur hæstv. utanrrh. þegar notað 25 mínútur, þannig að okkur alþm. er ætluð 1½ klukkustund samtals til að fjalla um þetta mikilvæga mál. Ég verð að segja það fyrir fram að ég mun nú gerast álíka stórtækur og hæstv. ráðh. og tala sennilega álíka lengi, enda engin vanþörf á.

Ég gat sem sé ekki heyrt, að hæstv. ráðh. hefði neitt nýtt fram að færa. Þrátt fyrir þá gerbreytingu í hernaðartækni og allri aðstöðu á alþjóðavettvangi, sem orðin er, síðan hinn svonefndi herverndarsamningur var gerður, telur hann það sem sé enn sem fyrr fásinnu að vísa hinum erlenda her úr landi. Og þrátt fyrir það að ribbaldaháttur og ódæði ýmissa þátttökuríkja Atlantshafsbandalagsins hafi verið að flekka skjöld þess æ því meir sem árin hafa liðið, þá telur hæstv. utanrrh. sem sagt enn sem fyrr, að Íslendingum sé það næstum að segja siðferðileg skylda að eiga aðild að þessu stríðsfélagi.

Í ræðu, sem hv. 6. þm. Reykv. flutti hér á Alþ. ekki alls fyrir löngu, sýndi hann fram á það, hversu gersamlega þróun mála hefur sannað haldleysi þeirra röksemda, sem í upphafi var beitt til að réttlæta hersetuna, þ. e. a. s. 1951. Fyrsta og helzta röksemdin var Kóreustyrjöldin, eins og hæstv. utanrrh. vék að hér áðan, og í sambandi við hana hætta á stórstyrjöld milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna. En einmitt um sömu mundir og hinn bandaríski her kom hingað, var Kóreustyrjöldin að fjara út, og svo ekki löngu seinna var saminn friður þar eystra. Eftir sem áður var þessi styrjöld notuð sem forsenda þeirrar fullyrðingar, að Sovétríkin væru komin í vígahug og Íslendingum stafaði stórhætta af árásaráformum þeirra. Sovétríkin voru sögð ógna heimsfriðnum og frelsi okkar Íslendinga sem og annarra vestrænna lýðræðisþjóða, og margir trúðu þessu. En núna, hver trúir þessu í dag? Getur nokkrum heilvita manni dulizt sú staðreynd lengur, að það verða ekki Sovétríkin, sem ógna heimsfriðnum, heldur þvert á móti. Þvert á móti hefur utanríkisstefna þeirra hneigzt æ meir í átt til málamiðlunar á alþjóðavettvangi, á meðan utanríkisstefna Bandaríkjanna hefur stefnt í öfuga átt, til æ meira ofríkis og yfirgangs og ribbaldaháttar, sem berlegast hefur í ljós komið í stríðinu í Víetnam. Blasir það ekki við allra augum, að það eru Bandaríkin, þessi öflugasti bandamaður okkar Íslendinga, þessi stoð og stytta Atlantshafsbandalagsins, sem í dag ógnar heimsfriðnum? Og er ekki kominn tími til, að við Íslendingar vísum frá okkur allri ábyrgð á þessari ógnun, þessari tortímingarhættu, sem sífellt vofir yfir öllu mannkyni vegna ofríkisstefnu Bandaríkjanna, vísum frá okkur þessari ábyrgð, sem fylgir því að veita Bandaríkjunum hernaðaraðstöðu í landi okkar, aðstöðu, sem er liður í hernaðarbrölti þeirra, sem spanar upp allan heiminn? Hæstv. utanrrh. vill, að við veitum Bandaríkjunum áfram slíka aðstöðu. Ég spyr: Til hvers eigum við að gera það? Og hæstv. utanrrh. mun eflaust svara eins og hingað til: Til þess að tryggja öryggi okkar og efla heimsfriðinn. M. ö. o.: við eigum að efla heimsfriðinn með því að efla þann, sem ógnar heimsfriðnum. Er nokkur glóra í slíkri röksemdafærslu? Af hverju segir ekki hæstv. utanrrh. og aðrir þeir menn, sem mæla með áframhaldandi bandarískri hersetu, af hverju segja þeir ekki, að herseta þessi sé okkur nauðsyn samkv. því gamla heilræði, að heiðra skaltu skálkinn, svo að hann skaði þig ekki. Slíkt væri þó a. m. k. röksemd, þó að hún gæti hins vegar ekki talizt lýsa neinum sérstökum stórhug eða stórmannlegum hugsunarhætti.

Þeir, sem ábyrgð báru á inngöngu okkar Íslendinga í Atlantshafsbandalagið árið 1949, lýstu því þá hátíðlega yfir, að hér skyldi ekki vera her á friðartímum. Ýmsir þessara manna eiga enn sæti hér á Alþ. og þ. á m. hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. Þeir hafa æ ofan í æ verið minntir á þessa yfirlýsingu og jafnframt verið að því spurðir, hvenær þeir mundu telja, að friðartímar væru. Þessari spurningu hafa þeir hins vegar aldrei fengizt til þess að svara, svo að nokkuð væri á byggjandi. Enn og aftur hljóta þeir þó að verða krafðir svars: Hvenær mundu að dómi þeirra teljast vera friðartímar? Ef dæma skal af boðskap þeirra um áframhaldandi hersetu,virðist mega ætla, að þeir telji ekki, að nú séu þeir friðartímar, sem geri hersetuna órétt-lætanlega samkv. hátíðlegri yfirlýsingu þeirra frá 1949. Og satt er það, að víða er ástand ótryggt, eins og hæstv. utanrrh. vék að hér áðan, víða er barizt. En heimsfriðnum er fyrst og fremst ógnað í Suðaustur-Asíu, þar sem Bandaríkin heyja eitt hið blóðugasta og viðurstyggilegasta stríð, sem háð hefur verið í allri sögu mannkynsins. En á þá slíkt stríð að teljast réttlæting fyrir bandarískri hersetu á Íslandi? Sú vernd, sem látið er heita að herseta Bandaríkjanna veiti okkur gegn árás og gegn stríði, er hún þá nauðsynleg fyrir þá sök fyrst og fremst, að Bandaríkin standa sjálf í árásarstríði? Ég fæ ekki betur séð en þetta hljóti að vera niðurstaðan, svo þversagnarkennd sem hún er og hláleg í öllum sínum óhugnanleik. En ef þessi röksemd á að gilda, má gera ráð fyrir, að herseta á Íslandi, bandarísk vernd gegn stríði, verði lengi enn réttlætt með einhverju slíku stríði, einhverju slíku bandarísku stríði. Jafn-

vel þó að friður verði saminn í Víetnam, svo sem allir góðir menn hljóta einlæglega að vona, þá er því miður allt útlit fyrir það, að Bandaríkin eigi eftir að heyja mörg stríð af sama tagi og það, sem þau heyja nú austur þar. Stjórnarvöld í Washington og hershöfðingjar þeir, sem mestu ráða í Pentagon, fylgja einni meginreglu varðandi öryggi Bandaríkjanna, og hún er sú, að þessu öryggi sé ógnað, og þetta yrði í samræmi við Trumankenninguna svonefndu frá 1947, að þessu öryggi sé ógnað hvar í heiminum sem uppreisnir eru gerðar eða til valda koma ríkisstj., sem stofnað gætu í hættu kapítalískum hagsmunum og öðrum áhrifum og ítökum Bandaríkjanna. Bandarískir hermenn hafa þegar víða barizt til þess að framfylgja þessari kenningu, og nægir þar að nefna Víetnam, Kúbu og Guatemala, Dóminikanska lýðveldið og fleiri staði. Alþýða Suður-Ameríku gnístir tönnum undir oki bandarískra auðhringa, og það meginland er því allt eins og það leggur sig hugsanlegur vettvangur fyrir bandaríska hernaðaríhlutun. Ítökum bandarískra auðhringa í Afríku er líka víða ógnað með aukinni sókn til sósíalískra þjóðfélagshátta í mörgum hinna nýju ríkja, og sömu sögu er að segja úr ríkjum Araba, þar sem róttæk þjóðfélagsöfl, sem krefjast réttarbóta handa hinum fátæku, bíða færis að þjóðnýta olíulindir þær, sem bandarískir aðilar nýta sér til auðs og áhrifa þar um slóðir.

Því miður, það virðist úa og grúa af hugsanlegum tilefnum fyrir Bandaríkjamenn að grípa til vopna til að tryggja öryggi sitt, eins og það heitir á þeirra máli, eða eins og það heitir á réttu máli: til að viðhalda með ofbeldi forréttindaaðstöðu sinni í heiminum. Maður leyfir sér því enn að spyrja: Hljótum við Íslendingar að una hersetu Bandaríkjanna í landi okkar, hljótum við að una henni allan þann langa tíma, sem líklegt er að þeir muni halda áfram að streitast við að beita slíku ofbeldi? Á hvert eitt bandarískt stríð að verða réttlæting fyrir bandarískri hersetu á Íslandi, fyrir svonefndri bandarískri vernd gegn stríðinu?

6. þm. Reykv. gerði í ræðu sinni hér um daginn glögga grein fyrir þeim breytingum í hermálum Vestur-Evrópu, sem siglt hafa í kjölfar breyttra aðstæðna. Ég læt nægja að rifja upp helztu atriðin úr þeim kafla ræðu hans og bæta við nokkrum frá mér sjálfum.

Frakkar hafa umturnað öllum hernaðaráætlunum Atlantshafsbandalagsins og í rauninni gert þær með öllu marklausar með því að slíta allri hernaðarsamvinnu við bandalagið og taka hersveitir sínar í Þýzkalandi, 70 þús. manns, undan yfirstjórn þess, jafnframt því sem þeir hafa skipað Bandaríkjamönnum að hafa sig á brott úr þeim herstöðvum, sem þeir höfðu á franskri grund, og rekið aðalstöðvar Atlantshafsbandalagsins úr landi. Sú styrjaldarhætta í Evrópu, sem talað var um með stofnun Atlantshafsbandalagsins, er úr sögunni að dómi Frakka, og nú telja þeir, að mestu skipti, að Evrópuþjóðir losi sig undan húsbóndavaldi Bandaríkjanna, sem með utanríkisstefnu sinni eru í sífellu að tengja aðrar þjóðir Atlantshafsbandalagsins við styrjaldarátök, sem eru þessum þjóðum vægast sagt lítt að skapi. En í stað þess að þessar aðgerðir Frakka yrðu til þess, að önnur bandalagsríki teldu óhjákvæmilegt að taka á sig nýjar hernaðarbyrðar í Evrópu, eins og ýmsir höfðu spáð, hafa þær haft þveröfug áhrif. Síðan þetta gerðist, hafa þessi ríki dregið úr hervæðingu á ýmsum sviðum. Bretar lækka hernaðarútgjöld sín og hyggjast nú á þessu ári fækka um 6 þús. manns í herliði sínu í Þýzkalandi. Þjóðverjar hafa líka fækkað allverulega í her sínum. Og Baunsgaard hinn danski hefur skorið niður hernaðarútgjöld um 125 millj. danskar kr. og bannað heræfingar NATO, sem fyrirhugaðar voru í Danmörku á næsta sumri, jafnframt því sem hann boðar þá stefnu stjórnar sinnar að vinna að almennum öryggissáttmála fyrir alla Evrópu, austur jafnt sem vestur.

Um Noreg er það að segja, að þar í landi er nú risin öflug hreyfing, sem berst fyrir því, að Noregur segi sig úr NATO á næsta ári. Til fróðleiks og gamans fyrir hæstv. utanrrh. og fyrir aðra hv. þm. Alþfl. má geta þess, að hreyfing þessi er ötullega studd af ýmsum áhrifamönnum í norska Verkamannaflokknum, og til marks um hugsunarháttinn í þeim herbúðum má t. d. hafa það, að á fundi í stærsta flokksfélagi Verkamannaflokksins í Osló, sem haldinn var fyrir hálfum mánuði, var till. um úrsögn úr NATO samþ. með 101:23 atkv. Atkvgr. er talin mikill sigur fyrir Karl Trasti flokksstjóra og fyrrum ráðh., sem hefur beitt sér mjög gegn NATO-stefnu flokksforustunnar. Í langri ályktun, sem félag þetta gerði þarna, segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í stað þess að fá NATO pólitísk verkefni, sem það getur ekki sinnt fyrir sakir þeirra hernaðarlegu markmiða, sem samtökin setja sér, hlýtur stefna Noregs að verða sú að vinna að upplausn bandalagsins og í stað þess að beita sér að því, að öll Evrópuríkin leysi öryggismál sín í sameiningu. Noregur á að segja sig úr NATO 1969 til að leggja fram sinn skerf til endurskipulagningar á öryggismálum Evrópu."

Þarna kveður sem sé við nokkuð annan tón heldur en hjá hæstv. utanrrh., einum helzta forustumanni Alþfl. sem kallar sig bróðurflokk Verkamannaflokksins norska. En þess má hann vera fullviss, hæstv. ráðh., að flokksmenn hans ýmsir og þá sérstaklega hinir yngri fylgjast vel með þessari þróun úti í Noregi og annars staðar í Skandinavíu. Sú norska hreyfing, sem ég var að nefna, berst undir kjörorðinu „Norge ut av NATO". Ef sams konar hreyfing kæmi upp hér, sem ég vona að verði, þá mundi þetta góð fyrirmynd að kjörorði handa henni: Ísland úr Atlantshafsbandalaginu. Og ekki þætti mér ólíklegt að einhverjir af hinum ungu flokksmönnum hæstv. utanrrh. yrðu þar meðal þátttakenda, hvað sem svo honum kynni að finnast um það sjálfum.

Ég las það í norsku blaði nýlega sem dæmi um fáránlegan málflutning hjá andstæðingum hreyfingar þessarar þar úti í Noregi, að þeir héldu því fram, að hreyfingin væri andvíg alþjóðlegu samstarfi yfirleitt, og sams konar málflutningur hefur nú reyndar heyrzt einnig hérna hjá okkur. Því er oft haldið fram, að andstaða gegn þátttöku okkar Íslendinga í NATO sé andstaða gegn alþjóðlegu samstarfi yfirleitt, því samstarfi, sem nú á tímum sé brýn nauðsyn til aukins skilnings milli þjóða og heilbrigðra samskipta til blessunar öllu mannkyni. Þátttöku okkar í NATO er jafnvel stundum líkt við þátttöku okkar í Sameinuðu þjóðunum eða öðrum slíkum samtökum. Sumir ganga meira að segja svo langt að halda því fram, að við, sem erum andvígir þátttöku okkar Íslendinga í NATO, hljótum líka að vera andvígir þátttöku okkar í Sameinuðu þjóðunum. Ég vænti þess þó, að ég þurfi ekki hér að taka það fram, að ég er eins og við aðrir Alþb.-menn fylgjandi alþjóðlegu samstarfi, enda er það rétt, að í slíku samstarfi felst eina von okkar og alls mannkynsins um líf og frið og giftusamlega framtíð hér á þessari jörð. Og það er einmitt vegna skilnings á þessu, sem við Alþb.-menn berjumst fyrir úrsögn okkar Íslendinga úr NATO. Þátttaka okkar í þessu bandalagi er andstæð hugsjóninni um heilbrigt alþjóðasamstarf, vegna þess að bandalag þetta elur á tortryggni milli þjóða, eykur fjandskap milli þjóða, torveldar alla viðleitni til aukins skilnings milli þjóða. Þátttöku okkar í þeim alþjóðlegu stofnunum, eins og t. d. Sameinuðu þjóðunum, sem horfa til blessunar fyrir einstakar þjóðir og mannkynið allt, þá þátttöku þarf einmitt að okkar dómi að auka, og okkur ber að rækja hana af miklu meiri reisn en hingað til. Þátttaka okkar í alþjóðlegu samstarfi er ekki annað en nafnið tómt, ef við látum þar ekkert að okkur kveða, og hún er raunar verri en ekki, meðan við lútum vilja þeirra, sem harkalegast ganga fram í rangsleitni og ofríki á vettvangi heimsmálanna, svo sem því miður hefur æðioft orðið raunin, t. a. m. að því er varðar framferði fulltrúa okkar á þingi Sameinuðu þjóðanna. Slíkt er ekki samboðið fullvalda þjóð og hlýtur að valda öllum þorra Íslendinga gremju og blygðun.

Nauðsynin á þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi er æðioft rökstudd með því einu, að við getum haft af henni svo og svo mikil not sjálfir. Sá hugsunarháttur er okkur einnig vafasamur virðingarauki. Við eigum að ganga til slíks samstarfs einnig og miklu fremur með því hugarfari, að þátttaka okkar geti haft þýðingu fyrir aðra. Við erum að vísu fámennir og ekki mikils megandi miðað við ýmsa aðra. En þar fyrir er engin ástæða til að láta framferði okkar á alþjóðavettvangi einkennast af manndómsleysi og lágkúru.

Í þessu sambandi má minna á þá starfsemi, sem fer fram á vegum Sameinuðu þjóðanna til hjálpar svonefndum vanþróuðum ríkjum og öllum þeim hundruðum millj., sem hvern dag verða að þola og þjást af hungri, sjúkdómum og hvers kyns annarri kröm. Skerfur okkar til þeirrar starfsemi hefur hingað til verið smánarlega lítill. Sóma okkar vegna, sjálfsvirðingar okkar vegna og samvizku okkar vegna ber okkur að auka hann til stórra muna.

Við Alþb.-menn og aðrir þeir, sem berjast gegn hersetu á Íslandi og fyrir úrsögn okkar úr Atlantshafsbandalaginu, leggjum ekki alltaf sama skilning í þýðingu alþjóðlegs samstarfs eins og ýmsir aðrir. En við leyfum okkur að halda því fram, að við séum að ýmsu leyti a. m. k. miklu einlægari fylgjendur hvers konar jákvæðrar og hollrar samvinnu á alþjóðavettvangi heldur en andstæðingar okkar ýmsir sem miða flestar slíkar samvinnuhugsjónir sínar við það eitt að gera íslenzku þjóðina samábyrga um styrjaldarbrölt og hvers kyns ódæði voldugra ofríkismanna. Við krefjumst nýrrar stefnu, sem tekur fullt tillit til þeirra staðreynda, sem í dag blasa við á vettvangi alþjóðamála. Og þá koma að sjálfsögðu fyrst í hug frændþjóðir okkar á Norðurlöndum. Við eigum að sjálfsögðu að auka og efla samvinnuna við þær. Norðurlandamenn eru okkur hollur félagsskapur og það jafnvel svo, að hæstv. ráðh. okkar virðast yfirleitt hressast stórlega og eflast að siðferðisþreki, þegar þeir koma innan um kollega sína á Norðurlöndum. Ég hygg t. d., að það hafi verið á norrænum utanríkisráðherrafundi í hitteðfyrra, sem hæstv. utanrrh. Íslendinga dró það í fyrsta sinn í efa opinberlega, að Bandaríkjamenn hefðu endilega átt að hafa rétt fyrir sér í Víetnam. En nú ber svo við, að jafnhliða þeirri hreyfingu, sem upp er komin í Noregi, og vaxandi gagnrýni á NATO og Bandaríkin um alla Skandinavíu hefur hin gamla hugmynd um norrænt bandalag aftur fengið byr undir vængi. Þessi hugmynd um stofnun hlutlauss bandalags Norðurlandaþjóða, sem síðar neytti sameiginlegrar aðstöðu sinnar og þeirrar virðingar, sem þær njóta í heiminum, til þess að miðla málum í deilum þjóða, sú hugmynd er í þeim anda, sem við eigum að marka stefnuna. Slík hugmynd mun eflaust hljóta hljómgrunn með íslenzku þjóðinni, enda ætti að vera auðvelt að sýna fólki fram á möguleikana til farsællar framkvæmdar hennar með skírskotun til þess, að tvær þessara þjóða hafa þegar fyrir löngu lýst yfir hlutleysi sínu og staðið við það, sjálfum sér til mikillar blessunar, auk þess sem önnur þeirra, þ. e. a. s. Svíar, hefur í krafti hlutleysis síns aflað sér mikils álits og trausts með öllum þjóðum heims.

Við megum ekki láta staðar numið við Norðurlönd. Hugmyndina um hlutlaust bandalag Norðurlandaþjóða eigum við að tengja ýmsum till., sem uppi eru til þess að draga úr stríðshættu í Evrópu á næstunni, t. d. till. Pólverja, Rapatski-áætluninni svonefndu um kjarnorkuvopnalaust belti í Evrópu. Að sjálfsögðu ættu Norðurlöndin öll að tilheyra slíku belti. Og í framhaldi af hlutlausu bandalagi Norðurlandaþjóða eigum við að stuðla að hlutlausu bandalagi Evrópuþjóða. Þróunin í Austur-Evrópu gerist nú æ hliðhollari slíkum hugmyndum. Með auknu sjálfstæði hinna smærri þjóða í austri og vestri hlýtur að eflast sú stefna,

hlutleysisstefnan, sem ein getur dregið úr spennu á alþjóðavettvangi og lækkað rostann í stórveldunum og tryggt heimsfriðinn. Og Ísland á að fylgja og Ísland hlýtur að fylgja slíkri stefnu.

Sú krafa hefur oft verið borin fram í sambandi við þessi mál, að Íslendingar fengju að segja álit sitt á þeim með þjóðaratkv. Þeirri kröfu hefur hins vegar ávallt verið synjað, m. a. á þeirri forsendu, að þjóðin fái að lýsa viðhorfi sínu í hverjum almennum kosningum og viðhorf hennar sjáist á þeirri prósentutölu, sem falli í hlut þeirra, sem eru fylgjandi herstöðvastefnunni annars vegar og svo hins vegar hinna, sem eru andvígir þessari stefnu. Slík rök eru þó næsta haldlítil. Í almennum kosningum falla atkv. eftir mati fólks á fjölda mála, oft persónulegra hagsmunamála, sem eru alls óskyld því stórmáli, sem hér um ræðir. Um það hefur þjóðin aldrei fengið að segja álit sitt sérstaklega, skýrt og ótvírætt. Það gæti hún aðeins gert við þjóðaratkvgr., þar sem spurt yrði um álit hennar á þessu máli og engu öðru.

Nú liggur fyrir viðurkenning fyrir því af hálfu stjórnvaldanna, að aðstæður séu þó það breyttar, að nauðsynlegt sé að endurskoða nokkuð svonefnd varnarmál, athuga, hvernig öryggi Íslands, eins og það er kallað, verði bezt tryggt í framtíðinni. Hæstv. utanrrh. hefur að vísu lýst yfir þeirri afstöðu stjórnvaldanna, að þó að þau telji, að nokkra nauðsyn beri til að endurskoða eitthvað þessi hernámsmál, telja þau eftir sem áður, að landið skuli vera hernumið, að hér skuli vera herstöðvar. En það eru ekki einkaskoðanir stjórnvaldanna, sem eiga að ráða hér úrslitum, heldur skoðanir þjóðarinnar sjálfrar, fólksins í landinu. Mér sýnist því tímabært að setja enn fram hina gömlu kröfu um þjóðaratkv. Að dómi okkar Alþb.-manna hefur aldrei síðan bandarískum her var fyrir 17 árum hleypt inn í landið að þjóðinni forspurðri, aldrei verið meirihlutafylgi fyrir því að leyfa her þessum setu hér. Meiri hl. þjóðarinnar hefur verið andvígur þessu. Og það sannaðist að vísu svart á hvítu í undirskriftasöfnun undir kröfu um brottför hersins, sem samtök hernámsandstæðinga efndu til um allt land árin 1960—1961. Formælendum herstöðvastefnunnar hefur síðan farið stöðugt fækkandi, og andstaðan gegn henni hefur harðnað innan þeirra stjórnmálaflokka, sem áður fylgdu henni skilyrðislaust. Samtök ungra framsóknarmanna hafa krafizt brottfarar hersins, já, og trúi ég Framsfl. sem slíkur, þó að hinir eldri hafi kannske ekki verið alveg eins skeleggir og ákveðnir í þessum ályktunum. Og ungir áhrifamenn í Alþfl. hafa einnig tekið einarðlega undir þessa kröfu. Þessir ungu menn, ungir framsóknarmenn og ungir jafnaðarmenn, eru sammála okkur Alþb.-mönnum um það, að endurskoðun á svonefndum varnarmálum geti aðeins leitt til einnar raunhæfrar niðurstöðu, að hinn bandaríski herafli fari úr landi og lagt verði niður allt hernaðarbrölt á íslenzkri grund.

Forustumenn Framsfl. og Alþfl., sem eiga sæti hér á hinu háa Alþ., hljóta að verða að taka tillit til vilja þessara ungu flokksbræðra sinna. Og ég þykist raunar viss um, að hv. þm. Framsfl., a. m. k. flestir ef ekki bara allir, séu þeim inn við hjartað innilega sammála. Mér sýnist sem sé, að gjarnan mætti beina þeirri fsp. til stjórnarvaldanna, hvort þau gætu ekki á það fallizt, að þjóðaratkv. yrði nú látið ganga um hernámsmálin, þegar fyrir stendur endurskoðun á þeim. Í hæstv. ríkisstj. eiga sæti menn, sem frá öndverðu hafa borið höfuðábyrgð á því, að þjóðinni hefur verið synjað um þann skýlausa rétt sinn að fella úrskurð í því máli. Með því hafa þeir vakið grunsemdir um, að þeir setji annarlega hagsmuni ofar vilja íslenzku þjóðarinnar. Nú er tækifæri fyrir þá að sanna, að svo sé ekki.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Í tilefni af skýrslu hæstv. utanrrh. þykir mér rétt að segja hér fáein orð og gera örstutta grein fyrir afstöðu Framsfl. til þeirra mála, sem hér hafa verið rædd.

Ég vil fyrst taka það fram, að ég tel mjög nauðsynlegt, að skýrslur um utanríkismál almennt séu gefnar hér á Alþ. og að umr. fari fram um þau þar, ekki umr., sem ætlað er að standa í einn eða tvo klukkutíma, heldur umr., sem ættu að geta staðið í 2—3 daga, eftir því sem þörf krefði.

Það þarf ekki að fjölyrða um þá þýðingu, sem meðferð utanríkismálanna hefur fyrir hvert ríki nú á dögum, ekkert síður fyrir Ísland en önnur ríki, ekki síður fyrir smáríki heldur en stórþjóðir, jafnvel öllu frekar. Og það þarf ekki heldur að orðlengja um það, að samkv. okkar stjórnskipunarháttum er til þess ætlazt, að Alþ. hafi áhrif á, fylgist með og móti utanríkisstefnuna. Því til stuðnings má bæði benda á ákvæði í stjórnarskrá og í þingsköpum. Það er beinlínis boðið í stjórnarskránni að allir mikilvægir milliríkjasamningar skuli lagðir fyrir Alþ. og leitað sé samþykkis þess á þeim. Og í l. um þingsköpin eru ákvæði um utanrmn. sem gera skýlaust ráð fyrir því, að öll mikilvæg utanríkismál, jafnt um þingtímann sem utan þings, séu borin undir utanrmn. Það er þess vegna engum vafa undirorpið, að það er ætlazt til þess, að Alþ. hafi aðstöðu til þess í gegnum utanrmn. að fylgjast með öllum mikilvægum utanríkismálum og hafa áhrif á stefnu þá, sem fram er fylgt á hverjum tíma í utanríkismálum. Þetta er sjálfsögð regla, því að svo þýðingarmikil eru utanríkismálin. Og utanríkismálin nú eru orðin margs konar. Við eigum svo margs konar skipti við aðrar þjóðir. M. a. tökum við þátt í ýmsu alþjóðlegu samstarfi og það í vaxandi mæli. Við sendum fulltrúa á ýmiss konar ráðstefnur, og þar verða þeir að taka afstöðu til mála, greiða atkv. o. s. frv. Það er sjálfsagt, að það sé gerð grein fyrir því, hvernig þeir hafa staðið að málum á þessum vettvangi, og Alþ. fái aðstöðu til þess að fylgjast með því. Þetta þykir raunar sjálfsögð regla víðast hvar á þjóðþingum, að þeim séu gefnar þannig skýrslur um utanríkismál. Þeim háttum er fylgt, að ég ætla, t. d. á þjóðþingum á Norðurlöndum. Þar eru ekki aðeins rædd utanríkismál al-

mennt, heldur ætla ég, að þar séu lagðar fyrir þingið skýrslur um t. d. starfsemi Sameinuðu þjóðanna, starfsemi Norðurlandaráðs o. s. frv. og það sé a. m. k. tækifæri til þess að ræða þau mál.

Ég hef áður lagt áherzlu á, að þessir starfshættir væru teknir upp hér á Alþ. Ég hef á sínum tíma flutt þáltill. um það. Það gleður mig að heyra, að hæstv. utanrrh. er mér sammála um þetta, og ég vil gjarnan viðurkenna það, og hann á hrós skilið fyrir það, að hann hefur að ýmsu leyti sýnt viðleitni til þess að taka upp aðra starfshætti en fyrirrennari hans í þessum efnum. Þannig hefur hann sýnt viðleitni til þess að taka upp betri samvinnu við utanrmn. heldur en áður hefur átt sér stað, bæði með því að stuðla að því og samþykkja, að þar verði fundir haldnir reglulega, og eins með því að leggja fyrir utanrmn. þýðingarmiklar skýrslur. Fyrir þetta vil ég út af fyrir sig þakka og vona, að það verði framhald á því og að honum megi auðnast að koma þessum málum í betra horf. Hann gaf einnig fyrirheit um það, að hann mundi vinna að því, að sá háttur yrði framvegis upp tekinn hér á þingi, að skýrslur yrðu gefnar um utanríkismál og Alþ. veitt færi á því að ræða þau.

En um þá skýrslu, sem hér er lögð fram, verð ég því miður að segja það, að hún er á engan hátt fullnægjandi sem skýrsla um utanríkismál, enda er hún aðeins skýrsla um tvö mál. Og eins og hv. síðasti ræðumaður drap hér á er það að öllu leyti mjög ófullnægjandi að taka utanríkismál og reyndar þessi tvö mál, sem hér eru rædd, svo þýðingarmikil sem þau eru, til umr. á næstsíðasta degi þingsins, þegar kl. er orðin 5 og þegar ekki nokkurt svigrúm, sem gagn er að, gefst til þess að ræða svo mikilvægt mál. Það verður að ætla, að fyrr á þessu þingi hefði gefizt tóm til að taka þessi mál til meðferðar. Þetta verð ég út af fyrir sig að átelja, að þessi háttur skuli hafður á, þótt að vísu megi segja, að betra sé seint en aldrei. En í annan stað er þetta auðvitað ekki fullnægjandi skýrsla um utanríkismál, eins og ég sagði, af því að hér er aðeins um að ræða tvö mál, að vísu mjög þýðingarmikil mál, þ. e. a. s. um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu og um dvöl varnarliðsins á Íslandi. En auðvitað er það svo, að við erum aðilar í margvíslegu öðru samstarfi þjóða og alþjóðasamstarfi og alþjóðasamtökum, sem vissulega væri ástæða til að ræða á Alþ. En um þessi tvö mál ætla ég aðeins að segja fáein orð. Ég vil taka það skýrt fram og undirstrika það, að ég tel hér vera um tvö mál að ræða, sem ekki megi blanda saman, þó að á milli þeirra séu vissulega tengsl.

Afstaða Framsfl. til Atlantshafsbandalagsins er sú, að við framsóknarmenn teljum, að að óbreyttum aðstæðum eigi Ísland að vera aðili að Atlantshafsbandalaginu. Það er mín skoðun. Ég ætla ekki hér að fara að rekja aðdragandann að stofnun Atlantshafsbandalagsins, enda vék hæstv. utanrrh. að því og það yrði allt of langt mál hér. En ég get að mestu leyti tekið undir það, sem hann sagði um það, hver var aðdragandi að stofnun Atlantshafsbandalagsins, og hefði þó í sjálfu sér mátt gera miklu lengri grein fyrir því. En það er í stuttu máli mín skoðun, að þessi varnarsamtök hafi á starfstíma sínum stuðlað að valdajafnvægi hér í Evrópu. Það er staðreynd, að á þeim tíma hefur ekki orðið ófriður á þessu svæði. Það átti að verða hlutverk Sameinuðu þjóðanna að halda uppi alþjóðafriði og hafa á hendi eins konar löggæzlu og lögreglustörf í heiminum. En það sýndi sig fljótt, að starfsemi Sameinuðu þjóðanna komst aldrei í það horf, sem hinir bjartsýnustu menn höfðu gert ráð fyrir og búizt var við, og Sameinuðu þjóðirnar fengu aldrei þá aðstöðu, sem gert var ráð fyrir í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, til þess að halda uppi friði í heiminum. Þess vegna var gripið til þess ráðs að stofna varnarbandalög samkv. þeim rétti, sem ríkjunum er til þess veittur í 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. En eftir sem áður má segja, að Sameinuðu þjóðirnar hafi bæði rétt og skyldu til þess að grípa inn í hverja þá deilu, sem þessi varnarbandalög væru aðilar að, ef og þegar Sameinuðu þjóðirnar hafa til þess getu.

En þó að þessi sé afstaða Framsfl., að Ísland eigi að óbreyttum aðstæðum að taka þátt í þessu bandalagi, þá er það vitaskuld svo, að samkv. eðli málsins hlýtur Ísland að hafa þarna allmikla sérstöðu, þar sem hér er fyrst og fremst um varnarbandalag að ræða, um hernaðarbandalag að tefla, en Íslandi eru þau málefni heldur fjarlæg. Við framsóknarmenn teljum, að það verði að sjálfsögðu að fylgjast sem bezt með í málefnum bandalagsins og þróun alþjóðamála og það eigi að taka til athugunar, þegar sá tími er kominn, að hægt er að segja sig úr þessu bandalagi, hvort Ísland eigi að vera þar áfram. Og það verður jafnan, eftir að sá tími er kominn, að fylgjast vel með í þeim efnum, því að hvenær sem er eftir það er tækifæri til að segja skilið við þessi samtök, ef ástæða er til þess talin. Og í því sambandi tel ég sjálfsagt fyrir okkur Íslendinga að gefa því mjög rækilega gaum, hver verður afstaða þeirra Norðurlandaþjóða, sem þátt hafa tekið í Atlantshafsbandalaginu, Danmerkur og Noregs, og ekki hvað sízt Danmerkur, þar sem svo stendur á, að forsrh. er nú úr þeim flokki, sem áður fyrr hafði þá afstöðu að vera andvígur þátttöku í þessum samtökum. Ég tel rétt, að utanrmn. hafi með höndum að fylgjast með í þessum málum og henni sé veitt aðstaða til þess. Það er vitað, að það fer fram athugun á þessum málum með öðrum þjóðum, og ég efast ekki um, að utanrrh. muni vilja vinna með utanrmn. í þessu efni og gefa henni færi á að fylgjast með í þessum málefnum.

Þá kem ég að hinu málinu, og það er dvöl varnarliðsins hér á landi. Þar vil ég fyrst undirstrika, að það er greinilegt, að dvöl varnarliðs hér á landi er engan veginn nein sjálfsögð né óhjákvæmileg afleiðing af þátttöku í Atlantshafsbandalaginu, því að það er, eins og menn muna og hér var reyndar rakið áðan, að það var gerð grein fyrir sérstöðu Íslands, þegar Ísland gerðist þátttakandi í Atlantshafsbandalaginu, og þá gerður sér-

stakur fyrirvari, sem að meginefni til var á þá lund, að hér á landi yrði ekki her á friðartímum, að það væri algerlega á valdi Íslendinga sjálfra, hvenær hér væri herlið, og í þriðja lagi, að Ísland hefði ekki her og ætlaði sér ekki að stofna her. Með þessum skilyrðum þótti fært að veita Íslandi aðild að Atlantshafsbandalaginu á sínum tíma. Og þegar gengið var í bandalagið, var alls ekki ætlazt til þess, að hér yrði herlið. En það var svo síðar, að þessi varnarsamningur var gerður við Bandaríkin, og af þeim ástæðum, sem hæstv. utanrrh. rakti og ég skal hér ekki endurtaka.

En sá skilningur Alþ., að dvöl varnarliðsins ætti ekki að vera varanleg hér á landi, kom fljótlega til sögu, eins og líka hæstv. utanrrh. rakti, því að það var þegar á árinu 1956, að gerð var sú ályktun af Alþingis hálfu um þetta mál, sem hann fjallaði um. Að þeirri ályktun stóðu, ef ég man rétt, þrír flokkar hér á Alþ., og ef ég man rétt, var fyrsti hvatamaðurinn eða hvataflokkurinn að þessari samþykkt flokkur hæstv. utanrrh., Alþfl., því að ef mig misminnir ekki, voru það Alþfl.-menn, sem fluttu þessa till., sem síðar að vísu í breyttu formi var samþ. hér af Alþ. Þetta var því viðhorfið þá á Alþ., og þetta var undirstrikað sem sagt nokkrum árum eftir að varnarliðið kom hingað, að það ætti héðan að hverfa en ekki hafa hér á landi neina varanlega dvöl.

En síðan gerðust þeir atburðir, að ekki þótti fært að láta varnarliðið þá hverfa af landi, og rek ég ekki þá sögu, enda gerði hæstv. utanrrh. grein fyrir þeim ástæðum, sem til þess lágu. En ég efast ekki eitt augnablik um það, að ef þeir atburðir hefðu þá ekki gerzt, sem áttu sér stað í heiminum, hefði þessari yfirlýsingu verið fylgt eftir og varnarliðið hefði horfið úr landi þá.

Viðvíkjandi dvöl varnarliðsins er það stefna Framsfl., eins og ég vék að í útvarpsræðu hér fyrir 1—2 dögum, að Framsfl. telur það tímabært, að varnarliðið hverfi úr landi. Það er að vísu svo, að það er ákaflega teygjanlegt og verður lengi deilt um, hvenær séu friðartímar í heiminum. En ég ætla, að okkur verði hollast að skilja það svo, að þar sé nú fyrst og fremst Evrópa höfð í huga og að það muni seint koma sú tíð, er friður ríkir um alla veröld, og ef sá skilningur verður lagður í friðartíma, þá yrði seint fært að láta varnarliðið hverfa héðan úr landi.

Í annan stað er það, að eftir að þessi varnarliðssamningur var gerður, hafa orðið, eins og öllum er kunnugt, mjög miklar breytingar í ýmissi hernaðartækni, og þarf ég ekki það að rekja, enda skal ég fúslega játa að ég er ekki maður til þess, því að ég er lítt fróður í þeim efnum. En margir ætla, að þær breytingar, sem þar hafa átt sér stað, hljóti að hafa áhrif í þessu efni og hljóti að hafa það í för með sér, að það sé hægt að standa að þessum málum á annan veg en áður var og dvöl sjálfs varnarliðsins sé ekki sama nauðsyn og áður var. Um hitt ætla ég ekki að dæma, hvort það sé nokkurt gagn að dvöl varnarliðsins hér á landi, þ. e. a. s. hvort það sé þannig úr garði gert og útbúið, að það sé veruleg vörn í því. Ég verð þó að ganga út frá því. En það er auðvitað þeirra mál, sem fara með stjórn þessara mála að fylgjast með í því efni. Það ætla ég að hljóti að hafa verið gert.

Framsfl. vill vinna að því, að varnarliðið hverfi héðan af landi í áföngum, þannig að það sé vel framkvæmanlegt, að það sé gerð fyrir fram fjögurra ára áætlun um brottför varnarliðsins í áföngum, en jafnhliða séu íslenzkir menn þjálfaðir til þess að taka að sér þau gæzlustörf í þessum stöðvum, sem nauðsynleg teljast. Þessi er stefna Framsfl., og hún hefur komið fram í ályktun, sem flokksþing Framsfl. hefur gert, og miðstjórnarfundur síðan undirstrikað. Við höfum hins vegar ekki komið fram með þetta mál hér sem þingmál. Við höfum talið rétt að kanna það með öðrum hætti og þá fyrst og fremst í gegnum utanrmn., hvað þingfylgi liði við slíka stefnu. Við teljum, að það varði mestu, að viðunandi lausn fáist í þessu máli, og með það fyrir augum viljum við vinna að málinu og viljum vinna að því að reyna að skapa sem víðtækasta samstöðu um það og afla nægilegs þingfylgis til þess að gera þær ráðstafanir í þessu efni, sem nauðsynlegar eru. Og við viljum þess vegna hafa þær starfsaðferðir í þessu efni, sem líklegastar eru til þess að ná því markmiði. Hins vegar teljum við, að varast beri að halda þannig á þessu máli, að það sé gert að nokkru æsingamáli. Okkur er ljóst, að þetta er vandasamt mál á marga vegu. Okkur er ljóst, að þó að samkv. skýlausum fyrirvara, sem áður er vitnað til, eigi það að vera að öllu leyti á valdi Íslendinga, hvort herlið á að dveljast hér á landi, þá er ekki sama, hvernig á þessu máli er haldið í framkvæmd. Við verðum vissulega að vinna að þessu máli með einurð og festu. En við þurfum jafnframt að gera öðrum þjóðum skiljanleg okkar sjónarmið og okkar vilja í þessu máli. En umfram allt má sú skoðun ekki festa rætur hér á landi, að varanleg herseta sé óhjákvæmileg, og gegn þeim hugsunarhætti þarf að vinna. En ef varnarliðið á að vera hér um óákveðinn tíma við þær aðstæður, sem nú eru, er því miður mjög mikil hætta á því, að þessi hugsunarháttur, að dvöl varnarliðsins sé hér sjálfsögð og óhjákvæmileg um aldur og ævi, fari að festa rætur. Þess vegna er nú að mínum dómi tími til kominn að stinga við fótum og fara að vinna að þessu máli á þann hátt, sem framkvæmanlegt er.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég tek undir það, að eðlilegt er, að rætt sé um utanríkismál hér á Alþ., en þá vitanlega eftir því sem efni standa til. Áður fyrr á árum mátti segja, að miklar og langar umr. urðu um utanríkismál á hverju þingi, og var það vegna þess, að þá gafst beint tilefni í málefnameðferð og í almennum stjórnmálaumr. Vegna þess, hversu þessi mál bar þá hátt í huga manna, þá gafst efni til þess, að um þau yrðu rækilegar umr. Það er rétt, að á seinni árum hefur ekki eins oft verið um þessi mál rætt, vegna þess að ekki hefur þurft að taka um þau

sérstakar ákvarðanir. Hvort menn telja, að rétt sé að bæta úr því með því að gefnar séu formlegar skýrslur og síðan ákveðnar umr. í 1—2—3 daga á hverju þingi það er vissulega til athugunar, og sízt skal ég vera því andvígur, vegna þess að ég tel fulla þörf á því og raunar fátt mikilsverðara en þessi mál séu rædd málefnalega og skýrð, bæði fyrir þingheimi og alþjóð.

Nú hefur svo atvikazt, að þessar umr. eru í þinglok og hér er einungis fjallað um tvö atriði, tvö mál. Og ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, að hér er um tvö sjálfstæð mál að ræða, annars vegar vist okkar í Atlantshafsbandalaginu og hins vegar hvort við viljum hafa varnir á Íslandi.

Um tildrög Atlantshafsbandalagsins þarf ekki að fjölyrða ákaflega mikið. Það hefur þegar verið gert og er óumdeilanlegt, að Atlantshafsbandalagið var stofnað vegna þess, að Sameinuðu þjóðirnar reyndust þess ekki megnugar að gegna því verkefni sínu að halda uppi friði og öryggi í heiminum og hafa þá öryggisgæzlu, þar með varnarlið, sem ráðgert er í stofnskrá þess. Þetta máttleysi Sameinuðu þjóðanna kom af ósamlyndi stórveldanna sín á milli, ósamlyndi, sem við vissulega hljótum að harma, en getum ekki við gert. Og við verðum að játa, að þetta ósamlyndi á sér enn stað. Úr því hefur ekki verið bætt. Við vonum vissulega, að úr því rætist, og það má sjá nokkur merki þess, að betur horfir en áður. En því fer fjarri, að enn sé komið það ástand, að Sameinuðu þjóðirnar gegni því hlutverki sínu að halda uppi friði og öryggi í heimsbyggðinni. Það er glöggt dæmi þess, einmitt það mál, sem er til umr. hér á Alþ. í dag, Víetnammálið, að aðilar sjálfir hafa skorazt undan því, hliðrað sér hjá því, að það væri tekið til umr., hvað þá ákvörðunar, hvort heldur í öryggisráðinu eða á þingi Sameinuðu þjóðanna. Það er þó viðurkennt af öllum, sem segir í tillögugerð, sem hefur átt sér stað hér á þingi og allir hv. stjórnarandstæðingar standa að og ég hygg, að raunar hafi verið samþ. í Ed. í dag, að stór hætta sé á, að Víetnamstyrjöldin geti hvenær sem er breiðzt út og orðið upphaf nýrrar heimsstyrjaldar. Þrátt fyrir þessar staðreyndir hafa Sameinuðu þjóðirnar ekki haft bein afskipti af þessum málum. Það er að vísu svo, að bak við tjöldin hefur aðallega þeirra framkvstj. reynt að koma á friði, en formlega hafa samtökin ekki látið málið til sín taka. Þetta er glöggt dæmi um það máttleysi, sem enn ríkir í þessu höfuðverkefni, sem Sameinuðu þjóðunum var ætlað, og það er ómögulegt að neita því, að þær hafa að þessu leyti mjög brugðizt þeim vonum, sem menn báru til þeirra. Með því er ekki sagt, að Sameinuðu þjóðirnar hafi ekki reynzt mjög nytsamlegar. Þær hafa vissulega unnið mörg mjög góð verk, og enginn okkar vill verða þess áhorfandi, að þær leggist niður eða þessi samtök rofni. Við vonum þvert á móti, að sá tími komi, að Sameinuðu þjóðirnar verði þess umkomnar að gegna sínu meginhlutverki, vegna þess að þær eru eðli sínu samkv. og samkv. berum ákvæðum stofnskrárinnar, þá eru þær hernaðarbandalag, fram hjá því verður ekki komizt. Það var einn þeirra megintilgangur. En þessu meginverkefni hefur aldrei verið fullnægt. Og við skulum gera okkur það vel ljóst, að jafnvel þó að Sameinuðu þjóðirnar tækju við þeirri öryggisgæzlu, sem Atlantshafsbandalagið nú hefur í vissum hluta heims, þá er engan veginn þar með sagt, að við værum lausir við það að þurfa að hafa varnarlið í þessu landi. Það gæti vel að því komið, að Sameinuðu þjóðirnar óskuðu eftir einmitt slíkri bækistöð hér á landi. Einmitt á þeim tíma, þegar menn enn vonuðu, að Sameinuðu þjóðirnar gætu gegnt þessu hlutverki sínu, þá talaði páv. forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, einu sinni um það í ræðu, sem hann flutti, að vel gæti komið til þess, að Íslendingar yrðu að láta þeim, Sameinuðu þjóðunum, bækistöð í té til þess að geta gegnt þessari skyldu sinni. Þannig er það ekki neitt nýtilkomið og ekki sérstaklega bundið við Atlantshafsbandalagið, að við séum í hernaðarbandalagi og verðum að vera við því búnir að inna eitthvað af höndum til þess að halda uppi öryggi í heiminum að okkar leyti.

En eins og ég segi, þá er það staðreynd, að Sameinuðu þjóðirnar voru ekki á sínum fyrstu árum og eru ekki enn megnugar að gegna þessari höfuðskyldu sinni. Og því verður ekki heldur lengur mótmælt og allra sízt nú síðustu dagana verður því mótmælt, að Sovétstjórnin fylgdi útþenslustefnu, mjög ótvíræðri og hatrammri, á árunum þangað til Atlantshafsbandalagið var stofnað. Síðasta dæmi þess, sem gerðist á þeim árum og var beinn undanfari stofnunar Atlantshafsbandalagsins, var valdataka kommúnista í Tékkóslóvakíu. Nú hefur nokkuð rofað til í Tékkóslóvakíu, og svo virðist a. m. k. um sinn sem þar sé meira frelsi en áður. Eitt af því fyrsta, sem þessir frjálshugsandi menn nú segja, eftir að þeir eru orðnir svo lausir við undirokun, að þeir láta uppi, hvað í brjósti þeirra býr, þá segir eitt höfuðmálgagn ríkisstj. þar í landi, að páv. utanrrh. hafi verið myrtur af sendimönnum sovézku stjórnarinnar á árinu 1948, þannig að Sovétstjórnin hafi þá haft beina íhlutun í mál Tékkóslóvakíu með þessum hætti. Þetta var mjög vefengt af málsvörum Sovétmanna á sínum tíma. Nú er þessu haldið fram af hinum nýju valdamönnum í Tékkóslóvakíu og þess krafizt, að þetta sé kannað til hlítar. Það verður þess vegna ekki með neinu móti haldið fast við það af málsvörum þessara manna, að það hafi verið að ófyrirsynju, sem menn óttuðust útþenslustefnu Sovétstjórnarinnar á þessum tíma. Þarna er um að ræða alveg ný gögn, nýjar fullyrðingar frá þeim, sem gleggst mega um vita, að allt, sem þá var haldið fram af þeim, sem vildu gjalda varhug við þessari útþenslustefnu, hefur reynzt vera rétt. Við verðum einnig að játa, að eftir að Atlantshafsbandalagið var stofnað, hefur tekizt að stemma stigu við þessari útþenslu í þeim hluta heimsins, þar sem Atlantshafsbandalagið tekur til. Um það verður ekki deilt.

Hins vegar skulum við einnig hafa í huga, að

önnur merki þessarar útþenslustefnu hafa sézt síðan. Við skulum minnast Ungverjalandsmálsins 1956, við skulum einnig minnast afskipta Sovétstjórnarinnar af deilunni milli ríkjanna fyrir botni Miðjarðarhafs. Við skulum gera okkur það alveg ljóst, að Sovétstjórnin, sem áður fyrr hafði engar bækistöðvar eða aðstöðu í Miðjarðarhafinu, er nú orðin annað mesta flotaveldi í þessu gamal-umdeilda hafi, að Sovétstjórnin hefur einmitt á síðasta árabili stórlega styrkt stöðu sína á þessari mjög þýðingarmiklu siglingaleið. Þar sem færi gefst til, sýnist því enn vera svo, að Sovétstjórnin reyni að styrkja stöðu sína og sækja fram.

Þetta er ekki sagt í neinu áfellisskyni gagnvart Sovétstjórninni. Það er einungis verið að rifja upp óumdeilanlegar staðreyndir. Þetta er óhagganlegt. En þar sem Atlantshafsbandalagið hefur tekið til, hefur jafnvægi haldizt og menn verða vissulega að hugsa sig um oftar en einu sinni, áður en þeir vilja, að það jafnvægi raskist á ný, og reyna að gera sér grein fyrir öllum afleiðingum þess. Það er talað um það af sumum, að það eigi að koma á öryggisbandalagi allrar Evrópu. Við vitum að um þetta er talað, og ég tel, að út af fyrir sig væri æskilegt, að leitað væri eftir því, hvort slíkur öryggissáttmáli fengist gerður. En að sjálfsögðu yrðu Bandaríkin að vera með sem aðili að slíkum öryggissáttmála. Á dögum okkar, sem nú lifum og þykjumst ekki vera komnir enn þá á grafarbakkann, hefur það tvisvar skeð, að Bandaríkin hafa orðið að koma til Evrópu, ekki eftir eigin ósk, ekki fyrr en eftir þrábeiðni frjálshuga manna í Evrópu, til þess að bjarga þeim frá ógnaröflum, sem ella hefðu hlotið yfirráð í álfunni. Það væri of mikil gleymska, of mikil blindni á samhengi sögunnar, á þær hættur, sem yfir vofa, ef menn héldu nú, að Evrópa væri orðin þess umkomin að geta tryggt öryggi sitt ein, eins og allt er í óvissu enn. Við skulum líka minnast þess, að þó að það séu liðin meira en 20 ár, meira en tveir áratugir, jafnlangt tímabil eða lengra þó en var á milli heimsstyrjaldanna tveggja, er enn ekki búið að semja frið á milli Bandamanna og Þýzkalands. Þýzkaland er enn án friðarsamninga, og Þýzkaland er enn klofið, liggjandi í miðri Evrópu með óleyst öll sín vandamál. Við getum haft hverja þá skoðun sem við viljum á því, hvernig lausn eigi að verða á þessum vandamálum. En um það verður ekki deilt, að þessi vandamál, höfuðvandamálin, sem áttu verulegan þátt í því, að tvær heimsstyrjaldir brutust út einmitt í sambandi við þetta land, þau vandamál eru óleyst enn, um þau er ósamið, og það er auðvitað alveg fráleitt að telja, að öruggur friður sé kominn á í heiminum, jafnvel í okkar heimshluta, meðan þetta vandamál er enn með öllu óleyst og ekki eygir enn fyrir, hvernig fram úr því verði ráðið. Ég veit það, að ýmsir í Austur-Evrópu, vafalaust Sovétstjórnin og ýmsir fleiri, hafa mikla tortryggni í garð Vestur-Þjóðverja. Sjálfur er ég sannfærður um það af minni þekkingu, sem víst er takmörkuð, að þeir hafa fullan hug á friðsamlegri sambúð við Austur-Evrópu og á þeim stendur ekki um að ná samningum. En þarna ríkir enn tortryggni á milli, tortryggni, sem verður að eyða, áður en við getum sagt, að það væri vit fyrir Evrópu að kasta frá sér aðstoð og aðild þeirra, sem tvisvar á okkar ævi hafa orðið að skerast í leikinn til þess að bjarga frelsi og ég vil segja a. m. k. í síðara skiptið velsæmi í heiminum. Það er einnig alger misskilningur, þegar því er haldið fram af sumum, að Frakkland hafi gengið úr Atlantshafsbandalaginu. Við getum haft ólíkar skoðanir og höfum áreiðanlega á atferli de Gaulles og hversu heppilegar margar hans framkvæmdir hafi verið, en enn hefur hann ekki sagt Frakkland úr Atlantshafsbandalaginu. Hann er aðili þess, og eftir þeim upplýsingum, sem enn liggja fyrir, hyggjast Frakkar ekki segja sig úr bandalaginu í náinni framtíð. Þeir, sem gerst þekkja, telja því, að jafnvel þó að þeir séu fúsir til samkomulagsumleitana við Austur-Evrópu og sjálfsagt sé að stuðla að því, að þær geti átt sér stað, þá sé ekkert vit í því á þessu stigi mála, að Evrópa geri án atbeina og aðildar Norður-Ameríku öryggissáttmála sín á milli, sem kæmi í stað Atlantshafsbandalagsins.

Þeim mun fjarlægara er það, sem mér skildist, að hv. 4. landsk. þm., Jónas Árnason, talaði um, að bandalag Norðurlanda gæti komið hér í staðinn. Hann talaði nú að vísu allóglöggt um það bandalag, er ætlunin væri að stofna. Hann talaði um það sem hlutlaust bandalag. Nú erum við að vísu í bandalagi við Norðurlöndin, með aðild okkar að Norðurlandaráði og Helsingforssamningnum frá 1961, en það er ekki varnarbandalag. Það var ómögulegt að skilja hv. þm. öðruvísi en svo, að hann ætti í raun og veru við varnarbandalag, en hann fékkst ekki til þess að nefna það orð. En hann talaði um, að bandalag Norðurlanda gæti komið fyrir Íslendinga í staðinn fyrir Atlantshafsbandalagið. Það er alveg nauðsynlegt, að það sé ljóst, við hvað er átt. Er hér í huga hans og þeirra sem hugsa á sama veg, ætlunin, að varnarbandalag Norðurlanda komi í staðinn? Þá ætlast þeir til þess, að Ísland sé eftir sem áður í sérstöku varnarbandalagi fyrir utan Sameinuðu þjóðirnar. Það er vissulega til athugunar, hvort slíkt bandalag fengist stofnað, hvort það sé í raun og veru nokkur kostur á að fá t. d. Svíþjóð til þess að taka ábyrgð á öryggi Íslands í varnarbandalagi. Ekki mundi standa á mér að kanna það atriði til hlítar. Slíkt hlýtur að hafa þýðingu fyrir ákvörðun okkar um frambúðarskipun okkar málefna. Hitt er svo fráleitt, þegar hv. 4. landsk. þm. talar í sömu andrá um hlutleysi Svía og Finna. Þetta hlutleysi er auðvitað ákaflega ólíkt. Svíar eru hlutlausir og hafa fylgt þeirri stefnu lengi. Finnar vilja vera hlutlausir, en þeir eru í varnarbandalagi við Sovét-Rússland, fram hjá því verður ekki komizt. Þeir eru í varnarbandalagi, mjög sérstaks eðlis að vísu, við Sovét-Rússland, bandalagi, sem veitir Sovét-Rússlandi mjög víðtækar heimildir til hernaðaraðgerða í Finnlandi, ef á þarf að halda, svo að aðstaða þessara þjóða er auðvitað gersamlega ólík. En það er

þeim báðum sameiginlegt, að þær vilja vera hlutlausar og þær vernda sitt sjálfstæði með mjög miklum herafla. Hvorugri þjóðinni, þeir finnsku né sænsku, kemur til hugar, að það gagni, eins og heimurinn er, að tala um hlutleysi, án þess að það hlutleysi sé stutt öflugum vörnum. Sú þjóð, sem lengst gengur í tryggð sinni við hlutleysið, Svisslendingar, hefur tiltölulega enn þá öflugri her og varnir, svo öflugar, að það má segja, að hver fullvaxinn borgari sé vígbúinn, hafi vopn til þess að verja land sitt, ef á það verður gerð árás. Hlutleysi án varna er ímyndun, einskis verð, eins og við sárlega fundum til í maí 1940 og ætti í raun og veru ekki að þurfa að fara fleiri orðum um.

Ég tel, að það sé sjálfsagt, — ég hef sagt það oft áður, og það er sannfæring mín, — að við eigum rækilega að skoða okkar aðstöðu nú, þegar aðstaðan breytist varðandi uppsagnarheimild eða úrgönguheimild úr Atlantshafsbandalaginu. Ég tel, að við eigum að nota það tækifæri til þess að kanna þessi mál öll til hlítar og gera okkur grein fyrir þeim. En ég er sannfærður um það sjálfur, að sú skoðun leiði til þess, að því fari fjarri, að tímabært sé að leggja Atlantshafsbandalagið niður eða fyrir Íslendinga að ganga úr því. En ég segi: Við skulum hafa það, sem sannara reynist. Við skulum skoða málin ofan í kjölinn, athuga, hvaða aðrir möguleikar eru fyrir hendi. Hitt skulum við ekki láta okkur koma til hugar, að Íslendingar geti einir allra þjóða og Ísland eitt allra ríkja verið án þess að sjá öryggi sínu borgið. Það leiðir af því, að við erum sjálfstæð, fullvalda þjóð, að við verðum að tryggja okkar fullveldi. Við höfum ekki til þess eigin mátt að halda hér uppi fullnægjandi vörnum, a. m. k. að mínu mati, og þá verðum við að gera það með öðrum hætti, á þann veg, sem meginhluti landsfólksins telur eðlilegastan.

Varðandi hitt atriðið, sem er til umr., hvort hér eigi að haldast bandarískt varnarlið í landinu, er hægt að ítreka það enn einu sinni, að það er sérstakt mál, og það er vel hugsanlegt, og meira að segja sjálfsagt að athuga það til hlítar, hvort yfirlýsing, trygging Atlantshafsbandalagsins verði metin næg til öryggis Íslendingum. Það var von okkar í fyrstu, að svo yrði. Við breyttum síðan um skoðun, vegna þess að við töldum ekki um friðartíma að ræða. Það er að vísu svo, að síðan eru liðin mörg ár. En ég minnti hér áðan á till., sem samþ. hefur verið í Ed. í dag og allir stjórnarandstæðingar standa að, einnig hér í hv. Nd., þar sem talað er um, að nú geisi styrjöld eða stríð, sem geti orðið upphaf nýrrar heimsstyrjaldar, hvenær sem er. Þetta er samþykkt Ed. Alþ. í dag, að það geisar styrjöld, sem menn óttast að geti orðið upphaf nýrrar heimsstyrjaldar hvenær sem er.

Nú segir að vísu hv. 4. landsk. þm., að við ætlum að láta úlfinn gæta lambanna, vegna þess að hættan þarna stafi frá Bandaríkjunum. Ég segi: reynsla Evrópumanna og þar með Íslendinga af Bandaríkjunum er ekki sú, að þau séu árásarþjóð. Þvert á móti hafa þau í tveim heimsstyrjöldum frelsað Evrópu og hafa nú herlið í Evrópu, t. d. í Þýzkalandi, vegna þrábeiðni fólksins sjálfs. Við skulum játa, að Víetnamstyrjöldin er mikið vandamál, og allir vildum við, að þar kæmust sættir á sem fyrst. En það væri fullkominn barnaskapur, ef nokkur okkar þættist þess umkominn að rekja til hlítar orsakir þess harmleiks, sem þar er að gerast. Það er miklu flóknara mál en svo, og það er örugglega ekki vegna þess, að Bandaríkin séu árásarþjóð í eðli, sem þau hafa flækzt í það mál, ef svo má segja, heldur aðrar orsakir, sem ég skal ekki rekja að sinni. Við höfum ekki aðra reynslu af Bandaríkjunum en þá, að þau hafa í einu og öllu gagnvart okkur staðið við skuldbindingar sínar og aldrei látið okkur kenna aflsmunar. Og það er staðreynd, sem hv. 3. þm. Norðurl.v., Ólafur Jóhannesson, sagði áðan, að ákvörðunin um, að varnarliðið skyldi ekki fara 1956, var tekin af Íslendingum. Menn geta svo haft sína skoðun á því, hvort sú ákvörðun hefði ekki verið tekin þrátt fyrir það, þó að Ungverjalandshörmungarnar hefðu ekki átt sér stað. Það verður hver að hafa það um það, sem honum þykir líklegast. En þar beittu Bandaríkjamenn Íslendinga ekki þvingun frekar en þeir beittu þá þvingun, þegar Atlantshafssáttmálinn var samþ. af Íslendingum eða varnarsamningurinn gerður. Þetta gerðu Íslendingar allt af frjálsum vilja. Ég er því sammála, að ég tel ekki heppilegt eða æskilegt, að hér dveljist erlent herlið, varnarlið, um alla framtíð. En ég tel, að okkur beri, alveg eins og 4. landsk. þm. hv. sagði, ekki einungis að hugsa um okkur sjálfa, heldur einnig um aðra, og ég tel, að við eigum bæði vegna annarra og sjálfra okkar að leggja til okkar framlag, til þess að öryggi og valdajafnvægi haldist í þessum heimshluta. Dvöl varnarliðs hér er einn hluti þessa valdajafnvægis og þessa öryggis, og ég er sannfærður um, að þetta hefur hingað til stuðlað að því, að friður hefur hér haldizt, þess vegna eigum við að skoða vel okkar hug, áður en við gerum nokkuð, sem getur stefnt því valdajafnvægi og öryggi í hættu. Þetta er sjálfsagt að skoða, og það er einnig rétt að gera sér grein fyrir því, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, hvort Íslendingar geta tekið við þeim störfum, sem nú eru unnin að verulegu leyti af varnarliðinu, og þjálfað menn til þess, eins og hv. þm. sagði. En þá verðum við að hafa hreinskilni til að segja: Til hvers á að þjálfa mennina? Þá er það til hernaðarstarfa, sem á að þjálfa þá. Það tjáir ekki að vera að tala um, að það eigi að þjálfa þá til einhvers og einhvers. Eftir till. Framsfl. á að fara efnislega að þjálfa menn til hernaðarstarfa. Það má vel vera, að það sé til vinnandi að gera þetta í því skyni að losna við erlent varnarlið úr landi. Þetta er eitt af því, sem við eigum að athuga og velta fyrir okkur. En við eigum að hafa hreinskilni og manndóm, kjark gagnvart sjálfum okkur og öðrum til þess að segja, hvað það er, sem er verið að tala um, með hverju við getum leyst okkar vanda, en þá væri það ekkert sérstakt fyrir Íslendinga, að við yrðum að hugsa um okkar eigin varnir, því að eins og ég segi, þá er ekkert land til, ekkert sjálfstætt ríki til, sem

ekki verði að tryggja sínar eigin varnir, sitt eigið öryggi. Fram hjá þeirri staðreynd komumst við Íslendingar ekki frekar en aðrir.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hér hefur undanfarna daga komið fram hörð gagnrýni vegna þeirra vinnubragða, sem Alþ. er gert að viðhafa þessa síðustu daga þingstarfanna. Fyrir okkur eru lögð hin veigamestu mál, sem enginn tími gefst til þess að fjalla um í alvöru, og þetta hefur ekki aðeins verið gagnrýnt af okkur stjórnarandstæðingum, heldur einnig af þm. hæstv. ríkisstj. M. a. kom þessi gagnrýni fram í sambandi við frv. um lántöku til framkvæmdaáætlunar og þá skýrslu, sem hæstv. fjmrh. gaf í því sambandi. Hæstv. ráðh. bar þá fyrir sig ýmsar afsakanir. Hann benti á, að margt hefði verið að gerast í efnahagsmálum og margs konar vandi steðjað að okkur, sem þurft hefði að fást við, og því væri hann svona síðbúinn með skýrslu sína. Hins vegar eiga engar slíkar afsakanir við um skýrslu um utanríkismál. Þar hefur ekki verið um nein sérstök vandamál að ræða, sem tafið hafa hæstv. utanrrh. undanfarna mánuði. Þessi skýrsla hefði að sjálfsögðu átt að liggja fyrir mjög snemma á þingtímanum. Það eru auðvitað algerlega fráleit vinnubrögð að leggja fram skýrslu eins og þessa degi áður en þing fer heim. Engu að síður vil ég þakka hæstv. ráðh. fyrir það, að hann gefur þó þessa skýrslu. Það er framför frá því, sem verið hefur. Hins vegar er það því aðeins framför, að það tákni, að þegar á næsta þingi verði tekin upp sómasamleg vinnubrögð á þessu sviði og hæstv. ráðh. gefi skýrslu um þetta efni mjög snemma. Og þá verður að sjálfsögðu að hafa annan hátt á heldur en hér hefur verið hafður. Auðvitað eru það engin vinnubrögð að hæstv. ráðh. flytji hér ræðu yfir okkur þm. og síðan eigi meðferð okkar að vera öll í því fólgin, að við eigum að standa upp á eftir ráðh. á tveimur eða þremur klukkutímum og taka þar afstöðu til þeirra atriða, sem hann fjallaði um í ræðu sinni. Hér er um að ræða mjög vandasöm og veigamikil mál, og til þess að hægt sé að fjalla um þau, verða þm. að hafa ráðrúm til þess. Slíka skýrslu þarf auðvitað að fá þm. í hendur með fyrirvara og um hana þarf að fjalla í utanrmn. Því aðeins getum við rætt um þessi mál á skynsamlegan og raunsæjan hátt, að slík vinnubrögð séu viðhöfð. Það er enginn að bættari, þótt við stígum hér upp í stólinn hver á eftir öðrum og stundum æfingar í mælskulist. Við þurfum að taka utanríkismálin eins og hver önnur viðfangsefni okkar og fjalla um þau af fullri raunsæi. Stundum heyrist sagt, að umr. um þessi efni séu heldur gagnslitlar, ágreiningur manna sé svo alger að þetta verði aðeins kappræður, þar sem menn reyna að berja eins rösklega og þeir geta hver á öðrum. Þetta var viðhorfið í utanríkismálum hér áður fyrr, en ég held, að Alþingi Íslendinga ætti að fara að vaxa frá því. Það er ekki rétt, að það sé tilgangslaust, að alþm. fjalli hér um mál, þótt þá greini á um mörg málsatvik. Reynslan er sú þrátt fyrir allt, að menn geta lært hver af öðrum. Það tekur eflaust sinn tíma og oft langan tíma, en engu að síður er það ævinlega til gagns, að menn ræðist við og hlusti hver á annan.

Þessi skýrsla hæstv. ráðh. var, eins og hann skýrði frá áðan, gefin í tilefni af þáltill., sem flutt var af okkur þremur þm. Alþb. Þar báðum við um skýrslu um þau tvö mál, sem hæstv. ráðh. gerði að umtalsefni, og báðum um, að skýrslan yrði gefin með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa á alþjóðamálum og hernaðartækni. Hér var sem sé farið fram á, að þessi mál væru metin út frá viðhorfunum eins og þau eru nú á þessum síðustu árum, en ekki með sögulegum röksemdum um það, sem gerðist fyrir 20 árum. En þetta vanrækti hæstv. ráðh. gersamlega í skýrslu sinni. Skýrslan var að meginhluta til söguleg upprifjun og því miður ákaflega yfirborðsleg og hversdagsleg. Hann minnti á ýmis atriði, sem mikið var deilt um hér á þingi fyrir tæpum tveimur áratugum, og inn á þau atriði var einnig komið af hæstv. forsrh., ástæðuna til þess, að Atlantshafsbandalagið var stofnað á sínum tíma, óttann við útþenslu Sovétríkjanna, atburðina í Tékkóslóvakíu o. s. frv.

Nú er það svo, að um þessi sögulegu atriði hefur býsna mikið verið fjallað síðustu árin og einmitt m. a. af mönnum, sem á sínum tíma studdu Atlantshafsbandalagið. Ég vil þar minna t. d. á mjög athyglisverða fyrirlestra og greinar, sem George F. Kennan hefur látið frá sér fara, en hann var um langt skeið sérfræðingur Bandaríkjastjórnar í málefnum Sovétríkjanna og lagði á ráðin um stefnu Bandaríkjastjórnar, eftir að síðustu heimsstyrjöld lauk. Niðurstaða hans er sú, að þær ástæður, sem fram voru bornar fyrir stofnun Atlantshafsbandalagsins af þeim mönnum, sem hann styður og var í þjónustu fyrir, hafi verið rangar. Niðurstaða hans er sú, að eftir síðustu heimsstyrjöld hafi Sovétríkin verið ákaflega lömuð. Þau misstu 20 millj. manna í heimsstyrjöldinni, og verulegur hluti af Sovétríkjunum, einmitt sá hluti landsins, sem mest var iðnvæddur, var að heita mátti gjöreyddur; yfir hann höfðu flætt herir fram og til baka. Efnahagskerfi landsins var ákaflega veikt og matvælaframleiðslan af skornum skammti. Niðurstaða Kennans var sú, að það sé hrein firra, að Sovétríkin hafi getað haft nokkrar þær útþenslutilhneigingar, sem hæstv. forsrh. var að tala um áðan. Og niðurstaða hans er einnig sú, að hin harkalega íhlutun Sovétríkjanna um innanlandsmál ríkja í Austur-Evrópu hafi ekki verið útþenslu- og yfirgangsmerki, heldur einmitt veikleikamerki, óttamerki. Og það eru mjög margir fleiri, sem hafa rakið þessar skoðanir seinustu árin.

En þó að fróðlegt sé að fjalla um sagnfræðilegar bollaleggingar af þessu tagi, eru það ekki þær, sem við eigum að ræða um hér í dag. Atlantshafsbandalagið var stofnað 1949. Hvort sem mönnum kann að virðast það rétt eða rangt, þá er það staðreynd, að það var stofnað. Það er einnig staðreynd, að við Íslendingar gerðumst aðili að því, og það enn fremur staðreynd, að hingað kom bandarískur her

1951, hvað sem mönnum kann að virðast um ástæðurnar fyrir því, hvort þar hafi verið um réttar eða rangar ákvarðanir að ræða. Þetta eru staðreyndir, sem hafa gerzt, og við getum ekki metið viðhorfin nú með því að deila um, hvort það hafi verið rétt, sem við gerðum þá, eða ekki. Við þurfum að ræða um, hvað við eigum nú að gera með hliðsjón af ástandinu eins og það er um þessar mundir. Það er enginn að fara fram á það, að þeir þrír flokkar, sem stóðu að því, að Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið og erlendur her var kallaður til landsins, rísi hér upp og lýsi yfir, að þeir hafi haft á röngu að standa, þegar þeir tóku þessar ákvarðanir. Það eru því miður ákaflega fáir, sem fást til þess að viðurkenna, að þeir hafi haft rangt fyrir sér, jafnvel þó að þeir séu orðnir sannfærðir um það sjálfir, og ég geri ekki ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. hafi breytt um skoðun á því, að þeir hafi haft á réttu að standa þá.

En þetta er ekki á dagskrá, heldur hvernig við eigum að meta viðhorfin núna. Og viðhorfin eru ákaflega breytt, síðan Atlantshafsbandalagið var stofnað 1949. Hæstv. forsrh. sagði, að Frakkar væru enn þá í Atlantshafsbandalaginu. Víst eru þeir það. En þeir hafa slitið allri hernaðarsamvinnu við bandalagið. Og með því að slíta hernaðarsamvinnu við Atlantshafsbandalagið, hafa þeir kollvarpað öllum hernaðaráformum þessa bandalags í Evrópu. Það stendur ekki steinn yfir steini í áætlunum herforingja um það, hvernig þetta bandalag eigi að hegða sér í sambandi við styrjöld í Evrópu. Þetta er alger breyting á viðhorfum, og þessi breyting stafar af því, að ráðamenn Frakka, sömu mennirnir og voru sammála því 1949 að ganga í Atlantshafsbandalagið og eiga við það hernaðarsamvinnu, telja ástandið svo gerbreytt nú, að þeir vilja ekki taka þátt í slíkri samvinnu innan bandalagsins. Þetta eru staðreyndir, sem við verðum að gera okkur ljósar. Það þýðir ekki að láta eins og ekkert gerist í heiminum í kringum okkur. Ég vildi minna hæstv. ráðh. á það, sem norska skáldið Arnulf Överland sagði einu sinni, að þeir menn, sem aldrei breyta um afstöðu, eru ekki manneskjur, heldur myndastyttur. Og ég held, að þessir hæstv. ráðh. ættu að reyna að hegða sér eins og manneskjur, þegar þeir fjalla um þessi vandamál ekki síður en önnur.

Það er ósköp auðvelt að standa hér og segja, að Atlantshafsbandalagið hafi stuðlað að friði og öryggi, og benda á Evrópu. Við vitum það allir, að herir Atlantshafsbandalagsins hafa háð stórstyrjaldir úti um allan heim. Það voru hinir frönsku herir Atlantshafsbandalagsins, sem háðu stórstyrjöld í Víetnam og síðan í Alsír. Þessi styrjöld var kostuð með bandarísku fé. Það er sjálfur bandarískí herinn, sem heyr í Víetnam einhverja grimmilegustu styrjöld, sem sögur fara af; það er hluti af herstyrk Atlantshafsbandalagsins. Það eru herir Atlantshafsbandalagsins í Portúgal, sem reyna að viðhalda einhverju síðasta og ömurlegasta nýlenduveldi, sem eftir er í heiminum. Og þessari styrjöld er haldið uppi með fjármunum frá Bandaríkjunum einnig. Það er hægt að rifja upp fjölmörg slík dæmi, ef við eigum að fara í almennar umr. um atburði á þessu tímabili, og væri hægt að gera það fjarskalega lengi og á lengri tíma en okkur er hér skammtaður.

En ég vil minna hæstv. ráðh. á það, að Atlantshafsbandalagið var ekki aðeins stofnað til þess að koma í veg fyrir vopnuð átök, eins og hæstv. utanrrh. sagði. Þetta átti einnig að vera hugsjónabandalag. Það átti að stuðla að frelsi, og það átti að stuðla að lýðræði. Ég vil minna á það, að einn síðasti atburðurinn, sem hefur gerzt innan þessa bandalags, er valdataka herforingjaklíku í Grikklandi, sem heldur þar uppi mjög ósæmilegri ógnarstjórn, og það er ekki ýkjalangt síðan flotaforingi Atlantshafsbandalagsins í Evrópu fór til Grikklands sem opinber heiðursgestur og lýsti því sérstaklega yfir, að herforingjastjórnin í Grikklandi starfaði í anda Atlantshafsbandalagsins.

Svona staðreyndir ber mönnum að hugleiða. Ég efast ekki um, að margir hafa gerzt aðilar að Atlantshafsbandalaginu í góðri trú og trúað einmitt á svona fyrirheit. En þegar slík fyrirheit bregðast, eiga menn að endurskoða afstöðu sína og hugsa ráð sitt. Menn eiga ekki að vera blýfastir í sömu sporunum og þeir voru fyrir 20 árum.

Ég tók eftir því, að afstaða hæstv. utanrrh. til endurskoðunar á aðild að Atlantshafsbandalaginu og endurskoðunar á hernámssamningnum var ákaflega neikvæð. Hann sagði, að ástandið í heiminum þyrfti mjög að breytast, til þess að hægt væri að gera breytingar á þeim samningum. Hann sagði ekki, hvað þyrfti að breytast. Ræða hans var ákaflega almenn. Hann gerði Alþ. ekki grein fyrir því, hvaða skilyrði hann teldi að þyrfti að uppfylla, til þess að við losnuðum við að vera með erlendan her í landinu. En mér finnst það vera lágmarksskylda, að hæstv. ráðh. geri skilmerkilega grein fyrir þessu, að hann láti jafnt Alþ. sem þjóðina vita, hvaða skilyrði hann vill að uppfyllt séu, til þess að hægt sé að losna við hernámsliðið úr landinu. Það er ákaflega alvarleg staðreynd, ef það er skoðun einhverra valdamanna hér, að erlendur her eigi að vera hér á Íslandi um ófyrirsjáanlega framtíð, hvað svo sem gerist umhverfis okkur. En ég gat ekki túlkað afstöðu þessa hæstv. ráðh. á annan hátt. Það stoðar ekki að vera með almennar hugleiðingar um það, að ófriðlegt sé einhvers staðar á jarðarkringlunni. Ég er afar hræddur um, að það haldi áfram að verða ófriðlegt einhvers staðar á jarðkringlunni næstu áratugi og jafnvel aldir. Og ef það á að vera mælikvarðinn, svona almennt tal um, að einhvers staðar sé ófriðlegt í heiminum, þá er fyrirsjáanlegt, að að því er stefnt, að herinn verði hér til eilífðarnóns.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að þeirri upphaflegu kenningu að bandarískur her sé hér til þess að vernda okkur Íslendinga fyrir hugsanlegri árás, hefur verið hafnað fyrir löngu af hernámsliðinu sjálfu. Það kom hingað 1951 með landher og

skriðdreka, sem hermenn voru að aka um hér á Suðurnesjum. Ef þessi landher hafði einhvern tilgang hér á Íslandi, þá átti hann að taka á móti óboðnum gestum. En þessi landher er fyrir löngu farinn burt. Það er ekki snefill eftir af honum. Hér var líka flugher bandarískur, og hann var hér vegna þess, að þá var flugtækni þannig háttað, að það þótti nauðsynlegt fyrir bandaríska herinn að hafa millilendingarstöð á miðju Atlantshafi. Vélar voru ekki langfleygari en það. Nú er þessi aðstaða einnig gerbreytt, og flugherinn er farinn. Hér er aðeins flotastöð, og þessi flotastöð á ekkert skylt við varnir í venjulegum skilningi. Hún gæti hugsanlega fallið undir hitt, sem hæstv. forsrh. var að tala um, að við yrðum að leggja eitthvað af mörkum í þágu Atlantshafsbandalagsins, að við værum hlekkur í keðju, eins og hann hefur oft sagt. En ég held, að þessi hlekkur sé einnig orðinn ákaflega lítill. Flotabækistöðin hér hefur fyrst og fremst þann tilgang að stjórna eftirlitsflugi með kafbátaferðum á Norður-Atlantshafi. Sú miðstöð hafði áður bækistöð á Nýfundnalandi, og ég held, að hún hafi verið flutt hingað vegna þess, að Bandaríkin vissu ekki svo gjörla, hvað þau ættu að gera við herstöðvarnar á Íslandi, og urðu að finna handa þeim verkefni. Þessi stöð er ekkert betur komin hér en á Nýfundnalandi, ef Bandaríkin telja sig þurfa að hafa hana. Hér er einnig smávægilegt ratsjárkerfi, en mér skilst, að þessi ratsjárkerfi séu að verða gersamlega úrelt einnig, vegna hinnar nýju tækni, sem fylgir njósnatunglunum og gerir herveldunum kleift að fylgjast með hlutum miklu skjótar og nákvæmar en með hinu landfasta kerfi. Ég tel þess vegna, að við höfum fulla ástæðu til þess að endurmeta aðstöðu okkar á nýjan leik, ekki aðeins við, sem alltaf höfum verið á móti aðild að Atlantshafsbandalaginu og á móti hernáminu, heldur einnig þeir aðilar, sem stóðu að hvoru tveggja.

Þegar ég hef rætt þessi mál hér í vetur, hef ég einmitt reynt að benda á þær röksemdir, sem eiga að geta orðið umræðugrundvöllur. Það er ósköp auðvelt fyrir okkur að standa hér og hrópa hver framan í annan og segja, að sumir séu með Bandaríkjamönnum og aðrir með Rússum. En við eigum, eins og ég sagði hér í upphafi, að ræða um þessa hluti á miklu raunsærri hátt, og mér virtist það vera dálítill vonarvottur, að hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að hann vildi skilja að þátttöku í Atlantshafsbandalaginu og hernámið og hann sagðist vera reiðubúinn til þess að athuga þetta hvort tveggja. Hann sagði í sambandi við Atlantshafsbandalagið: Við eigum rækilega að skoða aðstöðu okkar, þegar samningstíminn rennur út, og hafa það, sem sannara reynist. — Ég vil vænta þess, að þessi orð hæstv. ráðh. hafi verið mælt af fullri alvöru og að farið verði í könnun á þessu máli af fullri alvöru einnig og að um það verði haft samráð við alla flokka.

Hæstv. forsrh. sagði einnig, að hann teldi sjálfsagt að taka hernámsmálin upp til nýrrar yfirvegunar, og orðaði það svo, að sjálfsagt væri að athuga til hlítar, hvort yfirlýsing um tryggingu af hálfu Atlantshafsbandalagsins yrði metin nægileg til öryggis Íslendingum. Og hann lýsti yfir því, að hann teldi ekki heppilegt eða æskilegt, að hér dveldist erlent herlið um alla framtíð. Mér finnst einnig ástæða til þess að fagna þessum ummælum. Ég minnist þess ekki, að hæstv. forsrh. hafi látið slík ummæli sér um munn fara fyrr en nú upp undir það í tvo áratugi. Og ég vil vænta þess, að einnig þarna fylgi hugur máli. Ég held að við eigum að minnast þess í sambandi við þetta mál eins og öll önnur, að við höfum býsna mikla sérstöðu í veröldinni. Það er ekki sæmandi okkur að hugsa einvörðungu um mál eins og þetta út frá því, hvort við erum hlynntir stefnu Bandaríkjanna eða Sovétríkjanna eða annarra ríkja í veröldinni. Okkur ber að meta þetta út frá hagsmunum og aðstöðu okkar sjálfra og okkar einna. Það er alveg öruggt mál, að fullveldi okkar þolir það ekki, ef við eigum að hafa tvíbýli í þessu landi í marga mannsaldra, og við verðum að finna leiðir til þess að losna við hið erlenda lið. Ég held líka, að menn ættu að geta komizt að þeirri niðurstöðu, ef þeir hugsa málin gaumgæfilega, að þetta einstæða ríki, þessi litla og vopnlausa þjóð eigi ekkert erindi í hernaðarbandalag, jafnvel þótt menn kunni að hafa fulla samúð með því bandalagi. Það er ákaflega gamalt og úrelt viðhorf, held ég, sem kom fram hjá hæstv. forsrh. hér áðan, að ekkert ríki geti staðizt nema njóta herstyrks. Það var hægt að halda fram slíkri kenningu hér fyrir nokkrum áratugum, en aðstæður á þessu sviði eru gerbreyttar. Hvaða herstyrkur er það, sem getur orðið Íslandi að gagni, ef til þeirrar ógnar kæmi, sem væri ný kjarnorkustyrjöld? Slík vörn er ekki til. Ég held, að allar slíkar hugleiðingar tilheyri fortíðinni. Þær eru leifar af gömlum viðhorfum, sem menn eiga að uppræta, um leið og aðstæðurnar breytast. Ég held einmitt, að það sé bæði í samræmi við sérstöðu okkar og hagsmuni okkar, að við viðurkennum í verki þessa einföldu staðreynd, að við erum ógnarlegur smælingi í þessum stóra heimi, og ég held, að því fylgi engan veginn neinn háski. Ef ótíðindi verða, fáum við ekki umflúið háskann fremur en aðrir hvað svo sem við gerum.

En aðalerindi mitt hingað var að leggja á það áherzlu, að hæstv. utanrrh. geri þessa stuttaralegu og allt of illa undirbúnu umr. að fyrirboða þess, að um þessi mál verði fjallað á miklu gaumgæfilegri og raunsærri og alvarlegri hátt þegar í upphafi næsta þings.

V. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 17. fundi í Nd., 14. nóv., utan dagskrár, mælti

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Eins og mönnum er kunnugt, er að skapast mikið erfið-

leikaástand víða úti á landi vegna olíuskorts, sem stafar af farmannaverkfalli. Þegar verkfallið hófst, var Litlafellið hlaðið olíu statt á Patreksfirði með olíu til hafna þar vestra og til Norðurlands- og Austurlandshafna. Afgreiðsla fékkst engin, en þegar mjög var knúið á um afgreiðslu, fékkst undanþága um afgreiðslu til fjögurra hafna, tveggja á Norðurlandi og tveggja á Austurlandi. Skipið sigldi síðan burt með olíuna og skildi hafnirnar á Vestfjörðum eftir, flestar olíulausar. Þar er þannig ástatt, að það er tveggja, þriggja og fjögurra daga forði til og hreinn voði fyrir dyrum. Ég vil beina því til hæstv. ríkisstj., (Því miður er hæstv. sjútvmrh. ekki viðstaddur, en ég vona, að því verði til hans komið.) að hlutast nú til um, að úr þessu verði bætt. Það er með öllu óskiljanlegt, að ekki verði bjargað því, sem bjargað verður á þessum stöðum, því að það er bókstaflega voði fyrir dyrum.

Á 43. fundi í Nd., 16. des., utan dagskrár, mælti

Jónas Árnason: Herra forseti. Þetta verður nú ekki alveg örstutt fyrirspurn í þeim skilningi, að hún taki ekki nema 1—2 mín., en ég mun reyna að verða eins stuttorður og mér þykir frekast ástæða til í sambandi við þetta mál.

En ég hef kvatt mér hér hljóðs til þess að láta í ljós ánægju mína með það, að sjá hæstv. utanrrh. hér aftur á meðal vor, heilan á húfi, og bjóða hann velkominn heim. Það hefur að vísu ekki verið venja hér á Alþ. að bjóða hæstv. ráðh. velkomna, þegar þeir koma heim til sín frá útlöndum, og ég vil taka það fram, að með þessu tiltæki mínu vakir það síður en svo fyrir mér að innleiða nýjan sið í þessum efnum, enda hætt við, að mönnum mundi þykja nóg um þær tafir á þingstörfum, sem af því mundi leiða, ef menn færu að standa upp og bjóða ráðherra vora sérstaklega velkomna með ræðum í hvert sinn sem þeir koma heim frá útlöndum.

Þó geta stundum verið ástæður til þessa meir en endranær. Til að mynda hefði mér fundizt mjög vel við eigandi vorið 1960 að fagna sérstaklega heimkomu þáverandi hæstv. utanrrh., Guðmundar Í. Guðmundssonar, sem hafði farið til Tyrklands til að sitja sams konar fund og núverandi hæstv. utanrrh. sat nú í þessari viku, fund, sem utanríkisráðherrar og ýmsir aðrir áhrifamenn Atlantshafsbandalagsríkja héldu til staðfestingar því, hve mikil friðsemd og elskusemi ríkir í þessu bandalagi, hversu staðráðin öll aðildarríki þessa kærleiksheimilis eru í því að vernda lýðræðið og frelsið. Hinn íslenzki utanrrh. og starfsbræður hans margir, er þennan fund sóttu, urðu sem kunnugt er að fara huldu höfði og ferðast jafnvel í brynvörðum bifreiðum, ella var talin hætta á, að þeir kæmust ekki óskaddaðir út úr landinu aftur, vegna þess að nokkrir hershöfðingjar höfðu gert uppreisn og hrifsað til sín völdin og leyst upp þing og handtekið ríkisstjórnina, gestgjafa Guðmundar Í. Guðmundssonar, og þar á meðal forsætisráðherrann, sem síðar var tekinn af lífi opinberlega.

En hamingjunni sinni sé lof, að íslenzki utanríkismálaráðherrann slapp óskaddaður úr þessum háska. Og sama má raunar segja um Atlantshafsbandalagið sem slíkt. Menn þeir, sem eftir þetta réðu og ráða lögum og lofum í því landi, Tyrklandi, létu það verða sitt fyrsta verk að lýsa því hátíðlega yfir, að Tyrkland mundi eftir sem áður taka fullan þátt í starfsemi NATO-ríkja til verndar lýðræði og frelsi, og er ekki að efa, að þá hefur þungu fargi létt af mörgum þeim, sem bera sérstaklega fyrir brjósti hag Atlantshafsbandalagsins og frelsisins og lýðræðisins. Þessir atburðir, sem ég var að rifja upp, sýna það og sanna, að það getur verið áhættusamt starf að vera utanrrh. í NATO-ríki eins og Íslandi, a. m. k. þegar skyldan kallar slíka menn út fyrir landsteinana til skrafs og ráðagerða um lýðræði og frelsi, þar sem aldrei er að vita, hverju gestgjafar þeirra kunna að taka upp á, ef staðurinn er ekki vandlega valinn og af fyrirhyggju. Og þó að núv. hæstv. utanrrh. Íslands hafi ekki að þessu sinni lent í sams konar háska og fyrirrennari hans 1960 í Tyrklandi, þá er engu að síður ástæða til að bjóða hann sérstaklega velkominn, eða a. m. k. að óska honum til hamingju með það, að fundur sá, sem hann nú sat, skuli hafa verið haldinn á sæmilega friðsælum stað, en ekki t. d. í Aþenu á Grikklandi.

En í þessu sambandi vil ég jafnframt leyfa mér að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. utanrrh.

Má ekki vænta þess, að hann gefi Alþ. skýrslu um það, sem gerðist á ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins þar úti í Brüssel? Eftir fregnum að dæma virðist þetta hafa verið býsna merkilegur fundur, og það mætti því ætla, að Alþingi Íslendinga varðaði nokkuð um það, sem þarna gerðist. Einkum og sér í lagi væri fróðlegt að vita, með hvaða hætti fulltrúi Íslands lét að sér kveða á þessum fundi, hvort hann hefur t. d. haldið ræðu, og ef svo er, hvað hann hefur þá sagt. Eina fréttin sem þjóðin hefur hingað til fengið af fulltrúa sínum og afskiptum hans af þessum fundi er sú, að hann hafi setið þarna við hliðina á fulltrúa herforingjastjórnarinnar í Grikklandi. Í sjálfu sér er býsna fróðlegt að frétta slíkt, en það er bara ekki nóg.

Hæstv. utanrrh. sagði í viðtali við Morgunblaðið í gær, að maður þessi, sessunautur hans þar á fundinum, hefði ekki látið nein orð falla um ástandið í Grikklandi. En hvað um hann sjálfan, hæstv. utanrrh. Íslendinga? Lét hann ekki heldur nein orð falla um ástandið í Grikklandi? Fréttir herma, að þetta ástand hafi verið rætt á fundinum í Brüssel. Mér hefði fundizt ekki óviðeigandi fyrir fulltrúa okkar Íslendinga að taka þátt í þeim umr., jafnvel þótt hann hefði ekki viljað ganga svo langt að spilla andrúmsloftinu þar, á þessu kærleiksheimili, með því að lýsa yfir þeirri skoðun, sem er áreiðanlega skoðun alls þorra Íslendinga, að fasistastjórn eins og sú, sem nú situr að völdum í Grikklandi, er til lítillar prýði fyrir bandalag, sem telur sig sérstaklega helgað lýðræði og frelsi, og á

þeirri forsendu væri rétt að víkja þessari ríkisstj. úr Atlantshafsbandalaginu. Honum hefði þó átt að vera óhætt að láta þess getið að Íslendingar séu ekki alls kostar ánægðir með ástandið í Grikklandi.

Harold Wilson, forsætisráðherra Breta, hefur lýst því yfir, að eftir að Konstantín konungur hefur nú hrökklazt frá völdum, þá sé úr gildi fallið, a. m. k. lögformlega, stjórnmálasamband Breta og Grikkja, og í gær segir í frétt í Morgunblaðinu: „Allt er á huldu um viðurkenningu fjölda landa á hinni nýju ríkisstjórn, sem Papadapoulos ofursti myndaði í gær, enda virðist hún engan lagalegan grundvöll hafa eftir flótta konungsins."

Ég vil því leyfa mér að spyrja: Hver er afstaða íslenzkra stjórnarvalda varðandi þetta atriði? Mér skilst að vísu, að hæstv. utanrrh. hafi látið orð falla um þetta í sjónvarpi í gær, en ég hef ekki sjónvarp, og svo er um marga aðra Íslendinga, og Alþingi Íslendinga á a. m. k. heimtingu á því að fá formlega yfirlýsingu um þetta efni. Erum við, Íslendingar, eða erum við ekki í stjórnmálasambandi við Grikkland?

Sannarlega væri vert að spyrja ýmislegs fleira nú í sambandi við heimkomu hæstv. utanrrh. Ég læt þó nægja að þessu sinni að bæta aðeins við einni fyrirspurn.

Tilkynnt hefur verið, að næsti svonefndur vorfundur utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins muni haldinn hér í Reykjavík, 24. og 25. júní. Og í Morgunblaðinu í gær segir svo nánar um þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Mikill viðbúnaður er eðlilega hér heima fyrir fund þennan og er gert ráð fyrir, að til fundar komi 300—400 manns, þar sem með ráðh. kemur væntanlega nokkurt föruneyti, ýmsar alþjóðasamstarfsnefndir, auk fjölmenns hóps fréttamanna. Þegar er búið að fá Háskóla Íslands til fundarhaldanna, en að sjálfsögðu þarf meira húsnæði fyrir svo fjölmennan fund."

Morgunblaðið tekur það sem sé fram, að það sé ekki ætlazt til þess, að allur þessi hópur sofi á gólfinu þar uppi í Háskóla. Nei, að sjálfsögðu verður gestum þessum komið fyrir í beztu hótelum borgarinnar og gistingin borguð og uppihald þeirra fullu verði og þegar við bætast allar aðrar þarfir svona fyrirtækis og þ.á.m. veizluhöld, sú grein alþjóðlegra samskipta, sem við Íslendingar höfum sýnt í einna mest tilþrif og einna mesta reisn allra greina slíkra samskipta, þá má búast við því, að þetta verði heldur en ekki kostnaðarsamt fyrirtæki. Ég vil leyfa mér að spyrja: Er ætlazt til, að Íslendingar greiði allan þennan kostnað eða hluta af honum og þá hve mikinn hluta? Þetta hygg ég, að mörgum Íslendingum muni þykja fróðlegt að fá að vita fyrir víst, ekki sízt núna, þegar þannig stendur á, að verið er að skerða lífskjör þeirra í þeim yfirlýsta tilgangi stjórnarvaldanna að bjarga þjóðfélagi voru út úr alvarlegum efnahagsörðugleikum.

Að lokum vil ég sem skattgreiðandi taka það fram, og ég tel, að ég tali þar fyrir munn margra annarra skattgreiðenda, að mér hugnast satt að segja ekki sú tilhugsun að framlag mitt í ríkissjóð eða einhver hluti af því verði ef til vill notaður til að borga „kost og logi" á Hótel Sögu fyrir fulltrúa fasistastjórna eins og þeirra, sem nú sitja að völdum í Grikklandi og í Tyrklandi og í Portúgal, þó að ég efist hins vegar ekki um, að fulltrúar þessir muni sýna þá háttvísi að mæta til hins fyrirhugaða fundar Atlantshafsbandalagsins í Háskóla Íslands með heiðríkan lýðræðissvip og ástúðlegt frelsisbros á vör.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það má nú ekki minna vera en maður þakki hv. þm. fyrir það velkomandaminni, sem hann hefur flutt mér nú við heimkomuna af ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins. Um skýrslu um fundinn vildi ég benda honum á, að það hefur verið gefin út fréttatilkynning frá fundinum. Hún var send heim strax í gær eða raunar í fyrrakvöld, og þar má lesa nákvæmlega um allt, sem á fundinum gerðist, og ég vil ráða hv. þm. til þess að fara upp í í utanrrn. og fá afrit af þessari frásögn. Hún er þar til reiðu, og hann getur fengið hana nákvæmlega eins og hún var gefin út í fundarlokin.

Ástandið í Grikklandi var ekki mikið til umræðu á fundinum. Þar var aðallega rætt um, hvernig deilan um Kýpur hefði leystst, og þann þátt, sem Atlantshafsbandalagið hefði átt í þeirri lausn. Það átti verulegan þátt í því að koma á sáttum, eða ná þeim árangri sem náðst hefur, og framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, Brosio, fór austur þangað, eins og kunnugt er, og átti sinn verulega þátt í því, að þannig tókst til, að deilan leystist a. m. k. í bili.

Um viðurkenningu á núverandi stjórn í Grikklandi get ég verið fáorður. Ríkisstj. hefur ekki tekið, að ég veit, neina afstöðu til þess máls. Ég kom heim seint í gærkvöld og við höfum ekki haldið neinn fund enn. Ég geri ráð fyrir, að það komi þar á dagskrá síðar. Þá gefst hv. þm. tækifæri á að fá að vita hvernig afstaða stjórnarinnar verður.

Fundur Atlantshafsbandalagsins hér, sem hv. þm. virtist hafa áhyggjur af og sérstaklega af þeim útgjöldum, sem samfara honum væru, verður haldinn hér í júnímánuði n. k. Íslendingar borga ekki „kost og logi" fyrir þessa menn, eins og hv. þm. virtist ætla, þar borgar hver fyrir sig, og það gera þeir á öllum fundum bandalagsins, svo að hann getur verið óhræddur um sinn skattpening í því efni. Það borgar hver maður sinn ferðakostnað, og það borgar hver maður sitt uppihald. Annar kostnaður verður sjálfsagt einhver, hve mikill hann verður, veit ég ekki, það eru aðallega lagfæringar á húsakynnum og samgöngulínur við útlönd og annað þess háttar, en uppihald, hvorki fyrir fulltrúa Grikklands né Portúgals eða neinna annarra ríkja verður greitt úr ríkissjóði.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég biðst afsökunar. Ég varð að dómi forseta helzt til langorður áðan og heiti því að verða mjög stuttorður núna, mjög stuttorður.

Ég þakka hæstv. utanrrh. svör hans við fsp. mínum, þó að mér finnist hins vegar, að þær upplýsingar, sem hann hefur veitt, séu helzt til rýrar í roðinu. Þó verð ég að láta í ljós ánægju mína með þá fullvissu, sem hann veitir mér, að ég þurfi ekki sem skattgreiðandi að borga „kost og logi" fyrir þá fasista, sem búast má við, að heimsæki okkur á vori komanda. En hætt er við, að ég þurfi þó að borga einhvern hluta af veizlukostnaðinum. En það er önnur saga.

Ég vil í sambandi við ráðleggingu hæstv. utanrrh. til mín að fara að útvega mér tiltekið plagg og lesa það, þá vil ég taka það fram, að ég stóð hér ekki upp til að panta mér lesefni hjá hæstv. utanrrh., heldur stóð ég upp til þess að fara fram á, að hann viðhefði lýðræðisleg vinnubrögð í sambandi við þetta mál. Ég fór fram á það, að hann gæfi skýrslu um það, eins og tíðkast í sambandi við slík mál í öllum svonefndum vestrænum lýðræðisríkjum. Ég hygg, að viðbrögð eins og þau, sem hæstv. ráðh. sýndi hér áðan við tilmælum mínum, tíðkist yfirleitt ekki í þeim ríkjum og þurfi að leita dæma um þetta til ríkja eins og Grikklands og Tyrklands og Portúgals.

Ég vil sem sé ítreka þá kröfu mína, að hæstv. ráðh. veiti Alþ. nánari upplýsingar um þetta mál, og ég vil ítreka þá kröfu, sem Alþb.-menn hafa fram borið hér á Alþ. hvað eftir annað, að stórmál eins og þessi, sem nú eru á döfinni, séu lögð fyrir Alþ., þannig að alþm. gefist kostur á að fjalla um þau, og einnig, að fulltrúar okkar á ráðstefnum, hvort heldur er hjá Sameinuðu þjóðunum eða á vegum NATO, gefi Alþ. skýrslu um störf sín á þeim fundum og þeim ráðstefnum, sem þeir taka þátt í, og að ríkisstj. láti af þeirri ósvinnu sinni að virða utanrmn. ekki viðlits, þegar mestu utanríkismál eru á döfinni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í tilefni af því, sem hér hefur verið sagt undir þessum lið að ræða hér málefni utan dagskrár. Í fyrsta lagi vil ég undirstrika það, að sá réttur hefur ekki verið af þm. tekinn að geta kvatt sér hljóðs utan dagskrár og ræða mál utan dagskrár. Og það er því alveg ástæðulaust, bæði af hæstv. forseta og öðrum, að gera ráð fyrir því, að hér geti aðeins verið um það að ræða, að menn rétt skjótist upp í pontuna og leggi einhverja tiltekna fsp. fyrir ráðh. Umr. utan dagskrár geta átt sér stað og hafa átt sér stað á Alþ. um langan tíma, og er ekkert við því að segja. Og a. m. k. þegar svo stendur á, að fjallað er um mikilvæg mál, sem eðlilegt er, að Alþ. fjalli um, og þegar aðstaða er til slíks, er vitanlega alveg ástæðulaust að ætla að skera sérstaklega niður slíkar umr.

En það var aðallega eitt atriði, sem ég vildi víkja að í sambandi við það, sem hér hefur verið sagt, en það er um það, hvort nú sé ríkjandi óbreytt afstaða okkar Íslendinga til Grikklands eða grísku stjórnarinnar. Ég hélt, að málum væri þannig háttað, að formlega séð hefðum við okkar stjórnmálasamband við konunginn í Grikklandi, svo að mér kom það í rauninni nokkuð á óvart, þegar hæstv. utanrrh. sagði í sjónvarpsviðtali, að hér væri um algerlega óbreytt ástand að ræða á milli Íslands og Grikklands og ég vildi gjarnan, að það kæmi hér fram í þessum umr., hvort svo gæti verið að hans áliti, þegar hann hugleiðir það nánar. Er ekki ástandið þannig í dag, að raunverulega sé rofið stjórnmálasamband á milli Íslands og gríska konungsins eða Grikklands, nema þá það hafi verið tekið sérstaklega upp stjórnmálasamband samkv. ákvörðun ríkisstj. eða þeirra, sem fara með utanríkismál, við þá stjórn, sem nú hefur hrifsað til sín völdin í Grikklandi. Þetta tel ég fyrir mitt leyti skipta allmiklu máli varðandi þetta atriði, að þetta komi skýrt fram, því að ég hélt satt að segja að okkar samband við Grikkland væri með þessum hætti, þannig að það léki enginn vafi á því, að raunverulega væri þetta samband rofið með því, að konungurinn hefur farið úr landi og ný stjórn hefur þar hrifsað til sín völdin með þeim hætti, sem við vitum.

Þá vil ég einnig taka undir það, sem hér hefur komið fram, að ég tel, að það sé bæði rétt og sjálfsagt, að utanrrh. gefi Alþ. skýrslu, en vísi ekki til einhverra almennra yfirlýsinga, sem sendar hafa verið frá slíkum fundi eins og þeim, sem hann sat á nú. Ég tel eðlilegt, að hann gefi Alþ. skýrslu um slík fundahöld og öll þau markverð mál, sem þar hafa komið fram, svo að alþm. gefist þá kostur á því að ræða um þau mál, svo að það geti komið skýrt fram, hver er afstaða Alþingis til þeirra mikilvægu atburða, sem um hefur verið að ræða. Þessi ósk hefur verið sett hér fram nokkrum sinnum áður, og ég fyrir mitt leyti vil undirstrika það enn einu sinni, að það er ósk okkar Alþb.-manna, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að gefa Alþ. skýrslur af slíkum fundum sem þessum, hafi þar verið fjallað um einhver umtalsverð mál, svo að Alþ. gefist kostur á að ræða málin.

Ég endurtek svo það, að ég vildi gjarnan, að það kæmi skýrt fram hjá hæstv. utanrrh., hvort hann lítur svo á, að það sé enn í gildi fullt stjórnmálasamband á milli Íslands og þeirrar ríkisstj. sem nú hefur hrifsað völdin til sín í Grikklandi, þrátt fyrir það að konungur þeirra sé hlaupinn úr landi. Ég tel fyrir mitt leyti, að svo sé ekki.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. taldi, að ég hefði ekki gefið það, sem hann vildi kalla lýðræðisleg svör við sinni fsp. Ég held nú, að ég hafi gefið þau svör, sem hægt var að gefa á þessu stigi málsins, hvort sem hann vill kalla þau lýðræðisleg eða ekki. En hitt er svo að mínu viti heldur ólýðræðislegt að taka í stuttum fsp.-tíma fyrir mál, sem ráðh. veit ekkert um, að eigi að taka fyrir, getur ekki einu sinni haft með sér þau plögg, sem þarf til að geta svarað fsp., og ætti hv. þm., ef hann vill fá svör við einhverju ákveðnu máli og fá það rætt, að taka það upp á venjulegan, þinglegan hátt, en ekki á þennan hátt, sem hann hefur gert. (**JónasÁ:** Það, sem ég fór fram á, var, að skýrsla

yrði lögð fyrir þingið og ráðh. gæfi þingi skýrslu.) Skýrslu um fundinn er a. m. k. ekki hægt að gefa í dag, og hv. þm. nefndi ekkert fyrirheit, hann nefndi bara skýrslu.

Út af því, sem hv. 4. þm. Austf. sagði í sambandi við Grikkland, er ákaflega erfitt um það að tala á þessu stigi og ég vil segja nær ómögulegt. Maður veit ekkert í dag, hvaða stjórnarfar er í Grikklandi. Maður sér í fréttum, að það fara fram viðræður á milli stjórnarinnar, sem situr þar, og konungsins um framtíðarstöðu hans, og það veit enginn enn þá, hvernig þeim umr. lyktar, og ég veit, að ýmsar stjórnir í vestrænum ríkjum hafa hikað við að taka afstöðu til þess, hvort þær eigi að viðurkenna þessa stjórn eða ekki. Þær bíða og sjá, hvernig málin þróast. Og ég held, að það sé ekkert unnið við það, þó að við í dag förum að gera einhverjar skyndiályktanir eða yfirlýsingar í því efni.

Á 53. fundi í Nd., 23. jan., utan dagskrár, mælti

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs hér utan dagskrár vegna mjög alvarlegs atburðar, sem gerðist í nágrannalandi okkar, Grænlandi, á sunnudaginn var. Bandarísk þota hlaðin fjórum vetnissprengjum fórst þá í nánd við Thule-flugvöll, en óvíst er enn, hvað um sprengjurnar hefur orðið eða hver geislavirkni kann að stafa af þeim. Grænland er sem kunnugt er hluti af Danmörku, en samt leið nær sólarhringur þar til danska ríkisstj. fékk að vita um þennan atburð. Hefur þetta mál að vonum vakið mikinn óhug í Danmörku, og danska ríkisstj. hefur ítrekað þær yfirlýsingar sínar, að það sé stefna danskra stjórnarvalda, að óheimilt sé að geyma kjarnorkuvopn á danskri grund og óleyfilegt að fljúga með slík vopn yfir danskt land. Hins vegar hefur nú sannazt, að Bandaríkjastjórn virðir ekki þessa stefnu Dana. Menn spyrja að vonum, hvort nokkurn tíma hefði frétzt um þennan atburð, ef sprengjuþotunni hefði tekizt að lenda á Thule-flugvelli, án þess að slys hefði hlotizt af.

Þessi atburður er afleiðing af þeirri stefnu Bandaríkjastjórnar að hafa flugvélaflota hlaðna kjarnorkuvopnum stöðugt á sveimi í háloftunum. Flugflotar þessir taka sig að jafnaði upp í Bandaríkjunum, fljúga í átt að landamærum Sovétríkjanna norðanverðum og sunnanverðum og halda síðan heim aftur. Þrjár flugleiðir af þessu tagi liggja norður yfir Kanada og Alaska, en síðan er snúið við í nánd við Sovétríkin og þessar flugsveitir allar fljúga suður með vesturströnd Grænlands samkv. áætlunum bandarísku herstjórnarinnar. Fjórða leiðin liggur austur yfir Atlantshaf yfir Spán, Miðjarðarhaf og Ítalíu, en síðan er snúið við í nánd við vesturmörk Balkanskaga. Þessar kjarnorkuógnanir Bandaríkjanna hafa sem kunnugt er vakið miklar umr. og deilur árum saman og allavega ættu þær að sýna hverjum hugsandi manni, hversu valtur er hinn vopnaði friður, einnig í okkar heimshluta. Hinir ógnarlegustu atburðir geta ekki aðeins hlotizt af stefnu valdamanna, heldur og af óaðgæzlu eða veilum í fari þeirra flugmanna, sem fljúga með farm tortímingarinnar.

En ég stóð hér ekki upp til þess að ræða um aðild Íslands að þessari háskalegu stefnu og ábyrgð okkar á henni með þátttöku í Atlantshafsbandalaginu og með hernámssamningnum. Þau mál verða tekin fyrir hér á annan hátt. En á hitt vildi ég leggja áherzlu, að hæstv. ríkisstj. gæti þess í sífellu, að háskanum af þessu kjarnorkuflugi sé bægt frá Íslandi og íslenzku þjóðinni. Þau lönd sem eru í námunda við flugleiðir bandarísku kjarnorkuflugflotanna eru í mikilli hættu af slysum. Þetta sannaðist m. a. 17. janúar 1966, þegar bandarísk sprengjuþota af gerðinni B-52, sams konar vél og nú hefur hrapað yfir Grænlandi, rakst á eldsneytisvél yfir Spáni með þeim afleiðingum, að fjórar vetnissprengjur féllu til jarðar. Ein fór í sjóinn, en þrjár féllu á land í nánd við fiskimannaþorpið Palomares í héraðinu Almeria. Hver sprengja jafngilti að eyðingarmætti 20 millj. tonna af TNT. Bandarísk og spænsk stjórnvöld reyndu að halda atburði þessum leyndum. Opinberar tilkynningar um hann voru ekki birtar fyrr en í marzbyrjun, hálfum öðrum mánuði seinna. Hins vegar kvisaðist fljótlega, hverjir atburðir höfðu gerzt, vegna þess að gera varð umfangsmikla leit að sprengjum og ýmsar ráðstafanir til þess að komast hjá enn alvarlegri afleiðingum. Sprengjan sem féll í sjóinn fannst ekki, fyrr en eftir 13 vikna umfangsmikla leit. Af sprengjunum, sem féllu á land, höfðu tvær laskazt, þegar þær skullu til jarðar. Hvellhettunar höfðu sundrazt, en það var raunar ekki um að ræða hvellhettur í venjulegum skilningi, heldur plútóníum-sprengjur og dreifðust sprengjubrot ásamt geislavirkum ögnum af plútóníum og úraníum yfir allstórt svæði. Af þessum ástæðum varð að gera miklar ráðstafanir til þess að tryggja öryggi íbúanna, m. a. voru 1500 tonn af gróðri og jarðvegi sett í stálgeyma, flutt til Suður-Carolina í Bandaríkjunum og grafin þar. Eftir þennan atburð fóru spænsk stjórnvöld þess á leit við Bandaríkjastjórn, að hætt yrði að fljúga með kjarnorkusprengjur yfir spænsku landi. Ekki er vitað, að Bandaríkjastjórn hafi orðið við þeirra beiðni. Hins vegar hét hún því að hætta að láta vélar hlaðnar kjarnorkusprengjum taka eldsneyti yfir Spáni.

Ég rifja upp þennan atburð sökum þess, að hann gefur nokkra vísbendingu um, hversu alvarleg þau tíðindi eru, sem nú hafa gerzt á Grænlandi. Og við skulum gera okkur það ljóst, að það er ekki víst, að við fréttum einvörðungu um slíka ógnaratburði frá öðrum löndum. Hliðstæður háski getur vofað yfir hverju því landi, sem lagt hefur verið undir bandarískar herstöðvar. Það er að vísu ekki kunnugt, að flugleiðir kjarnorkuflugsveitanna séu í námunda við Ísland um þessar mundir. En bandaríska herstjórnin getur ævinlega breytt athöfnum sínum án þess að við séum um það spurð.

Og í annan stað er veðurfar slíkt yfir norðurslóðum, að flugvélar getur borið langt af leið, inn yfir Ísland ekki síður en Grænland.

Af þessum ástæðum fer ég þess á leit við hæstv. ríkisstj., að hún ítreki enn, vegna atburðanna í Grænlandi, þá stefnu sína, að óheimilt sé að hafa kjarnorkuvopn á Íslandi, að bannað sé að fljúga með kjarnorkuvopn yfir íslenzkt yfirráðasvæði og að óleyfilegt sé að lenda á Íslandi með slíkan farm hvernig sem á stendur.

Í annan stað fer ég þess á leit við hæstv. ríkisstj. að hún taki þegar í stað upp viðræður við Bandaríkjastjórn og geri kröfur til þess að ríkisstj. Bandaríkjanna lýsi yfir því, að hún muni í hvívetna virða þessa stefnu íslenzkra stjórnarvalda.

Og í þriðja lagi fer ég þess á leit við hæstv. ríkisstj., að hún komi á eftirliti af sinni hálfu til tryggingar því, að við þessa stefnu verði staðið í verki af bandarískum valdamönnum, því að atburðirnir á Grænlandi gefa ótvírætt til kynna, að Bandaríkjastjórn hefur ekki virt stefnu og yfirlýsingar dönsku ríkisstj. um kjarnorkumál.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hef raunar ekki annað um þetta að segja heldur en það, að það er fullt samkomulag á milli ríkisstj. Íslands og varnarliðsins, þeirra, sem því stjórna, um það, að hér á Íslandi séu ekki kjarnorkusprengjur af neinu tagi. Og ég veit ekki annað og það hefur aldrei komið neitt fram, sem bendi í aðra átt en þá, að þetta samkomulag sé virt og haldið að öllu leyti af viðsemjendum okkar um þetta mál. Ég hef ekki heyrt um það og það hefur ekki að svo miklu leyti, sem ég veit, legið nokkur grunur á, að þetta samkomulag hafi verið rofið og að kjarnorkuvopn hafi verið höfð hér um hönd.

Ég gleymdi einu atriði í þessu, sem gjarnan má koma með, að ég heyrði það í útvarpi í gær, að þar var birt viðtal við aðmírál Stone, yfirmann varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, þar sem hann ítrekaði og undirstrikaði einmitt þetta, að um þetta *væri fullt samkomulag, einnig af þeirra hálfu.*

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mér er fullkunnugt um þetta samkomulag, sem hæstv. ráðh. talaði hér um áðan. En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs utan dagskrár, var einmitt sú, að hliðstætt samkomulag hefur verið í gildi milli ríkisstj. Bandaríkjanna og ríkisstj. Danmerkur. Engu að síður hafa þeir atburðir gerzt á Grænlandi, sem ég var að tala um hér áðan, þrátt fyrir þetta samkomulag. Einmitt þess vegna taldi ég óhjákvæmilegt fyrir ríkisstj. Íslands að ítreka stefnu sína í þessu máli og fara þess á leit við bandarísk stjórnarvöld, að þau gefi skýr fyrirheit um, að þau muni virða þessa stefnu. Enn fremur fór ég þess á leit, að hæstv. ríkisstj. gerði ráðstafanir til eftirlits af sinni hálfu. Mér hefur lengi þótt það mjög á skorta í samskiptum íslenzkra stjórnarvalda og bandarískra, að svo virðist sem íslenzk stjórnarvöld komi fram við hin bandarísku af furðu miklu trúnaðartrausti, og láti sér það nægja, sem þeim er sagt af embættismönnum bandarískum. Þetta er að sjálfsögðu fráleit afstaða. Þegar tveir aðilar gera samkomulag sín á milli, eiga báðir aðilar rétt á því að hafa í frammi eftirlit með því, að það samkomulag sé haldið. Í þessu viðhorfi þarf hvorki að felast vantraust né traust. Þetta er hygginna manna háttur ævinlega, þegar gerðir eru meiri háttar samningar. Og ég minnist þess, að þegar Alþ. kom saman í haust og hæstv. forsrh. flutti hér stefnuyfirlýsingu, ræddi hann einmit um nauðsyn þess, að Íslendingar kæmu sér upp hópi sérmenntaðra manna, til þess að hægt væri af Íslands hálfu að fylgjast með ýmsum atriðum í sambandi við hernámið á sjálfstæðan hátt, þannig að við værum ekki einvörðungu háðir því, sem okkur væri sagt af sérfræðingum gagnaðilans. Ég held, að við eigum að horfast í augu við það af fullu raunsæi, að atburður eins og sá sem gerðist í Grænlandi á sunnudaginn var, gæti gerzt á Íslandi, og ég tel, að það sé skylda okkar og ekki sízt skylda hæstv. ríkisstj. að gera þær ráðstafanir, sem í mannlegu valdi standa til þess að koma í veg fyrir, að slíkir atburðir geti gerzt hér. Það var þetta, sem ég var að vekja athygli hér á áðan, og mér fannst ekki hæstv. ráðh. taka því eins og tilefni voru til.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég held, að allir Íslendingar hljóti að líta þann atburð, sem gerðist í Grænlandi á sunnudaginn, mjög alvarlegum augum, því að margt bendir til þess, að sá atburður hefði alveg eins getað gerzt hér á landi eins og í Grænlandi og kannske með alvarlegri afleiðingum. Það virðist mega hugsa sér það, ef þannig hefði staðið á, að sú flugvél, sem hér var um að ræða, hefði alveg eins gert tilraun til þess að lenda á Keflavíkurflugvelli eins og Thule-flugvelli, og það er ekki útilokað, að afleiðingarnar hefðu getað orðið þó aðrar heldur en þær urðu í þessu tilfelli, og þá gæti verið öðru vísi um að litast á þessum slóðum heldur en er í dag. Þess vegna hljótum við að líta þennan atburð mjög alvarlegum augum.

Það mun vera rétt, sem kom fram hjá hæstv. utanrrh., að af hálfu íslenzkra stjórnarvalda hefur það verið ítrekað og eftir því gengið, að ekki væru staðsett kjarnorkuvopn hér á landi. Hins vegar er mér ekki eins kunnugt um það, hvort um það hafi verið gefin yfirlýsing af hálfu íslenzkra stjórnarvalda og eftir því gengið við viðeigandi ríki, að ekki væri leyft að fljúga með kjarnorkuvopn eða flugvélar með kjarnorkuvopn legðu ekki leið sína yfir Ísland. Ef svo er ekki, finnst mér ærin ástæða til þess í þessu tilefni, að ríkisstj. gefi nú yfirlýsingu um það eða ítreki yfirlýsingu um það, því að hún hefur áður verið gefin, að Íslendingar leyfi ekki, að flogið sé með kjarnorkuvopn yfir sitt land og þeir leyfi það heldur ekki, að það sé gerð tilraun til þess að láta slíkar flugvélar lenda hér á landi. Ég álít, að ef slík yfirlýsing er ekki við hendina, sé ærið tilefni til að

gefa hana nú og hefja samninga við okkar bandamenn um það, að hún verði haldin, en ef slík yfirlýsing kann að hafa verið gefin, sem mér er ekki kunnugt um, verði hún ítrekuð og teknir upp samningar við bandarísk stjórnarvöld um það, að ekki verði brotið gegn þessari yfirlýsingu.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og ég sagði áðan, er um það fullt samkomulag á milli ríkisstj. Íslands og ríkisstj. Bandaríkjanna, að hér séu ekki staðsettar eða hafðar um hönd neinar kjarnorkusprengjur af nokkru tagi, og eins og ég sagði líka, hef ég ekki orðið var við það, að reynt væri að brjóta þetta samkomulag. Það er alveg sjálfsagt að ítreka af þessu gefna tilefni, að þetta samkomulag verði haldið, og ég skal ekki telja eftir mér að ítreka það, og eins þá um leið, að hér verði ekki flogið yfir landið með kjarnorkusprengjur. Ég hef ekki ástæðu til að halda, að við munum ekki geta fengið staðfest það, sem raunar áður hefur verið staðfest, að þetta verði gert. Mér hefur verið sagt einmitt nú, að Danir eða nánar tiltekið utanrrh. þeirra hafi fengið skýringu á þessum atburði, sem gerðist á Grænlandi, sem hann telji fullnægjandi fyrir því, að þetta slys hafi getað viljað til, og það kemur náttúrlega þar til greina, þegar flugvél flýgur í grennd við landið, hvort hún eigi að hafa rétt til að nauðlenda eða ekki, ef líf mannanna um borð er í hættu og sprengjurnar, sem um borð eru, eru lokaðar til bráðabirgða a. m. k. Ég er sammála því, sem hér hefur komið fram, að það verði að gæta hinnar ýtrustu varfærni í þessu efni, en viðvíkjandi því, að flugvélar fljúgi hér ekki yfir með slík vopn, vil ég taka það fram, sem frummælandi þessa máls sagði í upphafi síns máls, að hann teldi sig hafa nokkurn veginn vissu fyrir því, að sprengjuflugvélar af þessu tagi mundu ekki, eins og væri a. m. k. fljúga yfir Ísland. Og það er ekki nema sjálfsagt, að við göngum eftir að fá staðfestingu á þessu.

Á 83. fundi í Nd., 26. marz, utan dagskrár, mælti

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár út af atburði, sem í gær gerðist austur í Landssveit skammt frá bænum Stóra-Klofa, og af þessu tilefni vil ég leyfa mér að beina fsp. til hæstv. utanrrh. Hafa íslenzk stjórnarvöld gefið bandarísku herstjórninni einhver fyrirmæli um það að herþotur eins og þessi, sem eru á stöðugu flugi yfir Íslandi í æfingarskyni, að því er manni skilst, haldi sig fjarri mannabyggðum og flytji ekki með sér farm, sem íbúum landsins getur stafað sérstök hætta af, ef slys verða? Ef ekki hafa verið settar reglur um þetta, sýnist mér, að ekki væri vanþörf á að setja slíkar reglur. Hafi slíkar reglur hins vegar verið settar, má líka spyrja: Hvaða eftirlit hefur verið sett af Íslendinga hálfu með því, að þotuflugmenn fari eftir þeim reglum?

Raunar virðist margt benda til þess, að slíkt eftirlit sé næsta slakt, ef það þá nokkurt er. Þess eru mörg dæmi, að herþotur fljúgi mjög lágt yfir byggðum, og í því sambandi má minna á, að hvað sem kann að líða reglum um herþotuflug, eru þó ákvæði skýr og greinileg í íslenzkum lögum um það, að flugmenn yfirleitt megi ekki stunda æfingar undir 1000 feta hæð. Ég hringdi í skrifstofu flugmálastjóra í morgun og fékk þetta staðfest, og vafalaust hafa margir Íslendingar séð þess dæmi, að bandarískir herþotuflugmenn hafa gerzt brotlegir við þau lagaákvæði a. m. k.

Um hættuna, sem stafar af herþotuflugi yfir Íslandi, talar sá atburður, sem gerðist þar eystra í gær, sínu máli. Maður, sem staddur var í 1 km fjarlægð frá þeirri sprengingu, sem varð við slysið, lýsir þessu þannig, að hann hafi fundið loftþrýstinginn af þessu eins og titring á andliti sér og sér hafi fundizt eins og loftið hitnaði snögglega af þessu. Og í morgun hringdi ég til nágranna þessa manns, bóndans á Skarði, Guðna Kristinssonar, sem er hreppstjóri, og þá var þangað nýkominn hópur Bandaríkjamanna af Keflavíkurflugvelli, og bóndi sagði mér, að þeir væru að búa sig undir það að tína saman sprengjurnar, sem kastazt hefðu úr flugvélinni við slysið, eins og hann orðaði það. Og í hádegisfréttum útvarpsins áðan heyrðu menn, að brakið úr flugvélinni hafði kastazt um 200 m svæði. Þarna var líka staddur íslenzkur lögregluþjónn á Keflavíkurflugvelli, og ég náði tali af honum. Hann taldi að vísu, að hér væri ekki um sprengjur að ræða, heldur tiltölulega litlar eldflaugar, en það væri staðreynd, að flugvélin hefði haft eldflaugar innanborðs. Ég spurði hann, hvort hann teldi, að sú sprenging, sem varð við slysið, hefði stafað af eldflaugum. Hann taldi, að svo væri ekki, heldur sennilegast, að sprengingin hefði orðið af benzíninu í vélinni. En hvað um það, eldflaugar eru að sjálfsögðu í eðli sínu ekki annað en sérstök tegund af sprengjum, þannig að Guðni hreppstjóri fer síður en svo með rangt mál, þegar hann talar um sprengjur í þessu sambandi.

Hugsum okkur nú, að atburður þessi hefði orðið í þéttbýli, t. d. Keflavík eða Grindavík, næsta nágrenni Keflavíkurflugvallar, þar sem þessar flugvélar hafa bækistöð. Umræddur lögregluþjónn sagði mér, að þotan hefði umturnað 400 metra kafla á þeim mel, þar sem hún kom til jarðar. Hún ruddist sem sé eða þaut 400 m leið eftir jörðinni, frá því að hún kom niður og þar til hún stöðvaðist loksins. Slíkur var sem sé hraðinn og krafturinn. Og segir sig sjálft, að ef hún hefði komið niður í þéttbýli, mundu eigi allfá hús hafa orðið illa leikin á eftir, bæði af árekstrinum og einnig af sprengingu eins og þeirri, sem varð þar eystra í gær, svo að maður tali nú ekki um hugsanlegt manntjón af þessum völdum. Og hafi slík sprenging, svo ógnarleg sem hún virðist þó hafa verið, aðeins stafað af benzíni, við hverju mætti þá ekki búast, ef slíkt slys yrði í þéttbýli og ylli því t.d., að eldflaugar eða sprengjur, sem viðkomandi þota hefði innanborðs, spryngju?

M. ö. o., atburður sá, sem í gær gerðist þar eystra í Landssveit, er hastarleg áminning um hættuna, sem stafar af herþotuflugi yfir þessu landi okkar, sem bandaríska herstjórnin leyfir sér að nota að því er virðist að vild sinni sem eitt allsherjar æfingasvæði fyrir stríðsflugmenn sína. Og atburður þessi hlýtur einnig að vekja menn til umhugsunar um nauðsyn þess, að nákvæmt eftirlit sé haft með þessu flugi af hálfu Íslendinga, og flestir Íslendingar munu telja það algera lágmarkskröfu, af hálfu Íslendinga, að þeir fái að segja til um það, hvers konar farm þessar flugvélar fái að flytja með sér.

Ég vil svo þakka hæstv. forseta fyrir það að hafa gefið mér orðið hér utan dagskrár. Ég þykist vita, að hann muni og þm. allir vera mér sammála um nauðsyn þess, að mál þessi séu rædd af alvöru í ljósi þess atburðar, sem í gær gerðist austur í Landssveit.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég get nú ekki svarað þessu öðru en því, að íslenzka ríkisstj. hefur ekki gefið varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli neinar fyrirskipanir eða borið fram óskir um það, að þetta flug fari fram. Hins vegar er þessi hluti varnarliðsins, svo kallaður fighter squadron langsamlega áhrifamesti varnarhluti liðsins hér á landi. Það er hann, sem getur bezt tekið á móti árás, ef í það fer, og þess vegna er ekki unnt annað heldur en hann fái að æfa sig eins og hann telur þurfa, til þess að taka á móti slíku. Ég tel það alveg sjálfsagt, að á meðan varnarliðið er hér, megi það treysta sinn varnarmátt eins og þeir geta með æfingaflugi og öðru slíku. Það eina, sem við höfum gert kröfu um, er, að þessar þotur hafi ekki kjarnorkuvopn innanborðs, og það hef ég fengið staðfestingu á nú, að ekki var, því að hér eru engin kjarnorkuvopn og eiga ekki að vera. Hins vegar eru náttúrlega í þessum þotum eins og öðrum sprengjur og það getur náttúrlega valdið hættu, ef þær koma niður í þéttbýlið, eins og hv. þm. orðaði það. En nokkra áhættu verður af því að taka, á meðan við höfum þetta lið hér og til þeirra hluta, sem því er ætlað að starfa. Ég tel, að þetta óhapp, sem varð í gær, sé náttúrlega fyrir utan það venjulega flug, því að flugvélin bilaði og þurfti að fara að lenda á jörðu niðri, en venjulega fljúga þessar þotur miklu hærra heldur en íslenzk lög gera ráð fyrir, að þær geri, þannig að það er ekki um að ræða, að þær hafi viljandi farið niður úr því hámarki, sem hér er ætlað að sé fyrir flugi þessara þota. En það hefur eitthvað komið fyrir, eitthvað, sem við vitum ekki, hvað er, enn þá a. m. k., en þær sprengjur, sem í flugvélinni voru, verða gerðar óvirkar annað hvort á staðnum eða í nágrenni við staðinn. Það hef ég líka fengið staðfest. Venjulegast fljúga þær miklu hærra heldur en þarna hefur verið um að ræða, og þetta lága flug þeirra, sem um hefur verið talað, er eingöngu vegna þess, að þær þurftu að komast til jarðar vegna bilunar.

Meira hef ég raunar ekki um þetta að segja. Þetta flug er ekki andstætt þeim reglum, sem við höfum gefið þeim um sitt flug, vegna þess að við teljum, að þessar herþotur þurfi að hafa möguleika til þess að kanna með stuttum fyrirvara, hvort þær séu viðbúnar því verkefni, sem þeim er ætlað að vinna. Meira get ég ekki sagt um þetta mál í bili.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör við fsp. minni. En það er eins og fyrri daginn, að í ljós kemur, að af hálfu okkar Íslendinga er ekki um að ræða neitt eftirlit með framferði Bandaríkjamanna hér á Íslandi. Hæstv. ráðh. komst svo að orði, að þessum flugmönnum sé frjálst að æfa sig eins og þeir þykjast þurfa, og sennilega þá að hafa með sér í flugvélunum það, sem þeim sýnist, að undanskildum þó kjarnorkusprengjum, sem er reyndar ekki heldur haft neitt eftirlit með.

Ég vil nú enn ítreka þau tilmæli, sem hér hafa komið fram á Alþ. hvað eftir annað í vetur, að við förum að rétta svolítið úr okkur gagnvart Bandaríkjamönnum og förum að sýna meira sjálfstæði í afstöðu okkar til þeirra, m. a. með því að treysta þeim ekki endalaust í blindni. Það væri hin herfilegasta glópska. Og sú glópska, því miður, hefur ráðið helzt til miklu um utanríkisstefnu okkar á undanförnum árum, að treysta því í blindni, að annar aðilanna, þeirra, sem takast á um áhrif í veröldinni nú, sé engill, en hinum megin séu tómir djöflar.

Það má í þessu sambandi, af því að ég minntist á hér áðan þau lagaákvæði, að flugmenn megi ekki æfa sig undir 1000 metra hæð, þá má í þessu sambandi minna á það, að í gær gerðist það einnig, eftir að þessi umræddi atburður var orðinn, að þota, sem var í fylgd með þeirri, sem slysið kom fyrir, flaug hvað eftir annað svo nærri bæjum þarna í nágrenninu, að bændur þar eystra lýstu því þannig, að menn og skepnur hefðu orðið dauðskelkaðar. Ástæðan til þessa kann að hafa verið sú, að flugmaðurinn var að fylgjast með því, hvað varð um félaga hans, en atburðir eins og þessi, að þotur fljúgi svona nærri mannabyggð og jafnvel svo, að fólk verði dauðskelkað af, eru ekkert einsdæmi, þannig að bandarískar herþotur og flugmenn í Keflavík hafa að sjálfsögðu hvað eftir annað gerzt brotlegir við umrædd lagaákvæði.

Og ég vil sem sagt enn einu sinni ítreka þau tilmæli, að ríkisstj. fari að auka eftirlit með framferði Bandaríkjamanna hér á landi, og við förum að haga okkur í þessum efnum þannig, að það megi vera okkur til meiri sóma heldur en undanfarið.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mér þótti það heldur óskemmtilegt á að hlýða, að hæstv. utanrrh. kom hér fremur fram sem málsvari bandarískra stjórnarvalda en æðsti maður íslenzkra utanríkismála. Lýsing hans á flugi bandarískra flugvéla hér miðaðist öll við það, sem hann kallaði þörf þeirra á æfingum, en ekki við okkar eigið öryggi. Ef svo er ástatt, að Ísland er einn samfelldur æfingavöllur fyrir þessa bandarísku orrustuþotusveit, sem hér er, liggur það í augum uppi, að það er verið að kalla yfir okkur sjálfa ákaflega alvarlegar hættur, vegna þess að einmitt æfingaflug er

hættulegast af öllu flugi. Og mér finnst, að hæstv. ríkisstj. ætti að reyna að beita eigin dómgreind til þess að vega það og meta, hvort slík notkun á Íslandi sem allsherjar æfingarstöð fyrir bandarískan flugher sé í samræmi við okkar eigin hagsmuni. Og mér fannst hæstv. ráðh. tala furðu gálauslega um verndina og öryggið af bandarískum flugsveitum. Ég geri ráð fyrir, að okkur sé öllum í fersku minni reynsla fjarlægrar þjóðar af vernd slíks flughers um þessar mundir.

En ég kom ekki hingað til þess að ræða þessi mál almennt, það er ekki vettvangur til þess hér nú, en langaði aðeins að spyrja hæstv. ráðh. um nokkur atriði í viðbót, tengd þessu máli. Mig langaði að spyrja hann: Hvernig er háttað samskiptunum á milli íslenzku flugumferðarstjórnarinnar og bandarískra hersins? Fær flugumferðarstjórn okkar vitneskju um ferðir bandarískra flugvéla, hvenær þær hefjast til flugs, hvaða leiðir þær ætla að fara og í hvaða hæð þær fljúga? Hér er um að ræða mjög mikilsvert öryggisatriði. Mér er kunnugt um það af umr. í öðrum löndum, að það er talið ákaflega mikilvægt að samræma flug herja og almennt borgaralegt flug, vegna þess, að það er ekki hægt að leggja á ráðin um flugstjórn, ef menn vita ekki ferðir allra flugvéla. Því vænti ég þess, að hæstv. ráðh. greini frá því, hvort íslenzka flugumferðarstjórnin fær vitneskju um allar slíkar flugferðir.

Í annan stað gilda hér á Íslandi alveg ákveðnar öryggisreglur í sambandi við flugferðir, víðtækar og næsta strangar öryggisreglur, sem eiga að gilda hér á Íslandi. Eru gerðar ráðstafanir til þess af hálfu hæstv. ráðh. og ríkisstj., að þetta æfingaflug Bandaríkjamanna sé innan þess ramma, sem settur er í þessum öryggisreglum? Er þetta flug í samræmi við öryggisreglur?

Og í þriðja lagi. Ef flugslys verða, er það skylda íslenzkra yfirvalda á því sviði að rannsaka, hvernig á því stendur, að slysið varð, af hverju slysið stafar, ef hægt er. Verða íslenzkir sérfræðingar sendir til þess að athuga, af hverju þetta slys stafaði, eða lætur hæstv. ráðh. sér nægja að hlýða á það, sem bandarískir sérfræðingar kunna að segja honum?

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. taldi mig hafa komið hér fram sem beinan málsvara bandarískra stjórnvalda, en ekki vegna okkar eigin þarfa. Ég vil í því sambandi minna á, að nú fyrir nokkrum dögum var hér til umr., hvort varnarliðið væri þess megnugt að verja okkur, ef til átaka kæmi, og var það dregið mjög í vafa af þessum hv. þm., sem hér hafa talað. Til þess að þær séu færar um þetta eða þeir, varnarliðsmenn hér, hef ég haldið, að þessi þáttur varnanna, sem þessar þotur eiga að gegna, þyrfti að vera í fullkomnu lagi, og til þess að geta verið það, þurfa þær að æfa sig og vera tilbúnar með augnabliks fyrirvara til þess að fara á loft. Þetta er gert daglega að ég ætla, og allt gert sem í þeirra valdi stendur, til þess að þessir hlutir séu í sem beztu lagi. Ég held þess vegna, að þetta flug þessara bandarísku þota sé nauðsynlegt, til þess að þeir geti stundað það verkefni, sem þeim er falið að inna af hendi.

Hv. þm. spurði síðan, hvort íslenzk flugmálastjórn hefði eftirlit með þessu flugi. Því er til að svara, að íslenzk flugmálastjórn hefur engöngu eftirlit og tekur aðeins til þess flugs, sem er borgaralegt flug, en ekki til herflugsins, og hefur aldrei komið til mála, að þeir hefðu það. Þá spurði hann, hvort þetta flug væri í samræmi við reglur, og það hygg ég, að það sé. Þá spurði hann enn í þriðja lagi, hvort það hefði verið athugað, af hverju slysið hefði stafað. Það er í athugun, og við búumst við að fá skýrslu um það, þegar þetta hefur verið athugað af þeirra mönnum. Ég geri ekki ráð fyrir því, að Íslendingar verði þar, en hins vegar verði þar þeir menn, sem að þessu flugi standa.

VI. Stríðið í Víetnam.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., utan dagskrár, mælti

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að gefa skýringu á riti því, sem útbýtt hefur verið hér í þingsalnum, upplýsingariti um stríðið í Víetnam.

Svo sem kunnugt er, hefur U Thant, framkvstj. Sameinuðu þjóðanna, og ýmsir fleiri, sem gerst mega til málanna þekkja, fullyrt, að engin von sé um það, að samningar geti hafizt um deilumálin þar austur frá, nema Bandaríkjamenn stöðvi loftárásir sínar á Norður-Víetnam. U Thant fullyrðir að vísu ekki, að þetta mundi áreiðanlega leiða til þess að setzt yrði að samningaborði, en hann fullyrðir, að algerlega sé vonlaust um, að samningar geti hafizt, nema þetta verði gert.

Hér er því mikið í húfi, enda hefur þessi liðurinn í friðarumleitunum framkvstj. hlotið öflugan stuðning víða um heim, og ekki hvað sízt meðal ýmissa þeirra þjóða, sem teljast mega mestir vinir Bandaríkjanna og traustastir bandamenn. Nægir þar til dæmis að nefna, að nú ekki alls fyrir löngu, 28. ágúst, samþykkti hollenzka þingið áskorun á Bandaríkjastjórn um að stöðva loftárásirnar á Norður-Víetnam, og mikla athygli hafa einnig vakið áskoranir um hið sama frá ríkisstjórnum frændþjóða okkar á Norðurlöndum og ýmsum helztu ráðherrum þeirra — áskoranir á Bandaríkjastjórn um að stöðva loftárásir á Norður-Víetnam.

Frá íslenzkum stjórnarvöldum hefur hins vegar ekkert, mér vitanlega, heyrzt um þetta efni, og það er okkur, að mínum dómi, til lítils sóma. Mér sýnist því, að ekki megi lengur dragast, að Alþingi Íslendinga láti að sér kveða í málinu, annaðhvort

með till., sem fæli í sér áskorun á Bandaríkjastjórn um að stöðva loftárásirnar á Norður-Víetnam, eða með einhverjum öðrum hætti. Ég trúi því ekki, að jafnalvarlegt mál og þetta þurfi að verða átakamál á milli flokka hér á hæstv. Alþ., og ég vona í lengstu lög, að svo verði ekki.

Þess vegna hef ég að undanförnu leitað til ýmissa hv. þm. um, að þeir yrðu flm. að slíkri till. Þeir hv. þm. Framsfl., sem ég hef leitað til, hafa tekið málaleitan minni vel. Undirtektir þeirra hv. þm. stjórnarflokkanna, sem ég hef talað við um þetta, hafa hins vegar valdið mér vonbrigðum, þeir telja einhverra hluta vegna, að þeir eigi óhægt um vik að skipa sér við hlið okkar Alþb.-manna og framsóknarmanna í málinu. Sérstaklega hafa undirtektir hv. þm. Alþfl. valdið mér vonbrigðum, því að ég veit ekki betur en að miðstjórn Alþfl. eða landsfundur hafi samþ. ályktun, sem gengur í sömu átt og sú till., sem ég hef í huga, þannig að ekki ætti a. m. k. að þurfa að efast um vilja alls þorra óbreyttra Alþfl.-manna í málinu.

En ég hef ekki viljað gefa upp alla von um samstöðu, og þess vegna hef ég gengizt í að útvega þetta upplýsingarit um stríðið í Víetnam í von um, að með því mundi nást það, sem á kann að vanta, að menn geri sér fulla grein fyrir alvöru málsins, ógnum stríðsins í Víetnam og nauðsyn þess, að allir góðir menn geri það, sem í þeirra valdi stendur, til að þeim verði af létt.

Þetta rit var gefið út á s. l. ári af hinu þekkta, brezka útgáfufyrirtæki „Penguin", en síðan þá hafa, sem kunnugt er, styrjaldarógnir austur þar fremur verið að aukast. Höfundurinn Felix Greene er brezkur að uppruna en hefur lengi verið búsettur í Bandaríkjunum, í Kaliforníu. Hann mun vera kvekari að trúarskoðun, en kvekarar eru, eins og menn vita, miklir friðarsinnar og mannvinir. Við Íslendingar höfum áhuga á ættfræði, þess vegna mætti geta þess, að Felix Greene er náfrændi sir Hugh Greene, sem hingað kom í heimsókn til Vilhjálms Þ. Gíslasonar í haust að ræða við hann og fleiri ágæta útvarps- og sjónvarpsmenn um málefni útvarps og sjónvarps. Enn einn af bræðrum sir Hugh Greene er Graham Greene, hinn heimskunni rithöfundur. Felix Greene er þaulkunnugur málefnum Suðaustur-Asíu og hefur þar oft verið á ferð.

Vegna þeirra hv. alþm., sem ef til vill lesa ekki ensku sér til gagns, hef ég látið taka saman nokkrar skýringar í íslenzkri þýðingu, og er þær skýringar að finna fremst í ritinu.

Ég vænti þess, að eftir að hv. þm. hafa kynnt sér þetta rit, verði auðveldara að fá samstöðu allra þingflokka um till. þá, sem ég hef í huga, eða einhverja slíka, sem sanni það, að Alþingi Íslendinga láti sig varða örlög hinnar marghrjáðu þjóðar, sem byggir landið Víetnam, og vilji gera það, sem í þess valdi stendur, til þess að styrjaldarógnum verði af því létt.

VII. Atvinnuleysi.

Á 27. fundi í Sþ., 16. jan., utan dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Á þeim tíma, sem liðinn er, síðan alþm. fóru í jólaleyfi, hafa verið að berast mjög uggvænlegar fréttir af atvinnuleysi í mörgum byggðarlögum landsins. Það er ljóst, að það atvinnuleysi, sem þar hefur verið skýrt frá, hefur ekki aðeins verið núna nokkrar síðustu vikurnar. Það hefur verið að grafa um sig a. m. k. síðustu mánuðina í mörgum byggðarlögum landsins, og er nú orðið það mikið, að alvarlegt verður að teljast. Það er ljóst á því, sem þegar hefur fram komið, að nákvæmar fréttir liggja ekki fyrir um það, hvað atvinnuleysið er í rauninni víðtækt og mikið. Atvinnuleysisskráning er rétt nýlega byrjuð á ýmsum stöðum og stendur þar yfir. Í jafnmörgum byggðarlögum er skráningin enn ekki hafin, en vitað er þó um það, að þar er atvinnuástandið sízt betra. Það leikur því enginn vafi á því, að þegar er orðið um allverulegt og mjög alvarlegt atvinnuleysi að ræða í þorpum og kaupstöðum landsins. Þetta atvinnuleysi, sem nú gerir vart við sig, kemur auðvitað þeim mun verr við fólk, sem fyrir því verður, þegar þess er gætt, að mikið af þessu fólki hefur þegar orðið fyrir miklu tekjulegu áfalli á s. l. ári. Tekjurnar hafa alveg óumdeilanlega hjá mörgum þessum aðilum stórminnkað. Mest hafa tekjurnar auðvitað minnkað hjá mörgum sjómönnum, en einnig hjá því verkafólki, sem vinnur aðallega að störfum, sem tengd eru útgerðarrekstri í landi. En einnig er þarna um að ræða stórminnkandi atvinnutekjur hjá svo að segja öllum þeim, sem vinna í einhverjum þeim fyrirtækjum eða stofnunum, sem þjóna okkar framleiðslulífi að einhverju leyti. Það er ljóst, að það er ekki hægt að tengja þetta atvinnuleysi, sem nú hefur komið hér fram, við það, að nokkuð hefur dregizt, að bátar færu á vetrarvertíð. Ég hygg, að í þeim upplýsingum, sem þegar hafa fram komið, sé lítið um það, að sjómenn, sem hugsa sér að stunda vetrarvertíð, hafi látið skrá sig eða þeir, sem nánast standa að þeim störfum. Atvinnuleysið hefur greinilega komið fram í fjölda mörgum atvinnugreinum, sem verða að teljast nokkuð langt frá okkar aðalframleiðslustörfum einnig. Hér er um mjög alvarlegan samdrátt að ræða, samkrepping að ræða, og ég ætla ekki hér við þetta tækifæri að gera sérstaka grein fyrir því, hvaða ástæðu ég tel liggja til þess, að svona er komið. En ég minnist þess, að sérstaklega hæstv. forsrh. hefur hér á Alþ. æði oft látið falla mjög ákveðin ummæli um það, þegar atvinnumál og efnahagsmál hafa verið rædd, að atvinnuleysi yrði alls ekki þolað, að það yrðu gerðar ráðstafanir til þess að bægja slíku böli frá vinnandi fólki í landinu, hvað svo sem það kynni að kosta. Ég efast ekkert um það, að allir hv. alþm. og ríkisstj. hafa hugleitt þessi mál og sjá, að hér er um svo alvarlegt mál að ræða, að það leysist ekki, þó að bátar hefji

nú útgerð. Það er enginn vafi á því, að fram undan er veruleg hætta á því á næstu mánuðum, að hér verði um mjög mikið og alvarlegt atvinnuleysi að ræða í mörgum greinum. Einnig ber auðvitað þess að gæta, að þó að vetrarvertíðin kunni að ganga vel, nær hún ekki til alls landsins. Þar er um að ræða marga staði, sem hún getur ekki haft nein áhrif á, en sem þegar eru komnir hér í mjög alvarlegan vanda. Ég taldi rétt að minnast hér á þetta mál utan dagskrár og hér í upphafi þessara þingstarfa, vegna þess að ég tel, að þetta mál sé þannig lagað, að það þurfi að bregðast hér mjög fljótt við. Eftir þeim starfsvenjum, sem hér eru orðnar hjá okkur á Alþ., mundi lítið gagn gera að flytja hér þáltill. varðandi þetta mál eða leggja hér fram frv. um sérstakar aðgerðir. Slíkt mundi vitanlega verða allt of seinfær leið. Af þeim ástæðum vildi ég nú þegar beina þeirri fsp. til ríkisstj. og alveg sérstaklega til hæstv. forsrh., hvað ríkisstj. hafi hugsað sér að gera í þessu alvarlega máli og hvort hún telji ekki, að það sé þörf á því, að Alþ. og ríkisstj. sameiginlega bregði hér skjótt við og geri ráðstafanir til þess að bægja atvinnuleysisbölinu frá dyrum þeirra, sem atvinnuleysið er nú að heimsækja.

Ég held, að þó að við eigum við ýmis efnahagsvandamál að glíma, ætti samt sem áður að vera létt fyrir okkur að bregðast hér þannig við, að hér þyrfti ekki að vera um atvinnuleysi að ræða, ekki a. m. k. á næstu mánuðum eða á komandi vetri. Ég vænti þess, að hæstv. forsrh. sjái sér fært að svara þessum fsp. mínum og gera hér nokkra grein fyrir afstöðu stjórnarinnar til þessa alvarlega máls.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér var ekki kunnugt um efni þeirra fsp. eða aths., sem hv. þm. ætlaði að gera, og hef því ekki getað undirbúið mig um að svara þeim eins og hægt hefði verið, ef fyrirvari hefði verið veittur. Hitt er óhætt að segja undirbúningslaust, að ég hef talið og tel enn, að á móti atvinnuleysi verði að berjast með öllum tiltækum ráðum, og ég hygg, að í raun og veru sé enginn skilsmunur á milli ríkisstj., stjórnarstuðningsmanna og stjórnarandstæðinga um það, að atvinnuleysi sé það böl, sem við eigum umfram allt að forðast, eftir því sem geta okkar nær til. En eins og hv. þm. tók fram, liggja ekki fyrir neinar öruggar skýrslur um atvinnuleysi nú og er því ekki hægt, allra sízt undirbúningslaust, og heldur ekki samkv. þeim gögnum, sem mér vitanlega eru fyrir hendi, að ræða þetta mál efnislega á þessu stigi. Sem betur fer er hér í gildi löggjöf, sem sér fyrir brýnustu þörfum atvinnuleysingja í bili, getum við sagt. Sú löggjöf leysir ekki úr böli atvinnuleysisins, sem er auðvitað mjög alvarlegt, þó að atvinnuleysistryggingar séu fyrir hendi. En þessi löggjöf er í gildi og leysir úr þeirri brýnustu nauðsyn, getum við sagt. Að öðru leyti verður að skoða málið nánar.

Við skulum ekki á þessu stigi — ég tel það ekki tímabært — fara að ræða efnahagsmál almennt, til þess gefast mörg tækifæri á framhaldi þessa Alþingis, en það er ljóst, eins og hv. þm. einnig drap á, að sá samdráttur, sem orðið hefur í sjávarútveginum á undanförnum mánuðum, og þeir örðugleikar, sem útflutningsframleiðslan hefur átt við að etja, eiga hér mestan þátt í að svo miklu leyti, sem um nokkuð langvarandi atvinnuleysi kann að vera að ræða, sem með öllu er óvíst enn. Ráðið gegn þessu er að gera ráðstafanir til þess að örva sjávarútveginn og útflutningsframleiðsluna. Að lausn þess máls hefur verið unnið og er unnið þessa daga og verða till. og grg. lagðar fyrir Alþ. um það strax og efni standa til. Að öðru leyti er það auðvitað ljóst, að slík umhleypingatíð, sem hefur verið a. m. k. hér í Reykjavík síðustu vikur, hlýtur að leiða til þess, að ýmis útistörf falla niður og verða erfiðari, og við því er ekki auðvelt að gera á okkar landi. Það er hvarvetna, ekki einungis hér á Íslandi, heldur hvarvetna í norðlægum löndum, viðurkennt, að atvinnuástand um hávetur, meðan óveður geisa, hlýtur að vera með öðrum hætti heldur en meðan hægt er að sinna ýmiss konar útistörfum. Ég get fullvissað hv. þm. og þingheim um það, að ríkisstj. mun fylgjast með þessum málum. Ég hef þegar átt viðræður um þetta efni við þann, sem kunnugastur er ástandinu hér í Reykjavík. Við munum fylgjast með þessu máli, og ef efni standa til, bera fram um það sérstakar till., en annars blandast þetta auðvitað mjög inn í þær ráðstafanir, sem gerðar verða til örvunar útflutningsframleiðslunni.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða hér almennt það ástand í atvinnumálum, sem vakin hefur verið athygli á, en aðeins fullyrða, að hér er um að ræða ástand, í landinu í dag, sem við höfum ekki þekkt í mörg ár. Ég held, að við verðum að fara aftur til ársins 1951—1952 til þess að finna hliðstæðu þess. Við höfum aðeins orðið varir við tímabundið atvinnuleysi undanfarin ár, árstíðarbundið, sem þó hefur verið í miklu minni mæli en áður var. Þróunin á síðasta ári og nú í byrjun þessa árs er með töluvert ólíkum hætti, og það er ekki nokkur vafi á, að nú horfir mun alvarlegar í þessum efnum en gert hefur nokkur nánustu undanfarin ár. Það er rétt, sem hér er greint, að tölur liggja ekki nákvæmar fyrir. Þó liggur fyrir, að hér í Reykjavík, þar sem atvinnuástandið hefur yfirleitt verið talið öruggast, a. m. k. svona á yfirborðinu, og hefur verið svo undanfarin ár, eru samkv. upplýsingum Morgunblaðsins í morgun, skráðir 145 menn atvinnulausir í gærkvöld. Það er ekki nokkur vafi á því, að þessir menn eru mun fleiri, sem þannig er ástatt um. Menn hafa ekki hirt um að láta skrá sig. Það eru ýmsar orsakir til þess, m. a. þær, að menn eru að vonast eftir, að hér sé aðeins um tímabundið ástand að ræða, og taki því ekki að fara að skrá sig atvinnulausa. En í ljós kemur nú, þegar menn fara að skrá sig, sem að langmestu leyti hefur verið nú síðustu daga, síðustu vikuna, að þó nokkrir þeirra hafa verið atvinnulausir frá því í byrjun desembermánaðar, frá því í nóvember og jafnvel dæmi um frá því í október-

mánuði. Menn hafa ekki haft vinnu, og það er ekki vegna þess, að menn séu ekki færir til starfa.

Það, sem nú ætti að hvetja menn til þess að láta skrá sig frekar en áður, þegar slíkt ástand hefur verið, er atvinnuleysistryggingarnar, og hæstv. forsrh. hafði hér þau orð um, að við hefðum þó nú tryggingar, sem bægðu frá því sárasta og sæju mönnum fyrir brýnustu nauðsynjum. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa gert sér ljóst, hverjar þessar bætur eru? Atvinnuleysistryggingasjóður, sem til varð í vinnudeilunum 1955, er nú orðinn öflugasti sjóður landsmanna, það voru gefnar um hann skýrslur hér fyrir ekki löngu síðan. En þessi sjóður hefur nú samt sem áður ekki talið sig hafa efni á, eða löggjafarvaldið ekki talið sjóðinn hafa efni á, að skammta þeim mönnum, sem verða fyrir barðinu á atvinnuleysinu, ríflegra en svo, að kvæntur maður eða gift kona fá núna 930 kr. á viku til þess að lifa af. Ég held, að öllum sé ljóst, að það er tæpast hægt að sjá fyrir allra brýnustu nauðsynjum með þeirri upphæð. Einhleypur maður fær núna um 820 kr. á viku, fær 137 kr. á dag. Ef þessi maður ekki mallar heima hjá sér og ætlar að kaupa sér mat, getur hann keypt sér tæplega hálfa aðra máltíð á dag. Hann verður að neita sér um að drekka kaffi eða slíka hluti. Þannig er þetta. Kaupmáttur krónunnar er nú ekki meiri en þessu nemur. Ég skal aðeins taka það fram, að það er að vísu smá ágreiningur um, að bæturnar geti e. t. v. verið örlítið hærri, en úrskurður um það efni er ekki fyrir hendi. Þegar voru samþ. breytingar á lögunum og verulegar lagfæringar í fyrra, og eftir þær lagfæringar líta þau svona út. Það var talið, að atvinnuleysisbætur ættu að vera hinar sömu og slysabætur, en í l. um atvinnuleysistryggingar er ákvæði um, að þær skuli ekki greiða nema hina 6 virku daga vikunnar en slysabætur eru hins vegar greiddar alla daga, jafnt virka sem helga. Ég held, að það hafi ekki verið ætlun löggjafans að hafa þessar bætur lægri, en svona æxlaðist þetta nú til, og úrskurður um málið er ekki enn fyrir hendi. Ég vil leggja áherzlu á það, að það þarf að gera hér á lagfæringar. Höfuðatriðið er að sjálfsögðu það, sem hæstv. forsrh. tók fram, þ. e. a. s. að tryggja grundvöll atvinnulífsins, þannig að við þekkjum ekki atvinnuleysi. Það er það voðalegasta, sem okkar þjóð getur upplifað í þessum efnum. Og ég er sannfærður um það, að allir þm. eru með einn og sama huga og afstöðu til þess, að til slíks má ekki koma. En það er þá líka alveg nauðsynlegt, að menn geri sér það ljóst, að við stöndum frammi fyrir ástandi, sem við höfum ekki haft fyrr undanfarna nærri tvo áratugi, og þetta er ekki stundarfyrirbrigði, því miður. Öll sólarmerki virðast benda til þess, að samdrátturinn sé svo alvarlegur, að þótt vertíðin fari í gang, útvegurinn verði tryggður að þessu sinni, muni ekki rakna úr sem skyldi. Þetta er á öllum sviðum. Það finnst tæplega nú sú atvinnugrein, þar sem ekki er samdráttur. Við höfum stundum upplifað, að það hefur orðið í einstaka greinum, en þá hafa aðrir tekið við þeim, sem þar urðu atvinnulausir. Þannig er ástandið ekki núna. Það er ekki að neinu öðru að hverfa, þegar menn nú missa vinnuna. Það er þetta, sem er það alvarlega í því. Ég ætla ekki að rekja hér mínar hugmyndir um ástæður fyrir þessu, en það er mjög áberandi almennur fjárskortur, sem síðan hefur mjög erfiðar keðjuverkanir. Þetta er mjög áberandi í byggingariðnaðinum og hjá ýmsum verktökum og ég held hjá vel flestum fyrirtækjum í landinu. Ég persónulega þekki ekkert fyrirtæki, sem ekki kvartar undan þessu atriði. Og eins sýnist mér, að við þurfum að taka til endurskoðunar lögin um atvinnuleysistryggingar, og ég veit, að það er áreiðanlega ekki ætlun valdhafa eða löggjafans, að þessi stóri sjóður, sem vissulega átti að hafa fyrst og fremst það hlutverk, að vera atvinnuleysistryggingar, hefur fyrst og fremst á undanförnum árum stuðlað að því, að atvinnulífið héldist gangandi með lánastarfsemi til þess, en hann má náttúrlega alls ekki missa sjónar á því höfuðverkefni, sem hann átti að vinna, og það er, að aðstoða atvinnuleysingjana, og þetta er einnig í raun og veru kaupgjald verkafólksins, sem geymt er á þennan hátt einmitt til þessara nota.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs hér til þess að gera lítið úr því, hversu alvarlegt það er, þegar atvinnuleysi gerir vart við sig, hvort sem það er á einstökum stöðum tímabundið eða víðar á landinu. Ég efast hins vegar um, að það þjóni verulegum tilgangi að kveðja sér hljóðs hér utan dagskrár, eins og hv. 4. þm. Austf. gerir, til þess að ræða um það alvarlega atvinnuleysi í landinu, sem hann slær föstu í sinni ræðu að sé, og það muni á margan hátt vera ástæða til þess að fara öðruvísi að, ef höfuðtilgangurinn er sá, sem ætla verður, að stuðla að því, að gerðar séu ráðstafanir til þess að bæta úr atvinnuleysinu eða gera sér grein fyrir, með hverjum hætti það er hægt, og hvernig ástandið raunverulega er. Því er haldið hér fram, að það þurfi að leita marga áratugi eða tvo áratugi eða áratug aftur í tímann til þess að fá sambærilegt ástand og nú er. Það má vel vera, en það hefur fram komið í ræðum manna, að þó er það ekki byggt á athugun. Og eitt er víst, að sums staðar á landinu er atvinnuástand sennilega töluvert mikið byrlegra nú en það var á haustmánuðum.

Mér er þá alveg sérstaklega í huga höfuðborg Norðurlands, Akureyri, en þar voru atvinnuhorfur mikið áhyggjuefni manna í haust, og sérstaklega í sambandi við iðnreksturinn á Akureyri, bæði ullariðnaðinn þar, sem hefur haft margt fólk í þjónustu sinni, skipaiðnaðinn og niðursuðuiðnaðinn. Ég held, að ástandið og horfurnar á þessum stað og á þessu sviði sé nú sem betur fer með allt öðrum hætti en fyrir 1—2 mánuðum síðan. Eins og öllum er kunnugt um, hefur nú verið ákveðið, að tvö strandferðaskip ríkisins verði smíðuð í Slippstöðinni á Akureyri, og það gefur þessari stöð rúmlega tveggja ára mikilvægt verkefni, sem veita mun fleiri iðnaðarmönnum á þessu sviði atvinnu en áður

hefur verið. Það er einnig vitað, að breyting á gengisskráningunni hefur verulega þýðingu í sambandi við ullariðnaðinn, og sérstaklega á ég þar við þann útflutning á ullarvarningi, sem fyrirtæki Sambandsins hafa haft með höndum á Akureyri á undanförnum árum og var oft nokkuð blómlegur en kominn í erfiðleika, en blæs nú miklu byrlegar með. Einnig hina veigamiklu niðursuðu Kristjáns Jónssonar og þeirra félaga á Akureyri, sem einnig stendur allverulega öðruvísi á um en áður var, og kemur þar að einhverju leyti til greina íhlutun eða aðstoð frá opinberri hálfu, til þess að þessi atvinnugrein geti haldið áfram og eflt eða aukið sína framleiðslu og þar af leiðandi eftirspurn eftir vinnuafli meira en áður var. Þetta hefur gerzt, þótt mér sé það ljóst, að sums staðar er erfitt og atvinnuleysi og atvinnuleysisskráningar hafi leitt í ljós, einkum hér í höfuðstaðnum, að nú sé kannske meira atvinnuleysi en áður hefur verið.

Einnig hefur verið stuðlað að því hér af ríkisins hálfu, af stjórnarinnar hálfu, að hafizt geti atvinnurekstur, sem annaðhvort hefur áður legið niðri eða á við erfiðleika að stríða. Og þegar ákveðið var um smíði strandferðaskipanna tveggja fyrir norðan, var alveg sérstaklega rædd innan ríkisstj. nauðsyn þess, að styðja við bakið á, ef ég má svo segja, þeim skipasmíðaiðnaði, sem hér er fyrir sunnan. Það virðist hjá sumum aðilum vekja miklu meiri fögnuð, þegar hægt er að segja frá því í 5 dálka fyrirsögnum í dagblöðunum, að nokkrum mönnum hafi verið sagt upp atvinnu, heldur en hinu, þegar séð hefur verið fyrir því, að atvinna hefur verið efld og fyrirtækin geta aukið sína starfrækslu. Það hefur verið mikið talað um það að undanförnu, að í skipasmíðastöðinni Stálvík hafi þurft að segja upp 13 mönnum fyrir nokkru síðan, einnig er sagt frá, að 28 menn hafi í s. l. viku ætlað að leggja niður vinnu í gær á mánudegi, ef þeir ekki væru þá búnir að fá það kaup, sem þá vantaði greiðslu á. Það hafa verið haldnir fjöldamargir fundir milli jóla og nýárs og strax upp úr áramótunum til þess að stuðla að því, að þessi atvinnustarfsemi þarna gæti haldið áfram og vaxið, eins og hún hefur gert á undanförnum árum. Ég hygg, að það verði teknar til meðferðar í Fiskveiðasjóði í dag lánabeiðnir frá aðilum, sem vilja fiskiskipasmíði í Stálvík, sem hefur beðið eftir verkefnum, og þar hefur ríkisstj. verið að verki til þess að stuðla að því, að jákvæðar ákvarðanir verði í þessu teknar. Einnig hefur ríkisstj. átt viðræður við bankana um fyrirgreiðslu af þeirra hálfu og ennfremur Iðnlánasjóð til þess að efla þessa skipasmíðastöð, sem er eingöngu skipasmíðastöð, ekki dráttarbrautir eins og víða annars staðar eða viðgerðarverkstæði hér fyrir sunnan, og koma þá einnig til athugunar aðrar skipasmíðastöðvar, sem til hafa orðið á allra síðustu árum og eru að sinna sínum fyrstu verkefnum.

Eins og hv. þm. er einnig kunnugt um, voru af ríkisstj. hálfu og í samvinnu við peningastofnanir gerðar ráðstafanir til þess, að hin stóra niðursuðuverksmiðja, Norðurstjarnan í Hafnarfirði, gæti hafið starfsemi sína að nýju, en þar hefur legið niðri starfræksla í 1—2 ár, sem veitti mörgum atvinnu og var veigamikil, og menn bundu vonir við það, að hér væri um veigamikinn útflutningsatvinnuveg að ræða. Það hefur hins vegar tekizt svo til, þó að þar sé verið að undirbúa og hefja nýja starfrækslu, að það hefur ekkert hráefni fengizt til þessara hluta, og þannig hefur það verið alveg frá því í desembermánuði, og kannske frá því upp úr miðjum nóvember, að það hefur viðrað þannig, að bátar hafa naumast farið á sjó, og er það ekkert tengt við þá deilu, sem nú hefur staðið síðustu dagana eftir áramótin um fiskverð og annað slíkt. Við erum vanir því, að það stafa alltaf verulegir erfiðleikar, eins og hæstv. forsrh. sagði, af veðurfari hér hjá okkur, eins og reyndar ýmsum öðrum, en ekki sízt hjá okkur í svartasta skammdeginu, og auðvitað dettur mér ekki í hug að halda, eins og örlaði þó á hér í málflutningi, að það hafi ekki verulega þýðingu, hvort vetrarvertíð kemst í gang, fyrir aðra atvinnu heldur en þeirra, sem bara vinna á bátunum og skrá sig á bátana. Ég tek alveg undir það, að hér er um mjög alvarlegt mál að ræða, og sem að sjálfsögðu hefur verið til athugunar innan ríkisstj. og ástæða er til þess að gera sér fyllri grein fyrir en þegar hefur verið gert.

Innan iðnmrn. stendur nú yfir athugun á áætlaðri vinnuaflsþörf hjá ýmsum stórum fyrirtækjum hér í landinu, hvernig hún muni verða á næstunni miðað við áætlanir, sem gerðar voru á árinu 1966, og þær horfur, sem eru nú eins og sakir standa í dag. Þar á ég bæði við Búrfellsvirkjun annars vegar, byggingu álbræðslunnar hins vegar og svo hafnarframkvæmdirnar í Straumsvík. Þannig geri ég ráð fyrir, að varðandi a. m. k. tímabundið atvinnuleysi gætu þessar framkvæmdir nú komið til með að bæta nokkuð úr, og inn í það blandast einnig verkefnasköpun fyrir íslenzka verktaka, sem stuðlað hefur verið að að undanförnu og er verið að athuga, hvort geti í ríkara mæli tekið að sér viðfangsefni heldur en verið hefur, og þó hefur ríkisstj. stuðlað að því áður fyrr í fleiri en einu tilfelli, að einmitt hefur fallið í skaut íslenzkra verktaka viðfangsefni þarna, sem ella hefðu fallið til erlendum verktökum, en hins vegar er það svo, hvort sem er um innlenda eða erlenda verktaka að ræða, að vinnuaflið verður náttúrlega fyrst og fremst hið innlenda, þó að gert sé ráð fyrir því í samningum, sem gerðir voru við hið svissneska álfélag, að heimilt sé að hagnýta erlent vinnuafl, þegar íslenzkt vinnuafl er ekki annars vegar fyrir hendi.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Mér finnst, eins og ég sagði í upphafi, að það skipti kannske ekki svo miklu máli að fara að ræða eða deila óundirbúið um alvarlegt mál eins og þetta hér í Sþ., en tek undir það, sem hæstv. forsrh. sagði, að það stendur auðvitað ekki á okkur í ríkisstj. að taka höndum saman við aðra þá menn, sem eru fyrirsvarsmenn verkalýðsins og þeirra, sem atvinnunnar þurfa að njóta, taka höndum saman við þá um

aðgerðir, sem taldar yrðu nauðsynlegar til þess að bægja vofu atvinnuleysisins frá dyrum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil mega skilja orð hæstv. forsrh. þannig, að hann sé enn sömu skoðunar og fyrr varðandi ógæfu þá, sem fylgir atvinnuleysi, og hvað gera þurfi til þess að bægja slíku frá. Og ég vil einnig vænta þess, að það sé rétt skilið hjá mér, að ríkisstj. hafi þegar gert sér ljósan þennan vanda, sem við stöndum nú frammi fyrir í þessum efnum, og að hún ætli sér að fylgjast með því, sem í þessum málum gerist, og grípa þá til nauðsynlegra ráðstafana.

En ég vil hins vegar í tilefni af því, sem hér kom fram hjá hæstv. dómsmrh., segja, að það er reginmisskilningur, að ég hafi flutt mitt mál þannig hér eða við, sem hér höfum talað um þessi mál af hálfu Alþb., að við séum að hefja hér upp einhverjar deilur við ríkisstj. Hreint ekki. Við höfum aðeins verið að benda á þetta alvarlega vandamál, sem hér er komið upp, og benda á það, að að okkar dómi þarf hér skjótra úrræða við, og þó að hæstv. dómsmrh. geti tilnefnt ýmis atriði, sem ríkisstj. hefur verið að vinna að og stefna í rétta átt og leysa eflaust vanda á hinum ýmsu stöðum, sbr. það, sem hefur verið að gerast á Akureyri, breytir það engu um þá meginstaðreynd, að hér er þegar komið upp mjög alvarlegt ástand í þessum efnum og ábyggilega er hér um miklu meira og almennara atvinnuleysi að ræða heldur en tölur þær, sem greint hefur verið frá, gefa til kynna. Og í þeim efnum vil ég alveg sérstaklega undirstrika það, að atvinnuleysisskráningarkerfið er í mesta ólestri um allt land og svo til alveg óvirkt mjög víða. Og þó að mögu leikinn sé fyrir hendi til þess að fá nokkrar atvinnuleysisbætur til þess að lina þar sárustu kvalirnar, eins og hér hefur verið bent á, og það er auðvitað góðra gjalda vert og þýðingarmikið út af fyrir sig, þá er það nú einu sinni svo, að enn þá eru verkamenn hér á landi og fólk hér yfirleitt, sem erfiðisvinnu stundar, þannig að það vill helzt ekki þurfa að sækja um þær bætur eða telja sig atvinnulausá fyrr en í fulla hnefana er komið. Menn sem sagt leita eftir því í lengstu lög að fá lausn á sínum atvinnumálum, og það er það, sem hér er auðvitað um að ræða, þegar vakin er athygli á þessu alvarlega málefni. Það er að finna ráð til þess að bægja atvinnuleysinu frá, þ. e. að leysa vandamál atvinnuveganna. Ég held, að það hafi verið full þörf á því að vekja hér máls á þessu alvarlega máli, og síður en svo, að það hafi verið að ástæðulausu, og ég vil vænta þess, að ríkisstj. hafi hér fullt samráð við Alþ. um nauðsynlegar aðgerðir í þessum málum, af því að það er nú einu sinni svo, eins og ég sagði hér í upphafi míns máls, að ef mál eiga að fá hraða afgreiðslu hér á Alþ. og það á að koma til framkvæmda, sem hér er verið að gera, fljótlega, verður ríkisstj. að standa að afgreiðslu slíkra mála. Annars eru þau geymd hér í nefndum og fá ekki afgreiðslu.

Ég vil sem sagt vænta þess, að hæstv. ríkisstj. fylgist með þessum málum í fullri alvöru, og láti sér ekki skjótast yfir það, hvernig þessi mál í raun og veru eru yfir landið sem heild, jafnvel þó að einhverjar úrbætur kunni að hafa fengizt á einstaka stað og þar hafi ástandið heldur batnað frá því, sem áður var. Ástandið er ábyggilega mjög alvarlegt, og hér þarf róttækra aðgerða við og það fljótlega.

VIII. Verkföll.

Á 69. fundi í Nd., 4. marz, utan dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti S.l. nótt skullu hér á einhver víðtækustu og mestu verkföll, sem hér hafa átt sér stað, svo að það er í rauninni ekki að ófyrirsynju, að á það er minnzt hér á Alþ. Það mun láta nærri, að yfir 20 þús. vinnandi menn í landinu séu aðilar að þeim verkföllum, sem nú eru á skollin, og það leikur því enginn vafi á því, að hér er um mjög alvarlegan hlut að ræða í sambandi við allt efnahagslíf landsins. Þessi miklu verkföll skella nú á einmitt á þýðingarmesta framleiðslutímabili ársins, en eins og kunnugt er, eru langsamlega þýðingarmestu mánuðirnir varðandi undirstöðuframleiðslu landsmanna einmitt mánuðirnir marz og apríl. Það getur því ekki leikið neinn vafi á því, að hér er um mikið alvörumál að ræða og það mun fljótlega sveiflast í tugum og jafnvel hundruðum millj. það tjón, sem landsmenn sem heild hafa af því, ef þessar vinnudeilur standa nokkuð sem heitir.

Við vitum það, að meginástæðan til þess, að til þessara verkfalla hefur nú komið, er sú, að ríkisstj. taldi óhjákvæmilegt í nóvembermánuði að fella niður lagaákvæði, sem í gildi hafa verið nú um nokkur ár um vísitöluuppbætur á laun. Þegar þetta var ákveðið hér á Alþ., vöruðum við í stjórnarandstöðunni mjög við því að fella niður þessi lagaákvæði, og þá komu einnig fram mjög skýrar yfirlýsingar frá forustumönnum verkalýðssamtakanna um það, að verkalýðshreyfingin mundi ekki una því, að vísitölubætur á laun yrðu ekki greiddar, og nú er komið að því, að við stöndum frammi fyrir þessu mikla vandamáli, að það er ekki eins létt eins og ýmsir höfðu búizt við, að ætla að fella niður þessi sjálfsögðu réttindi. Það er líka alveg augljóst mál, að eins og mál öll bera að er hér um mjög mikilvægt hagsmunamál vinnandi fólks að ræða. Það hafa þegar gengið yfir miklar verðhækkanir og það er vitað um það, að enn eiga eftir að koma allmiklar verðhækkanir, sem yrðu að sjálfsögðu að öllu leyti til þess að rýra kaupmátt launa, ef ekki væri um verðlagsuppbætur á laun að ræða. Og þegar það einnig liggur fyrir, að mikill hluti af vinnandi fólki í landinu hefur orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu á s. l. ári vegna minnkandi atvinnu, minni afla og lækkandi verðlags, þegar tekjur manna hafa þegar lækkað mjög verulega af þessum ástæðum, þá þarf

enginn að vera hissa á því, að menn taki því ekki með góðu móti, að þá skuli einnig eiga að lækka kaupmátt þess kaups, sem um hafði verið samið áður. Ég veit, að það þarf ekki hér fyrir hv. alþm. að fara um það mörgum orðum, hvað nú hlýtur að gerast næstu daga í atvinnulífi landsins, ef verkföllin standa. Það stöðvast ekki einungis svo að segja öll þorskveiðiframleiðslan og fiskvinnslan í sambandi við hana, heldur stöðvast hér miklum mun meira, og í ýmsum tilfellum tekur fyrir útflutning á afurðum frá landinu, sem er í rauninni alveg aðkallandi, og getur skipt miklu meira máli en menn hafa gert sér grein fyrir, að sá útflutningur geti farið fram samkv. gerðum samningum og settum reglum. Það tekur fyrir þann útflutning einnig, svo að hér er auðvitað um feiknalegt tjón að ræða, ef verkföllin eiga að standa.

Ég vil nú í tilefni af því, sem hefur gerzt í þessum efnum, beina því til ríkisstj., hvort hún sjái sér ekki fært með tilliti til þess, hvernig mál hafa þróazt, að taka nú til endurskoðunar afstöðu sína til vísitölugreiðslu á laun. Ég trúi því varla, að ríkisstj. hafi ekki gert sér fulla grein fyrir því, að þessi hennar stefna fær ekki staðizt við þær aðstæður, sem við er að búa. Hér verður að gera á verulega breytingu frá því, sem ríkisstj. hefur hugsað sér. Það er hægt að koma í veg fyrir þessi miklu áföll með því, að ríkisstj. beitti sér nú fyrir því á ný að taka í lög ákvæði um verðlagsuppbætur á laun. Það er mjög ákveðin áskorun frá hálfu okkar Alþb.-manna, sem þykjumst hafa gert okkur fulla grein fyrir alvöru málsins, að ríkisstj. fallist á að íhuga þessi mál að nýju. Það er alveg útilokað, að ríkisstj. geti haldið sér við það áfram að ætla að skjóta sér framhjá þessum vanda eða undan þessum vanda og beina öllum vandanum til hinna almennu atvinnurekenda í landinu. Það er nokkurn veginn víst, að staða þeirra er þannig, að þeir munu ekki semja um vísitölubætur á laun á þann hátt, sem launþegasamtökin gera kröfur um, svona rétt eftir að ríkisstj. hefur afnumið slíkt ákvæði úr l. Ég held því, að þetta mál liggi þannig, að það verði ekki leyst, nema þá eftir stórfelld áföll fyrir þjóðarheildina á milli þeirra aðila, sem eigast við á vinnumarkaði, án þess að til komi bein afskipti ríkisvaldsins, eins og þetta mál allt er tilkomið. Ég tel, að það mundi skipta miklu einmitt nú, eins og komið er þessari deilu, ef hæstv. ríkisstj. hefði viljað gefa hér yfirlýsingu á Alþ. um það, að hún vildi leggja sig alla fram um það að leysa deiluna og hún vildi viðurkenna það, eins og mér er kunnugt um, að vinnuveitendur hafa viðurkennt í viðræðum við verkalýðssamtökin, að undan því verður í rauninni ekki vikizt, að um vísitölugreiðslu á laun verður að vera að ræða. Vísitölugreiðslur á laun eru líka þýðingarmiklar fyrir atvinnureksturinn í landinu, því að það gefur miklu meiri festu á vinnumarkaði og bægir frá ýmsum smáverkföllum, sem alltaf vilja á skella, þegar samningar eru gerðir til örstutts tíma, en það er eðli málanna, að þeir verða gerðir til örstutts tíma í breytilegu verðlagi, ef ekki er um að ræða neina verðtryggingu á laun. Ég held, að það væri mjög þýðingarmikið, að hæstv. ríkisstj. gæfi einmitt nú út yfirlýsingu um það, að hún vildi leggja sig fram um það, að fá lausn á þessu máli, m. a. á þann hátt að setja að nýju í lög ákvæði um verðtryggingu launa, a. m. k. á þeim grundvelli, sem verkalýðssamtökin í landinu geta unað við.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri nú, en vænti þess, að hæstv. ríkisstj. verði við beiðni minni um það að gefa hér yfirlýsingu í þessa átt.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í sambandi við þingskapaumr. s. l. fimmtudag, vakti ég athygli á því, hversu óheppileg sú þingvenja væri, að aðvörunar- og fyrirvaralaust væru tekin til umræðu hin stærstu mál, þótt ekki séu á dagskrá. Nú er það mjög oft svo, að við venju, sem upp hefur verið tekin og tíðkazt hefur í mörg ár, skiljanlegt, að þessu máli sé hreyft hér, og skal ég alls ekki út á það setja, eins og á stendur. Hinu verð ég þó að halda fram, að bæði hefði verið hægt að aðvara stjórnina fyrirfram um, að þess yrði vænzt, að hún gæfi yfirlýsingar um málið á þessum fundi, og eins hitt, að þeir atburðir, sem nú hafa gerzt, koma mönnum ekki svo á óvart, að hv. þm. og hans flokki hefði verið í lófa lagið að flytja frv. þess efnis, sem hann gerði hér að umræðuefni, ef hann teldi, að það eitt nægði til þess að leysa þetta mál. En auðvitað vitum við allir, að málið er miklu flóknara heldur en hv. þm. vildi vera láta. Það varð að ráði í nóvember að afnema ákvæðin um vísitölugreiðslu á laun eða verðtryggingu, sem svo var kölluð, vegna þess að þau ákvæði hafa ekki úrslitaþýðingu um raunveruleg kjör, meðan svo stendur sem nú og meðan samningafrelsi er um hið almenna kaupgjald. Það eitt er eðlilegt, að þetta hvort tveggja fylgist að. Það hefur oft verið gerð grein fyrir því áður, að það kann vel svo að vera, að eðlilegt sé að greiða vísitöluuppbætur á laun, verðtryggja kaupið, en þannig getur staðið á, jafnt í okkar þjóðfélagi eins og öðrum, að slíkt sé varhugavert, a. m. k. að lögbjóða það af hálfu ríkisvaldsins. Þess vegna er það eitt eðlilegt, að þetta sé háð samningsfrelsi aðila.

Um það þarf ekki að deila, að íslenzkt þjóðfélag hefur nú orðið fyrir ákaflega miklum skakkaföllum að undanförnu. Það hefur verið hafður uppi um það ástæðulaus ágreiningur hér á Alþ. og í umr. annars, hverjum þetta væri að kenna. Ég skal ekki fara að eltast við það enn þá einu sinni. Staðreyndin er, að útflutningur landsmanna minnkaði á s. l. ári um kringum 2 þús. millj. eða hér um bil 30%, og varð þó útkoma ársins mun lakari heldur en þessu nam, m. a. vegna þess, eins og hv. fyrirspyrjandi nú gerði ýtarlega grein fyrir hér á þingi s. l. miðvikudag, að kostnaður við öflun þess síldarmagns, sem á land kom, varð miklu meiri heldur en áður hafði verið. Vertíðarkostnaður í fyrra varð einnig miklu meiri, og við liggjum með miklar birgðir af skreið, sem í bili eru lítt eða ekki seljanlegar. Öll þessi áföll hafa orðið til þess, að hér er mikil vá fyrir dyrum, því tjáir ekki að neita, og

undan því geta landsmenn með engu móti skotið sér. Það varð að ráði í nóvember að ráða fram úr þessum vanda, a. m. k. að nokkru leyti, með gengisfellingu. Af þeirri gengisfellingu hlutu að leiða verulegar verðhækkanir, sem þá var leitazt við að gera grein fyrir, og menn hafa nú kannske enn þá skýrara yfirlit um, hverjar verða munu. Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir, að ef þessar verðhækkanir eiga að bætast að fullu á allar launagreiðslur í landinu, veldur slíkt slíkri verðbólgu, slíkum örðugleikum, að vís voði er framundan. Þess vegna hefur ríkisstj. ekki treyst sér til þess að bera ábyrgð á því, að á meðan svo stæði, væru fullar vísitölugreiðslur lögbundnar eða verðtrygging launa ætti sér stað. Með því væri kannske hægt að sleppa framhjá örðugleikum í bili, leysa verkfall um sinn, en efnahag þjóðarinnar væri stefnt í varanlegan voða.

Ríkisstj. hefur gert margháttaðar ráðstafanir til þess að standa á móti því, að hér yrði almennt atvinnuleysi, að halda uppi sem almennastri atvinnu og einnig til þess að kjaraskerðing yrði sem allra minnst. Efnahagsstefna stjórnarinnar hefur mótazt af þessari viðleitni. Það má segja, að ein afleiðing þeirrar viðleitni hafi verið það, hversu mjög gekk á gjaldeyrissjóð þjóðarinnar á s. l. ári. Ef nú verður ekki spyrnt við fótum og haldið í þann sjóð, sem eftir er, er það ljóst, að á örfáum mánuðum muni þessi mikla trygging, bæði fyrir velfarnaði landsfólksins, fyrir frjálsri verzlun og fyrir fullri atvinnu, vera úr sögunni. Það er þess vegna ekki unnt aðgerðalaust að láta það eiga sér stað, að þessi sjóður gangi til þurrðar. En jafnframt er það höfuðnauðsyn, að atvinna haldist, og ríkisstj. hefur, eins og ég segi, gert margar, — ég vil segja óteljandi — ráðstafanir, til þess að svo geti orðið, bæði með fyrirgreiðslu einstakra atvinnustofnana um allt land, víðs vegar með beinni hjálp til einstakra byggðarlaga, og svo fyrst og fremst með því að stuðla að því, að vertíð gæti hafizt sem fyrst og af fullum krafti jafn skjótt og veðurfar leyfði og aflabrögð. Allt hefur þetta kostað mikil átök og kostar mikið fé. Á þessum þingfundi er til afgreiðslu einn angi þess máls, en í það er ekki horfandi vegna þeirrar miklu nauðsynjar, sem okkur er á höndum. Við höfum einnig fullan hug á því að haga meðferð mála svo, að ekki þurfi að verða samdráttur í ríkisframkvæmdum eða dregið verði úr framkvæmdaáætlun fyrir utan fjárlög af hálfu ríkisvaldsins og opinberra stofnana, eins og tíðkazt hefur hin síðari ár, svo að þær framkvæmdir geti orðið með svipuðum hætti og síðasta ár. Enn liggja ekki fyrir um þetta fastmótaðar ákvarðanir, en að þessu er unnið, og á það verður lagt höfuðkapp, að full atvinna geti haldizt í landinu í heild. Fyrir hitt verður aldrei komið í veg, að árstíðabundið atvinnuleysi eigi sér stað einhvers staðar á landinu. Og ég hygg, að einmitt hv. þm., sem hér talaði, hafi oft lagt á það áherzlu og það réttilega, að höfuðatriðið í þessu efni er fyrst og fremst, að atvinnan haldist full, að atvinnutekjurnar skerðist ekki vegna atvinnuleysis. Um þessi efni höfum við átt viðræður við Alþýðusambandið og raunar fulltrúa vinnuveitenda líka, en Alþýðusambandið sérstaklega hvað eftir annað, og nú síðast, ég hygg á föstudaginn var, þegar við lýstum yfir okkar eindregna vilja í þessu sambandi.

Og því fer svo fjarri, að við höfum látið þessa deilu afskiptalausa, að við höfum verið í nánu, ég vil segja stöðugu sambandi við sáttasemjara og aðila, eftir því sem við höfum talið, að það gæti haft nokkra þýðingu, og tjáð þeim öllum, að við værum reiðubúnir til viðræðna, bæði um almennar ráðstafanir í atvinnumálum og eins um lausn þess vanda, sem hér er við að glíma, hvenær sem þeir óskuðu eftir, hvort sem það væri á nóttu eða degi. Enn hefur því miður ekki tekizt að leysa þessa deilu. Sáttafundur stendur nú yfir og samkv. þeim fregnum, sem ég hef af honum, er ekki ástæða til þess að vera sérstaklega bjartsýnn um skjótar sáttir, en ég vil þó engan veginn fortaka, að þær geti tekizt. Og ég veit ekki, hvort það er til mikillar fyrirgreiðslu, að við hefjum almennar deilur um málið einmitt á meðan á sáttafundi, e.t.v. úrslitafundi um málið, stendur. Hitt væri þá nær að taka málið upp á þinglegan hátt, ef það kemur í ljós, að aðilar geta ekki náð saman, geta ekki sætzt.

Það er algerlega óraunsætt að tala nú svo eins og þjóðarheildin, einstakar stéttir, og ég vil segja einstaklingar, geti komizt hjá nokkurri kjaraskerðingu. Auðvitað óskum við allir þess, að slíkt væri hægt og viljum leggja okkur fram um það, og engum er það ljósara heldur en okkur, sem í ríkisstj. erum, að það væri miklu meiri fagnaðarboðskapur að geta sagt, að hér þyrfti ekki annað heldur en samþykkja allar kröfur, sem fram eru komnar, og þar með væri þessi vandi leystur. En því miður er málum ekki svo háttað. Ef menn fást ekki til þess að sníða sér stakk eftir vexti, að játa þær staðreyndir, sem nú liggja fyrir í íslenzkum efnahag, er voðinn vís. Þá geta menn e. t. v. haldið sér gangandi nokkrar vikur, en þá fer hér allt í vandræði áður en varir, og við verðum miklu verr staddir heldur en vera þyrfti og eðlilegt er, jafnvel miðað við þá miklu erfiðleika, sem að steðja.

Nú játa ég út af fyrir sig, að það sé eðlilegt, að verkalýðurinn, einkanlega þeir, sem harðast hafa orðið úti, segi: Það er ekki hægt að ætlast til þess, að við tökum á okkur bóta- og skefjalaust allar þær verðhækkanir, sem á kunna að skella meira og minna að tilhlutun aðila, sem við höfum engin tök á. Og við ætlumst til þess, a. m. k. sem lágmark, að okkur sé veitt öryggi um framtíðina, ef við eigum að halda áfram okkar starfi. Þetta er út af fyrir sig skiljanlegt. Það kann að vera erfitt að veita slíkt öryggi í þeirri óvissu, sem við nú erum, en það er sjálfsagt að leita eftir leiðum til þess, hvort þetta sé hægt að veita. Alveg eins og það er sjálfsagt að leita eftir leiðum til þess að kanna, hvort hægt sé að láta þá óhjákvæmilegu lífskjaraskerðingu, sem nú hlýtur að lenda á allri þjóðinni, koma þannig niður, að ekki þurfi að bitna jafnhart á öllum. Ef slíkar leiðir eru til, er sjálfsagt að kanna það til hlítar og

athuga. En mestu máli skiptir í þessu sambandi, að þannig sé haldið á, að full atvinna haldist og atvinnuvegirnir geti óhindrað starfað.

Hitt segi ég svo við hv. stjórnarandstæðinga og ekki sízt hv. Alþb.-menn og ég hygg, að það eigi einnig við hv. framsóknarmenn, að það tjáir auðvitað ekki hvort tveggja að krefjast skefjalauss réttar til að gera verkföll til þess að stöðva atvinnuvegi, þegar verkalýðsfélögunum þykir það henta, en heimta svo jafnframt ætíð íhlutan ríkisvaldsins til þess að firra erfiðleikunum af þessum ráðstöfunum. Þarna hlýtur frelsi og ábyrgð að fara saman. Þeir, sem ákveða vinnustöðvanir og verkföll, taka þar með á sig ábyrgð af afleiðingum þeirra sinna gerða. Með þessu er ég ekki að sakfella neinn. Ég er einungis að skýra frá hinu sanna og óhjákvæmilega eðli málsins. Ef ætlazt er til þess, að allur vandi atvinnulífsins sé leystur inni í þessum sölum Alþingis, eru þeir, sem þess krefjast, að heimta, að löggjöf verði sett um allt kaupgjald, um ráðstöfun allra þessara mála. Það er ekki hægt að segja: Ríkið á einungis að taka við erfiðleikunum og leysa þá, ef aðrir geta haft úrslitaákvarðanir um það, sem ræður, hvort erfiðleikarnir verða meiri eða minni. Hér hafa menn tekið þann kost að láta kaupgjaldssamninga vera frjálsa og láta mjög litlar hömlur vera á verkföllum. Það má endalaust deila um, hvort þetta sé skynsamlegt eða skynsamlegt ekki. En meðan þessi háttur er á hafður, tjáir ekki ætíð að koma til Alþ. og segja, að nú eigi það að taka við, eftir að í óefni er komið. Og vissulega er það svo, að lögfesting vísitölu einnar eða kauptryggingar á auðvitað alls ekki við í þeim vanda, sem við er nú að etja. Hv. 4. þm. Austf. sem hér talaði benti á það, sem töluvert er til í, að ýmsar stéttir hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum nú þegar vegna atvinnuskerðingar, sem leiðir af þeim vandræðum, sem við erum í. Hið sterkasta í hans málflutningi er, að það sé óeðlilegt, að einmitt þær stéttir verði einnig fyrir skakkaföllum vegna þess, að ekki sé veitt full vísitala. Þetta er rétt, og það væri æskilegt að geta ráðið bót á þessu, ef það er hægt. En um leið og menn hafa þessi rök, tjáir ekki að halda því blákalt fram, eins og haldið er fram af þessum þm. öðru hverju og enn ákafar af sumum hans flokksbræðrum og hv. framsóknarmönnum, að af þessu eigi einnig að leiða, að allir opinberir starfsmenn eigi að fá fullar vísitöluuppbætur, því að ef nokkur hópur í landinu er, sem þessi atvinnuskerðing og atvinnuörðugleikar hafa ekki lent á, eru það einmitt hinir opinberu starfsmenn, sem hafa allt sitt á þurru á tímum eins og þeim, sem nú ganga yfir. Framhjá þessu verður ekki komizt. En einmitt forustumenn í þessum samtökum eru nú mest manna hvetjandi þess að herða þessi verkföll og halda þeim sem allra lengst og harðast gangandi.

Ég vil vissulega vona, að það takist með skynsemd og öfgaleysi að ráða fram úr þeim mikla vanda, sem nú er við að etja. Og ég vil heita á alla góða menn, sem þar geta lagt hollráð til, að vinna að því, að svo megi verða. Að menn annars vegar geri sér ljóst, að nú verði ekki fram hjá nokkurri kjaraskerðingu komizt, en það sé jafnframt eðlilegt, að a. m. k. hinir lakast settu fái tryggingu fyrir því, að sú kjaraskerðing verði ekki ófyrirsjáanlega mikil og að við allir leggjumst á það, sem langsamlega mestu máli skiptir í þessu, að fara þannig að, að full atvinna geti haldizt í landinu, að trygging fáist fyrir því, að hér skapist ekki varanlegt, almennt atvinnuleysi. En ef atvinnuvegunum verður nú ofboðið með því að knýja fram eða lögfesta hærri kaupgjaldsgreiðslur en þeir geta greitt, þá er fyrsta og berasta afleiðingin af því vaxandi atvinnuleysi, sem enginn sér út fyrir, hversu mikið muni verða né lengi standa.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki flytja langa ræðu utan dagskrár í sambandi við þá fsp., sem hér hefur komið fram, og áskorun og svar hæstv. forsrh., en örfá orð vildi ég þó segja. Þá vil ég fyrst benda á að hæstv. ríkisstj. gekkst fyrir því að lögfesta greiðslu vísitöluuppbótar á laun í sambandi við s. n. júní-samkomulag, og var það einn liður í því samkomulagi, sem þá var gert við atvinnurekendur og verkafólk, einmitt að lögfesta verðlagsuppbætur á laun. Mér heyrist nú á hæstv. forsrh., að hann telji, að það sé varhugaverð stefna að skipa þessu með l. Mér finnst þetta vera stefnubreyting. Ef rétt hefur verið að skipa þessum efnum með l., þegar júní-samkomulagið var gert, þá er ekkert síður rétt að skipa þessu með l. nú. Hafi það verið óeðlilegt þá, að þetta væri samningsmál á valdi launþegasamtaka og atvinnurekenda, ætti alveg það sama að gilda nú. Það ætti ekki að skera úr í þessu efni, hvort sérstaklega vel stendur eða eitthvað lakar, þannig að t. d. hæstv. forsrh. og hans menn segi, þegar bezt stendur á: Nú get ég. En þegar erfiðara er að fást við málin, sé sagt, að nú eigi aðrir að ráða fram úr þessu. Mér finnst þetta ekki samræmi, og ég álít, að hæstv. ríkisstj. hefði aldrei átt að yfirgefa þá stefnu að ákveða verðlagsuppbætur með lögum og kom það greinilega fram af minni hendi og Framsfl., þegar um þessi mál var fjallað hér í haust. Við bentum einmitt á það þá, eins og kom mjög eindregið fram hjá verkalýðshreyfingunni og forráðamönnum launþegasamtakanna yfirleitt, að um þetta mundi aldrei fást friður. Verðhækkanir væru framundan og menn vildu ekki taka á sig þá kauplækkun, sem í því fælist, að vísitalan væri slitin úr sambandi.

Það kom greinilega fram, að hér var lagt svo mikið við, að sumir af hinum hógværustu leiðtogum kölluðu þetta stríðsyfirlýsingu hér á hv. Alþ. Þess vegna getur hæstv. forsrh. ekki hafa komið neitt á óvart af því, sem gerzt hefur síðan í þessu efni og það hlaut þannig að fara, að verkalýðshreyfingin gengi fram til þess að tryggja fólk gegn kauplækkunum, en það er ekkert annað, sem verið er að gera en að reyna að tryggja almenning gegn kauplækkun. Það er ekki farið fram á neinar kaup-

hækkanir eða neinar kjarabætur, eingöngu að tryggja sig gegn kauplækkunum.

Hæstv. forsrh. bendir á að staða atvinnuveganna sé erfið um þessar mundir, og það er laukrétt, og ég skal ekki fara að ræða hér um ástæðurnar fyrir því. Við erum ekki sammála um þær. Ég segi, að það stafi bæði af verðfalli og slíkum erfiðleikum og rangri stjórnarstefnu ekki sízt, en um það erum við ekki sammála. En við skulum vera sammála um, að það sé um erfiðleika að ræða. Og þá kemur spurningin: er þá ekki óréttmætt af verkalýðshreyfingunni að neita því að fallast á kauplækkun á almenna kaupinu? Hvað er þetta almenna kaup, sem nú er greitt? Við getum sagt, að það sé yfirleitt frá 110 þús. kr. til 160 þús. kr. eða svo, ef það nær þá því, án yfirvinnu. En yfirvinna hefur nú mjög minnkað eins og kunnugt er.

Ég get ekki skilið, hvernig nokkrum manni dettur í hug, að það sé hægt að lækka þetta kaup, 110 t.d. til 160 þús. kr. á ári, vegna þess að mér er gersamlega ofvaxið að skilja það, hvernig hægt er að lifa af þvílíku kaupi. Og það er þetta, sem frá mínu sjónarmiði er aðalpunkturinn í málinu. Þess vegna hef ég verið fylgjandi því að verðtrygging á laun stæði áfram í l. og tel það skynsamlegast og vil taka undir þá áskorun, sem hér hefur komið fram um það, að verðtrygging á laun verði lögfest á ný og þar með leyst þessi deila. Það sé sett sem fastur punktur, sem allir verði sammála um, að kaup af þessu tagi sé ekki hægt að lækka, og að við trúum því, og ég a. m. k. trúi því alveg statt og stöðugt, að ef skynsamlega er búið að atvinnuvegunum og ýmsar ráðstafanir gerðar þeim til léttis geti þeir greitt þetta. Ný þjóðmálastefna verði tekin, sem yrði náttúrlega að koma til framkvæmda í mörgum liðum þjóðarbúsins. Eigum við ekki öll að vera sannfærð um, að það sé alls ekki komið þannig íslenzkum þjóðarbúskap, að ekki sé hægt að standast þetta kaup?

Ég vil hafa það sem fastan punkt í öllu, sem gert verður, að það sé hægt að greiða þetta kaup, vegna þess að það sé ekki bjóðandi minna. Og á ég þar við almenna kaupið. Þetta sama sagði ég í haust, þegar við vorum að ræða þessi mál.

Hæstv. forsrh. bendir á ýmsa erfiðleika og ég efast ekki um, að það er hægt að benda á ýmsa erfiðleika. En hann benti ekki og það hefur ekki enn verið reynt að benda á það, hvernig menn eiga að komast af með þetta kaup. Og það er frá mínu sjónarmiði og á að vera útgangspunkturinn í þessu og laga síðan annað eftir því. Ég trúi ekki öðru en því, að ef menn sneru bökum saman og leituðu að leiðum, fyndust leiðir, sem hægt væri að fara til þess að greiða fyrir því.

Það virðist vera þannig ástatt núna, að atvinnurekendur treysti sér ekki til þess að semja um þetta. Þeim finnist ekki aðstaða sín vera það góð, þó að þeir viðurkenni þetta í raun og veru um kaupið. Ég hef engan hitt, sem hefur haldið fram, að hægt væri að lifa á þessu kaupi; í einlægni talað, hef hreinlega engan hitt, sem vill halda því fram, en menn segja sumir, að það séu svo margir aðrir erfiðleikar, að ekki sé hægt að fallast á, að kaupið sé óbreytt. Það verði að lækka. En ég held því fram, að ef settur sé fastur sá punktur, að þetta kaup geti alls ekki lækkað og síðan leitað að leiðum til þess að greiða fyrir atvinnurekstrinum, þá sé hægt að leysa þessi vandamál. Með þeirri vinnuaðferð sé það hægt og það sé hún, sem eigi að viðhafa. Endurskoða líka ríkisbúskapinn og allar greinar okkar þjóðarbúskapar með það fyrir augum, að þetta kaup sé algert lágmark. Og þó að verðfall hafi orðið, sem kunnugt er, stendur verðlag ekki verr en það, að það er eitthvað álíka að meðaltali, og verið hefur síðustu 5 árin. Og þó að þjóðartekjur hafi minnkað nokkuð, eins og gerð hefur verið grein fyrir, er engin ástæða til þess að beygja sig svo í duftið að halda því fram, að ekki sé hægt að halda uppi þessum kaupgreiðslum. Ég er alveg sannfærður um, að það er hægt, ef nýjar aðferðir og heppilegri eru uppteknar og ef menn sneru saman bökum um að reyna það.

Ég sagði, að ég ætlaði ekki að flytja hér langa ræðu um ástandið eða halda hér eldhúsdag yfir hæstv. ríkisstj., en ég stóð fyrst og fremst upp til þess að benda á þau fáu atriði, sem ég hef tekið fram, og taka undir þá áskorun, sem fram hefur komið til hæstv. ríkisstj. að draga það ekkert að leysa deiluna. Ef það semdist í dag eða nótt, væri það gott, en draga ekki lengur en til morguns að beita sér þá fyrir því að leysa þetta mál með því að lögbjóða vísitölugreiðslur á nýjan leik og leita síðan samstarfs við sem flesta aðila um að greiða þannig málin, að það verði atvinnuvegunum vel kleift.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., enda er mér mjög til efs, að langar umr. hér á þessum vettvangi stuðli að því í raun og veru að leysa þann mikla vanda, sem íslenzku þjóðfélagi er á höndum um þessar mundir. En mig langar samt til að gera örstutta og mjög einfalda fsp. til hv. síðasta ræðumanns.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hann er varaformaður Sambands ísl. samvinnufélaga. Og nú langar mig til þess að vita, og ég geri ráð fyrir, að það langi fleiri til þess að vita, hvort hann hafi gert grein fyrir þeim skoðunum, sem hann gerðist talsmaður fyrir nú í ræðu sinni áðan, í stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga. Það er öllum kunnugt, að Vinnumálasamband samvinnuhreyfingarinnar telur ekki fært, að svo stöddu a. m. k., að taka að semja um almenna greiðslu allsherjar kaupuppbóta á laun. Og þess vegna er mín stutta og einfalda fsp. sú, hvort svo kynni að vera, að varaformaðurinn hafi orðið í minni hl. í stjórn þessara miklu almannasamtaka með þær skoðanir, sem hann hér lýsti, eða hvort hann hafi alls ekki gert grein fyrir þeim þar með þeim sama hætti, sem hann gerði hér.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkrar stuttar aths. við það, sem hér kom fram hjá hæstv. forsrh. í sambandi við þetta mál. Hæstv.

forsrh. ræddi hér talsvert um frjálsa kaupgjaldssamninga og samningafrelsi, sem ríkti á vinnumarkaðinum, og í tilefni af því sagði hann, að þeir, sem gerðu kröfu um það að hafa frjálsræði til kaupgjaldssamninga og einnig þá um það að geta fylgt kröfum sínum eftir með verkföllum, yrðu auðvitað að standa ábyrgir fyrir því, sem þeir væru að gera, og þola þau vandkvæði, sem af verkföllum hlytust, þegar ekki væri gengið að kröfum þeirra. En þeir gætu þá ekki gerzt jafnhliða kröfumenn þess, að ríkisvaldið skærist í leikinn og hjálpaði þeim út úr vandanum. Þessu er í rauninni hjá hæstv. forsrh. snúið algerlega við, og það hlýtur hann sjálfur manna bezt að vita. Hvað var það, sem gerðist í síðustu kaupgjaldssamningum, árið 1965, þegar síðast er samið um kaupið? Þá er samið á milli vinnuveitenda og verkalýðssamtakanna um tiltekið kaup á grundvelli vísitölutryggingar kaupsins. En svo skerst bara ríkisvaldið í leikinn, kemur á eftir og tekur einn mikilvægasta þáttinn úr samkomulaginu, úr samningunum, sem gerðir voru, kippir þeim í burtu, og það veldur öllum erfiðleikunum. Það var því ríkisvaldið, sem skarst í leikinn óbeðið af þessum samningsaðilum, sem höfðu samið um kaupið, og það er einmitt af þessum ástæðum, sem við Alþb.-menn höldum því fram, að nú hvíli skylda beinlínis á ríkisvaldinu, fyrst og fremst á ríkisstj., til þess að bæta fyrir það, sem rangt var gert í þessum efnum, þar sem gerðum samningum var raskað með löggjöfinni, sem hér var sett í nóvembermánuði s. l. Það er yfirlýst stefna verkalýðssamtakanna í landinu, að þau óska ekki eftir því, að ríkisvaldið sé beinn aðili að samningum um launakjör á vinnumarkaði. Verkalýðssamtökin óska eftir því að fá að eiga þessa samninga hreint og beint við vinnuveitendur, án þess að ríkisvaldið sé að blanda sér í þau mál. En það er sem sagt ríkisvaldið, sem hér hefur skorizt í leikinn, og að því leyti stendur nú vandinn á ríkinu eða ríkisstj. í þessu tilfelli. Það er svo aftur annað mál, að það getur vissulega komið upp sú staða, að atvinnuvegir landsins komist í slíkan vanda, að þeir telji sér ekki fært á einhverju stigi málsins að ganga að þeim launakröfum, sem þeir verða þó að semja um, og þá er auðvitað ekkert annað algengara en það, að atvinnureksturinn snúi sér til valdhafanna í landinu og fari fram á ýmiss konar leiðréttingu sinna mála. Og það er það, sem hefur verið að gerast. Við skulum ekki láta okkur detta það í hug, án þess að fara að ræða þessi mál neitt ýtarlega nú í þessum stutta tíma, að eini vandi atvinnurekstursins í landinu nú sé að greiða vinnulaun. Ég skal aðeins nefna hér eitt einasta dæmi. Það er talið t. d. í þeim þýðingarmikla atvinnurekstri í frystihúsaiðnaðinum í landinu, að vinnulaun séu svona í kringum 20—22% af heildarútgjöldum fyrirtækisins, frystihússins. En nú í þessu tilfelli er verið að ræða um vísitölubætur á laun, sem munu nema í kringum 5% eins og málin standa nú, en hins vegar verða þessi fyrirtæki nú að standa undir vaxtagreiðslum, bæði af rekstrarlánum og af stofnlánum, sem að meðaltali munu vera í kringum 10%. Ef slakað væri þarna á þessum miklu útgjöldum eitthvað verulega, væri hægt að mæta talsverðum hluta af því, sem nú er verið að ræða um í sambandi við launakostnað. Þannig er þetta vitanlega í miklu fleiri tilfellum. En þessir vextir eru beinlínis ákveðnir eftir pólitík ríkisvaldsins á hverjum tíma. Ég vil líka benda á það, að það er í mesta máta óeðlilegt að ætla að réttlæta þær kröfur, sem nú eru uppi um það, að skerða eigi kaupmátt hins almenna dagvinnukaups, sem um hefur verið samið, vegna þeirra áfalla, sem við höfum orðið fyrir í atvinnurekstri landsmanna almennt, bæði með minni fiskafla og eins með lækkandi verðlagi á erlendum mörkuðum. Það hefur alltaf verið þannig og mun verða þannig og það hefur verið þannig núna, líka í þetta skipti, að minni afli hefur þýtt minna kaup til sjómanna og til allra þeirra, sem vinna að aflanum. Lækkað verð á aflanum út úr landinu hefur þýtt stórlækkað kaup til sjómannanna. Þeir hafa því þegar tekið á sig þessa kauplækkun. Þannig hefur þetta alltaf verið. Og verði samdráttur í atvinnulífi landsins byrjar þetta auðvitað með því, að megnið af yfirvinnunni, yfirborgunum, helgidagavinnunni og öðru slíku, minnkar. Þannig lækkar kaupið, það fylgir samdrættinum, en það er ekki nauðsynlegt að lækka kaupmátt hins almenna tímakaups í ofanálag, og það er um það, sem deilan stendur nú í dag. Deilan stendur ekki um það, hvort það þurfi að verða kjaraskerðing eða ekki, kjaraskerðingin hefur orðið í mjög ríkum mæli hjá vinnandi fólki í landinu. Hún hefur orðið upp á mörg hundruð millj. kr. En spurningin er bara sú, hvort það á að fara hér í langvarandi verkfall nú t. d. í marzmánuði, þegar aðalvertíðin er að hefjast, til þess að halda uppi baráttu um þá deilu, hvort það eigi að leyfa hinu tiltölulega lága umsamda dagkaupi að halda kaupmætti sínum eins og hann var. Og ég trúi því ekki, að það séu til margir atvinnurekendur, sem vilja í raun og veru fara út í þá baráttu, því hún mun verða atvinnurekstrinum margfalt dýrari, en að greiða þessar bætur, sem hér er um að ræða. Við skulum alveg gera okkur grein fyrir því, að nú þegar, á hverjum degi, mun atvinnurekstur í landinu verða fyrir milljónatjóni af stöðvun, svo að segja á hverjum degi. Ég þekki það mætavel, að atvinnufyrirtæki, sem ég þekki mjög vel til hjá, sjá þegar fram á það, að þau eru að taka á sig margfalt tjón, af því að verða bundin í verkfalli, eins og málin standa núna, á aðalframleiðslutímanum. Hér er því um sameiginlegt hagsmunamál allra að ræða, sem ríkisstj. á vitanlega að beita sér fyrir, að koma í veg fyrir framleiðslustöðvun núna á þessum viðkvæma tíma út af þessu deilumáli, og ég er ekki í neinum vafa um það, að ef ríkisstj. leggur sig fram um það, og í samræmi við þá skyldu, sem ég tel, að á henni sé, vegna þess hvernig þetta mál allt er til komið, hvernig þessi deila er til komin, er ég ekki í neinum vafa um það, að það hlýtur að vera hægt að finna lausn á þessu máli núna tiltölulega fljótlega og bægja frá þjóðinni ómældum og háum tapsfjár-

hæðum, sem mundu hljótast af stöðvun. Og það vona ég, að verði gert.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er út af þessari fyrirspurn frá hæstv. viðskmrh. Hún gefur mér fyrst tilefni til að taka fram, að ég er ekki í stjórn Vinnumálasambands samvinnufélaganna, þar næst, að mínum félögum í stjórn SÍS er mjög vel kunnugt um mínar skoðanir á þessum málum, sem sé þær, sem ég lýsti hér áðan í þeirri stuttu ræðu, sem ég hélt. Þeim er vel kunnugt um þær. Síðan vil ég bæta því við, að einmitt þetta ástand, sem við stöndum frammi fyrir nú, að atvinnurekendur virðast a. m. k. ekki í dag, treysta sér til að fallast á jafn eðlilega lausn og þá að greiða verðlagsuppbætur á almenna kaupgjaldið, einmitt það ástand, að þetta skuli geta komið fyrir varðandi það kaup, sem ég var að lýsa, sýnir að mínu viti, að það á að lögfesta verðlagsuppbætur á kaupgjald. Það sýnir að mínu viti, að ríkisstj. og Alþ. eiga að taka þessi mál í sínar hendur og leysa þau eftir löggjafarleiðinni, og síðan með framkvæmd nýrrar stjórnarstefnu, sem væri þá fyrst og fremst fólgin í því að gera atvinnuvegunum kleift að greiða þetta kaup. Ekki með auknum uppbótum, heldur með því að breyta þjóðarbúskapnum í mörgum efnum. Það yrði of langt að fara að lýsa því hér nú, enda oft verið gert, en einmitt þetta ástand, að atvinnurekendurnir treysta sér ekki til að semja um óbreytt kaup eins og það, sem ég lýsti hér áðan, sýnir að mínu viti, að Alþ. og ríkisstj. eigi að taka málið í sínar hendur.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að ég efast mjög um, hvort það er til framdráttar farsælli lausn þessa máls, að við hefjum harðar deilur um það nú, meðan sáttafundir enn standa yfir og a. m. k. nokkrar vonir eru til þess að málið leysist á friðsamlegan hátt. Ég vil ekki gefa til kynna, að ég sé bjartsýnn í þeim efnum, en sáttafundir standa enn yfir, og þeir eru á milli aðila sjálfra, sem um þetta mál eiga að fjalla. Eðlilegt er, að menn leiti fyrst og fremst til þeirra á þessu stigi með sínar leiðbeiningar, ef þeir í raun og veru vilja leysa málið friðsamlega, eins og ég efast ekki um, að þm. í raun og veru vilja.

Ég hef oft svarað því áður, en ég tel þó ástæðulaust að láta það nú vera ómótmælt, sem hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan, að ríkisstj. eða ég hefðum breytt um skoðun á verðtryggingu frá því á árinu 1964. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp það, sem ég sagði um þetta mál, þegar ég lagði verðtryggingarfrv. fyrir Alþ. í okt. 1964. Í þeirri ræðu segir orðrétt:

„Á sínum tíma var það skýrt fram tekið, að skuldbinding um gildi þessara l. gilti að sjálfsögðu ekki lengur en þeir samningar eða samkomulag, sem frv. byggir á. Það þótti hins vegar ekki ástæða til að hafa neinn slíkan gildistíma ákveðinn í frv. sjálfu. Það verður að fara eftir aðstæðum, viðhorfum á hverjum tíma, hvað í þessum efnum er ákveðið.

Frá því að vísitalan fyrst var hér upp tekin, hygg ég á árinu 1939, hefur um hana gilt margháttuð og mismunandi löggjöf. Hún veitir launþegum að vissu leyti tryggingu, það er óumdeilanlegt, en hins vegar hefur hún hættur í sér fólgnar varðandi of öran verðbólguvöxt, sem einnig kemur niður á launþegum eins og öðrum landsmönnum. Það er þess vegna hvorki hægt að segja, að verðtrygging eða vísitala skuli undir öllum kringumstæðum vera lögboðin né heldur að algert bann við þessu skuli að staðaldri vera í l. Það verður að fara eftir ástandi og horfum í efnahagsmálum hverju sinni, hvað tiltækilegt þykir í þessum efnum. Eins og á stóð 1960 vegna þeirra breytinga, sem þá voru taldar óhjákvæmilegar og leiddi af ástandi fyrri ára, þótti ekki fært að halda fyrri ákvæðum um vísitölubindingu kaups í l. Þessu fylgdi aftur á móti það, að kaupgjaldssamningar voru gerðir til mjög skamms tíma. Vinnufriður var ærið ótryggur, og þegar það kom í ljós í vor, að það var skilyrði af hálfu verkalýðshreyfingarinnar fyrir samningsgerð, sem að öðru leyti þótti viðhlítandi og átti að standa til eins árs, að verðtrygging kaups væri tekin upp að nýju á þessu tímabili og bannið úr l. numið, þá þótti ekki áhorfsmál, að rétt væri að verða við þeim óskum, enda hygg ég að það sé almannadómur, að mikið hafi áunnist með þeim vinnufriði, sem í vor tókst að semja um."

Þetta sagði ég haustið 1964. Þar kemur það ljóst fram, að þá var einungis um að ræða skuldbindingu til eins árs, meðan það samkomulag var í gildi, sem náðist sumarið 1964, og ég tek það alveg skýrt fram, að svo geti staðið á, að það sé ekki skynsamlegt að hafa verðtryggingu, enda hefur Alþ. staðfest það, þ. á m. hv. 1. þm. Austf., með mjög breytilegum ákvæðum um þessi efni fyrr og síðar, og það hefur verið viðurkennt, að sérstaklega á slíkum tíma eins og nú, er varhugavert að hafa óskerta vísitölubindingu í l. En þar að auki kemur það atriði nú til greina, sem við höfum ekki átt við að búa, þegar fyrri gengisbreytingar hafa átt sér stað, stórfellt verðfall, tekjumissir, eins og er í þjóðfélaginu einmitt á síðasta ári, og enn því miður virðist ekki verða lát á. Þetta skapar alveg sérstakan vanda, sem við komumst ekki með nokkru móti fram hjá að gera okkur grein fyrir og taka afleiðingunum af.

Nú segir hv. 4. þm. Austf., að ríkisstj. hafi efnt til þessarar deilu, og þetta komi frjálsum samningsrétti ekkert við. Sannleikurinn er sá: Það, sem skeði í nóv. í haust, var það, að það var tekin úr l. fyrirskipun um greiðslu vísitölu, en í stað þess, sem hafði verið, t.d. 1960—1964, og menn voru að hugsa um í nóv., þá var ekki tekið upp bann við greiðslu vísitölu, þannig að nú er það algjörlega frjálst á milli aðila, hvort vísitala er greidd eða ekki. Um þetta fóru menn ekki í grafgötur í haust. Það er ekki verið að rjúfa neina samninga með því að borga ekki þessa vísitölu nú þegar, vegna þess að verkalýðshreyfingin sjálf hefur vegna sinna eigin hagsmuna kosið

að vera samningalaus, allt frá því á árinu 1966. Þess vegna eru ekki samningar um vísitölu bundnir nú, og atvinnurekendur þurfa ekki að segja upp neinum samningum til þess að losna við slíkt ákvæði. Það er vegna þess að þetta er ósamningsbundið, sem verkalýðsfélögin þurfa nú að sækja á þetta með verkfalli, og það er óhjákvæmilega rökrétt og það eina eðlilega, að á meðan heimilt er almennt frelsi um ákvörðun grunnkaups, þá sé ákvörðun um greiðslu vísitölu einnig tekin með frjálsum samningum aðila.

Ég játa svo með hv. 1. og 4. þm. Austf. — og það er aðalvandi þessa máls, fram hjá því skulum við ekki horfa, — að vissar stéttir í þjóðfélaginu hafa orðið fyrir kjaraskerðingu vegna þess samdráttar, sem hefur leitt af efnahagsástandinu, sem skapaðist á síðari hluta árs 1966 og fram til þessa dags, af hverju sem sá samdráttur verður. Við játum það að vissar stéttir hafa þar orðið fyrir kjaraskerðingu. Við játum líka, að ríkisstj. og Alþ. hafa sýnt skilning á þessum vanda í verki með því að eiga hlut að því að veita fé til þess að hækka fiskverðið handa sjómönnunum, sem að þessu leyti höfðu orðið fyrir barðinu á þessari kjaraskerðingu, þannig að þetta sjónarmið hefur verið viðurkennt. En af því getur ekki leitt, að menn eigi undir öllum kringumstæðum og allir í þjóðfélaginu að fá tryggingu fyrir því, að kaup þeirra rýrni ekki að verðgildi á slíkum tímum eins og nú. Og ég legg á það áherzlu, að þó að ég telji slíkar umr. sem þessar vera varhugaverðar meðan menn enn sitja á sáttafundi, þá hjó ég í það annars vegar, að hv. 1. þm. Austf. talaði um, að verðtrygging eigi að greiðast á lægsta kaupið. Hann talaði þar fyrst og fremst um þá, sem ættu að lifa á í kringum 120 þús., fór víst eitthvað ofar, en lagði aðaláherzlu á þá lægstu. Og hv. 4. þm. Austf. talaði um verðtryggingu og vísitöluuppbót á dagkaup. Er það svo, að þessir þm. meini það, að aðrir en þeir, sem svona stendur á fyrir, að hafa ekki meiri tekjur en af þessu leiði, að þeir einir eigi að fá vísitölutrygginguna? Ég veit ekki hvort við bætum okkur nokkuð að fara að ræða þetta nánar hér í alþjóðar áheyrn á þessu stigi málsins, en þarna erum við komnir að þeim kjarna, sem ég vonast til, að umr. snúist um innan veggja hjá sáttasemjara, nú meðan enn er verið í alvöru að reyna að finna lausn á þessum vanda.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Þetta skal verða mjög stutt. Ég er í sjálfu sér sammála hæstv. ráðherrum um það, að langar eða harðar orðaskylmingar muni ekki stuðla að lausn hinnar alvarlegu deilu, sem nú er hafin. Hitt held ég hefði verið óeðlilegt með öllu, ef við hefðum gengið hér að okkar venjulegu verkefnum, án þess að ræða um það alvarlega ástand, sem upp er komið, eftir að hafið er allsherjarverkfall, sem ná mun til 20 þús. manna, ef það stendur eitthvað áfram. Ég held, að bæði við alþm. og þjóðin öll, hafi átt heimtingu á því að fá að heyra um mat hæstv. ríkisstj. á þessu ástandi. Mér þótti á ýmsan hátt fróðlegt að heyra svör hæstv. forsrh., en því miður fannst mér margt í þeim vera allt of neikvætt til þess að hægt væri að gera sér vonir um, að ríkisstj. ynni af kappi að því að leysa málið. Um það skal ég ekki ræða, en hitt er mér nokkur forvitni að fá að vita, hvort hæstv. forsrh. mælir hér fyrir munn beggja stjórnarflokkanna. Ég hef sérstaka ástæðu til þess að spyrja um þetta, vegna þess að fyrir nokkrum dögum birtist í Alþýðublaðinu forystugrein, þar sem skýrt var frá því, að verkalýðsmálanefnd Alþfl. hefði skorað mjög eindregið á ráðh. flokksins að beita sér fyrir því, að verkafólk fengi áframhaldandi verðtryggingu launa, og það duldist ekki, að Alþýðublaðið sjálft tók mjög eindregið undir þessa skoðun verkalýðsmálanefndar. Hliðstætt viðhorf birtist svo í forystugrein Alþýðublaðsins í gær. Ég hygg, að það sé ekkert vafamál, að það sé einn úr okkar hópi, hv. þm. Benedikt Gröndal, sem hefur skrifað þessar forystugreinar, og ég tel alveg fullvíst, að hann hafi gengið úr skugga um það áður en hann skrifaði þetta, að hann hefði að baki sér stuðning meiri hluta flokksins, og þ. á m. meiri hluta þingflokksins, en í þessu felst það, að upp eru komin breytt viðhorf, frá því sem var í vetur, þegar þm. beggja stjórnarflokka felldu úr gildi skilyrðislaust l. um verðtryggingu launa. Og þar sem upp virðist komið nýtt ástand, held ég, að það hefði verið ákaflega æskilegt, bæði fyrir okkur þm. og fyrir þjóðina, að fá að frétta nánar um þessi viðhorf þm. Alþfl. Mér finnst að við eigum heimtingu á að fá að vita það, hvaða veruleiki er á bak við þessar forystugreinar í Alþýðublaðinu, og hvort þess megi vænta, að Alþfl., þm. hans og ráðh., beiti sér eftir því, sem þar er boðað.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég get svarað fyrirspurn hæstv. síðasta þm. með því að minna á, að í þeirri forystugrein Alþbl., sem hann talaði um, var beinlínis vitnað í samþykkt, sem verkalýðsmálanefnd Alþfl. hafði gert. Ég vil ekki á þessu stigi ræða hana frekar, en aðeins benda á, að það var minnzt bæði á vísitölu og þau mál, sem voru sett á undan í ályktuninni, sem voru atvinnumálin. Þarna kom fram mjög sterkur vilji til þess, að það yrði leitað til hins ýtrasta eftir friðsamlegri lausn á þeim vandamálum, sem nú er við að glíma, og ég hef ekki heyrt á neinum vilja til neins annars. Ég get ekki annað sagt um það, hvað ríkisstj. hefur gert í þessu máli, en það, sem hæstv. forsrh. hefur sjálfur yfirlýst hér á fundinum. En ég hygg, að mönnum sé ljóst, að stjórnin hefur verið í fullkomnu sambandi við aðila í deilunni, og ríkisstj. hefur viljað gera allt, sem í hennar valdi stendur til þess að stuðla að friðsamlegri lausn, og það er í anda þeirrar samþykktar, sem verkalýðsmálanefnd Alþfl. gerði.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður, en það eru aðeins nokkur orð út af ræðu hv. 6. þm. Reykv. Það er rétt, að verkalýðsmálanefnd Alþfl. gerði samþykkt um þetta mál á fundi sínum um síðustu helgi, ekki

þessa helgi, sem núna stendur yfir, heldur hina. Meginefnið í þeirri ályktun verkalýðsmálanefndar Alþfl. var það, að unnið yrði að því af kappi að koma í veg fyrir atvinnuleysi í landinu; af því, eins og einn maður sagði þar mjög réttilega, hvaða gagn höfum við af dýrtíðaruppbótum eða vísitöluálagi, ef ekkert er að leggja vísitöluálagið á. Það er kjarni þessa máls, að það verði ekki farið út í neina þá leið í þessu máli, sem komi í veg fyrir það, að þeirri viðleitni verði haldið áfram, að efla atvinnulífið í landinu, því það, sem ég hræðist mest, ef fullt vísitöluálag kemur strax, er, að það verði til þess, að meira og minna af atvinnufyrirtækjum í landinu geti ekki staðið undir því og loki. Þess vegna held ég, að meginkjarninn í því, sem gera þarf í dag, séu ráðstafanir til þess að tryggja, að atvinnulífið geti gengið sinn gang og auðvitað að menn fái þá það mikið upp úr sinni vinnu, að þeir geti lifað á því mannsæmandi lífi eins og í ályktuninni stóð.

IX. Slysfarir á sjó.

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., mælti

forseti (BF): Að undanförnu hafa veður gerzt válynd hér við land. Má heita, að hvert stórviðrið hafi rekið annað. Mestur varð þó veðurofsinn um síðustu helgi, einkum við norðvestanvert landið. Fór þar saman norðan fárviðri, stórhríð, mikið frost og geysilegt hafrót. Hafa þessi aftakaveður valdið líf- og eignatjóni, og enn á ný minnt okkur á þá staðreynd, að alltaf geta náttúruöflin farið svo miklum hamförum, að enginn mannlegur máttur fái rönd við reist.

Þegar slík óveður geisa á hafinu, verða vönduðustu og beztu skip eins og eggjaskurn, og þaulreyndir stjórnendur og sægarpar fá ekki við neitt ráðið. Þá er enginn óhultur, fyrr en komið er alla leið til öruggrar hafnar. Um síðustu helgi leituðu mörg skip skjóls á Ísafirði undan veðurofsanum, en þar er ein öruggasta höfn landsins. Var þá veðurhæð svo mikil, að tvö skip fórust á Ísafjarðardjúpi, þar sem þau áttu örskammt eftir ófarið inn á lífhöfn, og mikil leit að hinu þriðja hefur ekki borið árangur. Er nú talið fullvíst, að það skip hafi einnig farizt. Skipin eru þessi:

Vélskipið Heiðrún II ÍS-12 frá Bolungarvík. Var skipið á leið frá Bolungarvík til Ísafjarðar s. l. sunnudag. Er það venjulega um 45—50 mínútna sigling, en sortinn og byljirnir hröktu skipið af leið, og hélt það sjó á Ísafjarðardjúpi þar til skömmu eftir miðnætti á sunnudagskvöld, að því er bezt er vitað. Síðan hefur ekkert af skipinu heyrzt, og leit að því ekki borið árangur, eins og fyrr segir. Með Heiðrúnu II voru 6 menn.

Togarinn Ross Cleveland frá Hull í Bretlandi. Með honum fórust 18 menn, en einn bjargaðist á undursamlegan hátt, eins og fréttir hermdu í fyrradag.

Togarinn Notts County frá Grimsby í Bretlandi. Af honum fórst einn maður, en varðskipinu Óðni tókst giftusamlega að bjarga 18 manns af áhöfninni.

Fáum dögum áður en þessir válegu atburðir gerðust, fórst brezki togarinn Kingston Peridot frá Hull út af Tjörnesi með allri áhöfn, 20 manns.

Skömmu þar á undan hafði togarinn St. Romanus, einnig frá Hull, farizt í hafinu milli Noregs og Íslands. Á því skipi var 20 manna áhöfn. Hafa þannig farizt 3 skip frá útgerðarborginni Hull og með þeim 59 manns á tæpum mánuði.

Íslendingar og Bretar hafa löngum verið keppinautar í fiskveiðum, en þegar báðar þjóðirnar verða fyrir jafnhörmulegum áföllum og manntjóni, skilja þær hvor aðra.

Hér á Íslandi grúfir kvíði og sorg yfir heimilum þeirra, sem taldir eru af með Heiðrúnu II. frá Bolungarvík. Alþingi og þjóðin öll taka þátt í þeirri sorg og votta harmi slegnum aðstandendum innilegustu samúð.

Í útgerðarborginni Hull í Bretlandi ríkir þungur harmur á heimilum fjölda fiskimanna eftir þær miklu fórnir, sem hafið hefur krafizt síðustu vikurnar af þeirri borg. Þar eins og hér rísa öldur samúðar með öllum þeim, sem um sárt eiga að binda vegna hinna geigvænlegu sjóslysa. Tilfinningar sorgar og samúðar eru þær sömu, hvort sem þær bærast í brjóstum Íslendinga eða brezkra manna.

Atburðir þessir minna enn einu sinni á þær miklu hættur, sem sjómennskunni eru samfara. Um leið minna þeir á þá skyldu, að fyllsta öryggis sé gætt í sambandi við byggingu skipa, búnað þeirra, stjórnun og siglingu. Þarf þetta allt, svo og slysavarnir á landi, að vera eins fullkomið og mannlegur máttur fær frekast við ráðið.

Eiginkonur og aðrir aðstandendur sjómannastéttarinnar í Hull hafa komið af stað hreyfingu til þess að auka öryggi ástvina sinna á sjónum. Íslendingar hljóta að styðja þá hreyfingu af fremsta megni, og um leið votta þeir syrgjandi ástvinum hinna látnu brezku sjómanna innilegustu samúð.

Ég bið hv. alþm. að taka undir orð mín og heiðra minningu látinna íslenzkra og brezkra sjómanna með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

X. Minning látins fyrrverandi alþingismanns.

Á 11. fundi í Sþ., 14. nóv., mælti

forseti (BF): Til þessa fundar í sameinuðu Alþ. er boðað til að minnast Hákonar Kristóferssonar bónda í Haga og fyrrv. alþm., sem lézt í sjúkrahúsinu á Patreksfirði aðfaranótt s.l. föstudags, 10. nóvember, níræður að aldri.

Hákon Kristófersson fæddist 20. apríl 1877 á Hreggsstöðum á Barðaströnd. Foreldrar hans voru Kristófer, síðar bóndi á Brekkuvelli á Barðaströnd, Sturluson bónda í Vatnsdal Einarssonar og kona hans, Margrét Hákonardóttir bónda á Hreggsstöðum Snæbjarnarsonar. Hann var elztur í stórum systkinahópi og átti lítinn kost skólamenntunar á uppvaxtarárum sínum. Ungur fór hann til sjóróðra vestur á Rauðasand og var orðinn formaður á bát innan við tvítugt. Hann vann við verzlunarstörf á Vatneyri við Patreksfjörð 1901—1902 og stundaði síðan jarðyrkjustörf og ýmsa aðra vinnu á árunum 1903—1907. Árið 1907 gerðist hann bóndi í Haga á Barðaströnd og rak þar síðar rausnarbú í sex áratugi, hin síðari ár í sambýli við son sinn.

Hákon Kristófersson í Haga var alþm. Barðstrendinga á árunum 1913—1931, sat á 20 þingum alls. Hann var hreppsstjóri í Barðastrandarhreppi frá 1905—1966 og átti um langt skeið sæti í sýslunefnd. Í Landsbankanefnd var hann kosinn 1930 og átti sæti í henni til 1936. Áratuginn 1930—1940 var hann umsjónarmaður Landssímahússins í Reykjavík, en rak þó jafnframt bú í Haga.

Hákon í Haga lifði langa ævi á tímum mikilla viðburða hér á landi. Hálffertugur var hann valinn af sýslungum sínum til setu á Alþ. og því sæti hélt hann um alllangt skeið. Á þingi hafði hann mest afskipti af landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum, því að til þeirra taldi hann sig þekkja betur en til flestra mála annarra. Hann var þéttur á velli og stórbrotinn í lund, gætinn og raunsær í viðhorfi til þjóðmála, einarður og hispurslaus, ef því var að skipta, en að öðrum kosti nærgætinn og ráðhollur. Hann átti ætt sína og uppruna á Barðaströnd og undi þar betur langdvölum en í Reykjavík, þótt svo vildi til að hér yrði hann bundinn störfum einn áratug langrar ævi sinnar.

Hann skilaði þjóð sinni, sveit og sýslu miklu og merku starfi, áður en hann var allur, og áhugi hans á þjóðmálum dvínaði ekki, þótt ellin sækti hann heim. Var hann jafnan reiðubúinn til að ræða þau mál við frambjóðendur og þm. allra flokka, og nutu þeir ávallt frábærrar gestrisni á höfuðbólinu Haga.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast hins látna bændahöfðingja, Hákonar Kristóferssonar í Haga, með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

XI. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 14. okt. 1967.

Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu tvær vikur, vegna sérstakra anna heima fyrir, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Jón Kjartansson forstjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Nú er það upplýst, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Jón Kjartansson forstjóri, dvelur erlendis og það liggur fyrir frá 2. varamanni flokksins í sama kjördæmi svo hljóðandi símskeyti:

„Er forfallaður frá að mæta á Alþingi. Óska eftir, að Guðmundur Jónasson, Ási, verði til kvaddur í minn stað.

Magnús Gíslason."

Í framhaldi af þessu liggur svo fyrir kjörbréf Guðmundar Jónassonar bónda, Ási í Vatnsdal, sem 3. varaþingmanns Framsfl. í Norðurl. v., og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og þm. hefur verið birt, hefur Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v., óskað eftir því, að varamaður tæki sæti sitt á Alþingi um skeið. 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v. er Jón Kjartansson forstjóri. Það er kunnugt, að hann er erlendis um þessar mundir og ekki væntanlegur alveg næstu daga. 2. varaþm. Framsfl. í Norðurl. v. er Magnús Gíslason bóndi á Frostastöðum. Hann hefur sent hingað skeyti, þar sem hann tilkynnir, að vegna forfalla geti hann ekki mætt á Alþingi. 3. varaþm. Framsfl. í þessu kjördæmi er Guðmundur Jónasson bóndi í Ási, og er hann mættur hér. Hefur kjörbréfanefnd nú athugað kjörbréf hans og ekkert fundið við það athugavert og leggur því einróma til, að kosning hans sé tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 51 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Guðmundur Jónasson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 6. fundi í Sþ., 23. okt., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 19. okt. 1967.

Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu 2—3 vikur vegna fjarveru í embættiserindum og Þorsteinn Gíslason skipstjóri, sem nú er næsti varamaður á lista Sjálfstfl. í Reykjavík, telur sér ekki fært að gegna þingmennsku á meðan að þessu sinni, leyfi ég mér að óska þess, að þar næsti varamaður á D-listanum, Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

Kjörbréf, útgefið til Guðmundar H. Garðarssonar af yfirkjörstjórn Reykjavíkur, liggur hér fyrir. Vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert hlé á fundinum. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf 3. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Guðmundar H. Garðarssonar viðskiptafræðings, en eins og fram kemur í bréfi hæstv. dómsmrh. hefur 2. varaþm. Sjálfstfl., Þorsteinn Gíslason skipstjóri, ekki talið sér fært að gegna þingmennsku að þessu sinni, og hefur n. kannað það og fengið á því staðfestingu. Leggur því n. til, að kosning Guðmundar H. Garðarssonar viðskiptafræðings verði tekin gild og kjörbréf hans samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 52 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Guðmundur H. Garðarsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 9. fundi í Sþ., 6. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Jón Skaftason, 2. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda, m. a. í opinberum erindum, og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Valtýr Guðjónsson útibússtjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

Kjörbréf, útgefið af yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis handa Valtý Guðjónssyni bankastjóra, Keflavík, liggur hér fyrir. Vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Eins og kynnt hefur verið úr forsetastóli, hefur hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, ritað, að hann sé á förum til útlanda, í opinberum erindum m. a., og verði fjarverandi næstu vikur. Óskað er eftir því, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Valtýr Guðjónsson útibússtjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Kjörbréfanefnd hefur athugað þau skjöl, sem fylgt hafa í þessu efni og hefur ekkert við þau að athuga, og leggur til, að kosningin verði metin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 7. nóv., mælti

forseti (JR): Þingdeildinni hefur borizt eftirfarandi bréf frá Ólafi Björnssyni, 12. þm. Reykv.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Geir Hallgrímsson borgarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Geir Hallgrímsson borgarstjóri hefur áður átt sæti hér á Alþingi á yfirstandandi þingi.

Á 12. fundi í Sþ., 15. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 14. nóv. 1967.

Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég mun ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur vegna starfa utan þings, leyfi ég mér að

biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Jón Kjartansson forstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Fyrir liggur kjörbréf Jóns Kjartanssonar, útgefið af yfirkjörstjórn Norðurl. v., og vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur, eins og til var mælzt, komið saman á fund til að athuga kjörbréf fyrir Jón Kjartansson, 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. v. Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við kjörbréfið og leggur því til, að kosning Jóns Kjartanssonar sé tekin gild og kjörbréf hans samþ.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Sþ., 20. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hafa borizt:

„Reykjavík, 17. nóv. 1967.

Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Axel Jónsson fulltrúi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Síðara bréfið hljóðar svo:

„Reykjavík, 17. nóvember 1967.

Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl., Ásgeir Pétursson sýslumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Fyrir liggja hér tvö kjörbréf, í fyrsta lagi kjörbréf, útgefið af yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis til handa Axel Jónssyni fulltrúa í Kópavogi, og í öðru lagi kjörbréf, útgefið af yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis til handa Ásgeiri Péturssyni, Borgarnesi.

Leyfi ég mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka þessi kjörbréf til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Ásgeirs Péturssonar, varaþm. Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, og Axels Jónssonar, varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi. N. hefur ekkert fundið athugavert við kjörbréfin, og hún leggur til, að kjörbréfin verði samþ. og kosning þessara tveggja varaþm. tekin gild.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Axels Jónssonar samþ. með 48 shlj. atkv.
Till. kjörbréfanefndar um kjörbréf Ásgeirs Péturssonar samþ. með 51 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Sþ., 16. janúar, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hafa borizt:

„Reykjavík, 15. jan. 1968.

Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar eð ég verð erlendis, þegar Alþingi kemur saman hinn 16. þ. m., leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að varamaður Alþb. í Reykjaneskjördæmi, Karl Sigurbergsson skipstjóri, taki sæti mitt á Alþingi, meðan ég verð fjarverandi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Þá hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 15. jan. 1968.

Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., hefur í dag sent mér eftirfarandi símskeyti:

„Þar sem ég get ekki mætt til starfa á Alþingi næstu tvær til þrjár vikur vegna annarra skyldustarfa, óska ég eftir, að varamaður minn, Hjalti Haraldsson oddviti, taki sæti mitt á Alþingi þann tíma."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt,

með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Og enn fremur:

„Reykjavík, 15. jan. 1968.

Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v., hefur sent mér eftirfarandi símskeyti:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum fyrst um sinn vegna annarra starfa, óska ég fjarvistarleyfis og að varamaður verði kvaddur til að taka sæti mitt á Alþingi næstu tvær vikur."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Og loks:

„Reykjavík, 15. jan. 1968.

Páll Þorsteinsson, 2. þm. Austf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Vegna nauðsynlegra starfa heima fyrir get ég ekki sinnt þingstörfum næstu vikur. Leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. nr. 52 1959, um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Tómas Árnason hrl., taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf 1. varamanns Framsfl. í Norðurl. v., Jóns Kjartanssonar, hefur áður verið rannsakað, og tekur hann nú sæti á þinginu sem varamaður Skúla Guðmundssonar eða sem 1. þm. Norðurl. v. Býð ég hann velkominn á ný til þingstarfa. Kjörbréf annarra varamanna, sem um ræðir í þeim bréfum, sem ég hef nú lesið, hafa ekki verið rannsökuð áður, og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka bréfin til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Karls Sigurbergssonar skipstjóra, sem er 1. varaþm. Alþb. í Reykjaneskjördæmi, kjörbréf fyrir Hjalta Haraldsson bónda, Ytra-Garðshorni, Svarfaðardal, sem er 1. varaþm. Alþb. í Norðurl. e., og kjörbréf fyrir Tómas Árnason hrl., Reykjavík, sem er 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi. Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við þessi kjörbréf og leggur því einróma til, að öll þessi kjörbréf verði samþ. og kosning þeirra manna, sem ég hef hér nefnt, verði tekin gild.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 48 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Karl G. Sigurbergsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 29. fundi í Sþ., 25. jan., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 24. jan. 1968.

Bjartmar Guðmundsson, 11. landsk. þm., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna veikinda, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Eyjólfur Konráð Jónsson hrl., taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Eyjólfur Konráð Jónsson hrl. hefur ekki áður átt sæti á Alþingi, og þarf að fara fram rannsókn á kjörbréfi hans. Vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Eyjólfs Konráðs Jónssonar ritstjóra sem landsk. varaþm. Sjálfstfl. Hefur n. ekkert fundið athugavert við kjörbréfið og leggur til, að kosningin verði tekin gild og að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 46 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Eyjólfur K. Jónsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 55. fundi í Nd., 29. jan., mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 27. jan. 1968.

Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna sérstakra anna heima fyrir, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varam. Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Ásgeir Pétursson sýslumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Friðjón Þórðarson,
4. þm. Vesturl.

Til forseta neðri deildar."

Kjörbréf Ásgeirs Péturssonar hefur áður verið rannsakað, og býð ég hann velkominn til starfa í hv. þd.

Á 32. fundi í Sþ., 31. jan., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 30. jan. 1968.

Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna sérstakra anna, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður landsk. þm. Alþb., Ragnar Arnalds kennari, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Ragnars Arnalds liggur hér fyrir, og vil ég leyfa mér að biðja kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Ragnars Arnalds, en það er útgefið af landskjörstjórn til handa 2. varamanni landsk. þm. Alþb., — 1. landsk. varaþm. Alþb., Hjalti Haraldsson, situr þegar á þingi — og leggur kjörbréfanefnd eindregið til, að kjörbréfið sé tekið gilt og að dvöl Ragnars Arnalds á þingi samkv. þessu kjörbréfi verði tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 45 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Sþ., 1. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 31. jan. 1968.

Birgir Kjaran, 7. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar eð ég er á förum til útlanda sem fararstjóri íslenzku þátttakendanna í vetrarólympíuleikunum í Grenoble og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að þar sem 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Geir Hallgrímsson borgarstjóri, dvelst erlendis, taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Þorsteinn Gíslason skipstjóri, sæti mitt á Alþingi, meðan ég verð fjarverandi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf til handa Þorsteini Gíslasyni liggur hér fyrir, og vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf Þorsteins Gíslasonar skipstjóra, 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, og mælir einróma með samþykkt þess. Eins og fram kom í bréfi hæstv. forseta Nd., sem lesið var hér áðan, dvelst 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík erlendis um þessar mundir og getur ekki að þessu sinni tekið sæti á Alþingi.

Ég leyfi mér því, herra forseti, að leggja til fyrir hönd n., að kjörbréf Þorsteins Gíslasonar skipstjóra verði samþ. og kosning hans sem 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi gild tekin.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 33 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Þorsteinn Gíslason, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 35. fundi í Sþ., 8. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 7. febr. 1968.

Sverrir Júlíusson, 10. landsk. þm., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna veikinda, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Ragnar Jónsson skrifstofustjóri hefur ekki áður átt sæti á þessu þingi. Liggur kjörbréf hans fyrir, og vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Ragnars Jónssonar skrifstofustjóra, 2. varamanns landsk. þm.

Sjálfstfl. N. hefur ekkert fundið við kjörbréfið að athuga og leggur til, að það verði samþ. og kosning varamannsins tekin gild.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 48 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Sþ., 12. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 9. febr. 1968.

Magnús Kjartansson, 6. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja þing Norðurlandaráðs og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Jón Snorri Þorleifsson trésmiður, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Fyrir liggur kjörbréf Jóns Snorra Þorleifssonar trésmiðs, gefið út af yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis. Vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman og athugað kjörbréf Jóns Snorra Þorleifssonar, sem er 1. varaþm. Alþb. í Reykjavíkurkjördæmi. N. hefur ekkert fundið athugavert við kjörbréfið og leggur einróma til, að það verði samþ. og kosningin tekin gild.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 46 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Jón Snorri Þorleifsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 37. fundi í Sþ., 13. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 12. febr. 1968.

Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja þing Norðurlandaráðs og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna veikinda 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Oddur Andrésson bóndi, sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Odds Andréssonar bónda, Neðra-Hálsi, Kjósarhreppi, útgefið af yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis, liggur hér fyrir, og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert stutt fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Odds Andréssonar bónda á Neðra-Hálsi, 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, og mælir einróma með samþykkt þess. Eins og fram kom í bréfi hæstv. forseta Nd., er 1. varaþm. Sjálfstfl. í þessu kjördæmi veikur og getur ekki af þeim sökum tekið nú sæti á Alþ.

Ég leyfi mér því, herra forseti, að leggja til fyrir hönd n., að kjörbréf Odds Andréssonar verði samþ. og kosning hans gild tekin sem 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 40 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 14. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 14. febr. 1968.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, framkvstj. Sjálfstfl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni forsrh., Bjarna Benediktssonar, sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að varamaður hans, Geir Hallgrímsson borgarstjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Benedikt Gröndal,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Rannsókn hefur áður farið fram á kjörbréfi Geirs Hallgrímssonar borgarstjóra, og tekur hann nú sæti á þinginu sem 1. þm. Reykv.

Þá hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja þing Norðurlandaráðs og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. vara-

maður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ásberg Sigurðsson sýslumaður, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf til handa Ásberg Sigurðssyni, útgefið af yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis, og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert stutt fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Ásbergs Sigurðssonar, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi. N. hefur ekkert fundið við kjörbréfið að athuga og leggur til, að það verði samþ. og kosning Ásbergs Sigurðssonar tekin gild.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Ásberg Sigurðsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 14. febr. 1968.

Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja þing Norðurlandaráðs og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Magnús H. Gíslason bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Þessu bréfi fylgir svo hljóðandi símskeyti:

„Samkv. bókun í gerðabók yfirkjörstjórnar Norðurl. v., en bókin er í vörzlu embættisins, gaf yfirkjörstjórn á fundi sínum 12. júlí 1967 út kjörbréf til 5 kjörinna þm. og 5 varaþm., þ. á m. til Magnúsar H. Gíslasonar bónda, Frostastöðum. En kjörbréf hans er sagt glatað.

Skrifstofu Húnavatnssýslu, 13. febr. 1968.

Jón Ísberg."

Enn fremur hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 14. febr. 1968.

Emil Jónsson, 3. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja þing Norðurlandaráðs og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að sökum forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Stefán Júlíusson rithöfundur, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Þessu bréfi fylgir svo hljóðandi símskeyti:

„Vegna anna get ég ekki mætt á Alþingi næsta hálfan mánuð í stað Emils Jónssonar. Bið þig sem annan varamann að mæta í minn stað.

Ragnar Guðleifsson."

Undirskriftin er staðfest af símastúlku. Kjörbréf til handa Stefáni Júlíussyni rithöfundi, útgefið af yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis, fylgir einnig með þessu bréfi.

Þá hefur í þriðja lagi borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 14. febr. 1968.

Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja þing Norðurlandaráðs og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Þessu bréfi fylgir kjörbréf til handa Unnari Stefánssyni viðskiptafræðingi, útgefið af landskjörstjórn.

Í fjórða lagi hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 14. febr. 1968.

Matthías Bjarnason, 4. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna veikinda, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ásmundur B. Olsen oddviti, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með

ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

Þessu bréfi fylgir kjörbréf til handa Ásmundi B. Olsen, Patreksfirði, útgefið af yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis, en hann er 2. varamaður Sjálfstfl. í því kjördæmi. Sem kunnugt er, hefur 1. varamaður flokksins þegar tekið sæti á þinginu.

Ég vil leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka öll þessi kjörbréf til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er frá forsetastóli, hafa 4 þm. óskað eftir því vegna fjarveru, að varaþm. taki sæti í þeirra stað, og mun ég taka fyrir hverja beiðni fyrir sig.

Er þá hér fyrst fyrir, að Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v., hefur óskað eftir því, að varamaður komi í sinn stað þar sem hann, Ólafur, muni sitja þing Norðurlandaráðs og vera fjarverandi a. m. k. næstu tvær vikur. 1. varamaður Framsfl. í þessu kjördæmi, Norðurl. v., hefur þegar tekið sæti á þingi í forföllum Skúla Guðmundssonar, og er því næsti varamaður, 2. varamaður flokksins í þessu kjördæmi, Magnús H. Gíslason bóndi, Frostastöðum, beðinn um að taka sæti á Alþingi í fjarveru Ólafs Jóhannessonar. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar símskeyti frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu, þar sem segir, að Magnúsi H. Gíslasyni hafi á sínum tíma verið gefið út kjörbréf sem öðrum varaþm. Framsfl., en aftur á móti er kjörbréfið talið glatað. Við í kjörbréfanefndinni teljum ekki neitt við það að athuga, eins og á stendur, að leggja þetta símskeyti til grundvallar, og höfum því samþ. að mæla með því, að kjörbréf Magnúsar H. Gíslasonar verði samþ. og kosning hans metin gild.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er ekki til þess að gera neina aths. við niðurstöður n. út af kjörbréfinu eða þeim till., sem hún gerir sem ég hef kvatt mér hljóðs. En þingið hefur nú til meðferðar breytingu á kosningal. og þær brtt. snerta aldurinn í fyrsta lagi, kosningarréttaraldurinn, að færa hann niður úr 21 ári í 20 ár. Og ég vildi nú biðja þá n., sem hefur þetta mál til athugunar, að athuga í leiðinni smávægilega breytingu eins og þá við kosningal., að kjörbréfin væru hreinlega, þegar þau eru gefin út, send skrifstofu Alþingis, svo að þau lægju fyrir úr öllum kjördæmunum hjá skrifstofunni, þegar þing kemur saman. Þetta hefur oft skapað dálítil leiðindi, aldrei neinar deilur eða neitt því um líkt, en þetta væri smábreyting, sem væri æskilegt, að menn hefðu til athugunar í sambandi við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 43 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hefur Matthías Bjarnason, hv. 4. þm. Vestf., óskað þess að hverfa af þingi vegna veikinda og enn fremur, að við sæti hans taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ásmundur B. Olsen oddviti. Kjörbréf hefur legið fyrir kjörbréfanefnd og hefur hún ekkert við það að athuga. Þess má geta, að 1. varamaður flokksins í þessu kjördæmi hefur þegar tekið sæti á þingi.

Kjörbréfanefnd hefur samþ. að mæla með því, að kosning þessa þm. verði metin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Sigurður Ingimundarson, hv. 1. landsk. þm., hefur óskað þess, að varamaður taki sæti í hans stað vegna fjarveru hans um hálfs mánaðar skeið, og enn fremur óskað þess, að sæti hans taki Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, sem er 1. varamaður landsk. þm. Alþfl. Kjörbréf Unnars Stefánssonar hefur legið fyrir n. til athugunar og hefur n. ekkert við það að athuga og gerir því till. um það, að kosning Unnars Stefánssonar verði metin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 42 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Emil Jónsson, hv. 3. þm. Reykn., hefur óskað eftir því að mega hafa fjarvist af þingi a. m. k. um tveggja vikna skeið og óskar þess enn fremur, að varamaður flokksins í Reykjaneskjördæmi, annar í röðinni, Stefán Júlíusson rithöfundur, taki sæti í fjarveru hans. En svo stendur á, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi getur ekki sinnt störfum á Alþ. og hefur sent skeyti þar að lútandi til Alþ. og það skeyti liggur hér fyrir.

Kjörbréf Stefáns Júlíussonar liggur hér fyrir. Kjörbréfanefnd hafði ekkert við það að athuga og mælir með því, að það verði samþ. og kosning hans tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Hinir nýju þingmenn, Magnús H. Gíslason, Ásmundur B. Olsen og Stefán Júlíusson, undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 40. fundi í Sþ., 21. febrúar, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (ÓB): Svo hljóðandi bréf hefur borizt frá hæstv. forseta Ed.:

„Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu

vikur vegna sérstakra anna heima fyrir, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Sigurgeir Kristjánsson lögregluvarðstjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar."

Frá 1. varamanni Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Helga Bergs, hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Vegna sérstakra starfa, sem ákveðin voru áður en kunnugt var um forföll Björns Fr. Björnssonar og ekki verður á frest skotið, er mér ekki mögulegt að taka sæti hans á Alþingi næstu vikurnar. Fer ég því fram á, að til verði kvaddur 2. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Sigurgeir Kristjánsson, Vestmannaeyjum.

Virðingarfyllst,
Helgi Bergs."

Þar sem Sigurgeir Kristjánsson hefur ekki átt sæti fyrr á þingi, fer nú fram rannsókn á kjörbréfi hans, og vil ég hér með leyfa mér að afhenda hv. formanni kjörbréfanefndar kjörbréfið og gef fundarhlé í nokkrar mínútur, meðan rannsókn þess fer fram. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Sigurgeirs Kristjánssonar, sem er 2. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, og er n. sammála um, að kjörbréfið sé gilt og leggur til, að Alþingi samþykki kjörbréfið og taki kosningu Sigurgeirs Kristjánssonar sem varamanns gilda.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 43 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Sigurgeir Kristjánsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 66. fundi í Nd., 26. febr., mælti

forseti (BGr): Borizt hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu tvær vikur vegna sérstakra anna heima fyrir, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Tómas Árnason hrl., taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
5. þm. Austf."

Fjarvistarleyfi er að sjálfsögðu veitt. Tómas Árnason hefur setið áður á þessu þingi, og býð ég hann velkominn aftur.

Á 42. fundi í Sþ., 5. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 4. marz 1968.

Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna sérstakra anna, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að vegna forfalla 1. og 2. varamanns taki 3. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, Jónas Magnússon bóndi, sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Þessu bréfi fylgir svo hljóðandi símskeyti:

„Sökum annríkis get ég ekki tekið sæti á Alþ. og óska eftir, að næsti varamaður taki sæti í minn stað.

Björgvin Salómonsson."

Og enn fremur svo hljóðandi símskeyti:

„Með því að ég get ekki sökum annríkis tekið sæti á Alþingi, mælist ég til þess, að næsti varamaður Alþb. taki sæti mitt.

Jóhannes Helgason, Hvammi."

Og loks fylgir bréfinu kjörbréf Jónasar Magnússonar bónda, Strandarhöfði, Vestur-Landeyjum, útgefið af yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis. Rannsókn þarf að fara fram á kjörbréfi varamanns, og vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar bréf það, sem hér var áður upp lesið frá forseta Ed., vegna fjarvista Karls Guðjónssonar, 6. þm. Sunnl., ásamt skeytum frá 1. og 2. varaþm. á lista Alþb. í Suðurlandskjördæmi svo og kjörbréfi útgefnu til handa Jónasi Magnússyni bónda að Strandarhöfði, Vestur-Landeyjum, Rangárvallasýslu, sem 3. varaþm. Alþb. í Suðurlandskjördæmi. Kjörbréfanefnd vill benda á, að kjörbréfið er aðeins undirritað af einum yfirkjörstjórnarmanni, en það kom fram í skýrslum, að hér er um að ræða 3. varaþm. og sá, er undirritar kjörbréfið, er oddviti yfirkjörstjórnar, Freymóður Þorsteinsson.

Kjörbréfanefnd leggur til, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Jónas Magnússon, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 43. fundi í Sþ., 6. marz, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 5. marz 1968.

Jón Kjartansson, 1. varaþm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna sérstakra anna leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Magnús H. Gíslason bóndi, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Rannsókn hefur áður farið fram á kjörbréfi Magnúsar H. Gíslasonar, og tekur hann því nú sæti á þinginu sem 1. þm. Norðurl. v. Leyfi ég mér að bjóða hann velkominn til þingstarfa á ný.

Á 73. fundi í Nd., 11. marz, mælti

forseti (BGr): Borizt hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ásberg Sigurðsson sýslumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Sigurður Bjarnason.

Til forseta neðri deildar."

Á 44. fundi í Sþ., 13. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 12. marz 1968.

Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, Pétur Pétursson forstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Matthías Á. Mathiesen,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Péturs Péturssonar forstjóra, gefið út af yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis, liggur hér fyrir: Þar sem Pétur Pétursson hefur ekki áður átt sæti á þingi á þessu kjörtímabili, þarf að fara fram rannsókn á kjörbréfinu, og leyfi ég mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Péturs Péturssonar forstjóra, 1. varaþm. Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, sem ætlað er að taka sæti á Alþ. í fjarveru Benedikts Gröndal alþm. Kjörbréfið er gefið út 14. júní 1967 og undirritað af yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis. Kjörbréfanefnd hefur ekkert við þetta kjörbréf að athuga og leggur til að kjörbréfið verði samþ. og kosningin tekin gild.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 19. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 16. marz 1968.

Pálmi Jónsson, 4. þm. Norðurl. v., hefur í dag sent mér svo hljóðandi símskeyti:

„Vegna sérstakra anna heima fyrir get ég ekki sinnt þingstörfum næstu vikur. Ég leyfi mér því að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Eyjólfur Konráð Jónsson ritstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Matthías Á. Mathiesen,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Fyrir liggur kjörbréf Eyjólfs Konráðs Jónssonar, 1. varamanns Sjálfstfl. í Norðurl. v., útgefið af yfirkjörstjórn Norðurl. v. Varaþm. hefur að vísu áður mætt á þinginu sem landsk. þm., en ekki áður mætt sem kjördæmiskjörinn varaþm. Þarf því að fara fram rannsókn á kjörbréfinu. Leyfi ég mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Eyjólfs Konráðs Jónssonar ritstjóra, Reykjavík, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v., en eins og kom fram

í skeyti, sem forseti las hér upp áðan, hefur Pálmi Jónsson, 4. þm. Norðurl. v., óskað eftir því, að varaþm. tæki sæti hans hér á Alþ. Kjörbréfanefnd mælir með því, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 43 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 20. marz, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 19. marz 1968.

Bjartmar Guðmundsson, 11. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna veikinda, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Matthías Á. Mathiesen,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Rannsókn hefur áður farið fram á kjörbréfi 2. varamanns landsk. þm. Sjálfstfl., Ragnars Jónssonar, og tekur hann nú sæti á þinginu sem 11. landsk. þm. í forföllum Bjartmars Guðmundssonar.

Á 90. fundi í Nd., 4. apríl, mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 4. apríl 1968.

Þar sem ég get ekki sinnt þingstörfum næstu vikur vegna anna, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Eyjólfur Konráð Jónsson ritstjóri, taki sæti á Alþingi vegna veikindaforfalla aðalmanns.

Ragnar Jónsson,
11. landsk. varaþm.

Til forseta neðri deildar."

Kjörbréf Eyjólfs Konráðs Jónssonar ritstjóra hefur áður verið rannsakað, og tekur hann því nú sæti á Alþ. Býð ég hann velkominn til þingstarfa að nýju.

Á 94. fundi í Nd., 8. apríl, mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 8. apríl 1968.

Samkvæmt beiðni dómsmálaráðherra Jóhanns Hafstein, sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að varamaður hans, Geir Hallgrímsson borgarstjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Þorv. Garðar Kristjánsson."

Kjörbréf Geirs Hallgrímssonar hefur áður verið rannsakað, og skv. framansögðu tekur hann nú sæti í hv. þd. Býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 51. fundi í Sþ., 16. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 16. apríl 1968.

Mér hefur borizt eftirfarandi bréf frá framkvæmdastjóra Sjálfstfl:

„Samkvæmt beiðni Pálma Jónssonar, 4. þm. Norðurl. v., sem nú er forfallaður vegna veikinda, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að varamaður hans, Óskar Levy bóndi, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis." — [Fundarhlé.]

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Óskars E. Levy, bónda á Ósum í Þverárhreppi, sem er annar varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v., en eins og fram kom í bréfi forseta Nd. hefur verið beðið um, að hann taki þingsæti í veikindaforföllum hv. 4. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssonar, en 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v. situr nú á þingi sem varamaður fyrir hv. 11. landsk. þm. Kjörbréfanefnd mælir með því, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., 19. apríl, mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 19. apríl 1968.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna veikindaforfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Oddur Andrésson bóndi, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Matthías Á. Mathiesen,
1. þm. Reykn."

Oddur Andrésson hefur áður átt sæti á þessu þingi, og kjörbréf hans hefur verið rannsakað. Leyfi ég mér að bjóða hann velkominn til þingstarfa.

XII. Kosningar.

1. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá **kosning 5 fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalfulltrúa komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurður Bjarnason alþm. (A),
Ólafur Jóhannesson alþm. (B),
Matthías Á. Mathiesen alþm. (A),
Sigurður Ingimundarson alþm. (A),
Magnús Kjartansson alþm. (C).

Við kosningu varafulltrúa komu einnig fram þrír listar með fimm nöfnum samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ólafur Björnsson alþm. (A),
Jón Skaftason alþm. (B),
Friðjón Þórðarson alþm. (A),
Birgir Finnsson alþm. (A),
Karl Guðjónsson alþm. (C).

2. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá **kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1967, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með samtals þremur nöfnum. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Sigurður Ó. Ólafsson fyrrv. alþm. (A),
Halldór E. Sigurðsson alþm. (B),
Haraldur Pétursson safnvörður (A).

3. Menntamálaráð.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá **kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í menntamálaráð til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. l. nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri (A),
Kristján Benediktsson borgarfulltrúi (B),
Baldvin Tryggvason framkvæmdastjóri (A),
Helgi Sæmundsson rithöfundur (A),
Magnús T. Ólafsson framkvæmdastjóri (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með fimm nöfnum samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurður Líndal hæstaréttarritari (A),
Jóhann S. Hannesson skólameistari (B),
Eiríkur H. Finnbogason cand. mag. (A),
Halldór Halldórsson prófessor (A),
Sigurður Guðmundsson ritstjóri (C).

4. Stjórn vísindasjóðs.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá **kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn vísindasjóðs til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. l. nr. 51 5. júní 1957, um vísindasjóð.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ármann Snævarr háskólarektor (A),
dr. Halldór Pálsson (B),
Einar Ól. Sveinsson prófessor (A),
Páll Theódórsson eðlisfræðingur (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með fimm nöfnum samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Magnús Magnússon prófessor (A),
dr. Guðmundur Guðmundsson (B),
Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor (A),
Björn Þorsteinsson sagnfræðingur (B).

5. Þingvallanefnd.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá **kosning Þingvallanefndar, þriggja alþingismanna, til loka næsta þings eftir nýafstaðnar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með þremur nöfnum samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurður Bjarnason alþm. (A),
Eysteinn Jónsson alþm. (B),
Emil Jónsson ráðherra (A).

6. Landskjörstjórn.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá **kosning landskjörstjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Einar B. Guðmundsson hrl. (A),
Sigtryggur Klemenzson seðlabankastjóri (B),
Björgvin Sigurðsson hrl. (A),
Einar Arnalds hrl. (A),
Ragnar Ólafsson hrl. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með fimm nöfnum samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Gunnar Möller hrl. (A),
Vilhjálmur Jónsson hrl. (B),
Páll S. Pálsson hrl. (A),
Jón Ingimarsson lögfræðingur (A),
Þorvaldur Þórarinsson (C).

7. Yfirkjörstjórnir.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá **kosning í yfirkjörstjórnir, fimm manna og jafnmargra varamanna í hverju kjördæmi, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu kjörstjórnanna komu hverju sinni fram þrír listar og var stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

a. Yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis.

Aðalmenn:
Jónas Thoroddsen bæjarfógeti (A),
Þórður Pálmason kaupfélagsstjóri (B),
Jón Magnússon fulltrúi (A),
Sveinn Guðmundsson bankaútibússtjóri (A),
Stefán Sigurðsson lögfræðingur (C).

Varamenn:
Yngvi Ólafsson sýslumaður (A),
Kristinn B. Gíslason bifreiðastjóri (B),
Þorkell Magnússon hreppstjóri (A),
Þórður Þórðarson vélstjóri (A),
Helgi Finnbogason bóndi (C).

b. Yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis.

Aðalmenn:
Guðmundur Karlsson forstjóri (A),
Björgvin Bjarnason sýslumaður (B),
Guðmundur Kristjánsson bókari (A),
Þorgeir Hjörleifsson fulltrúi (A),
sr. Sigurður Kristjánsson sóknarprestur (C).

Varamenn:
Guðfinnur Magnússon kennari (A),
Guðmundur Magnússon bóndi (B),
Ólafur Ólafsson kaupmaður (A),
Eyjólfur Jónsson verðgæzlumaður (A),
sr. Jóhannes Pálmason sóknarprestur (C).

c. Yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra.

Aðalmenn:
Elías Elíasson bæjarfógeti (A),
Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður (B),
Sigurður Tryggvason kaupmaður (A),
Sveinn Þorsteinsson skipstjóri (A),
Hlöðver Sigurðsson skólastjóri (C).

Varamenn:
Eyþór Hallsson framkvæmdastjóri (A),
Jóhann Jóhannsson skólastjóri (B),
Pétur Jóhannsson bóndi (A),
Kristján C. Magnússon verzlunarmaður (A),
Benedikt Sigurðsson kennari (C).

d. Yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis.

Aðalmenn:
Erlendur Björnsson bæjarfógeti (A),
Lúðvík Ingvarsson fyrrv. sýslumaður (B),
Margeir Þórormsson símstöðvarstjóri (A),
Haraldur Bergvinsson smiður (A),
Aðalsteinn Halldórsson verzlunarmaður (C).

Varamenn:
Guðlaugur Jónsson afgreiðslumaður (A),
Þorsteinn Sigfússon bóndi (B),
Páll Guðmundsson bóndi (A),
Guðmundur Vilhjálmsson bankaritari (A),
Gísli Sigurðsson skrifstofumaður (C).

e. Yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis.

Aðalmenn:
Guðjón Steingrímsson hrl. (A),
Björn Ingvarsson lögreglustjóri (B),
Ólafur Bjarnason hreppstjóri (A),

Ásgeir Einarsson skrifstofustjóri (A),
Árni Halldórsson hrl. (C).
Varamenn:
Tómas Tómasson lögfræðingur (A),
Þórarinn Ólafsson byggingameistari (B),
Kristinn Wium framkvæmdastjóri (A),
Jóhann Þorsteinsson forstjóri (A),
Hjörleifur Gunnarsson framkvæmdastjóri (C).

f. Yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis eystra.
Aðalmenn:
Ragnar Steinbergsson lögfræðingur (A),
Jóhann Skaftason sýslumaður (B),
Einar Jónasson hreppstjóri (A),
Freyr Ófeigsson fulltrúi (A),
Þorsteinn Jónatansson ritstjóri (C).
Varamenn:
Sigurður Briem Jónsson, lögfræðingur (A),
Brynjólfur Sveinsson menntaskólakennari (B),
Guðmundur Þór Benediktsson fulltrúi (A),
Sigurjón Jóhannesson skólastjóri (A),
Jóhann Hermannsson umboðsmaður (C).

g. Yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis.
Aðalmenn:
Freymóður Þorsteinsson bæjarfógeti (A),
Páll Hallgrímsson sýslumaður (B),
Einar Oddsson sýslumaður (A),
Guðmundur Daníelsson rithöfundur (A),
Hjalti Þorvarðarson rafveitustjóri (C).
Varamenn:
Snorri Árnason fulltrúi (A),
Pálmi Eyjólfsson sýsluskrifari (B),
Lárus Gíslason hreppstjóri (A),
Páll Þorbjarnarson skipstjóri (A),
Gunnar Sigurmundsson prentsmiðjustjóri (C).

h. Yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar.
Aðalmenn:
Páll Líndal borgarlögmaður (A),
Jón A. Ólafsson lögfræðingur (B),
Hjörtur Torfason hrl. (A),
Eyjólfur Jónsson lögfræðingur (A),
Halldór Jakobsson framkvæmdastjóri (C).
Varamenn:
Guðmundur V. Jósefsson hrl. (A),
Guðjón Styrkársson hrl. (B),
Hafsteinn Baldvinsson hrl. (A),
Lúðvík Gizurarson hrl. (A),
Sigurður Baldursson hrl. (C).

8. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá **kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára frá 1. jan. 1968 til 31. des. 1969.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa.

Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Þór Vilhjálmsson prófessor (A),
Magnús Már Lárusson prófessor (B),
Þórður Eyjólfsson fyrrv. hrl. (A).

9. Framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá **kosning framkvæmdastjóra Söfnunarsjóðs Íslands til 6 ára frá 1. jan. 1968 til 31. des. 1973.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Einungis ein tilnefning kom fram. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörin væri án atkvgr.:
Frú Gunnlaug Briem.

10. Útvarpsráð.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá **kosning 7 manna í útvarpsráð og jafnmargra varamanna til fyrsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 34 1966, um breyt. á l. nr. 34 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Sigurður Bjarnason alþm. (A),
Þórarinn Þórarinsson alþm. (B),
Þorv. Garðar Kristjánsson framkvstj. (A),
Kristján Gunnarsson skólastjóri (A),
Björn Th. Björnsson listfræðingur (C),
Þorsteinn Hannesson innkaupafulltrúi (B),
Benedikt Gröndal alþm. (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar, sem á voru sjö nöfn samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Gunnar G. Schram deildarstjóri (A),
Tómas Karlsson ritstjórnarfulltrúi (B),
Valdimar Kristinsson viðskiptafulltrúi (A),
Ragnar Kjartansson framkvæmdastjóri (A),
Óskar Halldórsson cand. mag. (C),
Ólafur Ragnar Grímsson hagfræðingur (B),
Stefán Júlíusson rithöfundur (A).

11. Stjórn Minningarsjóðs Jóns Sigurðssonar frá Gautlöndum.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá **kosning tveggja manna í stjórn Minningarsjóðs Jóns alþingismanns Sigurðssonar frá Gautlöndum til 6 ára, frá 1. jan. 1968 til 31. des. 1973.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sigurður Jónsson verkfræðingur (A),
Jón Gauti Pétursson bóndi (B).

12. Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá **kosning 5 manna í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1968 til 31. des. 1970, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 37 1967, um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sveinn Benediktsson framkvæmdastjóri (A),
Eysteinn Jónsson alþm. (B),
Sigurður Ágústsson fyrrv. alþm. (A),
Jóhann Möller verkamaður (A),
Þóroddur Guðmundsson framkvæmdastjóri (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sverrir Hermannsson viðskiptafræðingur (A),
Jón Kjartansson forstjóri (B),
Eyþór Hallsson skipstjóri (A),
Kristján Sigurðsson verkstjóri (A),
Tryggvi Helgason form. Sjómannafélags Akureyrar (C).

13. Tryggingaráð.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá **kosning tryggingaráðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 5. gr. l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Gunnar Möller hrl. (A),
Ásgeir Bjarnason alþm. (B),
Kjartan J. Jóhannsson læknir (A),
Björgvin Guðmundsson viðskiptafræðingur (A),
Geir Gunnarsson alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með fimm nöfnum samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Guðm. H. Garðarsson viðskiptafræðingur (A),
Baldur Óskarsson erindreki (B),
Ágúst Bjarnason skrifstofustjóri (A),
Karl Steinar Guðnason kennari (A),
Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur (C).

14. Verðlagsnefnd.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá **kosning fimm manna í verðlagsnefnd til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar, sem á voru jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ólafur Björnsson alþm. (A),
Stefán Jónsson framkvæmdastjóri (B),
Björgvin Sigurðsson hrl. (A),
Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri (A),
Hjalti Kristgeirsson hagfræðingur (C).

15. Flugráð.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá **kosning þriggja manna í flugráð og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. janúar 1968 til 31. desember 1971, samkv. 1. gr. l. nr. 119 1950, um stjórn flugmála.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Alfreð Gíslason bæjarfógeti (A),
Þórður Björnsson yfirsakadómari (B),
Jón Axel Pétursson bankastjóri (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með þremur nöfnum samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Guðm. Guðmundsson slökkviliðsstjóri (A),
Guðbrandur Magnússon fyrrv. forstjóri (B),
Björn Pálsson flugmaður (A).

16. Úthlutunarnefnd listamannalauna.

Á 8. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin á dagskrá **kosning 7 manna nefndar til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar til að skipta fjárveitingu í fjárlögum til listamanna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 29 1967, um listamannalaun.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 22. nóv., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Andrés Björnsson lektor (A),
Halldór Kristjánsson bóndi (B),
Hjörtur Kristmundsson skólastjóri (A),
Magnús Þórðarson blaðamaður (A),
Einar Laxness cand. mag. (C),
Andrés Kristjánsson ritstjóri (B),
Helgi Sæmundsson rithöfundur (A).

17. Síldarútvegsnefnd.

Á 8., 14. og 25. fundi í Sþ., 1. og 22. nóv., 19. des., var tekin á dagskrá

kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1968 til 31. des. 1970, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 62 21. apríl 1962.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón L. Þórðarson framkvæmdastjóri (A),
Jón Skaftason alþm. (B),
Erlendur Þorsteinsson framkvæmdastjóri (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með þremur nöfnum samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Guðfinnur Einarsson útgerðarmaður (A),
Eysteinn Jónsson alþm. (B),
Birgir Finnsson alþm. (A).

18. Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs.

Á 8., 14. og 25. fundi í Sþ., 1. og 22. nóv., 19. des., var tekin á dagskrá

kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 2 1957, um breyt. á l. nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Pétur Sigurðsson, Óskar Hallgrímsson og Matthías Á. Mathiesen; á B-lista voru Hjálmar Vilhjálmsson og Björn Jónsson. — A-listi hlaut 31 atkv., B-listi 28 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru sem aðalmenn:

Pétur Sigurðsson alþm.,
Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri,
Óskar Hallgrímsson borgarfulltrúi,
Björn Jónsson alþm.

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar með fjórum nöfnum samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Á. Mathiesen alþm. (A),
Pétur Kristjónsson bifreiðarstjóri (B),
Magnús Ástmarsson prentsmiðjustjóri (A),
Benedikt Davíðsson húsasmiður (B).

19. Áfengisvarnaráð.

Á 25. fundi í Sþ., 19. des., var tekin á dagskrá

kosning fjögurra manna og jafmargra varamanna í áfengisvarnaráð til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 27. gr. áfengislaga nr. 58 1954.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Kjartan J. Jóhannsson læknir (A),
Guðlaug Narfadóttir húsfrú (B),
Ólafur Þ. Kristjánsson skólastjóri (A),
Einar Hannesson fulltrúi (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með fjórum nöfnum samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Páll V. Daníelsson forstjóri (A),
Gunnar Árnason skrifstofustjóri (B),
Jóhanna Egilsdóttir húsfrú (A),
Sigurður Guðgeirsson prentari (B).

20. Rannsóknaráð ríkisins.

Á 25. fundi í Sþ., 19. des., var tekin á dagskrá

kosning 7 alþingismanna og jafnmargra alþingismanna til vara í Rannsóknaráð ríkisins til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. l. nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jónas Pétursson alþm. (A),
Ásgeir Bjarnason alþm. (B),
Sveinn Guðmundsson alþm. (A),
Matthías Bjarnason alþm. (A),
Gils Guðmundsson alþm. (C),
Jón Skaftason alþm. (B),
Benedikt Gröndal alþm. (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með sjö nöfnum samtals. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Bjartmar Guðmundsson alþm. (A),
Ingvar Gíslason alþm. (B),
Jónas G. Rafnar alþm. (A),
Sverrir Júlíusson alþm. (A),
Karl Guðjónsson alþm. (C),
Einar Ágústsson alþm. (B),
Sigurður Ingimundarson alþm. (A).

21. Gæzlustjórar Söfnunarsjóðs.

Á 57. fundi í Nd., 5. febr., var tekin til meðferðar **kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands til fjögurra ára, frá 1. jan. 1968 að telja til ársloka 1971.**

Aðeins einn maður var tilnefndur. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:
Jón Skaftason alþm.

Á 51. fundi í Ed., 6. febr., var tekin til meðferðar **kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands til 31. des. 1969 í stað Garðars Jónssonar ritara, sem andaðist 17. sept. 1967.**

Fram kom ein tillaga. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörin væri án atkvgr.:
Jóna Guðjónsdóttir, form. Verkakvennafélagsins Framsóknar.

22. Varaforseti neðri deildar.

Á 75. fundi í Nd., 14. marz, var tekin til meðferðar **kosning varaforseta neðri deildar í forföllum forseta og fyrri varaforseta deildarinnar.**

Varaforseti var kosinn
Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.,
með 18 atkv. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v., hlaut 1 atkv., en 13 seðlar voru auðir.

23. Hafísnefnd.

Á 50. fundi í Sþ., 10. apríl, var tekin til meðferðar **kosning 5 manna nefndar til að athuga, hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar vegna hafíshættu, samkv. ályktun Alþingis frá 4. apríl.**

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Ólafur Björnsson prófessor (A),
Stefán Valgeirsson alþm. (B),
Pálmi Jónsson alþm. (A),
Bragi Sigurjónsson alþm. (A),
Jóhannes Stefánsson framkvæmdastjóri (C).

24. Stjórn landshafnar í Þorlákshöfn.

Á 56. fundi í Sþ., 19. apríl, var tekin til meðferðar **kosning varamanns til 6. júní 1970 í stjórn landshafnar í Þorlákshöfn í stað Gunnars Markússonar, er varð aðalmaður, er Magnús Bjarnason andaðist í s. l. marzmánuði.**

Fram kom tillaga um einn mann. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:
Hermann Eyjólfsson oddviti.

XIII. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir starfsmenn þingsins (auk fastráðinna starfsmanna) af forsetum öllum í sameiningu:

Prófarkalestur:
Jónas Kristjánsson, Jón Friðjónsson.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Sigtryggur Jónsson, Þorvaldur Guðmundsson.

Lestrarsalsgæzla:
Halldóra B. Björnsson, Ingunn Jónsdóttir, Svanbjörg Einarsdóttir, Sesselja Sigurðardóttir.

Vélræn upptaka á þingræðum:
Magnús Jóhannsson.

Ræðuritun:
Fastavinna um þingtímann: Jón Ólafsson, Ásgeir B. Friðjónsson, Halldóra Jónsdóttir.
Tímavinna: Ragnhildur Smith, Arndís Sigurðardóttir, Guðrún Sigurjónsdóttir, Sigurlaug Guðbjörnsdóttir, Anna G. Jónsdóttir.

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson (til áramóta), Albert Guðmannsson, Guðjón Sigurjónsson, Jón Sumarliðason, Stefán Ólafsson, Baldur Guðmundsson, Markús Jónsson, Bjarni Einarsson, Jens Eyjólfsson, Ármann Kr. Eyjólfsson, Guðbrandur Benediktsson, Hannes Friðsteinsson, Þórður Auðunsson.

Þingsveinsstörf:
Loftur Ólafsson (til 31. jan.), Jakob Gunnarsson, Einar Gunnar Einarsson, Jón Þór Einarsson,

Ólafur Ísleifsson (til 31. marz), Trausti Þór Guðmundsson, Gísli R. Ragnarsson (til 31. jan.), Jón Friðgeirsson, Sigurður Ármann Snævarr (til 31. des.), Árni Sigurjónsson, Björn Hermannsson (frá 25. jan.), Kristján Guðmundsson (frá 1. febr.), Sigurður Emil Pálsson (frá 2. febr.), Sigurbjörn Björnsson (til 31. jan.).

Símavarzla:
Rannveig Haraldsdóttir, Ella Guðmundsdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir.

Fatagæzla:
Kristín Ingileifsdóttir, Margrét Þórðardóttir, Margrét Benediktsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Bragi Steinarsson.

XIV. Þingfrestun og þinghlé.

Á 40. fundi í Ed., 19. des., mælti

forseti (JR): Væntanlega verður þetta síðasti fundur hv. Ed. fyrir þinghlé. Ég vil því óska öllum hv. þdm. og vandamönnum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári og jafnframt öllu starfsliði Alþingis. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og vona, að við hittumst hér öll heil að jólaleyfi liðnu.

Ólafur Jóhannesson: Ég vil í nafni okkar þingdeildarmanna þakka hæstv. forseta hlýjar óskir í okkar garð. Um leið vil ég þakka honum fyrir lipra og réttláta fundarstjórn og ánægjulegt samstarf, það sem af er þessu þingi. Ég vil svo, og ég veit að ég mæli þar fyrir munn allra þingdeildarmanna, óska honum og hans fjölskyldu gleðilegra jóla og góðs og farsæls nýs árs. Megum við öll heil hittast aftur hér að jólaleyfi loknu. Ég vil biðja hv. þdm. að rísa úr sæti og taka undir þessi orð mín. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (JR): Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. hlýjar árnaðaróskir til mín og fjölskyldu minnar og fyrir hlýleg orð í minn garð og fyrir undirtektir hv. þdm.

Á 48. fundi í Nd., 19. des., mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd. fyrir jól, leyfi ég mér að þakka öllum hv. þdm. ánægjulega og góða samvinnu við mig sem forseta, það sem af er þessu þingi. Ég leyfi mér jafnframt að óska hv. þm. gleðilegra jóla og nýárs og þeirra fjölskyldum. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu, og læt að lokum í ljós þá ósk, að vér megum allir heilir hittast á þingi á nýju ári.

Lúðvík Jósefsson: Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Um leið vil ég þakka honum fyrir góða og rösklega fundarstjórn, og ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegrar jólahátíðar og góðs og farsæls komandi árs. Ég bið hv. þm. að taka undir óskir mínar til forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 4. þm. Austf. fyrir hlýleg orð í minn garð og öllum hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þau, endurtek svo árnaðaróskir mínar til hv. þm. og segi fundinum slitið.

Á 26. fundi í Sþ., 20. des., mælti

forseti (BF): Þá er komið að því, að störfum Alþ. verði frestað um sinn vegna jólahátíðarinnar og áramótanna. Ég óska öllum hv. þm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýja árinu. Ég þakka þeim samveruna og góða samvinnu á árinu, sem er senn á enda. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu, og ég óska þess, að við megum öll hittast hér heil, þegar þing verður kvatt saman til fundar á ný. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis óska ég einnig gleðilegra jóla og farsæls nýárs og þakka jafnframt vel unnin störf og ánægjulega samvinnu.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta góðar óskir hans í garð okkar þm. Ég hygg, að ég megi tala hér fyrir munn okkar allra, þegar ég flyt honum þakkir fyrir góða samvinnu í forsetastóli varðandi þingstörfin og flyt honum jólaóskir og fjölskyldu hans og óska honum og fjölskyldunni farsæls nýs árs og vona, að við sjáum hann hér heilan á húfi eftir jólahlé. Ég bið menn að gera þessi orð að sínum með því að rísa á fætur. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir vingjarnleg orð og hlýjar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu. Hv. þm. öllum þakka ég fyrir undirtektir þeirra. Svo endurtek ég óskir mínar til þingheims um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 88. löggjafarþings, frá 20. desember 1967 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 16. janúar 1968.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkv. þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því, að fundum þessa Alþingis, 88. löggjafarþings, er frestað frá 20. desember, og verður þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 16. janúar 1968.

Leyfi ég mér að árna hv. alþm. og starfsmönnum þingsins svo og landslýð öllum gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Á 27. fundi í Sþ., 16. jan., mælti

forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hinn 9. janúar 1968 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið, samkv. till. forsrh., að Alþingi, 88. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar þriðjudaginn 16. janúar 1968, kl. 14.00.

Gjört að Bessastöðum, 9. janúar 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.“

Samkv. þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis. Ég leyfi mér að óska hæstv. forseta og hv. alþm. og starfsfólki Alþ. gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðna árið, um leið og ég býð þá velkomna til þingstarfa á ný, og læt í ljós þá ósk og von, að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (BF): Samkv. forsetabréfi því, sem hæstv. forsrh. hefur nú kunngert, hefjast fundir Alþingis að nýju. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir hans í minn garð og hv. alþm., og ég óska honum og þingheimi öllum velfarnaðar á nýbyrjuðu ári.

Á 50. fundi í Sþ., 10. apríl, mælti

forseti (BF): Þar sem þetta er væntanlega síðasti fundur sameinaðs Alþingis fyrir páskahátíðina, leyfi ég mér að óska þingheimi öllum gleðilegrar páskahátíðar.

Á 96. fundi í Nd., 10. apríl, mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd. fyrir páska, leyfi ég mér að óska öllum hv. þdm. gleðilegrar páskahátíðar og geta þess jafnframt, að væntanlega verður næsti fundur d. 16. apríl n. k.

XV. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 100. fundi í Ed., 20. apríl, mælti

forseti (JR): Nú, þegar fundum d. lýkur, vil ég nota tækifærið til að þakka ykkur, hv. þm. öllum, fyrir samveruna á þessu þingi, sem nú er að ljúka, samveruna og ánægjulega samvinnu. Ég vil þakka skrifurum deildarinnar fyrir stundvísi og ágætt starf. Þá þakka ég varaforsetum fyrir þá aðstoð, sem þeir hafa veitt mér sem forseta. Skrifstofustjóra Alþingis færi ég beztu þakkir fyrir ágæta samvinnu og einnig fulltrúum hans og öðru starfsliði Alþingis.

Nú, þegar leiðir skiljast, óska ég öllum utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Ykkur öllum og fjölskyldum ykkar óska ég gleðilegs og ánægjuríks sumars, óska að síðustu, að við munum öll hittast heil á komandi hausti, er þing hefst að nýju.

Páll Þorsteinsson: Ég vil leyfa mér að þakka hv. forseta hlý orð og árnaðaróskir í garð okkar þm. Ég veit, að ég mæli það í nafni allra þingdeildarmanna, þegar ég ber fram þakkir til hæstv. forseta fyrir góða samvinnu á þingi því, sem nú er að ljúka, og réttláta fundarstjórn. Ég óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans allra heilla, og ég vona, að við hittum hann hér, glaðan og hraustan, þegar næsta samkoma Alþingis hefst. Ég vil biðja hv. þdm. að taka undir þessar óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (JR): Ég vil þakka hv. 2. þm. Austf. fyrir hans hlýju orð í minn garð og minnar fjölskyldu og vil einnig þakka hv. þdm. fyrir, að þeir hafa tekið undir þær.

b. Í neðri deild.

Á 102. fundi í Nd., 19. apríl, mælti

forseti (SB): Þá er dagskrá þessa fundar þrotin, en þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. deildar að þessu sinni, leyfi ég mér að þakka öllum hv. þdm. góða og ánægjulega samvinnu og umburðarlyndi við mig sem forseta á liðnum vetri. Sérstaklega vil ég þakka hv. þdm. samvinnulipurð þeirra og þolgæði síðustu daga, sem hafa verið óvenjulegir annatímar, er lagt hafa mikla vinnu á hv. þdm. Jafnframt leyfi ég mér að óska hv. þdm. og fjölskyldum þeirra alls velfarnaðar. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Að lokum vil ég láta þá ósk í ljós, að vér megum allir heilir hittast á nýju þingi.

Lúðvík Jósefsson: Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir og hlý orð í okkar garð. Ég vil jafnframt þakka honum fyrir gott samstarf við okkur þm. og góða og röggsamlega fundarstjórn. Þá vil ég óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegs og góðs sumars og bið hv. alþm. að taka undir þessi orð mín til forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 4. þm. Austf. fyrir hlýleg orð í minn garð og fjölskyldu minnar og öllum hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þau, endurtek árnaðaróskir mínar til hv. þm. og óska hv. þdm. gleðilegs sumars og segi fundinum slitið.

XVI. Þinglausnir.

Á 58. fundi í Sþ., 20. apríl, las forseti svofellt yfirlit um störf Alþingis:

Þingið hefur staðið frá 10. okt. til 20. des. 1967 og frá 16. jan. til 20. apríl 1968, alls 168 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	102
Í efri deild	100
Í sameinuðu þingi	58
Alls	260

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	32		
b. Lögð fyrir efri deild	33		
c. Lögð fyrir sameinað þing	2	67	
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	44		
b. Borin fram í efri deild	19	63	
			130

Í flokki þingmannafrumvarpa eru talin 4 frumvörp, sem nefndir fluttu að beiðni ráðherra.

Úrslit urðu þessi:			
Lagafrumvörp:			
a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	55		
Þingmannafrumvörp	16		
			71
b. Felld:			
Þingmannafrumvörp			3
c. Afgreidd með rökstuddri dagskrá:			
Þingmannafrumvörp			2
d. Vísað til ríkisstjórnarinnar:			
Þingmannafrumvörp			5
e. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp	12		
Þingmannafrumvörp	37	49	
			130

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í sameinuðu þingi	41	
b. Bornar fram í neðri deild	4	
c. Bornar fram í efri deild	3	
		48

Úrslit urðu þessi:	
a. Ályktanir Alþingis	15
b. Ályktun neðri deildar	1
c. Ályktanir efri deildar	2
d. Felld í sameinuðu þingi	1
e. Teknar aftur í sameinuðu þingi	2
f. Ekki útræddar	27
	48

III. Fyrirspurnir:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 26, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema	13
Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar nema tvær, sem teknar voru aftur	2
Mál til meðferðar á þinginu alls	191
Tala prentaðra þingskjala alls	705

Síðan mælti

forseti (BF): Þetta yfirlit sýnir, að mörg mál hafa legið fyrir þessu þingi, þótt þau hafi ekki öll hlotið endanlega afgreiðslu. Um sum þeirra gildir það, að á næsta þingi verður þráðurinn tekinn upp, þar sem nú var frá horfið. Fleiri mál en undanfarin ár hafa að þessu sinni mótazt mjög af erfiðleikum í atvinnulífi og efnahagsmálum, og verið hart um þau deilt, eins og við er að búast í lýðfrjálsu landi. Kemur nú að því, að á það reyni, hvernig til tekst um framkvæmd þeirra l., sem sett hafa verið á þessu þingi. Veit ég að þrátt fyrir skoðanamun um einstök mál, er það einlæg ósk og von allra þm., að þau störf, sem Alþ. hefur nú af hendi leyst, megi verða til þess að greiða úr tímabundnum erfiðleikum, og koma þjóðinni að sem mestu gagni í bráð og lengd.

Síðustu vikur þessa þings hafa verið mjög annasamar fyrir alþm., eins og oft vill verða í þinglok, og leyfi ég mér fyrir hönd þingforsetanna að þakka hv. alþm. fyrir ágætt samstarf, sem hefur leitt til þess, að unnt er að ljúka þinginu í dag. Einnig þakka ég hæstv. ríkisstj. og öllum hv. alþm. ágætt samstarf í hvívetna á þingtímanum. Ég þakka það traust, sem mér var sýnt með því að trúa mér fyrir forsetastörfum. Einnig þakka ég þingheimi fyrir það umburðarlyndi og hjálpsemi, sem ég hef orðið aðnjótandi við störf mín í þessu sæti. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum, sem jafnan hafa fúslega veitt mér hina ágætustu aðstoð. Ég þakka skrifurum þingsins eljusemi og kostgæfni í störfum og skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþ. þakka ég fyrir mikið og gott starf og ánægjulega samvinnu. Öllum hv. þm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Einnig óska ég þeim og fjölskyldum þeirra gæfu og gengis, skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis færi ég sömu óskir.

Fyrir hönd Alþingis óska ég öllum Íslendingum árs og friðar.

Eysteinn Jónsson: Ég þakka hæstv. forseta þær árnaðaróskir, sem hann hefur flutt okkur þm. Ég þakka hæstv. forseta fyrir góða samvinnu og fyrir þá tillitssemi, sem hann hefur sýnt í störfum sínum og samstarfi við þm., en sannast að segja er ekki ævinlega létt að gera okkur til hæfis, því að oft sækjum við af kappi að koma málum okkar að. Þetta þakka ég hæstv. forseta.

Þá vil ég enn fremur — og ég veit, að ég tala þar í nafni alls þingheims — óska honum og fjölskyldu hans farsældar og gleðilegs sumars, og læt í ljós þá ósk, að við megum heimta hann heilan á ný, þegar við komum saman aftur. Ég bið menn að taka undir þessi orð með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Austf., Eysteini Jónssyni, fyrir hlý orð og vinsamleg í minn garð og minnar fjölskyldu. Einnig þakka ég hv. alþm. undirtektir þeirra og endurtek óskir mínar

um gæfu og gengi þeim til handa. Um leið og ég óska öllum þingheimi gleðilegs sumars læt ég í ljós þá von, að við hittumst hér öll heil að hausti.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hæstvirta ríkisstjórn og forsetar Alþingis. Háttvirtir alþingismenn. Ég læt að þessu sinni nokkur orð fylgja þinglausnarbréfi mínu. Ég tilkynnti hæstv. ríkisstj. fyrir jól og alþjóð í nýársávarpi, að ég mundi ekki verða í framboði við þær forsetakosningar, sem fara nú í hönd. Ég hef ekki sagt af mér embætti, eins og sumum hefur skilizt, heldur læt ég af því, þegar umboð mitt er útrunnið um mánaðamótin júlí — ágúst, á sama hátt og alþm. og aðrir, sem bundnir eru við kjörtímabil.

Þetta er ekki ný ákvörðun, eins og ég hef áður sagt, heldur hefur mér verið það ljóst síðustu árin, hve erfitt það er að vera einn og einmana á Bessastöðum. Ég veit, að allir þeir, sem þekktu mína ágætu eiginkonu, vita, hve ríkan þátt hún átti í lífi og störfum forsetans. Ég hef reynt eftir mætti að halda í horfinu. Á Bessastöðum þarf að halda uppi rausn og reisn, eins og jafnan hefur verið á íslenzkum heimilum, sem þess hafa verið umkomin, og hvorki kallað prjál né sóun, heldur metið að verðleikum. Risna er fastbundin í fjárl. og hefur þó aldrei fylgt dýrtíð né vaxandi skyldum til fulls. Hirði ég ekki að rekja þetta nánar, enda hafa allir, sem vilja vita rétt, aðgang að ríkisreikningum og bókhaldi.

Þó má nefna opinberar heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja hingað og tilsvarandi heimsóknir forseta Íslands erlendis, sem hófust með heimsókn Sveins Björnssonar til Bandaríkjanna og hvarvetna eru taldar sjálfsagðar milli vinveittra þjóða.

Ég þakka hv. Alþingi og ríkisstjórnum samstarf og fullkominn skilning ágreiningslausan í þessum efnum. Ég tel, að mér sé nú rétt að láta staðar numið fyrir aldurs sakir. Þó að ég kvarti ekki um elli, þá reynast mörgum þau árin, sem nú eru næst fram undan, ótrygg, og ekki síður hitt, að mér er fullljóst, að þekking mín og kunnugleiki á mönnum og málefnum fer nú minnkandi ár frá ári. Þeim hefur óðum fækkað, sem sátu með mér á þingbekkjum. Atvinnulíf er fjölbreyttara og afskipti ríkisins af málefnum þegnanna fara sívaxandi. Nýir menn einnig á hverju strái, a. m. k. í augum þess, sem fyrst var kjörinn á þing fyrir nær 45 árum.

Ég veitti því athygli, að eftir hina fyrri heimsstyrjöld misstu sumir stjórnmálamenn tökin, sem höfðu lifað sitt bezta skeið fyrir styrjöldina. Eins fer mér nú sjálfum, að mig fer að skorta þann kunnugleika á mönnum og málefnum, sem ég tel forseta nauðsynlegan og mér hafði áunnizt á löngum tíma í samstarfi við framámenn þjóðarinnar í atvinnu-, félags- og stjórnmálum. Ég mun ekki í þessu stutta ávarpi lýsa nánar reynslu minni á forsetastóli. Enda er svo um sumt, sem töluverðu máli skiptir, að bezt er sem minnst að tala um of snemma og sízt um að hælast. Það á forseti skylt við þá aðra, sem fyrir sáttum standa.

Ég mun ekki heldur drepa á neinar till. um breytingar á starfs- og valdssviði forseta, sem vafalaust koma síðar til umr., þó raunar geti komið til greina að leggja orð í belg síðar. En það tel ég harla ólíklegt, svo að ég ekki kveði fastar að orði, að forsetaembættið verði lagt niður um fyrirsjáanlega framtíð. Það liggur í eðli þingræðisins, að flokkar skipi sér til stjórnarfylgis og stjórnarandstöðu. Utanflokksmenn eru oftast undantekning á þjóðþingum. Forseti þarf jafnan að vera viðbúinn, ekki sízt þar sem samstarfsstjórnir tíðkast. Samsteypustjórn er ekki réttnefni, því að flokkum er ekki steypt saman, þótt þeir starfi saman.

Ég er ekki viss um, að samstarfsstjórnir gefist neitt verr en þar, sem tveir flokkar skiptast einir á um stjórnarstuðning og stjórnarandstöðu, því að innan stórra flokka er jafnan um málamiðlun að ræða, eins og í samvinnu minni flokka. Þingræði byggist á málamiðlun milli ólíkra hagsmuna og hugmynda. Flokkar skyldu því fara varlega í það að telja hver annan óalandi og óferjandi. Á 24 árum vors unga lýðveldis hafa allir þingflokkar starfað með öllum öðrum og það oftar en einu sinni hver flokkur, enda þarf sundið á milli þeirra, sem taldir eru máske standa vinstra megin í einum flokki, og hinna, sem teljast vera hægra megin í öðrum, ekki að vera svo breitt, að þeir séu ekki í kallfæri hver við annan. Og öllum flokkum á að vera það sameiginlegt, að Íslendingsheitið sé hverju flokksnafni stærra, þegar í harðbakka slær og einnig á mestu hátíðastundum þjóðarinnar.

Hins vegar verður jafnan ágreiningur og hagsmunaátök með mönnum og flokkum, en lýðræði og þingræði byggist á þeirri trú og reynslu, vil ég bæta við, að frjálsar umr. gefist að lokum bezt.

Þegar við lítum til baka á sögu Alþingis, er það eftirtektarvert og raunar aðdáunarvert, hve málalok hafa oft gefizt vel og staðizt tímans tönn, þó að átök líðandi stundar hafi verið hörð og jafnvel illvíg á stundum. Það er reynt að horfa aftur um stafn, þó að öldur hins ókomna tíma rísi stundum hátt fram undan. Lýðræðisþjóðir gera sér ljóst, að enginn er óskeikull og þá ekki heldur kenningakerfin, jafnvel ekki heldur lýðræðið sjálft og þingræðið, þó að það gefist betur en nokkuð annað, þegar það hefur náð festu og þroska. Hinn kosturinn er einræði, sem jafnan byggist á vopnuðu valdi í einhverri mynd. Hjá oss er enginn ágreiningur um það, að við kjósum heldur að telja höfuðin heldur en að kljúfa hausana.

Vér Íslendingar byggjum á langri sögulegri þróun, þó að ekki hafi hún verið ótrufluð af erlendum yfirráðum. Landnám Íslands var stórfellt fyrirtæki, þúsundir manna, sem leita sér á nokkrum áratugum farborða og frjálsræðis í óbyggðu landi og laga sig eftir landskostum. Stofnun Alþingis var og mikið stjórnmálaafrek, sem vér njótum fram á þennan dag. Þjóðin kynnist sjálfri sér bezt af sögunni, bókmenntunum og menningu þeirra, sem á undan eru gengnir. Í þeirri fylkingu er margur þingskörungurinn.

Þessi stofnun, háttvirt Alþingi, sem er nær jafngömul sjálfri þjóðinni, hefur komið mörgum, sem hér hafa átt eða eiga enn sæti, til nokkurs og öðrum til mikils þroska.

Þjóðin á nú við mikla erfiðleika að stríða. Hún hefur séð framan í landsins forna fjanda, hafísinn, sem vonandi hverfur þó á braut fyrir páskablíðunni nýverið og sunnanblænum. En hann hefur minnt á sig. Mikið verðfall og minnkandi þjóðartekjur fá þingi og stjórn erfitt viðfangsefni í hendur. Við skulum vona, að vel ráðist fram úr með viturra manna ráði og skilningi almennings. Það eitt er víst, að þjóðin verður aldrei aftur sú hin sama og var í óáran eldri tíma. Bættur húsakostur, samgöngur, rafvæðing og tækni atvinnuveganna, samtök og samhugur fólksins og forsjá Alþingis sér um það.

Ég slít nú innan stundar fundum þessa þings eftir nær 45 ára samveru við fjölda ágætra forystumanna þjóðarinnar og á væntanlega ekki afturkvæmt hingað á fund með hv. þm. Með hrærðum huga þakka ég innilega hverjum og einum, sem nú skipar hér sæti, samveru og samstarf, minnugur fjölda annarra þm., sem einnig hafa reynzt mér góðir félagar og vinir. Ég óska alþjóð árs og friðar og guðs blessunar.

Forseti (BF): Fyrir hönd Alþingis þakka ég forseta Íslands, herra Ásgeiri Ásgeirssyni, af alhug þessi kveðjuorð. Forsetinn var fyrst kjörinn á þing fyrir 45 árum, eins og hann gat um, og átti sæti hér á Alþ. í 29 ár. Á því árabili leysti hann af hendi ótal trúnaðarstörf sem þingmaður, þingforseti, ráðherra, fræðslumálastjóri og bankastjóri, og þegar litið er til baka, má segja, að hann hafi vaxið með hverjum vanda, sem hann tók sér á hendur. Val hans í æðsta embætti þjóðarinnar fyrir 16 árum, og endurkjör þrisvar eftir það, var því engin tilviljun, heldur rökrétt framhald þess, sem á undan var komið.

Þjóðinni hefur heldur ekki skeikað í þessu vali. Herra Ásgeir Ásgeirsson hefur sem forseti Íslands reynzt vandanum vaxinn, og þegar hann gefur nú ekki lengur kost á sér til endurkjörs og lætur af störfum fyrir aldurs sakir, á öll þjóðin honum miklar þakkir að gjalda fyrir störf hans fyrr og síðar. Það er von, að hið unga íslenzka lýðveldi hafi þurft nokkurn tíma til þess að móta embætti innlends þjóðhöfðingja, og efa ég ekki, að dómur sögunnar muni verða sá, að í því efni hafi herra Ásgeir Ásgeirsson og fyrirrennari hans, herra Sveinn Björnsson, lagt fram ómetanlegan skerf. Forsetinn hefur með lífi sínu og starfi lagt sig allan fram um að sameina íslenzka þjóð og vekja þjóðarmetnað hennar. Hann hefur haft næman skilning á samhengi nútíðar og fortíðar og jafnan brýnt fyrir þjóðinni að standa trúan vörð um þjóðerni sitt, tungu og menningararf. Hann hefur litið raunsæjum augum hins lífsreynda manns yfir miklar breytingar í atvinnuháttum og menningu síðustu áratuga og gefið þjóðinni holl ráð og aðvaranir, sem vert er að leggja á minnið.

Hin mikilvægu störf forsetans hafa öll einkennzt af virðingu hans fyrir lýðræði og þingræði og því frelsi, sem slíku stjórnarfari fylgir. Hann hefur lagt á sig mikið erfiði við það að kynna umheiminum Ísland og Íslendinga, og með ferðalögum sínum til annarra landa hefur hann aukið hróður þjóðarinnar út á við og styrkt mannorð hennar. Á tímum aukinna alþjóðlegra samskipta er þessi þáttur í starfi forseta vors mjög mikilvægur.

Að lokum vil ég nefna það, sem fremur öðru ber að þakka, að í forsetatíð herra Ásgeirs Ásgeirssonar hefur forsetasetrið að Bessastöðum verið setið af rausn og myndarskap, en án íburðar, og átti forsetafrúin, Dóra heitin Þórhallsdóttir, ómetanlegan þátt í því starfi. Störfum forseta vors, herra Ásgeirs Ásgeirssonar, hefur jafnan fylgt gifta og gengi. Ég þakka honum sérstaklega við þetta tækifæri þingstörf á þingmannsárum hans, og einkum störf hans sem forseta sameinaðs Alþingis á Alþingishátíðinni 1930. Ég þakka honum samstarf við Alþ. og margar ánægjulegar samverustundir með þm. nú á seinni árum. Ég þakka forseta Íslands, herra Ásgeiri Ásgeirssyni, öll hans ágætu störf fyrr og síðar og góðan skilning hans á hlutverki Alþingis í þjóðlífinu.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Alþingi, 88. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, laugardaginn 20. apríl 1968.

Þetta forsetabréf er gert í Reykjavík, 20. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

Bjarni Benediktsson.

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið. — Ég óska þm. velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið alþm. að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsrh., Bjarni Benediktsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku alþm. undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.